Lagafrumvörp felld.

1. Almannatryggingar (frv. AG).

Á 7. fundi í Ed., 26. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 40 30. apríl 1963 [43. mál] (þmfrv., A. 45).

Á 9. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Það verður ekki annað sagt með sanni en að sjúkratryggingar hér á landi séu komnar í allgott horf, þegar á heildina er litið. Að vísu má sjálfsagt finna marga agnúa á þessari löggjöf, eins og raunar á flestum hlutum, en hinu verður ekki neitað, að sjúkratryggingar almannatrygginga eru nú svo fullkomnar sem bezt verður fundið í heiminum á því sviði. Skv. lögum er sérhverjum landsmanni nú skylt að trygga sér rétt til þeirra bóta, sem sjúkratryggingin veitir á hverjum tíma. Sjúkrasamlögin láta þessa hjálp í té, og í lögum er það ákveðið, hverja hjálp sjúkrasamlögin skuli veita og með hverjum hætti. Þannig er það ákveðið í lögum, að tryggður maður fái ókeypis vist í sjúkrahúsi, að hann fái notið almennrar læknishjálpar utan sjúkrahúsa að mestu leyti ókeypis, að hann fái notið sérfræðilegra rannsókna og sérfræðilegrar læknishjálpar utan sjúkrahúsa að 3/4 hlutum, að hann fái nauðsynleg lyf, annaðhvort algerlega ókeypis eða greidd niður að verulegu leyti, og loks, að hann skuli fá sjúkradagpeninga í veikindaforföllum eftir vissum reglum.

Þegar litið er yfir þennan lista, þá dylst það ekki fróðum manni, að hér vantar eitt í, svo að hægt sé að segja með sanni það, sem ég raunar fullyrti áðan, að sjúkratryggingar séu nú á borð við það bezta, sem í heiminum finnst á þessu sviði, en það er tannlæknishjálp. Sjúkrasamlögin veita ekki tannlæknishjálp. Þetta er þó ekki af því, að forgöngumenn tryggingamálanna hafi ekki gert sér ljósa þörfina á þessari hjálp. Ákvæði um hana hafa verið sett í lög áður, en þau ákvæði hafa því miður aldrei orðið annað en pappírsgagn, ekki komið til framkvæmda.

Í gildandi l. um almannatryggingar er að vísu svo ákveðið, að sjúkrasamlög hafi heimild til þess að greiða tannlækningar, en það má segja, að þetta hafi ekki heldur komið til framkvæmda. Í grg. fyrir þessu frv. fullyrði ég, að ekkert sjúkrasamlag í landinu hafi fram að þessu greitt tannlæknishjálp og ekki útlit fyrir, að svo verði. Þetta er ekki alveg rétt, og ég vil leiðrétta það hér með. Ég sé það í skýrslu frá Tryggingastofnun ríkisins, að á árunum 1962 og 1963 hafa 2 kaupstaðasjúkrasamlög greitt litla upphæð til tannlækninga þ. e. Sjúkrasamlag Ísafjarðar og Sjúkrasamlag Seyðisfjarðar, sem hvort fyrir sig hafa veitt kringum 25 þús. kr. upphæð til tannlæknishjálpar. Ég hygg, að þar sé um að ræða tannlæknishjálp skólabarna. En þetta er undantekning, því að önnur sjúkrasamlög í landinu hafa haldið að sér höndum í þessu efni og veita ekki neina fyrirgreiðslu um tannlæknishjálp.

Ég hygg, að ég sé ekki einn um þá skoðun, ekki heldur hér í hv. d., að tannlæknishjálpin ætti að vera fastur liður meðal bóta, sem sjúkrasamlögin veita. Ég vil nefna tvennt til, sem styður þessa skoðun. Tannskemmdir eru mjög almennar með þjóðinni, og af tannskemmdum leiðir ýmiss konar böl, heilsufarslegt böl almennt. Þess vegna verða og hljóta tannlækningar að teljast mikilsverður þáttur í heilbrigðisþjónustu landsins almennt. Í öðru lagi er tannlæknishjálp mjög kostnaðarsöm hér á landi. Hún er svo dýr, að efnalitlu og sérstaklega barnmörgu fólki hlýtur að veitast erfitt að standa undir þeim kostnaði. Af þessum ástæðum báðum fer það ekki milli mála, að almenn skyldutrygging á þessu sviði á fullkomlega rétt á sér og verður raunar að teljast alveg nauðsynleg.

Á þessu vildi ég vekja athygli með flutningi þessa frv., en í því er gert ráð fyrir, að sjúkrasamlögin sjái hinum tryggðu fyrir tannlæknishjálp, ekki að fullu, heldur að 3/4 kostnaðar. Undanskildar eru þó vissar tannlæknisaðgerðir. Það eru aðgerðir, sem geta ekki talizt bein heilsufarsleg nauðsyn, og má þar nefna tannfyllingar með gulli og ýmiss konar fegrunaraðgerðir.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að leitað verði samninga við tannlæknastéttina, á svipaðan hátt og leitað hefur verið til læknasamtakanna um samninga. Og mér þykir sanngjarnt, enda er gert ráð fyrir því í frv., að með samningsmál tannlækna verði farið nákvæmlega á sama hátt og með samningsmál lækna, en í l. um almannatryggingar eru ákvæði um þessi efni. Þar segir, að ef samningar takist ekki milli sjúkrasamlaga og lækna, skuli komið á fót gerðardómi, þar sem læknasamtökin eigi einn fulltrúa, sjúkrasamlagið annan og hlutlaus oddaaðili þann þriðja. Verði þessi dómur ekki fullskipaður, þ. e. a. s. ef annar aðili vill ekki sætta sig við gerðardóm, þá fellur hann niður, en

sjúkrasamlögin geta þá brugðizt við á annan hátt, t. d. með því að ákveða að fella niður þennan lið gegn því að lækka iðgjöld eða að greiða þann ákveðna hluta, sem þeim þykir hæfa, af tannlæknishjálpinni til hinna tryggðu sjálfra skv. reikningi. Ég hygg, að það sé ekki ósanngjarnt að gera ráð fyrir því, að um samninga við tannlæknastéttina, tannlæknasamtökin fari á nákvæmlega sama hátt og ákveðið er í l. nú að fari um samninga við læknastéttina.

Það er gert ráð fyrir því í þessu frv., að ákvæðið um tannlæknishjálpina taki ekki gildi fyrr en að rúmu ári liðnu, þ. e. a. s. 1. jan. 1967. Það er gert til þess, að Tryggingastofnunin og sjúkrasamlögin hafi nægan tíma til undirbúningsframkvæmda á þessu sviði og ekki þá sízt til undirbúnings samninga við stéttarsamtök tannlækna um þessi mál.

Nú er ekki óeðlilegt, að hv. þingdeildarmenn spyrji: Hvað kostar þetta mikið? Hvað kostar það sjúkrasamlögin miklar árlegar upphæðir að veita tannlæknishjálpina að 3/4 hlutum? Ég verð að svara því til, að um það get ég ekki sagt. Ég hef ekki aðstöðu til að reikna það út á neinn fullnægjandi hátt. Ég vil aðeins nefna tölur, sem snerta sjúkrasamlögin og læknastéttina. Það eru tölur frá árinu 1963. Þá reyndist almenn læknishjálp utan sjúkrahúsa í Reykjavík og kaupstöðunum 13 samtals kosta rúmar 17 millj. kr. Og í þessum sjúkrasamlögum Reykjavíkur og kaupstaðanna voru þá rúml. 75 þús. manns með fullri greiðsluskyldu. Allur lækniskostnaður á árinu 1963, þ. e. a. s. kostnaður vegna almennra lækna, háls-, nef- og eyrnalækna, augnlækna og annarra sérfræðinga, nam á þessu ári fyrir Reykjavík og kaupstaðina 30 millj kr. En allur kostnaðurinn utan sjúkrahúsa fyrir allt landið nam rúmum 40 millj. kr. á þessu ári, árinu 1963. Með tilliti til þessa og tilliti til þess, að í öllu landinu voru árið 1963 um 110 þús. gjaldskyldir sjúkrasamlagsmeðlimir, og með tilliti til þess, að í landinu eru nú á þessu ári um 80 starfandi tannlæknar, mundi ég lauslega vilja áætla kostnaðaraukann í sambandi við þessa löggjöf um 15 millj. kr. á ári. En ég hef allan fyrirvara um það, að þetta er mjög lausleg og ónákvæm áætlun. En segja mætti mér þó, að samkv. verðlagi í dag mundi þessi kostnaður nema einhvers staðar milli 12 og 18 millj. kr.

Ég veit ekki, hvort hv. þdm. finnst þetta mikill kostnaður, en ég verð að segja sem mína skoðun, að þetta er ekki mikil fórn, þegar litið er á, hvað fyrir hana fæst. Miklum árlegum útgjöldum verður létt af efnalitlu fólki og raunar öðrum, og þetta kemur sér mjög vel, eins og ég sagði áðan, fyrir hinar barnmörgu fjölskyldur í landinu. Ég lít svo á, að með þessari aukningu tryggginganna hljóti að fylgja hækkun á iðgjöldum hinna tryggðu, og ég sé ekkert athugavert við það heldur, að iðgjöld hækki að sama skapi og þjónustan vex, að sama skapi og þær vaxa, bæturnar, sem hinir tryggðu fá.

Ég held ég þurfi ekki að hafa um þetta lengra mál að sinni. Herra forseti. Ég legg til, að þessu frv. verði að lokinni umr. visað til 2. umr. og hv. heilbr,- og félmn.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 45, n. 336 og 358).

Frsm. meiri hl. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur athugað frv. það, sem hér liggur fyrir. N. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði felllt.

Frv. felur í sér þá breytingu frá núgildandi lögum, að sjúkrasamlögum skuli skylt að greiða 3/4 hluta kostnaðar við tannlækningar, þegar þær teljast bein heilsufarsleg nauðsyn. Jafnframt gerir frv. ráð fyrir samningum milli sjúkratrygginga og tannlækna um þessa læknisþjónustu.

Í núgildandi lögum er heimild fyrir sjúkrasamlög til að taka upp í samþykktir sínar greiðslur fyrir tannlækningar, en sjúkrasamlögin hafa lítið notfært sér þessa heimild. Aðalástæðan fyrir því, að sjúkrasamlögin hafa ekki notfært sér þessa heimild, er sú, að það er skortur á tannlæknum í landinu. Það hefur reynzt ógerlegt fyrir bæjar- og sveitarfélög t. d. að koma skólatannlækningum í gott horf, en góð tannlæknisþjónusta barna og unglinga er talin forsenda fyrir því, að þessi mál séu yfirleitt í góðu lagi.

Það þykir ekki skynsamlegt, að sjúkrasamlögin keppi við skólana um þá starfskrafta, sem hér um ræðir, en bíða heldur, þar til skólatannlækningar eru komnar í betra horf en nú er. Menn gera sér vonir um, að það geti a. m. k. sums staðar, eins og hér í Reykjavík, orðið eftir nokkur ár.

N. leitaði umsagnar um þetta frv. til tveggja aðila: til Tannlæknafélags Íslands og til Tryggingastofnunar ríkisins. Tannlæknafélag Íslands tjáði sig ekki um frv. í því formi, sem það liggur hér fyrir. Tryggingastofnunin tjáði sig hins vegar um frv. og komst að þeirri niðurstöðu, að hún gæti ekki mælt með samþykkt þess, og færði fram í því sambandi þau sjónarmið, sem ég greindi hér áðan.

Með tilliti til þessa taldi meiri hl. n. ekki tímabært að samþykkja þetta frv. og leggur því til, að það verði felllt.

Frsm. minni hl. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Mér er mjög annt um heiður heilbr.- og félmn. þessarar hv. d., og þess vegna þótti mér fyrir því, að meiri hl. n. skyldi leggja það til blákalt, að þetta frv. yrði felllt. Nú gat vel hugsazt, að heilbr.- og félmn. kæmist að niðurstöðu um, að ekki væri rétt á þessu stigi málsins að samþ. frv., eins og það liggur fyrir, og að hún kæmi með brtt. í samræmi við þau skilyrði, sem fyrir hendi væru til þessarar þjónustu. En því er ekki að heilsa. Meiri hl. leggur það til kalt og ákveðið — og ég vil bæta við ábyrgðarlaust, að frv. verði felllt.

Ég held, að öllum komi saman um það, bæði leikum og lærðum, að tannlækningar og tann-

læknisþjónusta sé mjög brýnt og mikilsvert sjúkratryggingamál. Þetta hefur öllum komið saman um, ekki aðeins síðustu árin, heldur síðustu áratugina, og löggjafinn sá þessa brýnu nauðsyn þegar fyrir 20 árum. Þá var í lög leitt hér á hinu háa Alþingi, að tannlækningar skyldu vera einn liður í sjúkratryggingakerfinu. Hitt er svo annað mál, að framkvæmdin varð ófullkomin, svo ófullkomin, að það var talið rétt að nema þetta brott úr lögum, en enginn mun hafa talið það æskilegt.

Aðalröksemd meiri hl. n. gegn frv. virðist mér vera sú, að skortur sé á tannlæknum í landinu. Þetta er engin röksemd. Hér eru í landinu á annað hundrað tannlæknar, og fólk á öllum aldri sækir þessa tannlækna. Það er farið með ungbörn undir skólaaldri til tannlæknanna, og hver vill draga í efa þeirra rétt til þess? Unglingar, sem komnir eru af skólaskyldualdri, fara einnig til tannlækna og fullorðnir og gamalmenni. Ég tel, að allir eigi jafnan rétt á því að fara til tannlæknis, eins og allir sjúklingar eiga jafnan rétt á að fara til læknis. Þar ber ekki að segja: Þessi aldur nákvæmlega á réttinn, en fólk á öðrum aldri ekki. — Þetta er engin röksemd, enda er staðreyndin sú, að fólk á öllum aldri fer til tannlæknanna. Spurningin er aðeins sú: Á að gefa fólki kost á að sjúkratryggja sig gegn tannskemmdum? Það er spurningin og annað ekki. Við vitum, að það kostar peninga, og það er ósköp eðlilegt, að með auknum réttindum í sjúkratryggingum hljóti iðgjöldin að hækka, og það er ekki lítils virði fjárhagslega, enda þótt iðgjöldin hækki fyrir fólk, að fá þessa þjónustu hjá tryggingunum.

Hv. frsm. meiri hl. n. sagði, að ekki væri rétt, að sjúkrasamlögin kepptu við skólana um þá tannlækna, sem fyrir hendi væru. Þetta er alveg fráleitt. Hér er ekki um neina samkeppni að ræða. Sjúkrasamlögin fara ekki að keppa við neinn. Það eru hinir sjúku, sem leita sér hjálpar, og annað ekki. Sjúkrasamlögin geta ekki haft það á valdi sínu að hindra sjúka menn í að leita sér hjálpar, hvort sem það eru menn með tannskemmdir eða annað. Hitt er svo álitamál, hvort sjúkrasamlögin vilja taka að sér að tryggja þessa sjúklinga eins og aðra sjúklinga.

Eins og hv. talsmaður meiri hl. n. tók fram, þá var þetta frv. sent til umsagnar tveim aðilum, stjórn Tannlæknafélags Íslands og Tryggingastofnun ríkisins. Svar stjórnar Tannlæknafélagsins var stutt og laggott á þá leið, að stjórn félagsins treysti sér ekki eða gæti ekki tekið afstöðu til frv. Annað var ekki sagt í þessari umsögn. Hvað veldur þessu algera getuleysi Tannlæknafélagsins til að gefa umsögn, segja álit sitt, það er allt annað mál. Og ég teldi út af fyrir sig, að það væri rannsóknarefni, sem vert væri að gefa gaum. Hvers vegna getur stjórn Tannlæknafélagsins ekki sagt álit sitt á frv. sem þessu, sem snertir stéttina þó jafnmikið og hér er um að ræða? En ég skal ekki fara frekar út í þá sálma. Við vitum allir í þessari hv. d., að tannlæknastéttin liggur því miður undir gagnrýni.

Álitsgerð Tryggingastofnunar ríkisins er með allt öðrum blæ. Þar er reynt að ræða vandamálið, en heildarútkoman af bollaleggingum þeirrar grg. er sú, að það sé hin mesta nauðsyn á að tryggja fólk gegn ýmiss konar tannskemmdum. Það er helzt á þeirri álitsgerð að skilja, að það beri að fara hægt af stað og taka vissa sjúkdóma eða vissa flokka sjúklinga og tryggja þá, en ekki talið tímabært að snúa sér að því að tryggja fólk almennt gegn tannskemmdum. Þetta er sjónarmið út af fyrir sig, og ef hv. meiri hl. n. hefði verið það ábyrgur gagnvart sjúku fólki að vilja taka eitthvað af þessu til greina og bera það fram, þá var það góðra gjalda vert, í stað þess að krefjast þess af hv. d. formálalaust og skilyrðislaust, að frv. þetta yrði fellt.

Spurningin um það, hvort það á að taka upp tryggingar í þessu formi stig af stigi eða allt í einu, er atriði, sem um má deila. En ég skal aðeins minna á það aftur, að fyrir 20 árum taldi löggjafinn það ekki áhorfsmál að tryggja alla landsmenn fyrir tannskemmdum eins og fyrir öðrum sjúkdómum, og það er auðvitað það eina rétta. Við þurfum ekkert að bíða eftir því, að tannlæknar verði svo og svo margir í landinu. Það skiptir ekki máli, hvort þeir eru 120, eins og þeir munu vera í dag, eða 220. Það, sem skiptir máli, eru sjúklingarnir og að þeir eigi kost á því að tryggja sig að þessu leyti, tryggja sig fyrir tannskemmdum eins og öðrum sjúkdómum. Þeir leita læknanna, sem til eru, hvort sem þeir eru fáir í landinu eða margir.

Minni hl. n. leggur til, að þetta frv. verði samþ.

Frsm. meiri hl. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður vék nokkuð að nauðsyn tannlækninga. Ég hygg, að það sé enginn ágreiningur um það efni, og það gaf ræða mín a. m. k. ekki hv. þm. neina ástæðu til að ætla, að meiri hl. n. bæri ekki skynbragð á það efni. Það geta menn gert, jafnvel þótt þeir séu ekki læknar, og hv. ræðumaður hefði því getað sparað sér allar vangaveltur um þau efni.

Hv. ræðumaður sagði, að það væri engin röksemd fyrir því að leggja til, að frv. væri fellt, að það væri skortur á tannlæknum í landinu.

Ég fæ nú ekki skilið, hvers vegna það geta ekki verið röksemdir, að það hefur reynzt erfitt að halda uppi skipulegum aðgerðum til þess að hafa tannlækningar fyrir skólabörn og unglinga. Ég held, að það hljóti flestir að skilja, að meðan ástandið er þannig, þá sé ekki mikið svigrúm til þess að skipuleggja þessi mál í bili miklu meira en gert hefur verið. Þeim mun fremur er ástæða til þess að fara varlega í það, ef rétt er, sem ég efa ekki og hér hefur ekki verið hrakið, sú skoðun, sem fram kemur hjá Tryggingastofnun ríkisins, að samþykkt þessa frv. geti beinlínis stuðlað að því að torvelda tannlæknaþjónustuna í skólum landsins.

Hv. þm. gekk svo langt að segja, að það skipti engu máli, hvað tannlæknar væru margir í þessu landi. Þetta kann að vera að sé rétt, en það fer þá eftir því, út frá hvaða sjónarmiði hann meinar það. Það skiptir kannske hann engu máli, ef hann hugsar aðeins um það að koma fram með hér í þinginu eitthvert pappírsgagn, sem hefur enga raunhæfa þýðingu. En það hlýtur náttúrlega að skipta höfuðmáli

fyrir þessa læknaþjónustu í landinu, að það séu nægilega margir tannlæknar.

Ég sé ekki, að hv. þm. bæti neitt málstað sinn með því að koma hér fram með örökstuddar dylgjur til eins af læknafélögunum í landinu, Tannlæknafélagsins.

Ég sé ekki, að hv. ræðumaður þurfi að hafa neinar áhyggjur af því, að heiðri heilbr.- og félmn. sé eitthvað misboðið með till. meiri hl. n. Ég álít, að einmitt till. beri þess vott, að meiri hl. n. vill ekki sýna það ábyrgðarleysi að vera að mæla með samþykkt frv., sem hefur ekki neina praktíska þýðingu að samþ. og hefur ekkert raunhæft gildi. Ég hefði haldið, að heiðri n. væri meira hætt, ef menn leggja ofurkapp á það að fá samþ. frv. hér í þinginu, án þess að það hafi neina raunhæfa þýðingu.

ATKVGR.
1. gr. felld með 9:6 atkv.
Frv. þar með fallið.

2. Áfengislög.

Á 33. fundi í Nd., 16. des., var útbýtt:
Frv til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954 [98. mál] (þmfrv., A. 193).

Á 39. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Mál það, sem hér er til 1. umr., fjallar um breytingu á áfengislögunum, 1. nr. 58 frá 24. apríl 1954. Samkv. gildandi 1. er ríkisstj. heimilt að leyfa tilbúning áfengs öls af ótakmörkuðum styrkleika vegna sölu til erlends varnarliðs, er hér dvelur, eða til útflutnings, eins og í 7. gr. l. segir. Gildandi lög kveða einnig svo á, að nánari ákvæði um meðferð og sölu þess skuli sett í reglugerð. Með frv. þessu er lagt til, að gildandi ákvæði l. um tilbúning áfengs öls haldist, en við bætist heimild til handa ríkisstj. að leyfa tilbúning öls til sölu innanlands, er hafi inni að halda allt að 4½% af vínanda að rúmmáli, og áfengt öl, sem selt er innanlands, lúti sömu l. um meðferð og sölu og annað áfengi.

Árið 1960 var flutt hér á hv. Alþ. frv. efnislega skylt því, sem hér er til umr. nú. Það frv. kvað svo á, að ríkisstj. yrði heimilt að leyfa tilbúning öls til sölu innanlands, sem hefði inni að halda allt að 3½% af vínanda að rúmmáli. Það frv. hafði ekki skýr ákvæði þess efnis, að áfengt öl, sem selt væri innanlands, lyti sömu lögum um meðferð og sölu og annað áfengi, heldur var ráðh. ætlað að setja ákvæði um meðferð og sölu þess í reglugerð, eins og gildandi lög kveða á um það áfenga öl, sem hér er nú þegar leyfður tilbúningur á. Þegar svokallað ölfrv. var flutt 1960, var ég einn flm. þess. Að þessu sinni flytja það auk mín tveir hv. þm. d. Ástæður framangreindra breytinga eru m. a. þessar:

Fagmenn um tilbúning öls telja, að hjá þjóðum, sem leyfa bruggun og sölu á áfengu öli, teljist öl ekki sterkt, fyrr en það hefur náð styrkleikanum 4½—6% og þar yfir. Við bruggun öls, sem ekki mætti fara fram úr 4½%, yrði af tæknilegum ástæðum að ætla styrkleikann minni, þannig að í fæstum tilfellum næði slíkt öl styrkleikanum 4½%. Ef frv. þetta yrði samþ., væri því verið að veita heimild fyrir tilbúningi áfengs öls, sem meðal flestra annarra þjóða væri talið veikt öl.

Ein af þeim röksemdum, sem bornar hafa verið fram fyrir samþykkt slíks frv., er hér liggur fyrir, er, að öl, sem nær ákveðnum vínandastyrkleika, geti dregið úr neyzlu annars áfengis. Hætt er við, að þessum tilgangi yrði ekki náð, ef styrkleikamunurinn á hugsanlegu leyfðu öli og því öli, sem nú er leyft að selja á innanlandsmarkaði, yrði mjög lítill.

Um hina breytinguna vil ég taka þetta fram: Þrátt fyrir þau ákvæði í frv., sem ég flutti 1960, að nánari ákvæði um meðferð og sölu áfengs öls yrðu sett í reglugerð, og eins og ég margítrekaði í ræðum mínum um málið, að ég vildi ekki takmarkalausa sölu, hvorki á þessari tegund áfengis né öðrum tegundum, kom sú skoðun iðulega fram hjá þeim þm., sem töluðu gegn málinu, og öðrum, að ef frv. yrði samþ., væri hömlulausu áfengisflóði hleypt yfir þjóðina og takmarkalaus sala á öli leyfð, svo að nokkuð sé nefnt. Með þessari breytingu ætti sá útbreiddi misskilningur að vera úr sögunni, — misskilningur, sem aldrei hefði þurft að koma inn í málið, ef gagnrýnendur, sem byggðu gagnrýni sína á þessum grundvelli, hefðu vitað, að allar reglugerðir, sem um áfengismál og meðferð áfengis eru settar, verða að berast undir áfengisvarnaráð. En af framansögðu má sjá, að ótti sumra, sem enn gerir vart við sig, um hömlulausa sölu á áfengu öli í matvöruverzlunum og sérstakar bjórkrár, er með öllu ástæðulaus. Sama er að segja um vinnustaði. Þeir vinnustjórnendur, sem í dag leyfa ekki neyzlu sterkra, áfengra drykkja í vinnutíma, ættu ekki að óttast aðrar tegundir áfengis samkv. skilgreiningu íslenzkra laga, og nákvæmlega það sama gildir auðvitað um stjórnendur allra öku- og farartækja.

Í gildandi íslenzkum l. er áfengi skilgreint sem vökvi, er hafi meiri vínanda en nemur 2¼% að rúmmáli. Jafnframt séu sterkir drykkir talin þau vín, er hafi meira en 21% af vínanda að rúmmáli, en létt vín teljist hins vegar þau, er hafi minna en 21% af vínanda að rúmmáli. Flm. þessa frv. eru á engan hátt að leggja til, að breyting sé gerð á þessari skilgreiningu. Ef frv. þetta verður samþ., veitist ríkisstj. heimild til að leyfa tilbúning og sölu öls á innlendum markaði, sem hefur inni að halda allt að 4½% af vínanda að rúmmáli. Ég hef lengi haldið fram þeirri skoðun minni, að ég teldi lítið samræmi vera í þeirri ákvörðun hv. Alþ. að leyfa sölu á sterku áfengi og fela ríkisvaldinu dreifingu þess, en banna framleiðslu og sölu á öli, sem er veikasta stig áfengra drykkja eftir skilgreiningu íslenzkra laga. Ég tel, að með íslenzku

áfengislöggjöfinni sé því slegið föstu, að það sé ekki framkvæmanlegt að banna algerlega sölu sterkra, áfengra drykkja, en um leið sé undirstrikað, að óheppilegt og hættulegt sé að hafa á boðstólum fyrir Íslendinga áfengt öl. Ég hef líka talið, að í áfengislöggjöfinni verði að vera samræmi eins og í öðrum lögum og það sé meira en lítið misræmi að leyfa sölu á eldsterku brennivíni, en banna sölu á veiku öli á þeirri forsendu, að verið sé að vinna gegn áfengisbölinu. Og við slíkar röksemdir hlýtur sú spurning að vakna, hvort þeir fulltrúar á löggjafarþinginu, sem fylgja núverandi framkvæmd mála, séu sjálfum sér samkvæmir, er þeir láta hjá líða að beita sér fyrir algeru banni á sölu sterkra vína, fyrst bruggun og sala á öli, veikasta stigi áfengis, er sá bölvaldur, er sömu aðilar telja vera. Ástæður þess hljóta að vera sú skoðun þessara sömu aðila, að slíkt sé með öllu óframkvæmanlegt í nútímaþjóðfélagi sem okkar, sem býr ekki aðeins við okkar fullkomnu samgöngur, heldur þekkingu, vilja og getu almennings til bruggunar áfengra drykkja.

Þegar talað er um höfuðstefnur eða leiðir í áfengismálum okkar og annarra, er oftast talað um þrjár leiðir. Ein er sú að banna allan aðflutning og sölu á áfengi, hin svokallaða bannstefna. Önnur er frjáls sala áfengra drykkja. Og svo sú þriðja, sem hér hefur verið fylgt um nokkur ár og segja má, að fari bil beggja.

Ég hef þegar skýrt frá því og sjá má í frv., að ef heimild fengist til bruggunar og sölu á áfengu öli, yrði meðferð þess og sala að fara fram eins og á hverju öðru áfengi, og er þannig fylgt skoðunum þeirra í hvívetna, sem telja, að slík meðferð vinni gegn misnotkun þess.

Ein af meginröksemdum þeirra, sem vilja leyfa bruggun og sölu á áfengu öli, og þeirra, sem því eru andvígir, er varðandi þau áhrif, er slíkt muni hafa á áfengisneyzlu þjóðarinnar í heild. Þeir, sem öl vilja, telja, að sala á áfengu öli geti að nokkru leyti bætt úr því öngþveiti, sem hér ríkir í áfengismálum, og breytt á ýmsan hátt til hins betra drykkjuósiðum, sem hér ríkja. Hinir telja, að sala á öli skapi hér hömlulaust áfengisflóð, eins og ég hef þegar getið um, og muni stórauka drykkjuskap, sérstaklega meðal unglinga, og enn fremur, eftir því sem sumir vilja halda fram, meðal verka- og iðnaðarmanna. Ef um hömlulaust áfengisflóð yrði að ræða, eftir að þetta frv. yrði samþ., er slíkt áfengisflóð fyrir hendi í dag, og ég álít, að Alþ. sé skyldugt að gera eitthvað til úrbóta, ef fylgja á þeim anda, sem áfengisl. eru mótuð í. Og ég vil enn undirstrika, að ég tel það hreinustu fjarstæðu að tala um, að samþykkt þessa frv. skapi slíkt hömlulaust áfengisflóð. Ég viðurkenni hins vegar, að fyrir hlutlausan dómara mundi meginbreytingin vera álitin sú, að þessi tegund áfengis eftir skilgreiningu íslenzkra laga, veikasta stig þess, 4½%, mundi bætast við þær 200 tegundir af áfengi, sem nú þegar eru til sölu hér á landi með styrkleikanum frá ca. 10% upp í 50%, ef menn eiga viðskipti við Áfengisverzlun ríkisins, og styrkleika allt að 70% hjá leynivínsölum.

Þegar ég mælti fyrir ölfrv. 1960 hér á hv. Alþ., ræddi ég áfengismálið frá mörgum hliðum. M. a. leitaðist ég við að mótmæla ýmsum hugmyndum manna, sem á loft hefur verið haldið, um áhrif öls á einstaklinga, hópa og jafnvel þjóðir og dró fram ómótmælanlegar staðreyndir um hið gagnstæða. Ég mun að þessu sinni ekki við 1. umr. málsins ræða mál þetta á jafnbreiðum grundvelli, nema sérstök ástæða gefist til, en draga samt fram sumt af því, sem ég tel, að enn skipti máli, eins og að vísu margt af hinu, sem kyrrt mun verða látið liggja að sinni.

Samkv. ályktun Alþingis hefur starfað að undanförnu mþn. í áfengismálum. Ég tel sjálfsagt, að þn. sú, sem fær málið til meðferðar, leiti eftir hennar áliti um eitt og annað, er þetta mál varðar, og munu þó ýmsar upplýsingar frá n. þeirri væntanlega liggja fyrir við 2. umr. málsins. Á sínum tíma ræddi ég nokkuð ýmsar fullyrðingar um, að aukinn drykkjuskapur skapaðist meðal ákveðinna stétta með tilkomu áfengs öls, og benti m. a. á, að mjög vafasamar og hæpnar ályktanir hefðu verið dregnar frá ákveðnum vinnustöðum meðal grannþjóða okkar og ég teldi frekar styðjast við óskhyggju bannmanna en raunveruleikann sjálfan. Ég ræddi einnig um neyzluvenjur og skýrslur um áfengisneyzlu hér og í öðrum löndum, og í sambandi við það síðar nefnda tel ég hreinustu öfgar, þegar þeir, sem áfengt öl vilja, halda því fram, að með tilkomu þess muni neyzla sterka áfengisins minnka hlutfallslega við neyzlu áfengs öls. Þetta eru sömu öfgarnar og hjá bjórfjendum, sem telja, að bjórneyzlan leggist 100% við þá áfengisneyzlu, sem fyrir er, og stórauki hana. Sannleikurinn er hins vegar sá, að tölur yfir áfengisneyzlu, þ. e. a. s. 100% alkóhóllítra á mann, hér á landi standast hvergi, a. m. k. ekki á síðustu árum. Áfengisneyzlan hér á landi er miklu meiri en tölur sýna. Töluvert magn kemur með ferðamönnum og öðrum, sem til þess hafa leyfi. Eitthvað mun vera um smygl, og þyrfti ekki t. d. marga Langjökulsfarma til þess að hækka þetta meðaltal. Og eitthvað hlýtur einnig að vigta, ef sú fullyrðing nokkurra tollvarða í mín eyru reynist rétt, að þeir áætli, að um 100 þús. kassar af áfengu öli hafi komið á land í Reykjavík og nágrenni á s. l. ári. Ef maður reiknar með, að slíkt bjargræði þekkist ekki um hinar dreifðu byggðir landsins, er hér um að ræða 2 millj. 400 þús. ölflöskur, sem telja má einnig með núverandi neyzlu. Með þessu og jafnframt opinberum tölum frá öðrum löndum vil ég aðeins undirstrika þá skoðun mína, að slíkar meðaltalstölur gefi alls ekki rétta hugmynd um ástand áfengismála í viðkomandi löndum. Þannig er ljóst, að slíkar meðaltalstölur mundu hækka hér á landi, ef sala á áfengu öli yrði leyfð, einnig og ekki síður, ef tækist að fyrirbyggja smygl. En slíkir útreikningar eru enginn mælikvarði á skaðsemdir áfengisneyzlu, allra sízt á þá hlið hennar, sem varhugaverðust er, en það er ofneyzlan. Það áfengisböl, sem við þekkjum, er að mínu mati frekar fólgið í neyzluvenjum en neyzlumagni.

Ég hef áður haldið fram þeirri skoðun minni, að fullyrðingin um ill áhrif öls á unglinga virðist haldlítil, þegar á það er bent, að hvorki

peningaleysi né hömlur virðast forða frá því, að unglingar komist yfir eldsterkt brennivín eða skylda drykki, allt að 70% sterka, sem þeir síðan blanda með sætum, kolsýrðum vökva, sem felur áfengisbragðið að mestu, en flytur áfengisáhrifin svo að segja á svipstundu út um allan líkamann. Mér finnst rétt í þessu sambandi að geta um þá skoðun margra, að áfengur bjór eigi ekki við bragðsmekk unglinga, þeir vilji heldur áfengisblöndu í sykruðu kolsýruvatni, eins og dæmi sanna hér á landi sem annars staðar, og um frekari hættur unglinga vegna áfengs öls tel ég ekki vera að ræða, nema síður sé.

Ég hef minnzt á ofneyzlu. Það má segja, að þegar rætt er um áfengi og ofneyzlu þess eða misnotkun, hafi þar margir um fjallað, sem hafi það eitt sammerkt, að þeir virðast vita, að þeir viti bezt, og það má vel vera, að ég verði flokkaður í þann hóp. Skoðanir manna má þó flokka efnislega nokkuð nákvæmt og segja, að til sé hópur manna, sem telji, að öll neyzla áfengis sé hættuleg, og annar fjölmennari hópur, sem telji, að ofneyzla eða misnotkun áfengis sé það, sem hættulegt sé. Þeir lifa samkv. þessari skoðun sinni og virðast ekki síður vera nýtir þjóðfélagsþegnar en hinir. Ég skal í þessu sambandi fúslega viðurkenna þá skoðun mína, að það væri æskilegast fyrir allar þjóðir heims og þ. á m. okkur Íslendinga, að þær þekktu ekki áfengi og hefðu það þar af leiðandi aldrei um hönd, og það ætti að vera svo um margt fleira. En ég hef hins vegar einnig bent á þá skoðun mína, og ég tel, að það sé skoðun flestra annarra hv. þm., að við getum ekki sniðgengið þá staðreynd, að neyzla áfengis muni eiga sér stað hér á landi um mörg ókomin ár, og í samræmi við þá staðreynd og fleiri tel ég, að bann á áfengu öli sé byggt á alúreltum skoðunum um varnir gegn ofneyzlu eða misnotkun áfengis.

Ég hef haldið því fram opinberlega áður og geri enn, að þegar rætt sé um áfengissjúkdóma og sjúklinga, sé allt of oft gripið til hinna nærtæku og handhægu skýringa að telja áfengið orsökina, en ekki afleiðinguna af ýmiss konar hugsýki, sálrænum kvillum og félagslegum vandamálum. Ég skal strax taka fram, að þetta er ekki einhlítt, heldur getur ofneyzla áfengis bæði verið orsök og afleiðing, og þegar svo er, skapast vítahringur, sem hefur í för með sér endurteknar gagnverkanir, og það er ekki sízt þess vegna, sem ég er fylgjandi því, að haldið sé við hömlum bæði í sölu, dreifingu og meðferð áfengis hér á landi. Ég vil í þessu sambandi skjóta því inn í, að hömlur, sterkt almenningsálit og ýmsar fyrirbyggjandi aðgerðir, til þess að þeir, sem áfengis hafa neytt, aki ekki bifreið, hafi átt sinn þátt í því, að umferðarslys, sem rekja má til neyzlu áfengis, eru í því lágmarki, sem þau eru hjá okkur, eða aðeins 2,5% af umferðarslysum í heild. Hins vegar er ótti við aukningu þeirra vegna tilkomu áfengs öls út í hött af því, sem ég hef áður sagt, og eins vegna þess, að lykt af áfengu öli er ekki hægt að fela, en lykt af sterkum vínblöndum og sumu áfengi er vart finnanleg.

Það eru ekki nema um það bil 20 ár síðan það voru talin algild sannindi, að heilbrigð sál fylgdi hraustum líkama. Það var í síðustu heimsstyrjöld, að augu manna opnuðust fyrir því, að þetta væri langt frá því að vera algild sannindi, og eftir að síðustu heimsstyrjöld lauk, var hugtakið heilbrigði endurskoðað á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og sú niðurstaða fundin, að heilbrigði fæli í sér fullkomna líkamlega, andlega og félagslega vellíðan. Með stefnuyfirlýsingu þessarar stofnunar var viðurkennd sú hætta, sem einstaklingum og þjóðfélögum stafar af sjúkdómum, sem rekja má til sálarlífsins, og sannanirnar hafa ekki látið á sér standa. Bæði sál- og geðlæknar halda því fram, að af hverjum 100 sjúklingum, sem til læknis leita, þjáist a. m. k. 30—40 þeirra að einhverju eða öllu leyti af huglægum kvillum, t. d. kvíðni eða líkamlegum þjáningum, sem eiga sér sálræna orsök, og eru margir læknar í þeim hópi, sem telja, að þessi hundraðshluti sé miklu hærri. Þegar talað hefur verið um slíka sjúkdóma, hefur þeim venjulega verið skipt í tvo aðalflokka: hugsýki og geðveiki. Kannske er það vegna nafnanna, sem mikil andúð hefur stafað, bæði hjá lærðum og leikum, gegn því að viðurkenna sjúkdóm af slíkum orsökum, þótt umtalsverð breyting hafi orðið þar á á síðari árum. Ef farið er út í það að skilgreina sjúkdómsmynd hugsýkinnar, segja sálfræðingar, að hún sé afleiðing ákveðinna tilrauna einstaklingsins til að komast hjá sérstökum tilfinningalegum vandræðum, ná á þeim tökum eða vega á móti þeim. Hún er tilraun til verndunar persónuleikans. Sameiginlegt þessum fyrirbærum er vanmætti eða mistök á að ráða við þá hugkreppu, eins og þeir orða það, sem til grundvallar liggur, ótti við vandamálið og kvíði fyrir afleiðingum þess. Sjúklingurinn grípur til ýmissa ráða gegn kvíðni sinni, því að í sjúkdómsmyndinni fléttast oft saman andleg og líkamleg einkenni, og því fylgir oft í kjölfarið ýmiss konar hátternisbreyting, þ. á m. ofneyzla áfengis. Þetta segja lærðir menn á sviði sálfræðinnar. Og það má segja, að flestir þeirra telji í dag, að þessi svokallaða kvíðni sé meginafl í sjúklegri neyzlu áfengis, sem er það sama og misnotkun áfengis, sem er það sama og ofneyzla áfengis.

Ef við lítum nánar á þær læknisfræðilegu kenningar, sem ég hef hér drepið á varðandi orsök ofneyzlu áfengis, verður sú staðreynd fljótt á vegi manns, að sjúkleg ofneyzla þurfi ekki endilega að vera bundin við áfengi, hún gæti komið fram á miklu víðara sviði. Þetta er hárrétt, enda hafa læknar ítrekað og aldrei frekar en nú bent á bæði ofneyzlu matar og lyfja. Í forustugrein danska læknablaðsins fyrir nokkrum árum var sagt m. a. orðrétt: „Það lítur út fyrir, að lyf séu að verða ein af helztu sjúkdómsorsökum hér á landi," og á öðrum stað: „Misnotkun lyfja er ein af helztu sjúkdómsorsökum í Danmörku." Sömu fréttir bárust frá Svíþjóð, en þar var alvarlega varað við misnotkun lyfja, er orsaki bæði magablæðingar, nýrnasjúkdóma, höfuðverk, blóðleysi o. fl., o. fl. Og um líkt leyti og þessar fréttir bárust frá Norðurlöndum, voru birtar niður-

stöður rannsóknar frá Bandaríkjunum, sem í stórum dráttum fjölluðu um, að Bandaríkjamenn ekki aðeins éti of mikið, heldur of mikið af fitu. Sá almenni fróðleikur, sem nú er fyrir hendi, var ekki til þá hér á landi, og þessum málum hafði þá verið lítið hreyft hér opinberlega.

Ég minnist þess, að í umr. um áfenga ölið vitnaði ég til nýlokinna rannsókna í Bandaríkjunum, þar sem birtar voru skýrslur um niðurstöður þeirra. Þar á meðal var rætt um hjartasjúkdómana, og þar bentu sérfræðingar á þann skyldleika, sem væri á milli ýmissa fæðutegunda og þess sjúkdóms, sem þar er kallaður þjóðarmorðingi nr. 1, en það mun vera sú tegund hjartasjúkdóma, sem nefnd hefur verið kransæðastífla og veldur nú helmingi allra dauðsfalla, sem verða af hjartasjúkdómum í Bandaríkjunum, og drepur a. m. k. ½ millj. Bandaríkjamanna árlega eða tvisvar sinnum fleiri en deyja af öllum tegundum krabbameins þar og fimm sinnum fleiri en dauðaslysin, sem bílar valda. Og hvaða ályktanir má nú draga af þessu dæmi, sem ég hef dregið fram í örstuttu máli? munu margir ykkar spyrja. Ef líking væri dregin af afstöðu sumra ofstækismanna til áfengs öls, ætti að banna allan mat og öll lyf. En þótt svo djúpt sé ekki tekið í árinni, heldur t. d. bannið aðeins bundið við ákveðnar fæðutegundir, t. d. þær, sem þessi vísindamaður og margir fleiri telja að valdi kransæðastíflu, áður lýstum bölvaldi, skyldi þá ekki sumum hér inni í hv. þd. stökkva fróða um vit, þegar bent er á, að þessar fæðutegundir eru að langmestu leyti feitt kjöt, mjólk og mjólkurafurðir? Slík bönn, eins og bann á öli, eru með öllu óraunhæf.

Ég hef þegar lýst skoðunum mínum á því, hvers vegna ég vilji ekki bann á neinni tegund áfengis, heldur aðeins vissar hömlur á sölu allra tegunda þess, og í framhaldi af því og öðru máli minu finnst mér ég vera að nokkru leyti skyldugur til þess að benda á þau úrræði, sem ég tel að til varnar megi verða til þess að fyrirbyggja ofneyzlu áfengis og einnig til þess að lækna þá einstaklinga, sem sjúkdóminn hafa tekið og munu taka.

Ég minnist þess, að á þingi 1960, þegar þetta mál var til umr., var mjög hart að mér veitzt fyrir það að minnast ekki á þetta. Það var hinn mesti misskilningur. Ég tók þetta atriði einmitt til meðferðar, og ég mun gera það hér einnig. Og það er kannske sérstaklega vegna ekki aðeins áskorana héðan innanþings þá, heldur utanaðkomandi áskorana, vegna fráleitra fullyrðinga um einhverja þjónustu við ímyndað áfengisauðmagn hér á Íslandi, sem er auðvitað ekkert annað en ríkisvaldið, og aðrar þess háttar vitleysur, sem aðeins geta orðið til í hugarórum ofstækisfulls ofstækisfólks, auðvitað vegna þess líka, að heimildin fyrir bruggun á áfengu öli, sem þetta frv. felur í sér, hefur verið nátengd áfengismálunum í heild í öllum umr. manna á meðal og jafnvel því haldið fram af sumum, að samþykkt þessa frv. muni jafnast á við svartadauða á sínum tíma. Ég vil þó í þessum fáu orðum minum um þetta atriði taka það fram, að ég er ekki að benda á nein ný sannindi, heldur staðreyndir, sem hafa verið kunnar um langt skeið, og staðreyndir, sem hefur verið unnið eftir og það með góðum árangri, bæði hér og víða erlendis.

Ég tel, að verkefni slíkra varna yrði að vera tvíþætt, til að fyrirbyggja orsökina annars vegar og til þess að létta og lækna þjáningar afleiðinganna hins vegar. Og ég tel, að grundvöllinn eigi að leggja og byggja á grundvellinum strax í æsku barnsins, strax við fyrstu persónuleikasköpun þess á að móta afstöðu þess til áfengis. Við gerum það t. d. um trúmálin. Þessu ættum við auðvitað að halda áfram með aðild foreldra og skóla, sem sjá um hina þjóðfélagslegu aðlögun barnsins, og þegar kemur fram á unglingsárin, sem eru oft og tíðum erfiðasta tímabilið í lífi mannsins, ber að hafa það í huga, að í kringum 15 ára aldur eru unglingar oftast búnir að taka út fullan greindarþroska. Tilfinningalífið heldur aðeins áfram að breytast og breytist að vísu alla ævi, en sálfræðingar hafa bent á þá staðreynd, að unglingurinn sé þrátt fyrir kunnáttu sína í ýmsum fræðigreinum barn að reynslu og tilfinningaþroska, sem bæði langar til að sanna manndóm sinn, kunnáttu og sjálfstæði. Þeir benda einnig á, að það sé táknrænn þáttur í allri lífsviðleitni unglinga að skoða og prófa og þreifa sig áfram og velja og hafna, og kannske þess vegna, eins og margir benda á, er það, að höft og bönn og leyndardómurinn mikli í sambandi við áfengismálin séu svo hættuleg sem þau eru fyrir unglingana. Ég tel, að tómstunda- og félagsheimili ýmiss konar og íþróttastarfsemi undir stjórn vandaðra og fórnfúsra leiðbeinenda sé það þýðingarmesta, sem þjóðfélagið geti gert fyrir þegna sína á þessu tímabili ævi þeirra. Og það skal tekið fram hér, að á þessu sviði er þegar unnið mikið starf af fórnfýsi og góðum hug, sem því miður verður minna úr en skyldi vegna fjárskorts, sem ég tel þó, þótt alþm. ábyrgur að afgreiðslu fjárl. sé, sé vafasöm ástæða og allhjárænuleg, ef samanburður er gerður annars vegar á fiskibátakaupum og skurðgrefti í sveit, en hins vegar uppeldi æskunnar með það að höfuðmarkmiði kannske að skapa henni sem og öðrum þegnum þjóðfélagsins líkamlega, andlega og félagslega vellíðan.

Ég tel happasælast meðal fólks, sem hefur náð fullorðinsaldri, ef skapa mætti meðal þess þá almennu skoðun, að ofneyzla áfengis væri vanvirðingarathöfn, jafnt fyrir einstaklinga sem fyrir hópa. Það þarf, eins og raunar oft hefur verið bent á, að byggja upp sterkt almenningsálit, sem fordæmir siðleysi, sem samfara er ofnautn áfengis og því miður er nú ekki talið ámælisvert í huga þjóðarinnar, en á samt sem áður eina stærstu sök á því ástandi, sem nú ríkir í áfengismálum. Skynsamleg og ofstækislaus áfengislöggjöf ásamt aðgerðum þess opinbera í sama anda er nauðsynleg til þess að ná þessu marki, og um það munu flestir mér sammála. Um hitt má deila, hversu mikil skerðingin á frelsi manna skuli vera vegna lagaákvæða, sem nauðsynlegt hefur verið talið að setja til þess að ná þessu setta marki. Ef það kemur í ljós hins vegar, að slík ákvæði vinni í beinni andstöðu við þann til-

gang, sem ætlaður var með áfengislöggjöfinni, eins og ég held fram að ölbannið geri, ber tafarlaust að nema slíka þjónustu við ofstækið úr gildi. Ég tel einnig, að það opinbera, ríki og bær, ásamt áhrifamiklum einstaklingum í þess þjónustu og helzt utan eigi að ganga á undan með góðu fordæmi, verandi síminnugir máltækisins: „Hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sér leyfist það.“

Ég hef nokkuð minnzt á skoðanir mínar um, hvað ég telji heppilegustu leiðir til að vinna gegn ofneyzlu áfengis. Hvað þeim viðvíkur, sem eru eða kunna að verða sjúklingar og neyta áfengis í óhófi, tel ég, að skilyrðislaust eigi þeir sjúklingar að eiga kost á spítala- eða hælisvist, meðan lækning fer fram. Í þeim málum eru ýmsar nútímaaðferðir á lofti, og það er sammerkt með öllum þeim aðferðum, sem ná árangri, að til grundvallar þeim liggur viðurkenning þeirrar staðreyndar, að áfengi sé fyrir hendi í einni eða annarri mynd og það sé hægt að ná í það, ef vilji sé fyrir hendi, þótt hömlur séu á. Allar læknisaðferðir þessar eru byggðar á einhvers konar sállækningu, en hún er, eins og sálfræðingar hafa skilgreint hana, fólgin í endurheimt og endurskipulagningu á eigindum persónuleikans eða nýrri tilraun til aðlögunar í stað þeirrar, sem mistókst, nýrri hagnýtingu á eigin gáfum og persónuþáttum, sem sjúklingurinn sjálfur verður að leggja til. Það eru að vísu ýmsar stefnur uppi um það, hvaða leiðir séu heppilegastar til sállækninga, og ég hef ekki þekkingu til að lýsa þeim. En ég minni á það, að allsherjarlausn til lækninga þeim, sem þjást af sjúklegri ofneyzlu áfengis, er ekki til, því að orsakir og afleiðingar geta verið jafnbreytilegar og einstaklingarnir eru sjálfir, og það þyrfti hjá hverjum einum að finna það sandkorn, sem fyllti hans mæli.

Í framhaldi af þessu vil ég að lokum benda á tvö atriði, sem sameiginlega geta gert meira en nokkuð annað til að finna og fyrirbyggja þær orsakir, sem leiða til sjúklegrar neyzlu áfengis eða sjúklegrar ofneyzlu bæði fastra og fljótandi efna, og þær hættur, sem því eru samfara, en það eru stöðugar hlutlausar, vísindalegar rannsóknir og þrotlaus fræðsla um niðurstöður þeirra. Ég vil undirstrika sérstaklega þessi orð mín: hlutlausar, vísindalegar rannsóknir, ekki ofstækislegar fullyrðingar eða rangar ályktanir og jafnvel vísvitandi rangar fullyrðingar. Allur áróður, sem er byggður á slíkum forsendum, verður engum til góðs.

Í umr. 1960 vitnaði ég til þess, sem kom í ljós, eins og margt fleira, í víðtækum vísindalegum rannsóknum, sem fram fóru í Finnlandi og miðuðu að því að fá úr því skorið, hvaða áfengispólitík væri skynsamlegust fyrir Finna. Undanfari þessara rannsókna var, að komið var á fót þar í landi vinnuheilbrigðisstofnun. Í stofnun þessari, sem er ein fullkomnasta í sinni röð í Evrópu, vinnur fjöldi vísindamanna. Þar eru læknar, sálfræðingar, verkfræðingar, auk fjölda aðstoðarmanna. Sagt hefur verið, að stofnun þessari væri ekkert mannlegt óviðkomandi. Meðal rannsókna, sem þegar hafa verið gerðar, eru vísindalegar rannsóknir á því, hvaða áhrif áfengi hefur á fólk. Þetta var gert í samráði við aðra stofnun, sem hefur þetta eina hlutverk að vinna. Stjórn stofnunarinnar er skipuð þjóðkunnum vísindamönnum og auk þess aðalforstjóra áfengisverzlunarinnar, K. A. Fagerholm. Ég dreg þetta fram hér nú, vegna þess að umræddur Fagerholm komst inn í umræður þær, er hér urðu um áfenga ölið á þinginu 1960. Í þingtíðindum frá þessu þingi má sjá ýtarlegar tilvitnanir mínar í þessar vísindalegu rannsóknir, og ég sé ekki ástæðu til endurtekningar á þeim að sinni. En ég vil þó vitna til orða Fagerholms, er hann viðhafði, er hann var spurður, hvaða afleiðingar þessar rannsóknir mundu hafa á áfengispólitík Finna. Svar hans var það, að enginn efi væri á, að Finnar mundu reyna að draga úr neyzlu sterkra drykkja, eftir því sem við væri komið, en það yrði ekki gert með banni eða höftum, því að slíkt hefði sýnt sig að vera algerlega þýðingarlaust. Finnar mundu reyna að hafa á boðstólum sem víðast létt vín og öl, og væri nú unnið að því að gera tilraunir til ölframleiðslu í því skyni að gera ölið sem allra bragðbezt og aðgengilegast. Ofneyzla áfengis og óhappaverk þau, sem unnin væru í ölæði, væru svo mikið þjóðarböl, að sjálfsagt væri að hlíta niðurstöðum vísindanna og gera það, sem skynsamlegast hefði reynzt í slíku máli. Og í fleiri löndum hefur þessi stefna verið tekin upp, og bendi ég t. d. á aðgerðir Tékka fyrir nokkrum árum og um fleiri þjóðir hef ég heyrt, sem eru á þessari leið.

Herra forseti. Ég fer nú að stytta mál mitt. Ég legg til, að málinu verði vísað að lokinni þessari umr. til hv. allshn. og 2. umr. Ég vona, að jafnframt því sem ég hef fylgt frv. úr hlaði, hafi mér tekizt að lýsa skoðunum mínum á áfengismálum, áfengu öli, og vörnum gegn misnotkun áfengis. Ég hef gert það af ásettu ráði, vegna þess að á sínum tíma virtust þeir menn, sem mæltu gegn þessu máli, leggja miklu meira upp úr því að leggja mér í munn bæði skoðanir og verk, sem kannske jöðruðu, eftir því sem þeir orðuðu mál sitt, fast við það að vera — ja, við getum kallað það kannske vægt sagt glæpastarfsemi.

Ég sé ekki ástæðu að þessu sinni til þess að lengja mál mitt með umr. um þá þætti, sem snúa að ferðamönnum, gjaldeyristekjum og möguleika iðnaðar á þeim stöðum, sem á nýjum iðnaði þurfa að halda. Ég læt aðra um það. Ég geng út frá þeirri staðreynd, að hér verði áfengi um ókomin ár á boðstólum. Við getum kallað áfengi eitur, bölvald eða sáluhjálparmeðal, eftir því sem hver vill. En tilvist þess er staðreynd. Og okkur ber að aðhæfa okkur á sem beztan hátt þeirri staðreynd. Við þurfum að forða ungum sem öldnum frá því að neyta þess í óhófi, en skapa aftur á móti þær umgengnisvenjur, að þær séu það, sem við getum kallað vitrænar og menningarlegar, og geti orðið þeim, sem neyta þess, og öðrum sem skaðminnstar.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Nd., 14. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Þótt framsöguræða hv. 1. flm. ölfrv. væri í heild ekki sérlega merkileg og síður en svo sannfærandi, voru þó ýmsir kaflar hennar á sína vísu athyglisverðir. Í fyrstu lotu hellti ræðumaður sér yfir þá, sem hann kallaði ölandstæðinga, taldi þá öfgafulla og jafnvel óheiðarlega í málflutningi, t. d. að þeir hefðu að engu margítrekaða yfirlýsingu ölmanna, að þeim gengi það eitt til með áfengt öl að draga úr ofneyzlu áfengis og síðbæta drykkjusiðina, og skyldi þessu marki náð með áfengu öli, án þess þó að skerða í nokkru áfengistekjur ríkissjóðs, sem ræðumaður taldi, að ekki mundi af veita, að haldið yrði til haga.

Frsm. taldi það víðs fjarri, að vín væri almennt hættulegt í eðli sínu, og afleiðingar ofnautnar þess stöfuðu meira af ýmsum göllum, sálrænum og/eða líkamlegum, sem með manninum leyndust. Þar væri meir hundurinn grafinn heldur en bein hætta af neyzlu áfengis. Flutti hv. frsm. alllangan og lærðan fyrirlestur hér um og studdist við læknisfræðilegan, sálfræðilegan og heilsufræðilegan fróðleik, sem hann hafði heyjað að sér og hagrætt. Mátti skilja það á málflutningi hv. ræðumanns, að óþarft væri slíkt fjas, sem flutt væri um áfengisbölið, sem hann þó ekki mótmælti, að væri að nokkru leyti til staðar. Hv. ræðumanni varð tíðrætt um margs konar plágur, sem yfir gengju og stöfuðu af sjálfskaparvítum manna. Nefndi hann þar sérstaklega til ofát og offitu, sem eftir ýmsum leiðum dræpi árlega miklu meiri fjölda en áfengið. Áttu afleiðingar ofáts að vera orsök þess og þess vegna ekki hægt og réttlátt að kenna a. m. k. áfenginu um dánardægur þeirra manna, sem létust af offitu. En sumum fannst, að það væri ekki ástæða til að drepa hættunni af áfenginu á dreif með því að tilgreina, að aðrar plágur en áfengið herjuðu mannfólkið.

Hv. ræðumaður fór alllangt út í þær hættur, sem steðjuðu að mönnum eftir ýmsum leiðum og hann vildi telja, að nær væri jafnvel að snúa geiri sínum að heldur en til ofneyzlu áfengis. Hann minntist ekki á það, að sumir telja í sambandi við þá óneitanlegu hættu, sem stafar af offitu og hefur drepið margan mann eftir ýmsum leiðum, að þamb áfengs öls væri ekki síður hættulegt á þessu sviði heldur en ýmis önnur „matvæli“. Hv. ræðumaður gaf nokkrar leiðbeiningar um það, sem varast bæri í því efni, og þar á meðal, að menn skyldu varast ýmsar landbúnaðarafurðir til þess að halda sig frá hættu offitunnar. Sem sagt, ræðumaður var mjög fjölræðinn um ýmsa þessa þætti og fór þar af leiðandi nokkuð fram hjá þeirri hættu, sem hann bar þó ekki á móti að væri í sambandi við ofneyzlu áfengis. Ræðumaður var svo fjölræðinn um þetta, að mér varð hugsað, sem ekki var nú neitt ljótt, til sálmaskáldsins, sem kvað á sínum tíma: „Ég geng í hættu hvar ég fer.“

Þá gaf hv. frsm. allmerkilegar upplýsingar um smygl ýmissa víntegunda og sérstaklega um óleyfilegan innflutning áfengs öls. Og verð ég að segja, að mér þótti talsvert til um og nokkuð í varið þær fróðlegu upplýsingar, sem ræðumaður gaf á þessu sviði, og var ekki alveg laus við bæði gleði og aðdáun yfir því, að hv. ræðumaður skyldi, eftir að hann hafði svo mjög kannað ýmsa leynistigi og refilstigu á vegum smygls, hafa sloppið þar óskaddaður á sál og líkama, sem ég veit að hann hefur gert.

Ég vil nú víkja nokkrum orðum að frv. sjálfu. Það mun hafa verið árið 1960, að núv. hv. 7. þm. Reykv. lagði af stað einn á bát og vildi færa þjóðinni áfengt öl bruggað hérlendis og söluhæft yfir hvert íslenzkt búðarborð. Kvaðst hv. þm. hafa á bak við sig vænan hóp, ekki sízt hér í höfuðstaðnum, sem eins og honum rynni mjög til rifja það ófremdarástand og það alþekkta volæði, sem þjóðin byggi við í áfengismálunum. Kvað hann þennan vanda því raunalegri sem lausnin væri nærtækari, vandinn ekki annar en að leggja til bruggun og neyzlu áfengs öls. Þessa till. um bruggun og sölu áfengs öls hér höfðu röskir þm. áður borið fram á Alþ., en höfðu hlotið minni árangur en erfiði og því lagt algerlega árar í bát. Þá voru ýmsir þeirrar trúar, að þessi óværð, áfengt íslenzkt öl, væri fyrir langa framtíð úr sögunni. En sú von brást. Og eins og áður er sagt, tók þessi hv. þm. málið upp á sína sterku arma.

Eins og kunnugt er, tók Alþ. máli þingmannsins fálega og vísaði því til n. til yfirsöngs og greftrunar og skyldi þar með málið liggja kyrrt um langan tíma og engan angra. Sú hefur þó ekki orðið raunin á, því að enn er þetta ölmál á ferðinni. Áður fengin reynsla mun hafa sannað hv. 7. þm. Reykv., að meira liðs var vant, og skyldu minnst þrír þm. ryðja þessu máli leið gegnum Alþ. Hv. þm. lagði því ekki einn á bát af stað í þetta sinn og valdi sér til fylgilags tvo menn röska og margvísa, annan norðlenzkan og hinn af Vestfjörðum. Veganestið er og var hið sama og áður og markið, sem að er stefnt, hið sama, þ. e. síðabót í neyzlu áfengis, sem hv. flm. telja að náist við neyzlu áfengs öls. Í grg. frv. er byrjað á að fræða á því, að hinir svokölluðu sterku drykkir innihaldi minnst 21% af vínanda. Síðan komi hin léttu vín, sem séu með vínandastyrkleika þar fyrir neðan og muni ná niður að ca. 10% áfengismagni. En þá kemur eyða í, og virðist flm. mjög hættulegt að láta þá eyðu vera ófyllta. Skal koma til áfengt öl, sem nær svo að segja niður að hinum óáfengu drykkjum. Hv. flm. virðast ekki leiða hugann að hinum ískyggilega þjóðarvanda, t. d. hve miklir beinir fjármunir fara í súginn árlega vegna áfengiskaupa og það sífellt í vaxandi mæli. Herma skýrslur, að s. l. ár hafi þjóðin eytt í áfengiskaup nálægt 400 millj. kr., og sumir geta sér til, að ef reiknað er með því mikla vínsmygli, sem talið er að eigi sér stað, muni fjármunaeyðsla þjóðarinnar hafa nálgazt allt að 20 þús. kr. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu, og eru þá með talin ungbörnin í vöggunni og karl og kona í körinni. Hv. flm. virðast því síður snortnir af því, hvað hin ógurlega neyzla áfengis hefur kallað yfir þjóðina á fleiri sviðum en þeim, sem hægt er að mæla í krónum. Samt virðist hv. flm. eitthvað vera að í þessu efni, sem laga þarf. Og ráðið, sem þeir hafa fundið upp og bera fram, er meira áfengi. Það á að drýgja mjöðinn enn með áfengu öli. Það á að brugga 4½% áfengt öl handa Íslendingum, en sterkara handa varnarliðinu og öðrum útlendingum og til útflutnings fyrst og fremst. En

þegar á að fara að búa til fleiri áfengar öltegundir í landinu, mætti svo fara, að skenkjari færi einhvern tíma flöskuvillt og við Íslendingar einhverjir nytum góðs af þeim hinum sterkari miði, t. d. á borð við það, sem nú er kallað Egill sterki. Ölmennirnir tína svo fram ýmis rök málstað sínum til framdráttar og segja m. a.: Að áfengt öl í viðbót við þær vintegundir, sem nú eru á boðstólum, muni bæta drykkjusiðina, jafnvel draga úr drykkjuskapnum, og brúa betur en áður það bil, sem nú er á milli áfengra og óáfengra drykkja. Að áfenga ölið muni afsanna það menningarleysisorð, sem við nú liggjum undir hjá útlendum þjóðum að þeirra dómi, að við ástundum ekki þá sjálfsögðu kurteisi og tillitssemi að hafa á boðstólum með öðrum vínum áfengt öl. Má skilja það svo, að ölmennirnir telji slíka framkomu alvarlegt mál í sambandi við baráttu okkar að laða til okkar erlenda ferðamenn. Að heimskulegt sé að standa á móti bruggun áfengs öls, þar sem við eigum frá náttúrunnar hendi heimsins bezta vatn og getum því örugglega framleitt heimsins bezta öl og þannig lagt undir okkur heiminn á því sviði og öðlazt aukna möguleika til fjár og frama. Enn fremur, að framleiðsla áfengs öls muni tryggja tekjur ríkissjóðs af sölu áfengra drykkja.

Það má segja, að þessi sýndarrök með áfenga ölinu séu svo augljóslega haldlaus, að varla taki því að taka þau til athugunar, þótt ég vilji hér með gera það lítils háttar.

Hvað viðkemur því, að áfengt öl muni draga úr smygli, má benda hv. flm. á, sem þeir hljóta raunar að vita og vera kunnugt, að vinsmygl er alþjóðlegt vandamál, sem þær þjóðir, sem framleiða áfengt öl, hafa við að stríða engu síður en aðrar. Það er því tilgangslaust fyrir ölmennina að halda því fram, að áfenga ölið sé þeirrar náttúru að fyrirbyggja eða draga úr smygli. Það eru þá einnig hreinar kerlingabækur, að áfenga ölið bæti hina svokölluðu drykkjumenningu og dragi úr ofnautn áfengra drykkja. Það má vera, að hin illræmdu drykkjulæti og hvimleiðu drykkjusiðir séu meira áberandi meðal okkar en hjá sumum öðrum þjóðum, sem stunda meira en við þær drykkjuvenjur að neyta hinna léttu vína og ölsins. Hitt má þó vera, sem sumir telja, að skapgerð okkar Íslendinga eigi ekki svo lítinn þátt í hinum oft og tíðum hvimleiðu drykkjusiðum og við þess vegna munum seint taka upp betri hætti í þeim efnum, enda talið, að við ættum hægt um vik að breyta hér til, ef menn hefðu hug á því og hirtu um eða teldu slíkt til bóta.

En er þetta mál svo einfalt, að til öruggra bóta megi teljast að neyta meir léttu drykkjanna? Hvað segir reynsla t. d. Frakka og annarra suðrænna þjóða og einnig þeirra, sem búa við ölmenninguna svokölluðu? Hvar hafa komið í ljós tiltölulega flestir eða fleiri króniskir drykkjusjúklingar? Það er alkunna, að sídrykkja áfengs öls og léttari vína á ekki síður þátt í að gera menn að slíkum sjúklingum en neyzla sterkra drykkja. Það er vitað, að Frakkar hafa þungar áhyggjur af vaxandi tölu áfengissjúklinga sinna og auknum dauðsföllum af völdum áfengisneyzlu. Mest er talið, að á þessu beri í iðnaðarhéruðum Frakklands meðal verkamanna. Talið er, að þessi plága fari vaxandi með aukinni drykkju áfengs öls. En í þeim héruðum, þar sem fyrri venjur haldast meir, að neyta aðeins þrúguvíns í svipuðum mæli og fyrr var venja, sé áfengismálið lítið breytt frá því, sem áður hafi verið. Sagt er, að á s. l. ári hafi dauðsföll af völdum áfengissýki numið meir en 20 þús. manna í Frakklandi, og þrátt fyrir mannfjölda Frakklands telja menn það, að ekki megi við svo búið sitja og því verði hið opinbera að hlutast til um viðeigandi aðgerðir, sérstaklega að reyna að draga úr neyzlu áfengs öls. Þessi mikla og merkilega þjóð, Frakkarnir, virðist því skilja vandann, fyrr en skellur í tönnunum, og vilja ekki berja höfðinu við steininn, alveg gagnstætt hinum íslenzku ölmönnum, sem halda því blákalt fram, að neyzla margra annarra þjóða sýni, að ölið sé laust við að vera hættulegt og hálfgerður Kínalífselixír eða allra meina bót. Það mætti þó segja, að reynsla ýmissa þjóða sýndi, að ölmennirnir vildu óafvitandi í þessu efni fara með okkur úr öskunni í eldinn.

Að við berum einhvern menningarleysisstimpil í augum annarra þjóða og sýnum óviðunandi tillitsleysi og skort á kurteisi að bjóða ferðamönnum aðeins létt og sterk vín, en ekki áfengt öl, og stöndum með því móti æskilegum erlendum ferðamannastraumi, slík röksemd er fjarri lagi og óraunhæf.

Að heimskulegt sé að standa á móti bruggun áfengs öls, þar sem við höfum yfirburði um ölgerð fram yfir aðrar þjóðir vegna vatnsgæða. Það er öllum vitanlegt, að flestar aðrar þjóðir hafa yfir bjarglegu vatni að ráða til ölgerðar, og það hefur ásannazt, að það eru ekki vatnsgæðin, sem hafa ráðið úrslitum um gæði þeirra öltegunda, sem mesta alþjóðahylli hafa hlotið og flestar þjóðir kjósa sér. Kemur þar vitanlega fram og til greina fyrst og fremst kunnátta í ölgerð, sem t. d. Þjóðverjar og Danir eru taldir hafa manna mest tileinkað sér í margra alda gömlum öliðnaði sínum, svo og einnig hafa ráðið úrslitum þeir peningar, sem þessar þjóðir hafa varið í auglýsingastarfsemi til framdráttar sínu öli. Það er því fjarri öllu lagi að reyna að telja mönnum trú um, að það þurfi ekki annað og meira til en hið góða íslenzka vatn, til þess að við getum með góðum árangri ruðzt inn á hinn alþjóðlega ölmarkað.

Að síðustu kemur svo rúsínan í pylsuendanum hjá ölmönnunum: Áfengt öl á að tryggja betur en ella viðvarandi tekjur ríkissjóðs af sölu áfengra drykkja. Hér er vikið að alvarlegu atriði varðandi hið opinbera og áfengið, sem ég skal ekki fjölyrða um hér. Aðeins vil ég segja það, að það er raunaleg staðreynd, hversu ríkissjóður virðist háður áfengistekjum, e. t. v. jafnháður og drykkjumaðurinn er háður vínföngunum, sem á boðstólum eru. Flestir munu nú verða að viðurkenna, að almenningur með sinni þekkingu, vilja og getu, eins og ölmennirnir orða það, muni ekki sætta sig við áfengisbann. Hitt munu fáir harma, þótt ríkistekjurnar af sölu áfengis minnkuðu eitthvað frá því, sem nú er, ef slíkt táknaði raunverulega minnkandi neyzlu áfengis.

Ölmennirnir þykjast furða sig á þeirri fjarstæðu, að nokkur skuli vera á móti áfengu öli, en láta hins vegar fljóta hin sterku vín. Því

furðulegra, segja þeir, þar sem öldrykkjan sé eðlilega hættuminnst. Hér er vikið að atriði, sem margir telja fjarri lagi í sambandi við málflutning ölmannanna, enda hafa þeir síður en svo handbær rök fyrir. Margir benda á, að einmitt áfenga ölið sé stórum hættulegra en annað áfengi, m. a. sökum þess, að það sé tiltölulega ódýrt og laði því þá meira að drykkjunni, sem lítil fjárráð hafa, svo sem verkamenn, og einnig sökum þess, að slíkir starfsmenn teljast á venjulegum mælikvarða fullfærir til vinnu sinnar, þótt þeir hafi drukkið jafnvel nokkra léttáfenga bjóra. En samt er af fróðum mönnum talið, að með slíkri neyzlu missi maðurinn nokkuð af vinnuhæfni, aðgát og starfsöryggi í meðferð vinnuvéla á vinnustað og því hættara við slysum. Á það er líka bent, að sífelld öldrykkja verði fljótt að vana, sem geti orðið heilsuspillandi peningaþjófur. Reynsla er talin fengin fyrir því, að almenningsálitið hamli ekki á móti neyzlu áfengs öls á vinnustað. Dagleg notkun virðist hafa skapað það viðhorf að telja áfengt öl til nauðsynlegrar daglegrar fæðu, sem engum þýðir að banna, þótt ekki mundi leyfast að hafa opinberlega undir höndum sterka drykki til sams konar nota.

Hvað segja menn svo um ýmsar aðrar vinnandi stéttir en verkamenn, t. d. skrifstofu- og verzlunarfólk? Allir vita, að þetta fólk neytir nú daglega innihalds úr þúsundum af kókakólaflöskum, svo að dæmi séu nefnd. Það þarf ekki að spyrja, að léttáfenga ölið muni leysa óáfengu drykkina hér af hólmi og verða strax viðurkenndur nauðsynlegur, hressandi svaladrykkur til afnota fyrir þessa fjölmennu starfshópa á vinnustað. Má hverjum manni vera augljóst, að slík drykkja áfengs öls mun hvorki auka né bæta vinnuhæfni né starfsgetu hlutaðeigandi. Það þarf því ekki að fara í neinar grafgötur með, að á þennan hátt mun stór hópur, sérstaklega yngra fólks, sem hefur ekki áður lagt það í vana sinn að neyta áfengis, komast á bragðið með drykkju léttáfengs öls, og þá getur orðið greið gatan til frekari neyzlu sterkari áfengra drykkja.

Það eru margir, sem óttast, að frá áfenga ölinu stafi enn fremur mikil hætta á hendur unglingum og jafnvel stálpuðum börnum, sem sagt, geti orðið mjög hættulegt æsku landsins. Það er vitað, að áfengisneyzlan dreifist ískyggilega ört út meðal æskufólks, jafnt af báðum kynjum. Af þessu hafa margir hugsandi menn þungar áhyggjur og standa ráðalausir gegn þessari öfugþróun. Margir óttast því, að áfengt öl muni hér auka áfengisneyzlu og hjálpa af stað eldra og yngra fólki, sem hefur ekki lagt slíka neyzlu í vana sinn áður. Það virðast a. m. k. engin rök vera fyrir hendi, sem geti útilokað þennan ótta, og jafnvel ölmennirnir virðast ekki vera lausir við hann, — eða hvers vegna þykjast þeir nú vilja sætta sig við, að áfengt öl verði aðeins selt undir hendi Áfengisverzlunar ríkisins, og þar með sennilega á það svo að heita, að það verði ekki söluhæft nema í gegnum slíkar áfengisútsölubúðir, og getur þó enginn fullyrt um, hvað hægt er að setja um þá hluti í reglugerð, ef vilji er fyrir hendi?

Áhugamenn um áfengt öl virðast vita, hvaða vinnubrögð eru sigurvænleg fyrir framgang þeirra málstaðar. Þeir fara nú fram á léttasta áfengt öl, en munu fljótt hugsa sér að færa sig upp á skaftið. Þessi vinnubrögð eru vafalaust auðlærð af reynslu sögunnar. Vínmenn hömuðust á sínum tíma gegn áfengisbanninu og heimtuðu, að þeirra dómi, jafnsaklausan drykk og léttu vínin. Ýmsar stoðir, sumar utanaðkomandi, runnu undir það, að þetta var heimilað. En Adam var ekki lengi í þeirri Paradís. Sumir töldu fljótlega, að þrúguvínin væru leiðigjörn, og enn fremur, að þeir sögðu sig engan tíma hafa til að drekka sig fulla af slíkum veigum. Þá kom krafan um leyfi fyrir sterkum drykkjum, og menn sögðu, að hér í væri ekkert samræmi, að banna slíkt áfengi, fyrst hin léttari vín væru heimil og á boðstólum, og niðurstaðan varð sú, að þessari kröfu var sinnt.

Nú er komið að því, að menn heimta áfengt öl og telja sig færa fyrir slíku fullgild rök, fara af stað með kröfu um leyfi fyrir léttustu öltegundina, því að þeir telja sig vita, að ef ölið er leyft á annað borð, muni verða stutt í það áfengara og létt að fá rýmri hömlur í sambandi við neyzlu þess, ef þörf kann að krefja.

Herra forseti. Ég legg til, að þetta mál verði fellt við þessa 1. umr., en ef þess er ekki kostur, afgreiði sú n., sem fær málið til meðferðar, það aftur inn í þingið, leiði málið þannig til höggs. Mætti það verða til þess, að flm. vektu það síður upp aftur á þeim grundvelli og með þeirri afsökun, sem þeir nú bera fyrir sig, að þar sem málið hafi aldrei komið úr n. við síðustu meðferð þess hér á hv. Alþ., hafi alþm. aldrei gefizt kostur á við 2. umr. að lýsa skoðun sinni né taka afstöðu til þess. Það virðist ástæðulaust, að hv. þdm. liggi lengur undir ámæli ölmannanna í þessu efni.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til, að tekin verði upp framleiðsla og neyzla á áfengu öli í landinu. Fyrir 5 árum gerði hv. 1. flm. þessa máls tilraun til að sannfæra hv. alþm. um nauðsyn þessa máls með frv., sem hann flutti þá. En sú tilraun hans bar ekki tilætlaðan árangur.

Við 1. umr. þessa máls hlýtur sú spurning að verða ofarlega á baugi, hver sé hinn raunverulegi tilgangur með frv. Til hverra umbóta á það að verða í lífi þjóðarinnar? Einhver ákveðinn tilgangur er í öllum þeim till., sem fluttar eru á Alþ., einhver tilgangur til gagns t. d. fyrir einstaklinga, fyrir stéttir, fyrir héruð, atvinnugreinar eða fyrir þjóðina í heild, einhver tilgangur til þess að skapa betra líf, meiri framfarir, meiri menningu eða fullkomnari þjóð. En hvert er markmiðið með þessu frv.? Hverjum á það að verða til gagns? Hvaða einstaklingum? Hvaða stéttum? Hvaða byggðarlögum? Styður þetta frv. að einhverjum framförum í landinu? Styður það að aukinni menningu? Styður það að betra þjóðfélagi? Nei, það gerir það ekki. Og þeir halda því ekki heldur fram, flm. sjálfir. Frv. hefur nefnilega engan tilgang annan en þann að veita mönnum meiri og fleiri möguleika til áfengisneyzlu. Frv. lyftir því aðeins undir lágkúrulegar og skaðlegar hvatir mannsins.

En þó að frv. hafi nú engan jákvæðan tilgang

og verði engum til góðs, verður það þá nokkrum til skaða? Hv. flm. sjálfir geta meira að segja ekki dulið það í grg. frv., að neyzla á áfengu öli geti orðið til tjóns. Þeir segja orðrétt, að menn hafi „undirstrikað, að óheppilegt og hættulegt sé að hafa á boðstólum fyrir Íslendinga áfengt öl. Um þetta hafa verið og eru skiptar skoðanir.“ Þeir draga ekki dul á þetta. Og þeir mótmæla alls ekkert þessum skoðunum. Þeir nefna ekki eitt einasta atriði sem rök gegn þessum skoðunum. En þeir minna heiðarlega á þetta. En þeir eru þeim mun fjölorðari um það, að það sé ekki samræmi í því að leyfa sölu sterkra vína, en banna sölu og framleiðslu á áfengu öli. Og þeim er svo mikils virði að bæta úr þessu ósamræmi, að þeir segjast eiginlega flytja frv. til þess eins, að þarna verði ekki áfram ósamræmi. Þeir nefna aftur á móti ekki neitt um það, hvaða gagn er að þessu samræmi, sem þeir vilja fá, og ekki heldur, hvaða ógagn er af þessu ósamræmi. Nei, þeir nefna ekkert um það, enda er það víst ekki hægt. Ég held, að þetta tal þeirra um ósamræmið sé þannig til komið, að þá hefur vantað efni í grg., þannig að ef þeir hefðu nú sleppt að tala um þetta, hefðu þeir ekki getað samið neina grg., því að um efni frv. er ekkert jákvætt hægt að segja.

Flm. láta mjög í það skína í grg. frv., hvað áfengt öl er saklaust í samanburði við sterku vínin. Þeir eru þó alls ekki að hafa orð á því, að sterku vínin séu skaðleg. En sakleysi ölsins, það er þeim ofarlega í huga. Það er sannarlega ekki ofsögum af því sagt, hversu háskaleg sterku vínin eru. Íslendingar hafa fengið að kenna á því svipað og aðrar þjóðir. En er það svo auðvelt að dæma um, hvort er skaðlegra áfengt öl eða sterk vín? Er t. d. bílstjóri ölvaður af öldrykkju, sem veldur slysi, eitthvað betri en hinn, sem var ölvaður af sterku víni? Ef báðir valda sams konar slysi, er þá annað slysið eitthvað betri tegundar en hitt? Allir vita, að sterkt vín er fljótandi eitur. Enginn getur haft það um hönd í daglegri vinnu, því að þá getur hann ekkert unnið, a. m. k. ekki til gagns, og flestir heiðarlegir húsbændur losa sig við slíka menn. En áfengt öl er lævíst, af því að það er veikt. Öldrykkjumaður getur hangið við vinnu sína, þótt hann drekki öl jafnvel af og til yfir daginn. Hann er að vísu lélegur starfsmaður, og honum er ekki treystandi til ábyrgðarstarfa, en hann getur lafað með öðrum, jafnvel svo að húsbóndinn taki ekki eftir því, hvernig hann er. Unglingar, sem neyta sterkra drykkja, geta ekki heldur leynt því, og enn þá a. m. k. ofbýður flestum mönnum, ef þeir sjá nýlega fermdan ungling ofurölvi. Þetta eitt, þessi fljótvirkni sterka vínsins hefur það að segja, að það skapar aðhald hjá foreldrum, hjá aðstandendum unglinga og hjá mönnunum sjálfum. Það er ekki hægt að fela ástandið, eins og í skjóli veika ölsins. Það sást t. d. við hina frægu Þjórsárdalsför unglinganna hér um árið. Ef þessir unglingar hefðu bara haft með sér áfengt öl, er ekki víst, að neitt hneyksli hefði af því spunnizt. En þeir hefðu jafnvel getað drukkið jafnmikið áfengi í þessu áfenga öli og þeir gerðu í sterku vínunum.

Hv. frsm. þessa máls hélt því fram í ræðu sinni, að ef áfengt öl væri á boðstólum, mundi draga úr neyzlu sterkra vína. Hver er reynsla annarra þjóða í þessum efnum, t. d. í Danmörku, þar sem við þekkjum nú einna bezt til?

Í Berlinske Tidende frá 29. des. s. l. er grein um áfengismál Dana, eftir merkan mann, Sven Reden dósent. Þar birtir hann línurit yfir áfengisneyzluna þar í landi frá 1938—1964. Á þessu tímabili hafði neyzlan aukizt úr 2,38 lítrum af hreinu alkóhóli á mann í 4,97 lítra, eða um 109%. 1938 var öldrykkjan tæplega helmingur af þessari neyzlu, þessum 2,38 lítrum. En 1964 er áfengið í ölinu orðið yfir 70% af áfengisneyzlu Dana, líka miðað við hreint alkóhól á mann. En samt hefur neyzla sterkra vína aukizt líka á þessu tímabili. Neyzlan á áfenga ölinu hafði aukizt svo miklu meira. Svona er það saklaust, áfenga ölið í Danmörku. 4,97 lítrar af hreinu alkóhóli á mann er tvisvar og hálfu sinni meira en Íslendingar drekka og drekka þeir mikið. En af þessum 4,97 lítrum er hreint alkóhól í ölinu 3,51. Í sterku vínunum aftur á móti er alkóhólið 0,89. M. ö. o.: Danir drekka hreint alkóhól 4 sinnum meira í öli en þeir gera í sterkum vínum. Það er saklaust ölið eða hitt þó heldur. Þessu ættum við kannske von á, ef við fengjum áfenga ölið inn á markaðinn. Og þegar menn halda slíkum kenningum fram sem þessum og við höfum Dani við hliðina á okkur svo að segja til að bera okkur saman við, sjáum við, á hve miklum rökum svona kenningar eru reistar. Ölið kemur auðvitað algerlega sem viðbót. Það sýna tölurnar frá Danmörku.

Hv. frsm. skýrði frá því í framsöguræðu sinni, að einn af tollvörðum hér í borg eða hér í nágrenninu hefði tjáð sér, að innflutt áfengt öl á s. l. ári mundi hafa numið um 100 þús. kössum. Ég skil þessi tíðindi svo, að hér hafi verið um ólöglegan innflutning að ræða, því að mér er ekki kunnugt um, að nein þau lög hafi verið þá í gildi, er heimila slíkan innflutning. Og manni verður að spyrja: Hvernig veit tollvörðurinn þetta, sjálfur vörður laganna með innflutningnum? Hvernig getur hann skýrt frá svona alvarlegum tíðindum, svona alvarlegum lögbrotum í innflutningi? Og hvað hefur þessi embættismaður gert sjálfur til þess að stemma stigu við þessum lögbrotum? Eða á kannske að skilja þessa frétt hjá hv. flm. svo, að tollverðir láti sig engu skipta, þótt flutt sé inn í landið áfengt öl? Ég veit ekki, hvernig á að skilja þessa fregn. Ég vona, að þessi fregn sé ekki á rökum reist. Ég vona, að þetta sé hreint slúður.

Í ræðu hv. frsm. var einn kaflinn um ofdrykkjumenn, og þar var vandamálið rætt frá læknisfræðilegu sjónarmiði. Þarna var vísindalega analíserað, *hvernig geðsjúkir menn verða ofdrykkjumenn*. Ekki ætla ég að hætta mér út á þennan hála ís læknisfræðinnar, ég er sannarlega ekki maður til þess. En það er eins og maður kannist við þessa kenningu, um geðveila menn, geðbilaða menn, sem allur almenningur telur svo alheilbrigða. En þó að ég hafi ekki læknisfræðilega þekkingu til þess að fara inn á þessa hlið málsins, vil ég hins vegar skýra frá áliti læknis eins hér í borginni á áfenga ölinu, manns, sem mun hafa a. m. k. ekki minni þekkingu á þess-

um efnum en hv. flm. frv. Þessi maður er Baldur Johnsen læknir, starfandi í rannsóknarstofu háskólans, sem hélt fyrir skömmu erindi í félagi einu hér í bænum um ölfrv. og ölneyzluna. Læknirinn lét mér góðfúslega í té stuttan útdrátt úr þessu erindi, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lofa hv. þm. að heyra, hvað hann segir m. a.:

„Frv. kann að líta sakleysislega út, og það er erfitt fyrir Íslendinga að dæma um áfenga ölið af eigin reynslu. Það er alþekkt, að aukið framboð einhverrar vöru eykur sölu hennar, hvað sem öðru líður og hvort sem um er að ræða nauðsynlegan eða ónauðsynlegan varning. Sjálfsagt ætlast líka flm. frv. til þess, að einhver sala verði á þeirri vöru, sem þeir eru að reyna að koma upp á landsmenn. Það verður að teljast fyrirsláttur einn, að ölið eigi að lúta sömu söluaðferðum og aðrir áfengir drykkir. Þessi saklausasti allra drykkja, eins og flm. telja hann, yrði líklega látinn í aðrar búðir, þegar eftirspurnin færi að aukast, og yrði auðvitað kallað eftir slíku mjög fljótlega, enda mundu vínsölubúðirnar, sem fyrir eru, fljótt springa utan af viðbótarölsölu.

Okkar eigin reynsla er, eins og áður segir, lítil. En þó má minnast aldalangrar áfengisneyzlu hér á landi áður fyrr. Þeir, sem eitthvað þekkja til sögunnar, vita, hvert afhroð landsmenn urðu að gjalda fyrir brennivínið, sem fyrst byrjaði að flytjast til landsins fyrir hér um bil 400 árum, hvernig útlendir drottnarar notuðu brennivínið og annað áfengi til að hjálpa til að herða snöru kúgunar og verzlunarhafta fastar og fastar að landslýð. Það vita allir, sem eitthvað hafa kynnt sér söguna, að hér flóði áfengið í vaxandi mæli um allt land þann tíma, sem innflutningur var frjáls á því og sala frjáls í landinu, þar til bannið, sem sett var á fyrri hluta þessarar aldar, kom til. Það þarf ekki annað en líta í annála til að sannfærast um, hvílíkur voðavágestur hér var á ferðinni, því að ekki eru þau svo fá dauðsföllin, ekki urðu svo fáir úti, jafnvel á lágheiðum hér á Suðurnesjum. Þegar bændur, sem voru að koma úr kaupstað með skammtinn kaupmannsins í höfðinu, en lítinn mjölskammt oft og tíðum, mátti ekki mikið út af bera á heiðum, til þess að menn þessir lægju ekki dauðir. Hesturinn íslenzki var þá það farartæki, sem lengi vel reyndi að ganga undir drukknum mönnum og bjarga þeim á leiðarenda, en það kom fyrir ekki. Margir sofnuðu á baki og drukknuðu í litlum lækjarsprænum. Nú er öldin önnur. Nú er hraðinn meiri. Nú eru bifreiðar komnar í stað hestanna, en bifreiðar hafa engan þann „sjötta sans“, sem reynir að bjarga drukknum bifreiðarstjóra frá því að vinna öðrum tjón eða sjálfum sér bana. Sé ástæða til að kvarta um ábyrgðarleysi í umferðinni nú þegar, er áreiðanlegt, að það batnar ekki með tilkomu ölsins, sem flm. frv. segja að sé saklaust og meinlaust. Hætt er við, að menn vari sig síður á því en öðru áfengi og setjist oftar hífaðir undir stýri.

Við vitum, að bann var hér við lýði nokkur ár, en svo kom, að það var afnumið. Af því að erlendar þjóðir keyptu hjá okkur saltfisk, töldu menn ekki nema sjálfsagt, að við keyptum af þeim þeirra framleiðslu í staðinn, en það var vínið. Vínöldin byrjaði aftur, og ekki leið á löngu, unz menn vildu hafa eitthvað sterkara en þessi léttu vín, og rökin fyrir því voru þau og ættu að vera rosknum mönnum í fersku minni, að það væri svo lengi verið að drekka sig kenndan í þessu víni, það væri nokkur munur að geta fengið sér snafs með kunningjum sínum, bara eitt glas og þar með búið. Úr því að við höfum þessi léttu vín, sögðu menn, hvers vegna ekki að hafa líka sterk vín, meiri fjölbreytni? Enda er brennivínið og aðrir álíka drykkir svo vondir á bragðið, að það er engin hætta á því, að unglingar fari að leggja það sér til munns. Hins vegar er miklu meiri hætta á, að hin sætu, léttu vín yrðu unglingunum til trafala. — Svo mörg voru þau orð. Og svo var farið að flytja sterk vín til landsins.

Nú er beðið um enn einn áfengisflokkinn, þ. e. ölið, og þá eru þau rök notuð, að ófært sé að eiga ekki völ á öðru en sterkum drykkjum, því að mönnum væri hættara við ofdrykkju með því að fá svo sterka drykki og það í stórum flöskum. Í þetta skipti eru notuð alveg þveröfug rök við þau, sem notuð voru í fyrra skiptið, þegar verið var að innleiða sterku drykkina, og sýnir það betur en nokkuð annað, að þeir menn, sem eru að berjast fyrir að fá fleiri áfengistegundir inn í landið, bera ekki hag þjóðarinnar fyrir brjósti, þó að það sé stundum látið líta svo út, heldur aðeins að þjóna sinni eigin löngun og nokkurra félaga, sem standa á bak við þá.

Þá er ein röksemd eftir, sem notuð var í fyrra skiptið, þegar ölfrv. var á ferðinni, en hún er sú, að við getum framleitt betra öl en nokkur annar í heiminum, vegna þess að við höfum svo gott vatn, það yrði örugg sala í því til útlanda. Norðmenn höfðu svipuð sjónarmið, þegar þeir nýlega hófu bruggun öls. Þeir ætluðu að hafa það fyrir útflutningsvöru. En hver varð endirinn? Aðeins fáein prósent af því öli, sem þeir framleiða núna, er flutt út, allt hitt er drukkið í landinu sjálfu. Það er hægara sagt en gert að vinna nýja markaði fyrir öl í heiminum. Þar eru fyrir hinar frægu þýzku öltegundir, þar er Carlsberg, ef heimamarkaður er þá ekki yfirfylltur af eigin framleiðslu.

Menn segja, að það sé auðvelt að hætta við ölframleiðslu. En hver trúir, að auðvelt sé að snúa við? Við sjáum, hvernig allt ætlaði að verða vitlaust í Danmörku, meðan ölverkfallið stóð þar. Þannig fer, ef menn eiga að missa nautnadrykk, sem þeir hafa vanið sig á. Menn vilja hafa sem mest frjálsræði í áfengissölu og láta enga tegund vanta, hér séu yfir 200 tegundir sterkra vína, því ekki að bæta einni við, þeirri léttustu? En þetta er blekking. Öl er nýr flokkur áfengra drykkja. Fyrir eru tveir: létt vín og brennd vín. Ölið er því 50% aukning áfengis í landinu.

Heilbrigðisskýrslur Sameinuðu þjóðanna sýna, að flestir ofdrykkjumenn eru í Bandaríkjum Norður-Ameríku og þar næst í Frakklandi. Í báðum þessum stöðum er hvers konar áfengi frjálst. Í örfáum ríkjum Bandaríkjanna eru þó áfengishömlur, sem jafnvel jaðra við bann, en í flestum þeirra alfrjáls sala og framleiðsla. Hvernig

er svo umhorfs t. d. í einni ölknæpu í stórborg Bandaríkjanna? Utan á gluggum og veggjum er auglýst: „Hér fást sterk vín, létt vín og öl. Hér fæst vodka, whisky, gin, koníak, rauðvín, portvín og sherry. Og hér fæst hvers konar öl, öl í glösum, öl í dósum, ljóst öl, dökkt öl, létt öl og sterkt öl, allt eftir því sem hver vill. Hér má fá lítið glas, jafnvel hálft glas, stórt glas, pela, hálfflösku og heilflösku, eða í öllum þeim umbúðum, sem neytendur óska. Vinnutékkar verkamanna eru innleystir hér. „Já, verkamennirnir geta þá komið beint frá vinnustað með ávísanir sínar fyrir vinnu dagsins eða vikunnar, og svo eru þær innleystar í ölknæpunum, í staðinn fyrir að fara heim með þær og kaupa mat fyrir þær handa fjölskyldunni.

Þetta er aðeins lítil mynd af mörgum, sem hægt er að sjá í stórborgum víða um heim, þar sem ástandið er komið í það horf, að ekki verður við neitt ráðið og látið reka á reiðanum. Þarna er frelsið í allri sinni dýrð. En afleiðingin, hver er hún? 4000 ofdrykkjumenn af hverjum 100 þús. manns eða um 4%. Hér heima eru þó ekki nema 1—2% ofdrykkjumenn og áreiðanlega vegna þeirra hamla, sem enn þá er haldið á sölu og veitingu áfengra drykkja.

Já, þetta var í Ameríku, segja menn. Það er kannske ekki von á því betra þar. — En lítum nær okkur, á Danmörku, paradísina þar. Þar fæst allt. Þar eru allar áfengistegundir seldar í búðum og knæpum, og þar sést aldrei fullur maður. En hver er reynslan? Í Berlinske Tidende skrifar fræðimaður um áfengismálin, en vill þó ekki að órannsökuðu máli leggja hömlur á áfengið, en hann hefur orðið óþægilega var við ýmsar staðreyndir og vill kanna þær til hlítar. Í öðru blaði hafði birzt viðtal við yfirlækni við einn af stærstu spítölunum. Þessi merki geðveikilæknir lýsti því blákalt yfir, að í Danmörku væru um 25 þúsund ofdrykkjumenn, sjúklingar, sem tækju upp spítalapláss þar í landi frá öðrum sjúkdómum. Greinarhöfundur vitnar enn fremur í umsögn manns, sem er hliðstæður áfengismálaráðunaut hér í landi, og hann hefur talið sennilegt, að nálægt 250 þús. manns í Danmörku yrðu meira og minna fyrir búsifjum vegna áfengisneyzlu. Hér er um að ræða fjölskyldur drykkjumanna, sem alltaf verða meira og minna fyrir barðinu á drykkjuskapnum, þó að þær séu ekki sjálfar beinir þátttakendur í drykkjunni. Þetta eru ljótar tölur.

Í þessu sama blaði Berlinske Tidende er birt línurit yfir áfengisneyzlu Dana. Þar kemur í ljós, að heildaráfengismagnið, sem drukkið er, fer sífellt vaxandi, bæði brennivínsdrykkjan og öldrykkjan, öldrykkjan heldur meira en brennivínsdrykkjan, en ekki eins og flm. ölfrv. hér á landi eru að halda að almenningi, að ef ölið komi, muni brennivínsdrykkjan minnka. Nei, það er áreiðanlegt, að þá yrði allt annað upp á teningnum.

Hvar sem öl er bruggað og selt, verður það almenningsvarningur, almenningsneyzla, almenningslöstur. Ölið verður daglegur drykkur meira og minna á vinnustöðum, sem stelur peningum frá mönnum og dregur úr afköstum. Menn þurfa ekki annað en bera saman afköst íslenzkra verkamanna og öll tilþrif á vinnustað við störf starfsbræðra þeirra í nágrannalöndunum, þar sem a. m. k. einn í hverjum hópi hefur nóg að gera að ná í ölföng. Hætt er við, að hér yrði útkoman ekki ósvipuð með ölið og með sígaretturnar, það yrði nautnavarningur, furðu sakleysislegur, en menn mundu kaupa ölið, þegar þeir færu að venjast því, og smám saman gætu þeir ekki án þess verið. Og spariskildingarnir færu til ölkaupa í staðinn fyrir húsbyggingar eða að prýða heimili sín eða í staðinn fyrir góðan mat. Verkamenn nágrannalandanna eiga ekki fé til að byggja fyrir íbúðir eða prýða heimili sín á sama hátt og íslenzkir verkamenn.

Það má reyndar teljast undarlegt, að það skuli vera til menn, sem eru að reyna að venja þjóðina á nýja tegund áfengra drykkja, sem hún hefur þó verið svo blessunarlega laus við til þessa, og má þakka það að sumu leyti einangrun, en einnig, að landsmenn og ráðamenn hafa staðið á verði hvað þetta snertir fram að þessu. Það er í hæsta máta einkennilegt, að menn skuli vera að gera sér leik að því að bæta nýjum skatti, nýrri eyðslu, algerlega ónauðsynlegri og sem getur verið mjög skaðleg, við aðra óþarfa eyðslu landsmanna. Það er áreiðanlegt, að áður en varir yrði ölið mönnum miklu meiri peningaþjófur en jafnvel tóbakið er nú þegar, og er þó varla á það bætandi.

Ég held, að Halldór Laxness hafi hitt naglann á höfuðið, þar sem hann leggur Steinari undan Steinahlíðum þessi orð í munn, er skáldið Einar Benediktsson býður honum öl í Skotlandi, en Steinar svaraði: Ekki get ég nú beinlínis sagt, að öl sé minn drykkur, elskulegi sýslumaður minn, segir brikkleggjarinn, en kaffi er ég vanur að þiggja, þegar það er boðið af góðum hug. Það lifgar andann heldur en svæfir, ef nokkuð væri.“

Þetta var útdráttur úr erindi Baldurs Johnsens læknis.

Ég vil að síðustu minna á, að fyrir stuttu var efnt til mjög víðtækra félagslegra samtaka hér í landinu til varnar gegn slysum í umferðinni. Þessi samtök mælast mjög vel fyrir, enda er þörfin mikil að draga úr slysahættunni. En það er hálfömurlegt til þess að vita, að á sama tíma og þessi félagslegu samtök eru að fara af stað, skuli liggja fyrir Alþingi að afgreiða frv. með einhverjum hætti, sem flestu öðru fremur er líklegt til þess að auka á þessa slysahættu. Ég lít því svo á, að það ætti ekki að vera erfitt fyrir hv. þm. að taka afstöðu til þessa máls.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að svara því, sem lesið hefur verið upp hér úr erlendum blöðum. Ég hef ekki lesið það sjálfur, má vel vera, að það sé satt, en við vitum um íslenzku blöðin, hve mikið er hlutdrægt og ósatt, sem í þeim stendur, og það er hæpið, að í erlendu blöðunum sé það allt öruggur sannleikur, sem þar er sagt. Við vitum það líka, að þeir, sem eru bindindismenn, skrifa um þessi mál, og ég er ekki að gera lítið úr þeirra skoðunum eða þeirra vinnu. Það er allt í lagi með það. Þetta er þeirra sannfæring, og það er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að þeir breyti eftir henni. En

við vitum, að þessar prédikanir þeirra ganga í mörgum tilfellum út í öfgar.

En hvað sem öllum þessum bindindiskenningum líður, hver er ávöxturinn? Það er drukkið alls staðar. Það treystir engin þjóð sér til þess að banna drykkjuskap. Það var hér vínbann. Það var vínbann í Bandaríkjunum. Og hvernig gafst það? Smygl, glæpir, og allir hafa gefizt upp við slíkt. Ég held, að sósialistísku löndin fari eins að. Það virðist vera nóg af því þar. Hví í ósköpunum, ef þetta er óframkvæmanlegur hlutur, til hvers er verið að basla við þetta þá?

Það er hliðstætt að banna ölið, en leyfa sterku vínin og ausa þeim út með okurálagningu auk þess, — það er hliðstætt og að banna mönnum að fá reyktóbak eða reykja pípu, en leyfa innflutning á vindlingum. Vindlingarnir eru hættulegir og hafa ill áhrif á heilsu mannsins, en pípan tiltölulega meinlaus. Þannig er með bjórinn og sterku vínin, það er miklu hættara við að neyta þeirra í óhófi. Menn geta orðið ofurölvi og gert hluti, sem þeir sjá eftir, og jafnvel gert af sér glæpi í hreinum drykkjuskap. En bjórinn er tiltölulega meinlaus, og það er allt annað að drekka vökva með 4% víninnihaldi eða 40%. Ég átti tal um þetta við Þórð Albertsson í vetur, hann hefur alið aldur sinn að mestu í útlöndum, og ég satt að segja legg miklu meira upp úr því, sem hann hefur heyrt og séð, heldur en öfgafullir blaðamenn skrifa. Það er alltaf hægt að finna einhverja grein í blöðum, hlutdræga og meira og minna ósanna, og lesa hana upp. Hann sagði mér, að Íslendingar drykkju manna verst, þeir kynnu ekki nógu vel með vín að fara. Og hann sagði, að það væri hlægilegt að banna bjórinn hér. Við fáum ekki að kaupa Egil sterka, meðan við erum innan landhelginnar, en þegar við erum komnir í flugvél út fyrir landhelgina, þá fær maður Egil sterka. Útlendingum finnst þetta skoplegt, og það er það vitanlega.

Hv. 3. þm. Vestf. spurði að því, hverjum það eigi að vera til gagns, að bjórinn verði fluttur inn. Ég skal svara fyrir mig. Ég hef ekki rætt það ýtarlega, en ég get gefið þá skýringu, sem ég hef á því. Það er í fyrsta lagi, að það er um stórfellt smygl að ræða inn í landið. Þetta vita allir, sem á annað borð hafa kynnt sér þessi mál. Og tollvörður einn hefur gefið upp, að það muni vera laumað inn ca. 100 þús. kössum bara hér á Suðvesturlandinu. Við þurfum ekki að ímynda okkur, að hann hafi ekki betra vit á því en við, sem sitjum hér í þingsal. Ríkisstj. gerir sitt til þess að leyfa þetta. Sjómönnum er leyft að koma með 1—2 kassa. En ætli það geti þá ekki viljað til, að það flytu 3—4—5 í sumum tilfellum? Svo er þetta ekki nema hluti af landinu. M. ö. o.: það geta allir fengið bjór, ef þeir nenna bara að eltast við það. Ég hef ekki reynt það sjálfur. Ég yfirleitt nenni ekki að fást við að smygla vörum, hvorki því né öðru, finnst ekki taka því. En við vitum það, að þegar fólk venst á að brjóta lögin, finnst því ekkert meira að brjóta aðrar greinar laganna en þessa. Þess vegna er öll löggjöf, sem er þannig vaxin, að hún er brotin meira og minna, heimskuleg.

Það er þannig, að það er smyglað fleiri vörutegundum. Ég skal játa það, og ríkisstj. ætti að taka til athugunar, hvort ekki væri unnt að gera meira en gert hefur verið til að draga úr slíku. Og það er með vissa hluti, t. d. eins og fatnaðinn, að tollarnir á því eru það háir og innflutningsgjöld og söluskattur og annað slíkt, að þetta borgar sig. Það átti að fara að setja reglur um þetta nú. Ég las það í blöðum, að það mundi verða heimilt að flytja inn fyrir ca. 5 þús. kr. Þetta er meira en lítil upphæð. Ég held, að það sé nefnilega hættulegt að leyfa að flytja inn visst magn af vörum án þess að gjalda af því toll. Það skapar fordæmi, og þetta skapar mismun á aðstöðu einstaklinganna í þjóðfélaginu og er þess vegna ranglátt. En við eigum að hafa tollana það hóflega, að það freisti fólksins ekki allt of mikið til þess að smygla. Og m. a. væri mikil þörf á því, ef nokkur tök væru á, að lækka tolla á vissum vörutegundum og þ. á m. vissum tegundum af fatnaði til þess að hindra það, að smyglið sé svona mikið.

Fjmrh., Gunnar Thoroddsen, beitti sér fyrir á sínum tíma með úr, sokka o. fl., að það væru lækkaðir á þessu tollar. Það var blátt áfram farið að smygla inn öllum þessum vörutegundum, af því að tollurinn var svo hár. Eftir að tollar voru lækkaðir, stórminnkaði þetta. Þetta þarf hver ríkisstj., sem situr við völd, að athuga. Ef fólkið græðir á smyglinu stórkostlega, freistar það þess til þess að framkvæma það. Þarna er því um lögbrot að ræða.

Við skulum taka aðbúðina að sjómönnunum okkar hér í kringum landið. Við vitum það, að þeir drekka manna mest. Það er ekki af því, að þeir séu fæddir meiri drykkjumenn en aðrir, heldur er aðstaða þeirra allt önnur. Þeir koma í land, eru þreyttir, slæptir, hafa enga aðstöðu til þess að hvíla sig sómasamlega, þar sem þeir eru heimilislausir. Þeir geta ekki legið í skipunum. Stundum er vínverzlunum lokað, ef um miklar landlegur er að ræða í viðkomandi stöðum, og útkoman sú, að þeir kaupa vínið á svörtum, þeir mega hvergi vera með vínið. Það er ekki leyfilegt að drekka vín nema í einstaka stað. Það er ein hlutdrægnin í þessu þjóðfélagi. Það eru vissir staðir hér í bænum og í einstaka stærri bæjum, þar sem mönnum er leyfilegt að drekka vín með frjálsu móti, fá það blandað og með það farið eins og hjá siðuðum mönnum. Í minni kauptúnunum er þetta ekki leyfilegt. Þeir eru reknir út af hótelum, ef þeir eru með vínflösku, eða a. m. k. á að gera það. Og þá drekka þeir af stút undir húsvegg eða úti á götu, verða ölóðir, slást og gera ýmiss konar skammir af sér. Væri ekki viturlegra að hafa bjórstofu handa þessum mönnum, þar sem þeir gætu hvílt sig, rabbað saman og drukkið hóflega? Ég held, að í menningarþjóðfélagi væri það mikill munur, og er í raun og veru stór hneisa að búa ekki betur á þennan hátt að sjómönnum en gert er. Það þýðir ekki annað en taka hlutina eins og þeir eru. Sjómennirnir eru heimilislausir. Í landlegum eru þeir að ráfa um göturnar og það er ekkert gert til að gera þeim lífið viðunanlegt.

Þriðja atriðið er það, að bjór hefur allt önnur áhrif á menn heldur en sterku vínin. Vínin örva, menn drekka of mikið af þeim, verða ölóðir eða

vitlausir, eins og oft er sagt. Bjórinn hefur ekki eins örvandi áhrif og í raun og veru alls ekki örvandi áhrif nema að nokkru leyti. Þetta er eitt bezta svefnlyf, sem til er. Ég hygg, að það yrðu færri hjónaskilnaðir hér í bænum, ef menn drykkju bjór í staðinn fyrir vín. Menn yrðu rólegir heima hjá sér.

Það, sem gerist með því að leyfa okkur að fá almennilegan bjór, vel tilbúinn, bragðgóðan og hressandi, er það, að það gerið lífið ánægjulegra í þessu landi, það sparar mikið fé fyrir sjómennina, ef hann er seldur með skaplegu verði, þeir drekka sér ekki til óbóta, drekka ekki frá sér vitið. Gamlir og lúnir bændur, væri þeim ef til vill of gott að fá sér bjórglas, þegar þeir heimsækja hver annan að kvöldi til eða í réttunum?

Fullyrðing í þá átt, að bjórinn sé aukin vínnotkun, er eins og hvert annað slúður. Hvaða rök vill hv. 3. þm. Vestf. færa fyrir því, að Danir mundu minnka áfengisneyzlu sína sem svarar bjórdrykkjunni, ef hún væri bönnuð? Þykjast Íslendingar þess umkomnir að halda, að þeir séu vitrari í drykkjuskaparmálum en allar aðrar þjóðir í veröldinni? Þetta yfirleitt þekkist ekki í hinum hvíta heimi, að banna bjór, en ausa út sterkum vínum í fólk. Ímynda þessir herrar sér það, að unglingarnir muni ekki geta lært að drekka, þó að ekki sé bjór, bjórinn kenni þeim að drekka? Ég held, að þeir ættu að koma hér á vínveitingastaðina á föstudags- og laugardagskvöldum og vita, hvort þeir kunna ekki að fá sér í staupinu, unglingarnir hér í bænum. Nei, það þarf sannarlega ekki bjór til þess. Bjór er bragðverri en flest hin vínin, og menn læra síður að drekka bjór en vín.

Það þýðir ekki annað en taka á hlutunum eins og þeir eru. Það þýðir ekki að vera með einhverjar hrókaræður um það, hvað vín sé skaðlegt og annað slíkt. Ég skal játa það, að vín er skaðlegt, ef það er drukkið í óhófi. En það er svo með hér um bil allt, sem við njótum í lífinu, ef það er notað í óhófi. Við getum borðað okkur til óbóta. Það hefur nú verið þannig í lífinu, að það er alltaf verið að reyna að koma í veg fyrir eitthvað, sem á að skaða manninn, og sannar dæmisagan um Evu það. Það var nú ekki fjölmenni þá, eftir því sem sagt er, á jörðinni, og ekki réð drottinn við, að hún át epli, sem henni var bannað að eta. Ég tek þessa sögu ekki bókstaflega, en það er bara þannig í lífinu, að svona hömlur þurfa að vera skynsamlegar, ef á að fara eftir þeim, og þó að þær séu skynsamlegar, er jafnvel erfitt að fá fólkið til að fara eftir þeim. Hóflega drukkið vín er ánægjuauki fyrir þá, sem kunna að fara með það. Hinir, sem kunna ekki að fara með það, eiga ekki að drekka, og það eru erfiðleikarnir, sem liggja í því. En ég hygg, að bjórnotkun verki þannig, að menn fari betur með vín, — ég er alveg sannfærður um það, — og skynsamlegar. Þeir eyða minni peningum, og það er ekki eins hættulegt fyrir líffærin og sterku vínin. Svo er ekki því að neyta, að hóflega drukkið vín getur verið eitt það bezta meðal, sem menn hafa í vissum tilfellum, ef kuldi sækir að manni eða eitthvað slíkt, það getur bara bjargað lífi hans. Það er eitt það bezta sótthreinsunarlyf, sem til er, og læknar hafa sagt mér, að viðvíkjandi kransæðastíflu sé vín til bóta, það örvar blóðrásina. Það má vera, að bjórinn sé ekki eins hentugur að því leyti til. En þetta er bara eðlilegt og sjálfsagt, að hafa þetta frjálst.

Ég álít, að sérstaklega ætti kvenþjóðin að beita sér fyrir því að leyfa eðlilega notkun bjórs. Það væri sannarlega munur fyrir frúrnar, sem eiga drykkjumenn, ef þeir fengju sér bjórglas heima hjá sér, væru rólegir og færu svo að hátta, heldur en ef þeir eru að slangra úti augafullir, sjálfum sér til leiðinda og öðrum til ama.

Ímynda menn sér það, ef t. d. Danir bönnuðu bjór, — Danir eru vel mennt þjóð og þroskuð á sviði vínmála eins og á öðrum sviðum, þetta er með meiri menningarþjóðum heims, — ímynda menn sér það nú, að bjórmennirnir í Danmörku hætti að drekka, ef bjórinn væri bannaður og þeir fengju hann ekki? Er nokkur til, sem er svo mikið flón? Nei, ég hygg, að það mundi enginn treysta sér til þess að fullyrða það. Það, sem gerist, er bara, að þessir menn mundu fara að drekka sterk vín í staðinn og mundu skaða sjálfa sig og fjölskyldur sínar meira eftir en áður.

Þá lét hv. 3. þm. Vestf. liggja að því, að afköst manna, — ég man ekki, hvort hann sagði það beinlínis, en ég skildi það svoleiðis, — við vinnu væru minni, vegna þess að þeir drykkju bjór. Mér þykir þetta nú einkennilegt fyrirbrigði. Ég veit það, að sumir, sem eru að láta gera við skip, sigla með þau til annarra landa, því að vinnuafköstin eru þar meiri. Ég sá einhvern tíma í blaði fyrir nokkru, það var um starfsþrek manna, það var verið að mæla það, og það þótti tiltölulega lágt hjá Íslendingum. Ekki ætti það að vera fyrir, að bjór væri seldur hér á frjálsum markaði. Ég held, að við getum ekki hælt okkur af því nú, að vinnuafköst séu meiri hér en hjá hinum germönsku þjóðunum, sem búa í kringum okkur og ættu helzt að vera sambærilegar. Ég held, að það sé fjarri því, að svo sé.

Það þarf að gera sér grein fyrir því, þegar um eitthvert málefni er að ræða, kosti þess og lesti, hvað maður vinnur við að gera þetta eða hitt og hvað tapast á því. Vitanlega hafa öll mál tvær hliðar. Þetta þarf að gera upp við sig. Ég er sannfærður um, að það er miklu hægara að hafa vald á drykkjuskap manna, stilla honum í hóf með því að neyta vökva, sem hefur lítið áfengisinnihald, heldur en vökva, sem hefur mikið áfengisinnihald, það sé ekki líkt. Ég veit líka hvað bjórinn snertir, að hann hefur gagnstæð áhrif við sterku vínin. Þau örva meira, bjórinn gerir menn rólega og er eitt bezta svefnlyf, sem til er.

Hv. 3. þm. Vestf. var að tala um það, að þetta væri aðeins til þess að auka lágkúrulegar hvatir, að leyfa mönnum að fá bjór með frjálsu móti. Eru það ekki frekar lágkúrulegar hvatir, eins og nú er gert, að vissir aðilar eru hlaupandi um allt að reyna að smygla inn bjór? Ég hélt, að það væru frekar lágkúrulegar hvatir að drekka bjórinn, en drekka hann bara óleyfilega, að nokkru leyti a. m. k. Mér er sagt af mönnum, sem koma hér í hús í bænum, þeir segjast varla koma þar, sem ekki sé boðið upp á bjór, útlendan bjór. Mér er sagt, að þetta sé komið austur um allar sveitir.

Það eru afskekktari sveitirnar norðanlands og eitthvað á Vestfjörðum og Austfjörðum, sem hafa ekki þennan útlenda bjór, sem fenginn er ólöglega að meira eða minna leyti. Hverju er þá spillt að lofa mönnum að fá þetta heiðarlega? Ég skal játa það, að ég álít, að við ættum að hafa 2—3 bjórtegundir. Við getum haft eina veika, pilsner er nú víst eitthvað um 2%, eitthvað svoleiðis, en hann er svo bragðvondur, að það er dálítið erfitt að drekka hann, 4% og svona 6%. Ég hefði gjarnan viljað hafa heimild til þess, að bjórinn mætti vera 6%, og svo að við færum ekki fram á það, að það sé breytt neitt dreifingarkerfinu á þessu, náttúrlega ætti þetta að vera miklu auðveldara en það er nú. Þetta nær engri átt, að menn megi ekki neyta víns nema á vissum stöðum á landinu. Við getum tekið minni kauptúnin. Menn mega ekki drekka þar, hvorki bjór né annað, í raun og veru, ekki áfengan bjór á hótelum þar. Ég benti á það áðan með sjómennina. Þetta er bara vitleysa. Þarna er gerður munur á milli héraða. Það er þannig með hótelin í þessum stöðum, þar sem ekki er nein heimild til að selja áfengi, þau berjast í bökkum. Hér þykjast menn ekki geta rekið hótelin nema hafa vínsöluleyfi. En úti á landsbyggðinni eiga menn að reka þau án þess að hafa það. Þarna er gerður mismunur á milli þegnanna.

Ég gæti vel gengið inn á það að vera á móti víni og greiða atkv. með banni, ef ég héldi, að það væri nokkur vegur að framkvæma það. En þessir blessaðir bannmenn hér fara ekki fram á, að það sé bannað að selja vín. Þeir vita, að það muni ekki takast. En þeir eru að berjast á móti því, að það sé seldur bjór með 4% áfengismagni. Annað er það, að það væri miklu eðlilegra og heilbrigðara fyrir íslenzka þjóðfélagið að hafa hér bjórframleiðslu og hæfilegan toll á því. Það mundi skapa tekjur fyrir ríkið, í staðinn fyrir að þessi bjór, sem er fluttur inn meira og minna án þess að það sé löglega leyft, skapar engar tekjur. Ég skal ekkert fullyrða um það, hvort við getum hér í framtíðinni framleitt betri bjór en aðrir, þannig að við getum haft þetta fyrir útflutningsvöru í stórum stíl, en ólíklegt er það ekki. Við erum bara á frumstigi enn þá og höfum ekki mikla æfingu í að framleiða bjór. Við þurfum ekki að halda um Carlsberg og aðrar frægustu bjórtegundir heimsins, að menn hafi lært það á nokkrum vikum að búa þetta til, heldur er áratuga- og jafnvel aldagömul reynsla, sem þessir menn hafa á bak við sig. Hitt er rétt, sem hefur verið drepið á oft, að við höfum betra vatn en flestar aðrar þjóðir og ættum því að því leyti til að hafa betri skilyrði til að búa til góðan bjór.

Það má vel vera, að hér sé ekki um neitt stórmál að ræða, og þó er það að vissu leyti stórmál, að meiri eða minni hluti af þjóðinni sé ekki að laumast við að smygla inn vöru í landið, því að í því liggur viss siðspilling. Ókostirnir, sem fylgja þessu, ég sé þá ekki. Ég er sannfærður um, að það verður ekki meira drukkið. Það verður drukkinn bjór í staðinn fyrir vín, en að vínnotkunin aukist, það verður þveröfugt, hún minnkar. Fjmrh. sagði við okkur í viðtali, að það mætti ekki setja bjórinn í gegn, því að hann mundi minnka vínsöluna. Ekki hefur hann þá skoðun, að þetta bætist eingöngu við drykkjuskapinn.

Ég er sannfærður um, að meiri hl. þjóðarinnar er með þessu. Og ég er sannfærður um það líka, að ef heimilisfeður drekka bjór, en ekki sterk vín, á það minni þátt í því að eyðileggja þeirra heimilislíf. Bjórinn á minni þátt í því en sterku vínin. Ég er nú ekki mikill bjórmaður, ég skal játa það, en það kemur fyrir, að ég smakka vín, og hef ánægju af því. Ég viðurkenni það raunar, að við þyrftum að venja okkur á að drekka vín meira í hófi. Íslendingar kunna ekki nógu vel með vín að fara. En ég held, að hv. 3. þm. Vestf. hafi ekki mikla reynslu í vínmálum. Það er ekki hægt fyrir mann að dæma um notkun víns og bjórs, ef hann hefur aldrei drukkið þennan vökva. Það er eins og fyrir mig t. d. að dæma um hljómlist. Það er eitthvað hliðstætt. Mér er nú sagt, að hv. 3. þm. Vestf. hafi fengið sér bjórsopa, þegar hann fór til Rússlands, það sagði mér merkur maður. En þó að hann hafi drukkið hjá Rússum, er það ekki mikil reynsla. Það er bara byrjunarstig. Ég get ekki skilið, að það hafi verið neitt finna að drekka bjór hjá Rússum en drekka hann hér á landi. En það horfir öðruvísi við með hv. 2. þm. Austf. Ég held, að hann hafi bragðað vín nokkrum sinnum á ævinni, — ég held það, þótt ég hafi ekki drukkið með honum, ég skal játa það, þannig að hann hefur mikla reynslu, a. m. k. á sterku vínin. Ég veit ekki, hvort hann hefur nokkurn tíma smakkað bjór. En hans afstöðu skil ég þess vegna ekki að hamast á móti drykk, sem er með 4% vínanninnihaldi, en berjast ekkert á móti sölu á áfengi, sem hefur 40—50% af alkóhólinnihaldi. Ég skil það ekki. Sjálfur hef ég þá reynslu, að ég veit þetta, að bjórinn gerir menn rólega og þeir eru heima hjá sér, sofna á réttum tíma, en vinið gerir menn ölóða og eyðileggur heimilislíf þeirra í mörgum tilfellum. Og það er illa farið.

Ég held, að við getum ekki komið í veg fyrir, að menn noti vínanda. Það, sem við getum gert, er að reyna að vinna að því, að menn noti vín skynsamlega eins og annað, sem þeir hafa um hönd í lífinu. Það er í raun og veru fyrir neðan allar hellur, að ríkið skuli selja vindlinga, sem er viðurkennt að séu heilsuspillandi. Ég skal ekki fullyrða, hvort krabbamein myndast vegna þess, en ég veit, að sígarettureykingar eru slappandi fyrir manninn. Við vitum það líka, að það flýtir ekki fyrir mönnum á vinnustöðum að vera sí-reykjandi. En ríkið gengur á undan og selur þetta. Það er ekkert, sem bendir til þess, að bjór spilli heilsu okkar þannig, að við fáum krabbamein eða aðra sjúkdóma. Þeir menn, sem eru að berjast á móti þessu, sem þeir vafalaust gera í góðum tilgangi, — ég efa það ekki, að það sé þeirra sannfæring, — en því hreyfa þeir því ekki, að ríkið hætti að selja vöru, sem er skaðleg fyrir heilsu manna? Í raun og veru gætu Íslendingar ósköp vel komizt af án þess að reykja sígarettur. Þeir geta reykt smávindla eða pípu, það er ekki eins skaðlegt. En þetta gerir ríkið, það selur þessa vöru með okurálagningu, dreifir henni út meðal fólksins, og það eru unglingarnir, sem læra að reykja á sígarettunum. Það væri

því meiri þörf að banna það en að banna mönnum að fá bjór með frjálsu móti, þegar þeir fá hann hvort sem er með ófrjálsu móti. Það er ekki skynsamleg aðferð.

Það var haldin hér ágæt frumræða um þetta mál af hv. 7. þm. Reykv. Ég hef raunar farið meira inn á áhrifin, sem bjór og sterk vín hafa á einstaklingana, en hann tók hina hliðina, og ég sé þess vegna ekki ástæðu til þess að fara lengra út í þetta, því að hv. 7. þm. Reykv. er með greindustu og beztu ræðumönnum Sjálfstfl., þó að langt sé jafnað, og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka neitt af því, sem hann sagði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 15. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23:9 atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 193, n. 413 og 422, 415).

Frsm. meiri hl. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Allshn. hv. d. hefur haft þetta mál til meðferðar nú um nokkurt skeið. Málið var sent til umsagnar nokkurra aðila, og eins hafa komið, eins og sést á nál. minni hl., skoðanir ýmissa annarra aðila hér til þingsins, en niðurstaða allshn. varð sú, að 5 af nm. mæla með samþykkt frv., þó með þeim fyrirvara, að hv. 4. þm. Sunnl. flytur brtt., sem hefur það í för með sér, að heimild sú, sem frv. fer fram á, verði aðeins veitt að undangenginni þjóðaratkvgr. Við, sem sæti eigum í allshn. með hv. 4. þm. Sunnl., teljum flestir, að þetta mál sé kannske ekki svo mikils virði, að það þurfi að leita til þjóðarinnar um það að fá álit hennar á því. Persónulega hefði ég talið, að æskilegt hefði verið, að hv. þm. sjálfir hefðu látið skoðanir sínar koma í ljós í málinu, en eftir atvikum getur meiri hl. í allshn. fellt sig við þessa brtt., og við í meiri hl. í n. munum styðja þessa brtt.

Efnislega ætla ég ekki að ræða málið núna. Ég er búinn að gera það oft hér. Það hefur ekkert komið nýtt fram í málinu, engin ný rök gegn því. Þeim rökum, sem dregin eru fram í nál. hv. minni hl., er margsvarað þegar, og stendur fullyrðing gegn fullyrðingu.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Máli þessu var á sínum tíma vísað til hv. allshn., og hefur hún athugað það nokkuð. Nm. voru ekki sammála um þetta frv., og liggja hér fyrir tvö nál. Ég stend að nál. á þskj. 422. Það er mín skoðun, að þetta sé óþurftar- og óheillamál, og þess vegna legg ég til, að frv. verði fellt.

Allshn. sendi nokkrum aðilum frv. til umsagnar. Tveir af þeim sendu n. meðmæli með frv., það voru ferðamálaráð og Samband veitinga- og gistihúsaeigenda. Hins vegar er mér kunnugt um það og sjálfsagt þm. yfirleitt, að til Alþ. hafa borizt mótmæli gegn frv. frá félögum, félagasamböndum og stofnunum víðs vegar um landið. Mér telst svo til, að það séu 32 bréf, sem borizt hafa til þingsins, þar sem fluttar eru fram áskoranir um að fella frv. Í nál. mínu á þskj. 422 hef ég birt skýrslu yfir þessi félög og stofnanir, sem hafa mótmælt frv. skriflega, og ætla ég að fara um það nokkrum orðum.

Þar má fyrst telja áfengisvarnaráð, einnig Stórstúku Íslands. Þar að auki hafa komið mótmæli frá 10 góðtemplarastúkum, 4 af þeim í Reykjavík, 2 í Hafnarfirði, 1 í Bolungarvík, 1 á Akureyri, 1 í Stykkishólmi og 1 á Siglufirði. Þá hafa einnig borizt mótmæli frá Landssambandi ísl. ungtemplara. Mótmæli hafa borizt frá áfengisvarnanefnd í Stykkishólmi og áfengisvarnanefnd kvenna í Reykjavík og Hafnarfirði. Einnig hafa borizt mótmæli frá þingi Héraðssambandsins Skarphéðins. Það er, eins og kunnugt er, gamalt ungmennafélaga- og íþróttafélagasamband á Suðurlandsundirlendinu, og ég vil telja, að það sé eitt af hinum merkustu félagasamtökum af því tagi, hefur lengi vel starfað að íþróttamálum og mörgum framfaramálum. Þing þessa sambands sendi mótmæli gegn frv. Enn vil ég nefna mótmæli frá fundi í fulltrúaráði Landssambandsins gegn áfengisbölinu. Á þeim fundi voru fulltrúar frá 14 félögum og félagasamböndum, og mótmælin voru samþ. þar einróma.

Næst vil ég nefna það, að félög og félagasambönd kvenna hafa sent mörg andmæli gegn þessu máli til Alþ. Ég hygg, að það sé þannig með konurnar, að þær hafi betri skilning á þessum málum yfirleitt en karlar, og þeim er það vel ljóst, hvert óheillaspor væri stigið, ef nú væru gerðar ráðstafanir til þess að auka enn áfengisneyzlu landsmanna. Af þessum félögum og félagasamböndum vil ég fyrst nefna Kvenfélagasamband Íslands, sem hefur mótmælt frv. Þá eru mótmæli frá fulltrúaráði Bandalags kvenna í Reykjavík, frá aðalfundi Mæðrafélagsins í Reykjavík, frá Kvenfélagi Langholtssafnaðar í Reykjavík, frá aðalfundi Kvenréttindafélags Íslands, frá verkakvennafélaginu Framsókn í Reykjavík, frá aðalfundi Kvenfélags Hríseyjar, frá Sambandi breiðfirzkra kvenna og frá aðalfundi Kvenfélags sósíalista í Reykjavík. Mér skilst, að þetta séu um það bil 10 kvenfélög og kvenfélagasambönd, sem hafa sent andmæli gegn frv. til þingsins.

Þá hafa borizt mótmæli frá Hjálpræðishernum á Íslandi og frá fulltrúaráði verkalýðsfélaganna á Akureyri, einnig frá stjórn Náttúrulækningafélags Íslands. Að síðustu vil ég nefna deildir bindindisfélags ökumanna í Reykjavík, Stykkishólmi og Siglufirði.

Þetta, sem ég hef nú talið, gefur ótvírætt til kynna, að það er uggur í mörgum út af þessu máli og mikil andstaða gegn því víða um landið og það ekki að ástæðulausu að mínum dómi.

Ég vil leyfa mér að vitna — og fá til þess leyfi hæstv. forseta — í umsögn áfengisvarnaráðs, sem ég nefndi áðan. Í bréfi frá því ráði er m. a. bent á það, sem hér greinir, „að erlend reynsla sýni ótvírætt, að áfengisneyzla fari hvarvetna vaxandi við aukna neyzlu öls og annarra veikra

drykkja, að hætta sé á; að öldrykkja yrði fljótlega nokkuð almenn meðal unglinga, en rannsóknir á Norðurlöndum sýni, að leiðin til ofdrykkju liggi oftast frá ölinu til brenndu drykkjanna; að öl mundi trúlega verða hér eins og víða annars staðar algengur svaladrykkur, ekki sízt verkamanna og iðnaðarmanna, en þær tvær stéttir bíði víða erlendis mest tjón, fjárhagslegt og heilsufarslegt, af völdum ofdrykkju öls; og enn, að á öld véla og vélvæðingar og sívaxandi umferðar gæti ölið orðið mikill slysavaldur.“ Undir þessar aðvaranir áfengisvarnaráðs vil ég leyfa mér að taka.

Vafalítið má telja, að áfengisneyzlan í heild muni aukast, ef áfengt öl bætist við þær tegundir áfengra drykkja, sem fyrir eru. Ég tel mjög óheillavænlegt að gera ráðstafanir til að auka neyzlu áfengis. Hún er þegar allt of mikil og veldur stórkostlegu böli í mörgum myndum. Þetta er alkunnugt og viðurkennt. Vissulega þyrfti fremur að reyna að finna ráð til að draga úr neyzlu áfengis og helzt afnema hana með öllu heldur en auka við áfengisstraumana og þau vandræði, sem þar með fylgja. Unga fólkið er áreiðanlega í enn meiri hættu fyrir ölinu en sterkari áfengistegundum. Það er hætt við, að ölið kenni því að neyta áfengis og þaðan liggi leiðin til enn sterkari víntegunda, og hví skyldum við ekki reyna að sporna á móti því, að gerðar verði ráðstafanir, sem auka hættuna á áfengisneyzlu ungmenna?

Þá er það öldrykkja á vinnustöðum, sem má telja alveg vafalaust að mundi víða verða upp tekin, ef hér verður farið að framleiða og selja áfengt öl. Fólk mundi eyða miklu fé í kaup á áfengu öli til að svala sér á því við störfin. Af þessu mundi leiða minni vinnuafköst og mjög aukna slysahættu við meðferð véla og tækja, þegar stjórnendur þeirra eru undir áfengisáhrifum.

Flm. þessa frv. og meðmælendur þess reyna ekki að halda því fram, að áfenga ölið yrði nokkrum manni til heilla. Það er ekki heldur við því að búast, að þeir reyni það, því að það er ekki hægt. Þetta mundi engum verða til hagsbóta, en fjölda manna til tjóns, og það tjón er óútdreiknanlegt, en víst er, að það yrði mikið og margvíslegt.

Flutningur frv. bendir til þess, að hér sé eitthvað af mönnum, sem langar ákaflega til að fá áfengt öl að drekka. Betra væri þeim mönnum að sýna þá sjálfsafneitun og þjóðhollustu að kveða niður þessa þrá eftir sterka bjórnum, því að þeir mega vita, að áfenga ölið mundi hafa í för með sér mikið og margvíslegt tjón fyrir fjölda manna. Verði frv. þetta gert að lögum og heimild þess notuð, mun það verða til að auka mjög við þau miklu vandræði, sem áfengisneyzlan veldur nú þegar í okkar þjóðfélagi. Þess vegna er ég andvígur frv., eins og ég sagði í upphafi, og legg til við hv. þd., að hún felli það.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Í nál. meiri hl. allshn. á þskj. 413 hef ég gert þá grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, að ég tel rétt, að þjóðaratkvgr. sé látin fara fram um efni þess, því aðeins sé ríkisstj. heimilt að leyfa tilbúning öls með styrkleikanum 4½% til sölu innanlands og til útflutnings, að meiri hl. alþingiskjósenda, þeirra sem atkv. greiða, samþykki þá meðferð. Það eru ýmsar ástæður fyrir þessari afstöðu og ég vil leyfa mér að fara hér örfáum orðum um þær helztu.

Áfengismálin eru, svo sem alkunna er, viðkvæmt tilfinningamál. Það er öllum ljóst, að þau eru einnig félagslegt vandamál í fremstu röð og mjög erfið úrlausnar. Hefur svo reynzt bæði okkur og mörgum öðrum þjóðum, um það þarf ekki að deila. Hitt er svo annað, að sitt sýnist hverjum, hverja stefnu beri að hafa. Margir aðhyllast algert aðflutningsbann á áfengum drykkjum, þótt ekki sé sú leið nú sem stendur ofarlega á baugi. Aðrir telja takmarkanir á sölu áfengra drykkja leiða til hins verra og aldrei bæta úr, frelsi í þessu efni sé hið eina rétta. Þriðji hópurinn vill hafa vissan hemil á og fara bil beggja. Væntanlega hafa allir þessir hópar ýmislegt til síns máls, en sjálfsagt misjafnlega mikið. Deilur um þessi mál hafa oft risið býsna hátt og málið reynzt hitamál. Og það er eðlilega að vonum, þar sem viðhorfin byggjast m. a. á mati því, sem tilfinning manna segir fyrir um og enn fremur misjöfn reynsla einstaklinga, stundum ærið dýrkeypt og raunaleg. Af þessari sök hefur það áður þótt eðlilegast, að viss meiri háttar atriði áfengislöggjafarinnar væru leyst með þeim hætti, að þau væru látin ganga undir þjóðaratkv. og þannig fenginn þjóðarvilji. Og sannast sagna eru það einmitt hin heitu tilfinningamál þjóðarinnar, sem leysa á með slíkum hætti fyrst og fremst og engin mál fremur. Það er mín skoðun.

Árið 1908 fór fram þjóðaratkvgr. um áfengisbann, og var það samþ. með 60.38% greiddra atkv. Veturinn 1909 voru bannl. síðan samþ. á Alþ. og skyldu ganga í gildi 1. jan. 1915, sem og varð. Haustið 1933, í október, fór enn fram þjóðaratkvgr. um bann, og úrslit urðu þau, að með banni voru 11625 atkv., en á móti 15866. Eftir þessa atkvgr. var svo bannið afnumið frá og með 1. febr. 1935. En innflutningur og sala öls með meira vínandainnihaldi en 2.25% að rúmmáli var þó framvegis bannað og er svo enn. Þessi tilhögun, að leggja mál af þessu tagi undir úrskurð þjóðarinnar, hefur þannig tíðkazt og þótt af flestum rétt leið. Hef ég ekki heyrt, að banneða bindindismenn hafi haft við þá aðferð neitt að athuga, enda erfitt að mæla henni gegn, eins og eðli málsins er, og ætti raunar enginn að fælast eða óttast að leggja mál af þessu tagi undir úrskurð þjóðarinnar, og vissulega á vilji hennar að koma fram sem skýrast og bezt, bæði í þessum efnum sem öðrum. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að héraðabönn hafa verið í gildi lengst af frá því árið 1899 og eru það enn samkv. áfengislögunum. Héraðabönnin eru þess efnis, að ríkisstj. er heimilt að setja á stofn útsölustaði áfengis, þó aðeins í kaupstöðum, að atkvgr. kosningabærra manna í viðkomandi bæjarfélagi hafi farið fram og meiri hl. greiddra atkv. í kaupstaðnum samþ. Um þetta er þannig leitað atkv. borgaranna og þykir sjálfsagt. Bann- og bindindismenn áttu drýgstan þátt í því að koma héraðabönnum á 1899. Þegar þau síðan voru afnumin

með áfengisl. frá 1935, töldu þessir sömu aðilar, bann- og bindindismenn, þeim l. það einna helzt til foráttu, að héraðabönnin voru ekki lengur heimiluð. Þetta sýnir okkur ljóslega, að bindindismenn og bindindisvinir hafa fremst allra staðið að því og samþ., að leita skuli atkv. borgaranna um einstök mikilvæg atriði í áfengislöggjöfinni. Vildi ég þá mega ætla, að þeir hv. alþm., sem eru í hópi bannmanna, samþykki ekki síður öðrum þá málsmeðferð, sem greinir í brtt. minni.

Í ákvæði til bráðabirgða í brtt. er lagt fyrir ríkisstj. að láta fram fara atkvgr. meðal alþingiskjósenda á þessu ári, 1966. Ég tel, að sú atkvgr. gæti vel farið fram ásamt með sveitarstjórnarkosningum. Annars mætti að sjálfsögðu líka hugsa sér það, að slík atkvgr. færi fram við hliðina á alþingiskosningum. En þó er það svo, að ég hygg, að þessi úrlausn máls liggi nær því sveitarstjórnarlega heldur en hinum mjög pólitísku alþingiskosningum.

Ég vil svo vænta þess, eins og þetta mál liggur fyrir og með hliðsjón af fenginni reynslu og eðli máls, að hv. alþm. geti fallizt á þá leið, sem í till. er lagt til að fara í þessu viðkvæma vandamáli.

Ragnar Jónsson: Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta sinn, sem áfengi bjórinn skýtur upp kollinunm hér á hv. Alþ. En fram til þessa hefur þessi virðulega stofnun borið gæfu til þess að kveða hann niður. Árið 1960 flutti hv. 1. flm. þessa frumvarps frv. til l. á Alþ. þess efnis, að leyfð skyldi bruggun og sala áfengs bjórs í landinu allt að 3½% að styrkleika. Þetta frv. eignaðist í það sinn fáa formælendur, kom aðeins til einnar umr. og sofnaði í n. Þessi hv. þm. er enn 1. flm. að því frv., sem hér er til umr., og hefur fengið tvo aðra í lið með sér, enda vilja þeir nú, að bjórinn verði 4½% að styrkleika. Þá er og gert ráð fyrir því í þessu frv., að öl það, sem selt kynni að verða innanlands, lúti sömu lögum um meðferð og sölu og annað áfengi. Þessi ákvæði voru ekki í frv. frá 1960, en gert ráð fyrir því, að sett yrði um það ákvæði í reglugerð.

Ég er á móti þessu frv. og ég óttast afleiðingar þess, ef það skyldi verða að lögum. Mér hefur aldrei skilizt, hvað fyrir mönnum vakir með flutningi slíkra frv., og þau rök, sem fram hafa komið, eru að mínum dómi ákaflega hæpin og haldlítil. Það er hins vegar fjarri mér að ætla það, að hv. flm. gangi nokkuð misjafnt til. Þeir líta sínum augum á þetta mál, en eins og alkunnugt er, er þetta mjög viðkvæmt og skoðanir manna ákaflega skiptar.

Í grg. frv. er talað um, að það þurfi að koma samræmi á áfengislöggjöfina í landinu. Ósamræmið er fólgið í því að dómi flm., að ríkið selur og annast dreifingu á sterkum drykkjum, en sala áfengs öls er bönnuð.

Sívaxandi áfengisneyzla þjóðarinnar er áhyggjuefni allra hugsandi manna og kvenna. Þetta er einnig vaxandi vandamál með flestum eða öllum vestrænum þjóðum og ekki sízt með frændþjóðum okkar á Norðurlöndum. Það, sem mestum ugg veldur, er hin ört vaxandi drykkja unglinga og kvenna. Fyrir 20 árum var tala drykkjusjúkra kvenna í Danmörku 1 á móti hverjum 25 karlmönnum, en núna nálgast það, að 10. hver drykkjusjúklingur þar sé kona. Vaxandi fjárráð unglinga á síðari árum samfara miklu frelsi og auknum frístundum er m. a. orsök þess, að drykkjuskapur þeirra vex geigvænlega ár frá ári í nágrannalöndum okkar. Þetta fyrirbæri þekkjum við líka vel hér heima. Það má í því sambandi minna á Þjórsárdalsævintýri, Þórsmerkurævintýri og Hreðavatnsævintýri o. s. frv., o. s. frv. Nú segja formælendur áfenga ölsins, að það muni allt verða skaplegra og skikkanlegra, ef unglingarnir geti fengið að kaupa meðalsterkt öl í staðinn fyrir að hella í sig rótsterku brennivíni, sem þeir kaupa auk þess með uppsprengdu verði yfirleitt á svörtum markaði. En ef menn vilja leita eftir reynslu annarra þjóða í þessum efnum. er hún allt önnur og ekki glæsileg né uppörvandi. (BP: Hvers vegna leyfa allar þjóðir bjór?) Meðal öldrykkjuþjóðanna er drykkjuskapur ungmenna sízt minni en hjá okkur, og ástandið fer þar síversnandi. Við vitum, að glæpir ungs fólks hafa margfaldazt frá stríðslokum og alls konar afbrotum fjölgar ár frá ári. Unglingarnir fara jafnvel um í stórhópum, valda viljandi umferðartruflunum, meiðingum á fólki og eyðileggingu á verðmætum. Ég veit, að það er alkunna, að þetta hefur hvað eftir annað gerzt í bjórlöndum eins og Svíþjóð og Englandi, og í fyrrasumar var ég staddur úti í Osló. Þá kom það fyrir á laugardagskvöldi, að mörg hundruð unglingar, meira og minna drukknir af bjór, efndu til svo mikils uppþots í miðborginni, að götulögreglan réð ekki við neitt og varð að fá ríðandi lögreglu til þess að skakka leikinn. Þetta hafði ekki komið fyrir þar áður. Sem betur fer er ástandið ekki svona slæmt hjá okkur, en það er þó ærið íhugunarefni. Ég skyldi glaður greiða atkv. með þessu frv., ef ég ætti það víst, að áfengur bjór gæti orðið íslenzkum æskulýð til góðs og forðað honum frá því að drekka frá sér heilsu sína, vit og fjármuni. En eins og ég gat um áðan, er reynsla annarra þjóða ekki á þann veg, að hún gefi góðar vonir, heldur þvert á móti.

Ef frv. þetta verður að lögum, skal áfengt öl, sem selt er innanlands, lúta sömu lögum um meðferð og annað áfengi. Eftir því hefur hv. flm. ekki þótt ráðlegt, að sala þess yrði leyfð eins og sala mjólkur eða gosdrykkja. Nú eru á öllu landinu 7 áfengissölur, 3 hér í Reykjavík, 1 á Akureyri, 1 á Ísafirði, 1 á Seyðisfirði og 1 á Siglufirði. Trauðla getur mönnum dottið í hug sú fjarstæða, að svo fáir útsölustaðir mundu nægja fyrir ölið. Ég er sannfærður um það, að hver kaupstaður og margir minni bæir að auki mundu krefjast þess að fá sinn útsölustað. Öll veitingahús í Reykjavík og allt í kringum landið mundu einnig krefjast þess innan mjög skamms tíma að fá að hafa sterka ölið á boðstólum, og um leið erum við búnir að fá ölkrárnar, þessa skemmtilegu staði, sem eru á hverju götuhorni í bæjum og borgum erlendis, og þann menningarauka, sem þeim stöðum fylgir. Bjórþamb á vinnustöðum er víða mikið vandamál erlendis. Hefur sums staðar orðið að grípa til svo róttækra ráðstafana að loka menn inni í verksmiðjum og á vinnustöðvum og hleypa þeim ekki út, fyrr en vinnu er lokið, vegna þess, hversu þeir sækja í

bjórkrárnar. Áfenga ölið mundi án efa fljótlega smeygja sér inn á vinnustaðina hér sem annars staðar og stuðla að minnkandi afköstum og aukinni slysahættu. Öryggisleysið í umferðinni er nógu mikið hjá okkur eins og er, þótt ekki verði á það bætt, en ég er hræddur um, að menn mundu ekki gá eins að sér eftir að hafa drukkið 1—2 ölglös. Það mundi sjálfsagt henda fleiri menn að setjast undir bílstýri eftir það heldur en þó að hafa drukkið eitthvað, sem sterkara er.

Skoðun mín er sú, að verði bruggun og sala áfengs öls leyfð hér á landi, komi það fram sem viðbótaráfengisneyzla hjá mörgum, en verði ekki til þess að draga úr neyzlu sterkra drykkja. Ölþamb verður hér daglegur vani fjölmargra, eins og alls staðar, þar sem bjórsala er, og þungur skattur á mörgum fjölskyldum, ekkert síður þeim efnaminni en þeim, sem betri hafa ástæðurnar.

Samkv. skýrslum Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins drukku Íslendingar árið 1965 rúmlega 2 alkóhóllítra á mann á ári. Nú er það vitanlegt, að áfengisneyzlan er allmiklu meiri en þetta. Alltaf er einhverju smyglað. Það kemur með leyfi tollyfirvalda nokkurt magn með skipum og flugvélum, og ferðamenn, sem koma frá útlöndum, fá að hafa með sér lítinn skammt. Aftur á móti kemur svo það, sem erlendir ferðamenn drekka hér. En til samanburðar drekka Danir nú orðið 5 alkóhóllítra á mann á ári. Þetta eru um það bil 13 flöskur af brennivíni á hvert einasta mannsbarn, ungbarnið í vöggunni og gamalmennið í kör þar með talið. Þetta þætti okkur mikil drykkja hér, en Danir hafa líka orðið metið yfir öll Norðurlöndin og komnir upp fyrir Svía, sem lengi voru drýgstir. En allt að 75% af þessari áfengisneyzlu er bjór. Ýmsir málsmetandi menn í Danmörku hafa tekið sér penna í hönd og ritað um þessi mál, og þeir eru mjög uggandi yfir þessari þróun. Svíar drekka kringum 4.25 l. á mann og Norðmenn 2.65 og Finnar 2.21. Áfengisneyzla allra þessara þjóða hefur farið sívaxandi frá stríðslokum, og í Danmörku er talið, að árlega komi 25 þús. manns til meðhöndlunar á sjúkrahúsum vegna drykkjusýki.

Það er enginn, sem mælir því gegn, að áfengisvandamálið er eitt af mestu vandamálum þjóðarinnar. Og það vandamál verður ekki leyst með því að veita áfengum bjór yfir þjóðina. Það verður ekki heldur leyst með aðflutningsbanni. Ég er þess fullviss, að sterkt almenningsálit og stöðug og mikil uppfræðsla barna og unglinga í skólum landsins um skaðsemi áfengis er það eina, sem getur komið að verulegu haldi. Í 31. gr. áfengislaga frá 1954 segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í öllum skólum, er opinbers styrks njóta, skal fara fram fræðsla um áhrif áfengisnautnar. Sérstaklega skal leggja áherzlu á að upplýsa, hvaða áhrif ofnautn áfengis hefur á líkama mannsins, vinnuþrek, siðferðisþroska hans og sálarlíf, á heimili manna, umgengnisvenjur og almenna siðfágun, á fjárhag einstaklinga og þjóðarinnar, á öryggi í vandasömu starfi og atvinnu manna almennt. Enn fremur skal veita fræðslu um það, hver sé öruggasta leiðin til að forðast ofnautn áfengis. Fræðslumálastjórninni skal skylt að sjá svo um, að skólarnir eigi þess jafnan kost að fá hentugar kennslubækur og kennslukvikmyndir til fræðslu um áhrif áfengisnautnar, eftir því sem við á á hverju skólastigi.“

Ég vildi spyrja, hvernig þessum lögum hafi verið framfylgt. Mér er ekki kunnugt um, að það sé til ein einasta kennslubók um þetta, sem sé notuð í skólum landsins, og ég hygg, að fræðsla um þessi mál sé ákaflega lítil. Mér er nær að halda, að sú fræðsla, sem kveðið er á um í þessari lagagrein að börn og unglingar í skólum landsins skuli fá, væri, ef henni væri framfylgt, hollari fyrir unglinga heldur en það, þó að hv. Alþ. færi að samþykkja frv. það, sem hér liggur fyrir. Og ég held, að það hljóti að verða krafa foreldra, sem börn eiga í skólum, að umræddri lagagrein verði betur framfylgt í framtíðinni en hingað til.

Ég vil endurtaka það, að ég er á móti frv., og vil leggja til, að hv. Alþ. sjái sóma sinn í að fella það nú, eins og það hefur fellt svipað frv., sem áður hafa komið hér fram.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og hér hefur verið vikið að, hefur frv. um sama efni og það, sem hér liggur nú fyrir til umr., nokkrum sinnum áður verið flutt á Alþ., en slík frv. hafa jafnan fengið heldur daufar undirtektir meðal alþm. Ég veitti því athygli, að þegar þetta frv. kom nú fyrir, urðu litlar umr. um það við 1. umr. málsins. Margir þeirra hér í hv. þd., sem eru andvígir frv., töldu það ekki taka því að hefja hér miklar umr. um málið við 1. umr. þess, því að allar líkur bentu til þess, að það gæti farið eins um málið að þessu sinni og áður, að það færi til n. og kæmi þaðan ekki aftur.

En nú bregður svo við, að meiri hl. þeirrar n., sem hefur haft málið til athugunar, leggur til, að þetta frv. nái fram að ganga. Það hlýtur því auðvitað að fara svo, að þegar þetta nál. liggur fyrir og málið er nú komið hér til 2. umr., verði talsvert miklar umr. um þetta mál. Hjá því getur varla farið. Að vísu veitti ég því athygli, að frsm. meiri hl., 1. flm. frv., vildi vera mjög fáorður að þessu sinni um málið, sagði hér nokkur orð og skauzt úr ræðustólnum, taldi sýnilega ekki, að það mundi styrkja hans málstað mikið að rökstyðja frekar en gert er í grg. frv., hvaða gildi væri fólgið í því, að þetta frv. næði að verða að lögum.

Það hefur ekki farið á milli mála á Alþ. á undanförnum árum, þegar þessi mál hefur borið á góma, að ég hef verið andvígur því að leyfa hér bruggun og sölu á sterku öli, og ég býst því við, að það komi fáum á óvart, að ég er einnig á móti þessu frv. En ég fór að kynna mér nokkru nánar, hvaða ný rök væru nú flutt fram hjá þeim, sem flytja málið að þessu sinni, hverju þeir vildu tefla fram í þetta skiptið sem röksemdum fyrir því, að nú væri kominn tími til þess að heimila hér sölu og bruggun á sterku öli. Í grg. frv., sem ekki er mjög löng, gat ég aðeins fundið tvennt, sem fært var fram til stuðnings málinu. Í fyrsta lagi er á það bent, að það gæti mikils ósamræmis í gildandi áfengislögum þjóðarinnar, og það er alveg greinilegt, að þeir vilja bæta úr þessu ósamræmi og koma nú fullu „systemi í galskapinn“, eins og stundum er sagt, við eig-

um að fá fullkomið kerfi í þess stað, sem fyrir er í þeim efnum. En í sambandi við þetta ósamræmi ásaka flm. þessa frv. einkum bindindismenn fyrir að hafa staðið að því, að slík áfengislög skuli gilda í landinu sem hér gilda nú og þeir ætla að betrumbæta á þennan hátt. Það er rétt eins og flm. viti það ekki mætavel, að þau ákvæði, sem gilda um sölu áfengis í landinu, eru ekki eftir forskriftum frá bindindismönnum í landinu, heldur eru þær reglur, sem þar eru settar, að langsamlega mestu leyti settar í fullri andstöðu við bindindismenn.

Þessi röksemdafærsla um samræmi, aukið samræmi, er ekkert nýtt fyrirbæri í sambandi við okkar áfengisreglur. Það er ekki lengra síðan en á árinu 1954, þá urðu hér allmiklar umr. á Alþ. um áfengislögin, en þá komu hér fram menn, sem töldu, að það þyrfti að auka á samræmi í áfengislögunum, þar væri þannig frá reglum gengið, að heimilað væri aðeins einu veitingahúsi í landinu að selja áfengi, en hins vegar vissu allir, að það viðgengist, að á öðrum veitingahúsum sæjust oft drukknir menn og þar væru menn að drykkju. Og það voru því til menn hér, einnig á Alþ., sem vildu kippa þessu í lag, auka þarna á samræmi, veita miklu fleiri veitingahúsum heimild til að selja áfengi en aðeins einu húsi, og á þann hátt átti að skapa hér meira samræmi í áfengislöggjöfinni. Og því var þá haldið fram, að með því að heimila mörgum veitingahúsum sölu á áfengi gætu menn á auðveldan hátt keypt sér tiltölulega litla skammta af áfengi, nokkur staup. Það væri vitanlega sjálfsagt að heimila slíkt, í stað þess á óbeinan eða beinan hátt að knýja menn til þess að kaupa heilar flöskur og koma með þær á óviðfelldinn og ólöglegan hátt inn á samkomustaði og neyta áfengisins þar beint úr flöskunum, en nú væri rétt sem sagt að koma á samræmi í áfengislöggjöfina í þessum efnum og gera þessa heimild miklu víðtækari en áður og heimila nú staupasölu í staðinn fyrir flöskusölu áður. Og allt átti þetta að vera gert til þess að bæta ástandið í áfengismálunum, draga úr óviðfelldnum og ósiðlegum drykkjuskap og koma hér á drykkjuskaparmenningu, svipað og þekkist hjá ýmsum öðrum þjóðum.

Í mínum augum er alveg hið sama á ferðinni nú, þegar hér koma fram menn með till. um sterka ölið. Þeir eru ekki heldur ánægðir nú frekar en áður. Þeim duga ekki reglurnar um það, að nú séu orðin mjög mörg veitingahús í landinu, sem mega selja smærri skammta af áfengi, sem hafa rétt til staupasölunnar. Það hefur sem sagt ekki kippt öllu í lið inn. Nú þarf enn að auka á samræmið. Nú verðum við auðvitað að heimila að brugga sterkt öl og selja sterkt öl, til þess að menn geti einnig fengið það. Það verður að vera hér í öllum hugsanlegum gráðum, ef það á að vera samræmi í löggjöfinni. Að vísu byrja menn þannig á þessum till. nú, að þeir leggja til, að bjórinn verði seldur í landinu með sama hætti og vín og brenndir drykkir eru seldir nú, og segja, að það sé ekki ætlunin að leyfa sölu á sterka bjórnum í almennum veitingahúsum. Auðvitað mundu svo þessir sömu aðilar koma eftir 1—2 ár og segja, að þarna gæti ósamræmis í löggjöfinni, það verði að sjálfsögðu að gera þessa heimild nokkru víðtækari og heimila nú dreifingu á þessum nytjavarningi með meira frjálsræði en gert er ráð fyrir í þessu frv. Um það efast ég ekki neitt, og mér dettur ekki í hug að halda, að flm. frv. séu á þeirri skoðun, að framleiðsla og sala á sterku öli á Íslandi, að dreifing á slíku öli yrði lengi í því formi, sem þeir vilja marka í þessu frv. Mönnum hefur eflaust þótt það nokkuð örðugt að leita til Áfengisverzlunarinnar og kaupa þar nokkrar flöskur af sterku víni. En hvað mundu menn segja um það að renna hér í bænum allir á einn stað í borginni, til Áfengisverzlunarinnar, til þess að kaupa sér bjórflösku? Ætli mönnum mundi þá duga minna en svona einn kassi a. m. k. eða jafnvel nokkrir kassar, eða ætti straumurinn á þennan eina stað að standa með vörubíla, þar sem hver kæmi með sinn vörubíl til þess að kaupa sér sína ölkassa? Mér er nær að halda, að þeir, sem sækjast eftir bjórnum, mundu ekki koma þar og sækja eina og eina flösku, jafnvel þótt þeir láti sér það nú nægja að sækja þangað eina flösku af því, sem sterkara er (Gripið fram í.) Ég held, að það sé enginn vafi á því, að ætlunin sé, þegar búið er að heimila bruggun og sölu á sterka bjórnum, að fá eitthvað svipaða dreifingu á sterka bjórnum og nú á sér stað með veikari bjórinn. Á því mun lítill vafi vera.

Þetta var fyrra atriðið, og á ég kannske eftir að koma að því nokkru nánar, um þetta, sem þeir ætluðu sér að vinna, flm. þessa frv., með því að gera þetta frv. að l., en það var að auka á samræmi í okkar áfengislöggjöf. En hvað er svo hitt atriðið, sem þeir færa fram máli sínu til stuðnings? Jú, að því er vikið í grg., að það þurfi að koma fram úrbótum í áfengismálum þjóðarinnar. Og það er ekki hægt að skilja það á annan hátt en þann, að það að heimila bruggun og sölu á sterku öli eigi að þjóna þessu markmiði, að það eigi með því að takast að koma fram úrbótum í áfengismálum þjóðarinnar. Þó að ég hafi ekki heyrt það skýrlega í málflutningi þeirra, sem að þessu frv. standa, býst ég samt við því, að þeir menn muni viðurkenna, að drykkjuskapurinn í landinu er félagslegt vandamál, að þar er við allmikið og erfitt vandamál að glíma. Ég býst við því, að flm. þessa frv. viðurkenni, að það beri af hálfu löggjafans að reyna að minnka þetta vandamál, draga úr hættum þeim og tjóni því, sem fylgir miklum drykkjuskap. Ég á ekki von á því, að flm. frv. séu svo forhertir, að þeir haldi því beinlínis fram, að mikill drykkjuskapur sé þjóðinni til gagns eða bóta. En þeir menn, sem viðurkenna það, að við eigum þarna við vandamál að glíma, ættu þá að fást til þess að hugleiða það, hvaða ráð séu helzt tiltæk til þess að draga úr þeim hættum, sem fylgja í kjölfar drykkjuskapar.

Það var sagt hér fyrr í þessum umr., að það væru uppi í aðalatriðum þrjú meginsjónarmið um það, hvernig ætti að bregðast við drykkjuskaparvandamálinu. Í fyrsta lagi væri um það sjónarmið að ræða að banna með öllu sölu á áfengum drykkjum og nokkrir menn í landinu beinlínis væru á þessari skoðun, að þetta væri heilladrýgst. Í öðru lagi var hér sagt, að uppi væru þau sjónarmið, að bezta ráðið í þessum efnum

væri algert frelsi, það væri að afnema allar hömlur og heimila á sem frjálslegastan hátt sölu og meðferð alls áfengis. Og í þriðja lagi væri svo það, sem hv. 4. þm. Sunnl. sagði hér, sú leið að reyna að fara þarna nokkuð bil beggja, fara nokkra millileið, banna ekki sölu á áfengum drykkjum að fullu og öllu, en hafa þó í gildi allmiklar hömlur. Það fer auðvitað ekkert á milli mála, að sú leið, sem valin hefur verið hér á landi og hefur verið farin nú um skeið, er einmitt þessi, sem ég nefndi síðast. Það er sú leiðin, sem hefur farið hér nokkuð bil beggja. Við höfum reynt að styðjast við það sjónarmiðið að reyna að draga úr drykkjuskaparvandamálinu með því að hefta útbreiðslu á áfengi eða draga úr því, að neyzla þess yrði mjög mikil. Þessar hömlur hafa auðvitað komið að misjafnlegu gagni, það skal fúslega viðurkennt, en hver vill neita því, að t. d. þær reglur að hafa aðeins 7 útsölustaði áfengis í landinu hafi dregið nokkuð úr því, að áfengis væri neytt á ýmsum þeim stöðum, þar sem áfengisútsölur hafa ekki verið eða þar sem hefur verið langt til áfengisútsölu? Mér er t. d. ofarlega í huga að benda á það atriði, sem er alþekkt í sambandi við útgerðarrekstur, að það þykir oft vilja brenna við, að sjómenn, sem hafa verið lengi úti á hafi, vildu sækja í vín, þegar þeir koma til lands og hafa ekki átt kost á því að drekka vín í alllangan tíma. Og þegar veiðikapp er í mönnum er það ofurskiljanlegt, að skipstjóri eða sá, sem ræður þar yfir skipi, er ekki alls kostar ánægður með það að missa verulegan hluta kannske eða talsverðan hluta af skipshöfn sinni í einhverja drykkjuskaparóreiðu, eins og því miður vill henda í sumum tilfellum. Það er alþekkt fyrirbæri og viðurkennt jafnt af bindindissinnuðum mönnum sem hinum, að í slíkum tilfellum forðast beinlínis skipstjórar að leita inn á þær hafnir, þar sem áfengisútsala er fyrir, og leita fremur til annarra staða, þar sem ekki er um áfengissölu að ræða, beinlínis til þess að komast hjá þeim vanda eða þeirri hættu, sem því fylgir eða vill fylgja að vera þar, sem auðveldast er að ná í vinið. Ég veit það, að það er vitanlega hægt að benda á, að það sé hægt eftir öðrum leiðum að koma víni einnig til þeirra staða, þar sem ekki eru áfengisútsölur. Það er rétt, slíkt á sér vitanlega stað. En eigi að síður stendur hitt eftir óhaggað, að það er miklu erfiðara að ná í vinið á þeim stöðum, þar sem ekki er um útsölu að ræða, og þessar hömlur verða því til þess að draga nokkuð úr sölu á áfengi og neyzlu áfengis. Það er auðvitað ekki heldur vafi á því, að meðan þær reglur voru í lögum hjá okkur, að aðeins eitt veitingahús í landinu hafði heimild til þess að selja áfengi, verkaði það þannig, að það torveldaði allmikið um áfengisneyzlu á ýmsum öðrum stöðum. Þegar það var knúið hér í gegn að heimila mörgum veitingastöðum sölu áfengis, varð það vitanlega í framkvæmdinni til þess að greiða mönnum aðgang að áfenginu. Það kom alveg ljóslega strax fram, og sannaðist þar það, sem við höfum haldið hér fram, sem stóðum á móti því, að slík heimild yrði aukin frá því, sem áður var.

Nei, í þessum efnum er spurningin um það: Vilja menn yfirleitt hafa hér einhverjar hömlur á, og hversu miklar eiga þær hömlur að vera? Vilja menn spyrna hér fótum gegn ákveðinni hættu eða ætla menn að gefast upp fyrir hættunni, og halda þeir jafnvel, að bezta ráðið sé að afnema allar hömlur eða sem mest af hömlunum og segja jafnt við unga sem gamla: Ja, þið verðið bara að læra sjálfir að umgangast hættuna, — og láta það nægja? Ég veit, að það er afskaplega fallegt áferðar og fallegt að heyra það sagt, að menn séu með viðtæku og miklu frelsi, þeir vilji ekki vera að banna mönnum þetta eða banna mönnum hitt. Menn eigi að fá að ráða því sjálfir, hvernig þeir hagi sér og hvernig þeir umgangast þetta eða hitt. Og þeir, sem vilja setja hér einhverjar skorður gegn, eru taldir miklir haftamenn, bannstefnumenn, og vilja leggja fjötra á frelsi manna. En auðvitað eru allar kenningar sem þetta hin argasta fjarstæða. Hvað erum við alþm. að gera í öllum aðalatriðum? Erum við ekki í flestum greinum að setja hér lög og reglur og ákvæði, sem banna tiltekna hluti og leyfa aðra? Hvernig er hægt að hugsa sér að búa í fjölbýlisþjóðfélagi, þar sem mikið fjölmenni býr saman á tiltölulega litlu svæði, án þess að hafa í gildi margvísleg lög og reglur um bönn eða þar sem reistar eru skorður gegn ýmsu því, sem talið er á einn eða annan hátt óæskilegt, óheppilegt eða hættulegt? Eru þessir menn, boðberar hins takmarkalausa frelsis, eru þeir með því, að allar hömlur séu afnumdar í sambandi við sölu á ýmsum eiturlyfjum, sem nú er bannað að selja í okkar landi? Mundu menn telja það mikinn ávinning, að t. d. allar lyfjaverzlanir hér í höfuðborginni eða jafnvel allar verzlanir mættu selja alveg viðstöðulaust ýmsan þann varning, sem við vitum að er meira og minna hættulegur? Ég held, að enginn maður geti haldið slíku fram í alvöru, að það væri rétt að hverfa að því ráði að afnema öll slík bönn og slíkar hömlur, sem nú eru í gildi. Eins er vitanlega með áfengið. Ef menn eru á þeirri skoðun, að áfengi sé hættulegt og að það sé sérstaklega hættulegt uppvaxandi kynslóð, æskunni í landinu, verður ekki komizt hjá því að hafa þar um einhverjar reglur, sem miði að því að koma í veg fyrir það, að æskan leggi sér þetta til munns. Þær hömlur, sem nú eru í lögum í sambandi við sölu og dreifingu á áfengum drykkjum, eru að mínum dómi ófullnægjandi og þyrftu að vera miklu viðtækari en þær eru nú, og sérstaklega væri þó nauðsynlegt að sjá betur um framkvæmd á ýmsum þeim ákvæðum, sem eru þó til í lögum.

Hér var fyrr í þessum umr. minnzt á atvik eins og það, sem á sínum tíma var kallað hér Þórsmerkurævintýri. Slík vandamál, sem oft hafa komið hér upp og voru gerð á sínum tíma að umtalsefni talsvert hér á Alþ., vekja mann auðvitað nokkuð til umhugsunar um það, hvernig er haldið á þeim reglum, sem þó eru lögbundnar í sambandi við hömlur á sölu eða afhendingu áfengis, þegar lögreglan í landinu stendur skyndilega frammi fyrir því, að mörg hundruð unglingar á 15—16—17 ára aldri eru útúrdrukkin og valda spjöllum eða vandræðum. (BP: En þau drukku bara ekki bjór.) Nei, en ekki hefði það

verið miklu betra, þó að þau hefðu hagað sér eins og þau gerðu og hefðu drukkið bjór ásamt víninu, sem þau hefðu eflaust gert í því tilfelli, ef þessi hv. þm. hefði verið búinn að koma því á, að sterki bjórinn hefði verið til reiðu líka. En það, sem vitanlega hlaut að koma upp í sambandi við þetta vandamál, var, að menn spurðu um, hvernig stóð á því, að þetta unga fólk hafði getað komizt yfir áfengi í jafnríkum mæli og þarna átti sér stað, því að það er þó í lögum með öllu bannað ekki aðeins að selja, heldur og að afhenda ungu fólki á þessum aldri áfengi. Nú fer það ekkert á milli mála, að áfengi hafði þetta unga fólk komizt yfir og það á eftirminnilegan hátt. En hvað var gert mikið að því að rannsaka það, hverjir hefðu selt þessu unga fólki áfengið og þar með brotið lög eða afhent því áfengi á einn eða annan hátt og þar með brotið lög? Fóru fram einhverjar rannsóknir á því, hvaðan þetta áfengi var komið? Nei, það fóru ekki fram miklar rannsóknir í þeim efnum. Þannig er það, að það hefur verið haldið allt of linlega á því hjá okkur að virða þær hömlureglur, sem hér hafa átt að vera í gildi og hafa þar af leiðandi ekki náð þeim árangri, sem þær áttu að ná.

Ég býst við því, að flm. þessa frv. viðurkenni, að það sé ekki vilji þeirra að gera ráðstafanir til þess, að unglingar á mótunarskeiði gerist drykkjumenn eða leggi sig meira eftir því að neyta áfengis en verið hefur a. m. k. Ég býst ekki við því, að það sé tilgangur þeirra manna, sem standa að þessu frv., að auka á hætturnar, sem í þessum efnum steðja að unga fólkinu. En getur það verið, að þeir hafi ekki gert sér grein fyrir því, hvað af framleiðslu og sölu á áfengum bjór muni leiða einmitt fyrir unga fólkið, ef við víkjum nokkuð frá þessu einstrengingslega ákvæði, sem að vísu er sett fram í frv., um það, að áfengi bjórinn skuli aðeins seldur í áfengisútsölum ríkisins, sem allir sjá nú þegar í byrjun, að fær ekki staðizt? Verði bjórinn framleiddur og heimilaður til sölu, þá verður sala hans ekki á þeim stöðum, nema þá aðeins í heildsölu. Bjórinn hlýtur vitanlega, eftir að hann hefur verið heimilaður á annað borð, að verða seldur almennt á veitingahúsum, á því getur enginn vafi leikið. En þá vildi ég spyrja flm. frv.: Hafa þeir ekki gert sér grein fyrir því, hvað mundi gerast hér á almennum veitingastöðum í borginni, eftir að þar væri komið á boðstóla sterkt öl? Ég býst við því, að flm. frv. hafi komið t. d. á kvöldin á ýmsa veitingastaði hér í miðbænum og þeir hafi þá veitt því athygli, hvað mikið af kornungu fólki, 14—15—16 ára og jafnvel yngra fólki, er hér á veitingahúsunum með allrífleg fjárráð. Þetta fólk kaupir sér nú kaffi eða gosdrykki eða annað þess háttar eða veika ölið. En getur nokkur maður litið fram hjá því að sjá, að auðvitað mundi mikill hluti af þessu unga fólki slæðast í það að drekka sterka bjórinn, sem þarna væri á boðstólum? Og þá erum við komin að því, að veruleg hætta er á því, að unglingar á 15—16 ára aldursskeiði færu að stiga sín fyrstu skref í þá átt að neyta áfengis með því að drekka sterkan bjór og finna sín fyrstu áfengisáhrif einmitt á þann hátt og lenda kannske í sína fyrstu erfiðleika og vandræði þar út frá.

Ég hef nokkuð ferðazt um erlendis, og það verð ég að segja, að það, sem mér hefur fundizt einna mestur munur í sambandi við þessi mál á ástandinu hér víða í löndum í kringum okkur og aftur hér á Íslandi, er einmitt hvað unglingarnir á Íslandi virðast aldir upp við miklu, miklu meira frjálsræði, ef maður vill nota það orð, í sambandi við fjárráð og í sambandi við það að stunda veitingastaði og annað þess háttar. Ég hef ekki orðið var við, að unglingar á 14 og 15 ára aldursskeiði væru jafnyfirgnæfandi á veitingastöðum, þar sem ég hef komið erlendis, eins og þeir eru á flestum veitingastöðum hér í borginni. Hér held ég, að sé ekki mikið um það, að unglingar, sem eru t. d. á 14—15 ára aldursskeiði, séu að fá leyfi foreldra sinna fyrir því, hvort þeir fari inn á veitingastað í bænum eða ekki. Ég efast auðvitað ekkert um, að það eru eflaust mörg dæmi um það einnig hér í löndum í kringum okkur, að unglingar sæki þar veitingastaði, en ég held, að í þessum efnum séu öll bönd miklu lausari hér. Ég held því, að hættan hjá okkur yrði miklum mun meiri í þessum efnum en er hér í nálægum löndum. Ég held, að einmitt hættan fyrir unga fólkið mundi verða margföld hér.

Mér er ljóst, að meðmælendur aukinnar áfengisútsölu og þess að draga úr ýmsum gildandi hömlum í sambandi við sölu á áfengi virðast nú sækja fast á með að brjóta niður yfirleitt þær hömlur, sem í gildi hafa verið í áfengismálum okkar. Það er greinilegt, að þeir aðilar, sem á þeirri skoðun eru, sækja nú á. Ég tel, að hér sé um vaxandi hættu að ræða. Það er eflaust tíðarandinn nú, sem gerir það að verkum, að menn gangast meir nú en stundum áður fyrir því, að það sé rétt að hafa alla hluti sem frjálsasta og sem minnst af hömlum. Það þótti fyrir nokkru sjálfsagt að hafa lagaákvæði um það að banna með öllu brask með íbúðarhúsnæði og að heimila mönnum að reyna að græða sérstaklega á húsnæðisneyð fólks. Slík ákvæði voru afnumin hér einmitt undir þessu kjörorði, að allt átti að vera sem frjálsast og fríast, hér áttu ekki að verða neinar hömlur á frelsi manna. Margt fleira hefur sótt hér á í þessum efnum, og mér finnst, að ég finni það greinilega, að meðmælendur sterka bjórsins og aukinnar víndrykkju eru að reyna að notfæra sér þetta ástand, og því sækja þeir fastar á nú, einmitt undir þessu yfirskini, að þeir séu að auka á frjálsræði manna, draga úr bönnum og höftum, þó að þeir hafi auðvitað gert sér fulla grein fyrir því, að það er engin leið að stjórna þjóðfélaginu, án þess að í gildi verði að vera margvísleg bönn og margvísleg höft í sambandi við gerðir manna. En vitanlega eiga þessar hömlur og þessi bönn að miðast við það, að það sé verið að reyna að koma í veg fyrir þann hlut, sem er dæmdur að vera skaðlegur, hættulegur eða órétt-mætur. En það versta í þessum efnum er, að þeir, sem vilja ryðja úr vegi þeim takmörkuðu hömlum, sem enn þá eru þó í gildi í sambandi við útbreiðslu á áfengi, sigla þarna undir fölsku flaggi, því að þeir viðurkenna í upphafi, að þeir

séu á móti aukinni áfengisneyzlu, þeir viðurkenna skaðsemi áfengisins og reyna að láta að því liggja, að þeirra aðgerðir eigi að miða í þá átt að koma betra skipulagi á í þessum efnum.

Hér hefur komið fram till. um það, að efnt verði til þjóðaratkvgr. um þetta mál, og á það hefur verið bent í því sambandi, að áður hafi farið fram þjóðaratkvgr. um áfengismálin. Ég skal fyrir mitt leyti segja það, að ekki vil ég skorast undan því út af fyrir sig, að þjóðin öll fái að takast á við þetta vandamál, og ég held, að að sumu leyti hefði þjóðin mjög gott af því að fá að hugleiða vandamálið allmiklu meir og betur en meiri hl. hennar hefur gert nú um skeið. Það má vel vera, að svo illa færi, að þjóðin kallaði yfir sig sterka ölið með samþykki sínu og hún fengi að þola fyrir það á næstu árum þar á eftir, það má vel vera. Vitanlega verður meiri hl. landsmanna þar að ráða. En á það vil ég benda í sambandi við till. um þjóðaratkv., að mér sýnist mjög óeðlilegt að efna til þjóðaratkvæðis aðeins um þetta sérstaka atriði þessa stóra máls, sem hér er um að ræða. Mér hefði fundizt það ósköp svipað því og efnt hefði verið til þjóðaratkv. um það, hvort 10—12 veitingahús til viðbótar við Hótel Borg hefðu átt að fá heimild til þess að selja vín, sem hér var samþ. fyrir nokkrum árum. Ég álít, að þjóðaratkvgr. um slíkan einstakan þátt þessa stóra vandamáls sé út af fyrir sig óeðlileg og málinu sé þar með ranglega stillt upp. Ég held líka, að það væri miklu eðlilegra, að þjóðin fengi að greiða sitt atkv. eða segja sitt álit í ýmsum þeim málum öðrum. sem stærri verða að teljast en þessi þáttur þessa alvarlega máls að vísu. En mér er nær að halda það, að þeir, sem standa nú að flutningi þessa frv. og ætla að mæla með því, að það verði efnt til þjóðaratkvgr. um gildistöku frv., að þeir sömu menn vilji ekki leyfa þjóðinni að segja sitt álit í ýmsum málum, sem eru enn þá stærri og örlagaríkari en þetta. En á það mun væntanlega reyna nú næstu daga, hvort þeir vilja leyfa þjóðinni að greiða atkv. eða segja sitt álit varðandi þau mál.

Það er ýmsu haldið fram í sambandi við þetta svonefnda ölmál. Eitt er það, að það sé rétt að leyfa bruggun og sölu á sterku öli í landinu, til þess m. a. að koma í veg fyrir það smygl, sem nú á sér stað í landinu með innflutningi og sölu á sterkum bjór. Jú, það hefur gjarnan verið þannig, að það er auðvitað hægt að komast hjá því, að lög séu brotin, með því bara að fella lögin úr gildi. Það þyrftu auðvitað ekki að verða margir sekir að lögum sem þjófar í landinu, ef maður bara afnæmi öll ákvæði um það, að menn mættu ekki rupla hver frá öðrum, og sem sagt allur slíkur þjófnaður væri gerður löglegur. Þá þyrftu menn auðvitað ekki að stríða við það vandamál.

Það er vitanlega alveg furðuleg kenning að færa það fram sem rökstuðning fyrir máli eins og þessu, að til þess að koma í veg fyrir smygl eða innflutning með ólöglegum hætti á áfengu öli, sem vissulega á sér stað að einhverju leyti nú, sé rétt að heimila bruggun á sterku öli og tiltölulega greiða sölu á því í landinu. Reynsla okkar í þessum efnum hefur kennt okkur það, að allt undanhald frá þeim hömlum, sem í gildi hafa verið, er til hins verra. Það reyndist ekki rétt, sem sagt var á sínum tíma, að innflutningur á léttu vínunum yrði til verulegra bóta í áfengismálum þjóðarinnar, með því mundi drykkjuskapurinn gerbreytast frá því, sem áður var, og hér mundu fáir sjást fullir, eftir að léttu vínin yrðu leyfð. Reynslan varð allt önnur. Léttu vínin gerðu miklu fremur að auka á drykkjuskapinn og útbreiða drykkjuskapinn, m. a. meðal kvenþjóðarinnar, stórlega, og reynslan hefur líka orðið sú, að aukin aðstaða til staupasölu í veitingastöðum í landinu hefur líka orðið til þess að auka á sölu áfengra drykkja í landinu og útbreiða drykkjuskaparhætti með þjóðinni, og eins mundi fara með sterka ölið. Ég efast ekki um það, að ef látið verður undan kröfum manna um það að heimila hér bruggun og sölu á sterku öli, verður það vitanlega til þess að stórauka drykkjuskapinn í landinu.

Ég skal ekki fara langt út í það við þessar umr. að ræða afleiðingarnar fyrir þjóðina sem heild af auknum drykkjuskap. Við vitum það öll mætavel, að þjóðin bíður mikið tjón af þeim drykkjuskap, sem nú á sér stað í landinu. Árlega verða hér fjöldamörg slys, sem rakin eru beint til drykkjuskapar. Árlega tapar þjóðin millj. kr. í töpuðum vinnustundum vegna drykkjuskapar, og í mörgum, mörgum tilfellum er þess beinlínis getið, að menn hafa týnt lífi sínu vegna ofdrykkju. Og hvað kostar drykkjuskapurinn svo opinbera aðila beint í tölum talið, fyrir utan allt þetta, sem erfitt er að reikna út í tölum? Hvað þarf ríkið að leggja fram af beinum fjármunum til þess að sinna þeim, sem hafa gerzt algerir drykkjusjúklingar eða ekki getað sinnt störfum sínum eða staðið undir skyldum sínum vegna drykkjuskapar? Við vitum, að hér er um miklar fjárhæðir að ræða. Og með þetta allt í huga vitanlega ber okkur alþm. skylda til þess að standa hér á verði og reyna að spyrna fótum gegn því, að þetta vandamál verði aukið. Og þá tel ég, að langsamlega mestu máli skipti einmitt að forðast allt það, sem gæti orðið til þess, að unga fólkið í landinu sveigðist frekar en áður til aukinnar áfengisneyzlu, og ég hef lengi litið svo á, að einmitt sterki bjórinn væri hættulegastur í þessum efnum fyrir unga fólkið.

En því miður er það nú svo, að þó að við séum að reka okkur skipti eftir skipti á þessi gífurlegu vandamál, er eins og sumir menn læri ekkert. Ég vék hér aðeins að Þórsmerkurævintýrinu svonefnda og þeim umr., sem hér urðu á Alþ. í sambandi við það. Ég minnist þess í sambandi við það mál, að þá skorti auðvitað ekki á, að hér lýstu allir þeir, sem til máls tóku í sambandi við það mál, yfir því, að þeir teldu, að þarna hefðu gerzt óskyggilegir atburðir og það bæri að reyna að koma í veg fyrir það, að slíkt gæti endurtekið sig. En þrátt fyrir þessar yfirlýsingar komu þó fram hér á Alþ. till. um það, sem beinlínis voru tengdar þessu vandamáli, að það, sem m. a. þyrfti að gera, væri að lækka nokkuð aldursmarkið í lögunum í sambandi við heimildir til þess að afhenda eða selja áfengi, þannig væri það t. d. allt of stíft að miða þetta við 21 árs aldur, það væri sanngjarnt að færa

þetta t. d. niður í 18 ár og heimila nú að selja áfengi til unglinga, sem hefðu náð 18 ára aldri. M. ö. o.: menn ætluðu m. a. að komast út úr þessum vanda, sem þeir játuðu þó að þeir stæðu frammi fyrir, og það yrði að koma í veg fyrir, að hann endurtæki sig, á þann hátt að gera talsverðan hluta af því, sem þarna var að gerast í Þórsmörkinni, löglegt, þeir, sem þar voru fullir og unnu sín vandræðaverk, það hefði þó ekki verið lögbrot að hella ofan í þá áfengi, því að þeir hefðu þó verið búnir að ná þeim aldri, sem ákveðinn hefði verið í lögum.

Það er dapurlegt til þess að hugsa, að menn skuli ekki læra betur af reynslunni en verið hefur í þessum efnum. Ég held hins vegar, að allir þeir, sem í fullri alvöru viðurkenna, að hér sé um mikið félagslegt vandamál að ræða, drykkjuskaparóregluna í landinu, eigi að reyna að leggja sig fram um það að finna, hvaða ráð helzt eru tiltæk til þess að draga úr þessari hættu. Það getur ekki verið, það er alveg óhugsandi, að nokkrum manni komi það til hugar í fullri alvöru, að það muni draga úr drykkjuskap í landinu að heimila bruggun og sölu á sterku öli til viðbótar við það, sem fyrir er. Það er allt of fjarstætt, til þess að það geti átt sér stað, að menn haldi, að þetta sé ráð til þess að draga úr drykkjuskapnum. Miklu nær er auðvitað að halda því fram, sem ég hygg líka að sé miklu nær hinu sanna, að flm. frv. séu á þeirri skoðun, að þeir sjálfir og ýmsir aðrir, sem áfengi hafa með höndum, þetta kæmi sér vel fyrir þá, þeir vildu gjarnan hafa þetta eins og aðrar tegundir og vildu því gera þær breytingar á lögunum, að þeir geti komizt yfir þennan varning ekki síður en yfir sterku drykkina. Slíkt er vitanlega mannlegt, að vilja gera ráðstafanir í þá átt, bæði fyrir sig og ýmsa aðra, sem eitthvað svipað hugsa. En þá verður að gera þá kröfu til þessara manna, sem viðurkenna hættuna, sem viðurkenna það strax í byrjun, að þeir vilji koma í veg fyrir það, að drykkjuskaparvandamálið vaxi í landinu, koma í veg fyrir það, að stærri hluti af unga fólkinu í landinu verði áfenginu að bráð, þá verður vitanlega að gera þá kröfu til þeirra, að þeir gæti að því í sínum till. að reyna ekki að leysa sín eigin vandamál eða persónulegar óskir sínar um það að komast yfir nýja drykkjartegund á þann hátt, að verði til stórskaða fyrir þjóðarheildina og verði m. a. til þess að auka stórlega á það vandamál, sem þeir játa að er fyrir hendi.

Eftir því sem ég heyrði hér við 1. umr. þessa máls frá hendi eins af flm. frv. um ólöglegan innflutning á sterku öli, en hann gaf hér upp beinlínis magn í tölum um gífurlegan innflutning, sem ætti sér stað á sterku öli, sýnist mér, að ástandið í landinu í þessum efnum sé nú þannig, m. a. vegna þess, að þær reglur, sem í lögunum eru, eru ekki virtar, að flm. frv. og aðrir þeir, sem sækjast mjög í hið sterka öl, geti bara unað sínum hag við það, sem er í dag, þeir hljóti að geta komizt á þann hátt yfir það, sem þeim ætti að duga, en reyni nú ekki að gera tilraun til þess að leiða þessa stórauknu hættu yfir þjóðina almennt. Það er sem sagt von mín, að þeir, sem að þessu frv. standa, sjái sig nú um hönd, þeir athugi betur, hvað þeir eru að gera í þessum efnum, og verði nú heldur samkvæmari sjálfum sér en þeir hafa verið til þessa í málflutningi og dragi þá þetta frv. til baka, láti það liggja óafgreitt, þeir hafa þá gert það að þessu sinni fyrir sjálfa sig og nokkra aðra að sýna þetta áhugamál sitt hér í þinginu, en að þeir leggi ekki sérstaka áherzlu á það að reyna að þrýsta málinu hér í gegn, því að það mega þeir vita, að það mun verða mikil andstaða bæði hér á þingi gegn þessu máli og ekki síður utan þings, eins og greinilega hefur komið fram í skrifum til Alþingis.

Ég skal svo ekki á þessu stigi málsins orðlengja þetta frekar, enda er komið alllangt fram yfir venjulegan fundartíma, og mun ég þá ekki frekar að sinni ræða málið.

Umr. frestað.

Á 65. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., 12. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég verð að segja, að það ábyrgðarleysi, sem mér finnst koma fram í þeirri till., sem hér liggur fyrir, hryggir mig. Ég hélt, að flestir hv. þm. hefðu gert sér ljóst, að drykkjuskapur er mikið þjóðfélagslegt böl hjá okkur Íslendingum og hefur verið og hvílíka baráttu þjóðfélagið þarf að heyja gegn þessu böli. Það kann vel að vera, að það séu, og er svo, að það eru margir menn í okkar þjóðfélagi, sem geta notið áfengra drykkja, án þess að af því verði mein. En þeim hinum sömu ber að taka tillit til þess, að fyrir mjög mikinn þorra af þegnum okkar lands er áfengið beinlínis stórhættulegt, og hver sá, sem þekkir, hvað bjórinn er heppilegur til þess að leiða einmitt til drykkjuskapar, þekkir það af reynslu, — fyrir alla slíka hlýtur það að vera höfuðatriði að hindra, að sterki bjórinn sé innleiddur í okkar landi. Það þýðir ekkert að prédika í því sambandi yfir mönnum, að mönnum geti þótt bjórinn góður, það sé skemmtilegt að geta verið saman og drukkið hann. Það verður að taka tillit til hins, að þetta mundi stórbreyta öllu því ástandi, sem er nægilega erfitt nú fyrir.

Það er svo, a. m. k. víðast hvar í okkar þjóðfélagi, að það er tiltölulega lítið um það, að t. d. verkamenn drekki við sína vinnu eða séu undir áhrifum áfengis. Það er engum efa bundið, að strax og bjór væri almennt fáanlegur, leiðir það af sjálfu sér, að hann verður drukkinn m. a. af verkamönnum við vinnu. Reynslan sýnir okkur það hjá þjóðum, sem voru þó vanari bjór en Íslendingar eru, og það þarf ekki að leita lengra en til frændþjóða okkar, eins og Dana, til þess að sjá, hvaða vandræði hafa hlotizt af slíku þar. Og með þeirri áráttu, sem er hjá öllum þorra Íslendinga, þegar þeir hafa einu sinni byrjað á að smakka eitthvað, sem áfengt er, að halda áfram, er alveg gefið mál, að það að byrja á því að leyfa að brugga bjórinn hér til sölu þýðir að auka drykkjuskapinn í landinu.

Við skulum ekki fara í neinar grafgötur um, að þó að til að byrja með ætti að selja bjórinn

einvörðungu frá útsölustöðvum Áfengisverzlunar ríkisins, yrði það náttúrlega ekki lengi. Ef það á í nafni frelsisins að fara að innleiða bjórbruggun og bjórdrykkju í stórum stíl í landinu, verður auðvitað ekki látið við það sitja, að það verði aðeins hægt að kaupa það í heilum kössum hjá áfengisverzluninni, heldur verður farið að selja það eftir nokkur ár, eftir að svona lög væru komin í gegn, í hverri einustu búð. Við skulum alveg gera okkur ljóst, hvaða gáttir við erum að opna, svo framarlega sem farið er út í að breyta þarna um.

Ég held, að það böl, sem fyrir er í þessum efnum hér á Íslandi, sé nógu slæmt, þó að ekki yrðu gerðar beinlínis ráðstafanir til þess að stórauka það, svo að ég tali alls ekki í því sambandi um þá auknu hættu, sem í sambandi við þetta yrði með slysin, með þeirri bílamergð, sem hér er hjá okkur, og með þeirri ógætilegu meðferð, sem yfirleitt er á bílunum, og með því, hve mikil hætta er á, að einmitt sérstaklega unglingar, sem oft og tíðum fara allógætilega með bíla til þess að njóta hraðans án þess að vera undir áhrifum áfengis, hvernig það yrði, þegar byrjað væri á því að drekka sterkan bjór í sambandi við akstur. Ég held, að það séu allt aðrar ráðstafanir en þessar, að leyfa bjórinn, sem við þurfum að gera hér, og fyrst og fremst er það unga fólkið, sem við verðum að hugsa um í þessu sambandi. Núna er það þannig, að af hálfu þess opinbera er beinlínis verið að reyna að gera ráðstafanir til þess að knýja ungt fólk til að drekka áfengi. Sem stendur er það svo, að t. d. á flestum veitingastöðum hér í Reykjavík, þar sem dansað er, þar sem ungt fólk gjarnan mundi koma og þar sem er lögum samkv. bannað að veita þeim áfengi eða annað slíkt, er ekki hægt núna fyrir ungt fólk að koma á aðalveitingastaðina, vegna þess að það fær varla afgreiðslu, þegar það pantar einhverja gosdrykki eða annað slíkt. Gróðahugsunarhátturinn er búinn að gagnsýra þjóðfélagið þannig, að ef ungt fólk sezt hér inn á veitingastaði og ætlar að sitja þar og dansa og ekki neyta víns, er það látið finna, að það séu slæmir gestir. Það þýðir m. ö. o., að það er verið að reyna að knýja unga fólkið til þess helzt sumt af því að brjóta lög, þar sem það er undir 21 árs, og þá hitt fólkið, sem eldra er orðið og má fá vín samkv. lögum, til þess helzt að drekka vínið, ef það á að koma á slíka staði. Það er verið að reyna að gera þá menn útlæga úr vínveitingastöðunum, sem ekki kaupa vín. Og þetta er ástand, sem þjóðfélagið getur ekki verið þekkt fyrir. Menn eru teknir, ef menn eru drukknir, og menn eru dæmdir og annað slíkt, en það opinbera otar raunverulega að þeim áfenginu.

Þetta ástand getur ekki gengið. Það er eðlilegt ástand fyrir unglinga og ungt fólk að vilja fara út og mega dansa og annað slíkt, og ef þjóðfélagið getur ekki séð um, að þetta unga fólk geti farið út og dansað og skemmt sér, án þess að það þurfi endilega að drekka vín, er þjóðfélaginu illan stjórnað. Það að gera allan veitingahúsarekstur að gróðalind fyrir einstaka menn, nær ekki nokkurri átt, svo framarlega sem þetta á að fylgja því, og ég held, að áður en við förum að ræða um að fara að hleypa bjórnum þarna alls staðar inn til þess að gera mönnum þannig auðveldara að drekka, skuli menn fyrst taka fyrir, hvað okkur beri skylda til að gera gagnvart unga fólkinu.

Það hefur verið svo, t. d. hér í Reykjavík, þar sem upp undir helmingur þjóðarinnar býr, að það var reynt að sjá til þess, að í einu einasta húsi í Reykjavík, — og eru nú orðin mörg og fögur samkomuhús hér, þar sem dansað er, — þar var reynt að sjá til þess, að ungt fólk gæti fengið að vera í einu slíku húsi með sæmilegu móti, þannig að það þyrfti ekki að drekka vín þar, heldur gæti fengið gosdrykki, kaffi eða annað og gæti dansað. Og nú gerist það alveg nýlega, að þessu eina húsi er lokað, og það er ákveðið, að þar skuli verða vínveitingaleyfi, þaðan skuli unga fólkið gert útlægt og ef það eigi að komast þangað, skuli það fyrst og fremst verða að drekka vín, ef það á að láta líta á sig sem mann með mönnum þar. Svona getur eitt þjóðfélag ekki hagað sér. Það væri nær að taka áfengið af þessu veitingahúsi og láta ríkið reka það og engan mann græða neitt á því að skapa þá aðstöðu, að enginn hefði hagsmuni af því, að það væri frekar veitt vín heldur en einhver gosdrykkur, og láta þá slag standa um það, hvort slíkt borgar sig eða borgar sig ekki. Það mundi kannske ekki borga sig frá neinu fjárhagslegu sjónarmiði, en það mundi borga sig frá siðferðilegu sjónarmiði, og ef það opinbera, sem rekur hér skóla og reynir í þeim skólum að innræta unglingum, að m. a. skuli þeir varast áfenga drykki, — ef það opinbera getur ekki séð um, að þetta unga fólk geti farið út og skemmt sér eins og það hefur löngun til með því að dansa og annað slíkt, er orðin slík hrópandi mótsögn á milli þeirrar kennslu, sem fram fer, og þess ástands, sem ríkir í þjóðfélaginu ella, að það er algerlega óviðunandi. Ég vil þess vegna leyfa mér að gera þá brtt. við þetta frv., við 1. gr. þess, að 1. gr. orðist á þennan hátt, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 20. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Fjmrh. er heimilt að nota allt að 0.5% af tekjum Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins til þess að tryggja á þann hátt, er hann telur hentugast, að hægt sé að halda uppi góðum skemmtistöðum fyrir unglinga, þar sem eigi væru vínveitingar. Þá er fjmrh. og heimilt að ákveða, að þeir skemmtistaðir, sem hafa vínveitingaleyfi, skuli hafa opið til dansskemmtana fyrir unglinga einu sinni í viku og séu þá eigi vínveitingar, en veitingar seldar á verði, er rn. ákveður.“

Í fyrsta lagi, í staðinn fyrir, að samþ. sé gr., þar sem áfenga bjórnum skuli hleypt inn, skuli fjmrh. heimilað að nota allt að 0.5%, allt að ½% af tekjum Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins til þess að tryggja á þann hátt, er hann telur hentugast, að halda uppi góðum skemmtistöðum fyrir unglinga, þar sem eigi væru vínveitingar. Þetta mundi þýða, að fjmrh. gæti veitt — ég held allt að 2 millj. kr. á ári til þess að koma upp eða sjá um, að haldið væri uppi slíkum skemmtistöðum, og ég býst við, að það væri fyllilega hægt að tryggja slíkt með slíkri fjárupphæð. Víða úti um land eru félagsheimili og aðrir slíkir staðir, þar sem hægt væri að semja

um slíkt gegn nokkrum styrk, og hér í Reykjavík er enginn efi á því, að það væri hægt að komast að samkomulagi við ákveðin veitingahús hér, ef fjármálahliðin væri þarna í lagi, þannig að ég efast ekki um, að þetta gæti fyllilega orðið til þess að tryggja æskunni aðgang að skemmtistöðum, og með því að heimila fjmrh. þetta sérstaklega, veit ég, að hvort tveggja mundi vera haft í huga. Annars vegar veit ég og treysti honum alveg sérstaklega hvað það snertir að hafa áhuga fyrir því að beita þessu ákvæði í því skyni að tryggja unglingum aðgang að skemmtistöðum, án þess að þeir þurfi að drekka vín, og hins vegar mundi hann vafalaust sem fjmrh. sjá um það að verja þessum fjármunum sem skynsamlegast frá ríkisins hálfu. Enn fremur væri honum og heimilt eftir þessari gr. — og það mundi þá sérstaklega koma að gagni hér í Reykjavík — að leggja þá kvöð á þau veitingahús, sem nú hafa fengið vínveitingaleyfi frá því opinbera, að þau skyldu hafa opið eitt kvöld í viku, einn dag í viku, einu sinni í viku, og það skyldi vera þá eins og ella hljóðfærasláttur og það skyldu vera veitingar með slíku verði, þó aðrar en vínveitingar, að fyrir unglinga væri það eðlilegt og mögulegt að koma, og hér eru það margir staðir, t. d. í Reykjavík, sem hafa slík vínveitingaleyfi, að ef svona kvöð er lögð á, væri áreiðanlega hægt að hafa opið á 4—5 stöðum í viku, ef skipzt væri á um það, þannig að þeir unglingar, sem í dag eru annaðhvort reknir út á götuna eða neyddir svo að segja til þess að fara inn á vínveitingastaði og jafnvel fara að drekka þar vín, hefðu þá aðgang að skemmtilegum og fögrum veitingastöðum flest kvöld vikunnar. Og sannarlega er þetta ekki nein stór kvöð á slíkum veitingastöðum. Ég efast ekki um, að fjmrh. mundi haga þessu þannig, að hafa það mismunandi kvöld í hverju húsi, þannig að það fólk, sem vill gjarnan fara út og fá sér mat og drekka vín með og annað slíkt, hefði alltaf nóg hús til þess að fara í. Ég held þess vegna, að þetta mundi setja meiri menningarbrag á þessi hús sjálf og gera æskulýðnum mögulegt að koma í þessi hús einmitt á þessum dögum, þegar hann þyrfti ekki að drekka þar vín.

Ég verð að segja það, að þegar menn eru að óskapast út af æskunni, tala um Þjórsárdalshneyksli og annað slíkt, verður þetta í mjög ríkum mæli hræsni, svo fremi sem þjóðfélagið sjálft og þess höfuðstofnun, Alþingi, gerir ekki róttækari ráðstafanir en fram að þessu hafa verið gerðar til þess að búa þannig að þessari æsku, að henni sé ekki beinlínis hrundið út í ósómann. Það er ekki hægt að óskapast yfir spillingunni í einu orðinu og láta síðan vera að gera þær ráðstafanir, sem meira að segja æskulýðurinn sjálfur óskar eftir, til þess að hann geti fengið aðgang að skemmtistöðum, án þess að vera sérstaklega leiddur í freistinguna hvað vínið snertir. Það er hart, að það skuli vera svo, að meira að segja æskumenn, sem verið er að tala um, hvað séu ósköp spilltir, skuli meira að segja ganga hér eftir götunum í krófugöngu til þess að heimta Lídó, á sama tíma sem þeir, sem geta þarna ráðið, gera ekki ráðstafanir til þess að útvega þeim aðgang að skemmtistöðum. Ég álít, að það hvíli sú ábyrgð á okkur, sem getum þarna haft áhrif á um, hvað gerist, að við eigum að taka í taumana.

Ég vil þess vegna leggja þessa brtt. fram. Hún er skrifleg og of seint fram komin, og ég vil biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni. Ég vil um leið taka það alveg sérstaklega fram, að ég treysti hæstv. fjmrh. alveg sérstaklega til þess að hagnýta þá heimild, sem í þessu felst, á réttan hátt, ef hv. þd. samþykkir hana. Og ég vildi gjarnan óska eftir því, fyrst hann er ekki viðstaddur nú, að hæstv. forseti vildi fresta þessari umr. nú, þannig að við getum heyrt skoðun hæstv. fjmrh. á henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 464) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að tala við þessa umr., en í tilefni af ræðu hv. 3. þm. Reykv. tel ég mig þurfa að segja örfá orð. Hann flytur brtt. við frv., sem m. a. felur í sér að skylda vínveitingahús til þess að hafa opið einu sinni í viku án vínveitinga, ef ég hef heyrt hana rétt.

Fyrir, ég held, tveimur árum var kosin hér á Alþ. mþn. í áfengismálum. Hún er skipuð 7 þm. Þessi n. hefur starfað og haldið marga fundi á þessu tímabili, sem síðan er liðið. Í þessari n. eiga sæti eftirtaldir alþm.: Magnús Jónsson, hæstv. fjmrh., formaður n., Jón Þorsteinsson, Alfreð Gíslason, Axel Jónsson, Ingvar Gíslason, Sigurvin Einarsson og Einar Ingimundarson, fyrrv. þm. Þessi n. hefur þegar undirbúið þó nokkrar brtt. við áfengisl., og hún er búin að ganga frá sínum till. fyrir alllöngu. En síðan er hlé á, sem mér er ekki kunnugt um, af hvaða ástæðum er, nema ef vera kynni vegna þess, að verið sé að undirbúa skýrslu til þingsins, skýrslu n. En það er alllangur tími liðinn, síðan þessar till. voru fullgerðar af n. hálfu, og enginn fundur í n. hefur verið haldinn síðan. En ein af þessum till., sem n. hefur samþ., er till. frá mér um þetta sama, sem hv. þm. flytur nú till. um. Hún er um það að skylda vínveitingahús, hvar sem þau eru, til þess að hafa opið eitt laugardagskvöld í hverjum mánuði án allra vínveitinga, en með fullkominni þjónustu að öllu öðru leyti. Þetta mundi þýða það, að hér í Reykjavík yrðu 3—4 vínveitingahús opin fyrir hverja sem er án allra vínveitinga hvert laugardagskvöld. Þessi till. var samþ. með öllum atkv. í n. Ég hef ekki flutt þessa till. sem brtt. við þetta frv., af því að ég hef talið það ákaflega vafasamt að vera að flytja nokkra brtt. við þetta frv. Mér sýnist tvísýnt um framgang frv. sjálfs, en ég vil ekki láta fella góðar till. með því að hengja þær aftan í það. (Gripið fram í.) Ja, það er brtt. við þetta frv. (Gripið fram í.) En ég er hins vegar algerlega sammála hv. þm. í þessu efni og mun að sjálfsögðu greiða atkv. með till. En ástæðan fyrir því, að ég hef ekki flutt hana, er þessi, og ég hef beðið eftir því, að till. kæmu formlega fyrir Alþ., sem við erum í þessari n. búnir að ganga frá fyrir löngu.

Ég get getið þess í leiðinni, að þetta frv. var

sent þessari áfengismálanefnd til umsagnar, en þess hefur ekki verið getið, hver umsögnin var, sem n. gaf. Ég tel rétt að lesa hana upp, hún er svo stutt. Það er bréf til hv. allshn. Nd., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Sem svar við bréfi yðar, dags. 24. f. m., tekur áfengismálanefnd fram, að hún mun senn ljúka störfum og hefur þegar gengið frá till. sínum um breytingar á áfengislögunum, og er þar ekki að finna till. um breytingar á gildandi reglum um meðferð öls hér á landi."

Umr. frestað.

Á 69. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., 15. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 193, n. 413 og 422, 415, 464).

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 71. fundi í Nd., 18. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 464 felld með 21:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, ÁÞ, EðS, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, VH, HS, HV, LJós.

nei: PS, SI, SvJ, AJ, BF, BBen, BP, DÓ, EÁ, SJJ, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JSk, JP, JR, MB, MÁM, ÓL, SB.

RA, SÁ, JK, ÞÞ, BGr, BFB, IG greiddu ekki atkv.

1 þm. (EmJ) fjarstaddur.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Mér sýnist nú í fljótu bragði, að sú till., sem hér liggur fyrir frá hv. 3. þm. Reykv., sé ein ágætasta till. í áfengismálum, sem fram hefur komið í lengri tíð. Hins vegar fæ ég ekki séð, að hún komi neitt við því máli, sem hér er til atkvgr., þ. e. a. s. breytingu á áfengislöggjöfinni í sambandi við bruggun áfengs öls Þar sem ég vil enn síður, að þetta ágæta mál verði háð örlögum hins margumræddu ölmáls og mundi gjarnan vilja, að það mál næði fram að ganga, hvort sem bjór yrði innleiddur á Íslandi eða ekki, þá treysti ég mér ekki til að taka afstöðu til málsins og greiði því ekki atkv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég er samþykkur þessari till., en þar sem fyrir liggur, að búið er að endurskoða áfengislöggjöfina og frv. um það efni mun væntanlega fljótlega verða lagt hér fram á Alþ., sé ég ekki ástæðu til að taka eitt atriði út úr og greiði því ekki atkv.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég tel eðlilegt, að þingheimur greiði hreinlega atkv. um efni þess frv.. sem hér liggur fyrir, um það, hvort eigi að leyfa bjórbrugg í landinu eða ekki, og sé enga ástæðu til þess að skjóta mér fram hjá atkvgr. um það, og þar sem upplýst er, að þetta atriði mun koma til afgreiðslu þingsins í sambandi við annað mál, segi ég nei.

Brtt. 415,1 felld með 19:15 atkv.

1. gr. felld með 23:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BF, BBen BP, DÓ, EÁ, SJJ, GÞG, JóhH, JSk, JP, JR, MB, ÓL, PS, RA, SB.

nei: BFB, EðS, EOl, EystJ, GeirG, GíslG, GunnG, VH, HS, HV, IngJ, IG, LJós, MÁM, SÁ, SI, SE, JK, SvJ, ÞÞ, AJ, ÁÞ, BGr.

1 þm. (EmJ) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Þar sem felld hefur verið till. um að skjóta þessu máli til þjóðaratkvæðis, segi ég nei.

Frv. þar með fallið.

3. Loðdýrarækt.

Á 23. fundi í Nd., 29. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um loðdýrarækt [81. mál] (þmfrv., A. 101).

Á 38. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Á síðasta þingi var lagt fram í Nd. frv. til l. um loðdýrarækt. Í grg. með frv. var m. a. tekið fram eftirfarandi:

„Núgildandi lög frá 8. marz 1951, um loðdýrarækt, eru allflókin og í þeim ákvæði, sem betur ættu heima í reglugerð. Frv. miðar að því að gera þessa löggjöf einfaldari, og er þá gert ráð fyrir, að sett verði ýtarleg reglugerð um framkvæmd hennar. Í frv. er kveðið á um það, að landbrh. ákveði, hvort veitt skuli leyfi til að koma upp loðdýragörðum, en varðandi hverja umsókn ber því að leita álits veiðistjóra, sem kynnir sér öll gögn umsækjenda. Þá er lagt til í frv., að embætti veiðistjóra annist eftirlit með því, að ákvæðum laganna sé fylgt."

Helzta nýmæli frv. var, að leyft skyldi að nýju minkaeldi hér á landi að fullnægðum vissum skilyrðum og innan ákveðinna takmarkana. Frv. var samþ. í d. með nokkrum breytingum, en var ekki afgreitt frá Ed., enda orðið áliðið þings, er það kom þangað.

Frv. er nú flutt að nýju. Að efni til er það eins og það var samþ. hér í fyrra, en tveir hv. þm., 4. þm. Norðurl. e. og 10. landsk. þm., hafa bætzt í hóp flm.

Eins og menn munu minnast, urðu á sínum tíma miklar deilur um frv. Snerust þær um, hvort leyfa ætti hér minkaeldi. Fylgismenn frv. héldu því fram, að hér á landi mætti hafa miklar tekjur af þeirri atvinnugrein, þar sem skilyrði væru óvíða betri, og vísuðu í því sambandi til reynslu annarra. Með því að ganga vel frá minkabúum væri lítil hætta á, að dýrin slyppu út. Villiminkur

væri þegar til í landinu og sáralitlar horfur á, að honum yrði útrýmt. Minkaeldi undir ströngu eftirliti gæti ekki leitt af sér aukna hættu fyrir dýralífið. Andstæðingar frv. efuðust mjög um, að verulegur hagnaður yrði hér af minkaeldi, og töldu, að minkaplágan ykist, ef það yrði leyft, þar sem erfitt væri að koma í veg fyrir, að dýrin slyppu út úr búrunum.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða um efni frv., en vil nú með nokkrum orðum víkja að helztu röksemdunum fyrir því, að minkaeldi verði að nýju heimilað hér á landi. Þar sem margir eru á móti þessari atvinnugrein, telja flm. rétt, að farið verði gætilega í sakirnar, þar til nokkuð örugg reynsla er fengin, og leggja því til, að eigi fleiri en 5 aðilum verði veitt leyfi til minkaeldis á næstu tveimur árunum eftir gildistöku laganna. Verði frv. samþ., má gera ráð fyrir, að allmargir komi til með að sækja um slíkt leyfi, og verður landbrn. þá að sinna álitlegustu umsóknunum. Þá er tekið fram í frv., að leyfi til minkaeldis megi þó aðeins veita í sveitarfélögum, þar sem villiminkur hefur þegar náð öruggri fótfestu að dómi veiðistjóra. Með þessum takmörkunum er gengið til móts við þá, sem óttast, að minkaeldi verði til þess að auka á villiminkastofninn hér í landinu.

Þar sem fiskúrgangur er aðalfæða minks, sem alinn er upp til slátrunar vegna skinnanna, hafa fiskveiðiþjóðir til þessa einkum stundað minkaeldi. Segja má, að atvinnugreinin eigi sér stað í öllum löndum, sem greiðan aðgang hafa að fiskimiðum Norður-Atlantshafs og Kyrrahafs, nema hér hjá okkur Íslendingum, sem erum þó mesta fiskveiðiþjóð heimsins miðað við afla á hvern mann, sem á sjóinn sækir. Samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið, — heimildirnar eru aðallega Dansk Pelsdyreavl, Finnish Trade Review og Pelstidningen frá 1. 12. 1965, hefur skinnaframleiðslan vaxið gífurlega á undanförnum árum, eða úr um 6 millj. minkaskinna á árinu 1955 og upp í tæplega 22 millj. skinn, sem framleiðslan er áætluð 1965 og 1966. Stærstu framleiðendurnir eru Bandaríkin, og er framleiðslan áætluð á árunum 1965—1966 8.3 millj. skinna, Rússland 2.8 millj., Danmörk 2.4, Noregur 1.8, Kanada 1.7, Svíþjóð 1.7 og Finnland 1.5. Auk þessara landa eru á framleiðslulistanum Pólland, Holland, Japan, England, Austur- og Vestur-Þýzkaland, Frakkland, Argentína, Belgía, Kína, Spánn, Júgóslavía, Ísrael, Tékkóslóvakía og framleiðslan áætluð samtals, eins og ég gat um, í kringum 22 millj. skinna. Svo er áætlað, að á markaðinn komi auk þess um 760 þús. skinn af villimink, þar af 450 þús. í Bandaríkjunum, 225 þús. í Kanada, 75 þús. í Rússlandi og 10 þús. frá öðrum löndum samtals.

Eins og fram kemur, eru Norðurlöndin með stærstu framleiðendunum. Í árslok 1964 voru rekin 4807 loðdýrabú í Noregi, þar af aukning á árinu 584, útflutningsverðmæti loðskinna — og þar af eru minkaskinn langsamlega stærsti liðurinn — nam á árinu 1964 167 millj. norskra kr. eða nálægt 1000 millj. ísl. kr. Í Danmörku voru rekin 4044 minkabú í árslok 1964 og hafði fjölgað á árinu um 254 og aðallega á Norður-Jótlandi. Til Bandaríkjanna var þá fluttur út tæpur helmingur framleiðslunnar. Útflutningsverðmæti allrar framleiðslunnar nam um 1200 millj. ísl. kr., og skinnaframleiðslan hafði tvöfaldazt á síðustu þremur árunum. Þá hefur og skinnaframleiðslan stóraukizt í Finnlandi, en hreinar gjaldeyristekjur vegna hennar námu á árinu 1964 um 535 millj. ísl. kr. Finnar verða að flytja inn verulegt magn af fiskúrgangi, m. a. frá Íslandi. Stærsta minkafyrirtæki heimsins mun nú vera í Finnlandi, en þar er ársframleiðslan um 175 þús. skinn. Og þetta fyrirtæki á nú í smíðum skip, sem eingöngu verður notað til þess að flytja minkafóður frá öðrum löndum og á að taka um 1100 tonn. Það er kæliskip, sem einnig mun verða notað af fleiri fyrirtækjum sambærilegum í Finnlandi. Minkaeldi var hafið í Færeyjum fyrir nokkrum árum og mun nú vera þar allblómlegur atvinnuvegur, og á Grænlandi er það nýlega byrjað á vegum Grænlandsverzlunar og einstaklinga.

Minkaskinnaframleiðsla Norðurlanda mun nema samtals á árunum 1965—1966 um 7.4 millj. skinna, og langsamlega mestur hluti þessarar framleiðslu er fluttur úr landi, aðallega til Bandaríkjanna og Vestur-Þýzkalands, en þar hefur markaðurinn verið í örum vexti. Eins og ég hef getið um, er mikil minkaskinnaframleiðsla í Bandaríkjunum, en hún nægir þó hvergi nærri til þess að fullnægja eftirspurninni. Norðurlönd flytja þangað út um 3 millj. skinna, og það má geta þess, eiginlega til gamans, að einnig eru flutt þangað inn skinn frá Póllandi og Austur-Þýzkalandi. En þetta stutta og ég vil segja ekki fullkomna yfirlit sýnir þó, að hér er um allumfangsmikinn atvinnuveg að ræða, atvinnuveg, sem fyrst og fremst virðist vera stundaður af fiskveiðiþjóðum.

Á það hefur verið bent, að fóðuröflunin væri eitt þýðingarmesta atriðið varðandi minkaeldi, þar sem reiknað er með, að fóðurkaup nemi um helmingi rekstrarkostnaðar búanna. Talið er, að minkur þurfi um 200—250 g af fóðri á dag, og það er aðallega fiskur. Mjög margir skinnaframleiðendur verða að kaupa fiskúrgang erlendis frá. Hér á landi eru möguleikarnir til fóðuröflunar hins vegar svo til ótæmandi, hvers kyns fiskúrgangur og úrgangur frá sláturhúsum. Að því leyti hljóta aðstæður til minkaeldis að vera hér mjög góðar. Búin mætti reisa í verstöðvunum og spara þannig flutningskostnað að miklu leyti. Þegar á þetta þýðingarmikla atriði er litið, koma til athugunar hagsmunir útgerðarinnar. Útflutningur á fiskúrgangi til dýrafóðurs, frystum, nam sem hér segir: Á árinu 1962 yfir 7 þús. tonnum, útflutningsverðmæti um 19 millj., verð pr. kg fob. 2,63 kr. 1963 nam þessi útflutningur um 4770 tonnum, verðmæti rúml. 13 millj. kr. og verð pr. kg 2,76 kr. 1964 var útflutningurinn 7165 tonn, verðmæti tæpar 23 millj., verð pr. kg 3,20 kr. Verð á fiskúrgangi í gúanó mun á þessum tíma hafa verið frá 55—68 aurar pr. kg. Verð Sölumiðstöðvarinnar á fiskúrgangi til dýrafóðurs mun á s. l. ári hafa verið nokkru hærra, eða frá 2,90 kr. á kg og allt upp í 4,14 kr. á kg, sem fer eftir því, hvaða hráefni hefur verið um að ræða.

Þegar við lítum á þessar tölur, verður ljóst, að

um mjög mikinn verðmismun er að ræða eftir því, hvort úrgangurinn fer í gúanó eða er frystur sem dýrafóður. Með því að selja úrganginn til vinnslu sem dýrafóður, fær útgerðarmaðurinn margfalt hærra verð en ef úrgangurinn færi í gúanó, en þjóðin margfalt meiri gjaldeyri fyrir sama magn af hráefni. Hagsmunir útgerðarinnar varðandi minkaeldi eru því augljósir. Kunnáttumaður í minkaeldi telur sig hafa reiknað út, að til þess að framleiða 1 millj. skinna þurfi um 35 þús. tonn af fiskúrgangi. Útflutningsandvirði þessara skinna yrði 600—700 millj. kr. Hins vegar fengjust úr 35 þús. tonnum af fiskúrgangi um 7 þús. tonn af méli, að útflutningsverðmæti milli 60 og 70 millj. kr.

Í umr., sem fram hafa farið um þetta mál, hefur á það verið minnzt sem rök fyrir því að leyfa að nýju minkaeldi, að það gæti verulega stuðlað að atvinnuaukningu í sjávarplássunum. Er sjálfsagt að hafa þetta atriði í huga, þar sem aðrar þjóðir, eins og t. d. Kanadamenn, vinna nú að því að koma á fót loðdýrarækt í stórum stíl í hinum afskekktari héruðum. Fróðlegt verður fyrir okkur að fylgjast með tilraunum í þessa átt, sem nú er einmitt verið að gera í Grænlandi.

Látin hefur verið í ljós vantrú á því, að hið háa verð á minkaskinnum á heimsmarkaðinum gæti haldizt til lengdar. Það fari mest eftir tízku hverju sinni og eins og allir vita sé hún mjög breytileg og óútreiknanleg. Reynslan bendir hins vegar ótvírætt í aðra átt. Framleiðslan sýnir, að eftirspurnin hefur vaxið með hverju ári, sem byggist m. a. á því, að lífskjör hafa farið batnandi í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu, stærstu markaðslöndunum. Hins vegar ber að taka fullt tillit til þess, að aukin framleiðsla leiðir til vaxandi samkeppni. Gæði vörunnar hljóta og að ráða verðinu, sem fyrir hana fæst. Skilyrði eiga að vera góð hér á landi til skinnaframleiðslu. En fyrst í stað munu Íslendingar standa verr að vígi en aðrar þjóðir, þar sem okkur skortir bæði reynslu og þekkingu. Við munum því án efa reka okkur á marga örðugleika fyrst í stað. Annars þekkjum við Íslendingar þá erfiðleika, sem eru því samfara að afla markaða fyrir framleiðsluvörur. Okkur hefur tekizt með vöruvöndun og auglýsingastarfsemi að koma hraðfrysta fiskinum okkar inn á Bandaríkjamarkaðinn, vandlátasta markaðinn í heiminum. Hins vegar hafa tilraunir okkar með niðursoðna og niðurlagða síld ekki gengið eins vel. Keppinautar okkar hafa auglýst sína vöru í fjöldamörg ár og eru svo til einráðir á markaðinum. Áður en á því verður breyting, verðum við án efa að kosta miklu fé til auglýsingastarfsemi. Öðru máli gegnir um sölu loðskinna, þar sem hún fer svo til eingöngu fram á uppboðum. Um 90% af skinnaframleiðslu Dana er selt á uppboðum. Gæði vörunnar og verð á uppboði ræður. Í þessu tilfelli höfum við því frá byrjun sömu aðstöðu og keppinautar okkar.

Þegar frv. var til umr. á s. l. vetri, var að því fundið, að ekki skyldi fylgja því rekstraráætlun fyrir minkabú af meðalstærð. Þar sem minkaeldi hefur verið bannað hér á landi í mörg ár, vísuðu flm. í þessu sambandi aðallega til reynslu annarra þjóða og gera það enn. Maður, sem fékkst hér við minkaeldi, hefur sagt mér, að það hafi verið farið að gefa mjög góðan arð, skömmu áður en það var bannað. Hann hafði þá verið búinn að koma sér upp góðum stofni og haft kunnáttumann til þess að gæta dýranna. Ég hef séð kostnaðaráætlun miðað við verðlag, eins og það er nú í dag, og virðist hún vera allhagkvæm.

Í 6. gr. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir, sem óska að stofnsetja loðdýragarða hér á landi, skulu senda landbrn. umsókn um það efni. Umsóknunum skulu fylgja ýtarlegar áætlanir um byggingu loðdýragarðsins og gerð hans, tæknilegan rekstur og fjármál, svo og um þau dýr, sem fyrirhugað er að rækta í garðinum. Að fengnu áliti veiðistjóra um þessi gögn tekur landbrn. ákvörðun um viðurkenningu loðdýragarðsins með skilyrði um, að loðdýrarækt hefjist þar ekki fyrr en gerð hans öll er í samræmi við fyrrgreindar áætlanir."

Samkv. þessum ákvæðum verður m. a. gengið eftir því, að upplýsingar liggi fyrir um fjárhagsgrundvöllinn, áður en komi til leyfisveitingar.

Flm. frv. harma engu síður en andstæðingar þess það tjón, sem villiminkurinn hefur valdið hér á landi í ríki náttúrunnar. Það er sannarlega tilfinnanlegt. En við erum á þeirri skoðun, að minkaeldi undir ströngu eftirliti muni ekki auka minkaplágunа. Þá staðreynd ber að hafa í huga, að litlar líkur eru á, að villiminki verði hér útrýmt, og meðan svo er, eru engin rök fyrir því að banna hér minkaeldi.

Ég vil geta þess, að stjórnarfundur í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna mælti eindregið með samþykkt frv., en sá fundur var haldinn í nóv. s. l., og þá hefur einnig Útgerðarmannafélag Reykjavíkur mælt með því, að komið yrði upp loðdýrarækt í stórum stíl, þar sem af því mundi leiða stórhækkun á hráefnisverði. Einnig má minnast á það, að Alf Lund, framkvæmdastjóri loðdýraræktarfélaganna dönsku, var hér á ferð í sumar, þá á leið til Grænlands. Hann taldi í blaðaviðtali, að skilyrði til minkaeldis væru sérstaklega góð hér á landi, og lét í ljós undrun yfir því, að það skyldi ekki vera leyft.

Ég vil svo að lokum lesa umsögn veiðistjóra um þetta mál, en hún drepur á flest þau atriði, sem ég hef hér vikið að. Hún er ekki löng, og ég leyfi mér að lesa hana, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég mun einskorða ummæli mín við minka, þó að orðið loðdýr nái yfir fleiri tegundir dýra.

Það hefur greinilega komið fram, bæði í ræðu og riti manna um þetta mál, að þeir telja aðalhættuna, ef minkaeldi verður tekið upp að nýju, vera í því fólgna, að minkar sleppi að meira eða minna leyti úr búrum sínum og auki þannig villiminkastofninn í landinu. Um þetta atriði er ég þeirrar skoðunar nú eins og áður, að þessi hætta hlýtur að vera hverfandi, ef fyllsta öryggis er gætt með gerð búra dýranna og allan aðbúnað og í því efni stuðzt við reynslu nágrannaþjóða okkar á Norðurlöndum. Því miður hef ég ekki þá þekkingu á gerð minkabúra, að ég geti sagt um, hvaða gerð þeirra henti okkur bezt hvað allt öryggi snertir. Hins vegar er mér kunnugt um, að reglur um gerð minkabúra á Norðurlöndum munu vera mjög mismunandi.

Danir hafa ströng ákvæði um gerð minkabúra, og virðist allt benda til, að lítil brögð séu að því, að minkar sleppi úr haldi hjá þeim, og nýlega hófu þeir minkaeldi í Grænlandi og einnig fyrir nokkrum árum í Færeyjum, en í báðum þessum löndum voru engir villiminkar fyrir áður.

Norðmenn munu hins vegar hafa þann hátt á um gerð minkabúra hjá sér, að menn eru mikið til sjálfráðir um gerð þeirra, og hefur raunin orðið sú, að mikið af minkum hefur sloppið úr búrum þar í landi.

Verði farið út í minkarækt hér á Íslandi að nýju, verður auðvitað að reikna með því, að komið geti fyrir, að minkar sleppi úr búrunum. Nú er eðli minksins þannig, eins og margra annarra dýra, að hann leitar, fyrst eftir að hann sleppur, á uppeldisstöðvarnar í ætisleit, og því ætti að vera auðvelt með þeirri reynslu, sem við höfum nú í minkaveiðum, að fanga flesta þá minka, sem sleppa kynnu úr búrunum.

Sú skoðun hefur komið fram, að þeir minkar, sem sleppa úr haldi, muni reynast meiri skaðvaldar en villiminkurinn, sem fyrir er og aðlagast náttúru landsins. Það kann að vera, að eldisminkar, sem sleppa úr búrum sínum, geri meiri usla í hænsnahúsum en villiminkar, sem enn þá geta þó verið nokkuð stórtækir í þeim efnum. En varla trúi ég því, að þeir standi villtum kynbræðrum sínum á sporði í drápi, þegar út í villta náttúruna er komið.

Það er skoðun mín, að komi til minkaræktar að nýju hér á landi, muni það á engan hátt trufla eyðingu villiminksins, en gæti hins vegar orðið vopn í baráttunni gegn honum. Sjálfsagt væri að staðsetja minkabúin í þeim landshlutum, þar sem villiminkur er fyrir, og mundi hann þá vafalaust sækja að búrunum, a. m. k. um fengitímann, og þá auðvelt að vinna hann. Með tilkomu minkabúa væri möguleiki á því að hagnýta sér þá minkahvolpa, sem þá alltaf nást lifandi í minkaleitunum, með því að ala þá til fallstíma í búrunum. Þá gæti komið til álita, hvort ekki teldist réttmætt að láta þá, sem fara af stað með minkaeldi, greiða skatt til eyðingar villiminks, en kostnaður við veiði villiminks hjá okkur mun nú vera nærri 1 millj. kr. á ári.

Nú um margra ára skeið hafa nágrannaþjóðir okkar grætt gífurlegar fjárhæðir á minkaeldi og vart skiljanlegt, að við skulum hafa setið aðgerðarlausir, þótt öll skilyrði séu hin beztu fyrir þessa atvinnugrein. Það er staðreynd, að villiminkurinn er hér svo að segja um allt land, og höfum við ekkert haft nema kostnað og tjón í sambandi við hann. Það virðast því hæpin rök gegn minkaeldi, að ekki sé hægt að fara út í það af ótta við, að eitthvað kynni að sleppa af eldisminkum. Frekar virðist mér hættan liggja í því, að offramboð af skinnum yrði komið á heimsmarkaðinn, þegar við loksins kæmumst af stað með skinnaframleiðslu.

Umrætt frv. gerir ráð fyrir takmörkuðum fjölda minkabúa fyrstu árin, og er ég því eindregið meðmæltur að fara varlega af stað og álít einnig rétt að takmarka fjölda dýra á hverju búi fyrst um sinn, a. m. k. hámarkstala 1000 fullorðnar læður.

Að endingu: Ég er ekki mótfallinn, að hafin verði minkarækt að nýju hér á landi. Sé fyllsta öryggis gætt um vörzlu dýranna og vandað til framleiðslu skinnanna, er það trú mín, að þessi nýja atvinnugrein megi verða þjóðinni til gagns, en ekki til tjóns."

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að mælast til þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Með endurflutningi þessa furðulega loðdýrafrv. frá s. l. þingi er augljóst, að minkamönnum er full alvara í að gera minkinn að viðurkenndum borgara í íslenzku dýraríki og einnig eiga frumkvæðið að því að viðhalda villiminknum. Þessa menn virðist ekki varða fyrri saga í sambandi við þekktar landplágur af völdum innfluttra dýra, plágur, sem á ýmsum tímum hafa kostað hálfgerða upplausn í ýmsum greinum íslenzks landbúnaðar, svo sem vegna fjárkláðans, sem oftar gekk yfir, og vegna annarra meindýra, eins og afleiðingar af karakúlfénu, sem flutti inn með sér fjárpestir, sem hafa kostað milljónahundruð. Með sífelldu eftirliti og lyfjagjöf hefur tekizt að halda sumum hinna aðfluttu plága í skefjum, án þess að þeim hafi verið útrýmt. En við aðrar hefur ekki verið ráðið, eins og t. d. villiminkinn.

Þetta er vitanlega öllum kunnugt, jafnt hv. flm. þessa frv. sem öðrum, kunnugt um, hve mikið fjárhagslegt tjón ríkið hefur beðið við tilkomu villiminksins og afleiðinga hans. Það var ekki af neinu hverflyndi þeirra manna, sem lagt höfðu fram miklar fjárfúlgur til að kaupa og flytja inn minkastofn og reynt að framleiða loðskinn, að þeir gáfust upp. Það var ekki heldur sér til gamans gert, að Alþ. á sínum tíma lögfesti bann við minkaeldi og eyðingu þess litla minkastofns, sem enn var þá til í vörzlum manna. Ákvörðunin var tekin eftir ýtarlega athugun, byggð á því, að villiminkastofn væri vaxinn upp í landinu, sem engu eirði og öllum virtist illviðráðanlegur. Þær staðreyndir blöstu við, að villiminkurinn ógnaði eyðingu margra dýrategunda og þá sérstaklega fuglategunda, jafnt þeim, sem voru til mikils augnayndis, og þeim, sem töldust til nytja. Þá hafði einnig komið í ljós og reynzt enn réttara síðar, að villiminkurinn ógnaði einnig nytjafiskastofninum í ám og vötnum. Fengust fljótt sannanir fyrir því, að minkurinn lá í silungi og laxi, enda heldur hann sig mest í námunda við ár og vötn og tekur þar mest af fæðu sinni, a. m. k. þann tíma, sem meira er á völ en úti í íslenzkri náttúru að vetrarlagi.

Þegar tekin var ákvörðun um, hvort banna skyldi minkaeldi eða ekki, virtist enginn geta neitað þeirri staðreynd, að minkurinn hafði reynzt mikið skaðræðisdýr, sem í raun og veru hefði sýnt sig óalandi og óferjandi. Hins vegar létu nokkrir þá skoðun í ljós, að komið gæti til mála að banna frekari innflutning minksins og ný minkabúr, en láta kyrrt liggja, a. m. k. í bili, með þau fáu dýr, sem enn voru í eldi og í vörzlu manna í búrum, töldu, að hér væri um valinn dýrastofn að ræða, sem mikið verðmæti fælist

í, og ef enn væri hert á ákvæðum um búr og vörzlu, ætti ekki að þurfa að óttast, að þessi dýr slyppu.

Minkaandstæðingar bentu á, að það væri staðreynd í öðrum löndum, að aldrei væri hægt til langframa að tryggja svo vörzluna, að ekki slyppu dýr úr búrum, og hvert dýr, sem slyppi, væri verulegur stofnauki við villiminkastofninn. Væri slíkt byggt m. a. á erlendri reynslu, að hvert dýr væri talið mikill uppalandi villiminka vegna þeirrar miklu tímgunarhæfni, sem þessi kvikindi hafa til að bera.

Niðurstaðan varð því sú, að allt minkaeldi skyldi afnumið og öllum eldisminkum skyldi fargað og mikið fé lagt til höfuðs villiminkum. Er nú árlega varið svo að milljónum skiptir vegna eyðingar minks, og er enn óvíst, hvernig þeirri baráttu lýkur. En minkamennirnir láta nú svo sem hér hafi ekkert gerzt, engin óhöpp staðið í sambandi við tilraunir um loðdýrarækt og slíkt þurfi ekki að eiga sér stað.

Það eru ekki mjög margir áratugir síðan loðdýrarækt var fyrst reynd hér á landi. Byrjað var með mórauða fjallarefinn, síðan bláref og silfurref. Eins og kunnugt er, er grávara mikill tízkuvarningur, og hefur oft ríkt mikil bjartsýni um skjótfenginn gróða í þeirri framleiðslu. En tízkan er og var hverful, og hlutu menn því að gefast upp á refaræktinni, eftir að sú skinnavara hafði stórlega fallið í verði. Átti þá minkurinn að bjarga málum. Var hann þá fluttur inn og minkabú stofnuð. Síðan liðu um tveir og hálfur áratugur og valt á ýmsu með útkomuna. Lágu þá að lokum fyrir þær staðreyndir, að flestir minkabúseigendur höfðu gefizt upp, vegna þess að minkaræktin borgaði sig ekki, og nokkur dýr höfðu sloppið úr búrum, og tímguðust þau ört sem villiminkur. Var þar með vaxinn upp meindýrastofn, sem ekki leit út fyrir að haminn yrði eða eyddur.

Hrakfallasögu loðdýraræktarmannanna hér á landi vilja loðdýraræktarmennirnir nú ekki líta á, en vilja óðir og uppvægir stofna til annars slíks leiks í von um gróða. Fyrri reynsla er þeim lítils eða einskis virði. Mætti þó ætla, að minni áföll en þau, sem skeð hafa, fældu menn frá frekari aðgerðum. Minkamennirnir láta í veðri vaka, að hinn innflutti minkastofn hafi verið gallaður, og þar með vilja þeir væntanlega gefa skýringu á rekstrarhalla á minkabúunum fyrrum. Þeir telja einnig, að hafi einhverjir slíkir gallar í dýrastofni átt sér stað í fyrstu, sé nú auðvelt úr að bæta.

Fyrrverandi loðdýraræktarmenn höfðu um 25 ára reynslu, áður en þeir gáfust upp eða þeim var bönnuð starfsemin, og virðist það vera meir en nógur tími. En reynslutíminn á nú að nægja 2 ár skv. frv. Það er því óhætt að fullyrða, að miðað við það, sem nú á að framkvæma, hafi áður ekki verið almennt til staðar vankunnátta í meðferð eða eldi meðal loðdýraræktarmanna hér fyrrum og því megi telja, að sú tilraun, sem koðnaði niður beint af fjárhagslegum ástæðum, hafi sýnt, hvað þessi starfsemi er, vægast sagt, ótrygg og hverful.

Áður fyrr var minkaræktin meðfram gyllt á þeim grundvelli, að loftslagið hér mundi valda því, að dýrafeldir yrðu af sjaldgæfum gæðum, og það er ekki laust við, að núverandi minkamenn impri á sama slagorðinu. Og hér er hampað öðru í sambandi við eldi dýranna. Það er fiskúrgangurinn, sem sé hér ódýr og handhægur, handhægari en víðast hvar annars staðar þekkist. Þessi söngur er nú síendurtekinn. En ég hefði haldið, að hagstætt loftslag hér hefði ekki mikið til síns ágætis í þessu efni, fremur en t. d. í Noregi og Svíþjóð. Og hvað snertir eldið höfðu fyrri minkamenn meira og minna aðgang að gefins fóðri, fóðri, sem þeir þurftu aðeins að hirða, bæði í fiskvinnslustöðvum og frá sláturhúsum, svo að varla hafa þessir minkamenn nú þar mikið til framdráttar, miðað við hina fyrri minkamenn. Nú er fiskúrgangur, sem á að vera allra fjárhagslegra meina bót, þó að hækka og mun vera að jafnaði nálægt 4 kr. til dýraeldis, og því er spáð, að slíkur fiskúrgangur muni hækka á næstu árum, meðfram fyrir þá tækni, sem nú er kunn, að hægt er að vinna fiskúrgang til manneldis.

Það er eins og hv. alþm. hafa nú og áður heyrt, að áróðurinn fyrir minknum er ekki sparaður í ýmsum dagblöðum. Gróðavonin vegna minkaeldisins á að vera stórfengleg, og í því efni bera þeir flutningsmenn t. d. fyrir sig orð dansks sérfræðings, að vegna yfirburða aðstæðna hafi engin þjóð í heimi aðra eins möguleika til minkaræktar og Íslendingar. Ekki er nú sneiðin smátt skorin. En samt er eins og hjá hv. frv.-mönnum leynist einhver uggur um þetta fyrirhugaða hnoss. Þeim þykir a. m. k. áferðarbetra að fara hægt í sakirnar 2 fyrstu árin, meðan reynslan fæst, og hún á að vera auðfengnari nú en fyrir 25—30 árum. Að sjálfsögðu leggja þeir ekkert upp úr þeirri fyrri 25 ára reynslu, en nú eiga 2 reynsluár að nægja, en síðan á að sleppa öllu lausu. Þetta ákvæði um takmörkun er augljóslega látalæti, að nokkur viðhlítandi reynsla um rekstraraðstæður og annað fáist á 2 árum með starfsemi 5 búa. En hvað um það, nema aðrir en hinir hamingjusömu eigendur þessara 5 hinna svokölluðu loðdýragarða verða að sætta sig við að bíða eftir þeim stórgróða, sem boðaður er, og verða með biðinni að líða stórtjón, eins og frv.-menn segja að þjóðin hafi á undanförnum árum beðið í þessum efnum vegna minkabannsins.

Ýmsar fleiri öfgafullar ýkjur hafa verið bornar á borð til framdráttar þessu máli. Má þar til nefna þá staðhæfingu, að hvergi nema hér á landi hafi menn af villiminkum að segja og stafi slíkt mest af hirðu- og ábyrgðarleysi Íslendinga í slíkum efnum sem þessum. Slíka umsögn og þessa var hægt að lesa í einu útbreiddasta blaði hér í Reykjavík á s. l. vetri, þegar frv. var til meðferðar í Alþ. Hið sanna mun vera, að t. d. í Noregi og Svíþjóð eru taldar vaxandi áhyggjur manna yfir sífjölgandi villimink, sem auðvitað er kominn út af eldisminkunum, sem sloppið hafa úr búrum. En samhliða þessu eiga Íslendingar að vera án þeirrar áhættu, þótt slíkt þekkist og hafi tíðkazt í öðrum löndum, t. d. á Norðurlöndum, þar sem minkarækt á sér stað. Er hér um eina af mörgum missögnum minkamanna að ræða. Ber þar allt að sama brunni um áróðurinn.

Eitt atriði frv. er það, að ekki skal heimilt að stofna loðdýragarð, eins og minkabúin heita á frv.-máli, í sveitarfélögum þeim, sem villiminkur hefur ekki náð öruggri fótfestu í. Verða með þessu ákvæði furðufá héruð eða landssvæði undanþegin minkasælunni, því að vitað er, að villiminkurinn hefur þegar lagt undir sig Suður- og Suðvesturland, Vesturland og mikið af Norðurlandi. Er víst, að minkurinn er fótfastur í Bárðardal eða jafnvel lengra austur, en ég veit ekki með fullum sannindum, hvort minkurinn hefur náð öruggri fótfestu í Mývatnslöndum og Kelduhverfi, en líklegt má það teljast. Nálgast þá villiminkurinn Norðausturland og Austurland, Norður-Þingeyjarsýslu, Vopnafjörð, Fljótsdalshérað og svo áfram, og hefur þá fljótlega lokið landnámi sínu svo að segja um allt land nema Vestfirði. Má gera ráð fyrir, að minknum hafi boðizt brattara, þó að hart sé oft í veðrum á Norðausturlandi, snjóasamt, frost og ísar, en að nema þar lönd, þar sem fiskur vakir í flestum heiðarvötnum og ám. Þetta bann mun því reynast skammgóður vermir hlutaðeigandi byggðarlögum. Það má því gera ráð fyrir, að t. d. hv. 3. þm. Austf. þurfi ekki mörg ár að bíða loðdýrafengs síns. Hitt er svo annað mál, hve margir Austfirðingar eru og verða honum þakklátir fyrir þessi villidýr. Það mun reynslan sýna, þegar til kemur.

Þessi biðtími, bæði 2 árin og að ekki sé stofnað minkabú, þar sem ekki sé búið að sanna tilvist villiminksins, er því meira látalæti og bragðvísi í þeirri trú, að ákvæðin muni villa fyrir mönnum. Frv.-menn sýnast vilja auðsýna meiri gætni og hófsemi í þessu máli en er í rauninni. En hvað er að óttast, mætti spyrja hv. minkamenn, ef nú á að verða útilokað, að eldisminkurinn sleppi úr vörzlu, en hins vegar öllum til tjóns að mega ekki strax setja upp umrædda minkagarða? Hér sem víða rekst áróðurinn og fullyrðingarnar hvort á annars horn. Nýlunda mun það teljast, en mun eiga að líta út sem sérstök varúð og öryggi, að landbrh. á sjálfur með eigin hendi að fara fingrum um feldi þeirra dýra, sem innflutningsleyfi er leitað fyrir um. Ef úrskurður ráðh. hljóðar á þá lund, að umrætt dýr skuli teljast til loðdýra, skal leyfið veitt. Verður þá ekki um frekara málsskot að ræða. Blessun ráðh. gildir um upptöku kvikindanna í íslenzkt dýralíf, sama hvað sérfræðingar og dýrafræðingar segja, hvort sem þeir telja, að hér sé um að ræða aðra óþurftardýrategund á borð við mink, bara ef það ber loðinn feld og getur gefið af sér skinn, sem eitthvað getur verið upp úr að hafa. Er auðvitað, að fleiri marðategundir en minkurinn bera loðinn feld, svo sem hreysikötturinn og otur, svo að dæmi séu nefnd.

Ekki skal ég fullyrða, hvort Íslendingar kunna að hafa áhuga fyrir eldi þessara dýra eða annarra, sem teljast til loðdýra. Hitt virðist ljóst, að ef þetta loðdýrafrv. verður að lögum, er opinn innflutningur á öllum þeim villidýrum, sem kallast loðdýr, og landbrh. sker einn persónulega úr, ef ágreiningur verður, eins og ég vék að áðan, þótt fróðir menn telji hlutaðeigandi dýrategund hættulega öðru dýralífi í landinu. Mér er spurn: Eru minkamennirnir ekki að leika nokkuð djarfan leik að opna þannig allar gáttir fyrir hverri þeirri dýrategund, sem ber loðinn feld? Hvers vegna að ganga orðalaust fram hjá fræðimönnum í þessu efni og láta hæstv. landbrh. á hverjum tíma skera þar einan úr, hvað má leyfa og ekki leyfa? Og væri ekki nær sanni að leita til einhverra fróðra manna í efnum sem þessum í sambandi við samningu slíks frv. sem þessa og enn fremur fyrir hv. Alþ. í sambandi við rannsókn slíks frv. og athugun slíks frv. sem þessa. En ég spyr vegna þess, að ég veit ekki til, að til slíkra manna hafi verið leitað á síðasta Alþ., þegar málið var til meðferðar.

En þótt ákvæði frv. hljóði aðallega upp á loðdýr, er náttúrlega langt frá því, að manni sé ekki fullljóst, að hverju er stefnt og eftir hverju er sótzt. Það er minkurinn, — minkurinn, sem þeir reyna þó að forðast að nefna á nafn í lengstu lög í frv., svipað og það orð væri bannorð. Og það má segja, að nálgist nokkurt dýranafn það nú orðið að vera bannorð hjá okkur Íslendingum, held ég, að minkurinn nálgist það.

Hv. flm. virðist nokkuð ljóst, að það er fjöldi manna hér á landi, sem eru á móti nýrri tilraun í sambandi við minkaeldi, og má vera, að af því stafi það, að minkurinn er varla nefndur á nafn í þessu frv., en þess ekki gætt um leið, að það getur kostað nokkuð, það virðist kosta það að binda frv. ekki við minkinn, heldur við öll loðdýr, sem gætu reynzt hættuleg og hafa reynzt skaðleg í ýmsum öðrum löndum álíka og minkurinn.

Minkamennirnir virðast vera mjög sigurreifir og vongóðir um framgang síns máls hér á hv. Alþ., og er það sennilega að vonum eftir þá afgreiðslu, sem málið fékk s. l. vetur hér í þd. Enn fremur vekur það athygli, að þremenningarnir, sem báru frv. fram á s. l. þingi, virðast hafa notað tímann milli þinga og farið í líðsbón eins og Brennu-Flosi forðum, og eru flm. nú orðnir fimm. Er augljóst, að málið skal reka af meira kappi en forsjá, engu síður en á s. l. vetri.

Mér virðist eðlileg og sanngjörn ósk, að sú hv. þn., sem fær málið til meðferðar, athugi meira en virðist hafa verið gert á síðasta vetri, hvort opna eigi svo skilyrðislaust og hömlulaust fyrir þessum innflutningi eins og frv. gerir ráð fyrir, sem sagt opna allar gáttir fyrir hvers konar meindýrategundum. Mér virðist, að væntanlegri hv. þn. beri að íhuga betur en áður hefur verið gert sinn gang í málinu í heild og m. a. að leita álits sérfróðra manna, svo sem manna innan Náttúrufræðifélagsins, en þar munu vera flestir okkar sérfræðingar, dýrafræðingar og náttúrufræðingar, og enn fremur virðist ekki óeðlilegt, að leitað væri álits þeirra manna í náttúruverndarráði, sem láta slík mál sem þetta sig einhverju varða. Með því finnst mér, að það beri þó ekki eins á þeim sjálfbirgingshætti, sem mér virtist vera ráðandi í málinu á s. l. vetri.

Ég skal ekki fara að ræða hinar einstöku gr. frv., t. d. það, að hlutaðeigandi ráðh. er ætlað að hafa allt vald í innflutningi, en á það mætti benda, að í þeirri reglugerð, sem gert er ráð fyrir að samin verði, er ekkert gefið hæstv. ráðh. í skyn, hvert ákvæði reglugerðarinnar á að vera

í sambandi við sektir. Það er ekki sjáanlegt, að minkamennirnir láti það sig miklu skipta, hvort hér eiga að vera sektir, að nafninu til eða við hæfi og eftir eðli þess að hafa brotið varasöm lög.

En ég ætla aðeins að lokum að víkja að 8. gr. frv. Þar er ákveðið, að tekið skuli vera útflutningsgjald af loðskinnum, sennilega í viðbót við hið venjulega lögákveðna. Skal féð ganga til þess að rannsaka vísindalega eðli og lífnaðarhætti villiminksins og einnig til sérstakra ráðstafana til að útrýma honum. Hér hafa þessir minkamenn eins og víða uppi látalæti. Það er fallegt í munni að tala um vísindalega rannsókn á einu og öðru. En mér er spurn: Hefur ekki þegar stór hópur landsmanna með dýrkeyptri reynslu sinni sannprófað, hverjir eru lífnaðarhættir villiminksins?

Ég held, að það séu margir Íslendingar, sem þurfa ekki neitt fé til þess að sannprófa lífnaðarhætti villiminksins. Margir og allt of margir hafa reynt það á sínum húsdýrum og öðrum nytjadýrum. En það er talið nauðsynlegt að fá þetta fé til meðferðar, og væri þá fyrst hæfilegt, að hv. flm. væru teknir í læri í þessum efnum, sem kallað er.

Enn fremur er sagt í þessari gr., að afla skuli fjár til sérstakra ráðstafana til útrýmingar villiminknum, sem sagt verja til einhverra sérstakra ráðstafana til útrýmingar villiminknum. Mér er spurn: Hverjar eru þessar sérstöku ráðstafanir, sem frv.-mennirnir hafa í huga, og er ekki rétt, að a. m. k. veiðistjóri fái þetta leynivopn og þannig sparist milljónir á milljónir ofan árlega úr ríkissjóði vegna kostnaðar við útrýmingu minksins? Það væri því eðlilegt, ef minkamennirnir hafa slíkt leynivopn í fórum sínum, að þeir gæfu það upp.

Hv. 1. flm. málsins vék að því, að hér væri um að ræða mikið bjargráð fyrir sjávarútveginn og að flm. hefðu betur komið fyrr fram með þetta mál, enda hefði þjóðin beðið stórtjón af því, að minkaeldi væri lagt niður og að sjávarútvegurinn hefði með minkabanninu ekki átt kost á að nota fiskúrganginn á réttan hátt. Mér dettur í hug, að hér á sjálfsagt að vera eitt af þeim málum til atvinnuaukningar og bjargráða fyrir Norðurland, sem fólkið í þeim landshluta keypti hæstv. ríkisstjórn. Ég vil aðeins óska og vona, að önnur bjargráð finnist, sem farsælli mættu reynast því, sem nú er hér borið fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20:1 atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 15. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 101, n. 303 og 305).

Frsm. meiri hl. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Landbn. hv. d. hefur haft þetta mál til athugunar og varð ekki á eitt sátt um afgreiðslu þess, eins og fram kemur í nál. þeim, sem hér liggja fyrir. Meiri hl. n., 4 nm., leggur til, að það verði samþ. með smávægilegum breytingum.

N. ræddi þetta mál á nokkrum fundum. Eins og nál. bera með sér, kom fram eindregin ósk innan n. um það, að leitað yrði umsagnar náttúruverndarráðs og forstöðumanns náttúrugripasafnsins, og enda þótt umsagnir bærust frá báðum þessum aðilum seint á síðasta þingi og mætti segja, að það lægi þess vegna nokkurn veginn fyrir, vildum við nú verða við þessari beiðni, enda bárust umsagnir að nýju frá báðum þessum aðilum. Að vísu var hún þannig frá náttúruverndarráði, að það var vísað í þá umsögn, sem það gaf Alþ. 5. maí s. l. En í stuttu máli lögðu — og leggja — báðar þessar stofnanir á móti samþykkt frv.

Við sáum hins vegar ekki ástæðu til, þar sem þetta mál var hér ýtarlega rætt á síðasta þingi og leitað þá umsagnar fleiri aðila, að vera á ný að fara fram á umsagnirnar, því að það voru ekki líkur fyrir, að afstaðan hefði breytzt. En við höfum í nál. okkar í meiri hl. vitnað í þessar umsagnir, sem voru frá þremur aðilum, þ. e. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, veiðistjóra og búnaðarþingi, og eins og við minnum á og af því, er kom fram í nál. meiri hl. á síðasta þingi, voru þessar umsagnir í raun og veru allar jákvæðar, en þó nokkuð misjafnlega jákvæðar. Þar komu fram nokkrar bendingar um æskilegar breytingar, sem n. tók þó ekki upp eða gerði ekki að sínum, enda mátti segja, að þær snertu alveg eins framkvæmd málsins og löggjöfina sjálfa.

Ég sé ekki ástæðu til að fara ýtarlega út í þetta mál núna. Þetta var rætt mjög mikið, að segja mátti, á s. l. vetri. Auk þess flutti hv. 1. flm., 2. þm. Norðurl. e., hér ýtarlega framsögu við 1. umr. málsins, þar sem hann rakti höfuðröksemdirnar. En ég vil þó aðeins minna á, að þá vitnaði hann m. a. í álit framkvstj. dönsku loðdýraræktarfélaganna, sem hafði verið hér á ferð s. l. sumar og var þá á leið til Grænlands þeirra erinda. Þessi framkvstj. lét þá í ljós undrun yfir því, að við skyldum ekki hafa hér minkaeldi, þar sem sér virtist, að skilyrði væru hér í bezta lagi. Það hefur sem sagt komið fram í öllum álitum, sem fram hafa komið frá reyndum mönnum í þessu efni í nágrannalöndum okkar, þar sem loðdýrarækt er stunduð, einmitt þetta samhljóða álit, að hér séu skilyrði eða virðist vera í bezta lagi til þessa atvinnurekstrar. Hv. frsm. vitnaði þá einnig í álit veiðistjóra, sem barst n. á síðasta vetri, sem einnig var mjög jákvætt.

Ég vil aðeins minna á það hér um leið, að hv. 2. þm. Austf. flutti hér alllanga ræðu við 1. umr. málsins. Ég skal ekki fara mikið út í það mál. Hann var þessu frv. mjög andstæður. Það vildi þannig til núna um helgina, að mér varð hugsað til þess, sem mér var í bernsku innprentað, að lesa gott orð um helgar. Ég kom hingað í Alþ., og mér varð það á að líta yfir ræðu hv. 2. þm. Austf., sem hann flutti hér við 1. umr. málsins. Ég vil aðeins minna þar á eitt atriði, sem kom fram hjá honum. Hann „krítiseraði“ allmjög, að það væri verið að leggja útflutningsgjald á þessa vöru, og honum fannst að vonum ekki gott samræmi í því, þar sem væri nú lítil trú á að margra

áliti, að það væri hægt að gera ráð fyrir því, að þessi framleiðslugrein gæti borið útflutningsgjald. Nú má að vísu deila um þetta. En það er alveg rétt, að í byrjun verður þetta reynslutimi fyrir þessa atvinnugrein, og það er einmitt ein af þeim brtt., sem við flytjum, meiri hl., við frv., að þetta ákvæði í l. um útflutningsgjaldið falli niður. Það felst ekki í því, að við séum að undirstrika vantrú á þessa atvinnugrein, en hitt má teljast fullkomlega óeðlilegt, á meðan við eru að reyna að prófa okkur áfram, hversu arðvænlegt þetta verður, að við séum að leggja á þessa framleiðslu útflutningsgjöld. Það segir hins vegar ekkert um, hvað síðar verður. En ég minni á þetta hér, af því að ég vænti, að með þessu hafi dregið nokkuð saman með okkur í meiri hl. og hv. 2. þm. Austf. í afstöðunni til þessa máls.

Ég vil enn fremur minna á í þessu sambandi, að fyrir nokkru flutti Bjarni Finnbogason ráðunautur í Dölum búnaðarþátt í útvarpið, þar sem hann var að lýsa ferðalagi, sem hann átti um Noreg s. l. sumar og haust. Og hann kom sérstaklega inn á það í þessu erindi, að minkarækt in væri þar mjög vaxandi atvinnugrein og í mörgum byggðarlögum virtist hún setja einna mestan svip á framleiðsluna. Það væru minkarnir, þau húsdýr, eins og hann orðaði það, sem mest hefði fjölgað í Noregi síðustu árin. Hann sagði frá því, að hann hefði séð þar stærsta búið, þar sem hefðu verið 12 þús. dýr og gert ráð fyrir, að þar kæmu 8 þús. til slátrunar. Meðalverðið á skinnunum hefði verið um 100 kr. norskar eða um 600 kr. íslenzkar, en það svarar þá til þess, að framleiðsluverðmæti þessa eina bús væri 4.8 millj. kr.

Ég hef talið rétt að láta þetta koma fram hér, af því að ég fylgdi þessu frv. ekki neitt úr hlaði við 1. umr. málsins.

En það er aðeins eitt í þeim aths., sem hv. minni hl. brýtur hér upp á við þetta mál, sem hann leggur á móti, sem ég ætla á þessu stigi að gera aðeins að umtalsefni. Þar er verið með bollaleggingar um það, að nú sé kominn áhugi fyrir því að flytja inn chinchillarottur frá Suður-Ameríku, og svo er spurt, hvort það sé ekki með þessu frv. verið að opna leið slíkum innflutningi. Nú vil ég aðeins benda á það, að eins og lög um loðdýrarækt eru nú, er ekki hindraður slíkur innflutningur. Það er eingöngu um að ræða, að minkaeldi sé bannað. Hins vegar með samþykkt þess frv., sem hér liggur fyrir núna, er með bráðabirgðaákvæðinu hindrað um næstu tvö ár, að það verði nokkur önnur loðdýr tekin hér til ræktunar heldur en einmitt minkurinn, þannig að það felst í þessu miklu frekar öryggi gegn því, að þessar chinchillarottur leggi leið sína inn í landið, — einmitt með því að samþykkja það frv., sem hér liggur fyrir.

En um þessar brtt., sem við í meiri hl. urðum sammála um, er það að segja, að við 6. gr. var bætt í fyrra við 2. umr. eða 3. umr. málsins í hv. d. ákvæði um það, að leyfi til minkaeldis yrði ekki veitt nema þar, sem villiminksins hefði orðið vart eða hann hefði náð öruggri fótfestu. Við töldum eðlilegra, að þetta ákvæði yrði sett sem bráðabirgðaákvæði, á meðan verið er að sjá, hversu gefst með þennan atvinnuveg og m. a. hvort þær hrakspár, sem mjög eru á lofti af hálfu andstæðinga málsins um það, að hér muni minkurinn streyma út úr búunum, hvort þær hrakspár eiga við rök að styðjast, og þess vegna má segja, að það sé fyllilega réttmætt til að byrja með, að þá sé leyfi þessara 5 búa m. a. bundið við það, að þau séu ekki veitt, þar sem villiminksins hefur ekki orðið vart áður.

Annars koma fram bollaleggingar, eins og hv. þm. geta séð, ef þeir lesa álit forstöðumanns náttúrufræðistofnunarinnar, um það, að það muni ýmislegt geta skeð, ef aliminkur fær á ný að blandast við villiminkinn, sem fyrir er í landinu. Ég skal engan dóm leggja á þessar bollaleggingar. En ég vil aðeins minna á, að það er staðreynd, að sú ræktun, sem nú hefur farið fram á aliminkum víða um lönd og t. d. á Norðurlöndum, hefur öll beinzt að því að bæta feldinn, auka verðmæti skinnanna. En jafnhliða hefur þetta í mörgum tilfellum kostað það, að ýmsir aðrir hæfileikar þessa dýrs, ef svo mætti segja, hafa mörg úrkynjazt, m. a. er t. d. eitt slíkt afbrigði, sem gefur einna verðmætust skinn í Noregi, næstum því sjónlaust. Margir, sem ég hef rætt við um þetta, hafa haldið því fram, að hættan í þessu, sem margir tala um, sé tiltölulega mjög lítil, vegna þess að við þessa einhæfu ræktunarstefnu til þess að auka gæði skinnanna hafi ýmsir aðrir eiginleikar þessa dýrs úrkynjazt svo mjög, sem því séu fyrst og fremst nauðsynlegir, ef það á að bjarga sér að eðlilegum hætti eins og rándýr gera. Á hinn bóginn er vitanlega skynsamlegast að spá sem minnstu um þetta. Það er reynslan ein, sem getur skorið úr þessu. Það er þess vegna, sem við höfum viljað fara gætilega í sakirnar, og við getum að öðru leyti, sem höfum trú á þessu máli, tekið undir það, að okkur vanti fullkomlega rök fyrir því, að þetta verði ótvírætt ábatasöm atvinnugrein hér, og þau rök fást ekki að fullu, fyrr en við förum að stunda þessa framleiðslu, en til þess verðum við líka að byrja.

Hitt er svo, sem virðist skipta mönnum með og á móti, ekki sízt er það trúin á, hvort það sé ábatasamt að stunda þessa framleiðslu og hvort við Íslendingar munum verða færir um að verða þar hlutgengir á við annarra þjóða menn. Ég hef trú á því, að svo verði.

Við leggjum enn fremur til, eins og ég hef áður sagt, í brtt. okkar í meiri hl., að niður falli 8. gr., sem er um útflutningsgjaldið, og að lokum, að það sé heimilt að veita leyfi fyrir einu af þessum 5 búum, sem gert er ráð fyrir að séu sett á stofn í byrjun, í Vestmannaeyjum, þrátt fyrir bráðabirgðaákvæðið, sem við leggjum til að standi, að það þurfi yfirleitt að vera skilyrði, að villiminks hafi orðið vart. En við tókum þessa till. upp m. a. vegna þess, að það var einmitt ein af bendingum dr. Finns Guðmundssonar, sem þrátt fyrir allt leggur á móti málinu. Taldi hann þó, að það kæmi til mála að setja upp eitt bú í Vestmannaeyjum. Og rökin fyrir því eru náttúrlega fyrst og fremst þau, að það er líklega hvergi meiri gnægð hentugra fæðuefna fyrir minkinn. Auk þess telur hann þau rök, að það má telja, að hann sé þar einangraður. En eins og kemur fram í nál. okkar, mælir það hins vegar

á móti, að það er yfirleitt talið, að bezti felduinn fáist, þar sem veðrátta er þurrviðrasöm, og það vita allir, að Vestmannaeyjar uppfylla ekki það skilyrði að sama skapi. Annað skilyrðið sem sagt, hvað fæðuna snertir, er þar mjög hagkvæmt, þetta skilyrði síður. En við töldum rétt, að það væri þó gefinn möguleiki á því, að þarna mætti setja á stofn eitt af þessum 5 búum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa lengri framsögu, en við leggjum sem sagt til hér 4 nm. í hv. landbn., að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem fram koma á þskj. 303.

Frsm. minni hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Minni hl. landbn., 3 nm., er mótfallinn þessu frv. og leggur til, að því verði vísað frá.

Frv. var flutt á síðasta þingi og olli þá miklum deilum, svo að málið hlaut ekki afgreiðslu. Það er nú fram komið á nýjan leik, en málavextir eru óbreyttir, og er sama ástæða til gætni nú og s. l. ár.

Loðdýrarækt er ekki nýr atvinnuvegur á Íslandi, og það er næsta furðulegt að heyra menn mæla fyrir þeirri hugmynd á þeim grundvelli, að hér þurfi að hefja loðdýrarækt til að öðlast reynslu af henni, eins og reynsla í þessum efnum sé engin fyrir hendi. Minkaeldi var stundað um rúmlega tveggja áratuga skeið á Íslandi og því þrautreynt við íslenzkar aðstæður. Oft voru minkabúin rekin með tapi, og gjaldeyristekjur urðu miklu minni en búizt hafði verið við. Þegar minkaeldi var loks bannað 1951, var það hrörnandi atvinnugrein og aðeins 7 bú starfandi í landinu. En í staðinn fyrir hinn mikla og auðfengna gróða, sem átti að verða af minkarækt og ýmsa dreymir um enn í dag, fékk þjóðin eina verstu landplágu síðustu mannsaldra, villiminkinn. Þarf vart að orðlengja, hvílíku tjóni hann hefur valdið á náttúru landsins og hlunnindum, það er alþekkt mál.

Við prentum í nál. okkar skrá yfir, hversu mörgum minkum hefur verið eytt á síðustu tveimur árum, sem skýrslur eru til um, og geta menn þar fengið nokkra hugmynd um útbreiðslu þessa dýrs og hve mikið átak þarf til þess að halda minknum í skefjum, eins og nú er. Kostnaður við eyðingu hans skiptir og milljónum.

Minni hl. landbn. vill benda á nokkur atriði í sambandi við þetta frv. til íhugunar.

Í fyrsta lagi er það, að okkur virðist nú vera mjög almennt viðurkennt, að minkar muni alltaf sleppa úr haldi, hversu vel sem um þá er búið. Heyrist varla lengur sú rödd, sem vill leyfa sér að fullyrða, að hægt sé að tryggja það algerlega.

Í öðru lagi finnst okkur, að ekki hafi verið lögð fyrir þingið nægileg gögn, sem styðja þá skoðun flm., að minkaeldi sé nú líklegra til að verða gróðavegur en það áður var.

Í þriðja lagi finnst okkur, að þetta frv. sé styttra, efnisminna og að mörgu leyti óljósara en lög og reglur, sem áður hafa gilt. Okkur finnst of mikið treyst á væntanlegar reglugerðir, sem þm. vita ekkert um á þessu stigi.

Í fjórða lagi er nú lítið talað um kröfur til sérþekkingar þeirra, sem kunna að fá leyfi til loðdýraræktar. En í athugunum, sem fyrir nokkrum árum voru gerðar fyrir ríkisstj., var lögð megináherzla á, hversu nauðsynlegt væri, að sérþekking væri nægilega mikil við slíka starfsemi sem þessa.

Þá viljum við benda á, að flm. hafa af einhverjum ástæðum ekki sett nein ákvæði í frv. sitt um innflutning loðdýra. Þar treysta þeir eingöngu á gamalt ákvæði, sem er í l. um innflutning búfjár, og af einhverjum ástæðum hefur þetta ákvæði staðið þar óbreytt, þó að það sé í raun inni algerlega andstætt anda þeirra l., eins og hann kemur fram t. d. í byrjun þeirra. Mundi Alþ. í dag veita ráðh. nær takmarkalausa heimild til þess að leyfa innflutning ræktaðra villidýra? Ég leyfi mér að efast um það, og kann það að vera ástæðan fyrir því, að flm. fara ekki á flot með það að hafa ákvæði um innflutning í þessu frv., þó að þau ákvæði eigi að sjálfsögðu heima á þeim stað, en ekki í l. um innflutning búfjár.

Þá er það áberandi, að flm. forðast að nefna orðið „mink“ nema rétt á einum stað í bráðabirgðaákvæðinu. Frv. fjallar um öll loðdýr, og í því sambandi er rétt að taka eftir því, að samkv. upplýsingum frá einum af sérfræðingum Búnaðarfélagsins, sem voru lagðar á prenti fyrir búnaðarþing, er hér á landi áhugi á því að flytja inn önnur loðdýr, t. d. chinchillarottur, sem munu vera upprunnar í Suður-Ameríku. Það er rétt hjá hv. síðasta ræðumanni, að sjálfur lagabókstafurinn breytist ekki, nema síður væri, í sambandi við innflutning á öðrum loðdýrum. En verði farið út á þá braut að leyfa minkaræktina aftur, er það stefnubreyting, sem mér finnst að gæti hæglega haft þau áhrif, að í kjölfarið komi óskir um að leyfa innflutning á fleiri dýrategundum, sem við vitum ekkert um, hvernig mundu hegða sér við íslenzkar aðstæður.

Minni hl. telur, að frv. þetta þurfi mun meiri athugun, og leggur því til, að því verði vísað til ríkisstj. En nái sú till. ekki samþykki, leggjum við fram til vara þrjár brtt. Er sú fyrsta á þá lund, að Náttúrufræðistofnun Íslands skuli úrskurða, hvað teljist loðdýr, en ekki ráðh. Og í öðru lagi, að ráðh. megi ekki veita leyfi nema að fengnu samþykki náttúruverndarráðs og viðkomandi sveitarstjórnar. Mun það vera í fullkomnu samræmi við eðli náttúruverndarráðs, að það verði að samþykkja slík mál sem þessi, og einnig virðist vera sanngirnismál, að sveitarstjórnir fái að ákveða, hvort slík starfsemi sem minkarækt verður leyfð á þeirra landssvæði eða ekki.

Ég vil svo ítreka, að umr. og deilur, sem hafa verið um þetta mál, gefa Alþ. fyllstu ástæðu til að fara gætilega í sakirnar og gleyma ekki þeirri reynslu, sem þjóðin hefur þegar öðlazt. Ég tel, að það væri misráðið að taka nú aftur upp minkarækt og innflutning minka til landsins. Ég tel, að allar líkur svo og fyrri reynsla bendi til þess, að þetta verði ekki sá atvinnuvegur eða sá gróðavegur, sem ýmsir telja.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Till. hv. meiri hl. landbn. um að samþykkja loðdýrafrv., ekki einu sinni óbreytt, heldur jafnvel lakara en það var frá upphafi af hendi hv. flm., sannar hið forna máltæki, að lengi geti vont versnað. Í hv. landbn. er einn af flm. frv., og er augljóst, að

hann hefur ásamt nokkrum félögum sínum farið fremur spillandi hendi en bætandi um frv., þótt furðulegt megi raunar telja, þar sem öll n. hafði fyrir sér umsögn athugulla og sérfróðra manna um slík mál sem þetta og allir nema einn vöruðu fastlega við, að Alþ. samþykkti frv. Þessi eini maður, sem ekki lagðist beinlínis gegn frv., virðist hafa þá skoðun, að þar sem raunverulega sé aðeins farið fram á leyfi fyrir innflutningi á minkum, sem séu þegar fyrir í villtu ástandi í landinu, sé ekki ástæða til að leggjast gegn frv. eins og það er nú. Um þetta má náttúrlega deila, en það virðist ljóst, að þessi maður, sem hér er um að ræða og hv. þm. geta kynnt sér, hver er, í sambandi við þær upplýsingar, sem hv. minni hl. landbn. birtir með sínum till., virðist þó ekki mæla, ef á að skoða umsögn hans sem meðmæli, nema með innflutningi eins loðdýrs, þ. e. minksins. Hann virðist sem sagt alls ekki taka afstöðu til annars loðdýrainnflutnings, og er það e. t. v. von, því að hv. flm. hafa í ræðu og riti hér breitt vandlega yfir, að fyrir þeim vekti annað en að fá minkinn, og raunar reynt að fela þann tilgang líka. Hv. nefndarmeirihl. skýrir frá því, að dr. Finnur Guðmundsson hafi gert það að till. sinni, að aðeins eitt minkabú, tilraunabú, verði stofnað og það verði til öryggis staðsett í Vestmannaeyjum. Hv. nefndarmeirihl. telur þessa till. dr. Finns fráleita, segir, að í Vestmannaeyjum sé loftslag svo rakt, að þar séu loðdýr ólíkleg til þess að skila af sér góðum skinnum, en það sé eitt af meginskilyrðunum, að slíkt geti átt sér stað, og þess vegna þurfi loðdýrabúin fyrst og fremst að vera þar, sem loftslag er ekki rakt, heldur þurrt og svalt.

Mér varð nú á að hugsa sem svo, þegar ég sá þessa röksemd, að þá virðist Suðurland og Suðvesturland vera dæmt úr leik að njóta sælunnar af fyrirhuguðum tilraunabúum. Mætti segja mér, að sumir af hinum áhugasömu loðdýramönnum utan þings í Reykjavík og nágrenni yrðu ekki mjög glaðir yfir þessum úrskurði nefndarmeirihl. Virðist þar með, að öll rök hnígi að því, að Norðlingar geti hlotið happið, eins og sumir þeirra munu óska í þeirri von, að þessi dýr geti bætt úr atvinnuástandinu í fjórðungnum.

Meiri hl. landbn. gerir nokkrar brtt. við frv., og vil ég lítils háttar víkja að þeim.

Lagt er til, að síðasta mgr. 6. gr. falli niður, en þar er ákvæði um, að ekki megi leyfa dýraeldi í þeim sveitarfélögum, þar sem villiminkurinn hefur ekki náð öruggri fótfestu að dómi veiðistjóra. Það mun mörgum utan þings og innan finnast nokkur óhæfa í því af loðdýramönnum að leyfa sér að leggja til að afnema þetta ákvæði, sem getur þó veitt hlutaðeigandi byggðarlögum nokkra vernd, a. m. k. í bili, fyrir ágengni loðdýramanna og þeim villidýrum, sem þeir hyggjast hafa undir höndum. Þetta ákvæði var á síðasta Alþ. sett inn í frv. samkv. till. gætins manns, sem vildi þó reyna að fá verstu agnúa frv. af sniðna. Ég vil því ekki trúa því, að hv. þd. vilji ekki halda þessu ákvæði, eins og meiri hl. hennar samþykkti s. l. vetur. Hvað í stað þessa ákvæðis á að koma samkv. till. meiri hl., kem ég að síðar. Þá vill hv. meiri hl. fella niður 8. gr. frv., en hún var einnig á s. l. vetri samþ. inn í frv. Hv. frsm. meiri hl. vék að þessari brtt. þeirra og gat þess, að ég hefði snúizt mjög gegn þessum skatti, sem um ræðir í 8. gr., en það er, að aukaálag eða aukatollur sé lagður á útflutt skinn, 4.2%, minnir mig, af fob.-verði. Hv. frsm. meiri hl. gerði sér von um og lét þess getið, að hann vænti þess, að nokkuð mundi saman draga með okkur í sambandi við frv., vegna þess að þeir hefðu tekið þessa aths. mína til greina.

Þetta er nú ekki alls kostar rétt eftir haft. Ég gerði vissulega aths. við 8. gr. og benti á, að þar væri hugsað að nota það fé, sem inn kæmi, m. a. í sambandi við vísindalega rannsókn á eðli dýranna og þar fram eftir götunum. Ég gerði svo létt grín, ef ég má orða það svo, að þessu ákvæði, en ég hefði óskað þess, að hv. nefndarmeirihl. hefði tekið tillit til einhvers frekar af því, sem ég hef bent á og fann að, heldur en þessa ákvæðis. Ég benti þá á, að ég tryði ekki á gildi þessarar rannsóknar og teldi hana óþarfa. En ég lagðist ekki á móti skattinum í sambandi við það eina, sem ég taldi nokkurs virði í 8. gr., og það væri það, að aflað væri eftir þeirri leið fjár til þess að efla þá vinnu og draga úr þeim opinbera kostnaði, sem þyrfti til að reyna að eyða villiminknum. Og ég verð að segja, að mér finnst það heldur lágkúrulegt af hv. nefndarmeirihl. að reyna að smeygja sér undan þessum skatti með tilliti til þess, að hann mætti verða til þess að stuðla að því, að enn meira yrði gert til útrýmingar þessu villidýri en hægt er með þeim fjárveitingum, sem fyrir liggja frá því opinbera hverju sinni. Því lágkúrulegra er þetta, að frv.-mennirnir hafa haldið því mjög á lofti, hve hér sé um mikilvægan og arðsaman atvinnuveg að ræða, og hafa gefið í skyn, að þeim mönnum, sem ynnu að þessum málum og hæfu ræktun þessara dýra, mundu berast strax í hendurnar gull og grænir skógar. Ef þeir hafa trú á þessu, hv. flm. og nefndarmeirihl., þá endurtek ég það, að mér finnst það lágkúrulegt að reyna að smeygja þessum aðilum undan því að leggja fram svolítið fé til þess að útrýma villiminknum og kannske til þess að hjálpa til að drepa þá uppvaxandi villiminkakynslóð, sem kemur frá þeim minkamönnum í framtíðinni.

Þessar tvær brtt. ásamt brtt. við bráðabirgðaákvæði frv. eru í raun og veru ógeðfelld tilraun til að fella burt þau litlu ákvæði, sem hv. þd. tókst á síðasta þingi að koma til bóta inn í frv.

Ég ætla þá lítils háttar að víkja að því bráðabirgðaákvæði, sem meiri hl. gerir till. um að breyta frá því, sem er í frv. sjálfu. Fyrst er nú það, að ákvæði í frv. um tveggja ára reynslutíma með 5 loðdýrabú er vitanlega lítið annað en sýndarmennska. Allir, sem til þekkja, vita, að það fæst ekki reynsla um eitt eða neitt á tveimur árum, frá því að minkabúin eru stofnuð. Og ég mun þess vegna mjög styðja till. hv. minni hl. landbn. um að færa bráðabirgðaákvæðið um reynslutímann upp, — ég ætla, að sá nefndarhluti sé með 10 ár í staðinn fyrir 2, sem eru nú í frv., og eins mun ég styðja þá brtt. sama nefndarhluta, sem hann ber fram varðandi 6. gr.

Hv. meiri hl. landbn. flytur tvær brtt. við bráðabirgðaákvæði frv. Annað þeirra er nánast broslegt. Það er um, að eitt af þessum 5 tilrauna-

loðdýrabúum megi staðsetja í Vestmannaeyjum. Þessi till. kemur nú raunar eins og fjandinn úr sauðarleggnum, eftir að þessi nefndarhluti hefur á grundvelli óhagstæðs loftslags í Vestmannaeyjum hafnað till. dr. Finns Guðmundssonar að stofna þar, eins og hann lagði til, eitt tilraunabú, og var vitanlega hugsun og er rökstudd af dr. Finni þannig, að með því að hafa eitt tilraunabú og það staðsett í Vestmannaeyjum, sé ekki eins mikil hætta af tjóni almennt talað, þótt einhver dýr sleppi, heldur en hafa þau á meginlandinu fleiri eða færri samtímis. Ég veit raunar ekki, hvað fyrir hv. meiri hl. landbn. vakir í þessu efni. Er þetta það, sem kallað er á lélegu máli eiga vera sniðugt bragð, tilraun til að blekkja fólkið um það, að það vanti svo sem ekki, að nefndarmeirihluti hafi viljað taka tillit til till. þessa merka fræðimanns, dr. Finns Guðmundssonar — eða hvað? En ekki er hægt að hugsa sér meiri afskræmingu á till. dr. Finns Guðmundssonar en hafa 4 bú í landi og 1 í Vestmannaeyjum.

Önnur brtt. þessa nefndarhluta er stórum alvarlegri. Hann leggur til, að í staðinn fyrir síðustu mgr. 6. gr. varðandi bann við því, að menn stofni til loðdýrabúa í héruðum, þar sem villiminkur hefur ekki náð öruggri fótfestu að dómi veiðistjóra, komi líka til breyting, ákvæði til bráðabirgða, þannig:

„Leyfi þessi (að sjálfsögðu átt við loðdýraræktarleyfi) má þó aðeins veita í byggðarlögum, þar sem villiminks hefur orðið vart.“

Ég vil spyrja, hvers vegna ákvæðið um takmörkun á leyfi til loðdýraræktar eigi fyrst og fremst að vera í bráðabirgðaákvæði. Telur meiri hl., að ákvæði þetta falli þá niður eftir 2 ár, eins og önnur bráðabirgðaákvæði frv., eða vakir fyrir hv. flm. og meiri hl. n., að það sé þá auðveldara að afnema þetta ákvæði með t. d. reglugerðarákvæði? Mér er enn ríkara í huga hin furðulega mikla efnisbreyting, sem nefndarmeirihlutinn vill að gerð sé á ákvæðinu um skilyrði um stofnun loðdýragarða, og ég vil leyfa mér að biðja hv. þdm. að íhuga, hver er efnismunurinn á að heimila loðdýrarækt í þeim sveitarfélögum, þar sem villiminks hefur orðið vart, — ég endurtek: hefur orðið vart, — eða heimila það sama, þar sem villiminkur hefur náð öruggri fótfestu að dómi veiðistjóra. Sú heimild virðist bundin við, að ekki dugi flækingsminkur, sem kann að verða vart í byggðarlagi eða nágrenni þess, eða jafnvel þótt fleiri minkar væru, til þess að veitt yrði leyfi, öðruvísi en veiðistjóri teldi, að villidýrin væru orðin það mörg í þessu byggðarlagi, að vafasamt eða ómögulegt að hans dómi væri að útrýma honum. Ég hafði satt að segja ekki fyrr athugað það, sem kemur fram í skýrslu, sem fylgir nál. minni hl. landbn., að Múlasýslur eru þær einu að undanskildum Vestmannaeyjum, þar sem hefur ekki enn orðið vart eða ekki verið veiddir villiminkar. Það þrengist því frísvæðið, þannig að mér finnst, að t. d. hv. 3. þm. Austf. sé vorkunnarlaust að sýna þá biðlund um stofnun loðdýrabús, sem ákvæði 6. gr. segir fyrir um, og því sé það óafsakanlegt að reyna að afnema þetta ákvæði 6. gr., ef menn ætla sér að lauma inn í staðinn gagnslausu ákvæði í þessu efni. Og þetta ákvæði, sem flm. vilja að verði samþ. eða meiri hl. landbn., er þannig sem sagt í aðalatriðum og efnislega, að ef villiminks verður vart, er allt opið fyrir loðdýramönnum, hvað sem hver segir, það á sem sagt ekki að þurfa að vera um að ræða nema flækingsmink, sem reikar um heiðalöndin, til þess að það sé hægt að sleppa öllu lausu í hlutaðeigandi byggðarlagi. En ég geri samt ráð fyrir, að hv. meiri hl. landbn. muni geta látið sér detta í hug, að fólkið muni a. m. k. krefjast þess, að meiri sannanir liggi fyrir í sambandi við það að leyfa loðdýrarækt á hlutaðeigandi landssvæði.

Það mun varla verða nóg, að t. d. hv. 3. þm. Austf. segi mönnum, að trúverðugur maður hafi sagt mér, að hann hafi séð mink. Segjum svo, að sögumaður haldi því fram, að hann hefði orðið var við villimink í nágrenni eða á Fljótsdalshéraði, en samt mundi sennilega frekari sannana verða krafizt. Það mætti því vel hugsa sér, að sannana yrði leitað á þá lund, að áhugamaður um loðdýrarækt, t. d. eins og hv. 3. þm. Austf., bjóðist til að safna leitarmönnum og vera formaður leitarflokksins. Síðan væri haldið af stað, leitað um heimalönd og heiðar Fljótsdalshéraðs. (Gripið fram í.) Já, ég veit það, ég efa það ekki, að hv. 3. þm. Austf. sé hlaupamaður til margra hluta nytsamlegur. Og eftir mikla leit fyndist t. d. eitt flækingsdýr, aðeins eitt, en eitt er betra en ekki neitt. Ég geri ráð fyrir, að hv. leitarforingi hefði ekkert rætt um það við lið sitt, hver viðbrögð skyldu viðhöfð, ef dýr fyndust, og því mundi veiðihugurinn ná tökum á þeim, sem kæmust í návígi við dýrið, og dræpu það.

En sagan er nú ekki þar með öll. Þá geri ég ráð fyrir, að flokkurinn að lokinni leit flytti líkið með sér til byggða og krefðist verðlauna fyrir að hafa unnið skepnuna. En ég spyr: Hver verða svör hlutaðeigandi ráðamanna á Héraði, ef hv. 3. þm. Austf. framvísar síðan hræinu og segir: „Hér er sönnun fyrir því, að villiminks hafi orðið vart á Fljótsdalshéraði, og ég krefst heimildar til þess að mega stofna loðdýragarð í krafti bráðabirgðaákvæðisins?“ Ég verð að vænta þess, að hv. frsm. meiri hl. gefi greinagóð svör varðandi fsp. mínar og aths.

Við 1. umr. þessa máls benti ég á, hversu þetta frv. væri ónákvæmt og laust í reipunum og hve hættuleg fjarstæða það væri að ætla sér með því að skapa almenna lagaheimild fyrir innflutningi hvers konar loðdýra. Nóg væri, ef aftur ætti að heimila mink og minkaeldi, þótt ekki fylgdu í kjölfarið hvers konar önnur meindýr af loðdýrakyni. Það hefur verið vikið að því hér í umr. af meðhaldsmönnum, hvort sem það var hv. frsm. eða ekki, að hér væri aðeins um að ræða minkinn. Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. hafi lesið frv. og séð, að þar er alls ekki verið að ræða um minkinn. Hann er bannorð í frv. Það er verið að ræða um loðdýr og 1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinna eingöngu eða aðallega“ o. s. frv. Þar er gert ráð fyrir, að það sé hæstv. landbrh., sem, eins og ég gat um við 1. umr., ætti að fara höndum um feld dýranna og úrskurða, hvort þetta væri loðdýr. Ég sé ekki, að

hans hlutverk sé annað en þetta. Ég geri nú ekki ráð fyrir, að þeir komi með holdanaut eða eitthvað slíkt dýr til þess að láta hann skoða, en loðinn er nú feldurinn fyrir því.

Nei, þetta ónáttúrlega orðalag frv. alls virðist stefna að því að opna almenna lagaheimild fyrir innflutningi hvers konar loðdýra. Í grg. með frv. og raunar að nokkru leyti í bráðabirgðaákvæði frv., eins og það er núna, í grg. og öllum málflutningi, eins og ég hef sagt, verður maður að skilja það svo, bæði mál manna og það, sem prentað er, að hér sé um almenna heimild að ræða til innflutnings á hvers konar loðdýrum. Ég held, að það muni aldrei hafa átt sér stað, að hv. Alþ. hafi samþ. lög um dýrainnflutning nema um eina ákveðna dýrategund í senn, að innflutningsheimild sem þessi muni varla einu sinni hafa verið lögð nokkurn tíma fyrir hv. Alþ., hvað þá að slíkt hafi verið samþ. þar. Ég tel, að það væri fróðlegt, ef hv. frsm. meiri hl. gæti eða vildi upplýsa það, hvað í raun og veru vakir fyrir mönnunum, og segði hreinskilnislega til um það, hvort hér er eingöngu um minkinn að ræða eða önnur fleiri loðdýr. Ég tel þetta orðalag frv. vera hreinan skollaleik og það þýði ekki fyrir hv. flm. og nefndarmeirihl. að afneita efni frv., segja, að það sé allt annað en þar er fram tekið.

Ég skal ekki ræða um minkinn nánar, en í sambandi við loðdýr yfirleitt er það vitað, að okkar einu kynni af loðdýrum eru minkurinn, og ættum við að þekkja hann nokkuð. En það er líka vitað, að aðrar loðdýrategundir yrðu sízt hættuminni íslenzku dýralífi en minkurinn.

Það hefur auðvitað ekki farið fram hjá neinum hv. alþm., hversu flm. þessa frv. og þá um leið meiri hl. landbn., sem mælir með frv., hafa fullyrt mikið og ábyrgðarlítið og borið á loft hvers konar gyllingar til framdráttar sínu máli, hafa m. a. heitið þeim stórgróða í sambandi við loðdýrarækt, sem við þau mál fengjust, og fullyrt, að ekki ætti að þurfa að óttast, að dýrin slyppu úr gæzlu. Þeir eru nú svolítið farnir að draga inn fullyrðingar sínar í þessu efni, sbr. það, sem hv. frsm. nefndi, að það vissi í raun og veru enginn, þegar til kastanna kemur, hvað væri fram undan í þessu efni. Þessir hv. minka- og loðdýramenn ættu þó að vita, og það mun hv. 3. þm. Austf. vita nú a. m. k., það benda hans óvanalega hógværu ummæli á, að hann a. m. k. muni vita, hver er reynslan m. a. á Norðurlöndum, sem þeir vitna þó mjög til, í sambandi við villiminkinn. Er talið, að þar sé að vaxa upp villtur stofn, sem gerir mikið tjón, stofn, sem vaxinn er upp af þeim minkum, sem hlaupið hafa úr búrum.

En hver er svo reynsla ýmissa annarra þjóða en Norðurlandaþjóða í þessu efni, í sambandi við mink og eldi minka og annarra loðdýra? Um þetta atriði er ritað í blaðinu Observer frá 6. febr. s. l. Fyrst er þar skýrt frá því, að minkurinn og önnur loðdýrategund hafi fyrir allmörgum árum verið flutt inn til Bretlands og alin þar vegna verðmætis skinnanna. Ég vil nú — með leyfi hæstv. forseta — skýra lauslega frá því, sem blaðið hefur að segja um reynslu Breta í þessu efni. Fyrirsögn blaðsins um minkinn hljóðar þannig í hinu brezka blaði: „Minkurinn er að verða plága í Bretlandi.“ Síðan segir: „Sívaxandi böl af völdum villiminksins víða í Bretlandi er mestmegnis að kenna mönnum, sem haldnir voru hugmyndum um skjótan gróða af minkaeldinu.“ Síðan hefur blað þetta m. a. eftir meindýraveiðistjórum brezka landbrn.: „Þegar minkaræktarmennirnir sáu, að framleiðsla minkaskinna var ekki eins auðveld né arðsöm og þeir héldu í fyrstu, misstu þeir áhugann á starfseminni og gæzlu dýranna.“ Það væri hugsanlegt, að einhverjum dytti í hug, hvort slíkar sögur hefðu ekki átt sér stað á minkaöldinni hér fyrrum. Lýsing brezka blaðsins á eðli og hátterni minksins er auðvitað hin sama og reynsla er fengin fyrir hér á landi. Það er sagt, að kvikindin séu talin óvenjulega blóðþyrst, drepi miklu meira sér til ánægju en fóðurþörfin krefur, leggist mjög á fugla og nytjafiska í ám og vötnum, og fullyrt er, að ef dýrið er hungrað, leggist það á unglömb. Hitt loðdýrið, sem blaðið ræðir um, kann ég varla að nefna, og þekki ég það ekki að neinu, en mér skilst þó, að það muni e. t. v. af þessu fræga rottukyni, sem menn ætla nú að bjarga landinu með á næstunni. En hvað sem um það er, skiptir það ekki máli, heldur hitt, að blaðið telur, að það dýr valdi álíka miklu tjóni í villtu ástandi og minkurinn. Það er skýrt frá því, að reynt hafi verið með ærnum kostnaði að útrýma þessum meindýrum, en með mjög takmörkuðum árangri.

Ég geri ekki ráð fyrir, að þessi reynsla Bretanna né annarra þjóða hafi mikil áhrif á minka- eða loðdýramennina hér. En íhugunarverðar mættu þessar upplýsingar ásamt upplýsingum og umsögnum íslenzkra fræðimanna verða fyrir okkur þdm., þegar við tökum ákvörðun um afgreiðslu þessa máls. Ég höfða þar ekki til minkamannanna, því að ég veit það og það sýnir sig enn, m. a. í nál. meiri hl. landbn., að þeir virðast lifa glaðir í sinni trú. Og í lokaorðum þess nefndarhluta stendur klausa, þar sem niðurlagið minnir mig mjög skemmtilega á sjálfsánægju Jóns sterka í Skugga-Sveini, og ég get þess vegna ekki neitað mér um að lesa upp svolítinn kafla, með leyfi hæstv. forseta. Hann hljóðar þannig:

„Vér trúum því einnig, að framtak og dugur okkar sjálfra bregðist ekki fremur í þessu efni en á öðrum atvinnusviðum, sem framfarasaga okkar síðustu áratugina vitnar svo vel um.“

Dugir nú þetta sjálfshól og þetta grobb, sem þarna kemur fram? En með þessu er ljóst, að í raun og fyrir löngu reyndar er augljóst, að minka- eða loðdýraræktarmennirnir lifa í trú, en ekki skoðun, fyrst og fremst í þessu máli. Þeir eru eins og aðrir heittrúarmenn, sem ekki virðast vilja hirða um rólega íhugun og mat á málavöxtum né reynslu annarra. Er nú hægt fyrir hv. Alþ. að afgreiða jákvætt slíkt mál sem þetta á grundvelli þess, að trú þessara manna nægi til að verða öruggur varnargarður til að afstýra hugsanlegu tjóni og óhöppum af völdum fyrirhugaðs innflutnings fleiri eða færri villidýra? Getur trú þessara manna slegið ósýnilegan varnargarð um hvert eldisbúr, sem upp á að setja, til varnar gegn því, að dýr sleppi? Og getur þessi trú verið sem hulinn verndarkraftur, sem varðveitir okkar fátæklega, en verðmikla dýralíf fyrir

drápskjöftum og klóm þessara villidýra, sem inn á að flytja og vitað er, að verða þessari villtu náttúru okkar, ef má orða það svo, til óbætanlegs tjóns, eins og verið hefur raunar fram að þessu, en þó eingöngu enn þá aðeins af völdum villiminksins. Málflutning þessara loðdýramanna er ekki hægt að taka gildan að mínum dómi, því að trú þeirra stangast gegn allri reynslu og þekktum lögmálum hinnar villtu náttúru. Ég hefði óskað, eins og áður, að þetta frv. væri fellt. En ég get eftir atvikum vel sætt mig við að fá það hæstv. ríkisstj. til frekari varðveizlu.

Jónas G. Rafnar: Herra forseti. Ég held, að ég hafi við 1. umr. þessa máls gert í stuttu máli allýtarlega grein fyrir ástæðunum fyrir því, að við flm. töldum rétt að heimila að nýju minkaeldi hér á landi. Það væri því endurtekning ofan í alllangar umr., ef ég færi nú á nýjan leik við þessa umr. að rekja það, sem ég sagði þá.

Ég held, að bæði meðmælendur frv. og andmælendur þess, og þá á ég við minni hl. hv. landbn., hafi rætt þetta mál af hófsemi og ég vil segja skynsemi. Hins vegar er e. t. v. tæpast unnt að segja það um hv. 2. þm. Austf. Við að hlusta á málflutning hans hér í hv. d. kemst maður ekki hjá því að láta sér detta það í hug, að á bak við alla hans ræðumennsku sé harla misskilin tilfinningasemi. Að vísu benti hann hér áðan á eitt atriði, sem má segja að væri athyglisvert, og það er grein í merku blaði, Observer, í Englandi, þar sem á það er drepið, að minkaeldi sé nú að verða plága þar í landi. Ég hef ekki séð þessa grein, en þarna skýtur þó nokkuð skökku við reynslu í öðrum löndum. Það liggja ekki fyrir áreiðanlegar upplýsingar um það, að minkarækt hafi stofnað til vandræða á Norðurlöndum, og því tel ég, að það sé harla hæpið, að minkarækt eða loðdýrarækt sé nú skyndilega að verða landplága í Bretlandi. En það gefur auga leið, og út frá því höfum við flm. jafnan gengið, að í þessu sem öðru, þar sem viss hætta er á ferðinni, verður að gæta fullkominnar varfærni og vanda til þess, sem gert er.

Það er alveg rétt, eins og fram kemur í nál. minni hl., að það megi jafnan búast við því, að eitthvað kunni að sleppa út af dýrum. Að sjálfsögðu fer það þá eftir því, hversu vandlega er um minkabúin búið. Ég sá um daginn blað, þar sem voru upplýsingar um nýtízku minkabú. Þar var, að því er mig minnir, mynd af einu slíku búi. Ef farið væri eftir öllum þeim ráðstöfunum, sem þar er gert ráð fyrir að gerðar verði, þykir mér harla ólíklegt, að þessi dýr geti sloppið út úr slíkum búum.

Það kemur einnig fram í nál. minni hl., að hér á landi hafi á árunum 1963 og 1964 verið undir 5143 minkar. Ég spyr nú: Væri það svo óskaplega hættulegt, þó að svo illa til tækist, segjum fyrst í stað, að örfá dýr slyppu út? Nú þegar liggja fyrir upplýsingar um það, að á síðustu tveimur árum, sem skýrslur eru fyrir hendi um, hafi verið unnir hér á landi yfir 5 þús. minkar. Ég mundi segja, að þetta mál lægi allt öðruvísi fyrir, ef enginn minkur væri til í landinu.

Á það er einnig bent í nál., að það liggja ekki fyrir ýtarlegar upplýsingar um það, hvort minkaeldi komi til með að verða gróðavegur hér á landi. Því er til að svara, að það eru nú allmörg ár síðan minkarækt var stunduð hér. En við höfum upplýsingar um reynslu annarra þjóða, Norðurlanda og raunar margra annarra þjóða, þar sem greinilega kemur í ljós, að um hagstæðan atvinnurekstur er að ræða, atvinnurekstur, sem sífellt hefur gefið meiri og meiri arð, vegna þess að eftirspurn eftir þessari framleiðsluvöru, minkaskinnunum, virðist stöðugt hafa farið vaxandi. Hér á landi eru óvenjugóð skilyrði fyrir minkaeldi. Hér er nægur fiskúrgangur, loftslag sennilega hentugt, og ef fyllstu aðgæzlu er gætt og skynsemi látin ráða, má búast við því, að um blómlegan atvinnurekstur geti verið að ræða.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa þessi orð mín fleiri, en ég vil aðeins ljúka ræðu minni með því að þakka meiri hl. hv. landbn. fyrir afgreiðslu hennar á málinu, og eftir atvikum get ég fyrir mitt leyti sætt mig við þær brtt., sem hún leggur til að gerðar verði við frv.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessum umr., en það var einn kafli í ræðu hv. 2. þm. Austf., sem gaf mér tilefni til að standa upp. Hann hélt því fram, að á það væri lögð mikil áherzla af okkur „minkamönnum", sem hann kallar svo, að þetta mál, minkaræktin, mundi strax gefa af sér gull og græna skóga, eins og hann orðaði það, og verða hinn mesti gróðavegur þegar í stað.

Ég vil af þessu tilefni taka það fram, að ég tel, að hér sé mjög hallað máli í málflutningi þessa hv. þm. Ég held, að við, sem að þessu máli stöndum, höfum allir gert okkur grein fyrir því, að hér er fyrst og fremst um að ræða framtíðaratvinnuveg, sem getur þróazt úr litlu og orðið mikill og náð mikilvægri stöðu í íslenzku efnahags- og athafnalífi. En það er síður en svo, að við því sé að búast, að hér verði um nokkur snögg umskipti að ræða í efnahagslífinu, þó að þetta frv. yrði samþ. Á þetta vil ég leggja hina mestu áherzlu. Ég tel, að hér geti orðið um mikilvæga búgrein að ræða í landinu, — búgrein, sem hefur framtíðargildi, — og allt okkar frv. og ég held allur okkar málflutningur bendir til þess, að við reiknum með því, að svo verði, að hér eigi að fara stillt af stað, en sækja í sig veðrið, eftir því sem reynslan kennir okkur.

Þá hefur mikið verið úr því gert hér, að reynslan af minkarækt hér á landi hafi verið mjög vond. Ég skal ekki draga úr því, að hún sé ákaflega misjöfn, og það er margt, sem bendir til þess, að það sé ekki glæsilegt að leggja út í þennan atvinnuveg. En þarna gera andstæðingar þessa máls þó meira úr en þörf er á. Ég var undir þessum umr. að leita að viðtali við mann norðan úr Eyjafirði, Sigfús Þorleifsson á Dalvík, en Morgunblaðið átti í haust viðtal við hann, og hann segir þar frá reynslu sinni af minkaeldi, meðan hann hafði með það að gera um nokkuð margra ára skeið á sínum tíma. Það hefði verið gott að hafa það hér og gagnlegt að lesa það fyrir þingheim. En það var reynsla Sigfúsar Þorleifssonar á Dalvík, að minkaeldið hafi gefið góða raun, og það var einmitt lokað fyrir starfsemi

hans rétt um það bil, sem þeir minkaeldismenn á Dalvík og raunar víðar við Eyjafjörð voru búnir að læra tökin á þessu starfi. Ég held, að það sé því ofmælt, þegar sagt er, að reynslan af minkaeldi hér á landi hafi verið mjög slæm.

Um villiminkinn er það einnig að segja, að hann er staðreynd hér í landinu, og það er einmitt það, sem gerir það að verkum, að við erum margir, sem fylgjum þessu máli, þ. e. að villiminkurinn er þegar staðreynd og það breytir engu um tilvist hans, hvort hér er leyft minkaeldi í búrum eða ekki. Og það er höfuðatriði í þessu máli. Ég held, að það sé meira byggt á ímyndun heldur en staðreyndum, þegar menn gera mikið úr því atriði, að þetta verði til þess að auka hér á villiminkaplágunа, og skal ég þó engan veginn gera lítið úr henni. En ég vil heldur ekki gera of mikið úr henni, eins og sumum hættir til. Ég held, að við gerum sannarlega ekki of lítið úr villiminkaplágunni eða þeir, sem hér tala mest gegn minkunum. Sem betur fer hefur villiminknum ekki enn þá tekizt að gera slíkt tjón í landinu, að það valdi neinum aldahvörfum, hvorki í íslenzku náttúrulífi né fyrir búskap landsmanna.

Það er ýmislegt fleira, sem hefur orðið til þess m. a. að eyðileggja hlunnindi hér, við skulum segja eggver og slík hlunnindi. Það er margt annað en villiminkurinn. Þróunin hefur því miður orðið sú, að menn hafa vanrækt t. d. æðarvörpin. Menn hafa vanrækt þau. Og það er ekki villiminkurinn einn, sem hefur lagzt á þau og gert þar tjón. Þar hefur líka önnur þróun verið að verki, og það er sorgarsaga út af fyrir sig.

En sem sagt, ég gat ekki orða bundizt, þegar hv. 2. þm. Austf. var að tala hér áðan og gera okkur flm., þ. á m. mér, upp skoðanir, sem ég hef alls ekki og ég hygg að enginn okkar hafi, sem að þessu máli stöndum.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég hafði nú ekki séð ástæðu framan af þessum umr. að taka til máls í þessu máli, en satt að segja vekur málflutningur hv. 2. þm. Austf. svo mikla furðu mína, ekki aðeins í þessu máli, heldur og öðrum, þar sem hann tekur til máls, að annaðhvort verð ég svo hlessa og hneykslaður, að ég geng úr hv. þd., eða ég sit, að því er virðist, agndofa yfir þeim röksemdum, sem hann ber á borð fyrir okkur þdm. Sumt af þeim röksemdum, sem hann kom með, voru reyndar fram komnar áður hjá frsm. minni hl. hv. landbn., og það má þá vera, að mér auðnist að lýsa skoðunum mínum og þeirra, sem flytja þetta frv., gagnvart málflutningi þeirra beggja.

Mér þykir það eftirtektarvert, að þeir báðir leggja mikla áherzlu á það, að minkarækt hafi verið þrautreynd hér á landi áður fyrr og misheppnazt. Nú er eftirtektarvert fyrir þessa menn að fá á það bent, að margt af því, sem hefur kannske orðið okkur hér á Íslandi, íslenzku þjóðinni, fyrir hvað beztu og valdið mestum framförum í okkar framleiðslu, framleiðni og framförum, eru m. a. tæki og aðferðir, sem misheppnuðust í byrjun, á frumstigi. Má ég þar t. d. benda á kraftblökkina, hringnótina, síldardælurnar, bæði til þess að dæla úr nót og í land o. s. frv. Það tók árabil að samræma þessa hluti og sýna fram á, að þetta passaði fyrir okkar aðstæður.

Þegar hér er farið út í minkarækt á sínum tíma, er það gert á sömu árunum og verið er að hefja þessa ræktun á Norðurlöndum, og að vísu verðum við fyrr varir við þann skaða, sem gáleysi og kæruleysi olli á sínum tíma í meðferð minksins. En við getum líka hins vegar núna, ef Alþ. ber gæfu til að samþykkja þetta frv., ef við hefjum minkarækt á ný, lært af þeirri miklu reynslu, sem Norðurlandaþjóðirnar búa við í dag í þessu máli. Og þegar þessir hv. þm. tala um, að það sé ekki meiri gróðavegur í dag en á þeim árum, þegar heimurinn var að lenda á barmi heimsstyrjaldar og allur auður þjóðanna beindist að því að hervæða löndin og þjóðirnar, að það sé ekki meiri gróðavegur í dag, þegar það er svo hjá a. m. k. allflestum þjóðum, að almenningur allur hefur meira fé til umráða til þess að eyða fyrir sjálfan sig og þ. á m. til þess að búa sig betur til þess að eignast loðskinn utan á sjálfan sig heldur en nokkurn tíma áður, þá þykir mér harla einkennilegt að heyra þær röksemdir bornar fram hér, að það sé minni gróðavegur en þá fyrir okkur að rækta loðdýr.

Mér finnst alveg sjálfsagt að taka undir það með þeim þm., sem hér hafa talað á móti frv., eins og öðrum, sem tala með því, að auðvitað ber okkur að nota þá sérþekkingu, sem til er, þegar við setjum upp slík bú, enda finnst mér, að í frv., sem flutt er, sé reynt að gæta þess, að það sé farið af stað með þetta sem tilraunastarfsemi, þar sem allrar varkárni er gætt. Við höfum lesið um það í blöðum að undanförnu, að þeir menn, sem hafa virkilega viljað fara af stað með slíka ræktun og boðizt til þess að leggja fjármuni fram til slíks, hafa sjálfir lagt fram ákveðnar till. um það, hvernig beri að gæta búra í dag, til þess að dýr sleppi ekki út. Hitt hefur komið fram hjá þeim, sem andmæla frv., það hefur komið fram, að því sé slegið föstu hjá flm. eða a. m. k. hjá þeim, sem mæla fyrir því, að dýr muni sleppa út. Mér finnst rétt að gera þetta. Auðvitað geta alltaf komið fyrir þau tilfelli, að dýr sleppi út. Það geta fallið snjóskriður og tekið burt búr. Það geta komið óvandaðir menn og hreinlega sprengt búrin í loft upp. Við höfum dæmi fyrir okkur héðan úr Reykjavík, að listaverk hafi verið sprengt í loft upp. Það má vel vera, að það hafi verið sérstakir andstæðingar þessa ákveðna listaverks. Það getur vel verið, að hv. skoðanabræður snoðinskinna, hv. 2. þm. Austf., komi og sprengi í loft upp tilraunabú, sem verður einhvers staðar staðsett á Norður- eða Vesturlandi, til þess að sýna fram á, að þetta sé ræktun, sem alls ekki eigi að eiga sér stað hér á Íslandi.

Þar sem þeir hafa verið að tala um Suður-Ameríku-rottur, þá tel ég, að það sé fyrir utan það mál, sem við ræðum hér. Við ræðum hér um loðdýr, og það hefur ekkert farið á milli mála hjá þeim, sem flutt hafa frv., að þetta frv. er fram komið vegna þess, að við æskjum eftir því, að það verði gerð tilraun hér á landi aftur til þess að rækta mink, en ekki neinar rottur, og það má vel vera, að hv. 2. þm. Austf. finni það út, að það verður þá að koma einhver sérstök heimild til landbrh. til þess að veita leyfi til

innflutnings á nagdýrum, en ekki loðdýrum. Má vel vera, að það komi hér á eftir hjá honum.

Eitt af því, sem ég rak mig á í málflutningi þessara manna, eða sérstaklega hjá hv. 2. þm. Austf., voru ummæli hans um þá brtt., sem kemur fram hjá meiri hl. um heimild til þess að veita leyfi fyrir 1 af 5 búum í Vestmannaeyjum. Hann taldi þetta hina mestu fásinnu eftir það, að hann hafði talið það hina mestu fásinnu af meiri hl. n. að taka til greina það, sem hann hafði kallað hér í fyrri umr. um þetta mál létt grín frá sér. Nú veit ég það, að bæði mér og öðrum hv. þm. verður erfitt að gera greinarmun á því af vörum þessa hv. þm., hvað er grín og ekki grín, því að maðurinn er nú einu sinni þannig gerður. En í sambandi við till. okkar um búið í Vestmannaeyjum vil ég undirstrika það, sem ég sagði í umr. þá, sem var á þá leið, að rakastig í Vestmannaeyjum væri þannig, að það væri á öllu Norðurlandi og öllu Vesturlandi eftir upplýsingum veðurstofunnar hér á Íslandi betra að hafa minkabú þar heldur en í Vestmannaeyjum. Hins vegar er ekki þar með sagt, að það sé ekki heppilegt og ekki hagkvæmt að hafa minkabú þar.

En það eru tvö atriði í áliti minni hl., sem ég vildi aðeins fara nokkrum orðum um og hef reyndar gert það að nokkru. Það er í fyrsta lagi í töluatriðum þeim, sem þeir taka fram, og í töluatriði 1, þar sem þeir segja, að það sé almennt viðurkennt, að minkar muni alltaf sleppa úr haldi, hversu vel sem um er búið. Þetta er því miður staðreynd á Norðurlöndum, og þó, eftir því sem mér er sagt, hefur þessari hættu hér um bil verið eytt nú á síðari árum með nýjum reglugerðum og betri umbúnaði búra en áður þekktist. Og eftir því sem við höfum heyrt hér talað um í blöðum og fréttatilkynningum útvarps, er útbúnaður búra þannig orðinn nú, að þessi hætta á að vera hverfandi lítil. Hins vegar, eins og ég tók fram áðan, getur þessi hætta verið fyrir hendi. En hitt, að það sé slík vá fyrir dyrum, þótt nokkur dýr bættust við þann stóra stofn, sem hér er villtur í landinu í dag, ég tel það hina mestu fjarstæðu, að hér sé einhver vá fyrir dyrum, þótt svo sé.

Eins tala þeir um sem sína aðra og helztu röksemd þetta, sem ég minntist á áðan, að það liggi ekki fyrir þinginu nein gögn í dag, sem styðji skoðun okkar flm. um það, að minkaeldi sé líklegra til að verða gróðavegur en það var áður. Ég vitna þá enn til þeirra orða, sem ég viðhafði hér áðan um það, að það eru tveir ólíkir heimar, sem við lifum í þá og í dag, kaupgeta almennings um allan þann heim, sem býr við frjálsa verzlun, er allt önnur og miklu meiri en hún var á þeim árum, þegar við vorum að feta okkur áfram með minkana hér á landi, og ég mundi segja, að við fetuðum okkur áfram og urðum að búa við okkar eigin reynslu, höfðum ekki reynslu neinna annarra til þess að byggja á, eins og við höfum í dag. Og þegar hv. 2. þm. Austf. dregur inn í þessar umr. reynslu, að hann telur, frá Englandi, er nákvæmlega sama þar upp á teningnum og var hjá okkur á sínum tíma. Þetta er sú reynsla, sem þeir fengu, eins og við fengum á sínum tíma. Við bönnuðum alla minkarækt, þeir halda áfram með sína og hirða arðinn af henni, meðan við höldum bara skaðanum. Og eins og hefur komið fram hjá okkur flm. þessa frv., viljum við sérstaklega undirstrika það, að villiminkurinn hér á Íslandi er staðreynd og hann verður staðreynd, þótt hann spigspori aldrei um anddyri Búnaðarbankans á Egilsstöðum, að við skyldum vona. En hann er staðreynd á Íslandi, og við eigum ekki bara að hafa skaðann, við eigum að ná arðinum líka, og það veit ég, að hv. bankastjóri á Egilsstöðum tekur undir með mér.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það væri æskilegt að hafa svolítið meiri tíma til að tala við hv. 7. þm. Reykv., því að þótt ég þoli hann nú kannske ekki öllu betur en hann mig, geng ég þó aldrei úr d., þegar hann talar, en ég skyldi þá sem oftast tala, ef það réði því, að hann væri sem oftast utan deildar.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. fann að því, að ég og fleiri andstæðingar þessa minkafrv. hefðu borið þeim flm. á brýn, að þeir hefðu lofað gulli og grænum skógum eða sem sagt stórgróða. Já, ég mun hafa sagt þetta, skal ekki orðlengja meira um það. En ég vil bara spyrja hv. ræðumann um það, sem hér stendur í grg. frv., að bannið við minkaeldinu hafi valdið stórtjóni. Hvað er þá andstæðan við stórtjón? Er það ekki stórgróði?

Hv. 7. þm. Reykv. var nú svo smekklegur, eins og hans er von og vísa, að fara að tala um útibúið á Egilsstöðum og minkinn þar að Egilsstöðum, og ég veit, að honum er mjög annt um að fá mink þangað og hann mundi frekar koma að Egilsstöðum og kunna betur við sig, ef hann hefði þar yfir einhverjum minkum að segja.

Hv. þm. eins og frsm. ætlaði að gera sér svolítinn mat úr þeim orðum, sem ég lét falla við 1. umr., þar sem ég gerði létt grín, eins og ég orðaði það, að vissum ákvæðum í 8. gr. frv., ekki allri gr., heldur því, að það ætti að kosta fé til þess að rannsaka eðli dýranna, sem væri Íslendingum að fullu kunnugt. En ég gerði aldrei grín að því ákvæði þessarar gr. í frv., sem stefndi að því að létta útrýmingu minksins, svo að það þýðir ekki fyrir hv. 7. þm. Reykv. eða annan slíkan að ætla sér að snúa út úr því, sem ég sagði, og ef hann hefur ekki betri málstað, er honum reyndar velkomið að halda slíkri sókn uppi.

Hann segir, hv. þm., að þeir hafi talað um, að það mætti búast við því, að ég og kannske einhverjir stuðningsmenn mínir mundu koma og sprengja hér upp minkabúin um Suðvesturland eða á Suðurlandi. Ég skil nú álitsgerð n. þannig, að það komi ekki til annað en búið sé að dæma Suðvesturland og Suðurland, hv. þm. til mikillar hryggðar, úr leik vegna þess, hve hér er rakt loftslag. En svo get ég fullvissað og friðað hv. þm. með því, að ég held, að ef um það væri að ræða, væri ekki síður hætt við því, að einhverjir spellvirkjar þrifust nær honum en mér.

Hv. þm. getur ekki varið það heldur eða afsakað það gönuskeið að koma með, eins og ég orðaði það: eins og fjandann úr sauðarleggnum að hafa eitt minkabú í Vestmannaeyjum, eftir að vera búinn að dæma þann stað áður úr leik

og þar með að hafa að engu till. dr. Finns Guðmundssonar um að leyfa aðeins eitt tilraunabú og hafa það í Vestmannaeyjum.

Ég held, að það sé nú ekki ástæða til að þreyta hvorki þingheim né hæstv. forseta á frekari orðaskiptum. Það lítur út fyrir, að hér sé tíma vant og það þurfi að hraða málinu, og væri gott, að hægt væri að kveða þetta óþrifnaðarmál sem fyrst niður.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér hér í þær deilur, sem fram hafa farið um minkinn. En ég ætla aðeins að gera í einni setningu grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, eins og það liggur hér fyrir hv. d. Ég er út af fyrir sig hlynntur því, að það verði opnaðar leiðir til þess, að hægt verði að taka upp minkaeldi hér á landi á ný. Ég tel það ekki vansalaust fyrir okkur að láta þá möguleika ónotaða, sem fólgnir eru í minkaeldinu. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að frv. það, sem hér liggur fyrir, sé ekki nægilega vel úr garði gert, og er þess vegna samþykkur þeirri till. minni hl. landbn., að málinu verði vísað til ríkisstj., en á þeirri forsendu, að það verði þar ekki látið kyrrt liggja, heldur tekið upp á ný á næsta þingi og þá lagt fyrir þingið nýtt frv., sem verði betur unnið en það frv., sem hér liggur fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Nd., 17. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. á þskj. 305 um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 20:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SE, SkG, ÁÞ, BGr, BF, BFB, EðS, EOl, RG, EystJ. GíslG, HÁ, HV, LJós, RJ.

nei: PS, SÁ, SvJ, ÞÞ, AJ, BBen, BP, DÓ, EÁ, GeirG, GuðlG, GunnG, IngJ, IG, JóhH, JP, JR, MÁM, ÓL, SB.

HS greiddi ekki atkv.

3 þm. (SI, GÞG, JSk) fjarstaddir.

Brtt. 305,1 felld með 20:13 atkv.

1. gr. samþ. með 18:12 atkv.

2.—5. gr. samþ. með 17:12 atkv.

Brtt. 305,2 felld með 19:13 atkv.

Brtt. 303,1 samþ. með 17:12 atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 19:4 atkv.

7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 303,2 (8. gr. falli niður) samþ. með 17:11 atkv.

9.—11. gr. (verða 8.—10. gr.) samþ. með 20:4 atkv.

Brtt. 305,3 felld með 18:11 atkv.

Brtt. 303,3 samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁ, SkG, SvJ, AJ, BBen, BP, DÓ, EÁ, GeirG, GuðlG, GunnG, IngJ, IG. JóhH, JP, JR, MÁM, ÓL, PS, SB.

SI, SE, ÞÞ, ÁÞ, BGr, BF, BFB, EðS, EOl, RG, EystJ, GíslG, HÁ, HS, HV, LJós, RJ, RA greiddu ekki atkv.

2 þm. (GÞG, JSk) fjarstaddir.

Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 19:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21:13 atkv.

Á 57. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., 22. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 338, 347).

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ýmislegt það gerðist við afgreiðslu þessa máls við 2. umr., sem vakti nokkra athygli, svo sem t. d. að hæstv. ríkisstj. hafnaði þeirri till., að málinu væri vísað til hennar til lagfæringar og frekari athugunar, að hv. flm. lögðu til og studdu að fella burt úr frv. ýmis þau ákvæði, sem hv. þd. hafði á s. l. þingi samþ. til bóta inn í hið upphaflega frv. og hv. flm. höfðu gert að sínu máli við endurflutning þess á núverandi þingi. Það má segja, að það sé nokkuð fátítt, að þm. hafi áður átt frumkvæði og forustu um slíka limlestingu á sínu eigin máli. Fleira bar til tíðinda, að hæstv. landbrh. með atkv. sínu hafnaði öllum mökum við sérfróða menn um framkvæmdaatriði málsins. Vafalaust telur hæstv. ráðh. sig hafa til brunns að bera næga reynslu og þekkingu á minka- og loðdýramálum og veit enda sér handgengna áhugamenn á þessu sviði, svo sem hv. 3. þm. Austf. og 7. þm. Reykv., sem hann mun telja að geti gefið sér haldgóð ráð, ef með þarf, og haldbetri en svokallaðir sérfróðir menn, sem vegna sérmenntunar og reynslu eru beinlínis almennt til þess kjörnir að vera til ráðuneytis m. a. í slíkum málum, sem hæstv. ráðh. þarf að fjalla um, ef þetta loðdýrafrv. verður að lögum.

Það mætti láta sér detta í hug, að gott væri fyrir núv. hæstv. ráðh. að hafa aðgang að slíkum fræðimönnum, ef hann teldi, að eitthvað skorti á um leiðbeiningar áhugamannanna, m. a. þeirra, sem ég gat um. Ég hef þess vegna leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 347 við 6. gr. frv. Breytingin fjallar um 2. mgr. og er á þá leið, að á eftir orðunum „að fengnu áliti veiðistjóra um þessi gögn“ komi: og meðmælum náttúruverndarráðs er landbrh. heimilt að viðurkenna loðdýragarð“ o. s. frv. Ég vil vænta þess, að það sé ekki til of mikils mælzt við hv. d. og hæstv. landbrh., að slíkum viðauka, sem brtt. fjallar um, sé aukið inn í hlutaðeigandi ákvæði 6. gr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 59. fundi í Nd., 24. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 347 felld með 20:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SkG, ÓskJ, BGr, BFB, EOl, RG, EystJ, GíslG, HÁ, HV.

nei: SvJ, ÞÞ, AJ, BBen, BP, DÓ, EÁ, GeirG, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, IG, JóhH, JP, JR, MB, PS, SÁ, SB.

BF greiddi ekki atkv.

8 þm. (EðS, DÁ, JSk, LJós, MÁM, ÓL, RA, SI) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 20:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁ, SvJ, ÞÞ, AJ, BBen, BP, DÓ, EÁ, GeirG, GuðlG, GunnG, IngJ, IG, JóhH, JP, JR, MB, MÁM, PS, SB.
nei: SE, SkG, ÓskJ, BGr, BFB, EðS, EOl, RG, EystJ, GíslG, GÞG, HÁ, HV.
BF greiddi ekki atkv.
6 þm. (ÓL, SI, DÁ, JSk, LJós, RA) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 57. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Mér þykir rétt að fara nokkrum orðum um þetta frv. nú þegar við 1. umr.

Frv. til l. um loðdýrarækt er komið til okkar frá hv. Nd. Flm. eru 4 hv. Nd.-þm. úr þremur flokkum. Alþfl. einn er svo stálheppinn að koma ekki hér við sögu.

Ég skal ekki um það segja, hver eða hverjir eru höfundar þessa frv., en ég á mjög bágt með að trúa því, að hv. flm. hafi komið nálægt samningu þess. Svo lélega er frv. úr garði gert, að ég á erfitt með að trúa því. Þetta skiptir þó kannske ekki miklu máli, frv. verðum við að taka fyrir í hv. Ed. eins og það kemur fyrir af skepnunni. Mér er ekki um það kunnugt, hvaða öfl standa að baki þessu frv. En ég get ekki ímyndað mér annað en að hv. flm. í Nd. hafi gert það af hreinni góðsemi að taka það upp á sína arma og flytja það. Og það sem verra er, ég er hræddur um, að þeir hafi gert það ekki aðeins af góðsemi, heldur einnig af hreinu hugsunarleysi.

Gildandi lög um loðdýrarækt eru frá 1951. Þau lög bera það með sér greinilega, að til þeirra hefur verið vandað. Þetta er að mínum dómi vönduð lagasmíð, þó að ég efist ekki um, að eitt og annað mætti færa til betri vegar. En það get ég ekki sagt um þetta frv., sem hér liggur fyrir, að það sé vönduð lagasmíð. Það segir í grg. frv., að gildandi lög um loðdýrarækt, l. frá 1951, séu allflókin. Þetta er langt frá því að vera rétt, og getur hver og einn sannfærzt um það, sem les þau lög. Lögin eru þvert á móti mjög skilmerkileg og greinargóð og auðskilin. Þetta frv. má hæglega líta á sem útdrátt úr gildandi lögum, og það sem verra er, að það er heldur fljótfærnislega gerður útdráttur. Það ber með sér, þetta frv., að það er tekið hrafl úr lögunum, nánast af handahófi, hvað tekið er og hverju er sleppt. Þetta er afsakað af hv. flm. með því, að það, sem áfátt sé í þessu frv., skuli betrumbætt með reglugerð. Það er að sjálfsögðu einnig um efnisbreytingar að ræða í þessu frv., breyt. frá gildandi l., og yfirleitt má um þær segja, að þær séu til hins verra. Ég skal nefna aðeins tvö dæmi þess, sem sýna, að þetta frv. er ekki vandlega hugsað.

Þegar rætt er um loðdýr, ber að gera greinarmun á loðdýrarækt annars vegar og loðdýraeldi hins vegar. Þetta er gert í hinum ágætu lögum, sem nú eru í gildi, en í frv. er það látið renna út í eitt. Orðið „loðdýrarækt“ er látið taka yfir hvort tveggja, þá eiginlegu loðdýrarækt og loðdýraeldi. Ég vil einnig benda á, að orðið „loðdýragarður“ er orð, sem frv.-höfundar virðast hafa alveg sérstakt dálæti á og það svo mjög, að þeir gefa þessu orði tvenns konar merkingu í frv. Það er notað í 2. gr. í einni merkingu og í 6. gr. í annarri merkingu. Orðið er skilgreint í 2. gr. og látið tákna búr og girðingu, þar sem dýr eru höfð í vörzlu. En í 6. gr. er merkingin orðin miklu víðtækari en þetta, tekur til fyrirtækisins alls, að rekstri og fjárráðum ekki undanskildum. Slík hugtakabrengl sem þessi eru auðvitað til komin í þessu frv. fyrir skort á vandvirkni, þegar þessi útdráttur er gerður úr gildandi lögum.

Það má benda á, að í l. um loðdýrarækt eru mörg þörf ákvæði, sem algerlega er sleppt í frv. Ég vil segja mörg þörf og sjálfsögð ákvæði. Ég skal nefna nokkur dæmi þessa.

Sérfróður ráðunautur á að hafa með höndum fræðslu- og leiðbeiningarstarfsemi í loðdýrarækt og loðdýraeldi, og hann skal ferðast á milli búanna til eftirlits og til leiðbeiningar. Þetta jákvæða starf virðast höfundar frv. telja með öllu óþarft og sleppa því alveg í sínu frv. Ég hefði þó haldið, að ekki veitti af því að taka það fram í lögum, að loðdýraræktendum yrði leiðbeint og þeir yrðu fræddir um loðdýrarækt og loðdýraeldi, en á því virðast frv.-höfundar ekki hafa neinn áhuga. Þá er í l. nákvæmlega tilgreint, hvernig við skuli bregða, ef loðdýr sleppi úr girðingu eða búri. Um það eru sem sagt ótvíræð og nákvæm ákvæði í l., en ekki eitt orð í þessu frv. Einnig er í l. ákvæði um, að loðdýraeigendur, sem uppvísir verði að illri meðferð á dýrum sínum, skuli missa leyfi sitt til loðdýraræktar. Þetta er í lögunum, en í frv. finnst ekki stafur þessa efnis. Öllum gildandi ákvæðum, sem miða í þá átt að örva, hvetja loðdýraeigendur til vandvirkni í vinnubrögðum og til vöruvöndunar, öllum ákvæðum l. um þetta efni er gersamlega sleppt í þessu frv. Þannig mætti áfram telja. Ég tel ekki, að það sé nein afsökun fyrir illa gerðu lagafrv. að segja það, að úr ágöllunum megi bæta með góðri reglugerð. Lög á að vanda að mínu áliti, annað hæfir ekki, hvað sem reglugerð líður.

Í gildandi lögum segir, að Búnaðarfélag Íslands skuli hafa umsjá með loðdýraræktinni í landinu. Þetta er mjög eðlilegt ákvæði. Búnaðarfélagið á að hafa trúnaðarmenn í hreppum og kaupstöðum landsins til eftirlits og auk þess sérfróðan ráðunaut í loðdýrarækt. En í frv. er þetta á allt annan veg. Það er ekkert lagt upp úr því að hafa sérfróðan ráðunaut um þessi efni. Nei, skv. frv. á veiðistjóri að annast eftirlitið, alls ekki sérfróður loðdýraræktarráðunautur. En hverjir eru verðleikar veiðistjóra skv. öðrum gildandi lögum? Þar segir, að veiðistjóri skuli hafa haldgóða þekkingu á lifnaðarháttum refa og minka, veiðiaðferðum og öðru, sem unnt er að beita til útrýmingar vargdýrum þessum. Þar er sem sagt þess krafizt af veiðistjóranum, að hann kunni allar mögulegar aðferðir til að útrýma minki, en hann þarf ekkert að kunna fyrir sér í því að rækta eða ala mink. Samt er það veiðistjórinn, sem á að hafa eftirlitið með minkabúunum væntanlegu. Skv. frv. er þannig valinn embættismaður, sem lögum samkvæmt þarf ekki að vita nokk-

urn skapaðan hlut um loðdýrarækt. Ég veit ekki, hvort þetta kann að vera gert með vilja, hvort frv.-höfundar geri sér það ljóst, að þörfin verði öllu meiri á veiðistjóra en á sérfróðum ræktunarráðunaut. Það má vel vera, og þar gæti ég máske verið þeim sammála.

Þá langar mig til þess að benda á það strax við þessa umr., að í lögunum er kveðið svo á, að til viðkomandi sveitarstjórnar skuli sækja um leyfi til loðdýraræktar. Þetta tel ég mjög mikilsvert ákvæði í gildandi lögum, að sveitarstjórnirnar fái, ef ekki að ákveða endanlega, þá a. m. k. að segja sitt álit á því, hvort þær kæri sig um loðdýrarækt innan sinnar sveitar eða ekki. Ég tel þetta sem sagt mjög mikilsvert ákvæði, enda þótt ráðherrar hafi síðasta orðið í því efni skv. lögunum, því að ég tel ósennilegt, að ráðh. gengi þvert á vilja sveitarstjórnar í þessu efni, sízt þegar um minkinn væri að ræða. En þessu ákvæði er sem sé alveg sleppt í þessu frv. Sveitarstjórn þarf skv. því alls ekki að biðja um leyfi. Mér hefði fundizt satt að segja frekar ástæða til að herða á þessu ákvæði og gefa sveitarstjórnunum fullt úrskurðarvald, í stað þess að afnema með öllu þeirra íhlutunarrétt í málinu. Gömul reynsla hefði frekar átt að örva til þeirrar breytingar á lögunum heldur en þeirrar, sem hér er fyrirhuguð.

Ég hef nú leitt að því nokkur rök, að þetta frv. er harla ófullkomlega úr garði gert. Ég vil segja, það er svo illa úr garði gert sem frekast má vera, og ég vil meina, að það eitt ætti að nægja frv. til falls. Þó er önnur ástæða og hún langtum alvarlegri til að fella þetta frv. Meginbreytingin, sem í því felst, er þess eðlis, að samþykkt hennar hlýtur að teljast ófyrirgefanleg yfirsjón, eins og málin horfa nú við. En þessi meginbreyting er sú, að leyfð skuli minkarækt á ný, en hún er bönnuð skv. gildandi lögum, svo sem kunnugt er. Það fer ekki á milli mála, að afnám þessa banns, bannsins við minkaræktinni, er raunar alfa og ómega þessa frv. Um það snýst allt málið. Það má rækta og ala minka skv. frv., en engin önnur loðdýr, á næstu árum. Ég lít svo á þetta frv., að nýr innflutningur minka sé eini tilgangurinn með frv. Það er aðeins gert um leið að breyta vandaðri lagasmíð um loðdýrarækt í það afstyrmi eða skrípi, sem hér liggur fyrir.

Hvað er þá um það að segja að taka minkarækt upp að nýju á landi hér? Svarið finnst mér liggja nokkuð nærri. Við höfum sjálfir reynslu af minkarækt. Við getum stuðzt við eigin reynslu í því efni. Þar rennum við ekki blint í sjóinn, og við þurfum ekki á sögusögnum annarra þjóða að halda við athugun þess máls. Við höfum okkar reynslu.

Ég vil minna á, að áður en minkarækt hófst hér á landi sællar minningar fyrir um það bil 36 árum, þá hafði fremsti náttúrufræðingur landsins, Guðmundur G. Bárðarson, eindregið varað við innflutningi þessara dýra. Varnaðarorðum þessa mæta sérfræðings var ekki sinnt og minkabú risu upp í landinu, hið fyrsta, að ég hygg, árið 1930.

Miklar vonir um skjótfenginn gróða og erlendan gjaldeyri voru tengdar við þennan nýja atvinnuveg. Það stóð mikið til á þeim árum í sambandi við loðdýraræktina. Skinnasalan átti að skapa auð. En hvernig fór það? Það fór á allt annan veg. Eftir um það bil tvo áratugi lognaðist þessi atvinnuvegur út af af sjálfu sér. Hann varð sjálfdauður. Minkabúin hér á landi reyndust aldrei hlutverki sínu vaxin, því hlutverki að mala þjóðinni gull. Minkabúin héngu alla tíð á horriminni rekstrarlega séð. Þeir, sem minkana ræktuðu og ólu, kvörtuðu sáran yfir taprekstri og neyddust jafnvel til að leita til Alþingis með beiðni um tollaeftirgjöf vegna þess, hve atvinnuvegurinn gaf lítinn arð. Skinnasalan til útlanda varð flest árin mjög lítil og gjaldeyrisöflunin eftir því. Þannig er þá okkar íslenzka reynsla af þessari atvinnugrein. Við gerðum tilraunina og hún stóð í um það bil 20 ár, en hún misheppnaðist gersamlega.

Þetta er nú einn þáttur í sögu minkaræktar og minkaeldis á Íslandi. En það er annar kapituli í þessari sögu, kapituli, sem er langtum sorglegri en þetta, því að í kjölfar minkainnflutningsins sigldi einhver sú mesta plága, sem yfir þetta land hefur gengið á þessari öld, villiminkurinn. Dýrin sluppu út úr búrunum og fóru eins og logi yfir akur um allt landið, herjandi á fuglalíf og vatnafisk, eyðandi alifuglum og jafnvel lömbum og gerandi sig alls staðar heimakomin, meira að segja á Hótel Borg.

Úr þessari vandræðaplágu hefur að vísu nokkuð dregið á síðari árum, en við skulum muna, að hún er langt frá því um garð gengin enn. Villiminkurinn hefur hreiðrað um sig í landinu. Nýtt rándýr hefur tekið sér bólfestu þar við hliðina á refnum. Árlega er miklu fé og fyrirhöfn varið til þess að vinna á minknum og ekkert útlit fyrir gereyðingu hans. Þetta er þá reynslan.

Guðmundur heitinn Bárðarson varaði við hættunni í tæka tíð. Það dugði ekkert. Gróðafíknin varð skynseminni hér yfirsterkari, eins og oft vill verða. Síðan kom hin beiska reynsla. Þá fyrst opnuðust augu manna að lokum og minkaeldi var bannað með lögum. Síðan eru ekki mörg ár, en samt eru nú einhverjir enn komnir á kreik, einhverjir, sem þykjast eygja gróðavon í minkarækt hér á landi. Það kemur enn fram, að sérfróðir menn vara við þessu. En ef dæma má eftir meðferð frv. í Nd., þá eru þessar raddir sérfræðinganna nú sem fyrr þaggaðar niður hér í hinu háa Alþingi. Um sára reynslu og þungar búsifjar af völdum minksins, búsifjar, sem þjóðin öll hefur mátt þola, er ekkert hirt, heldur hrópað hástöfum á leyfi til að endurtaka gamla ævintýrið.

Nú mætti spyrja: Eru ekki aðrir tímar nú en fyrir 20—30 árum? Eru ekki líkur á, að betur fari að þessu sinni en hið fyrra? Ég vil ekki alveg neita því, en legg þó áherzlu á, að fyrir þessu hafa engin rök verið færð, ekki snefill af rökum. Hins vegar virðast mér líkindin fyrir því, að á sömu leið mundi fara, mjög sterk í dag. Dýr mundu sleppa úr búrunum, hin nýju innfluttu dýr mundu sleppa úr búrunum og girðingunum eins og áður og nýr morðvaldur flæða yfir landið eins og fyrr. Um þetta held ég að öllum, einnig flm. frv., beri saman.

Þá mætti spyrja, hvort okkur hafi farið fram

í loðdýrarækt almennt síðan á árunum 1930—1950 og þess vegna sé ástæða til að ætla, að atvinnuvegurinn skili meiri arði nú en þá. Um slíkt og þvílíkt liggur ekkert fyrir. Áreiðanlegt er þó, að aukinni kunnáttu Íslendinga á þessu sviði er engan veginn til að dreifa, og sennilegt tel ég, að skeytingarleysi okkar Íslendinga í þessum efnum eins og mörgum öðrum og skortur á natni sé alveg jafnmikið og var fyrir 30 árum.

Ég vil sérstaklega benda á þetta, sem ég hygg að allir séu sammála um, að minkarækt in mistókst gersamlega hér á landi, þegar hún var reynd, og raunar miklu meira en það, að hún mistækist. Til þess að hefja á ný slíkan atvinnuveg þarf nauðsynlega að hafa orðið einhver breyting á, sem réttlæti það. Það verður að vera hægt að sýna fram á þessa breytingu og færa rök fyrir henni. Sé það ekki unnt, er hrein fásinna að mínu áliti að byrja aftur. Ég bið þess vegna hv. þdm. að kynna sér hin nýju rök, ef þau eru þá nokkur til, um það efast ég stórlega. Við munum og eigum allir að muna eftir fyrri reynslu í þessum efnum, en hún hvetur sérstaklega til varúðar. Við getum ekki leyft okkur það hér á hinu háa Alþ. að veita leyfi til minkaeldis hér á landi í hreinu hugsunarleysi. Við verðum að krefjast einhvers þess, er tryggi það, að ekki fari nú á sömu leið og áður. Ég vænti þess sérstaklega af hv. Ed., að hún stígi ekki vanhugsuð spor, þegar jafnmikið er í húfi og hér virðist vera. Á misheppnuð og steindauð atvinnugrein að ganga aftur, og á ný bylgja minkaplágunnar að skella yfir landið? Já eða nei er svarið við þessari spurningu, og svarið er nú á valdi hv. Ed.

Eins og kunnugt er annars af meðferð málsins í hv. Nd., hefur náttúruverndarráð bæði í fyrra og nú eindregið varað við samþykkt þessa frv. Aðeins einn ráðsmanna, Hákon Bjarnason skógræktarstjóri, getur fallizt á að leyfa minkaeldi með því skilyrði, að fyllsta öryggis sé gætt um, að minkar sleppi ekki úr haldi. En það er einmitt skilyrði, sem ómögulegt er að uppfylla að allra dómi. Um það voru allir sammála í hv. Nd., bæði talsmenn frv. og andstæðingar. Svipaðrar skoðunar og náttúruverndarráð er forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar Íslands, dr. Finnur Guðmundsson. Hann tjáir sig andvígan því, að innflutningur minka verði leyfður, og hann bendir réttilega á, að engin viðhlítandi athugun hafi farið fram á þjóðhagslegu gildi loðdýraræktar hér á landi. Þannig er þá álit þeirra, sem gerst þekkja til þessara mála. Við álitsgerð þeirra get ég bætt áskorun, sem aðalfundur Fuglaverndarfélags Íslands samþykkti nýlega og sendi til hins háa Alþ. Í þessari áskorun segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur Hins íslenzka fuglaverndarfélags, sem haldinn var í 1. kennslustofu háskólans 26. marz 1966, samþykkti einróma að skora á Alþ. að samþykkja ekki frv. það um loðdýrarækt, sem nú liggur fyrir Alþ. Félagið vill benda á, að allir sérfræðingar í náttúrufræði, sem fjallað hafa um þetta mál, eru mótfallnir því, að loðdýrarækt verði aftur leyfð á Íslandi, einnig, að hversu vandlega sem dýranna er gætt, hljóti alltaf hluti af þeim að sleppa út. Ef loðdýrarækt yrði leyfð í Vestmannaeyjum, mundi minkur komast þar út um allar eyjar og eyðileggja fuglalífið í Vestmannaeyjum, og yrði mjög óhægt um vik að útrýma mink á þeim slóðum. Félagið vill einnig beina þeirri spurningu til valdhafa, hvort nægilega hafi verið rannsakað, að ekki berist með nýjum minkastofni veirusjúkdómar, sem geti orðið hættulegir hérlendis."

Þetta var áskorun Fuglaverndarfélags Íslands. Sérfræðingarnir beina sem sagt aðvarandi orðum til Alþ. um þessar mundir. Spurningin er sú, hvort farið verði að ráðum þeirra. Sérfræðingar hafa oft áður aðvarað alþm., og því miður hefur aðvörun þeirra stundum ekki verið tekin til greina í málum hliðstæðum því, sem hér er rætt um. Vegna þeirrar daufheyrslu við ráðleggingum sérfræðinga fengum við sauðfjármæðiveikina, sem kostaði þjóðina ógrynni fjár, og vegna þeirrar daufheyrslu fengum við einnig minkapláguna, sem enn ógnar nytjum landsmanna og dýralífi landsins að vissu marki.

Í því, sem ég hef sagt til þessa, hef ég gert ráð fyrir því, að fyrir frv.-höfundum vaki, að hafinn verði innflutningur úrvalsloðdýra, en ekki að villiminkurinn verði veiddur lifandi og settur í búr til eldis. Að vísu er ekki minnzt á innflutning lifandi dýra í frv. né grg. þess, en ekki vil ég halda höfunda svo einfalda, að þeir hugsi til villiminksins hér til ræktar og eldis. En geri þeir það ekki, hvað vakir þá fyrir þeim? Er e. t. v. væntanlegt, t. d. á næsta þingi, að þessu frv. samþykktu nýtt frv. til l. um breyt. á l. um innflutning búfjár? Í þeim l. stendur, að bannað sé að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin og villt. Til þess að gera undantekningu frá þessu ákvæði í þeim l. þarf leyfi ráðh., það þarf leyfi Búnaðarfélags Íslands og það þarf leyfi yfirdýralæknis. Treysta höfundar frv. á það, að allir þessir aðilar leggi blessun sína yfir innflutning minka á ný, eða hugsa þeir sér að fara beint til Alþ. á næsta þingi með frv. til l. um leyfi til innflutnings minka?

Ég hygg, að það sé alveg sama, frá hvaða hlið þetta frv. er skoðað. Það verður óafsakanleg fljótfærni að afgreiða það sem lög að þessu sinni a. m. k. Málið allt krefst gagngerðrar rannsóknar frá grunni. Ótal spurningum þurfa alþm. að fá svarað, og svörin eiga að koma, ekki frá einhverjum ófróðum angurgöpum, heldur frá sérfróðum og hlutlausum aðilum að undangenginni þeirra rannsókn. Það mætti spyrja t. d., hvort ástæða væri til að ætla, að minkarækt reyndist arðvænlegur atvinnuvegur hér á landi í framtíðinni, þótt hann hafi ekki gert það í fortíðinni. Það mætti einnig spyrja að því, hvort líkur væru fyrir stóraukinni minkaplágu hér á landi, ef minkaeldi yrði hafið á ný. Það mætti einnig spyrja um það, hvert tjón minkurinn vinnur dýralífinu í þessu landi í bráð og í lengd. Við þessum og fleiri spurningum verður Alþ. að fá svör hæfustu manna. Fyrr en þau svör liggja fyrir, má að mínu áliti ekkert aðhafast í þessu máli. Ég hygg, að það sé ekki minn úrskurður, heldur úrskurður fenginnar reynslu í þessum efnum.

Ég skora því á hv. þdm. að taka þessu frv. með tilhlýðilegri gagnrýni, og ég skora á þá hv. nefnd, sem málið fær til athugunar, að flýta sér hægt

um afgreiðslu á því. Og ég er þess viss, að ómögulegt er, ef vel er unnið, að til þess vinnist tími að afgreiða frv. jákvætt á þessu þingi.

Herra forseti. Ég læt svo máli mínu lokið að þessu sinni og treysti hv. n., sem málið fær til athugunar, til alls hins bezta.

Þorvaldur G. Kristjánsson: Herra forseti. Mér finnst ræða hv. síðasta ræðumanns gefa tilefni til þess, að ég víki nokkuð að þessu frv. þegar við 1. umr.

Þessi hv. þm. hóf mál sitt með því að fara nokkrum orðum um samningu þessa frv. Hann talaði eins og það hefðu einhver firn gerzt í sambandi við samningu þessa frv. Hann spurði, hverjir væru höfundar þess, hvaða öfl stæðu á bak við, hvaða góðsemi hefði ráðið þessu. Hann talaði í þessu efni um hreint hugsunarleysi og þvílíkar rakalausar fullyrðingar út í loftið. Ég er ekki að nefna þetta af því, að ég ætli að svara þessu, því að ég tel þetta ekki svaravert. En ég vek athygli á því, að þessi málflutningur er ekki beint traustvekjandi eða til þess fallinn, að það séu teknar alvarlega ýmsar þær aths., sem hv. ræðumaður gerði hér í ræðu sinni. (AG: Af verkunum skuluð þið dæma þá.)

Síðan ræddi hann nokkuð um það, að það vantaði mörg ákvæði inn í frv., og bar það saman við gildandi lög um loðdýrarækt frá 1951. Auðvitað gat hv. þm. talið margt upp í þessu sambandi, sem ekki er í frv. því, sem hér liggur fyrir, því að hann tók að sjálfsögðu ekkert tillit til þess, sem fram kemur í grg. frv. og gert er ráð fyrir í frv., að það verði sett ýtarleg reglugerð um þessi efni. Það hefur þótt að athuguðu máli eðlilegra að hafa slík ákvæði í reglugerð, en ekki í lögum, m. a. vegna þess, að þarna hlýtur að vera um ýmis atriði að ræða, sem er eðlilegra að gera ýtarlega skil í reglugerð, en ekki í lögum.

Maður hefði haldið eftir þennan formála í ræðu hv. síðasta ræðumanns, að slæm samning á frv. og óvissa um höfunda og hvað að baki stæði væri aðalástæðan fyrir því, að hann mælti gegn frv., en svo var ekki. Hann kom að annarri ástæðu, og ástæðan var sú, að frv. gerir ráð fyrir því, að það verði heimilað að taka upp minkarækt hér á landi, sem nú er bannað. Þetta er aðalatriði þessa frv., og hann ræddi töluvert um þetta atriði, sem var að sjálfsögðu eðlilegt. Það er þetta, sem ég ætla að víkja aðallega að hér í þeim orðum, sem ég segi við þessa 1. umr. málsins.

Ég held, að það eigi að liggja nokkuð ljóst fyrir, að þær ástæður, sem liggja til grundvallar þessu frv., eru þær, að flm. telja, að það sé þjóðhagslega rétt að leyfa minkaeldi í landinu. Það er talið, að minkaeldi geti verið arðvænlegur atvinnuvegur, skapað fjölbreytni í atvinnulífi landsins, aukið þjóðartekjurnar og skapað okkur auknar gjaldeyristekjur. Það er ekki af neinni ást á minknum, sem menn gera það að till. sinni að leyfa minkaeldi. Auðvitað er það af því, að menn telja, að það hafi þjóðhagslega þýðingu fyrir okkur og það hafi þýðingu fyrir íslenzkt atvinnulíf. En hv. 9. þm. Reykv. kom ekki eða varla að þessu meginatriði í sinni ræðu. Og hann gerði enga tilraun til þess að benda á það, að í þessu efni væri um misskilning að ræða og þess vegna ætti frv. ekki rétt á sér. Ég skal ekki fjölyrða að þessu sinni um þessa hlið málsins, það hefur verið rækilega bent á hana og miklar umr. verið um þetta mál, bæði hér á hv. Alþ. og utan þings.

En hv. ræðumaður sagði, að við hefðum haft reynslu af minkaeldi og sú reynsla hefði ekki orðið góð. Sá atvinnurekstur hefði ekki orðið arðbær og hann hefði ekki haft að því leyti mikla þjóðhagslega þýðingu fyrir okkar atvinnulíf og hann hafi svo orðið til þess, að við fengum villiminkinn. Það mun vera rétt, að það hafi verið minni arður af þessum rekstri en gert var ráð fyrir af ýmsum, þegar minkarækt hófst hér á landi. En ég hef þó heyrt því haldið fram, að um það leyti, sem minkaeldi var bannað, hafi sumir a. m. k. verið búnir að fá þá reynslu í þessum atvinnurekstri, að það hefði mátt ætla, að það væri að skipta um. En ég skal ekki ræða frekar um þessa hlið málsins.

Það er alveg rétt, að þessari tilraun til minkaeldis hér fylgdi mikill galli og mikið slys, þar sem varð tilkoma villiminksins. Um það er enginn ágreiningur. Við höfum búið við villiminkinn, og honum virðist fara stöðugt fjölgandi, og mér virðist, að það sé ekki talið, að það muni vera hægt að útrýma honum. Þetta er staðreynd. Og ég vil ekkert draga úr því, sem hv. ræðumaður sagði um tjón það, sem af þessu hefur hlotizt. En á þetta að vera ákvörðunarástæða fyrir því, hvort við leyfum minkarækt nú? Ég held ekki. Ég held, að við höfum villiminkinn eftir sem áður. Og við verðum að meta það, hvort við teljum, að það geti verið þjóðhagslega hagkvæmt að leyfa minkaræktina og það sé til þess fallið, að efla íslenzka atvinnuvegi og gera þá fjölbreyttari.

Það hafa fleiri haft reynslu af minkarækt en Íslendingar. Og það vildi svo til, að minkarækt hófst á Norðurlöndum fyrst um svipað leyti og tilraunin var gerð hér á landi. Og það mun hafa verið þannig á Norðurlöndum, að í mörg ár var reynslan ekki góð. Þessi atvinnurekstur átti í vök að verjast, og reksturinn varð ekki arðbær. Dýr sluppu úr búrum rétt eins og hér. Og auk þess kom heimsstyrjöld, sem hafði mjög mikla þýðingu í sambandi við markað þessarar lúxusvöru. Og það var ekki fyrr en 1945, sem minkaræktin komst á nokkurt skrið á Norðurlöndum og sérstaklega ekki fyrr en eftir 1950. Nú er minkarækt í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi orðin snar þáttur í atvinnurekstri þessara landa, mjög arðbær atvinnurekstur og skapar miklar gjaldeyristekjur. Þessi lönd standa núna einna fremst allra landa á þessu sviði. Ef fylgt hefði verið þeirri reglu, sem hv. 9. þm. Reykv. vildi gefa okkur hér í ræðu sinni, að ef eitthvað hefði mistekizt, skyldi ekki reyna það frekar, hefðu Norðurlandaþjóðirnar fyrir löngu hætt þessu basli og þá væri þar nú enginn atvinnurekstur á þessu sviði. Ég held, að það mundi verða mjög framandi hugsun í þessum löndum, ef það ætti að fara að banna þar nú þennan atvinnurekstur, og auðvitað kemur það ekki til greina. Ég ætla, að svo geti orðið hér, að við

getum fengið sömu reynslu í þessum efnum og hin Norðurlöndin og það muni jafnvel eftir nokkur ár engum detta sú fásinna í hug að banna að hafa minkinn í búrum, en hafa hann villtan í landinu.

Auðvitað eigum við að geta hagnýtt okkur minkaræktina ekki síður en hin Norðurlöndin. Það, sem er mikilvægast fyrir minkaræktina, er hagkvæmt loftslag og gott fóður. Og fóðrið er að mestu leyti fiskafurðir, og engir hafa betri fiskafurðir til þessa fóðurs heldur en við, og loftslagið er talið hér með ágætum. Hvað er það þá, sem á að hindra okkur? Hv. síðasti ræðumaður sagði, að hann reiknaði með, eins og hann sagði svo smekklega, að í dag mundi skeytingarleysi Íslendinga og skortur á natni vera samt og áður. Finnst nú hv. þm., að það séu sterk rök í þessu máli, þegar það er helzta haldreipið, að Íslendingum sé vegna skeytingarleysis og skorts á natni ekki treyst til þess að stunda þennan atvinnurekstur? Ég held, að það sé ekki hægt að taka slík rök alvarlega, og ég held, að þau hljóti að verða léttvæg fundin.

Hv. ræðumaður, eins og ég vék að áðan, sagði, að við værum búnir að fá reynsluna af minkaeldi og af því að sú tilraun hefði mistekizt, ætti að vera útilokað að reyna aftur. Hvar ætli við stæðum, við Íslendingar, í dag, ef svo hefði jafnan verið hugsað? Ætli við höfum ekki gert ýmis mistök í framfarasókn þjóðarinnar? En hefur nokkrum raunverulega dottið í hug, að við ættum að hætta við nýjungar og framfarir einungis vegna þess, að á einhverju tímabili hefði okkur mistekizt? Sem betur fer hefur ekki verið hugsað þannig. Að vísu hafa alltaf einhverjir úrtölu- og afturhaldsmenn verið til í þessu landi, menn, sem alltaf hafa séð ljón á veginum. En þeir hafa ekki verið látnir ráða göngunni, og ég held, að það væri mikill ábyrgðarhluti, ef við ætluðum að gera það í þessu máli, sem hér er til umr. Ég held, að það væri mikill ábyrgðarhluti, vegna þess að ef vel er haldið á framkvæmd á minkarækt hér á Íslandi, bendir allt eða flest til þess, að við eigum að geta náð hér hliðstæðum árangri og frændur okkar á Norðurlöndum hafa gert í þessu efni. Og ég tel, að við höfum ekki efni á því að gera ekki þessa tilraun, við höfum ekki efni á því, á sama tíma sem okkar meginvandamál í atvinnumálum þjóðarinnar er einhæfni atvinnurekstrarins, þá höfum við ekki leyfi til þess að hafna því að gera tilraun til þess að koma hér upp nýrri atvinnugrein, sem getur orðið snar þáttur í atvinnulífi landsmanna, skapað miklar tekjur í þjóðarbúið og gjaldeyristekjur. Þessi atvinnurekstur byggir á íslenzku hráefni fyrst og fremst, hráefni, sem er betra á Íslandi en víðast hvar annars staðar. Með því að hagnýta fiskúrganginn í þessu skyni höfum við ekki einungis möguleika til þess að reka arðbæra minkarækt, heldur skjótum við einnig í leiðinni sterkum stoðum undir aðalatvinnuveg þjóðarinnar, sjávarútveginn.

Ég tók til máls um þetta mál hér við 1. umr. af því, að mér fannst ekki eðlilegt, að það yrði látið ósvarað ýmsum þeim sleggjudómum, sem fram komu í ræðu síðasta ræðumanns. Grunur minn er sá, að hv. þdm. muni ekki eftir þá ræðu taka mikið undir þá ósk hv. ræðumanns að fella eða svæfa svo mikið þjóðnytjamál sem þetta getur verið, ef þessi tilraun tekst.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að tala í þessu máli við 1. umr., en vegna þess að hv. 4. þm. Vestf. (ÞK) talaði með frv., finnst mér við eiga að varpa fram nokkrum spurningum til hv. þm.

Þetta mál var lagt fyrir hv. Alþingi fyrir rúmu ári og hlaut ekki endanlega afgreiðslu hér í þessari hv. d. Þess vegna finnst mér það vel við eiga nú, þegar málið er komið aftur til hv. þd., að eitthvað meira liggi fyrir því til framgangs heldur en var fyrir ári. Ég hefði ekki viljað ætla hv. flm. það, að þeir legðu málið fram án þess að færa fram nokkur rök í grg. fyrir frv. og þýðingu þessa máls, því að það er þó alltaf aðalatriðið, hvaða þýðingu málið hefur, ef það nær fram að ganga. Og hv. 4. þm. Vestf. talaði hér alllangt mál án þess að benda á nokkur rök, en var með slagorð um, að þetta væri þjóðhagslega rétt og þetta mundi auka gjaldeyristekjur, en það væri ekki af ást á minkum, eins og hann orðaði það. Hins vegar ræddi hann nokkuð um það, hvernig hefði gengið á Norðurlöndum með framleiðslu á minkaskinnum og um minkaeldi, og mér skildist á þeim upplýsingum, að þar hefði á ýmsu oltið og ekki sízt í fyrstu. En ef þetta liggur tölulega fyrir, hvernig þessi framleiðsla hefur gengið fyrir sig á Norðurlöndum á undanförnum árum, hví er þá málið ekki lagt tölulega fyrir hv. Alþingi, svo að þm. hafi eitthvað að átta sig á í þessu máli, og ég skora á hv. þm., sem virðist vera talsmaður þessa máls, hv. 4. þm. Vestf., að koma með töluleg rök í þessu máli, svo að málið liggi ljósar fyrir þingheimi og það verði léttara fyrir þá n., sem fjallar um málið, að taka afstöðu til þess.

Á þessu stigi málsins ætla ég ekkert að segja um það, hvort ég fylgi þessu frv. að lokum eða ekki. En mér finnst, eins og málið hefur verið lagt fyrir hv. Alþingi og þær umr., sem um það hafa verið, að það hafi ekki neitt verið upplýst í málinu, sem réttlæti það, að hér sé um þjóðhagslega þýðingarmikið mál að ræða. Og sé það augljóst mál, að þetta sé þjóðhagslega þýðingarmikið, þá ætti það að vera auðvelt fyrir þá, sem eru talsmenn þess, að leggja fram töluleg rök í málinu, og vil ég beina því til hv. 4. þm. Vestf., að hann komi með þessi tölulegu rök nú við þessa umr. eða leggi þau fram í þeirri n., sem fjallar um málið, svo að maður sjái það svart á hvítu, hvað þjóðin kann að missa mikils, ef þetta mál nær ekki fram að ganga, og hins vegar, hvað hún kann að vinna mikið á efnahagslega, ef þetta mál nær fram að ganga.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Það er ekki margt í ræðu hv. 4. þm. Vestf. (ÞK), sem ég þarf að svara. Hann fór allmörgum orðum um ræðu mína og byrjaði á því að viðurkenna það, að frv., sem fyrir lægi, væri hálfgert afstyrmi, en vildi eins og frumvarpshöfundar afsaka það með því, að úr því mætti bæta með góðri reglugerð.

En finnst nú hv. þm. sem alþm. það vera rétt

að hafa ótal glompur og göt í lögum, sem frá Alþingi fara, í trausti þess, að reglugerðin verði eitthvað betri eða skárri? Og er ekki eðlilegt, að hið háa Alþingi vilji hafa eitthvað að segja um ýmis atriði í þeim lögum, sem frá því fara? Ég skal aðeins drepa á eitt, sem snertir þetta mál og ég talaði um í minni ræðu. Eiga sveitarfélögin að hafa nokkuð að segja um það, hvort minkabú rísi upp í viðkomandi sveitum eða ekki? Í gildandi l. hafa sveitarfélögin allmikið að segja um þetta efni, en í frv. hreint ekki neitt. Hvað vill hv. þm. gera í þessu efni? Vill hann svipta sveitarfélögin algerlega öllum íhlutunarrétti um þetta, eða vill hann láta þau hafa eitthvað um þetta að segja? Og það er ekki óeðlilegt, að alþm. vilji marka stefnu sína í lögunum, en fela ekki allt á vald ráðuneytanna, sem reglugerðirnar semja.

Þá talaði hv. þm. allmikið um það þjóðhagslega og rétta í því að leyfa minkaeldi í landinu. Mér skildist á honum, að hann teldi þetta vera þjóðhagslega rétt, að leyfa það, en hann færði ekki minnstu rök fyrir máli sínu. Það er eitt af því, sem ég spurðist fyrir um: Hver eru rökin fyrir því, að þetta sé þjóðhagslega rétt? Við viljum fá þau á borðið, áður en við samþykkjum frv. En honum vafðist tunga um tönn í þessu efni, og ég lái honum það ekki, því að ég efast um, að það séu nokkur frambærileg rök fram að færa í því efni.

Hann talaði um, að hér væru skilyrði góð til loðdýraræktar, loftslagið gott og góðir möguleikar á hentugu fóðri. Ég efast um, að þetta sé rétt, a. m. k. efast ég um, að loftslagið sé hentugt fyrir minkarækt. Hér er eyjaloftslag. Það er mikil úrkoma sumar og vetur. Það er óhentugt loftslag til loðdýraræktar. Úrkoman er mikil um allt land, þó að hún sé meiri á Suðurlandi en á Norðurlandi, en hún er líka mikil á Norðurlandi, mikil snjókoma á veturna. Þetta hefur áhrif á feldina.

Þá talaði hv. 4. þm. Vestf. allmikið um þörfina á því að skapa fjölbreytni í atvinnuvegum landsins. Þetta er að vissu marki hárrétt. En það verður að gæta fullrar skynsemi, þegar um það er að ræða. Nákvæmlega sömu rökum var beitt 1929, þegar minkaræktin var leyfð. Það efuðust engir talsmenn þess máls þá um, að þetta gæfi þjóðinni skjótfenginn gróða. En reynslan varð önnur. Menn höfðu varað við þessu, en þeir, sem ráðin höfðu, skelltu skollaeyrum við og tóku ekki rökum.

Það hefur mikið verið talað um það í seinni tíð, einmitt af samherjum hv. þm., að auka þyrfti fjölbreytnina í atvinnuvegum landsins. En það þarf að athuga fleira í sambandi við það. Það þarf m. a. að athuga það, hvort við með hinum nýja atvinnuvegi köllum ekki einhverja plágu yfir þjóðina, varanlega plágu eins og minkapláguna. Nú um þessar mundir eru samherjar þessa hv. þm. að semja um svokallaða álverksmiðju í landinu og allt það, sem á bak við það mál er. Hæstv. ríkisstj. er gagnrýnd fyrir þetta, enda þótt hún haldi því fram, að hún sé með þessu að auka fjölbreytnina í atvinnuvegunum. Hvers vegna er hún gagnrýnd fyrir það? Ekki er það ljótt að auka fjölbreytnina í atvinnuvegunum. En hvers vegna er hún gagnrýnd? Hún er gagnrýnd fyrir það að athuga ekki málið í upphafi nógu vandlega. Hún er vöruð við afleiðingunum, henni er bent á, að þessu kunni að fylgja plága ekki ósvipuð minkaplágunni, nema kannske hálfu verri og alvarlegri fyrir þjóðina.

Hv. þm. sagði, að ég hefði viljað útiloka, að minkarækt yrði aftur reynd í landinu. Þetta er nú ekki alveg rétt. Öll mín ræða hné að því að vara við, að út í þetta yrði lagt að litt athuguðu máli. Ég krafðist í allri minni ræðu gildra raka fyrir því, að nú væri óhætt að byrja aftur á minkarækt. Ég sagðist ekki hafa fundið nein rök.

Hér á landi er lítið ritað af viti um loðdýrarækt, sem von er. Við höfum ekki neina loðdýrarækt, enga sérfræðinga. Erlendis má lesa sitthvað um loðdýrarækt, og það er hægt að lesa greinar þar um loðdýrarækt, skrifaðar af mönnum, sem vit hafa á málum. En í því sambandi vil ég benda á, að það, sem skrifað er af viti um loðdýrarækt erlendis, er ekki allt úr sömu tunnu. Þar skrifa lærðir og hlutlausir sérfræðingar um loðdýrarækt. Þeim megum við treysta, að svo miklu leyti sem hægt er að treysta mannlegri þekkingu. En það eru til aðrir menn, sem vit hafa á málinu, menn, sem skrifa einnig um loðdýrarækt. Það eru menn, sem rækta loðdýr til þess að selja búunum. Þeir skrifa og láta skrifa greinar um loðdýrarækt, þar sem loðdýraræktin er gyllt, þar sem henni er hrósað á hvert reipi. Á slíkum sérfræðingum eigum við að vara okkur, því að þeir skrifa þetta sem áróður, sem auglýsingu fyrir sinni vöru. Þessi tvenns konar skrif erlendis ganga oft svo langt, að jafnvel vísindamenn á sviði náttúrufræði vara við skrifum fjárplógsmanna, loðdýraræktarmanna, eins og mér er sagt að hafi komið fyrir í merku náttúrufræðitímariti í Þýzkalandi nýlega. Þegar þessi mál eru athuguð gaumgæfilega, verður einmitt að gera greinarmun á þessu, í hvaða skyni er skrifað og frætt um loðdýrarækt.

Hv. 4. þm. Vestf. reis hér upp og gerðist talsmaður þessa frv. Við því er í sjálfu sér ekkert að segja, en það er þá helzt það, að hann reyndist mjög veikur talsmaður frv. En ég áfellist hann ekki fyrir það. Það held ég, að hver sem er geri, hann reynist veikur talsmaður, vegna þess að málstaðurinn er svo veikur.

Þorvaldur G. Kristjánsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður sagði, að minn málflutningur hefði verið mjög veikur. Það er ekki mitt að dæma um það. Ég læt hv. þdm. dæma um það og skal ekki kveða upp neinn úrskurð um það. Hann vildi halda fram, að sinn málflutningur væri ákaflega sterkur. Ég ætla heldur ekkert að segja um það. En ég varð ekki var við, að ég þyrfti að svara í raun og veru miklu eftir þessa ræðu hv. 9. þm. Reykv. Hann var með sömu fullyrðingarnar og í sinni fyrri ræðu. Hann vildi gera mikið úr því atriði, að það væri tekinn réttur af sveitarstjórnum til þess að segja um það, hvort heimilt væri að setja upp minkabú í viðkomandi sveitarfélagi, og spurði mig, hvað ég teldi um það.

Hvaða þýðingu hefur þetta? Allur málflutningur hv. ræðumanns hefur snúizt og mótazt af hræðslunni við villiminkinn. Mér hefur skilizt, að það væri aðalatriðið í hans málflutningi, að við ættum ekki að hætta á það, að villiminknum fjölgaði, þó að hann geri það nú kannske, hvort sem við leyfum minkarækt eða ekki. Ef þetta sjónarmið er lagt til grundvallar, er það þá sanngjarnt að leggja þetta vald í hendur sveitarstjórna, að ákveða, hvort það megi hafa minkarækt eða ekki? Er það víst, ef minkurinn sleppur út, að hann fari ekki út fyrir sveitarmörkin? Frá sjónarmiði hv. ræðumanns sé ég ekki betur en það sé algert aukaatriði og jafnvel óréttmætt að láta eina sveitarstjórn segja til um þetta, þannig að ég er ekkert viss um, að það skipti nokkru máli og sé til nokkurs skaða að fella þá heimild niður. Ég held, að þetta verði að metast eftir öðrum sjónarmiðum, og það fer bezt á því, að það sé gert af þeim ráðh., sem hefur með þessi mál að gera.

Ég sagði, að málflutningur hv. 9. þm. Reykv., og hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB) raunar líka, virtist fyrst og fremst miðast við hræðsluna við villiminkinn. En þeir voru að spyrja svo um það, hver væri hagurinn þjóðhagslega séð af því að hafa þessa framleiðslu hér í okkar landi. Þeir sögðu ekki beint, að það mundi vera óhagur að því. En dettur þessum mönnum í hug, að hér fari menn að fara út í minkarækt af einhverri ást á minknum, ef það er ekki rekstrargrundvöllur fyrir þessum atvinnurekstri? Ég held, að það sé fullkominn misskilningur að halda slíkt. Það er að mínu viti fávíslegt að vera með slíkan málflutning sem þennan.

Ég hef séð sett upp dæmi og ýmis dæmi, sem benda til þess, hvaða þjóðhagslega þýðingu þessi atvinnurekstur, ef tekst hér á landi, getur haft. Ég er því miður ekki með við höndina flest af því, sem ég hef séð um þetta efni, en ég hygg, að ég fari rétt með eitt dæmi, sem ég hef heyrt og er reiknað út af manni, sem hefur sérstaklega kynnt sér þessi mál. Fiskúrgangur eða fiskur er aðalfæðutegund minksins. 1963 munu hafa farið um 100 þús. tonn af fiskúrgangi í fiskimjölsverksmiðjur landsins, og þá mun hafa verið greitt fyrir þennan fisk af verksmiðjunum 55—60 aurar á kg. Slíkt hráefni keyptu minkaframleiðendur í Danmörku á sama tíma fyrir sem svaraði 3 kr. íslenzkum. Ef við setjum nú þetta dæmi upp þannig, að það þurfi 35 kg af þessu fóðri til þess að framleiða eitt minkaskinn og að öllu væri varið til slíkrar framleiðslu, þá mundi vera hægt að framleiða 2.5—3 millj. minkaskinna. Verðmæti þessara skinna mundi vera um 1500—2000 millj. kr. Þetta er aðeins dæmi. Og þetta er algerlega óraunhæft dæmi að því leyti, að sú tilraun, sem þetta frv. gerir ráð fyrir með minkarækt, mundi ekki þýða það, að við gætum farið að reikna með slíku nú. En dæmið er, eftir því sem ég bezt veit, rétt reiknað. Og þá gætu þessir hv. ræðumenn, bæði 9. þm. Reykv. og 1. þm. Vesturl., kannske gert sér nokkra grein fyrir því, hvort það gæti haft þjóðhagslega þýðingu fyrir okkur að fara út í þennan atvinnurekstur eða ekki.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Á 75. og 76. fundi í Ed., 29. og 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 338, n. 611 og 623).

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Eins og fram kemur af þeim nál., sem fyrir liggja, varð n. ekki sammála um afgreiðslu þessa frv. En það var rakið hér við 1. umr. þessa máls, að frv. er afar óljóst og illa samið á allan hátt. Og enda þótt það komi hvergi fram í frv., á hvern hátt á að rækta valin loðdýr, hvort það á að gera það af þeim stofnum, sem þegar eru fyrir í landinu, af íslenzka refastofninum eða þeim villta minkastofni, sem er í landinu, eða þeim öðrum loðdýrum, sem kannske fyrirfinnast í landinu, það segir ekkert um þetta í frv. Ef þetta er ekki til staðar, að það eigi að rækta þessi völdu loðdýr, sem fyrir eru í landinu, liggur ekki annað fyrir en það sé um innflutning loðdýra að ræða, enda þótt það sé hvergi á það drepið í þessu frv. Hygg ég þó, að það sé meginkjarni þessa máls, að hefja eigi innflutning nýrra loðdýrategunda, því að ég geri ráð fyrir, að það væri ekki almennt talið af þeim, sem hafa vel vit á loðdýrum, að hér sé um ræktaða stofna innlenda að ræða.

Ég mun því snúa máli mínu að því að rekja nokkuð sögu innflutnings hér á landi, bæði loðdýra og búfjár, því að þetta hefur allt sett sinn svip á landið og allur innflutningur erlendra búfjárkynja og erlendra loðdýra hefur sagt sína sögu hér á landi. Og þótt það hafi verið fyrsta atriðið varðandi innflutning búfjár og innflutning loðdýra, að það væri málefni, sem þjóðin mundi í framtíðinni hagnast mikið á, og hafi verið komið með tölur þar um, hefur reynsla okkar í þeim efnum sýnt yfirleitt annað. Vera má, að við höfum ekki verið menn, Íslendingar sjálfir, til að fara með þessi mál eins og þarf, af því að það er að sjálfsögðu ekki sama, hvernig til tekst og í höndum hverra manna slíkur innflutningur er hverju sinni.

Það liggja fyrir umsagnir um þetta mál frá ýmsum aðilum, sem hafa mikla þekkingu til að bera varðandi loðdýr og loðdýrarækt og einnig það, hvernig villt loðdýr hafi farið með landið, náttúru landsins, og hafa farið með sum auðæfi landsins, bæði að því er varðar fuglalífið, æðarvarpið og einnig að því er varðar veiði í vötnum og ám, því að það verðum við að hafa í huga líka, að þetta eru verðmæti, sem okkur ber að varðveita engu síður og hafa í heiðri heldur en þótt við eygjum mikla fjárhagslega möguleika í innflutningi á loðdýrum.

Björn Guðbrandsson hefur sent bréf til Alþingis 28. marz s. l., og hann skrifar það fyrir hönd Fuglaverndarfélags Íslands, en þar segir, með leyfi forseta:

„Félagið vill benda á, að allir sérfræðingar í náttúrufræði, sem fjallað hafa um þetta mál, eru mótfallnir því, að loðdýrarækt verði aftur leyfð á Íslandi, einnig, að hversu vandlega sem dýranna er gætt, hljóti alltaf hluti af þeim að sleppa út. Ef loðdýrarækt er leyfð í Vestmannaeyjum, mundi minkur komast þar út um allar eyjar og eyðileggja fuglalíf í Vestmannaeyjum, og yrði mjög óhægt um vik að útrýma mink á þeim slóðum. Félagið vill einnig beina þeirri spurningu til valdhafa, hvort nægilega hafi verið rannsakað, að ekki berist með nýjum minkastofni veirusjúkdómar, sem geti orðið hættulegir hérlendis."

Þetta segir Fuglaverndarfélag Íslands.

Umsögn liggur líka fyrir frá ýmsum kvenfélagasamböndum hér á landi, en ég hefði nú haldið, að það væri kannske fyrst og fremst kvenþjóðin hér á landi, sem væri fýsandi þess, að slíkur innflutningur yrði hafinn, þar sem um loðdýr er að ræða, því að vissulega er það kvenþjóðin, sem þar hefur ráðið — ég vil segja: lögum og lofum, því að þessar loðdýrakápur eða loðdýrafeldir, sem kvenþjóðin notfærir sér víðs vegar í heiminum, er það, sem hefur ráðið því hverju sinni, hversu verðmæt einstök loðdýr hafa verið. Og því var haldið fram hér fyrir rúmum 30 árum, þegar refarækt in var sem mest hér á landi, að þarna væri um arðvænlegan atvinnuveg að ræða, þar sem væri silfurrefur, platínurefur, blárefur og hvað það nú heitir. En þeir einir græddu á þessari refarækt un, sem seldu lifdýrin, en þegar fjöldinn var búinn að koma sér upp loðdýrabúum, voru skinnin fallin í verði. Þarna er um miklar breytingar að ræða, og yfirleitt er það svo, þar sem tízkan ræður verðlaginu, að þótt það virðist hátt í dag á einhverju loðdýri eða einhverjum loðdýrafeldum, getur eftir 1—2 ár verðlagið verið hrunið á þessari tegund loðdýra, en aftur hækkað á öðru. Hér er því varla hægt að hugsa sér, að sé um mjög staðbundið verðlag að ræða.

Birgir Kjaran, formaður náttúruverndarráðs, segir í umsögn til landbn. Nd., með leyfi forseta:

„Náttúruverndarráð er með tilliti til fenginnar reynslu af skaðsemi minksins í náttúrulífi landsins andvígt þeirri heimild til loðdýraræktar, sem frv. gerir ráð fyrir, og þeim innflutningi loðdýra, sem væntanlega kæmi í kjölfar þeirrar heimildar."

Þetta segir Birgir Kjaran, sem er mjög mikill unnandi alls náttúrulífs hér á landi.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur líka sent sína umsögn eða Finnur Guðmundsson fyrir hennar hönd, og hann segir, með leyfi forseta:

„Vegna afskekktrar legu hefur Ísland nær algera sérstöðu að því er varðar fábreytni gróðurs og dýralífs. Innflutningur dýra, hvort sem um húsdýr eða villt dýr er að ræða, til slíkra landa getur því og hefur raunar oft haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Þess vegna ber að gæta ýtrustu varúðar í sambandi við innflutning dýra til Íslands, og á þetta jafnt við um villt dýr og loðdýr, sem ætluð eru til eldis í loðdýrabúum. Sannleikurinn er sá, að það hefur aldrei og mun aldrei takast að koma í veg fyrir til fulls, að slík dýr sleppi úr haldi. Þess vegna er algerlega óverjandi að láta vafasama stundarhagsmuni marka stefnuna í málum af þessu tagi." „Vafasama stundarhagsmuni marka stefnuna í þessum málum," segir Finnur Guðmundsson fyrir hönd Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Þegar ég var á búnaðarþingi í vetur, lá þar fyrir bréf til búnaðarþingsfulltrúa frá yfirdýralækni, Páli A. Pálssyni, og margt kemur fram í þessu bréfi, m. a., með leyfi forseta:

„Aðalfundur Dýralæknafélags Íslands, haldinn að Keldum 31. ágúst 1963, lítur svo á, að enn sé þekking manna á ýmsum smitsjúkdómum búfjár takmörkuð, einkum að því er varðar veirusjúkdóma. Teljum við því ógerlegt að búa svo um hnútana við innflutning búfjár og búfjársæðis, að ekki fylgi slíkum innflutningi smithætta."

Í sama bréfi er umsögn frá Margréti Guðnadóttur, sem er sérfræðingur að því er varðar veirusjúkdóma, og stendur hún fyrir þeim rannsóknum við tilraunastöðina á Keldum. En þessi sérfræðingur segir, með leyfi forseta:

„Öllum, sem við búskap fást, er í fersku minni það tjón, sem mæðiveikin gerði hér, en hún er einn af þeim sjúkdómum, sem hagar sér eins og að framan greinir. Margir smitsjúkdómar, t. d. mæðiveiki, valda ekki sjúkdómseinkennum fyrr en eftir 3—4 ár eftir smitun. Dýrin, sem bera í sér slíkar sóttkveikjur og geta dreift þeim um, virðast alheilbrigð allan þennan tíma. Ef tekið er tillit til þessara eiginleika sumra smitsjúkdóma, virðist augljóst mál, að eigi fullt gagn að verða að sóttvarnarstöð til að forðast útbreiðslu næmra sjúkdóma, verður að reka tilraunastarfsemi í a. m. k. 10 ár í sóttvarnarstöðinni, áður en leyfð er dreifing á sæði þaðan um sveitir landsins. Undirrituð er þeirrar skoðunar, að innflutningur sæðis sé varhugaverður og styttri tími en 10 ár í sóttvarnarstöð komi ekki til greina, eigi að reyna að forðast útbreiðslu sjúkdóma frá sæðinu."

Því er haldið fram, að minkaeldi muni mjög arðvænlegt hér á landi. Ég skal ekkert um þessa hluti segja, vegna þess að það er eitt, sem flm. og talsmenn þessa máls hér á hv. Alþ. hafa forðazt að upplýsa, þ. e. hversu hagkvæmt loðdýraeldi mundi verða hér á landi. En mér finnst, að það sé fyrsta meginatriðið, sem við verðum að gera okkur ljóst, þegar um þetta mál ræðir, hvað er hér um mikið hagsmunamál að ræða. Það er fyrsta atriðið. Síðan, þegar það er upplýst, verðum við að gera það upp við okkur, hvort við teljum, að hér sé um það mikið hagsmunamál að ræða, að við viljum eitthvað leggja í sölurnar, einhverja áhættu og einhvern kostnað, til þess að það nái fram að ganga. Og eins og fram kemur í því nál., sem við stöndum að, meiri hl., er það fyrsta skilyrðið um innflutning loðdýra og búfjár, ef um slíkan innflutning sé að ræða, að komið verði upp sóttvarnarstöð í landinu, eins og lög gera ráð fyrir, og á það vil ég leggja áherzlu, að slíkt verði gert hið allra fyrsta, og þá fyrst, þegar sóttvarnarstöð er komin, er tímabært að hugleiða þetta mál og vita, hvort það virðist vera eins mikið hagsmunamál og flm. vilja vera láta.

Ég segi fyrir mig, að ég er engan veginn á

móti því, ef loðdýrarækt er verulega arðvænlegur atvinnuvegur hér á landi, að hún sé þegar hafin. En ég vil segja það jafnframt, að ég vil engu fórna, ekki leggja neitt í hættu í þeim efnum, sem getur orðið til þess að skaða náttúru landsins eða flytja sjúkdóma í þann búfénað og þau önnur dýr, sem við höfum hér á landi, hvorki fugla né búfé. En það getum við átt á hættu, og þess er skemmst að minnast, að nú fyrir nokkrum mánuðum geisaði gin- og klaufaveiki af miklum krafti í nágrannalöndum okkar, og þar virtist sem um nýjan stofn af gin- og klaufaveiki væri að ræða, annan veirusjúkdóm en áður hafði þekkzt og því meiri erfiðleikar á að útvega meðul gegn þessum sjúkdómi heldur en þeim, sem venjulega höfðu geisað. Og við Íslendingar höfum líka okkar sögu að segja út frá því, þó að gin- og klaufaveiki hafi ekki borizt hingað til landsins, því að ástandið er þannig nú, að enn þá hefur ekki fengizt innflutt neitt grasfræ eða kartöflur eða annað, sem við þurfum nauðsynlega að flytja til landsins nú á þessu vori. Enn þá er ekki hafinn neinn innflutningur á þessum nauðsynjavarningi vegna þeirrar hættu, sem innflutningurinn kann að valda varðandi þennan sjúkdóm.

Mér finnst, að við eigum að flýta okkur hægt í þessum málum og kynna okkur þetta mál ýtarlega, loðdýraræktina, hversu arðvænleg hún kann að vera, og við eigum líka að vinna að því, að byggð verði sóttvarnarstöð, sem tryggi öryggi innflutnings loðdýra og innflutnings búfjár í framtíðinni. Og með þeim rökum, sem ég hef hér fram fært frá ýmsum merkum og mikilsráðandi mönnum hér í þessu landi, og því, sem fram kemur í nál. okkar í meiri hl., leggjum við til, að frv. verði fellt.

Frsm. minni hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Það er ekki neinum vafa undirorpið, að það hafa á sínum tíma verið mistök að leyfa það, að minkur yrði fluttur til landsins. Það má e. t. v. segja, að það sé enginn vandi að vera vitur eftir á. Við höfum nú beiska reynslu af þeim innflutningi. Eins og allir vita, er hér í landinu í ýmsum byggðarlögum til staðar villiminkur, og þessum villimink hefur ekki tekizt að útrýma. Það má kannske í hæsta lagi segja, að það hafi tekizt að hefta útbreiðslu hans eitthvað, en það eru því miður engar horfur á því, að honum verði eytt. Það er út frá þessari staðreynd, sem verður að líta á þetta mál hér, þetta frv. um loðdýrarækt, sem í raun og veru felur það í sér að leyfa á nýjan leik minkaeldi í landinu.

Það eru ýmsir, sem hafa mikla trú á því, að minkaeldi geti orðið mjög arðvænlegur atvinnuvegur. Um það treysti ég mér ekki til þess að dæma, og það kann vel að vera, að það ríki of mikil bjartsýni hjá mönnum í þeim efnum. En við, sem skipum minni hl. landbn. og skilum hér séráliti, erum þeirrar skoðunar, að það sé eðlilegt að gefa þeim mönnum, sem hafa þá trú, nokkurt tækifæri til þess að sýna, hvað þessi atvinnuvegur geti gefið af sér. Við lítum svo á, að það sé í rauninni skaðlaust að leyfa það að setja upp minkabú eða loðdýrabú í þeim byggðarlögum landsins, þar sem villiminkurinn er fyrir og er útbreiddur, og úr því að minkurinn er til staðar hér á landi sem villidýr, finnst manni það óneitanlega nokkuð andkannalegt, að það skuli vera óheimilt að hafa hann í búrum.

Það mun sjálfsagt vera rétt, sem hv. frsm. meiri hl. gat um í sinni ræðu, að þeir, sem hyggja hér á minkaeldi, ef þetta frv. yrði samþ., munu ætla sér að flytja inn nýja minkastofna eða ræktuð kyn, eins og það er, held ég, nefnt. Og ég lít svo á, að þá verði að hafa þann hátt á, sem fyrir er mælt í 4. gr. l. um innflutning búfjár frá 1962, sem er getið um í nál. meiri hl. Ég ræddi einmitt um þetta, spurðist fyrir um þetta hjá yfirdýralækni, og hann taldi, að það yrði að hafa þann hátt á, að það yrði að hafa þar við sóttvarnarreglur og einangrun og hafa dýrin í sérstökum einangrunarbúrum, áður en þeim væri hleypt í þessa loðdýragarða, þar sem þau yrðu ræktuð og alin.

Það má því segja, að það sé eiginlega undirstöðuatriði í skoðunum okkar, sem skipum minni hl., eins og ég hef reyndar tekið fram, að það sé óskynsamlegt, úr því að villiminkurinn er hér til staðar í landinu, að leyfa ekki að hafa loðdýrabú í þeim héruðum, þar sem hann er fyrir. Við teljum, að skaðinn sé þegar orðinn. Auðvitað getur það verið rétt, og það er aldrei hægt að fullyrða um það með vissu, að nýtt minkakyn, sem yrði flutt hingað og sett hér í loðdýragarða, slyppi aldrei út. Það er aldrei neitt hægt að fullyrða um það, Við höfum reynsluna af því. Þó að menn hafi kannske lært af henni og mundu hafa þessar girðingar öruggari, er samt sem áður aldrei hægt að treysta því. En það er þá ekki annað skeð en nokkur dýr bætast í þann mikla hóp, sem fyrir er og gengur villtur.

Um þann atvinnurekstur og þann ábata, sem menn kynnu að hafa af minkaeldi, skal ég ekki fjölyrða, en endurtaka það, sem ég hef þegar sagt reyndar, að við eða a. m. k. ég tel mig ekki færan um að meta það, þó að maður vilji gefa mönnum tækifæri, en ég vil aðeins þó í þessu sambandi leyfa mér að vitna til ummæla, sem Bjarni Finnbogason ráðunautur viðhafði í búnaðarþætti í ríkisútvarpinu í vetur, en þar sagði hann svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Sú framleiðsla í norskum landbúnaði, sem mest hefur aukizt á síðustu árum, er framleiðsla á minkaskinnum. Framleiðslan hefur aukizt um helming. Á 4 árum, frá 1960 og 1964, fluttu Norðmenn út 1 millj. 220 þús. skinn. Því er spáð, að þessi framleiðsla muni enn aukast.“

Ég vil taka það fram persónulega, að ég er ekki alls kostar ánægður með frv., eins og það liggur hér fyrir. Ég mundi áskilja mér rétt til þess síðar að flytja brtt. við bráðabirgðaákvæði þessa frv., en ég ætla ekki að hafa hana uppi hér við þessa umr., heldur bíða og sjá, hver örlög málsins verða.

Frsm. meiri hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hv. 4. landsk. fyrir það, að hann er mér miklu meira sammála en ég bjóst við að hann væri, og er það vel farið, og ég held, að það skilji ekki mikið á milli okkar

skoðana í þessum efnum, því að mér finnst, að hann vilji að lögum fara, að því er varðar innflutning loðdýra, hann vilji og telji, að 4. gr. l. um innflutning búfjár frá 1962 eigi hér að gilda um þessi atriði. Og þar af leiðandi býst ég við, að við getum sameinazt um það, að þessu frv. liggur ekkert á, vegna þess að það er ekki enn þá hafizt handa um það að byggja sóttvarnarstöð hér á landi og það frv., sem yrði flutt um þessi efni á næstu þingum, gæti verið miklu betur útbúið en það frv., sem hér liggur fyrir.

Ég skal ekkert um það segja, hversu arðvænleg loðdýrarækt kann að vera almennt í heiminum eða t. d. í Noregi, þó að það kunni að vera stundum. En þegar Einar Sigurðsson var hér á þingi fyrir nokkrum árum, flutti hann frv. um loðdýrarækt. Landbn. Nd. sendi þetta frv. til umsagnar, og ég man nú ekki, hvernig það atvikaðist, en það kom umsögn frá Árna G. Eylands um þetta mál, þar sem hann gaf ýmsar mikilvægar upplýsingar um þessi mál frá Noregi. Og þetta var á árunum 1960—1961, minnir mig, sem þetta frv. var lagt fyrir Alþ., og þessi umsögn Árna G. Eylands er frá þeim árum. En það kemur fram þar, að verðsveiflur hafa verið allmiklar á minkaskinnum, sem munu vera þau verðmestu loðskinn, sem Norðmenn framleiða. Það er allmikill verðmunur á þeim á einstökum árum. T. d. 1951 er eitt minkaskinn í 135 kr. 89 kr., og eftir 3 ár eru þau aftur komin upp í norskum, og 2 næstu árin er það mikið verðfall á þessum minkaskinnum, að þau fara niður í 128 kr. norskar og aftur 1956 niður í 92 kr. norskar. Á þessu er mikill tröppugangur, og það getur verið allt upp í 50% munur á verðlaginu, það getur hækkað eða fallið á tveim, þremur árum, þannig að þarna getur, eins og ég gat um áðan, verið um árvissa sölu að ræða, en alls ekki árvisst verðlag, því að það er mjög breytilegt, alveg eins og yfirleitt er, þar sem tízkan ræður. Og þar höfum við Íslendingar líka okkar sögu að segja, að því er varðar gæruútflutning, að þar hefur verðlagið verið allbreytilegt, vegna þess að gærurnar hafa verið notaðar á ýmsan hátt og ekki svo lítið komið við tízku ýmissa landa, og það hefur nokkru ráðið verðlagi þeirrar vörutegundar. Þess vegna er það, að ég held, að það væri langskynsamlegast fyrir þessa hv. d. nú, þar sem ekki skilur meira á milli en þegar hefur komið í ljós, að við fellum þetta frv. og reynum síðar að útbúa það betur og undirbúa þetta mál á farsælli hátt en ég tel að við mundum geta með því frv., sem hér liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. felld með 9:6 atkv.
Frv. þar með fallið.

Lagafrumvörp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Á 13. fundi í Nd., 9. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins [61. mál] (þmfrv., A. 70).

Á 17., 18. og 19. fundi í Nd., 15., 16. og 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. 70 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 frá 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, svofellt, með leyfi hæstv. forseta:

„1. gr. Á eftir 5. gr. l. komi ný gr., svo hljóðandi: Setning í opinbera stöðu skal jafnan vera til bráðabirgða og aldrei lengur en til 4 ára. Skal staðan jafnan auglýst laus til umsóknar, er sett hefur verið í hana í 4 ár. Sá, sem settur hefur verið til þess að gegna stöðu í forföllum þess, er skipun hefur í hana, getur þó krafizt þess, að staðan sé auglýst laus til umsóknar, er hann hefur gegnt henni í tvö ár.

2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi."

Til þess að tryggja sem almennust mannréttindi er nauðsynlegt, að réttarstaða embættismanna ríkisins sé sem tryggust, þannig að þeir geti óháðir öðru en lögum landsins rækt sín störf. Embættismenn ríkisins fara með mikilvægan þátt í stjórn hvers lands, og eðli málsins samkv. þurfa margir að hafa viðskipti við þá. Alveg sérstaklega er rík nauðsyn á því, að dómarar séu óháðir í störfum, og eru í löggjöf margra þjóða sérákvæði um réttarstöðu þeirra til þess að tryggja þetta sem bezt. Þannig er þetta til að mynda bæði í Danmörku og Noregi, þar sem í lögum eru ákvæði, er taka til setningar dómara í embætti, er kveða svo á, að setningin skuli aðeins vara í 1 ár í Danmörku, en 2 ár í Noregi. Þó er við sérstakar ástæður hægt í báðum þessum löndum að framlengja setningu dómara til embættis í allt að 3 ár.

Það er ekki vandi að geta sér til um ástæður þess, að sérstakar reglur gilda í þessum löndum um réttarstöðu dómara, að því er tekur til setningar í embætti. Er raunar furðulegt, að í okkar löggjöf séu ekki svipaðar reglur að þessu leyti, svo mjög sem við sækjum þó fyrirmyndir að hvers konar lagasmíð til þessara frændþjóða okkar.

Óháð dómsvald og óháðir dómendur er grundvallarregla lýðræðisþjóðfélaga og það, sem hvað mest greinir þau frá einræðisþjóðfélögunum, þar sem valdhafinn tekur sér dómsvaldið einnig í hönd. Opinber starfsmaður, sem settur er til að gegna embætti, má búast við því í flestum tilfellum að vera settur frá því, hvenær sem er, að geðþótta þess, sem með veitingarvaldið fer hverju sinni, og það furðulega hefur nú einnig komið fram, að þetta á sér alveg eins stað, þótt setning hafi staðið í tæpan áratug og viðkomandi embættismaður hafi rækt sín störf með ágætum og við almennar vinsældir þeirra þegna þjóðfélagsins, sem mest hafa þurft við hann að skipta. Þetta er að mínum dómi ekki hægt.

Frv. það, sem ég er nú að mæla fyrir, er flutt í tilefni veitingar á bæjarfógeta- og sýslumannsembættinu í Hafnarfirði, sem undanfarið hefur verið mjög til umr. manna á meðal. Sú veiting hefur almennt verið fordæmd sem óréttlát í garð þess embættismanns, Björns Sveinbjörnssonar, sem embættinu hefur gegnt sem settur bæjarfógeti og sýslumaður um tæpan áratug og starfað við þetta eina og sama embætti allt frá því, er hann lauk lagaprófi fyrir rúmum tveimur áratugum. Enn fremur hefur veitingin verið talin óréttlát í garð Jóhanns Gunnars Ólafssonar, bæjarfógeta á Ísafirði um rúmlega 22 ára skeið og þar á undan starfandi við bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði í 4 ár. Veiting þessa embættis hefur dregið athygli manna að þörfinni á því að lögfesta reglur um setningu í embætti og reglur um réttarstöðu settra embættismanna, því að það er hinn langi setningartími, sem í þessu tilfelli gerir mál þetta alveg einstakt.

Eins og 1. gr. frv. ber með sér, er lagt til, að setning í stöðu skuli aðeins vera til bráðabirgða og ekki standa lengur en í 4 ár. Þó á sá, sem setningu hefur fengið til stöðu, rétt á að krefjast þess, að hún sé auglýst laus til umsóknar, er hann hefur gegnt henni í tvö ár, og ber þá að sjálfsögðu veitingarvaldinu að virða þá ósk.

Ég hef valið þá leiðina með tillöguflutningi þessum að láta ákvæði frv. ná til setningar í opinberar stöður almennt, en ekki binda þetta við dómarastöður einar. Bæði er, að tími sá, sem gert er ráð fyrir í frv. að setning geti staðið, er ekki langur, það eru venjulegast tvö ár og lengst 4 ár, og tryggir þannig sæmilega réttarstöðu settra dómara, en auk þess finnst mér þörfin fyrir reglur um setningu í önnur embætti hér á landi vera brýn, og vil ég því til sönnunar aðeins nefna eitt dæmi, en það er það, að hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, hefur látið sér sæma í rúm 9 ár a. m. k. að halda opnu prófessorsstarfi við Háskóla Íslands sem baktryggingu gegn fallvaltleik ráðherradóms í íslenzkum stjórnmálum. Að sjálfsögðu má deila um, hve tími setningar megi vera lengstur, en ég tel hann hæfilega ákveðinn eins og gert er í frv., og mér er kunnugt um, að Dómarafulltrúafélagið, sem hélt fund um þetta mál fyrir nokkru, er sama sinnis og gerði ályktun í málinu, sem ég, með leyfi hæstv. forseta, ætla hér að lesa, en þar segir:

„Almennur fundur í Dómarafulltrúafélagi Íslands, haldinn þriðjudaginn 16. nóv. 1965 í Aðalstræti 12, Reykjavík, fagnar lagafrv. því, er Jón Skaftason alþm. hefur borið fram til breytinga á l. nr. 38 frá 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er miðar að því, að settar verði ákveðnar reglur um tímalengd setningar í opinberar stöður, og mælir eindregið með því, að Alþ. samþykki þetta frv. Slíkt mundi styrkja sjálfstæði dómsvaldsins í landinu og þar með auka réttaröryggi þegnanna, enda er ljóst, að dómari, sem settur er til langframa, hlýtur að vera háðari veitingarvaldinu en sá, sem hlotið hefur skipun í starfið. Sjálfsagt er því, að réttarríki setji sér skýr lagafyrirmæli um þetta efni. Bæði í Danmörku og Noregi eru ákveðnar reglur um hámarkslengd á setningartíma héraðsdómenda. Í Danmörku er það 1 ár, en í Noregi 2. Þó má framlengja setninguna, þegar sérstakar ástæður liggja til, um eitt ár í senn í Danmörku, en ekki oftar en tvisvar sinnum. Í Noregi er einungis heimilt að framlengja setninguna um 1 ár. Þannig getur setningartíminn aldrei orðið lengri en 3 ár í þessum löndum. Á þetta að stuðla að því, að dómendur verði sem sjálfstæðastir í starfi og sem óháðastir veitingarvaldinu. Réttur þessara þjóða er svipaðastur rétti vor Íslendinga. Er því eðlilegt, að svipuð löggjöf sé sett hér á landi um þetta málefni."

Eins og ég gat um áðan, er frv. þetta flutt í tilefni veitingar á embætti bæjarfógeta og sýslumanns í Hafnarfirði og í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Það embætti er, eins og kunnugt er, stærsta héraðsdómaraembætti á landinu utan Reykjavíkur og því vandmeðfarnara en önnur. Þegar Guðmundur Í. Guðmundsson ákvað að hverfa af landi brott, varð hann loks að sleppa þessu embætti, sem annar maður hafði varðveitt fyrir hann í tæpan áratug sem baktryggingu í embættiskerfi landsins. Embættið var auglýst, eins og lög gera ráð fyrir, og var umsóknarfrestur ákveðinn til 4. nóv. s. l. Um embættið sóttu í þessari tímaröð: Björn Sveinbjörnsson, settur bæjarfógeti í Hafnarfirði í tæp 10 ár og starfandi við embættið í rúm 20 ár, eða allt frá því að hann lauk lagaprófi. Jóhann Gunnar Ólafsson, bæjarfógeti á Ísafirði í 22 ár og auk þess fulltrúi við bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði og settur fógeti þar í samtals á fjórða ár. Og síðast Einar Ingimundarson, hv. 4. þm. Sjálfstfl. í Norðurl. v. og bæjarfógeti á Siglufirði um 13 ár, sem sótt hafði um embættið á síðustu stundu umsóknarfrestsins.

Hæstv. dómsmrh. þurfti ekki langan umhugsunarfrest til þess að ákveða, hverjum bæri þetta embætti, því að strax daginn eftir, að því er mig minnir, að umsóknarfrestur var úti, var tilkynnt alþjóð, að síðastnefndi umsækjandinn, Einar Ingimundarson, hefði hreppt hnossið. Valið var sem sagt ekki eins erfitt og er af ýmsum haldið fram í dag. Þessi veiting hefur vægast sagt fengið slæmar undirtektir hjá almenningi. Réttlætiskennd fólks segir því, að með veitingu embættisins hafi réttur verið brotinn á hinn freklegasta hátt á settum bæjarfógta og sýslumanni, Birni Sveinbjörnssyni, svo og enn fremur á Jóhanni Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta á Ísafirði. Andúðaralda er risin í landinu í svo mikla hæð, að ekkert svipað hefur áður gerzt í sambandi við embættisveitingar, og hefur þó margt misfagurt verið brallað í þeim efnum á undanfarandi árum. Um þetta er ekki deilt út af fyrir sig. Það er eftirtektarvert, og ég vil sérstaklega undirstrika það, að það er samstarfsfólk hins setta bæjarfógeta og sýslumanns um langan tíma, sem mótmælir harðast og fórnar störfum sínum til þess að undirstrika þunga mótmælanna. Þannig hafa nú 12 manns af 13 starfandi við embættið í Hafnarfirði sagt upp störfum sínum, svo og 5 hreppstjórar af 8 í Gullbringusýslu, og mótmæli gegn embættisveitingunni streyma hvarvetna að.

Nú er því haldið fram, af Morgunblaðinu aðallega, að mótmælaaldan gegn þessari embættisveitingu sé af pólitískum toga. Allir vita þó, sem til þekkja, að þar er rangt frá skýrt. A. m. k. verðum við í stjórnarandstöðuflokkunum báðum tæplega sakaðir um slíkt, því að einu mótmælasamþykktir stjórnmálasamtaka, sem gerðar hafa verið þar til í gær, að við á hinu langfjölmennasta kjördæmisþingi, sem framsóknarmenn í Reykjaneskjördæmi hafa haldið til þessa, samþykktum mótmæli gegn þessari veitingu, voru mótmælasamþykktir Félags ungra jafnaðarmanna í Hafnarfirði og fulltrúaráðs Alþfl. í Hafnarfirði. Það er enn fremur áberandi, að ýmsir mætir menn, sem tekið hafa sig fram um að mótmæla þessari veitingu sérstaklega og opinberlega, eru stuðningsmenn stjórnarflokkanna og fjarri lagi og raunar mjög lítilsvirðandi fyrir þá, þegar því er haldið fram í Morgunblaðinu og Vísi, að þeir séu vélaðir til þessara mótmæla af vondum stjórnmálamönnum í stjórnarandstöðuflokkunum.

Ekki verður um það villzt, að almennur vilji var fyrir embættisveitingu til Björns Sveinbjörnssonar í Hafnarfirði og í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Fólki finnst þar og víðast annars staðar, að 10 ára samfelld setning í embættið og góð embættisfærsla þessa manns skapi honum, svo sem hverjum öðrum góðum embættismanni, sterk-

an rétt til embættis og ekki sé hægt að víkja slíkum manni fyrirvaralaust frá, eins og gert var með veitingu Hafnarfjarðarembættisins. A. m. k. telja menn, að siðferðilegur réttur hans sé hafinn yfir allan efa. Um þetta varð öll sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu sammála, svo og stjórn Dómarafélagsins utan Reykjavíkur, sem samþykkti Björn Sveinbjörnsson í félag sitt, sem er einsdæmi um mann, sem ekki hefur fengið setningu til embættis héraðsdómara, svo og enn fremur hundruð annarra manna, sem eftir einni eða annarri leið skoruðu á veitingarvaldið að veita Birni Sveinbjörnssyni embættið. Mönnum finnst, að setning hans hafi staðið það lengi, að hann hafi nánast öðlazt sama rétt til embættis þessa og skipun veitir. Það, sem á vantaði, sé nánast formsatriði, enda hafi fjórir dómsrh. af þremur stjórnmálaflokkum lagt blessun sína yfir þetta ástand í heilan áratug. Það get ég enn fremur fullyrt af nánum kynnum, að mjög margir kollegar mínir, lögfræðingarnir, bæði þeir, sem dómarastörfum gegna víðs vegar um landið og eins málflutningsstörfum, sóttu ekki um þetta eftirsótta embætti einungis vegna þess, að þeir töldu rétt Björns Sveinbjörnssonar svo sterkan til þess, að óviðeigandi væri að setja hann í hættu. Er það svipað og þessir sömu menn gerðu, þegar embætti yfirsakadómarans í Reykjavík var auglýst laust til umsóknar á sínum tíma og enginn af kollegum þess eina umsækjanda, sem sótti um embættið og fékk það, Þórðar Björnssonar, sótti um það á móti honum.

En hæstv. dómsmrh., Jóhann Hafstein, taldi auðsjáanlega röksemdir þessa fólks fleipur eitt. Hans réttarmeðvitund sagði honum annað, og vald sitt notaði hann í samræmi við það. Hann hefur í Morgunblaðinu frá 12. nóv. s. l. gert grein fyrir þeim ástæðum, sem leiddu til skipunar Einars Ingimundarsonar í þetta embætti, og ég verð að segja fyrir mitt leyti, að veikari málflutning hef ég ekki lengi lesið, enda erfitt um rök í málinu af hans hálfu. Hæstv. ráðh. segir þannig, með leyfi forseta: „Setning í embættið skapar hvorki lagalegan, venjubundinn né siðferðilegan rétt til skipunar umfram fjölmargt annað.“ Enn fremur segir hann, „að frekar megi tala um forréttindi Birni Sveinbjörnssyni til handa að hafa verið kornungur settur í eitt umfangsmesta embættið og fá að sitja þar í nær 10 ár.“

Hvað sem sagt verður um lagalegan rétt eða réttleysi vegna skorts á eðlilegum lagareglum í þessu tilviki, má þó fullyrða, að það er undantekningarlítil venja, að t. d. kennarar, sem settir hafa verið í 1—2 ár í stöðu, fái skipun til hennar að þeim tíma liðnum, séu þeir taldir hæfir starfsmenn. Um þetta er sköpuð í landinu áratugalöng venja, sem hlýtur eðli málsins samkv. að ná til annarra embættismanna ríkisins og það því fremur sem setningartíminn í umræddu tilfelli er ekki 1—2 ár, heldur heill áratugur. Setning í héraðsdómarastarf, eins og var í Hafnarfirði, er hins vegar einsdæmi og getur því út af fyrir sig ekki skapað venjubundinn rétt af þeirri einföldu ástæðu einni. En það út af fyrir sig haggar ekki almennu reglunni, sem ég var að nefna hér áðan, og siðferðilegan rétt skapar þessi langa setning að dómi langflestra manna, og mætti hæstv. dómsmrh. spyrja hæstv. utanrrh. um álit hans á því í þessu gefna tilviki. Það er öllum lögfræðingum ljóst a. m. k., að tíminn skapar bæði rétt og fellir niður, og má þar til nefna sem dæmi vel þekkt hugtök úr lögfræðinni, eins og hefð og fyrningu, því til sönnunar. Ég held því fram, að 10 ára embættisvarzla í svo veigamiklu og vandasömu embætti sem bæjarfógetaembættið og sýslumannsembættið í Hafnarfirði er skapi ekki einasta hverjum góðum starfsmanni mikinn rétt til skipunar í það, heldur hljóti augljósir hagsmunir hins opinbera að vera því bundnir, að maður, sem gjörþekkir til embættisins, fái það, og það stuðli að öðru jöfnu fremur að góðri embættisfærslu, og ætti veitingarvaldið vissulega að meta það einhvers.

Um þessi atriði, sem ég hef hér verið að ræða, hefur margt verið sagt. Einn þeirra manna, sem lagt hafa þar orð í belg, er Árni Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður, sem í bréfi, dags. 14. nóv., sem birzt hefur í öllum dagblöðum landsins og raunar fleiri blöðum, segir þannig, með leyfi forseta:

„Hitt vil ég fullyrða, að öll réttsýni og sanngirni hlýtur að mæla með því, að nær 10 ára seta í slíku embætti geti í eðli sínu jafngilt skipun. Munurinn er nánast formsatriði. Okkur var báðum kennt í háskólanum (þetta er í bréfi til hæstv. dómsmrh.), að rás tímans og aðgerðarleysi aðila gætu haft áhrif til sköpunar réttar eins aðila og um leið réttarmissis annars. Finnst yður það fráleitt eða ósanngjarnt að halda því fram, að þegjandi samþykki fjögurra dómsmrh. á svo löngum setutíma í embætti geti skapað rétt handa Birni Sveinbjörnssyni, siðferðilegan eða lagalegan, og um leið valdið glötun réttar yðar að taka af honum embættið og veita það öðrum? Hvenær og hvernig stofnast þá almennt séð siðferðilegur réttur í yðar augum til réttarsköpunar fyrir einstakling?“

Og Jón Finnsson lögfræðingur og fulltrúi við bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði segir m. a. í grein í Morgunblaðinu í gær, með leyfi forseta:

„Hins vegar fer það ekki á milli mála, að Björn Sveinbjörnsson hefur mesta starfsreynslu og staðarþekkingu af þeim (þ. e. umsækjendunum) öllum, þar sem hann hefur starfað óslitið hér í lögsagnarumdæminu í rúm 20 ár. Þess má geta, að íbúafjöldi hér er nú um 18 þús. manns, á Siglufirði um 2500 manns og á Ísafirði og Ísafjarðarsýslum um 6500. Þetta þýðir, að umboðsstörfin eru hér miklu meiri og dómsmálafjöldi einnig heldur en í báðum hinum lögsagnarumdæmunum til samans.“

Um rétt þann, er hinn langi setningartími skapar, segir Jón Finnsson enn fremur í sömu grein, með leyfi hæstv. forseta:

„Á sama hátt bar stjórnvaldi því, sem veitti umrætt embætti, að meta þær sérstöku aðstæður, sem hér höfðu skapazt, út frá eðli málsins. Bar ráðh. þess vegna að hyggja að því, hvort ríkisvaldið hefði orðið skuldbundið vegna hinnar löngu setningar Björns Sveinbjörnssonar. Ég tel engan vafa á, að svo hafi verið. Það fær með engu móti staðizt, að setning í embætti geti ekki skapað siðferðilegan rétt til stöðunnar. Ef fallizt

yrði á þá skoðun, mundi ekki hafa skipt máli, hvort Björn Sveinbjörnsson hefði verið settur í 10, 15 eða jafnvel 20 ár. Ja, hver trúir?"

Mér er ekki alveg ljóst, hvert hæstv. dómsmrh. er að fara í áðurnefndu viðtali við Morgunblaðið, þegar hann heldur því fram samtímis í sömu greininni, að það séu forréttindi Birni Sveinbjörnssyni til handa að hafa verið kornungur settur í þetta embætti og fengið að sitja þar í 10 ár, en jafnframt á setning hans í embættið hvorki að skapa lagalegan, venjubundinn né siðferðilegan rétt til skipunar í það. Hver eru þá þessi forréttindi? Enn fremur segir hæstv. dómsmrh., „að mörgum finnist, að setning, einkum um langan tíma, veiti einhverja siðferðilega sérstöðu til skipunar. En ef menn íhugi þetta betur, sjáist, að viðurkenning á slíku sem siðferðilegum rétti umfram margt annað geti verið mikil misbeiting réttar gagnvart mörgum öðrum, sem hvorki hafi verið gefinn kostur á að vera settir né sækja um veitingu fyrir embættinu, meðan það er ekki laust til umsóknar".

Það er fögur hugsjón, sem í þessum bollaleggingum felst! En hver verður niðurstaðan, þegar hin sérstaka veiting í Hafnarfjarðarembættið er skoðuð í þessu ljósi? Áreiðanlega ekki sú, sem hæstv. ráðh. er að lofsyngja. Hvað er þetta annað, sem vó svo þungt á vogarskálum veitingarvaldsins við skipun í Hafnarfjarðarembættið og vó þyngra en venjubundinn og siðferðilegur réttur Björns Sveinbjörnssonar og starfsaldur Jóhanns Gunnars Ólafssonar? Báðir eru þó þessir menn af veitingarvaldinu taldir hæfir embættismenn og færir. Ég læt mér ekki eina stund koma til hugar, að hæstv. dómsrh. trúi þeirri kenningu sinni sjálfur, að 62 ára gamall embættismaður sé of gamall til þess að sinna Hafnarfjarðarembættinu, fremur en hann sé of gamall til þess að sinna Ísafjarðarembættinu. Og ekki dettur mér í hug að trúa þeirri kenningu, að með veitingunni hafi hæstv. ráðh. verið að verðlauna fyrir langa og erfiða embættisfærslu eða embættisstörf úti á landi. Hvorugt þessara atriða fær staðizt, ef rök þessa máls, verðleikar og aðstæður er skoðað. Nei, hér hlýtur annað að hafa ráðið vali hæstv. ráðh., og vil ég nota þetta tækifæri til þess að skora alveg sérstaklega á hann að upplýsa það nú í þessum umr. Morgunblaðsviðtal hans hefur fáa sannfært, það þykist ég mega fullyrða.

Árni Gunnlaugsson hrl. hefur skrifað um þessa veitingu að mínum dómi eitthvert snarpasta og rökvísasta innlegg í málinu. Hann segir í bréfi, sem ég vitnaði til áðan, til hæstv. dómsmrh. m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Þér hafið vafalaust lesið Reykjavíkurbréf Morgunblaðsins sunnudaginn 14. nóvember, en höfundur þess er sagður vera forsrh. Bjarni Benediktsson, og er hér gengið út frá því. Hann segir þar m. a. um gagnrýnina: „Eðlileg gagnrýni er öllum holl." Þessu til áréttingar segi ég við yður: Því aðeins þjónar lýðræðið og frelsið tilgangi sínum, að hvort tveggja sé virt í verki. Því aðeins eigum við skilið að njóta mannréttinda, að við virðum annarra rétt. Það er því ekki sæmandi kollega yðar, Bjarna Benediktssyni, að óvirða rétt almennings til að gagnrýna í verki brottrekstur Björns Sveinbjörnssonar með því að skrifa eftirfarandi í Reykjavíkurbréfinu: „Siðleysið lýsir sér í því að hafa uppi ósannar ásakanir og beita óhæfilegum þvingunarráðstöfunum." Vill forsrh. bera ábyrgð á slíkum skrifum? Er ekki of langt gengið, þegar æðstu menn þjóðarinnar lýsa þegnum sínum sem iðkendum siðleysis fyrir það eitt að hafa haft manndóm til að sýna þá sterkustu gagnrýni gagnvart ranglæti yðar með því að fórna starfi sínu? Lögleg viðbrögð þessa fólks í þágu réttlætisins verða ekki flokkuð undir „siðleysi", hvað sem líður skoðunum stjórnlagafræðingsins Bjarna Benediktssonar."

Enn fremur segir hann svo:

„Að lokum leyfi ég mér að draga ályktanir af því, sem fram hefur komið í málinu. Ég tel ómaksins vert fyrir yður, ráðh. dómsmála, eða aðra, að kanna fræðilega þann lögmætisgrundvöll, sem þér viljið byggja á embættisveitinguna til Einars Ingimundarsonar. Sú stjórnvaldsráðstöfun yðar verkar þannig á mig o. fl., að það hafi verið pólitískar og persónulegar ástæður, sem réðu því, að hann hlaut embættið. Verði svo talið, er að mínum dómi um valdníðslu að ræða í lagalegum skilningi. Vegna þeirra lesenda, sem eru ólögfróðir, skal upplýst, að valdníðsla er ein ástæða fyrir ógildi stjórnvaldsráðstafana, en í flokki þeirra teljast embættaveitingar. Fræðilega skilgreint telst það valdníðsla, þegar stjórnvald lætur gerðir sínar ráðast af ólögmætum sjónarmiðum, t. d. pólitískum og persónulegum. Dómstólar hér á landi hafa ekki til þessa dæmt um tilvik, þar sem reynt hefur á lögmæti embættisveitinga sem stjórnvaldsráðstöfunar.

Hvað sem líður lögmæti hinnar umdeildu embættisveitingar, tel ég dóm almennings í málinu vera afdráttarlausan. Hann vitið þér um, og við hann verðið þér að sætta yður, hvort sem yður líkar betur eða verr."

Ég tel, eins og ég sagði áðan, röksemdafærslu hæstaréttarlögmannsins ákaflega sterka og að þeir, sem fyrir þessari gagnrýni hafa orðið, skuldi honum svör við þeirri gagnrýni. Við fáum e. t. v. þau svör hér í þessum umr. á eftir.

Í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins frá í gær, sem ég geng út frá að hæstv. forsrh. hafi skrifað, þar til annað er upplýst, er siðferðilegur réttur til stöðu enginn talinn til, því að þá megi líkja stöðu við eign, sem unnizt geti hefð á. Eignarréttur er víðtækur, og hingað til hef ég haldið flesta lögfræðinga vera sammála um, að réttur sá, er opinberu embætti fylgdi, nyti réttarverndar, sem m. a. lýsti sér í því, að væri embættismanni vikið úr starfi án saka, ætti hann rétt á skaðabótum, enda hafa mörg slík mál verið dæmd. Að þessu leyti nýtur embættismaðurinn sömu réttarverndar og sá, sem verður fyrir því, að eign hans er skemmd af ribbalda. Hann á bótarétt á hendur honum. Hæstv. forsrh. neitar væntanlega ekki heldur, að venjuréttur sé til um skipun settra embættismanna til starfa, sem algengast er, eins og ég hef áður bent á, í kennarastéttinni. Sú venja og sá venjuréttur hefur orðið til vegna þess, að mönnum finnst siðferðilega rangt að víkja settum kennara frá með því að veita embætti hans öðrum, sé hann á annað borð góður og gegn starfsmaður. Allur venju-

réttur byggist þannig á siðferðilegu mati. Ástand, sem byggist á ranglæti, skapar engan venjurétt og helzt venjulegast ekki lengi, þar sem frjálsræði ríkir. Mér finnst líka í hæsta máta ósmekklegt í þessu Reykjavíkurbréfi að gera starfsfólki Hafnarfjarðarembættisins, sem sagt hefur upp störfum sínum til þess að mótmæla þessari embættisveitingu, upp annarlegar hvatir og fullyrða, að það hafi með gerðum sínum gert sig hlægilegt ásamt því fólki öðru, sem að mótmælum hefur staðið.

Ég kemst ekki hjá því í lok þessarar umr. að gefnu tilefni að víkja örfáum orðum að afstöðu ráðh. Alþfl. til þessa einstæða prinsip-máls. Eins og hv. alþm. vita, stafaði áratugalöng setning Björns Sveinbjörnssonar í þetta embætti af því, að hinn skipaði embættismaður, Guðmundur Í. Guðmundsson, sat á ráðherrastóli allan þann tíma, sem setningin stóð, en vildi þó ekki sleppa þessu embætti, heldur hélt því sem baktryggingu fyrir sig. Þessi þáttur þessa margumtalaða máls er einn sá alljótasti og gerir það einstakt í sinni röð. Ég kemst ekki hjá því að álykta, að auk Guðmundar Í. Guðmundssonar beri samráðh. hans og flokksbræður, hæstv. utanrrh. Emil Jónsson og hæstv. menntmrh. Gylfi Þ. Gíslason, sem báðir geyma sér embætti á svipaðan hátt, fulla ábyrgð á þessu ástandi ásamt með Guðmundi Í. Guðmundssyni. Mér virðast því mótmæli þeirra nú og blaðs þeirra nokkuð síðbúin og þeir þyrftu að gera betur grein fyrir aðgerðum sínum í málinu innan ríkisstj., úr því að þeir vilja láta almenning trúa því, að þeir hafi verið veitingu þessari ósamþykkir. Sérstaklega tel ég ríka þörf á því, að hæstv. utanrrh., Emil Jónsson, geri grein fyrir þessu, því að eftir því sem Þjóðviljinn hefur skýrt frá þann 16. nóv. s. l. og ég hef hvergi séð í móti mælt, á hann sem formaður fulltrúaráðs Alþýðuflokksfélaganna í Hafnarfirði að hafa samið og lagt fram mótmælatill., sem þar var einróma samþykkt, en mótmælatill. þessi hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Fulltrúaráð Alþfl. í Hafnarfirði mótmælir því harðlega, að Birni Sveinbjörnssyni skyldi ekki vera veitt bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði og sýslumannsembættið í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Fulltrúaráðið telur, að Björn hafi með 9—10 ára starfi í þessu embætti, sem hann að allra dómi, er til þekkja, hefur rækt með ágætum, verið allra umsækjenda sjálfsagðastur til að vera skipaður í embættið."

Mér býður svo í grun, að mótmæli þessara hæstv. ráðh. innan ríkisstj. gegn veitingu embættisins hafi ekki verið mjög sterk, enda árangurinn í samræmi við það. Við þekkjum þó dæmi þess, að einörð mótmæli þeirra hafa stundum borið árangur, eða svo er a. m. k. að sjá af upplýsingum, sem fá mátti í blöðum landsins fyrir stuttu um áhrif þeirra, þegar til umr. og til ákvörðunar var, hver skipa skyldi sæti útibússtjóra á Akureyri í útibúi Útvegsbankans þar. En um þessi atriði fást vafalaust upplýsingar í þeim umr., sem hér væntanlega verða, og er það vel, því að þá þurfa menn ekki að byggja umr. um þessi málefni á alls kyns sögusögnum, sem sumar hverjar geta verið rangar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar að sinni. Ég legg aðeins áherzlu á það, að viðbrögðin við embættisveitingunni í Hafnarfirði eru algert einsdæmi hér á landi og skera því alveg ótvírætt úr um, að veiting þessi er einstök í sinni röð. Réttarmeðvitund fólks rís algerlega öndverð gegn þeirri kenningu, að áratugsembættisvarzla, vel rækt í alla staði, skapi viðkomandi engan rétt til embættisins, hvorki lagabundinn, venjubundinn né siðferðilegan.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. þessu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Út af frv. því, sem hér liggur fyrir á þskj. 70 og nú hefur verið gerð grein fyrir af hv. flm. þess, vil ég segja, að ég er efnislega sammála í stórum dráttum þeirri till., sem þar er fram borin til breytinga á l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og mundi fylgja slíkri till. eða öðrum líkum. Ég tel þó, að vandamálið, sem við er að glíma, sé víðtækara en þessi hv. flm. hefur gert sér grein fyrir eða gert okkur grein fyrir í sínu máli og þurfi sú n., sem þetta mál fær til meðferðar, að athuga það nánar.

Nú þyrfti víst ekki að vera lengri mín ræða, ef ég ætti að binda mig við efni frv. En hv. flm. notaði langan tíma, ekki til þess að gera grein fyrir efni þessa frv. sérstaklega, heldur til að gera að umtalsefni embættisveitingu bæjarfógeta**embættisins í Hafnarfirði og sýslumannsembættisins í Gullbringu- og Kjósarsýslu**, og hef ég auðvitað ekkert um það að sakast. Mér er aðeins kærkomið að fá tækifæri til þess, að það mál komi til umr. hér. Ég hefði gjarnan óskað eftir að fá að heyra sjálfstæðari skoðanir á því máli en hv. flm. þessa máls lét í ljós, því að sannast að segja kannast maður nú við flest, enda mikið af því upplestur úr blöðum undanfarinna daga frá öðrum mönnum, sem hann vildi nota máli sínu til stuðnings í sambandi við þær ásakanir, sem hann bar fram í minn garð um misrétti í þessari umræddu embættisveitingu.

Ég hef gert grein fyrir viðhorfi mínu til þessarar embættisveitingar í stuttu viðtali í Morgunblaðinu, skömmu eftir að embættið var veitt. Hv. flm. þessa máls segir, að það viðtal hafi sannfært fáa. Um það skal ég ekkert sakast við hann, og þýðir lítið um að deila, en þar er þó í fáum dráttum fram dregið það, sem ég vildi mega halda, að margir teldu vera nokkuð veigamikil atriði í þessu sambandi. Þegar stundum er vitnað í rök, sem ég flutti fram í þessu viðtali, hafa bæði blöð og þessi flm. iðulega látið sér sæma að fella úr því, sem ég sagði, og hætta í miðjum setningum, þar sem það hentaði þeim.

Mér þykir alveg sérstaklega ástæða til að víkja að einu atriði, sem margsinnis hefur verið haft eftir mér, „að setning í embætti skapi hvorki lagalegan, venjubundinn né siðferðilegan rétt til skipunar í embætti." Á þessu hafa menn furðað sig, og það gerði þessi hv. flm. einnig. En það stendur bara áfram í viðtalinu við mig: „umfram fjölmargt annað, sem til álita kemur og veitir rétt að sínu leyti, meiri eða minni, til embættisskipunarinnar". Ég hef m. ö. o. ekki sagt, að setning veiti ekki að sínu leyti rétt, þegar meta á, hvort veita

skuli einum eða öðrum embætti, en ég álít ekki, að hún veiti neinn fortakslausan rétt, og það sé ekki einsætt, að þeim, sem hefur verið settur einhvern tíma, tilheyri þar með embættið. Þarna skilur okkur á, og það má segja, að hér séum við í raun og veru að fjalla um þungamiðju málsins. Er það svo, ef maður hefur verið settur í embætti lengri eða skemmri tíma, að þá skeri það endilega úr um það, að hann skuli verða skipaður í þetta embætti, þegar það losnar? Ég hef leyft mér að hafa þá skoðun, að svo bæri ekki að líta á þetta mál, og ég tel það rangt, ef svo væri litið á málið. Ég hef gert nokkra grein fyrir því, af hverju ég tel það rangt, m. a. vegna þess, að þá er gengið fram hjá þeim rétti, sem aðrir eiga til þess að sækja um þessi embætti og láta meta sína hæfileika og sína aðstöðu til móts við viðkomandi aðila. Og réttur hinna mörgu er að mínu viti í þessu sambandi alls ekki minni en réttur hins eina.

Menn skilja kannske betur, hvað ég á við, ef við lítum á þetta í ljósi staðreyndanna. Þá liggur málið þannig fyrir, að embættið í Gullbringu- og Kjósarsýslu var auglýst til umsóknar árið 1935. Síðan hefur það ekki fyrr en nú verið auglýst til umsóknar. Nú er það svo, að það er lagaskylda að auglýsa embætti, en það hefur mér skilizt, bæði á flm. þessa máls og öðrum, að það hafi ekki skipt neinu máli í þessu sambandi, það hafi bara verið formsatriði, sá setti hefði átt að fá þetta embætti, í augum þessara manna átti bókstaflega ekki að líta á réttarstöðu annarra manna. Segjum þá, að ég hefði viljað fara að ráðum þessara manna og skipað embættið þessum tiltekna embættismanni, sem þarna hafði verið settur. Það er maður á bezta aldri. Hann gat hæglega verið í embættinu í 24 ár, eða fram til hámarksaldurs embættismanna. Ef þessi háttur hefði verið á hafður, hefði engum öðrum sýslumönnum og bæjarfógetum þessa lands né öðrum lögmönnum gefizt kostur á að sækja um embættið í Hafnarfirði og Gullbringu- og Kjósarsýslu í um 55 ár! Þetta fær að mínum dómi með engu móti staðizt, og þetta væri ranglæti, eins og ég sagði áðan, gagnvart fjöldamörgum öðrum.

Það, sem ég vildi því leggja áherzlu á, er þetta, sem ég hef sagt, að setningin skapar ekki siðferðilegan rétt, og það er alveg sama, hversu lengi setningin er, þá skapar hún ekki siðferðilegan rétt umfram margt annað. Þar verður líka að meta þær misgerðir, sem maður gerði sig sekan um gagnvart öðrum, ef þetta ætti að vera fortakslaus réttur. Það kom alls ekki til fyrst eftir umsóknir um þetta embætti, að ég hafði þessa skoðun á þessu máli, og það er alveg rangt hjá hv. flm. þessa máls hér, að ég hafi þurft stuttan tíma til að gera upp við mig, hverjum ætti að veita þetta embætti. Það er iðulega svo, og var það einnig í þessu sambandi, að embættismenn eða aðrir, sem óska að sækja um embætti, ræða það við veitingarvaldið, og það veit oft um hugi manna til embættanna löngu áður en formlegar umsóknir eru lagðar fram. Mér var þess vegna kunnugt um, að það mundu fleiri sækja um embættið en Björn Sveinbjörnsson, sem mér hafði verið tjáð, að mundi sækja um það og sótti líka um embættið, þegar það hafði verið auglýst. Ég kallaði þá á þennan bæjarfógeta og sýslumann til þess að gera honum grein fyrir þessari skoðun minni, að ég teldi ekki, að setning hans í embættið skapaði honum fortakslausan rétt, umfram margt annað, til þess að hljóta þetta embætti, og það kynnu að koma fram umsóknir um embættið frá mönnum, sem ég teldi eiga ekki síðri eða meiri rétt til embættisins en hann. Honum var alveg ljóst um þessa afstöðu mína. En um leið og ég gerði honum grein fyrir þessu, gerði ég mér grein fyrir, að það stóð að vissu leyti sérstaklega á um hann, að hann var búinn að vera settur lengi, og með því að fá ekki embættið yrði hann a. m. k. í bili embættislaus. Enda hef ég óspart verið ásakaður fyrir það að hafa „kastað þessum embættismanni út á gaddinn", eins og sumir prestlærðir menn hafa orðað það, og „vikið honum úr embætti". Mér er nærri að hyggja, að margir, sem hafa mótmælt þessari embættisveitingu, hafi gert það vegna þess, að þeim finnist, að ég hafi vikið manninum úr embætti og kastað honum út á gaddinn. En hvorugt þetta fær staðizt. Auðvitað veit þessi embættismaður eins og aðrir, sem til þekkja, að honum eru engar dyr lokaðar á embættisferli, ef hann óskar að halda honum áfram, enda þótt ég hafi ekki talið einsætt, að hann skyldi hljóta þetta embætti. Það eru tvö auglýst embætti núna til umsóknar, annað hæstaréttardómaraembætti og hitt bæjarfógetaembættið á Siglufirði. Og það munu áreiðanlega losna, og er vitað um, að innan skamms tíma munu losna embætti, sem þessi hv. embættismaður getur að sjálfsögðu sótt um eins og aðrir, og hans verðleikar yrðu þá metnir, þegar þar að kæmi.

Þegar ég ræddi við þennan embættismann, stóð þannig á, að borgarfógetaembættið í Reykjavík hafði verið auglýst laust til umsóknar. Skv. 5. gr. l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er heimilt að taka til greina umsóknir, sem berast, eftir að liðinn er umsóknarfrestur. Með hliðsjón af þeim umsóknum, sem fyrir lágu, bauð ég þessum embættismanni, að ef hann óskaði að sækja um þetta embætti, mundi ég veita honum það, þ. e. borgarfógetaembættið í Reykjavík. Hann tjáði mér, að hans hugur stæði ekki til þess, og ég gat ósköp vel skilið þá afstöðu hans, að hann vildi fá úr því skorið í sambandi við embættisveitinguna í Hafnarfirði og Gullbringu- og Kjósarsýslu, hvort hann hreppti það embætti eða annar. Og um þetta urðu engar málalengingar frekar á milli okkar og engar ýfingar. Ég segi þetta aðeins til þess að undirstrika það, að það hefur hvorki verið í mínum huga að kasta þessum manni út á gaddinn né að ég hafi gert neitt það, sem ég teldi í líkingu við það að vísa þessum manni úr embætti.

Þá kem ég nú að því, sem er kannske leiðinlegri hlið þessa máls, að þurfa að víkja svolítið að öðrum embættisveitingum í þessu landi. Ég hef sjálfur sagt það, að ég vilji ekki nota aðrar embættisveitingar til afsökunar eða réttlætingar á minni eigin embættisveitingu. En þegar maður hlustar á alla þessa heilögu vandlætingu frá flokksblöðum og frá þm. ákveðinna flokka um það, hvað ég hafi gerzt sekur um einstakt mis-

rétti og misferli í embættisveitingu, svo að með eindæmum sé, og einhver alda sé risin í landinu gegn þessum óhæfuverkum núverandi dómsmrh., þá fer manni að blöskra. Ég vil þess vegna gjarnan hér í þingsölum, þó að ég hafi ekki hirt um það í dagblöðum, víkja nokkuð að því, hvernig með embættisveitingar hefur verið farið hér á landi, svo að hv. þm. geti gert sér rökstuddari grein fyrir því, á hvern hátt ég hef skorið mig úr með ranglæti í þessu sambandi. Og þó að ég ætli á engan hátt að reyna að gera neina tæmandi grein fyrir þessum málum að mínum dómi, mundi ég telja mjög æskilegt, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, kryfji þau mál til mergjar og geri þá þingheimi enn þá betri grein fyrir því, þegar málið kemur frá n., í sambandi við þær álitsgerðir, sem væntanlega koma fram í þessu máli.

Það hefur verið talin föst regla og venja, að auglýsa bæri til umsóknar embætti þau, sem konungur veitti, álíka eins og þau, sem við erum nú hér að ræða um og forseti veitir nú. Frá því eru ákaflega fá frávik. En frávikin eru hins vegar til. Nú hefur það, eins og kunnugt er, verið sett í lög frá 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að það skuli auglýsa embætti. En það breytir ekki því, að veitingarvaldið var í raun og veru alveg jafnbundið af langri hefð um embættisveitingar að gefa embættismönnum í þjóðfélaginu jafnan kost á því að sækja um embættið.

Það hefur atvikazt þannig um þennan þátt málanna, að eftir stjórnarskipti 1934 og frá þeim tíma og þar til þáv. dómsmrh. lætur af störfum, auglýsir hann 5 bæjarfógeta- og sýslumannsembætti í 5 fyrstu skiptin, sem hann veitir embættin. Síðan auglýsir hann ekki embætti eftir það, þar til hann fer frá, eða 8 sinnum, og gefur þá engum kost á því að sækja um þessi embætti. Hann hættir líka auglýsingu embættanna með þeim hætti, að hann skipar embættismann 1. janúar 1937 í sýslumannsembættið í Árnessýslu, sama dag og lög ganga í gildi um meðferð einkamála í héraði, þar sem embættismennirnir verða að uppfylla viss dómaraskilyrði, að hafa haft þriggja ára reynslu í tilteknum störfum. Þessi maður hafði það ekki. Hann var nýkominn frá prófborðinu. Og eftir þetta eru í þremur tilfellum sýslumannsembætti veitt með þeim hætti, að þau eru ekki auglýst, settur í bili þar embættismaður, af því að hann uppfyllir ekki dómaraskilyrðin, en látinn öðlast þau hjá sjálfum sér í 3 ár og skipaður svo.

Bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði og sýslumannsembættið í Gullbringu- og Kjósarsýslu var ekki auglýst 1945. Þáv. dómsmrh. skipaði 10 embætti á tveggja ára embættisferli, og hann auglýsti þau öll nema þetta eina.

Svo hafa menn talað um með töluverðri vandlætingu, af hverju ég hafi ekki skipað elzta umsækjandann. Þetta gleymist að vísu alveg í ofsanum fyrst, en menn hafa eftir á verið að átta sig á því, að það hafi nú verið óskynsamlegt að saka mig ekki meira fyrir að hafa ekki skipað Jóhann Gunnar í embættið út frá því sjónarmiði, að hann væri elzti embættismaðurinn, og nú er svolítið að þessu vikið hjá flm. þessa frv. Menn segja: Hvernig fær það staðizt, að 62 ára gamall maður sé of gamall til þess að vera skipaður í embætti í Hafnarfirði, Gullbringu- og Kjósarsýslu, og er hann þá nokkuð betur hæfur til þess að halda áfram að sinna sínu embætti? Ég hef nú aldrei tekið svo til orða, að ég teldi manninn óhæfan af því, að hann væri of gamall. Þvert á móti tók ég fram í því blaðaviðtali, sem ég átti, að ég teldi hann alveg fullkomlega hæfan. Það, að ég skipaði hann ekki, orðaði ég þannig, að ég teldi hann helzt til fullorðinn. En ég sagði líka um leið, og það gleymist mönnum jafnan: „um þetta má þó vissulega deila“. Mér dettur ekki í hug að halda því sjálfur fram, að þetta skeri út af fyrir sig úr. Um þetta má vissulega deila. Mér er alveg ljóst, að aðrir kynnu að hafa aðra skoðun á þessu heldur en ég. Því er þó haldið fram, að það sé mörgum sinnum, þrisvar til fjórum sinnum fjölmennara embætti í Hafnarfirði, Gullbringu- og Kjósarsýslu en á Ísafirði, og ég taldi nokkurs virði, að í þetta umfangsmikla embætti fengist maður á bezta aldri. Þó að ég hafi beinlínis tekið fram, að ég teldi Jóhann Gunnar Ólafsson hæfan, lét ég við mitt mat þessar ástæður ráða, sem mætti þó vissulega deila um.

En þá komum við nú að blessuðum aldrinum yfirleitt við embættisveitingarnar. Ef við rifjum upp aftur embættisveitingu bæjarfógeta Hafnarfjarðar og sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu 1935, þá var það veitt manni, sem var miklu yngri að árum og hafði miklu minni starfsreynslu en mjög margir aðrir sýslumenn og embættismenn, sem sóttu um þetta embætti. Það var gengið fram hjá Magnúsi Gíslasyni sýslumanni, en ég vil nefna þessi nöfn hérna, því að sum af þeim þekkja þm. ákaflega vel og gera sér þá betur grein fyrir því. Hann varð kandidat 1912. Sá, sem fékk embættið, varð kandidat 1923. Það var gengið fram hjá Gísla Sveinssyni, fyrrv. forseta Alþ. og sýslumanni frá 1918 og kandidat frá 1910. Það var gengið fram hjá Halldóri Júlíussyni, sem hafði verið fulltrúi frá 1905 og sýslumaður frá 1909. Þeir, sem reisa nú þessa vandlætingaröldu yfir því, að ég hafi ekki vandað nógu mikið valið í sambandi við mína embættisveitingu, mættu huga nokkuð að þessu.

Þegar bæjarfógetaembættið á Akureyri og sýslumannsembættið í Eyjafjarðarsýslu var veitt 1945, var það veitt ágætum manni, Friðjóni Skarphéðinssyni. Hann var þá bæjarstjóri í Hafnarfirði. Hann var sem sagt ekki embættismaður ríkisins, sem menn hafa oft talað um að skipti nokkru máli að láta ganga fyrir í embættisveitingum, þó að ekkert veitingarvald sé skuldbundið til þess. En það voru miklu eldri og reyndari sýslumenn og embættismenn á þessu sviði, sem sóttu um embættið. Þá sótti um embættið Hjálmar Vilhjálmsson, hann hafði orðið kandidat 1929 og hinn 1935, Hjálmar hafði verið fulltrúi og bæjarstjóri frá 1930 og sýslumaður frá 1936. Jón Steingrímsson sýslumaður sótti um embættið. Hann hafði orðið kandidat 1923 og var búinn að vera sýslumaður frá 1930. Einnig sótti um embættið Hákon Guðmundsson hæstaréttarritari. Og svona mætti lengi telja.

Eins og ég sagði áðan, hef ég ekki vikið að þessum atriðum hér til þess að afsaka á nokkurn

hátt þá embættisveitingu, sem ég ber ábyrgð á og hér hefur verið gerð að umtalsefni. En ég bið aðeins þá menn, sem gera sig að dómara yfir öðrum og vandlætara yfir þeirra siðleysi og þeirra misgerðum í garð annarra, að huga svolítið að sér og minnast þess, hvernig þeim nákomnir menn og þeirra eigin flokkar og flokksblöð hafa staðið að og varið hluti, sem á engan hátt standast samanburð við það, sem hér hefur gerzt. Þar voru stundum beinlínis brotin lög og miklu „misrétti" beitt gegn einstökum mönnum, svo að ég noti orð þeirra, sem á mig ráðast. Ég ætla mér ekki þá dul, að það sé ekki eðlilegt, að menn hafi á þessari embættisveitingu mismunandi skoðanir. Og mér dettur ekki heldur í hug að halda, að það hafi engin áhrif haft á embættisveitinguna hjá mér kynni mín af Einari Ingmundarsyni og það, hvernig ég hef vitað hann rækja sitt embætti, og það, hvernig ég hef vitað hann rækja sína þingmennsku. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að það hafi ekki haft sín áhrif, enda tel ég réttast, að slíkt hafi áhrif. Ef maður er sjálfur sannfærður um mannkosti manns, á maður ekki að láta hann gjalda þess, þó að hann sé í sama flokki og maður sjálfur.

Ég skal ekki á þessu stigi málsins hafa þessi orð miklu fleiri. Það er enginn vafi á því, eins og ég sagði í upphafi, að frv. felur í sér tilraun til þess að leysa mikið vandamál, sem við búum við, þegar menn, eins og hér hefur verið um að ræða, eru skyndilega beðnir um að taka að sér ráðherraembætti, sem eins og kunnugt er enginn veit, hve langan tíma tekur, og menn eiga þess tæplega kost að losa sig umsvifalaust við embættið, sem þeir gegna. Menn þurfa að hafa nokkurt tóm til ráðstöfunar, þegar svo stendur á. Að þessu leyti stefnir till., sem hér er flutt, alveg í rétta átt, að gefa mönnum vissan aðlögunartíma til þess að átta sig á því, hvort þeir séu reiðubúnir til þess að láta laus eldri störf eða stöður. Ýmis önnur atvik geta einnig komið til greina til þess að greiða úr þessum vanda. Í okkar litla þjóðfélagi, þjóðfélagi kunningskaparins, hefur alltaf reynzt auðvelt fyrir menn, sem kvaddir hafa verið til ráðherrastarfa, að fá þá, sem þeir þurfa að sækja mál undir, að leyfa þeim að vera frá starfinu í bili. Ég er einn af þeim mönnum, sem hafa þurft að sækja undir sína yfirboðara um þetta. Þegar ég var staddur úti í London í nóvembermánuði 1963 og forsrh. hringdi í mig til þess að spyrja mig, hvort ég væri reiðubúinn að taka að mér ráðherraembætti, varð ég einfaldlega að segja honum, að þessu gæti ég ekki svarað, nema fyrir lægi áður frá bankaráði Útvegsbankans, hvort mér væri heimilað, þangað til annað yrði ákveðið, að fá frí frá störfum og halda þeim réttindum til starfans áfram, ef svo vildi atvikast. Þannig stóð líka á hjá Guðmundi Í. Guðmundssyni, og þannig hefur staðið á hjá fleiri mönnum. Ég er hins vegar alveg sammála því, sem hér hefur komið fram, að það þarf að setja um þetta einhverjar reglur og finna þessu einhver mörk, og ég vil fyrir mitt leyti vera með í því að reyna að finna beztu leiðir til úrlausnar í þessu efni, svo að menn ekki síðar meir rísi upp til ásökunar á hendur mönnum t. d. fyrir að hafa farið þannig að, sem allir töldu þó sjálfsagt á sínum tíma. Það **tekst vonandi að leysa úr þessum vanda.** Hitt geta menn svo endalaust deilt um, hversu vel eða illa mér hafi tekizt um embættisveitingu þá, sem hér hefur verið gerð að umtalsefni. Ég hef sjálfur góða samvizku í sambandi við þessa embættisveitingu, og ef menn gera sér far um það að líta svolítið á eðli þessara mála og gang þeirra í okkar þjóðfélagi fyrr og síðar, held ég, **að það sé alveg öruggt,** að mönnum er óhætt að draga dálítið úr þeim ásökunum, sem fram hafa verið bornar í minn garð.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykn. (JSk) sagði í framsöguræðu sinni áðan, að ég hafi í 9 ár látið mér sæma að halda opnu fyrir mig prófessorsembætti við háskólann sem baktryggingu fyrir fallvaltleika ráðherraembættisins. Hér er svo villandi frá sagt, að ég tel það stórvítavert, þar eð þm. á að vera innan handar að vita hið rétta í málinu með því að ræða við stjórn háskólans eða fletta upp í þingtíðindum, ef hann kærir sig ekki um að ræða við mig persónulega, og fá að vita hið rétta.

Ég hef orðið var við það undanfarna daga, að því hefur verið lætt út manna á meðal, að ég hafi látið ýmsa menn kenna fyrir mig við háskólann í 9 ár, ýmist sem aukakennara eða setta, þ. e. án þess að fá skipun í embættið. Þótt ég sé hissa á alþm. eins og Jóni Skaftasyni að láta sér um munn fara orð eins og þau, sem hann mælti um mig áðan, þar eð hann ætti að geta vitað betur, þykir mér beinlínis vænt um að fá þetta tilefni til þess að upplýsa hið rétta í málinu. Ekki hvað sízt er ég hissa á ummælum hv. þm. vegna þess, að embætti mínu við háskólann hefur einmitt verið ráðstafað þannig, að það er í fullu samræmi við ákvæði frv. hans. Þótt það hefði verið orðið að lögum, hefði það engu breytt um meðferð prófessorsembættis míns við háskólann, þar eð í því hefur aðeins verið settur prófessor til fullrar kennslu í 1 ár, Guðlaugur Þorvaldsson deildarstjóri á hagstofunni, veturinn 1960—1961, og óskaði hann þá sjálfur eftir því að láta af störfum og hverfa aftur í hagstofuna, þótt hann af minni hálfu hefði átt kost á skipun og hefði eflaust fengið meðmæli háskólans. Ég skal nú gera nánari grein fyrir þessu máli:

Kennslugreinar mínar í viðskiptadeild háskólans voru allan tímann, meðan ég kenndi þar, rekstrarhagfræði og skyldar greinar. Allar aðalgreinarnar, sem ég kenndi, eru nú kenndar af Árna Vilhjálmssyni prófessor, sem var skipaður prófessor frá 15. okt. 1961, en hann hafði þá lokið framhaldsnámi við Harvard-háskóla.

Ég geri ekki ráð fyrir því, að neinn hafi ætlazt til þess, að ég segði af mér prófessorsembætti mínu, er ríkisstjórn Hermanns Jónassonar var mynduð sumarið 1956. Kennslu minni var ráðstafað þannig, að næstu árin kenndu kennslugreinar mínar þeir dr. Jóhannes Nordal, Guðlaugur Þorvaldsson, Þorvarður Jón Júlíusson og Árni Vilhjálmsson, en ekki reyndist unnt að fá neinn einn mann til þess að taka alla kennsl-

una að sér fyrr en haustið 1960, og var Guðlaugur Þorvaldsson þá settur prófessor.

Þegar stjórn Ólafs Thors hafði verið mynduð í árslok 1959 og fjarvera mín frá störfum við háskólann lengdist, vildi ég ekki, að kennsla í kennslugreinum mínum yrði áfram í höndum aukakennara eða setts prófessors, eins og hún var veturinn 1960—1961. Ræddi ég málið í ríkisstj. og við háskólann. Varð það niðurstaðan, að háskólinn fór fram á það við Alþ., að stofnað yrði nýtt prófessorsembætti við viðskiptadeildina. Frá upphafi hafa þar verið 2 prófessorsembætti, og eru rekstrarhagfræði og skyldar greinar aðalkennslugreinar annars, en þjóðhagfræði og skyldar greinar hins. Tilgangurinn með stofnun hins nýja embættis var sá, að ef það yrði stofnað, gæti sú skipun haldizt, að aðalgreinar deildarinnar, rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði, yrðu kenndar af skipuðum prófessorum, en starfskraftar mínir bættust þá við kennaralið deildarinnar, þegar ég hyrfi úr ríkisstj. Till. um stofnun þessa nýja embættis var flutt í Ed. og samþ. með shlj. atkv., um leið og stofnuð voru 2 önnur prófessorsembætti, en menntmn. beggja d. var gerð grein fyrir öllum málavöxtum. Menntmn. beggja d. og þar með fulltrúar allra flokka fengu vitneskju um efni þessa máls og samþ. þar með þá skipan, sem síðan hefur verið á þessum málum. Mér er engin launung á því, að hefði stjórnarandstaðan þá beitt sér gegn stofnun hins nýja embættis, með þeim rökum, að hér væri einungis verið að gera eitthvað fyrir mig persónulega, hefði ég beðið háskólann að afturkalla ósk sína um stofnun embættisins, en auðvitað engu að síður skipað Árna Vilhjálmsson prófessor, eins og ég gerði. Vona ég því, að enginn undrist, þó að mér þyki árásir á mig nú út af þessu máli vægast sagt ódrengilegar.

Í lögum nr. 51 frá 11. júní 1960 var svo kveðið á, að þau kæmu til framkvæmda, þegar fé væri veitt á fjárlögum. Það var gert þegar á næsta ári. Var þá prófessorsembættið í viðskiptadeild auglýst og Árni Vilhjálmsson síðar skipaður prófessor.

Síðan ég fór frá háskólanum, hefur reglugerð viðskiptadeildar verið breytt nokkuð og tekin upp aukakennsla í nokkrum greinum. Meðal hinna nýju aukagreina er kennsla fyrir stúdenta á fyrsta námsári í rekstrarhagfræði, hugtök í hagskýrslugerð og hagræn landafræði, 3 tímar í viku. Þessa kennslu annast nú Guðlaugur Þorvaldsson deildarstjóri á hagstofunni. Eru laun hans greidd með hluta af þeim launum, sem heimilt er að verja til þriðja prófessorsembættisins við deildina, og er Guðlaugur Þorvaldsson settur prófessor, þótt hvorki kennslugreinarnar né stundafjöldinn sé prófessorsstarf. Guðlaugur Þorvaldsson héldi eflaust áfram að kenna þessar aukagreinar, þótt prófessor kæmi til starfa í þriðja embættið. En einmitt af því, að hér er ekki um prófessorsstarf að ræða, hvorki að því er snertir kennslutíma né kennslugreinar, er nafn mitt enn nefnt í kennsluskrá háskólans, og er þar fylgt gamalli hefð.

Aðalatriði þessa máls er, að aðalkennslugreinar viðskiptadeildar eru kenndar af tveim skipuðum prófessorum, Ólafi Björnssyni og Árna Vilhjálmssyni, eins og reglugerð viðskiptadeildar ætlast til og var, þegar ég fór frá háskólanum. Þannig hefur þetta verið síðan haustið 1961. Þessir prófessorar og aðrir kennarar, sem fjölgað hefur verið á undanförnum árum, halda uppi kennslu í öllum þeim greinum, sem hin nýja reglugerð viðskiptadeildar gerir ráð fyrir. Það hefur því að engu leyti skaðað háskólann né stúdentana, að til skuli vera þriðja prófessorsembættið við deildina, sem ég get með samþykki Alþ. hafið starf í, þegar ég læt af ráðherraembætti. Viðskiptadeild hefur fengið til starfa alla þá kennslukrafta, sem nauðsynlegir hafa verið skv. gildandi reglugerð og hún hefur óskað eftir.

Ég vil að lokum taka það fram og leggja á það sérstaka áherzlu, að ef háskólinn hefði á undanförnum árum talið eða teldi nú þörf á að skipa annan mann en mig í þriðja prófessorsembættið við viðskiptadeildina, mundi ég gera það þegar í stað. Ef viðskiptadeild eða eftirmaður minn sem menntmrh. teldu ekki þörf fyrir starfskrafta mína, þegar ég léti af ráðherrastörfum, mundi ég auðvitað ekki taka upp störf við háskólann að nýju.

Ingi R. Helgason: Herra forseti. Jón Skaftason, 4. þm. Reykn., hefur á þskj. 70 flutt frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Breyt., sem hv. þm. leggur til, er ekki mikil að vöxtum, en þeim mun meiri að efni til og inntaki. Með henni er reynt að móta almenna reglu um setningu starfsmanns í embætti og reisa skorður við því, að setningin vari of langan tíma, þar sem hún sé í eðli sínu bráðabirgðaráðstöfun.

Í framsöguræðu sinni var hv. þm. ekki myrkur í máli varðandi tilefni þessa tillöguflutnings, þ. e. meðferðina á Birni Sveinbjörnssyni, sem nú hefur verið settur út úr embætti bæjarfógeta í Hafnarfirði og sýslumannsembætti í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Ég vil lýsa því yfir í upphafi máls míns, að ég er í langflestu alveg sammála hv. flm., bæði að því er tekur til tilefnisins og svo efnislega, þar eð ég tel, að þessi regla, ef samþykkt yrði, mundi stuðla að lýðræðislegri stjórnarathöfnum en þeim, sem við höfum horft upp á lengi, og draga úr valdníðslu á sviði stjórnarfarsréttar.

Embættisveitingar eru einhverjar hinar mikilvægustu stjórnarathafnir. Undir embættismönnum og öðrum opinberum starfsmönnum er það jafnan að miklu leyti komið, hversu til tekst um lagaframkvæmd og stjórnarathafnir allar. Sérhverju ríki er það hin mesta nauðsyn, að hinir hæfustu menn, sem völ er á hverju sinni, veljist til opinberra starfa. Á hinn bóginn er það ævaforn reynsla, að sjaldan er meiri hætta á misbeitingu valds og hlutdrægni en einmitt við stöðuveitingar. Nú á tímum er hið raunverulega veitingarvald oftast nær í höndum pólitískra ráðherra, sem freistast oft til að misnota það til framdráttar flokksmönnum sínum. Víða um lönd er með ýmsum hætti reynt að hamla gegn rangsleitni við stöðuveitingar, eftir því sem kostur er. En í sumar stjórnarskrár hafa verið tekin ákvæði, sem að þessu miða. Hjá sumum þjóðum hafa verið lögfestar almennar reglur

um aðferðir við veitingu embætta og annarra opinberra starfa, er eiga að stuðla að því, að réttsýni og hlutlægs mats sé gætt. Þær aðferðir eru mismunandi, en þó almennt í því fólgnar, að opinbera stöðu skal auglýsa lausa til umsóknar, að leita skal álits eða umsagnar einhverrar stofnunar eða umsagnaraðila um umsækjendur, að umsækjendur gangi undir samkeppnis- eða hæfnispróf, að stöðuveitingu eða till. um hana má kæra til æðra stjórnvalds og lögmæti veitingar má bera undir dómstóla o. s. frv. Nokkur vörn gegn misbeitingu getur verið að slíkum lagareglum, en einhlítar eru þær auðvitað ekki. Oftast er öflugt og vakandi almenningsálit samfara heilbrigðum siðferðisþroska í opinberu lífi bezta og raunar eina vörnin.

Hér á landi eru þessar reglur, sem ég hef tæpt á, til í einstaka tilfellum, en almennar geta þær ekki talizt né fastmótaðar. Hér hefur þó smám saman skapazt venjuregla í þá átt að meta starfsaldur mikils, bæði í sambandi við launakjör og ráðningar. Er þessi regla eðlileg, þar eð hún byggist á þeim sjónarmiðum, að við ástundun tiltekins starfs öðlist embættismaðurinn eða starfsmaðurinn reynslu, þjálfun og öryggi í réttu hlutfalli við starfsaldur sinn til gagns og hagræðis fyrir embættisreksturinn. Þessi regla er einnig í samræmi við réttarmeðvitund almennings. Hún þýðir í rauninni það, að séu tveir menn taldir almennt hæfir til að sinna einhverju starfi eða embætti, þá skuli sá þeirra takast það á hendur, sem lengri starfsreynslu hefur. Það skuli hann einnig gera af réttlætisástæðum, sem eru augljósar og ég þarf ekki að gera að umtalsefni.

Við búum nú við tiltölulega ný lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, eða frá 1954. Þar er mikilvægri reglu slegið fastri, sem reisir skorður við misbeitingu veitingarvaldsins, að auglýsa skal allar opinberar stöður. Sú regla byggist á sjónarmiðum um, að allir séu jafnir fyrir lögunum. Þessi lög hafa að geyma ákvæði um skipun í stöður, hvernig og hvenær það skuli gert, og um réttarstöðu hins skipaða. Hins vegar eru í lögunum litlar leiðbeiningar til stöðuveitingarvaldsins, utan þess sem aðeins er tæpt á starfsaldursreglunni í 14. gr. En það er eitt merkilegt við þessi lög, og á það vildi ég benda vegna tilefnisins að tillöguflutningi hv. þm. Jóns Skaftasonar, en það er það, að lögin gera ekki ráð fyrir setningu í embætti með öðrum hætti en þeim, að embættið sjálft sé laust, hafi verið auglýst til umsóknar, en enginn skipaður. Ákvæði 5. gr. l. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eru svo hljóðandi:

„Nú hefur staða verið auglýst, en eigi þykir rétt að skipa nokkurn umsækjanda í hana, og má þá setja þann umsækjanda, er næst þykir standa til þess að fá skipun. Veita má slíkum manni stöðu án auglýsingar að nýju, eftir að hann hefur gegnt henni óaðfinnanlega í eitt ár eða lengur, enda á hann þá rétt á að fá úr því skorið, hvort hann eigi að fá veitingu.“

Samkv. þessu eina ákvæði l. um setningu í embætti er setning í embætti bundin við hóp umsækjenda, hún er bráðabirgðaráðstöfun, sem getur veitt hinum setta aukinn siðferðilegan og lagalegan rétt til embættisins, sem sést m. a. af því, að það má skipa hann án auglýsingar, eins og það er þýðingarmikið, ef hann hefur rækt embættið óaðfinnanlega í eitt ár. Yfirlýsing hæstv. dómsmrh. hér áðan um, að setning í embætti veiti þeim, er settur hefur verið, engin aukin lagaréttindi eða siðferðilegt tilkall til skipunar umfram annað, er því hrein fjarstæða í því falli, að hinn setti hafi rækt embættið óaðfinnanlega í eitt ár. Hins vegar er staðan í máli því, sem er tilefni þessa tillöguflutnings, alls ekki slík, að það heyri undir 5. gr. l. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þegar Björn Sveinbjörnsson var settur í embættið fyrir tæpum 10 árum, hafði embættið ekki losnað, það var ekki auglýst, og Björn var ekki valinn úr hópi umsækjenda. Um slíka setningu í embætti eru engin ákvæði í lögum. Slík ráðstöfun embættisins á ekki stoð í lagaákvæðum. Það mætti því hafa þá lögskýringu uppi, að fyrst setningin í embættið fellur ekki undir 5. gr l., sé hún löglaus með öllu. Lögin gera sem sagt ekki ráð fyrir því, að hálf eða heil tylft embættismanna þjóðarinnar geti tekið frá handa sér hin æðstu embætti og haldið þeim án þess að sinna þeim í ár eða áratugi. En sú er staðreyndin í dag, og þessi þróun hefur verið í gangi undanfarin ár. Guðmundur Í. Guðmundsson, fyrrv. bæjarfógeti í Hafnarfirði, hélt embætti sínu í tæp 10 ár án þess að rækja það. Hæstv. menntmrh. er enn skipaður prófessor við Háskóla Íslands og nýtur réttarverndar sem slíkur. Að maður tali nú ekki um bankastjórana, þeir eru nú að vísu eftir öðrum lögum, hér báðum megin við mig, Emil Jónsson, Jóhann Hafstein og Magnús Jónsson. Þessi almenna þróun undanfarið, hvernig menn hafa getað tekið frá handa sér embætti, er raunar undirrót þeirra deilna og mótmæla út af embættisveitingunni í Hafnarfirði, sem við stöndum frammi fyrir í dag.

Það hefur verið vitnað hér í höfund Reykjavíkurbréfs. Hann ræðir þessi mál í gær, og með því að sá rithöfundur, að því er sagt er, er ekki ómerkari maður en sjálfur hæstv. forsrh., er rétt að lesa hér eina setningu úr bréfi hans í gær, með leyfi hæstv. forseta, — höfundur Reykjavíkurbréfa segir:

„Umr. nú hafa einmitt sýnt, að varhugaverðast við undanfarna venju er einmitt það, að menn geti endalaust geymt stöðu handa sjálfum sér.“

Það er sannarlega gott, ef augu manna opnast fyrir þessari meinsemd, og sérstakt ánægjuefni, ef hæstv. forsrh. og höfundur Reykjavíkurbréfa er einn og sami maðurinn, því að segja má, að þessi óheillaþróun hafi raunverulega gerzt undir handarjaðri þess manns, sem nú situr í stóli forsrh.

Ég sagði áðan, að hafa mætti uppi þá lögskýringu, að setning í embætti, sem ekki er laust, sé löglaus, þar sem hún á ekki stoð í beinu lagaákvæði. En á hitt er þó rétt að benda, að slík setning í embætti er hvergi bönnuð í lögum, og með þeim rökum mætti halda því fram, að setning í embætti, sem ekki hefur losnað, væri lögmæt. Fyrir getur komið, að hinn skipaði forfallist um stundarsakir vegna veikinda, orlofs eða annarra hluta og því orðið nauðsynlegt að

setja mann í embættið í skyndingu og til bráðabirgða, eins og nokkur venja hefur skapazt. En það hygg ég, að ekki verði um deilt, að slík setning í embætti sé raunar enn meiri bráðabirgðaaðgerð en setningin samkv. 5. gr. og gæti alls ekki staðið í mörg ár.

Og þá er ég kominn að einu þýðingarmesta atriði þessa máls, miðað við frv. hv. þm. Jóns Skaftasonar. Hvað dómara snertir, tel ég það algerlega útilokað og raunar í bága við grundvallarreglur íslenzkra laga að hafa dómara settan árum saman. Stjórnskipun okkar byggist á þrískiptingu ríkisvaldsins, og eiga dómendur að vera óháðir framkvæmdarvaldinu, og ég þarf ekki að rökræða það nánar, þó að ég komi að því að vísu svolítið síðar. Dómari, sem er aðeins settur, en fær ekki skipun, er háður veitingarvaldinu á þann hátt, að ekki samrýmist anda stjórnarskrárinnar og okkar stjórnskipan. Ég tel, að það hafi verið löglaust með öllu að láta Björn Sveinbjörnsson rækja dómarastörf í tæp 10 ár án skipunar í embættið og án þeirrar réttarverndar, sem dómari á að njóta eftir íslenzkum lögum.

Ef till. sú, sem hv. þm. Jón Skaftason flytur, yrði samþykkt, fengist lögtekin sú almenna regla, að setning í embætti væri bráðabirgðaráðstöfun, sem aldrei stæði lengur en í 4 ár, hvort sem embættið væri laust eða hinn skipaði forfallaður um stundarsakir. Þetta álít ég vera spor í rétta átt. Hér mundi vera um að ræða þarfa lagabreytingu, og ættu alþm. að geta sameinazt um hana. Ég mun þó við þinglega meðferð á málinu koma þeirri brtt. á framfæri, t. d. við hv. n., sem fær málið til meðferðar, að tímamörkin yrðu enn þá styttri varðandi dómara og þar væri meira horft til þeirrar venju, sem er á Norðurlöndum og öðrum nágrannalöndum okkar, allt niður í 1—2 ár.

Það er rétt, að ég fari nokkrum orðum um sjálft tilefni þessa tillöguflutnings, veitingu bæjarfógetaembættis í Hafnarfirði og sýslumannsembættis í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þessi embættisveiting er í mínum augum hneyksli og það reginhneyksli. Og ég er þeirrar skoðunar, að fái þessi veiting að standa, höfum við alveg gefizt upp við vörzlu siðgæðisins í opinberu lífi. Það er að vísu svo, að þetta er ekki í fyrsta skipti, sem embættisveiting veldur mönnum hneykslun hér á landi, og það höfum við heyrt núna rétt í upphafi þessara umr. mörg dæmi um og eigum eftir að heyra og ásakanir á báða bóga, sérstaklega frá báðum stóru flokkunum. En það breytir ekki þeirri staðreynd fyrir mér, að hér hefur skömmin risið einna hæst, eftir því sem ég þekki til. Myndin er þessi: Einu umfangsmesta dómaraembætti landsins er haldið frá teknu í heilan áratug handa pólitískum riddara. Þessi pólitíski riddari vill ekki sjá embættið, en sleppti ekki tilkalli til þess, fyrr en hann hafði hagnazt mjög fjárhagslega á því, svo sem mönnum er í fersku minni. Þegar loksins þessi pólitíski riddari sleppir tilkalli til embættisins og sami maðurinn, ópólitískur og hæfur dómari, hefur gegnt því sem settur dómari í 9½ ár við óhæf skilyrði, þegar sem sagt embættið loksins losnar til skipunar, er hinum ópólitíska, hæfa dómara stjakað burt — og af hverju? Af því að nýr pólitískur riddari er kominn til sögunnar, sem skal fá embættið, hvað sem öðru líður.

Þetta er myndin, sem blasir við almenningi í sambandi við embættisveitinguna í Hafnarfirði. Þetta er hneykslið. Um embættið sóttu þrír menn: Jóhann Gunnar Ólafsson bæjarfógeti á Ísafirði, hann hefur 25 ára óslitinn embættisferil að baki, þar af 23 ár sem bæjarfógeti á Ísafirði, og hefur gegnt því embætti með prýði. Björn Sveinbjörnsson settur bæjarfógeti í Hafnarfirði, hann á 20 ára embættisferil að baki, þar af 9½ ár sem bæjarfógeti í Hafnarfirði og sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, og hefur gegnt því embætti með prýði. Einar Ingimundarson bæjarfógeti á Siglufirði, hann hefur 21 árs embættisferil að baki og þar af 13 ár sem bæjarfógeti á Siglufirði og hefur gegnt því embætti með prýði. Allir þessir umsækjendur eru hæfir og fullnægja allir lögmætum skilyrðum til að fá skipun í hið umsótta embætti. Jóhann Gunnar er elztur og hefur lengstan starfsaldur. Björn Sveinbjörnsson hefur mesta staðarþekkingu og kunnugleika í lögsagnarumdæminu og hefur í 10 ár þurft að sinna meiri dómarastörfum og umboðsstörfum en hinir umsækjendurnir til samans. Báðir þessir umsækjendur, Jóhann Gunnar og Björn, hafa helgað alla krafta sína embættunum og ekki tekið þátt í pólitík. Einar Ingimundarson hefur haft á hendi minnsta embættið, en gengur Jóhanni næst um langan starfsaldur. En jafnframt dómaraembætti sínu hefur Einar verið þm. fyrir Sjálfstfl. til margra ára.

Hæstv. dómsrh. hefur valið Einar Ingimundarson úr hópi þessara þriggja manna og veitt honum embættið. Þegar ég leyfi mér að álasa hæstv. dómsmrh. fyrir þessa veitingu, vil ég taka það skýrt fram, að ég er á engan hátt að veitast að Einari Ingimundarsyni persónulega. Í framhaldi af því, sem ég hef áður sagt, er það þrennt, sem ég tel ámælisvert við þessa embættisveitingu. Í fyrsta lagi er hér valinn sá umsækjandi, sem er umsvifamikill pólitíkus og þm., en ég hefði talið, að allra sízt ætti að skipa stjórnmálamenn í dómaraembætti. Það er allt gott um Einar sem þm. og hans stjórnmálaferil, en mín skoðun er sú, að dómarar á Íslandi eigi ekki að vera stjórnmálamenn. Ég tel það fara í bága við grundvallarreglur laga og stjórnskipun okkar. Dómsvaldið á að vera sjálfstæður þáttur ríkisvaldsins og sérstaklega óháður framkvæmdavaldinu. Handhafar framkvæmdavaldsins hafa sótzt mjög eftir því hérlendis að gera dómendur sér háða, og er það háskaleg stefna fyrir allt réttaröryggi í landinu. Það er reynt að troða stjórnmálamönnum inn í öll dómaraembætti, sem losna, og það er reynt að fá alla dómara í framboð fyrir stjórnmálaflokkana í landinu. Með þvílíkri þróun er stefnt að því marki að gera dómendur háða framkvæmdavaldinu og leggja á þá fjötra flokksræðis og flokksofríkis. Það er þessi þróun, sem þarf að stöðva. Svo er það hin hlið málsins, sem inn snýr, ég þekki hana af reynslu. Það er fullkomin óhæfa að setja sýslumann í þau spor að þurfa að elta uppi mann og þurfa að dæma hann fyrir lagayfirtroðslur, á sama tíma sem sýslumaðurinn er að falast eftir atkv. hans og kjörfylgi til þings.

Íslenzkir dómendur eru vel menntaðir og hæfir menn, en þeir eru ekki nógu frjálsir og óháðir í embættum sínum í dag og verða það ekki, fyrr en skorið er alveg milli þeirra og framkvæmdavaldsins. Samkv. stjórnarskrá okkar eiga dómendur að vera óháðir í störfum sínum. Stjórnarskráin sjálf og lög mæla svo fyrir um, að dómara má ekki víkja úr embætti nema með dómi og að umboðsstarfalausir dómarar hafa ekki kjörgengi til Alþ. Umboðsstarfalausir dómarar eru nú aðeins taldir hæstaréttardómararnir. Þessa reglu stjórnarskrárinnar þarf að útvíkka þannig, að hún taki til allra þeirra, sem geta kveðið upp dóma á Íslandi, eða fá að öðrum kosti umboðsstörfin í hendur öðrum embættismönnum, svo að hinir eiginlegu dómarar verði allir umboðsstarfalausir. Þetta er rökstuðningur minn fyrir því, að ekki á að velja stjórnmálamann í dómarasæti, allra síst í dómaraembættið í Hafnarfirði, þar sem reynslan af síðasta pólitíkus í því embætti hrópar í himininn.

Það er greinilegt af embættisveitingunni, að hér hefur hæstv. ráðh. látið stjórnast af flokkspólitískum sjónarmiðum og hagsmunum og valið flokksbróður sinn, virkan stjórnmálamann í það dómaraembætti. Þetta er alvarlegasti annmarki þessarar stjórnarathafnar og getur valdið ólögmæti hennar. Mig langar að vitna hér í orð Ólafs Jóhannessonar prófessors um það atriði. Hann segir í einni sinna bóka:

„Í fljótu bragði gæti virzt, að það skipti ekki máli um gildi stjórnarathafnar, hverjar ástæður eða hvatir kunna að liggja til hennar, ef hún er gerð af hæfu og þar til bæru stjórnvaldi með réttum hætti og í réttu formi og efni hennar er eigi sérstaklega andstætt lögum. En þessi ályktun er eigi alls kostar rétt. Sérhvert stjórnvald hefur ákveðinn og afmarkaðan verkahring, svo sem gerð hefur verið grein fyrir. Stjórnvaldið á að miða athafnir sínar við þann verkahring, og er því auðvitað fyrst og fremst óheimilt að taka sér vald til athafna, er heyra undir annað stjórnvald. Geri það slíkt, er um valdþurrð að tefla. En því ber jafnframt að beita valdi sínu í réttu augnamiði, þ. e. a. s. með þá opinberu hagsmuni eina fyrir augum, sem því ber um að sýsla. Stjórnvaldið á ekki að miða athafnir sínar við óskyld og annarleg sjónarmið. Fyrst og fremst er auðvitað varhugavert, að stjórnvald hafi í huga ólögmæt markmið, stefni með stjórnarathöfn að einhverju ólögmætu takmarki, enda þótt það felist ekki beint í henni. Slík ólögmæt sjónarmið geta verið mjög margvísleg, svo sem t. d. ef stjórnvald lætur stjórnast af persónulegri vináttu eða óvild, einkahagsmunum, flokkslegum sjónarmiðum, stéttarhagsmunum, fjárhagsmunum annarra einstaklinga eða jafnvel hins opinbera, ef slík hagsmunagæzla er ekki í verkahring þessa stjórnvalds."

Þetta eru ummæli hv. þm. Ólafs Jóhannessonar prófessors um það, sem við köllum valdníðslu.

Nú er það svo, að hæstiréttur hefur einu sinni ógilt stjórnarathöfn fyrir þessar sakir á Íslandi, þó að það hafi ekki verið embættisveiting, heldur ógilti rétta stjórnarathöfn bæjarstjórnar Reykjavíkur á sínum tíma.

Í öðru lagi sniðgengur hæstv. ráðh. venjuregluna um þýðingu starfsaldurs við embættisveitingar. Mér er ljóst og ég hef sagt það áður, að sú regla er ekki einhlít, en starfsaldurinn er þó ein öruggasta viðmiðunin, þegar velja skal úr hópi manna, sem allir teljast hæfir. Ég tel, að sérstök rök þurfi að liggja frammi fyrir því að víkja frá starfsaldursreglunni og að það hafi ekki verið gert hér. Jóhann Gunnar Ólafsson var næstur embættinu hvað starfsaldur snerti, en hæstv. ráðh. sagði hér áðan og hefur látið hafa það eftir sér á prenti, að hann viki frá starfsaldursreglunni af því, að honum fyndist Jóhann Gunnar of fullorðinn. Nú er Jóhann Gunnar 62 ára og við hestaheilsu. Allir muna, að Lárus Jóhannesson var 62 ára, þegar hann var skipaður dómari í hæstarétti. Þetta eru engin rök, heldur yfirklór, þegar mikilvægri reglu er hafnað. Ef hæstv. ráðh. hefði valið Jóhann Gunnar, hefði hann forðað sér frá pólitísku hneyksli og aukið gildi starfsaldursreglunnar, sem er til góðs, þótt hún sé ekki einhlít.

Annars hefði hæstv. dómsmrh. sannarlega mátt hressa upp á upptalninguna hér áðan um embættisveitingar með því að minnast á það, þegar hann fleygði starfsaldursreglunni út í yztu myrkur í sumar með því að ganga fram hjá Óskari B. Bjarnasyni, er gegnt hafði störfum í atvinnudeild háskólans í 25 ár, 20 ár sem fastráðinn og 4 ár sem settur forstöðumaður, og ráða til forstöðumennskunnar Pétur Sigurjónsson frá Álafossi, sem aldrei hafði stigið fæti sínum inn í þessa rannsóknarstofnun eða fengizt við rannsóknarstörf hérlendis. Ég tel það alvarlegan annmarka á þessari stöðuveitingu, að hæstv. ráðh. víkur gersamlega frá starfsaldursreglunni.

Og í þriðja og síðasta lagi tel ég þessa embættisveitingu ámælisverða vegna meðferðarinnar á Birni Sveinbjörnssyni. Sú meðferð er algert einsdæmi. Með þessari veitingu er Björn flæmdur úr embættinu eftir að hafa þjónað því með ágætum í 20 ár, þar af helming tímans sem forstöðumaður þess með fullt umboð, rétt eins og störf hans væru einskis metin. Setning Björns í embættið í upphafi og seta hans er óvenjuleg, bæði fyrir það, hversu löng hún er orðin, og eins vegna hins að mínu viti, að hún hangir í því að vera lögmæt. Ég tel, að hin langa seta Björns í embættinu hafi fært honum talsverðan siðferðilegan rétt til þess. Setjum svo, að Guðmundur Í. Guðmundsson hefði ekki sagt starfinu lausu, þótt hann hyrfi í utanríkisþjónustuna, eða t. d. Guðmundur hefði bara haldið áfram að vera utanrrh. og heil 10 ár hefðu bætzt við. Vilja menn í því falli halda fram, að eftir 20 ár sem settur bæjarfógeti í fullu umboði hefði Björn Sveinbjörnsson ekkert siðferðilegt tilkall átt til embættisins, ef Guðmundi hefði þá þóknazt að gefa það laust? Það held ég ekki.

Í nágrannalöndum okkar má dómari aðeins vera settur í 1 eða 2 ár. Ég tel, að dómsmrh. hefði á sínum tíma átt að grípa hér í taumana, þar sem um dómsembætti var að ræða, og láta Guðmund Í. Guðmundsson annaðhvort rækja embættið eða segja því lausu miklu fyrr. En með því að dómsmrh. lætur það vera einungis háð duttlungum Guðmundar Í. Guðmundssonar,

hvernig fari um starfrækslu þessa mikla embættis, og lætur Björn rækja embættið allan tímann, sýnist mér það aðgerðaleysi skuldbinda ríkið gagnvart Birni. Þessi meðferð á Birni, að hann af dómsmrh. er látinn vaka yfir embætti pólitísks riddara í heilan áratug og honum er síðan sparkað, til þess að annar pólitískur riddari komist að, það er þessi meðferð, sem sætir andúð almennings og reiði. Mótmælaaldan fyrst og fremst vegna þessarar meðferðar er risin gegn þessari embættisveitingu og er raunar enn að rísa. Það er táknrænt, hvað hreppstjórar segja í mótmælaskjali sínu til hæstv. ráðh. Þeir segja, að það sé ósæmilegt að vísa svo góðum dreng og ágætum embættismanni burt úr starfi eftir svo langan og mistakalausan embættisferil. Það er þetta, sem mönnum gremst, og það er þetta, sem er undirrót þeirra mótmæla, sem uppi eru. Af sömu rótum hafa allir starfsmenn embættisins nema einn sagt upp starfi sínu í mótmælaskyni. Hreppstjórar flestir hafa sagt sig úr lögum við sýslumannsembættið. Sveitarstjórnir lögsagnarumdæmisins eru að byrja að senda mótmæli sín, og heill stjórnmálaflokkur berst um á hæl og hnakka og samþykkir mótmæli á borð við hreppstjórana. Ég þarf ekki að kynna fyrir hv. þdm. ritstjórnargreinar Alþýðublaðsins og mótmælaályktanir Alþfl., en ef hæstv. utanrrh., formann fulltrúaráðs Alþfl. í Hafnarfirði, vantar meðflm. hér á till. hans frá fulltrúaráðinu, býð ég mig sjálfan fram.

Ég sagði áðan, að vakandi almenningsálit væri eflaust bezta vörnin gegn misbeitingu embættisveitingavaldsins. Nú hefur almenningsálitið fellt sinn dóm í þessu máli. Ég vildi mega vænta þess, að hæstv. dómsmrh. beygi sig fyrir þessu almenningsáliti og breyti þessari stjórnarathöfn sinni, svo að Alþ. þurfi ekki að láta málið frekar til sín taka en samþykkja brtt. Jóns Skaftasonar við lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Umr. frestað.

Á 21. fundi í Nd., 23. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Á síðasta fundi í þessari hv. d., þegar þetta mál kom hér fyrst til umr., gat hv. flm. og raunar fleiri mín þar að nokkru og raunar okkar fleiri Alþfl.-manna, svo að ég sé ástæðu til þess að fara um málið, þó að ekki væri af öðrum orsökum, nokkrum orðum.

Efni þessa frv. er stutt og einfalt, nefnilega það að setja reglur um, hversu lengi menn skulu vera settir í embætti. Þar segir, að hámark skuli vera 4 ár og eftir 2 ár eigi sá, sem settur er, rétt til þess að krefjast þess, að staðan verði auglýst. Út af fyrir sig er þetta ekkert óeðlilegt. Það er sjálfsagt rétt, að um þetta eins og svo margt fleira séu settar fastar reglur, sem hafa megi til þess að fara eftir, þegar slík mál ber að höndum. En ég vildi þó mega undirstrika, að þessi tímaákvörðun er ekki vandalaus og ýmislegt, sem í sambandi við það er.

Það hefur verið talið af ýmsum, að það gengi ódæði næst, eins og það hefur verið orðað, að embætti hafi verið tekin frá og geymd fyrir ráðh., sem hafa tekið að sér störf í ríkisstj. Ég vil nú minna á, hvernig þetta ber venjulega að. Ráðherradómur er ekkert lífstíðarstarf á Íslandi frekar en annars staðar, og venjan hefur verið sú, að starfstími ráðh. hefur verið tiltölulega stuttur. Ég held, að ég fari ekki rangt með það, að starfstími stjórna á Íslandi að meðaltali sé ekki miklu lengri en 2—3 ár, stundum styttri, stundum lengri, og þetta er náttúrlega sérstaklega þess vegna athyglisvert, að á Íslandi hafa s. l. áratugi starfað eintómar samsteypustjórnir að kalla má, að undanteknum bráðabirgðastjórnum, sem hafa verið hreint flokkslegar og allir vissu, að voru til mjög stutts tíma. En þegar um samsteypustjórnir er að ræða, eru að öðru jöfnu meiri líkur til þess en ella, að ágreiningsatriði geti risið upp í stjórninni, þannig að til stjórnarslita komi. Þegar maður þess vegna er fenginn til þess að taka að sér ráðherraembætti, veit hann vissulega ekki, þegar hann tekur þetta að sér, hvort um vikur eða ár er að ræða, eða yfirleitt getur rennt nokkurn grun í það, hversu langan tíma það muni taka. Mér er kunnugt um það líka, að ýmsir, sem gegnt hafa ráðherrastörfum, hafa verið teknir úr embætti, sem þeir hafa sinnt, svo að árum eða jafnvel áratugum skiptir. Það er þess vegna ekki eðlilegt, að þessir menn af fúsum vilja a. m. k. taki að sér þessi ráðherrastörf, ef þeir eiga það á hættu að eiga ekki afturkvæmt í sitt fyrra embætti. Þess vegna hefur þetta verið þannig framkvæmt í flestum tilfellum, að ég ætla, að menn, sem hafa tekið að sér ráðherrastörfin, hafa fengið fri frá sínum venjulegu embættum og þá með hliðsjón af því vitaskuld, að þeir gengju inn í embættin aftur, þegar ráðherrastörfunum væri lokið. Þetta er ekki, vil ég segja, beint fjárhagslegt atriði, því að ég efast ekki um það, að þeir, sem taldir eru færir um að gegna ráðherrastörfum, geti unnið sér fyrir lífsframfæri á venjulegan hátt við ýmislegt, sem að höndum kann að bera. En það er ekki sama embættið, sem þeir höfðu, sem þeir gerþekktu út og inn og þeir gjarnan vildu halda áfram að gegna. Þess vegna finnst mér ekki rétt, að það sæti ámæli, að menn fái frí frá þessum embættisstörfum, á meðan þeir gegna ráðherraembætti. Þess vegna má að mínu viti um það deila, hversu langt tímatakmark á að setja í þessu efni. Eiga það að vera 2 ár, eiga það að vera 4 ár, eiga það að vera 5—6 ár eða eitthvað þess háttar? Eðlismunur er enginn á því, hvort þetta eru 2, 4, 6, 7 ár, ef það er meiningin með þessu, að maðurinn eigi að eiga afturkvæmt í sitt fyrra starf. Venjulega er það þó svo, að sá, sem úr embættinu hverfur, fær mann, sem hann treystir vel og hefur þekkt að því um lengri tíma að vera góður embættismaður, til þess að gegna störfunum á meðan.

Nú er mér ekki alveg ljóst heldur, hvað átt er við með í frv., að þessi setning til bráðabirgða megi aldrei vera lengur en til 4 ára, þá skuli starfið jafnan auglýst á ný til umsóknar. Ef það nú kæmi fyrir, að starfið yrði auglýst og engin umsókn kæmi um það frá einum eða neinum, hvað skeður þá? Á embættið að vera mannlaust, eða verður þá setningin að gilda um lengri tíma en 4 ár? Þetta er ekki alveg ljóst af frv.,

en þarf vissulega að skilgreina alveg nákvæmlega. Ég held þess vegna, að það þurfi um þetta að setja fastari reglur og að vandlegar athuguðu ráði en hér virðist hafa verið gert.

Ég er ekki með þessu að halda því fram, að það eigi endilega að halda þessum embættum óveittum óendanlega lengi eða um ósanngjarnlega langan tíma. En mér finnst, að ráðh., sem kallaður er til starfa í þjóðfélaginu til þess að gegna ráðherraembætti eftir stjórnskipulegum reglum, eigi, ef hann vill, að eiga kost á því að geta tekið upp sitt fyrra embætti á ný. Annars er það vel hugsanlegt, að maður, sem leitað er til til þess að gegna ráðherrastörfum og er talinn vel til þess hæfur, treysti sér ekki til þess að gera það, ef þessi möguleiki er ekki fyrir hendi, hann vilji ekki fara úr embættinu vegna stutts eða langs ráðherratíma, ef hann á ekki þess kost að hverfa aftur að sínu fyrra starfi. Þá er með þessari lagasetningu komið í veg fyrir það, að maður, sem annars væri kannske talinn mjög vel fallinn til þessara starfa, gæti tekið ráðherradóminn að sér, og það finnst mér ekki heldur rétt.

Yfirleitt finnst mér, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé samið fyrst og fremst með hliðsjón af því að tryggja réttindi þess manns, sem í embættið er settur. Út af fyrir sig er ekkert við það að athuga í sjálfu sér, en það eru fleiri aðilar að þessu máli, sem mér finnst að mætti gjarnan taka tillit til líka.

Það eru fleiri tilvik, sem þarna þurfa að koma til athugunar. Mér dettur t. d. í hug, að á s. l. hausti gegndi ég um stuttan tíma embætti menntmrh. í fjarveru hans. Þá rak ég mig æði oft á, að það var verið að setja kennara í kannske annað, þriðja og jafnvel fjórða sinn, ég man ekki nákvæmlega árin, en þau voru eitthvað um þetta. Af hverju voru þessir menn settir? Það var af því, að það fékkst enginn maður með fullum réttindum til að sækja um starfið. Hins vegar var tekinn maður, sem hafði gegnt starfinu með góðum árangri, og settur til þess, en með það í huga, að undireins og maður kæmi, sem hefði fullan rétt til starfsins, yrði sá setti að víkja og sá, sem hefði fullan réttinn, að taka við. En þá dettur mér í hug, hvað skeður, ef það er búið að setja slíkan mann 4 sinnum í embætti og það er auglýst á hverju ári og enginn maður með fullum réttindum kemur, hvað á þá viðkomandi skólanefnd að gera, á hún að láta þennan, sem hefur verið settur í 4 ár, hætta, eða á hún að halda áfram, af því að hún getur ekki skipað hann, vegna þess að embættið verður að vera laust, ef einhver með fullum réttindum sækir? Þetta er tilvik, sem mér finnst vissulega að þyrfti að athuga í þessu sambandi. Kannske er það eitthvað fleira, ég hef ekki kannað það neitt, en mér dettur t. d. í hug, að það er oft og tíðum erfitt að fá lækna út í læknishéruð, jafnvel presta líka. Þá hefur sá háttur verið hafður á, að nábúalæknir eða nágrannaprestur eru settir til þess að gegna embættunum. Ef þetta ástand stendur í 4 ár eða meira, hvað á þá að gera? Á að láta héraðið vera læknislaust eða prestslaust, eða á að leyfa, að maðurinn sé settur lengur en 4 ár? Ég aðeins nefni þessi dæmi, hef raunar ekki haft aðstöðu til þess að fara grannt ofan í þau, en mér sýnist eins og þetta séu atriði, sem vissulega þurfa að koma til athugunar í sambandi við afgreiðslu þessa máls, það sé ekki alveg eins einfalt og það er sett upp í frv. og þess vegna þurfi það betri athugunar við og það þurfi að taka fleiri tillit en til þess manns eins, sem í embættið er settur. Þetta er náttúrlega, að mér finnst a. m. k., alveg greinileg afleiðing af því, hvernig þetta frv. er til komið, út af setningu ákveðins manns í bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði og sýslumannsembættið í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem er yfirlýst tilefni til flutnings málsins.

Ég skal ekki eyða fleiri orðum að því að ræða frv., en ég vænti aðeins þess, að sú hv. n., sem fær málið til athugunar, athugi þessi atriði, sem ég hef bent á og mér finnst athugaverð í sambandi við afgreiðslu málsins.

En ég vildi þá með nokkrum orðum minnast á það, sem er yfirlýst tilefni til flutnings þessa frv., en það er veiting bæjarfógetaembættisins og sýslumannsembættisins í Hafnarfirði og Gullbringu- og Kjósarsýslu. Eins og kunnugt er, hafði Björn Sveinbjörnsson gegnt því starfi í 9½ ár eða milli 9 og 10 ár og gert það að allra dómi, sem til þekktu, með ágætum. Nú sóttu um þetta starf 3 menn og allir að dómi allra, sem til þekkja, mjög vel hæfir til starfsins. Hvernig skyldi þá meta þeirra hæfileika og kvalifikasjónir á allan veg, sem yrðu þá úrslitaorð um það, hverjum veita skyldi? Við töldum, bæði ég og aðrir, sem til þekktum, að það bæri að veita Birni Sveinbjörnssyni starfið, vegna þess að löng setning í embættið, sem hefði verið rækt alveg átölulaust og að allra dómi vel í nærri áratug, gæfi honum það mikinn rétt, að það væri ekki hægt að ganga fram hjá honum. Hæstv. dómsmrh. var á annarri skoðun, og réð þar, eftir því sem mér skilst, m. a. það, að hann vildi láta mann, sem hefði starfað á tiltölulega afskekktum stað úti á landi, geta færzt í annað og betra embætti. Svona hlut er náttúrlega aldrei hægt að meta alveg hlutlægt og hreinlega segja: Þetta er sá, sem á að fá embættið. — Þetta verður alltaf persónulegt mat á þeim hæfileikum, sem menn hafa þar til brunns að bera. Okkar álit, sem vildum, að Birni Sveinbjörnssyni yrði veitt þetta, var það, að honum yrði veitt það af þeim ástæðum, sem ég hef nefnt. Dómsmrh. hins vegar leit öðruvísi á málið, og hann hafði valdið. Við því var ekkert að segja, hann gat gert það eins og hann vildi, og hans niðurstöður í málinu hlutu að vera þær, sem giltu. Að senda honum ókvæðisorð út af þessu tel ég alveg fráleitt, því að engum dylst, að sá maður, sem valinn var, var einnig vel hæfur, þó að ég og fleiri hefðum talið, að Björn stæði embættinu nær.

En nú skeður það, að það upphefst mikil orrahríð út af þessari stöðuveitingu, og er kannske ekkert við því að segja. Það eru allir, sem í opinberu embætti eru, skyldugir til þess að taka gagnrýni og sætta sig við, að hún sé borin fram, ef hún er borin fram með rökum, en ekki með stóryrðum. En það, sem hefur blandazt inn í málið og ég, eins og ég sagði í upphafi míns máls, taldi ástæðuna til þess, að ég fór að taka hér til

máls, er, að mér hefur virzt, að það hafi kennt annarlegra sjónarmiða hjá þeim mönnum úr stjórnarandstöðunni, sem hafa gagnrýnt þessa veitingu. Það er eins og þeim hafi verið annara um það heldur en sjálfa embættisveitinguna að koma einhvers konar höggi á okkur Alþfl.-menn í þessu sambandi. Það er eins og þeir hafi viljað reyna til hins ýtrasta að vita, hvort ekki væri hægt að skapa úr þessu það ágreiningsatriði, sem riði stjórnarsamvinnunni helzt að fullu. Þetta hefur komið mjög berlega fram, bæði hjá hv. flm. og eins hjá öðrum, sem um þetta hafa talað hér, og alveg sérstaklega í blöðum stjórnarandstöðunnar. Þetta getur verið mannlegt og eðlilegt, en það heyrir ekki út af fyrir sig sjálfri embættisveitingunni til.

Við lýstum okkar áliti á því, hver átti að fá þetta embætti, Alþfl.-mennirnir, og fórum ekkert dult með það, hvorki við aðra ráðh. né heldur í okkar blöðum. En þegar dómsmrh. hæstv. hafði tekið sína afstöðu, er málinu að okkar sjónarmiði lokið. Jafnvel þó að við hefðum sagt af okkur ráðherradómi þann sama dag, þá gilti skipunin. Hún breyttist því ekki nokkurn skapaðan hlut, svo að það er um allt annað verið að ræða, þegar verið er að deila á okkur fyrir það að hafa ekki tekið upp einhverjar harðari aðgerðir í málinu. Það hefur verið sagt, að það hafi verið linlega tekið á því af okkur. Linlegar var ekki tekið á því þó heldur en það, að það var skýrt og skilmerkilega sagt, hvers við óskuðum. Hæstv. dómsmrh. hafði aðra skoðun á málinu. Hann réð. Við höfum ávallt í þessu stjórnarsamstarfi, og ég hygg, að það sé líka regla hjá flestum í samsteypustjórnum, talið, að sá ráðh., sem fer með einn málaflokk eða eitt rn., ráði einn því, hvernig þeim málum er skipað, þar komi ekki aðrir til.

Hv. 4. þm. Reykn. dró hér inn í annað mál og nefndi veitingu bankastjórastarfsins við útibúið á Akureyri og taldi, eftir því sem mér skildist, að þar hefði verið haldið öðruvísi á máli og jafnvel hótað samvinnuslitum, ef það mál yrði ekki afgreitt eins og Alþfl. óskaði eftir. Þetta er mikill misskilningur hjá hv. þm. Alþfl. hafði ekki uppi neinar hótanir í sambandi við það mál, hvorki í einu formi né öðru. En hins vegar tókst um það samkomulag milli fulltrúa Sjálfstfl. og fulltrúa Alþfl. í bankaráði Útvegsbankans, hver stöðuna hreppti. Það var því fjarri því, að þar væri um nokkrar hótanir að ræða, enda var embættisveitingin þannig, að hún var ekki á valdi neins einstaks manns. Til þess að hún gæti orðið með eðlilegum hætti, þurfti meiri hl. bankaráðs Útvegsbankans að vera sammála um málið, svo að það er náttúrlega ekki sambærilegu að jafna, þegar þessar tvær embættisveitingar eru bornar saman.

Það hefur, eins og hér hefur komið fram í umr., oltið á ýmsu um embættisveitingar bæði fyrr og síðar, og telja sig ýmsir þar eiga högg í annars garði, og það er vissulega ekki unnt, þegar um embættisveitingu er að ræða, sem ekki byggist á nákvæmlega exakt hlutum og eingöngu á persónulegu mati eins manns, að ætlast til þess, að allir hafi á því sömu skoðun. Við létum okkar skoðun í ljós og það mjög eindregið, en eins og ég segi og hef margsagt, hæstv. dómsmrh. leit á málið öðruvísi. Þá var málið að okkar dómi útkljáð.

Þá er aðeins eftir eitt í þessu, hvort Alþfl. eða hans ráðh. hefðu átt að gera það að kabinetsspursmáli, ef ég svo má kalla, að úrslitaatriði um stjórnarsamvinnu, að þetta mál fékk afgreiðslu eins og það fékk. Ég held, að það hafi verið sameiginleg skoðun okkar allra Alþfl.-manna, að slíkt kæmi ekki til greina, því að samvinna núv. stjórnarflokka hefur ekki verið byggð upp á því, hvaða menn fengju vissar stöður. Hún hefur hins vegar látið það blessunarlega afskiptalítið og látið hvern mann afgreiða sitt mál hvað það snertir. En hitt hefur hún náttúrlega gert, samstarfið hefur byggzt á því að hafa samstarf um lausn ákveðinna mála, en ekki á hinu, hvaða maður hreppti eitthvert ákveðið embætti. Og ég segi fyrir mig, að það er mitt mat á því stjórnarsamstarfi, sem nú hefur staðið óvenjulega lengi eða talsvert á annað kjörtímabil, að það hafi gengið svo snurðulítið málefnalega, að við höfum ekki séð neina ástæðu til þess að rjúfa það stjórnarsamstarf, og við höfum eingöngu metið það út frá þeim árangri, sem náðst hefur í þeim málefnum, sem stjórnin hefur farið með afgreiðslu á. Og ég skal segja það hv. 4. þm. Reykn., að það verður ekki sótt til hans um það, hvenær við slítum því stjórnarsamstarfi eða ekki. Við munum gera það upp í Alþfl. og þá ekki fara eftir mannaráðningum fyrst og fremst, heldur eftir því, hvaða árangri er unnt að ná í stjórnarsamstarfinu.

Ég tel svo ástæðulaust, að ég hafi um þetta fleiri orð. Ég hef gert grein fyrir bæði afstöðu minni til frv., sem ég tel að þurfi athugunar við, og ég hef líka gert grein fyrir afstöðu okkar Alþýðuflokksmanna með tilliti til þeirrar embættisveitingar, sem hér hefur átt sér stað og er tilefni til þess, að frv. er flutt.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki verða mjög langorður um þetta mál, sem hér liggur fyrir. Hins vegar vil ég lýsa yfir stuðningi mínum við það.

Eins og aðrir hv. ræðumenn, sem hér hafa talað, og þá fyrst og fremst flm. frv. hefur lýst, þá er sá galli á löggjöfinni um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, að þar er ekki að finna nein tímamörk um það, hversu lengi maður skuli settur til að gegna opinberri stöðu eða embætti. En nú er komið fram hér frv., sem mundi bæta úr þessum ágalla, ef að lögum yrði. Það er vissulega tímabært, að slík löggjöf verði sett, því að reynslan sýnir, að hún er bæði eðlileg og nauðsynleg, og auk þess á hún sér nokkra hliðstæðu í rétti annarra þjóða, eins og bent hefur verið á hér af hv. flm. og fleirum, sem talað hafa. Ég tel því vel á því fara, að Alþingi taki þetta mál nú upp, og vil þá einnig láta í ljós von mína um, að þetta frv. verði samþ., a. m. k. að efni til, enda hafa þeir hæstv. ráðh., sem talað hafa, bæði hæstv. dómsmrh. og nú síðast hæstv. utanrrh., að því mér virtist, tekið nokkuð vel í efni frv., og er þess þá að vænta, að þeir ljái atfylgi sitt til þess, að frv. nái fram að ganga að efni til, þó að ef til vill sé ástæða

til að gera á því einhverjar breytingar, sem ég skal ekkert um segja.

Það er að verða allútbreiddur og ámælisverður ósiður og það einkum nú í seinni tíð, að ráðh. haldi óhóflega lengi fyrri embættum sínum, m. a. með þeim hætti, að settir eru menn í þeirra stað til þess að gegna embættunum, og beinlínis að geyma þau handa þeim. Þetta er í alla staði óheppilegt og óeðlilegt og ekki í samræmi við þá meginhugsun, sem liggur að baki l. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, og þá nauðsyn, sem viðurkennd er á því að skapa festu og form í embættiskerfinu. Og alveg sérstaklega er þetta óheppilegt, þegar um er að ræða dómara, sem þurfa að vera óháðir í störfum sínum og hafa fasta og örugga setu í stöðum sínum og embættum.

Nýjustu dæmin af þessu tagi varða ráðh. í núverandi stjórnarsamsteypu, og frægasta dæmið er auðvitað af Guðmundi Í. Guðmundssyni, fyrrv. utanrrh., sem mikið hefur verið um rætt hér, en hann hélt embætti sínu í Hafnarfirði opnu fyrir sig í full 9 ár. Hæstv. viðskmrh. var mjög viðkvæmur fyrir því í gær, þegar á það var bent hér í umr., að enn væri opin prófessorsstaða hans við Háskóla Íslands, en það er alkunna, að hann hefur ekki gegnt kennslustörfum í háskólanum í 9 ár, eða síðan hann settist á ráðherrastól árið 1956, en þó telst hann samkv. kennsluskrá einn af kennurum háskólans. Hvort einhverjar sérstakar ástæður séu fyrir því, að embætti hans stendur enn opið og ófyllt, þannig að hæstv. ráðh. eigi einhverjar sérstakar málsbætur öðrum fremur, skal ég ekki um dæma, og ég get vel unnt hæstv. ráðh. málsbóta. Hins vegar minnir dæmið af hæstv. viðskmrh. dálítið á annað dæmi utan úr heimi, en þannig stendur á, að einn af eilífðarráðherrum þessa heims, doktor Salazar í Portúgal, er hagfræðiprófessor, og það hefur staðið í mörg ár í kennsluskrá háskóla hans, sem ég kann nú ekki raunar að nefna, að hann hafi „frí frá kennslu þetta missiri".

En þetta frv., sem hér liggur fyrir, er fram komið í því skyni að binda enda á þann ósið að hafa óskipað í mikilvæg embætti árum saman. Og víst mætti slíkt frv. hafa komið fram fyrr. En ástæðan til þess, að svo hefur ekki orðið, er væntanlega sú, að misneyting aðstöðu á þessu sviði hefur aldrei verið eins yfirþyrmandi og á síðasta áratug. Og nú er líka ljóst orðið, að þetta fyrirkomulag getur tekið á sig allfáránlegar myndir, eins og gerst hefur sannazt í sambandi við veitingu bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði og sýslumannsembættisins í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þar hefur sami maður, Björn Sveinbjörnsson, gegnt störfum bæjarfógeta og sýslumanns í 9 ár samfleytt við ágætasta orðstír og almennar vinsældir, en þegar hinum skipaða sýslumanni þóknast loks að segja af sér eftir nærri því áratugs fjarvistir frá embætti sínu, þá er hinn setti sýslumaður og bæjarfógeti, sem gegnt hefur embættinu allan þann tíma, talinn einna fjærst því að koma til greina sem skipaður eftirmaður hans. En hafi Björn Sveinbjörnsson verið hæfur til að gegna embætti þessu síðustu 9—10 árin, hlýtur hann að hafa áunnið sér allmikinn og að mínum dómi fullan siðferðilegan rétt til þess að halda embættinu til frambúðar, þegar það losnaði úr þessum viðjum, sem voru ekki annað en formið eitt.

Ég vil undirstrika það, að hin langa og samfellda setning Björns í embætti veitir honum alveg sérstakan rétt til þess að fá skipun í embættið, ekki síst þegar þess er gætt, að hann hefur ekki einungis reynzt óaðfinnanlegur embættismaður, heldur beinlínis frábær að reglusemi og skyldurækni og ágætlega til forustu fallinn. Það kemur kannske gleggst fram í viðbrögðum undirmanna hans hjá embættinu og hreppstjórum þeim, sem undir hann voru gefnir, og skal ég ekki rekja frekar þau viðbrögð, sem eru öllum kunn.

Hæstv. dómsmrh. átti viðtal við Morgunblaðið um þetta mál fyrir nokkrum dögum, og er af því sýnt, að honum er mjög í mun að verja sig því ámæli, sem hann óneitanlega hefur orðið fyrir hjá almenningi og þar á meðal ekki síst hjá eigin flokksmönnum sínum út af þessari embættisveitingu.

Í Morgunblaðsviðtalinu segir hæstv. dómsmrh., að setning í embætti veiti hvorki lagalegan, venjuhelgaðan né siðferðilegan rétt til skipunar í embætti framar mörgu öðru. Það má vel vera, að svo sé í mörgum tilfellum. Lagalegi rétturinn er vissulega óljós og réttur, sem leiddur yrði af venjum eða fordæmum, síður en svo skýr. Ég fellst alveg á það með hæstv. ráðh. En að mínum dómi er það alrangt hjá hæstv. dómsmrh., þegar hann heldur því fram, að óvenjulega löng setning í embætti veiti engan siðferðilegan rétt til skipunar. Þessi fullyrðing kemur fram í Morgunblaðsviðtalinu, og hæstv. ráðh. margendurtók þetta álit sitt í ræðu sinni í gær. En þessi hugsunargangur er ekki einasta rangur, hann er líka skaðlegur og ekki í neinu samræmi við almenna réttarvitund, en hún hlýtur þó að vega nokkuð þungt, þegar kveðnir eru upp dómar eða teknar mikilvægar stjórnvaldsákvarðanir.

Hæstv. ráðh. hefur hér orðið á alvarleg skyssa, sem hann getur ekki komizt undan að hljóta ámæli af. E. t. v. hefur hæstv. ráðh. verið borinn ráðum í þessu máli, ellegar hann hefur ekki athugað, til hvers gerðir hans leiddu, þegar hann tók ákvörðun sína um veitingu embættisins. En hvort heldur sem er, þá er ákvörðun hans ámælisverð, enda deginum ljósara, að hann liggur undir miklu ámæli, sem afsakanir hans fá engu um þokað.

Nú er ég síður en svo í skapi til þess að gera hæstv. dómsmrh., Jóhanni Hafstein, upp grófar valdníðslutilhneigingar. Ég hef satt að segja allt aðrar skoðanir á manngildi hans og þekki hann að allt öðru. En í þessu tilfelli hefur hann augljóslega beitt veitingarvaldi sínu ranglega, og er illt til þess að vita, enda þykir mér líklegt, að hann hafi ekki verið þar einn í ráðum frekar en strákurinn í helli skessunnar.

Björn Sveinbjörnsson átti vissulega siðferðilegan rétt til embættisins. Það starf, sem hann hafði gegnt í nærfellt áratug við frábæran orðstír, stóð auðvitað engum nær en honum. Að halda öðru fram er að misbjóða réttlætis- og

siðgæðisvitund almennings, sem enn þá er ástæða til að taka tillit til, þó að pólitísk siðgæðisvitund sumra helztu ráðamanna þjóðarinnar kunni að vera í sljórra lagi. En það er ekki alltaf skynsamlegt að halda mann af sér. slíkt getur komið í koll, og að misbjóða almenningsálitinu er heimska.

Sú útilokunaraðferð, sem hæstv. dómsmrh. notaði í þeim tilgangi að sneiða hjá Birni Sveinbjörnssyni, var böksuleg og beinlínis órökrétt. Hæstv. ráðh. hefur lýst því, hversu átakanlegur vandi honum hafi verið á höndum með veitingu þessa feita embættis. Við höfum fengið mjög nákvæma analýsu á röksemdafærslu hans. Umsækjendur voru þrír: Björn Sveinbjörnsson, settur til að gegna embættinu í 9½ ár, Jóhann Gunnar Ólafsson, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu í 22 ár, og Einar Ingimundarson, bæjarfógeti á Siglufirði í 13 ár. Sameiginlegt öllum þessum umsækjendum var það, að þeir teljast hæfir í starfið og eru allir álitnir ágætir embættismenn.

Jóhann Gunnar átti lengstan starfsferil að baki. Hæstv. ráðh. er ljóst, að sú staðreynd vegur nokkuð þungt á metaskálum réttsýninnar, og við það staldrar hann dálitla stund. En þá rekur hæstv. ráðh. sig á annað: Jóhanni Gunnari er aldur mjög að meini. Hann er nefnilega orðinn 62 ára, og hæstv. dómsmrh. ályktar með því kurteislega orðalagi, að Jóhann Gunnar sé helzt til fullorðinn til þess að gegna embætti sýslumannsins í Hafnarfirði. Hins vegar fara ekki sögur af því, að hæstv. ráðh. telji þennan sama Jóhann Gunnar helzt til fullorðinn til þess að vera sýslumaður vestur á Ísafirði, og má það eiginlega furðulegt heita, því að ég hugsa, að sýslumannsembættið á Ísafirði sé kannske engu erfiðisminna heldur en hér á flatlendinu við Faxaflóa. Eins tekur hæstv. ráðh. ekki tillit til þess, að embættisaldur að lögum nær til sjötugs og útilokun Jóhanns Gunnars á þeim forsendum, sem hæstv. ráðh. beitir, því ótæk. Um það þarf ekkert að deila, þó að hæstv. ráðh. orði það svo, að það sé hægt að deila um þetta. Um það er ekki hægt að deila. Það eru þá eingöngu þeir, sem vilja deila og eru deilugjarnir, sem nenna að jagast um slíkt.

Þegar hæstv. dómsmrh. var nú blessunarlega laus við að hafa áhyggjur af Jóhanni Gunnari Ólafssyni, þá snýr hann sér að hinum tveimur, sem eftir eru, Birni Sveinbjörnssyni og Einari Ingimundarsyni, og Einar hafði fljótt allan vinning yfir Björn í augum hæstv. ráðh. Einar hafði verið skipaður bæjarfógeti í 13 ár á Siglufirði við erfiðar aðstæður að dómi hæstv. ráðh., en Björn Sveinbjörnsson aðeins settur í sýslumannsembættið í Hafnarfirði í 9 ár eða „fékk að vera í embættinu“, eins og hæstv. ráðh. orðar það af mikilli smekkvísi, og „notið þess með alveg sérstökum hætti“, eins og hæstv. ráðh. kallar það einnig af enn meiri smekkvísi í Morgunblaðsviðtalinu. Auk þess finnst hæstv. ráðh. það réttlætanlegt, að hægt sé að flytja embættismenn utan af landsbyggðinni í fjölmennið til betri embætta. Þetta virðist þó aðeins eiga við um suma embættismenn, en aðra ekki. Það virðist t. d. ekki eiga við um Jóhann Gunnar Ólafsson.

Af þessum orðum hæstv. ráðh. mætti ætla, að Einar Ingimundarson hafi lagt á sig stranga skyldukvöð með veru sinni á Siglufirði. En ég er sannfærður um, að svo er ekki. Ég held þvert á móti, að Einari Ingimundarsyni hafi verið það ljúf þjónusta að starfa sem yfirvald og forustumaður í málefnum Siglfirðinga og síðar Norðlendinga, og það er bjarnargreiði við þá að svipta þá góðu yfirvaldi og ágætum manni á bezta starfsaldri. Úr því að starfsaldursreglan var ekki látin ráða, að því er tók til Jóhanns Gunnars Ólafssonar, þá skiptir munurinn á starfsaldri Einars Ingimundarsonar og Björns Sveinbjörnssonar alls engu máli í þessu sambandi.

Hæstv. ráðh. hefur í þessu máli reynzt ósamkvæmur sjálfum sér, og það er slæmt, og hann beitir þarna alröngum forsendum í ákvörðun sinni, raunar tyllirökum, sem ekki standast, og það var miklu betra fyrir hæstv. ráðh. að segja ekki neitt heldur en að bera annað eins og þetta á borð fyrir alþjóð. Það skín augljóslega í gegn, að hæstv. ráðh. ætlaði embættið einum ákveðnum manni og öðrum ekki. Vissulega hafði sá maður margt til brunns að bera, það vitum við, sem hann þekkjum, bæði starfsreynslu og mannkosti, en það gaf þessum hv. þm., sem hér á í hlut, ekki rétt í þessu tilfelli að hljóta umrætt starf.

Ef starfsaldursreglan ein hefði verið höfð að leiðarljósi, þá var kannske ekkert eðlilegra en að Jóhann Gunnar hefði fengið embættið. En nú fór hæstv. ráðh. ekki eftir þeirri reglu í samskiptum sínum við Jóhann Gunnar, og þá átti hann ekki heldur, ef hann vildi vera sjálfum sér samkvæmur, að gera tilraun til þess að nota hana, þegar hann var að velja á milli Einars Ingimundarsonar og Björns Sveinbjörnssonar.

Að mínum dómi hefði hæstv. ráðh. átt að líta á málið frá allt öðru sjónarmiði og taka tillit til þess, að þarna var um óvenjulegt mál að ræða, sérstakar aðstæður, sem gefa varð náinn gaum að. Hinar sérstöku aðstæður voru þær, að Björn Sveinbjörnsson hafði gegnt sýslumannsembættinu óslitið í nærfellt áratug, en ekki bara nokkra mánuði, eins og gjarnan er um þá, sem settir eru til að gegna embættum. Þessi langa setning í embætti skapaði Birni sérstakan rétt til þess að hljóta skipun í starfið, þegar það losnaði og ef hann óskaði eftir því. Ef hæstv. ráðh. hefði gert sér þetta ljóst, þá hefði hann ekki stefnt málinu inn í þá torfæru, sem raun ber um vitni, og þá hefði hann ekki unnið til þess ámælis, sem hann hefur gert.

Ég vil að lokum endurtaka von mína um það, að frv. það, sem hér er á dagskrá, nái fram að ganga, að efni til a. m. k., enda felst í því fyrirheit um betri réttarstöðu opinberra starfsmanna og meiri festu í embættisskipun. Með lögfestingu þessa frv. yrði bætt úr ágalla á gildandi löggjöf, og þess vegna horfir frv. til bóta.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Lagafrv. það, sem hér er til umr., fjallar aðeins um einn þátt inn í réttindum og skyldum starfsmanna ríkis-

ins, þ. e. þann þátt, sem snýr að því, að menn eru settir til að gegna tilteknum stöðum. Um þetta atriði eru mjög ófullkomin ákvæði í gildandi lögum. Í 1. gr. l. nr. 38/1954 er gert ráð fyrir því, að það fyrirkomulag sé til, að menn séu settir í embætti, og þá ná ákvæði laganna jafnt til þeirra, sem settir eru og skipaðir. Og í 5. gr. eru ákvæði um setningu skv. umsóknum, og þá eru lagaákvæðin, að ég held, upp talin. Vegna þessarar vöntunar lagaákvæða hefur alllengi tíðkazt hér á landi, að ýmsir embættismenn geyma sér störf sín, jafnvel svo að árum skiptir, er þeir hverfa að öðrum verkefnum, sérstaklega stjórnmálalegs eðlis, halda stöðunum opnum, ef þá skyldi síðar fýsa að taka við þeim á ný og hafa í þeim setta staðgengla. Dæmi eru til, að þannig hafa stöður verið geymdar allt að tíu árum. Það virðist augljóst, að þessi tilhögun sé varhugaverð og ekki heppileg. Oftast nær er hér um ein allra þýðingarmestu embætti landsins að ræða, þau sem virkilegur slægur er í og virkilegur vandi þá að rækja. þ. á m. gjarnan betri dómaraembætti, prófessorsembætti, bankastjórastöður og fleira af því tagi.

Sá maður, sem gegnir slíku embætti án þess að fá í það skipun, nýtur ekki, eins og hér hefur verið bent á, þess öryggis í starfi, sem nauðsynlegt verður að telja. Hann veit aldrei, hversu lengi hann gegnir embættinu. Hann á það jafnan á hættu að vera látinn víkja fyrirvaralaust eða fyrirvaralítið, ef hinn skipaði embættismaður óskar að hverfa að starfi sínu á ný, og hann hefur enga tryggingu fyrir því að vera skipaður í stöðuna, þegar hún losnar seint og um síðir. Alveg sérstaklega er þetta slæmt fyrirkomulag um þá, sem gegna dómaraembættum, og hygg ég, að ekki þurfi að rökstyðja það frekar en hér hefur verið gert. En þar er atvikum svo háttað eins og hér hefur verið lýst.

Á hinn bóginn getur staðið svo á, að þessi tilhögun, þ. e. setning í embætti, sé fullkomlega eðlileg og raunar óhjákvæmileg, þ. e. að atvikum sé svo háttað, að embættismaður þurfi að hverfa úr starfi um stundarsakir, t. d. vegna veikinda eða einhverra annarra slíkra ástæðna, og þá er annar settur til að gegna því. En þá væri eðlilegt að mínum dómi, að slíkt fyrirkomulag væri aðeins viðhaft um tiltölulega skamman tíma, og mér virðist það hámark, sem frv. gerir ráð fyrir, þ. e. 4 ár, a. m. k. nægilega hátt og jafnvel of hátt, og kemur það þá til athugunar í nefnd, a. m. k. að því er til dómara tekur.

Í nágrannalöndum okkar, þeim sem líkasta löggjöf hafa og við, munu vera lagaákvæði um þessi tilvik. En ég verð að játa, að mér er ekki kunnugt um það, hvernig þeim er hagað, að öðru leyti en því, sem upplýst er í grg. þessa frv., þ. e. að því er viðkemur Danmörku, og í Noregi munu ákvæðin þó vera líklega enn þrengri.

Ég tel, að sjálfsagt sé, að Alþingi ákveði þetta atriði með löggjöf á svipaðan hátt og í þeim anda, sem frv. á þskj. 70 gerir ráð fyrir, og það því fremur, sem vitað er, að þessu atriði er mjög áfátt hér á landi, og eru nærtæk dæmi því til staðfestingar, sum hafa þegar verið nefnd í þessum umr.

Þetta frv. er því áreiðanlega til bóta frá gildandi löggjöf, og sýnist því sjálfsagt að samþykkja það eða önnur ákvæði svipaðs eðlis til þess að koma í veg fyrir, að viðlíka atburðir geti gerzt og nú valda mestu hugarróti manna hér á Suðurnesjum a. m. k. og ég hygg þótt víðar sé leitað.

Dómarafulltrúafélagið hefur gert ályktun, þar sem það sérstaklega skorar á Alþingi að samþ. þetta frv., og þær undirtektir, sem hæstv. dómsmrh. veitti frv. hér í gær, þegar það var fyrst til umr., benda vissulega til þess, að full þörf hafi verið á flutningi þess.

Það, sem vekur sérstaka athygli á þessari vöntun á lagaákvæðum í sambandi við setningu í stöður, er veiting sú á bæjarfógetaembættinu í Hafnarfirði og sýslumannsembættinu í Gullbringu- og Kjósarsýslu, er gerð var fyrir nokkrum vikum. Menn höfðu að vísu áður fundið til þess, að misbrestur var þarna á, en óhætt er að fullyrða, að aldrei hefur nokkur embættisveiting á síðari árum valdið jafnmikilli undrun og reiði eins og þessi. Þarna var einmitt um eitt af þessum góðu embættum að ræða, sem viðkomandi embættismaður vildi ekki fyrir nokkurn mun sjá af, fyrr en hann hefði tryggt sér annað starf, sem honum væri enn þá betur að skapi. Þess vegna geymdi hann það ár eftir ár eins og sína eigin eign, og loksins eftir nærri tíu ára geymslu var málum svo fyrir komið, að hann sá sér fært að segja því lausu. Allan þennan tíma hafði sami maðurinn verið settur til að gegna þessu veigamikla embætti, og um embættisfærslu hans hafa dómar verið mjög á einn veg og þannig, að hún hefur ávallt verið talin til fyrirmyndar. Þegar staðgengillinn nú lætur af embættinu, hafa í blöðum og miklu víðar birzt yfirlýsingar frá þeim, sem hafa búið við hans forustu undanfarin nærri 10 ár, og allar hafa þær verið undantekningarlaust á einn veg. Allir, sem látið hafa til sín heyra, hafa lokið upp einum munni um það, að Björn Sveinbjörnsson hafi gegnt starfi sínu af trúmennsku, reglusemi, óhlutdrægni og dugnaði, og þeir, sem þessar yfirlýsingar hafa gefið, eru menn af öllum stjórnmálaflokkum og úr öllum sveitarfélögum, sem embættinu tilheyra, og meðmælin eru því ákveðnari sem menn höfðu haft meira saman við settan sýslumann að sælda á undanförnu tíu ára tímabili.

Þegar þetta embætti er svo auglýst til umsóknar lögum samkvæmt, berast þrjár umsóknir, ein frá settum bæjarfógeta, Birni Sveinbjörnssyni, ein frá bæjarfógetanum á Ísafirði, Jóhanni Gunnari Ólafssyni, og sú þriðja frá bæjarfógetanum á Siglufirði, Einari Ingimundarsyni. Allir eru þessir menn hinir færustu, hafa langan starfsaldur að baki og vammlausan, og vil ég taka það skýrt fram, að ég tel embættið í Hafnarfirði vel skipað af hverjum þeirra sem er. Eins og kunnugt er, veitti hæstv. dómsmrh. Einari Ingimundarsyni, bæjarfógeta á Siglufirði, hv. 4. þm. Norðurl. v., þetta embætti. Veiting þessi hefur mælzt svo illa fyrir, að einsdæmi er, ekki vegna þess, að viðkomandi embættismaður sé ekki talinn fullkomlega hæfur, heldur vegna

þeirrar forsögu málsins, sem ég hef lauslega gert grein fyrir.

Strax eftir veitinguna tóku mótmæli að streyma að úr öllum áttum. Úr hverjum einasta kaupstað, báðum sýslunum og hverjum einasta hreppi í umdæminu hafa komið fram kröftug mótmæli, og menn hafa svo sannarlega ekki látið sitja við orðin tóm. Svo að segja hver einasti starfsmaður við embættið hefur sagt upp starfi sínu í mótmælaskyni, og hafa þó flestir þessara manna langan starfsaldur að baki, allt upp í 30 ár. Það segir sig sjálft, að það þarf meira en meðaldóánægju til þess að fá menn til að leggja svo mikið í sölurnar að segja upp ævistarfi sínu til þess að mótmæla einni embættisveitingu. Það sýnir, að viðkomandi menn telja, að ranglæti hafi verið framið, — ranglæti, sem þeir vilja ekki una. Fimm af átta hreppstjórum í Gullbringusýslu hafa enn fremur sagt af sér til mótmæla, og allir hreppstjórarnir, allir átta, hafa samþykkt mótmæli gegn embættisveitingunni. Hér er því um einsdæmi að ræða að því er snertir viðbrögð fólks, þegar um hliðstæð tilvik hefur verið að tefla, og má þó vissulega játa, að menn eru ýmsu vanir í þessum efnum.

Það fer ekkert á milli mála, að almannarómur er allur á þá lund, að gengið hafi verið fram hjá þeim umsækjandanum, sem mestan réttinn átti til umrædds embættis, og langflestir, sem um þetta mál ræða, en það gera jú allir, eru þeirrar skoðunar, að Björn Sveinbjörnsson hafi verið beittur miklum rangindum, þegar gengið var fram hjá honum. Ég hygg, að allir, sem um þetta mál hugsuðu, hafi gengið út frá því sem gefnu, að honum yrði veitt embættið. Ég hygg, að allir eða flestir, sem um það hugsuðu, hafi fundið til á svipaðan hátt og hæstv. utanrrh. var að lýsa hér áðan, hvernig hans tilfinningar voru til þessa máls, þangað til í ljós kom, að öðrum var veitt embættið. Og ég er viss um, að hæstv. ríkisstj. hefur eins og öðrum verið kunnugt um þennan vilja alls þorra almennings í umdæminu, vil ég segja, enda hafði áður borizt áskorun t. d. um það frá öllum sýslunefndarmönnum, að settur sýslumaður yrði skipaður, þegar embættið losnaði, þannig að óhugsandi er annað en að um þennan vilja hafi verið vitað. Það þurfa því, að mínum dómi að liggja veigamikil rök fyrir þeirri ákvörðun hæstv. dómsmrh. að ganga svo mjög gegn því, sem yfirleitt var álitið rétt og sjálfsagt, eins og hann gerði. Þau rök hefur hann nú birt í viðtali við Morgunblaðið og hér á hæstv. Alþingi, og geta menn því af eigin raun kynnt sér þau og metið, eftir því sem hverjum sýnist. Það mun ég nú einnig leyfa mér að gera að nokkru.

Meginforsendan virðist vera þessi: Setning í embætti skapar hvorki lagalegan, venjubundinn né siðferðilegan rétt til skipunar í embætti — umfram eitthvað annað, var svo bætt við í gær.

Þetta má athuga. Það er rétt, að setning skapar ekki lagalegan rétt til skipunar, sbr. það, sem ég hef áður sagt um gildandi lagaákvæði um réttindi og skyldur starfsmanna, þó með þeirri undantekningu, sem greinir í 5. gr. umræddra laga, en þar er heimild til þess að veita embætti án auglýsingar og færir það fram sterkar stoðir undir það, að setning veiti rétt til embættis eða skipunar. Hins vegar vil ég segja, að setning hafi hér á landi yfirleitt skapað venjubundinn rétt til embættis. Ég hygg, að það sé miklu algengara, nánast aðalreglan, að þeir, sem settir eru til að gegna stöðum um lengri tíma, séu skipaðir í þær, þegar þær losna, ef þeir hafa staðið vel í stöðu sinni og reynzt þeim vanda vaxnir, sem staðan hefur lagt þeim á herðar. Ég vil meira að segja fullyrða það, að sums staðar a. m. k. sé sá háttur hafður á, þegar staða losnar, að í hana sé ekki ráðið eða skipað strax, heldur sé sett í hana og svo skipað síðar og þá vísað til þess réttar, sem hinn setti hafi öðlazt til embættisins eða stöðunnar. Og ég hygg, að það hafi a. m. k. sums staðar örlað á þeim skilningi, að það væri jafnvel óþarfi og kannske ekki rétt að auglýsa þessar stöður, sem þannig stendur á um. Þetta á a. m. k. við sums staðar, þó að það sé kannske ekki um embætti ríkisins, og það sé talin eins konar móðgun við þann setta að vera að leita eftir öðrum umsækjendum um starfið.

Ég hygg, að flestir, sem hér eru inni, þekki svona dæmi, og ég hygg, að sumir flokksbræður hæstv. dómsmrh. a. m. k. skrifi ekki undir það með honum, að setning í embætti skapi engan rétt, engan venjubundinn rétt. Hitt er svo annað mál, að enga venju er hægt að hafa til hliðsjónar um svo langa setningu í embætti eins og átti sér stað í Hafnarfirði, því að þar er um einsdæmi að ræða. Raunar er ekki vitað, hvað lengi það einsdæmi eða Íslandsmet fær staðizt, því að hæstv. menntmrh. upplýsti það hér í gær, að prófessorsembætti hans við háskólann hefði verið geymt í 9 ár nú þegar, og sér ekki enn fyrir endann á því, svo að vitað sé. En það er tæplega hægt að halda því fram með nokkurri sanngirni, að þessi réttur, þessi venjubundni réttur, minnki, því lengur sem maðurinn er settur. Hann hlýtur vitanlega að aukast.

Um siðferðilega réttinn er það að segja, að hann metur hver fyrir sig. Um hann gilda engar reglur. Samkvæmt siðferðisréttarlegum hugmyndum hæstv. dómsmrh. skapast þarna enginn réttur. Það er hans skoðun. Samkvæmt hugmyndum alls þorra manna, þeirra a. m. k., sem látið hafa í sér heyra, skapast þarna hins vegar mikill siðferðilegur réttur, jafnvel svo að nálgast lagarétt, í hugum fólksins.

Viðkomandi embættismaður, Björn Sveinbjörnsson, hefur gegnt einu umfangsmesta dómaraembætti landsins í allt að því 10 ár. Setning hans hefur verið framlengd í tíð fjögurra dómsmrh. Embættisfærsla hans hefur allan tímann verið óaðfinnanleg, vinsældir hans í umdæminu með eindæmum. Héraðsdómarafélagið býður honum þátttöku í félagsskap sínum, einum allra þeirra, sem eru ekki skipaðir. Gefur þetta ekki vísbendingu um, að þarna eigi hlutgengur maður aðild að? Skapar þetta engan siðferðilegan rétt? Hæstv. dómsmrh. segir nei, setning skapar engan siðferðilegan rétt, hvernig svo sem hún er vaxin, umfram annað. Flestir aðrir segja hins vegar: Jú, siðferðilegur réttur hefur skapazt. — Og þeir segja meira: Höfnun á settum bæjarfógeta jafngildir brottrekstri úr starfi.

Við teljum ósæmilegt að vísa svo góðum dreng

og ágætum embættismanni burt úr starfi eftir svo langan og mistakalausan embættisferil, segja hreppstjórarnir í Gullbringusýslu. Fjölmargir hafa tekið í þennan sama streng. Alþýðublaðið segir um þetta í forustugrein 12. þ. m.:

„Margir hafa orðið til þess að mótmæla þeirri ráðstöfun að reka Björn Sveinbjörnsson úr starfi, sem hann hefur gegnt með sóma í tæpan áratug."

Þarna er talað um, að hann hafi verið rekinn.

Annað, sem hæstv. dómsmrh. leggur mikla áherzlu á í umræddu Morgunblaðsviðtali, er það, að Björn Sveinbjörnsson megi vel við sinn hlut una að hafa fengið að gegna svo virðulegu embætti jafnlengi og raun ber vitni, jafnframt sé það skynsamleg stefna, að ungir menn hefji störf sín í rýrari og minni embættum, en séu svo fluttir í betri embætti, er þeir hafa starfað nokkra hríð og eftir því sem möguleikar skapast. Ég viðurkenni, að ýmislegt mælir með þessari tilhögun, og það má telja líklegt, að ungir menn fáist fremur í minni embættin, ef þeir hafa von um slíkan tilflutning, en ella mundi, en það er höfuðröksemdin fyrir þessu.

En hvernig lítur þetta þá út í því tilviki, sem hér um ræðir? Ungur fulltrúi við stórt embætti er beðinn að veita því forstöðu nokkra hríð, meðan yfirmaður hans gegnir ráðherraembætti. Hann játar því. Árin líða, og alltaf tognar úr ráðherradómi yfirvaldsins. Fulltrúinn er því beðinn að vera settur sýslumaður áfram. Fjórum sinnum skiptir um dómsmrh., en engin breyting verður á þessu. Loks eftir 10 ár kemur sýslumaður heim í hérað og segir við fulltrúann: Þakka þér kærlega fyrir hjálpina, nú þarf ég ekki lengur á þér að halda, þú mátt fara. — Á þá umræddur fulltrúi að byrja að vinna sig upp, þegar hér er komið sögu? Á hann að byrja í litlu embætti í þeirri von, að hann geti síðar komizt í annað betra? Hér virðist mér málinu og því, sem því er helzt til gildis talið, alveg snúið við. Ég tel, að viðkomandi fulltrúi hafi algerlega verið dæmdur úr leik og fyrirmunað að ganga þá embættisleið, sem samkv. nefndri kenningu er æskileg. Maður með starfsgetu og hæfileika Björns Sveinbjörnssonar t. d. hefði án efa fyrir löngu getað fengið eitthvert af hinum minni dómaraembættum landsins og þannig öðlazt rétt samkv. skilningi hæstv. dómsmrh. til hinna æðstu embætta, t. d. til bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði, ef hann hefði ekki gert það fyrir dómsmálastjórnina í 10 ár að gegna bæjarfógetaembættinu í Hafnarfirði í fjarveru skipaðs bæjarfógeta. Ef hann á nú að byrja frá grunni, er hætt við, að hann yrði, eins og sagt var um annan umsækjanda í umræddu máli, helzt til fullorðinn til þess að koma til greina, a. m. k. við óbreyttar aðstæður, þegar eitt af betri embættunum losnar næst.

Hæstv. dómsmrh. sagði í gær um umræddan embættismann, að honum hefði verið boðið fógetaembætti í Reykjavík. Mér skilst. að það hafi nú verið áður en búið var að veita stöðuna í Hafnarfirði, og tæpast að vænta, að hann gæfi svo auðveldlega upp rétt sinn til hennar, að hann tæki öðru embætti, áður en úrslit væru komin um það. En þá var enn fremur talað um, að nú væru laus embætti, sem bráðlega stæði til að veita, og þessum manni stæði auðvitað til boða að sækja um þau, en ég veit ekki, kannske verður setning hans í Hafnarfirði honum meiri gildisauki við önnur embætti en það var honum um umsóknina í Hafnarfirði, ekki veit ég það. En ég hygg, að þetta sýni, svo að ekki verði um villzt, að nauðsyn þeirrar lagabreytingar, sem frv. á þskj. 70 gerir ráð fyrir, er ótvíræð. Það er óhæfa, að menn séu settir jafnlengi og hér hefur tíðkazt, ekki sízt meðan það er álit hæstv. ríkisstj., að slík setning í embætti skapi hvorki lagalegan, venjubundinn né siðferðilegan rétt til skipunar umfram eitthvað annað.

Ég hef heyrt því haldið fram í þessu sambandi, að það sé æskilegt, að embættismenn séu fluttir milli embætta, slíkt eigi að koma í veg fyrir of náin tengsl milli þeirra og þess almennings, sem þeir eru settir yfir, og sumir hafa vitnað til þess, að ýmsar stórþjóðir flytji jafnan sendiherra sína og annað starfslið sendiráða nokkuð ört milli landa. Ef þessi kenning væri rétt, verður vitanlega reglan að vera algild, og þá verður að setja almenn ákvæði um það, hversu lengi t. d. dómarar megi gegna starfi á hverjum stað fyrir sig, en ekki beita þessum ákvæðum aðeins, þegar henta þykir. En ég held þó, að fleiri séu á annarri skoðun. Ég hygg, að þeir séu miklu fleiri, sem telja persónuleg kynni, t. d. sýslumanna af fólki og kringumstæðum í sínu umdæmi, miklu meira virði og það sé réttsýnum yfirvöldum engin freisting að mismuna fólki eftir geðþótta eða ánetjast einum öðrum fremur, þótt þeir séu lengi á sama stað. Aftur á móti getur ókunnugleiki skapað ýmiss konar vandkvæði, það vita allir. Þess vegna held ég, að þessi rök séu léttvæg.

Í þeim umr., sem fram hafa farið um mál þetta, hefur hæstv. dómsmrh. og málgögn Sjálfstfl. lagt á það talsverða áherzlu, að Einar Ingimundarson hafi lengur verið bæjarfógeti en Björn Sveinbjörnsson, þ. e. í 13 ár á móti rúmlega 9 árum hjá Birni. En í sambandi við þetta hefur orðið á vegi þeirra enn þá einn af þessum leiðinlegu þröskuldum, sem menn eru alltaf að reka tærnar í af og til. Þriðji umsækjandinn, Jóhann Gunnar Ólafsson bæjarfógeti á Ísafirði, hefur langlengstan starfsaldur að baki allra umsækjenda. Hann hefur verið skipaður bæjarfógeti í 22 ár. Hann er maður, sem að allra dómi hefur mjög merkan starfsferil að baki, virðulegur og traustur maður, um það eru, held ég, allir sammála. Hann hefur gegnt embætti úti á landi svo að segja allan sinn embættistíma og uppfyllir því svo sem bezt verður á kosið þau skilyrði, sem talin hafa verið fyrir því að verða fluttur í stærra og umsvifameira embætti. Þetta finnur auðvitað hæstv. dómsmrh. eins og aðrir, og hann þarf að komast yfir þennan þröskuld með einhverju móti. Þá er ráðið: Ég tel, að Jóhann Gunnar Ólafsson sé helzt til gamall til þess að taka við hinu umsvifamikla embætti í Hafnarfirði. Þá vita menn það. Hæstv. dómsmrh. telur, að þegar menn eru orðnir 62 ára gamlir, sé ekki lengur hægt að skipa þá í opinber embætti eða a. m. k. sé það mikill bagi. Næsta skref, ef haldið er áfram eftir þessari hugsun, er þá vænt-

anlega að breyta lagaákvæðunum um hámarksaldur opinberra starfsmanna, en eins og kunnugt er, hafa embættismenn nú heimild til að gegna starfi til 70 ára aldurs. Það er sú rökrétta afleiðing, sem af þessu verður dregin. En ef svo er, geta nú margir af helztu embættismönnum þjóðarinnar farið að hugsa til eftirlaunanna. Vafalaust er þetta þó ekki raunverueg skoðun hæstv. dómsmrh., heldur nokkurs konar hálmstrá, sem gripið er til, þegar verja þarf erfiðan málstað.

Hér var í gær t. d. minnt á það, að fyrir fáum árum var 62 ára gömlum manni veitt hæstaréttardómaraembætti. Mig minnir, að það sé ekki nema um það bil eins og eitt ár, síðan yfirborgardómaraembættið í Reykjavík var veitt manni, sem var um sextugt. Ég hef engan mann heyrt gagnrýna þá veitingu. Ekki einn einasti maður hefur mér vitanlega svo mikið sem ýjað að því einu orði, að Hákon Guðmundsson væri helzt til gamall til að taka þetta umsvifamikla embætti að sér. Það var þó hæstv. dómsmrh. sjálfur, sem veitti þetta embætti, og það sýnir, að þessi útilokunarkenning er síðar til komin.

Ég held, að það sé hin mesta firra, að menn geti ekki gegnt vel embættum, þótt þeir séu komnir nokkuð yfir sextugt. Ef menn njóta góðrar heilsu, eru starfskraftar þeirra alveg óskertir a. m. k. fram að sjötugu, og meira að segja tala margir um það í fullri alvöru, að ranglátt sé og óhagkvæmt að dæma menn úr leik eftir sjötugt, þótt viðurkenna beri, að einhver algild regla verði að vera til um þetta efni. Með batnandi lífskjörum og framförum í læknavísindum lengist ævin og starfskraftarnir endast lengur fram eftir ævinni. Það kemur því ekki til mála að fara nú að stytta starfsaldurinn, og ég vona, að það sé ekki nein veruleg alvara á bak við ummæli hæstv. dómsmrh., þau sem ég vitnaði til úr Morgunblaðinu.

Ég hygg, að það sé nokkuð rétt, sem kom fram í grein, sem birtist í Morgunblaðinu þann 19. þ. m., eftir Magnús Jochumsson fyrrv. póstmeistara, þar segir hann, með leyfi forseta:

„Um embættisveitinguna sjálfa legg ég ekki dóm á, utan að mér finnst umsögn hæstv. dómsmrh. um einn umsækjandann, Jóhann Gunnar bæjarfógeta á Ísafirði, harla ósmekkleg. Ráðh. taldi hann of gamlan. Ég get ekki séð, að aldur ætti frekar að vera fjötur um fót í Hafnarfirði en á Ísafirði. Það mætti eins segja, að ráðh. væri of ungur í embætti það, sem hann skipar nú. Hvort tveggja er jafnfráleitt.“

Óánægja manna með embættisveitinguna hefur verið mikil og ákaflega almenn. Menn virðast ekki hafa skipzt eftir stjórnmálaflokkum algerlega um hana. Flest blöð í Reykjavík eru á móti henni, aðeins Morgunblaðið og Vísir halda uppi vörnum. Meðal þeirra, sem hvað mest eru hneykslaðir, er Alþýðublaðið. Það hefur að undanförnu birt hverja forustugreinina eftir aðra, þar sem veitingin er fordæmd, og Alþýðuflokksfélögin í Hafnarfirði samþykktu harðorðar vítur á dómsmrh. af þessu tilefni. Þó vekur að vísu athygli, að fulltrúar Alþfl. í bæjarstjórn Hafnarfjarðar treystu sér ekki til að taka undir till., sem gekk í svipaða átt og borin var fram á bæjarstjórnarfundi í Hafnarfirði, heldur kusu að sitja hjá. En síðan hafa menn nú tekið sig á á þeim bæjum og skeleggar yfirlýsingar hafa komið, og Alþýðublaðið hefur sjálft gengið vel fram í því að halda uppi gagnrýni á embættisveitinguna. Vegna þess held ég, að sé tæplega nokkur vafi á því, að t. d. hér á hv. Alþ. eru þeir miklu færri, sem verja veitinguna, heldur en þeir hinir, sem gagnrýna hana og vildu rifta henni, ef þeir mættu. En Alþ. hefur ekki þetta vald. Það getur að vísu samþ. vantraust á eina ríkisstj. eða einstaka ráðh., en það getur ekki rift lögmætum stjórnvaldaákvörðunum þeirra, eins og til dæmis þessari.

En þá vaknar spurningin: Hver hefur þetta vald, sem ekki einu sinni Alþ. getur haft áhrif á? Svarið vita auðvitað allir. Það er hæstv. ríkisstj. Hæstv. ríkisstj. ein getur skipað mann í embættið. Hverjir eru þá í þessari ríkisstj.? Ætli þeir hjá Alþýðublaðinu kannist ekkert við þá? Ætli félagar í Alþýðuflokksfélagi Hafnarfjarðar hafi aldrei heyrt þá nefnda? Jú, jú, sannleikurinn er sá, að afstaða Alþfl.-manna til þessarar embættisveitingar vekur undrun flestra, sem henni kynnast. Í Alþýðublaðinu, í fulltrúaráði Alþfl.-félaganna í Hafnarfirði, í Félagi ungra jafnaðarmanna og víðar er embættisveitingin fordæmd með harðari orðum en nokkurs staðar annars staðar. Þeir eru svo hneykslaðir, að þeir fá vart vatni haldið. En í ríkisstj. er látið afskiptalaust, að framkvæmd sé skipun í embætti, sem þeir sjálfir kalla hneyksli. Er ekki þar með lögð blessun yfir þessa skipun?

Þrátt fyrir það, sem hæstv. utanrrh. sagði áðan, finnst mér og mörgum fleiri, að embættisveitingar eins og aðrar stjórnvaldaráðstafanir séu á ábyrgð ríkisstj. allrar. Annaðhvort er því í þessu máli, sem hér um ræðir, að ráðh. Alþfl. hafa samþykkt stöðuveitinguna, — það hafa þeir ekki gert, það var upplýst hér áðan. Þeir mótmæltu henni, þeir töldu, að embættið bæri að veita Birni Sveinbjörnssyni, — eða þá hitt, að þeir hafa ekkert að segja í ríkisstj. Einn ráðh. Sjálfstfl. hefur aðra skoðun, og við það verður að sitja. Hitt er svo annað mál, að út af þessu hefur skapazt leiðindaástand á stjórnarheimilinu. Það fljúga hnútur á milli Alþýðublaðsins og stjórnarblaðanna, og er auðvitað leitt til þess að vita. Þannig segir t. d. í Alþýðublaðinu 12. þ. m., með leyfi forseta:

„Ráðstöfun dómsmrh. á embætti sýslumannsins í Hafnarfirði hefur vakið mikla mótmælaöldu. Alþýðublaðið hefur þegar upplýst, að sjálfstæðismenn réðu þessu máli, eins og raun ber vitni, þrátt fyrir andstöðu Alþfl. Þeir hljóta því að vera viðbúnir þeim afleiðingum, að mál þetta verði ekki til að styrkja stjórnarsamstarfið. En e. t. v. skiptir það þá ekki miklu máli í samanburði við ímyndaðan flokkslegan ávinning í Hafnarfirði.“

Það væri nú ekkert ófróðlegt í tilefni af þessu máli öllu saman að frétta eitthvað af því, hvaða áhrif þetta mál hefur haft á sambúðina. En e. t. v. kemur það síðar fram, og góð er biðin. Sjálfstæðismönnum finnst greinilega Alþýðublaðið hafa talað nokkuð digurbarkalega þennan umrædda dag og það þurfi að fá ráðningu, og það

fær hana í Vísi þann 19. þ. m., viku síðar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Forustugrein Alþýðublaðsins s. l. föstudag um veitingu sýslumannsembættisins í Hafnarfirði hefði betur verið óskrifuð. Allra hluta vegna hefði blaðið átt að leiða hjá sér þetta mál, a. m. k. ekki taka þátt í árásum á samstarfsflokkinn út af því."

Síðan segir svo Vísir í framhaldi af þessu, með leyfi forseta:

„En Alþýðublaðið vildi máske upplýsa, hvers vegna Guðmundur Í. Guðmundsson sagði ekki embættinu lausu löngu fyrr en hann gerði, og þá einnig um leið, hvers vegna leiðtogar flokksins hafa þann sið, að því er virðist, að halda árum saman opnum embættum og hafa þar menn setta fyrir sig. Þetta er mjög á orði meðal almennings, og honum þætti fróðlegt að fá skýringu á því."

Og þetta er svo sannarlega alveg rétt hjá Vísi. Þegar Morgunblaðið fór fyrst að verja veitingu embættisins, var það gert á þann hátt, eins og menn muna, að einum af fulltrúum bæjarfógetans, sem sagt hafði upp stöðu sinni í mótmælaskyni, var sagt að hafa sig hægan með miður kurteislegum orðum, vegna þess að faðir hans hefði einu sinni veitt embætti án þess að auglýsa það, og eitthvað fleira í þeim dúr. Þessi málflutningur mæltist afar illa fyrir, og því var það, að mörgum þótti hæstv. dómsmrh. heldur vaxa, þegar hann sagði í umræddu Morgunblaðsviðtali, að hann vildi ekki verja þessa embættisveitingu með því, að öðrum hefði tekizt miður. Þessi ummæli þóttu benda til þess, að hæstv. ráðh. hefði ekki litizt meira en svo á vörn Morgunblaðsins, og þótti hann maður að meiri. Því miður stóð þetta ekki lengi, því að aðeins 10 dögum síðar, þ. e. í gær, stóð hæstv. dómsmrh. hér í þessum ræðustóli og varði meginhlutanum af ræðutíma sínum til þess að telja fram það, sem hann taldi, að fyrirrennurum sínum hefði verst tekizt um veitingu embætta. Það var ekki fagur listi, það skal játað. En ekki tók ég þó eftir því, að þar væri minnzt á, að embættismaður, sem gegnt hefði starfi á óaðfinnanlegan hátt, hafi verið hrakinn úr því til þess að rýma fyrir öðrum, svo að ég hygg, að það sé rétt, sem Alþýðublaðið sagði í forustugrein sinni 12. þ. m. og ég vitnaði áðan í, að hér sé þrátt fyrir allt um einsdæmi að ræða, þrátt fyrir ávirðingalistann, sem lesinn var upp, og vissulega var sá listi langur og ekki fagur, það skal játað. Þó er ég hræddur um, að sitthvað vanti á þennan lista hjá hæstv. dómsmrh. af ýmsum embættisveitingum, sem framkvæmdar hafa verið í seinni tíð og orka tvímælis, að ekki sé meira sagt. En hvernig sem því er varið, er það þó aðalatriði málsins, að fólkið, almenningur í landinu, hefur fengið nóg af ranglátum embættisveitingum, og eftir nýjasta dæmið segir það: Hingað og ekki lengra. Viðbrögðin sýna, að mælirinn er fullur. Að tegunda mótmæli fólksins og uppsagnir starfsmanna undir andleg kölduflog, eins og Morgunblaðið hefur gert, sýnir ekki aðeins ósvífni á hæsta stigi, heldur tröllaukinn grundvallarmisskilning á eðli málsins, svo mikinn, að furðu vekur. Einstökum æsingakörlum, sem sjást ekki fyrir í þjónustulund sinni, er fyrirgefandi, þó að þeir gangi of langt, ekki sízt þegar þeir skrifa nú nokkrum dögum síðar aðra grein til að draga úr og vilja slá öllu upp í grín. Það er hægt að fyrirgefa, ef til vill. En tæplega er hægt að játa það, að aðalmálgagn hæstv. ríkisstj. geti gert slíkan málflutning að sínum. Rakalaus brigzl eru því ekki sæmandi málsvörn.

Þrátt fyrir allt, þrátt fyrir þau óþægindi og sárindi, sem mál þetta hefur valdið hjá þeim, sem hlut eiga að máli í báðum liðum, vil ég nú segja, er það þó eitt, sem unnizt hefur. Allra augu hafa lokizt upp fyrir þeirri staðreynd, að geymsla eða frátekt á þýðingarmestu ábyrgðarstöðum þjóðfélagsins er óhæfa, sem ekki á lengur að þola. Flutningur þessa frv. á þskj. 70 er staðfesting þessa, og undirtektir hæstv. dómsmrh. og annarra, sem hér hafa talað, ættu að tryggja framgang þess. Það er vel, að lagaákvæði verði sett til þess að koma í veg fyrir rangindi í framtíðinni. En þetta mál og afleiðingar þess verða ekki til lykta leiddar með því einu. Til þess hefur Alþ. ekki úrslitavaldið. Þann leik á hæstv. ríkisstj. og hún ein.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Samkvæmt þeim umr., sem hér hafa farið fram, er svo að sjá, að embættisveitingin í Hafnarfirði hafi orðið til einna mestu siðabóta og hugarfarsbreytingar, sem dæmi eru um í íslenzku þjóðlífi. Það er stundum sagt, að Íslendingar hafi farið varhluta af trúarvakningum, en ég verð að segja, að ég heyri ekki betur en hér sé um hreina trúarvakningu að ræða, einkanlega hjá hv. framsóknarmönnum, en raunar einnig hjá hv. Alþýðubandalagsmönnum.

Ég heyrði ekki betur en talsmaður Alþb. í gær væri orðinn svo eindreginn forsvarsmaður eignarréttar og þeirrar löghelgunar, sem venjan skapaði í þjóðfélagi, að í raun og veru nægði það eitt, ef maður kæmi inn í embættisskrifstofu og færi að gegna embætti, þá ætti hann óbrigðulan rétt til þess að sitja þar. Það var margt eftirtektarvert, sem hv. talsmaður Alþb., hv. 3. landsk. þm. (IRH), sagði. Fátt sýnir betur, ef marka má, þá miklu siðferðisvakningu, sem hér hefur hafizt af þessari embættisskipun, heldur en ræða hans, borið saman við þau verk, sem hann og hans félagar hingað til hafa einkum tekið að sér að verja og ein talið líkleg til sáluhjálpar fyrir Íslendinga.

Varðandi hv. framsóknarmenn, þá verð ég að segja, að það á vissulega ekki lengur við, að „heimur versnandi fari". Hér áður fyrr þurftu menn á mannamótum, á Alþingi og víðs vegar um landið að deila um það, hvort staðizt fengju embættisveitingar, sem voru þannig til komnar, að embættin voru ekki veitt, í þau var sett, vegna þess að það var verið að koma í embættin mönnum, sem fullnægðu ekki embættisskilyrðum, og þeir voru látnir vera þarna settir 3 ár hjá sjálfum sér til þess að fullnægja því skilyrði, sem sagði, að þeir mættu ekki í embættið koma, fyrr en þeir hefðu gegnt svipuðu starfi í 3 ár. Auðvitað var þarna verið að koma í embætti mönnum, sem fullnægðu ekki lagaskilyrð-

um, voru ekki að réttum lögum hæfir til þess að vera í embættunum.

Það er rétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að þessi listi var ljótur. Það er gott að fá tækifæri til þess að rifja hann upp. Það er gott og mun verða eftir því gengið, ef Framsfl. er raunverulega búinn að breyta um skoðun. En þetta tækifæri skal líka verða notað, þótt ég ætli ekki að gera það hér í dag, til þess að rifja upp embættisveitingar og feril Framsfl í þeim.

Ég veit ósköp vel, að það verður sagt, að ekki farist mér að tala, þannig hafi mínar embættisveitingar til tekizt. Ég skora á hv. framsóknarþm. að koma hér og ganga í gegnum hverja einustu embættisveitingu mína á sýslumanns- og dómaraembættum í landinu, ræða hana, rökræða hana, gagnrýna hana og hlusta á þær röksemdir, sem til hennar lágu, og bera saman við það, sem þeirra fyrrv. formaður, hv. 1. þm. Vestf., lét eftir sig í þessum efnum. Ég skora á þessa hv. þm. því frekar að gera þetta, þar sem þeir hafa látið sér sæma að halda því fram í blaði sínu, að það hafi helzt verið ástæða fyrir skipun Einars Ingimundarsonar í embætti, að hann sé mágur bróður míns, að því er ég hygg. Nú skora ég á þessa hv. þm. og bið þá um að nota tækifærið: Færi þeir öll þau dæmi, sem þeir kunna um, að ég hafi veitt venzlamönnum mínum embætti. Ég skora á þá að gera það hér fyrir þingheimi. Ég skora á þá að gera það í þeirra blaði, svo að menn geti um þetta dæmt. Láti þeir nú ekki sitja við dylgjur einar og róg, heldur tali um málin, eins og þau liggja fyrir í raun og veru.

Það er óneitanlega dálítið hlálegt, þegar er verið að færa það einnig á móti Einari Ingimundarsyni, sem hefur fengið þetta embætti, að hann sé þm. Sjálfstfl. Það liggur fyrir, að hann hefur sagt af sér þingmennsku frá þeim tíma, að hann á að taka við embættinu, vegna þess að hann telur hið nýja embætti sitt svo umfangsmikið, að þingmennska sé ekki því samrýmanleg. Það er hans skoðun á embættinu. Það var að hans eigin hvötum og vilja gert, sem hann tók þessa ákvörðun. Það er því algerlega rangt, þegar því er haldið fram, að þarna sé verið að setja pólitískan erindreka, pólitískan riddara, eins og hv. 3. landsk. þm. sagði í gær.

Hinn nýi embættismaður hefur ákveðið að leggja niður þingmennsku og hætta þar með þeim stjórnmálaafskiptum, sem hann undanfarin ár hefur haft. Nú má um slíka ákvörðun deila, og ég tek alls ekki undir það, sem hv. 3. landsk. þm. sagði í gær, að það væri almennt æskilegt, að sýslumenn og bæjarfógetar tækju ekki þátt í stjórnmálum. Ég þori að fullyrða, að Íslendingar hafa með kjöri á fulltrúum til Alþ. fyrr og síðar sýnt, að þeir treysta fáum betur en einmitt mönnum úr þessari stétt til þess að gegna því trúnaðarstarfi að sitja á Alþ. Öll vitum við, að margir af helztu þing- og þjóðskörungum í stjórnmálasögu Íslands, frá því að Alþ. var endurreist, eru einmitt menn úr þessari stétt. Það er auðvitað mjög villandi, þegar fyrst og fremst er talað um störf þessara manna eins og þeir væru dómarar. Nú er það að vísu svo, að það er hvergi nærri alls staðar, að dómurum sé bannað að sitja á þjóðþingum. Það er tiltölulega nýtt ákvæði í íslenzkri stjórnskipun, að umboðsstarfalausir dómarar megi ekki sitja á Alþ. Í öðrum löndum eru þeir kjörgengir eins og hverjir aðrir, t. d. í okkar næsta nágrannalandi, með hinni norsku frændþjóð okkar. Þar eru dómarar kjörgengir eins og hverjir aðrir. En hér á landi vitum við, að dómarastörfin hjá öllum þorra embættismanna utan Reykjavíkur eru algert aukastarf. Það er ein af ástæðunum fyrir því, að vafizt hefur fyrir mönnum að koma á þeirri breytingu, sem út af fyrir sig væri æskileg, að greina á milli dómsvalds og framkvæmdavalds í héraði. Þetta verður ekki gert nema með því að taka dómsvaldið að mestu leyti úr héruðunum, sameina það á einhverjum fáum stöðum á landinu, 1, 2, 3 í mesta lagi. Við þá breytingu hafa menn að vonum verið hikandi. Hitt skulum við játa, að það er út af fyrir sig ekki æskilegt, að sömu aðilar fari með dómsvald og framkvæmdavald. Það er ákvæði, sem þarf að breyta. En það er eins og margt fleira töluvert flóknara að koma á skynsamlegri breytingu heldur en finna að meinsemdinni.

Nei, það, sem er eftirtektarvert við þessa embættisveitingu, hvort sem hún hefur komið meira róti á hugi manna en ýmsar aðrar embættisveitingar eða ekki, það er mál fyrir sig, — ég er sannfærður um, að það sé að verulegu leyti tilbúið hugarrót, sem hér er um talað, látum það vera, segjum, að öll gagnrýnin væri af heilum huga mælt og án nokkurs áróðurs, sem uppi er hafður, — þá segi ég: Fátt sýnir betur þá gjörbreytingu til hins betra, sem orðið hefur í íslenzku þjóðlífi, frá því að framsóknarveldið var mest, þegar misbeitingarnar áttu sér stað milli 1935 og 1940 og menn urðu að taka því án þess að fá við gert, að menn voru skipaðir í embætti, sem eftir réttum lagabókstaf fullnægðu ekki hinum settu reglum, voru ekki hæfir til embættisins.

Nú játa allir, að jafnvel sá embættismaður, sem þeir deila á að hafi fengið embættið, sé fyrirtaksmaður, hann sé fullkomlega hæfur til embættisins. Þeir vilja ekki eitt misjafnt orð um hans embættisfærslu segja, sem þeir geta ekki heldur gert. Þarna er því um það að ræða og kemur öllum saman um, að þrír hæfir menn voru í boði um eina stöðu, og þá er það eftir lögum og rétti á valdi og mati þess, sem veitingarvaldið hefur, að ákveða, hver af þessum þremur eigi að fá það. Ef réttlætistilfinningin er nú orðin þeim mun þroskaðri en hún var fyrir 30 árum, að það kemur raunverulegu róti á hugi manna, að deila megi um, hver einn af þremur hæfum sé sá hæfasti, þegar ekki fékkst spornað við því fyrir 30 árum, að menn voru skipaðir ólöglega eða með mjög hæpnum rétti í stöður, þá er vissulega um mikla breytingu að ræða, breytingu ekki aðeins, sem við sjáum dags daglega í efnahagslífinu frá því, sem þá var, heldur í réttarfarsþroska og mati almennings á því, hverjar kröfur skuli gera um velsæmi í opinberu lífi.

Nú er talað um það, að sá setti embættismaður, sem fékk ekki embættið, hafi endurnýjað verið beðinn um það af dómsmálastjórninni að vera kyrr í þessu starfi. Mér er ekki kunnugt um, að nein slík ósk hafi komið fram

frá mér, þegar ég var hans yfirmaður sem dómsmrh. Maðurinn stóð sig vel í stöðunni. Hann var ekki aðfinningarverður á neinn veg. Ég hvorki bað hann um að vera kyrran né bað hann mig um að fá vissu um það, að hann fengi embættið. Hann vissi ósköp vel, að hverju hann gekk, að hann var settur í stöðuna, en ekki skipaður, að hann var meira að segja settur samkv. ósk þess manns, sem hann gegndi stöðunni fyrir, þótt dómsmrn. hefði formlega veitt sína heimild og sína staðfestingu á setningunni. Hann gat þess vegna búizt við því að þurfa að hverfa úr embættinu, hvenær sem var. Þetta var þeim góða manni fyllilega ljóst. Ef hann vildi fá frekara öryggi, var ekkert hægara fyrir hann en að koma til okkar, hvenær sem var, og segja: „Nú uni ég ekki þessu hátterni lengur". Hann gat tjáð mér það sem dómsmrh., að hann vildi ekki una þessu. Hann gat tjáð hæstv. fyrrv. utanrrh., að hann vildi ekki gegna embættinu lengur fyrir hann. Hann lét ekki í sér heyra við mig allan þann tíma, sem ég var í dómsmrh.-embætti. Það er þess vegna algerlega rangt, að það hafi verið gert á hlut þessa manns á þann veg, að hann hafi ekki vitað, á hverju hann átti von, við hvaða réttaróvissu hann þurfti að búa.

Svo er sagt og látið eins og það sé fáheyrt, að það sé tekið tillit til aldurs manns varðandi stöðuveitingar, og sagt, að Lárus Jóhannesson hafi verið orðinn 64 ára gamall, þegar hann var skipaður hæstaréttardómari, — hvort hann var 64 eða 62, skiptir ekki máli. Það er auðvitað töluvert umsvifameira embætti að vera bæjarfógeti og sýslumaður með þeim margþættu störfum, sem undir það embætti heyra í fjölmennasta héraði landsins utan Reykjavíkur, Gullbringu- og Kjósarsýslu, heldur en vera einn af hæstaréttardómurum, sem í starfi sínu sitja kyrrir í sínum stólum og bera ráð sín saman. Látum það vera.

En er það þá alveg fáheyrt, og hefur það aldrei skeð áður, er það ekki það, sem iðulega er gert, að það er metið á milli umsækjenda og hæfir umsækjendur látnir víkja fyrir yngri umsækjendum vegna þess, að eins og á stendur þyki réttara, að yngri menn fái umsvifamikil embætti? Ég minni á eitt embætti. Það hefur verið talað um grein, sem Páll Kolka skrifaði um þetta mál. — Hann sótti á sínum tíma um landlæknisembættið ásamt Sigurði Sigurðssyni og e. t. v. einhverjum fleiri. Kolka var þá orðinn 64 ára gamall. Ég hygg, að flestir hafi verið sammála um það, að hvað sem hans pólitísku skoðunum líður, — látum þær eiga sig, báðir þessir menn eru sjálfstæðismenn, — þá væri Kolka tvímælalaust einn af fremstu héraðslæknum landsins og ætti allt gott skilið í embættisveitinguna. En ég hef ekki heyrt nokkurn mann gagnrýna það, að Sigurður Sigurðsson var valinn, einmitt vegna þess að hann var á léttara skeiði, en hinn orðinn fullroskinn. Svo koma hv. framsóknarmenn hér, tveir, hvor eftir annan, góðir lögfræðingar og mætir menn, ekki skal ég gera lítið úr þeirra framúrskarandi rökhyggju og speki, en reynsluskorturinn sýnist vera ósköp áberandi, og segja: „Ef á að taka tillit til þess, að maður sé innan við sjötugt, þá er eins gott að reka þá burtu, þá á að færa embættisaldurinn niður." Ég spyr, hvort þeir sjái minn góða vin og fyrrv. samstarfsmann, hv. 1. þm. Austf., sitja þarna. Þeir geta spurt hann um skipti hans við Magnús Gíslason. Spyrjið þið Eystein Jónsson um skipti hans við Magnús Gíslason. Var Magnús Gíslason látinn sitja til sjötugsaldurs sem skrifstofustjóri í fjmrn.? Nei, Eysteinn Jónsson, þáv. fjmrh., samdi við Magnús Gíslason — að vísu á kostnað ríkissjóðs, látum það vera — um að hverfa úr embætti til þess að fá Sigtrygg Klemenzson sem ráðuneytisstjóra. Sigtryggur Klemenzson er prýðilegur maður, ágætur maður. En eftir orðum hv. þm. var þarna sparkað í Magnús Gíslason, hann hrakinn burt, brotin lög, velsæmi og allt hvað heiti hefur. Menn verða að vita eitthvað, um hvað er verið að tala. Er það þá rétt, að Eysteinn Jónsson hafi brotið á móti siðferði og réttum lögum og þessir hv. þm. séu raunverulega snúnir á móti Eysteini og Hermanni? Eða er þetta bara hræsni og leikaraskapur? Er siðferðishreyfingin í alvöru? Er þetta umvending, eða eru þetta lítil börn, sem eru að leika sér? Eða eru litlu puntudrengirnir hans Eysteins að sýna, að þeir hafi unnið fyrir mat sínum?

Hv. 3. landsk. þm. sagði hér í gær, að ég bæri aðalábyrgðina á því, að hér hefði þróazt sá siður, að menn héldu lengi embættum, meðan þeir væru í ráðherrastöðum. Þetta var efni þess, sem hann sagði, — hann leiðréttir, ef ég fer rangt með. Ég bæri á þessu aðalábyrgð. Hv. þm. er ungur, og hann hefur ekki jafnreyndan kennara og hinir hafa, þar sem Eysteinn Jónsson er, svo að honum er kannske vorkunn, þó að hann ruglist dálítið í ríminu.

Ég fór að rifja það upp fyrir mér í morgun, án þess að geta tekið nokkuð saman heillegt um það, heldur eftir minni, hvernig hefði verið með setningu í stöður í stað ráðh. og hverjir bæru þar mesta ábyrgð og hvað hver um sig hefði verið lengi úr embætti.

Er þá fyrst þess að geta, að fram eftir var sá háttur hafður, að jafnvel þó að staða væri geymd handa ráðh., sagði hann af sér og fékk skipun í embættið aftur. Þetta átti sér stundum stað, en engu að síður hófst það mjög skjótlega, að ekki er um að villast, að stöður voru geymdar handa ráðh.

Þriðji innlendi ráðh., Kristján Jónsson, var dómsstjóri í Landsyfirréttinum. Embættinu var haldið lausu, meðan hann var ráðh., og hann tók síðar við embættinu aftur með formlegri skipun.

Næsti eftirmaður hans var Hannes Hafstein, sem þá var bankastjóri í Íslandsbanka. Kristján var ráðh. í eitthvað rúmt ár. Hannes var í seinna skiptið eitthvað hér um bil 2 ár. Hann kom inn í Íslandsbanka aftur, þegar hann hvarf úr ráðherraembættinu 1914.

1915 verður Einar Arnórsson, sem var prófessor, ráðh. Embættinu við lagadeildina er haldið lausu handa honum, og hann er aftur skipaður prófessor 1917.

1922 verður Magnús Jónsson lagaprófessor ráðh. Embættinu við lagadeildina er haldið opnu handa

honum, og þegar hann hverfur úr ráðherraembætti eftir eitthvað eitt ár, verður hann aftur prófessor.

1931 verður Ásgeir Ásgeirsson fræðslumálastjóri ráðh. og gegnir ráðherraembætti þangað til 1934. Hann hverfur aftur til fræðslumálastjóraembættisins, þegar hann fer úr ráðherrastólnum.

1934 verður Hermann Jónasson ráðh., hinn mikli leiðbeinandi síðbótarmannanna. Hann heldur lögreglustjóraembættinu opnu frá 1934 þangað til í ársbyrjun 1940, sem sagt í 6 ár hér um bil.

1942 verður Einar Arnórsson, sem þá er orðinn hæstaréttardómari, ráðh. í 2 ár. Hæstaréttardómaraembættinu er haldið opnu handa honum.

Jóhann Sæmundsson verður ráðh. í þessari sömu stjórn, að vísu fáa mánuði. Hann er tryggingayfirlæknir, og embættinu er haldið lausu handa honum.

Í sömu stjórn verður ráðh. Vilhjálmur Þór. Hann var bankastjóri Landsbankans og er ráðh. frá 1942—1944. Hann mun hafa tekið við Landsbankanum strax aftur, þegar hann hætti að vera ráðh.

Emil Jónsson var vitamálastjóri, þegar hann fór í nýsköpunarstjórnina. Hann hélt þeirri stöðu, meðan hann sat þar og einnig í stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar.

Stefán Jóhann var forstjóri Brunabótafélagsins, áður en hann varð forsrh., og hélt þeirri stöðu, meðan hann var ráðh.

Hermann Jónasson var lögfræðilegur ráðunautur Búnaðarbankans, þegar hann varð ráðh. 1950. Hann hélt þeirri stöðu og fór í hana aftur, þegar hann hætti að vera ráðh. 1953. Og hann gegndi henni þangað til hann varð forsrh. 1956, var forsrh. til 1958, og þá beið þessi góða staða enn þá opin handa honum.

Síðan komu þeir, sem voru í vinstri stjórninni með Hermanni, Guðmundur Í. Guðmundsson og Gylfi Þ. Gíslason. Talað hefir verið um þá núna. Emil Jónsson var nokkra stund til bráðabirgða.

Í Alþfl.-stjórninni var Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti á Akureyri. Hann fékk frí frá sinni stöðu, meðan hann gegndi því starfi.

Svona getum við talið áfram. Ég skal ekki rekja það, sem hefur skeð á síðustu árum, það er kunnugt. Það er ekki vegna þess, að ég sé hræddur við að minnast á það. Gunnar Thoroddsen fékk frí frá borgarstjóraembætti fyrsta árið, sem hann var fjmrh. Jóhann Hafstein hefur enn þá frí frá bankastjóraembætti Útvegsbankans, eitthvað rúm 2 ár, og Magnús Jónsson frá því í vor frá bankastjóraembætti Búnaðarbankans.

Svona er með þessar opinberu stöður. Ég geri ráð fyrir, að þetta sé ekki tæmandi yfirlit, en það gefur nokkra hugmynd um, hvernig ástandið hefur verið í þessu.

Er það þá svo, að þetta sé einungis um ríkisstöður, að það sé vegna slappleika ríkisvaldsins, ríkisstj., að þessi háttur hafi verið á hafður? Nei, ekki segir reynslan það.

Jónas Jónsson, sem var starfsmaður hjá samvinnufélögunum, skólastjóri Samvinnuskólans, varð ráðh. 1927, hélt áfram að vera ráðh. til 1932, full 5 ár. Hann hélt sinni stöðu sem skólastjóri Samvinnuskólans.

Síðar varð Steingrímur Steinþórsson framkvstj. Búnaðarfélagsins, búnaðarmálastjóri, starfsmaður almenningssamtaka, ráðherra samtals í 6 ár. Hann fór aftur í sína stöðu sem búnaðarmálastjóri, eftir að hann hafði verið í burtu úr henni í 6 ár.

Þangað til hin síðustu met fóru að gerast, hygg ég, að þessir tveir heiðursmenn hafi haft einna lengst frí, þeir Jónas Jónsson og Steingrímur Steinþórsson, samfleytt, auðvitað að undanteknum amtmanninum, Hermanni Jónassyni, sem samtals hefur látið halda opnum stöðum fyrir sig, að því er mér telst til, í a. m. k. 12 ár.

Það er ósköp eðlilegt, að eftir allt fagurtalið hér verði menn nokkuð spurulir í garð framsóknarmanna, hvað þeir meini með öllu þessu hjali. Þeir komast ekki hjá því, sleppa ekki með það eitt að segja: „Þetta er ljótt, þetta er ljótt, víst gerðu okkar menn ljótt.“

En vilja þeir þá samþykkja vítur á Hermann Jónasson? Vilja þeir hrekja Eystein Jónsson frá? Já, víst langar þá til þess, ekki vegna þessa, heldur af allt öðrum ástæðum. En þeir þora ekki að gera það. Og við skulum sanna til þess, að þeir bara segja: Þetta er ósambærilegt. Við eigum að horfa fram, en ekki aftur, segir Eysteinn. Hann vill aldrei horfa á sínar eigin gerðir. (EystJ: Það er einmitt gert.) Já, ég veit það, það er einmitt gert. Það er um að gera að horfa fram, gleyma því, sem liðið er, til þess að menn passi sig ekki á skúrkunum. Menn mega ekki sjá, hverjir þeir eru. Ég er hræddur um, að hv. þm. hefði aldrei ratað á hina leiðina og væri ekki á leiðinni á hinn staðinn, ef hann hefði í raun og veru horft fram á við.

Nei, sannleikurinn er sá, að hér er auðvitað um alvarlegt mál að ræða. Embættisveitingin í Gullbringu- og Kjósarsýslu snertir tilfinningastrengi, það er alveg rétt. Við getum allir haft samúð með Birni Sveinbjörnssyni út af fyrir sig. Það eina, sem ég segi, er: Maðurinn vissi, að hverju hann gekk. Að öðru leyti hef ég fyllstu samúð með Birni.

Hins vegar segi ég: Þessar umr., sem hér hafa farið fram, og það uppgjör, sem af þessum sökum verður, sýnir, að það var alveg ljóst, að þessa hluti varð að gera upp. Sá hlutur gat ekki gengið, að mjög hæpin, má segja, ráðstöfun á embætti, eins og var 1956 í Hafnarfirði, — ekki vegna þess, að Björn Sveinbjörnsson væri ekki ágætur maður, heldur að maður, sem hverfur úr embætti, fær samþykki síns dómsmrh. til þess að skipa mann, sem honum líkar, — að slík ráðstöfun gerð 1956 gæti orðið til þess, að menn séu bundnir við það 1965, þó að ráðstöfunin væri gerð án auglýsingar, án þess að nokkur samkeppni fengi að eiga sér stað, þó að gengið væri þá fram hjá eldri mönnum. Það er ljóst, að slíkur háttur dugir ekki. Og ég fullyrði það, að engum, sem bæri í raun og veru ábyrgð á embættisskipun, hefði látið sér til hugar koma að láta þetta hafa úrslitaáhrif. Samúð manns í garð Björns Sveinbjörnssonar getur vegið sitt, og hann hefur gegnt embættinu vel. Það hlýtur auðvitað að vega sitt, það hefur mikið að segja. En það hafa hinir gert líka. En

einmitt það rót, sem sagt er að hafi komizt á hugi manna við þetta, sýnir, að hér varð að breyta til og varð að vera alveg skýrt, að þessi háttur um ráðstöfun á embætti var ekki bindandi.

Fyrir hinu stöndum við svo sem sameiginlegu vandamáli, mínir herrar, það er ekki sérstakt vandamál míns flokks eða Alþfl., það er sameiginlegt vandamál ykkar allra, okkar allra, sem viljum halda uppi lýðræði á Íslandi og fá hina hæfustu menn í ráðherrastöður hverju sinni, þá er það sameiginlegt vandamál, hvernig á að búa að þeim þannig, að menn fáist til þess að gegna þessum störfum. Menn tala hér eins og slíkt sé eitthvert gamanmál eða spillingarmál íslenzkra embættismanna, að menn séu kannske ófúsir til þess að taka að sér óvissar stöður, leggja sig undir það ámæli og annað slíkt, sem stjórnmálaþvargi einu sinni fylgir. Ég get sagt frá því, að fyrir skemmstu var ég á fundi með forsætisráðherrum frá Norðurlöndum og Norðurlandaráðsforsetum. Eitt af því, sem þeir töluðu þar um, var þetta: Það hefur reynzt mjög erfitt, sérstaklega í Svíþjóð, þar sem meginstarfið liggur á stofnuninni, sem heldur Norðurlandaráðinu uppi, — þar hefur reynzt mjög erfitt að fá hæfa menn til þess að taka að sér starf í þágu stofnunarinnar, vegna þess að þeir telja sig vera þar í of mikilli óvissu. Það er verið að fella þeirra störf inn í hið sænska embættiskerfi. Og þá, þegar menn eru að vitna í hin erlendu fordæmi, kemur mér til hugar, að góður vinur okkar margra hér, Gustav Petrén, sem er má segja skrifstofustjóri hjá sænsku deild Norðurlandaráðsins, hann var fyrir nokkrum árum skipaður dómari í Svea Hovret, sem þykir veglegastur dómstóll í Svíþjóð, aðstoðardómari, og fékk jafnframt og hefur síðan fengið frí til þess að gegna þessari stöðu, að vera framkvæmdastjóri Norðurlandaráðsins í Svíþjóð. Honum er árum saman veitt frí frá sínu starfi, vegna þess að hann er að gegna þjóðnytjastörfum. Menn tala um, að ekki megi vera settir menn nema svo og svo lengi í Danmörku og Noregi, og er þó þar einungis talað um dómarafulltrúa, að því er mér skilst. Víst er þetta til athugunar og skilningsvakningar fyrir okkur. En hinn nýi utanríkisráðherra Noregs, John Lyng, var fyrir eitthvað rúmu ári, þ. e. rúmu ári áður en stjórnarskiptin urðu, skipaður fylkismaður í bezta fylkinu í Noregi, Akershus, en þurfti ekki að taka við því starfi, fyrr en hann léti af þingmennsku, og mátti ekki taka við því fyrr, vegna þess að þar mega dómarar vera þingmenn, en ekki stjórnarembættismenn, sem svo eru kallaðir, þeir heyra beint undir fyrirmæli ráðuneytanna. Hann hafði þess vegna frí frá sínu starfi, kom aldrei í það, vegna þess að fyrst eftir skipunina var hann þingmaður, nú er hann orðinn ráðherra. Hvort og hvenær þykir ástæða til að ráðstafa þessu embætti, skal ég ekki um segja. En svona er sami vandinn annars staðar eins og hér, að það er auðvitað erfitt að fá menn til þess að kasta frá sér sínu lífsuppeldi, ef svo má segja, — og það er ekki eingöngu eða fyrst og fremst fjármál, sem þar er um að ræða, alveg eins og hæstv. utanrrh. sagði, heldur miklu fleira, sem til greina kemur, — nema því aðeins að þeim sé einhver trygging búin.

Nú er mér ljóst, að það er stór framför orðin frá því, sem áður var, eftir að ráðherrar hafa þó sex mánaða biðlaun og eftir að þingmenn hafa fast þingfararkaup. Þetta er mikill munur frá því, sem áður var, og gerir allt aðra réttarstöðu, og má segja, að ráðh. séu ekki jafnilla leiknir og þeir í raun og veru oft ella og áður voru. En engu að síður verðum við að gera okkur grein fyrir því, að keppikeflið er að reyna að fá fremstu menn sinnar samtíðar í þjóðfélaginu til þess að taka að sér þessar ráðherrastöður. Ég veit, að þið segið auðvitað: Því fer fjarri, að núv. forsrh. sé fremsti maður sinnar samtíðar, og þetta eru tómir labbakútar í ríkisstj. — Þannig er sagt og verður alltaf sagt, alveg eins og við höfum ekki allt of mikið álit á ykkur öllum a. m. k., sem eruð í stjórnarandstöðunni. Þetta skiptir bara ekki máli. Við verðum að horfa út yfir slíka sleggjudóma og slíkan hégóma, þegar við erum að athuga mál eins og þessi. Við verðum að gera mönnum það í raun og veru mögulegt að taka að sér slík störf og gera það líklegt, að þeir fáist til þess. Ég get ósköp vel úr flokki talað. Ég var prófessor og sagði því starfi af mér, eftir að ég hafði verið rúmlega ár borgarstjóri í Reykjavík, að því er ég hygg meira að segja fyrir kosningar, og hugsaði: Það er bezt að vera frí og frjáls og ekki háður neinu embætti. — En við skulum segja, hvernig væri, ef allir hugsuðu á sama veg og flokkarnir yrðu að sjá fyrir okkur öllum eins og mér skilst að þeir geri fyrir sumum þeirra, sem hafa verið ráðherrar, — og skal ég ekki nefna nein nöfn í því sambandi né horfa á neinn.

Ég tel ágætt, að þetta frv. er fram komið, og ég tel það mjög íhugunarvert. En ég tel, að það sé ekki hægt að samþ. það eins og það er, og ég tel, að málið þurfi miklu víðtækari og almennari athugun, en því fagna ég, að það hefur gefizt tilefni til þeirrar athugunar.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Að svo miklu leyti sem ég botnaði í ræðu hæstv. menntmrh. í gær, skildist mér, að hann héldi því fram, að um það hafi verið samkomulag í menntmn. þessarar hv. d., þegar ákveðin var fjölgun prófessorsembætta við viðskiptadeild Háskóla Íslands 1960, að ekki yrði skipað í þá stöðu, sem við bættist, heldur yrði hún geymd hæstv. menntmrh. Ég átti sæti í menntmn., þegar þetta mál lá fyrir n., og ég get fullyrt, að hér fer hæstv. ráðh. með staðlausa stafi. Slíkt kom aldrei til tals í n. Það má vera, að hæstv. ráðh. hafi ætlazt til þess, að frá þessari fyrirætlan yrði skýrt í n., og hann hafi ætlazt til þess, að samkomulag yrði um þetta atriði. En um það var alls ekki að ræða, og hæstv. menntmrh. veður hér einhverra hluta vegna í villu og svíma. Ég tek það fram, að ég lít alls ekki svo á, að hann fari hér vísvitandi með rangt mál, en ég get fullvissað hann um það, að hér fer hann með rangt mál engu að síður. Menntmn. þessarar hv. d. var aldrei skýrt frá þessari fyrirætlun um prófessorsembættið. Um það varð þar af leiðandi

aldrei neitt samkomulag. Og ég vænti þess, að aðrir þeir hv. þm., sem áttu sæti í n. á þessum tíma, geti staðfest mín orð.

Í þeim ræðum, sem hér hafa verið fluttar út af því frv., sem hér liggur fyrir, hafa verið svo rækilega skýrð öll málsatvik í sambandi við hina mjög svo umdeildu veitingu embættis sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetans í Hafnarfirði, að ég sé ekki ástæðu til þess að bæta þar miklu við. Oft hafa embættisveitingar verið umdeildar vegna þess, að óeðlileg sjónarmið, pólitísk eða persónuleg, hafa verið látin ráða, og oft hafa embættisveitingar af þeim sökum kallað fram andmæli almennings. Þó hygg ég, að þeir atburðir, sem gerzt hafa að undanförnu hér í nágrenninu, séu algerlega einstakir í sögunni. Og orsakirnar til þeirra eru einfaldlega þær, að aðfarir hæstv. dómsmrh. í þessu máli eru algerlega einstæðar og kalla á einstæð viðbrögð almennings, því að svo uppsker hver sem hann sáir.

Sannarlega hefur almenningur hér á landi horft upp á margs konar rangsleitni í embættisveitingum og er því ýmsu vanur, og mun því hafa verið skákað í því skjóli nú. Þess vegna þarf að misbjóða réttlætiskennd almennings meira en lítið, til þess að upp vekist önnur eins mótmælaalda og nú hefur átt sér stað og jafnalmennar mótmælaaðgerðir fólks, sem veit, að nú er svo langt gengið í rangsleitninni, að mótmæli þurfa að vera meira en orðin tóm. Sú misbeiting veitingarvaldsins, sem hér hefur verið viðhöfð, skrifast að sjálfsögðu ekki aðeins á reikning dómsmrh., heldur allra þeirra hæstv. ráðh., sem gerðu ekkert til þess að hindra, að misbeiting valdsins yrði viðhöfð, og sitja enn sem fastast, eins og ekkert hafi í skorizt. Málgagn Sjálfstfl. hefur frá upphafi varið gerðir hæstv. ráðh. og talið, að ekkert væri við þær að athuga. En nokkru eftir að ákvörðun hæstv. dómsmrh. var gerð opinber og hin einstæðu viðbrögð almennings komu í ljós, hefur málgagn Alþfl. deilt á aðgerðir hans. Hitt er þó óumdeilanlegt, að ráðh. Alþfl. var kunnugt um fyrirætlun hæstv. dómsmrh., áður en hann veitti embættið, og ef þeir hefðu verið sama sinnis þá og þeir vilja láta líta út nú, þar þeim að neyta aðstöðu sinnar til þess að koma í veg fyrir misbeitingu valdsins og tryggja þeim manni eða gera a. m. k. eitthvað til þess að tryggja þeim manni embættið, sem hafði gegnt því fyrir einn ráðh. Alþfl. í rúm 9 ár, hafði gegnt því fyrir einn ráðh. Alþfl., sem nú hafði hlaupizt frá öllu saman og skilið staðgengil sinn eftir án þess að sjá hag hans í nokkru borgið. Eins og allir vita, sá þessi hæstv. fyrrv. ráðh. Alþfl., Guðmundur Í. Guðmundsson, hag sínum allvel borgið, þegar hann loks sagði sýslumannsembætti sínu lausu, eftir að hann hafði látið Björn Sveinbjörnsson gegna því í nærri áratug. En staðgengil sinn skildi hann eftir ofurseldan pólitískri valdbeitingu Sjálfstfl.-ráðh., og ráðh. Alþfl. gerðu ekkert til þess að hindra hæstv. dómsmrh. í fyrirætlan sinni. Ef ráðh. Alþfl. hefðu verið sama sinnis, þegar þeim var fyrst kunnugt um fyrirætlun hæstv. dómsmrh., sem þeir vilja vera láta nú, þar þeim að neyta aðstöðu sinnar í ríkisstj. til þess að koma í veg fyrir misbeitingu veitingarvaldsins. Þetta gerðu ráðh. Alþfl. ekki, og jafnvel fyrst eftir að ákvörðun hæstv. dómsmrh. var gerð opinber, en áður en komið var í ljós, hversu almennt sú ákvörðun var fordæmd og hve afdráttarlaus viðbrögð fólks voru, var afstaða Alþfl.-forustunnar í fullu samræmi við athafnaleysi og afskiptaleysi í ríkisstj., áður en ákvörðun hæstv. dómsmrh. var birt, sem bezt sést á því, að fyrstu viðbrögð Alþýðublaðsins gagnvart grein Árna Gunnlaugssonar hrl., sem hann sendi dagblöðunum til birtingar og hét „Umdeild embættaveiting“, voru að neita að birta hana. Frá þeirri neitun var þó fallið, og síðan hefur Alþfl.-forustan verið að reyna að klóra yfir þá afstöðu, sem hún hafði, þegar þetta mál var á því stigi, að hún gat haft áhrif á niðurstöðu þess. Þegar ráðh. Alþfl. finna svo í dag, að þeir liggja undir stöðugum ádeilum þeirra flokksbræðra sinna, sem harðast hafa beitt sér í mótmælaaðgerðunum, vegna þess að Birni Sveinbjörnssyni var ekki veitt embættið eftir að hafa gegnt því í rúm 9 ár, finna þeir, að almenningi er ljóst, að þeirra er sökin engu síður en hæstv. dómsmrh., sem þeir gerðu ekkert til að hindra í ákvörðunum sínum. Þegar Alþfl.-foringjarnir heyra nú látlaust spurt: Hvers vegna gerði Guðmundur Í. Guðmundsson ekkert til þess að tryggja aðstöðu þess manns, sem gegndi störfum fyrir hann í tæpan áratug, og hvers vegna mundi Alþfl. ekki eftir því, þegar embættið var veitt, að hann á ráðh. í ríkisstj.? — þá streitist Alþýðublaðið við að margítreka, að það sé algerlega óhugsandi, að Alþfl. geti nokkru sinni haft áhrif á það, hvaða manni ráðherra úr Sjálfstfl. veiti starf hverju sinni, það verði Alþfl. að láta Sjálfstfl. einan um, það sé ekki hægt að fara inn á verksvið annars flokks í slíkum málum, Alþfl. verði að láta slíkt afskiptalaust. Þetta hefur klingt í eyrum undanfarið og nú síðast hjá hæstv. utanrrh.

En þessa kenningu hefur Alþfl. þó sjálfur algerlega afsannað í verki. Alþfl. hefur beitt sér og beitt sér hart til þess að hafa áhrif á stöðuveitingu ráðh. Sjálfstfl., þegar Alþfl. vildi það viðhafa. Og árangurinn var ekki svo slakur, að hann hafi ekki fyllilega gefið Alþfl. tilefni til að beita sér í sambandi við veitingu embættis sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógeta í Hafnarfirði. En til þess þurfti að vera um umsækjanda að ræða, sem Alþfl. í raun og sannleika vildi beita sér fyrir, þegar á reið, þ. e. a. s. áður en embættið var veitt. Þess eru dæmi, að Alþfl. hefur beitt aðstöðu sinni í ríkisstj. til þess að koma í veg fyrir, að ráðh. Sjálfstfl. beitti veitingarvaldi sínu á þann veg, sem hann sjálfur ætlaði, og knúið hann með brambolti í ríkisstj. til þess að beita veitingavaldinu samkv. vilja Alþfl. Uppistaðan í vörn Alþýðublaðsins fyrir aðgerðaleysi ráðh. sinna er því alröng, enda er það aðgerðaleysi óverjandi. Þessir sömu hæstv. ráðh. Alþfl. hafa áður beitt sér af svo miklu harðfylgi gegn fyrirætlun ráðh. Sjálfstfl. um skipun í starf, að Alþfl. fékk sitt fram. Alþfl. hefur þeygt ráðh. Sjálfstfl. í sambandi við skipun í starf. Alþfl. hefur áður ráðið því, hvern ráðh.

Sjálfstfl. skipaði í starf, og þessu hefði hann einnig getað ráðið nú í sambandi við veitingu embættis sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógeta í Hafnarfirði, ef sami vilji hefði verið fyrir hendi að þessu sinni til að hafa áhrif á gerðir ráðh. Sjálfstfl., en á það hefur sýnilega skort.

Það vill svo einkennilega til, að það atvik, sem ég á hér við, þegar ráðh. Alþfl. beittu sér svo mjög í sambandi við ákvörðun ráðh. Sjálfstfl., snertir Hafnarfjörð, eins og athafnaleysi Alþfl. nú gerir einnig. Öllum þeim Hafnfirðingum, sem horft hafa upp á athafnaleysi og afskiptaleysi Alþfl.-ráðh., þegar hæstv. dómsmrh. skipaði flokksbróður sinn í embætti nú á dögunum, er í fersku minni, að þar skorti ekkert á, að þeir sömu Alþfl.-ráðh. og þá einkum hæstv. núv. utanrrh. gengju hart fram og létu til sín taka fyrir 5 árum, þegar þáv. hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, hugðist verða við kröfu íhaldsmanna í Hafnarfirði um að skipa þm. þeirra í stjórn raftækjaverksmiðjunnar í Hafnarfirði, Rafha öðru nafni. Þá gilti ekki hin nýja afsökunarkenning Alþýðublaðsins, að ráðh. Alþfl. gætu ekkert blandað sér í störf ráðh. samstarfsflokks síns og yrðu að láta sitja við mótmælin ein, eins og þeir hafa gert nú í máli Björns Sveinbjörnssonar, eða segja frá því eftir á, að þeir hafi mótmælt, sem væri réttari lýsing á athafnaleysi þeirra. Nei, þá vissu Alþfl.-ráðh., að Sjálfstfl. stjórnar landinu fyrir þeirra tilstyrk og náð. Þá vissu Alþfl.-ráðh., að þeir gátu gert ríkisstj. óstarfhæfa. Það gerðu þeir, eða a. m. k. hæstv. núv. utanrrh. neitaði að mæta á ríkisstjórnarfundum, þangað til hæstv. þáv. fjmrh. sá sitt óvænna og skipaði umboðsmann Rafha á Akureyri í stjórn fyrirtækisins í stað þess manns, sem hann hafði ætlað sér að skipa. Alþfl.-ráðh. hæstv. töldu fyrir 5 árum sýnilega miklu skipta, hver skipaði eitt sæti í stjórn Rafha, og settu ríkisstjórnarsamstarfið á annan endann til þess að knýja fram vilja sinn í því efni. En misbeitingu ráðherravalds og hreina valdníðslu í sambandi við veitingu sýslumannsembættisins í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði töldu þeir svo litlu skipta, og þann rétt, sem þeir vilja nú eftir á unna Birni Sveinbjörnssyni til embættisins, töldu þeir ekki þess virði, þegar þeir gátu tryggt hann, að þeir létu hið minnsta að sér kveða innan ríkisstj., jafnvel eftir svo árangursríkar athafnir fyrir 5 árum, hvað þá að þeir létu reyna á samstarfið í ríkisstj. Sá árangur, sem þeir náðu fyrir 5 árum í því efni að hafa áhrif á ákvarðanir ráðh. Sjálfstfl. í sambandi við veitingarvaldið, hefði sannarlega ekki átt að draga úr þeim kjark. En til þess hefði þurft viljann til samsvarandi athafna nú, en hann skorti. Og meðan Alþfl.-foringjunum var ekki enn ljóst, hve víðtæk mótmælaalda almennings var að rísa gegn misgerð veitingavaldsins og hve langt hún náði inn í raðir kjósenda Alþfl., var jafnvel ætlunin að ljá ekki rúm eða stuðning ádeilum á samráðh. Alþfl. út af þessari embættisveitingu.

Margt hefur ófagurt gerzt í sambandi við veitingu embættis sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógeta í Hafnarfirði, og hlutur Sjálfstfl. er ófrýnilegur í því máli, að hafa beitt valdníðslu og standa óforbetranlegur á henni enn þá þrátt fyrir þau einhuga mótmæli og andúð, sem athafnir hæstv. dómsmrh. hafa hlotið hjá öllum almenningi í öllum flokkum. Þó held ég, að flestum þyki bæði ljótari og vesælli hlutur Alþfl.-foringjanna, frammistaða fyrrv. utanrrh. og núv. ráðh. flokksins, þegar þeir vegna almenningsálitsins sjá nú sitt óvænna og deila á þá embættisveitingu, sem þeir og þeir einir gátu komið í veg fyrir, en ætla sér svo að sitja í ríkisstj. eftir sem áður jafnsælir og ánægðir með þeim, sem afbrotið frömdu, tilbúnir til þeirra verka, sem Sjálfstfl. kann að þurfa á að halda hverju sinni.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það er ekki svo oft, sem hæstv. forsrh. lætur falla lofsyrði um okkur framsóknarmenn hér í þessari hv. d., að þá sjaldan hann gerir það, er að sjálfsögðu rétt að láta ekki hjá líða að þakka fyrir það. Forsrh. komst þannig að orði um okkar afstöðu í þessu máli, að framsóknarmenn væru batnandi menn, og ég er honum alveg sammála um það. En það sýnir jafnframt, hver er hin raunverulega afstaða hæstv. ráðh. í þessu máli, þó að hann fliki því ekki opinberlega, að hann telur réttu afstöðuna í þessu máli þá, sem við framsóknarmenn fylgjum, og þess vegna eigi það við um okkar afstöðu, að við séum batnandi menn. Og ég tek alveg undir orð hæstv. ráðh. hvað þetta snertir. En það er hins vegar ekki nóg, að við framsóknarmenn séum batnandi, og það er ekki heldur nóg, að Alþb.-menn séu batnandi, ef aðrir og kannske þeir, sem enn þá meiri völdin hafa, þróast á annan veg, og því miður verð ég nú að segja það, hvað þetta mál snertir, að þá hefur þróunin hjá hv. stjórnarflokkum verið í aðra átt, — forsrh. má orða það þannig, ef hann telur það vel viðeigandi, en ég vil nú samt ekki taka svo djúpt í árinni um þeirra afstöðu, að þeir séu beinlínis komnir á hinn staðinn.

En það, sem hefur gerzt í sambandi við það mál, sem mest hefur verið hér til umr., er einmitt það, að engin embættisveiting fyrr og síðar, a. m. k. um mjög langt skeið, hefur vakið eins mikla ólgu og veiting bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði nú fyrir nokkru, og það er ekki hægt að segja, að þar séu stjórnarandstæðingar einir að verki eða stjórnarandstaðan hafi blásið það upp, hvernig almenningur hefur tekið þessu máli. Sú mikla mótspyrna, sem þessi embættisveiting hefur sætt, stafar einfaldlega af því, að almenningi finnst, að hér hafi verið framið meira réttarbrot í sambandi við embættisveitingu en áður hafi átt sér stað. Og við það verða hæstv. ráðh. að sætta sig, hvort sem þeim líkar betur eða verr. Undir niðri finna þeir líka, að þeirra málstaður er slæmur, og þess vegna er það, sem það gloppast upp úr forsrh. einmitt í sambandi við þetta mál, að stjórnarandstæðingar séu batnandi menn.

Það var líka mjög athyglisvert í sambandi við þá ræðu, sem forsrh. flutti hér áðan, að það mátti segja, að hún væri samfelldur flótti frá

aðalmálinu. Ráðh. bauðst til þess að ræða yfirleitt um allar aðrar embættisveitingar en þá, sem hér er sérstaklega til umr. Hann fór að tala um embættisveitingar Hermanns Jónassonar, hann fór að tala um eigin embættisveitingar, bauðst til, að hver einasta þeirra yrði rædd nákvæmlega ofan í kjölinn og þar fram eftir götunum, sem sagt ráðh. var eiginlega fús til að ræða um allt annað en þá embættisveitingu, sem hér hefur mest borið á góma, og ég lái honum það ekki, þó að afstaða hans hafi verið þessi. Ráðh. fór mörgum orðum um embættisveitingar Hermanns Jónassonar, taldi, að þær hefðu verið ólöglegar eða næstum því ólöglegar sumar hverjar, embættið hefði ekki verið auglýst, þegar hann var dómsmrh., og þar fram eftir götunum.

Þessu er nú fyrst að svara, að á þeim tíma var ekki lagaskylda að auglýsa embætti, og ég hélt, að hæstv. ráðh. væri það vel að sér í lögum, að hann hefði átt að vita þetta, og það gilti bæði þá og fyrr um ýmis embætti í ýmsum tilfellum, að stöður voru ekki auglýstar. Það var fyrst löngu eftir að Hermann Jónasson varð dómsmrh., sem það var lögtekið að auglýsa embætti. Annars legg ég ekki mjög mikið upp úr auglýsingum á embættum, þegar vitað er um, að það er búið að ákveða fyrir fram, hver stöðuna á að hljóta, og auglýsingin er þess vegna ekkert annað en formsatriði, eins og t. d. hefur átt sér stað í sambandi við þá embættisveitingu, sem hér er mest rætt um, því að það var orðið á vitorði allra, áður en staðan var auglýst, hver ætlun ríkisstj. væri í því sambandi og hvaða manni væri ætlað að hljóta þetta starf. Auglýsingin í sambandi við þetta embætti var þess vegna ekki annað en hreint formsatriði.

En um embættisveitingar Hermanns Jónassonar ætla ég aðeins að segja það, að ég er alveg óhræddur, ef tími væri til, að fara í samanburð á embættisveitingum hans og embættisveitingum hæstv. fyrrv. dómsmrh., núv. forsrh. Ég er alveg sannfærður um það, að ef borin yrðu saman störf þeirra embættismanna, sem Hermann Jónasson hefur skipað í stöður, og störf þeirra embættismanna, sem Bjarni Benediktsson hefur skipað í dómsmálastöður, mundu þeir menn, sem Hermann Jónasson hefur skipað í þessar stöður, fullkomlega þola samanburð og vel það, án þess að ég ætli nokkuð sérstaklega að fara að gera upp á milli manna. En á það vil ég benda, að hæstv. forsrh. hefur orðið til þess að innleiða alveg nýja reglu í sambandi við veitingu sýslumannsembætta Hann hefur orðið til þess að innleiða þá reglu, að til viðbótar því, að menn fullnægðu því hvað menntun snertir og annað þess háttar að geta gegnt embættinu, yrðu þeir að hafa réttan átrúnað í stjórnmálum — og meira en réttan átrúnað í stjórnmálum, þeir yrðu einnig að vera viljugir til þess og færir til þess að vera í framboði fyrir Sjálfstfl. í þingkosningum. Það má rekja það sýslu úr sýslu, hvernig hæstv. forsrh. hefur valið menn í sýslumannsembætti með það fyrst og fremst fyrir augum, að þeir væru færir um að vera í framboði fyrir Sjálfstfl. í þingkosningum, og það má segja, að þetta hafi verið meginreglan, sem hafi verið fylgt í sambandi við sýslumannsveitingar þær, sem fram hafa farið í tíð Bjarna Benediktssonar, meðan hann var dómsmrh.

Ég get aðeins nefnt nokkur dæmi þessu til sönnunar. Ég get nefnt dæmi um það, að það var settur sýslumaður í Húnavatnssýslu með tilliti til þess fyrst og fremst, að hann gæti verið þar í framboði fyrir Sjálfstfl.. Ég get nefnt einmitt þann mann, sem nokkuð ber á góma hér í þessum umr., hv. 4. þm. Norðurl. v. Hann var á sínum tíma valinn til að vera bæjarfógeti á Siglufirði ekki sízt með það fyrir augum, að hann gæti orðið frambjóðandi þar fyrir Sjálfstfl. síðar meir. Ég nefni t. d., hvernig ráðstafað var sýslumannsembættinu í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu fyrir ekki löngu. Því var ráðstafað með það fyrir augum, að sá maður, sem hlyti það, gæti orðið frambjóðandi fyrir Sjálfstfl. þar í kjördæminu. Það vita allir um sýslumannsembættisveitingu, sem nýlega fór fram á Snæfellsnesi. Hún er ákveðin með það fyrir augum, að sá maður, sem þá stöðu fær, verði eftirmaður Sigurðar Ágústssonar sem þm. kjördæmisins. Og þannig má rekja þetta kjördæmi úr kjördæmi. Á sínum tíma var skipaður maður í sýslumannsembættið í Múlasýslu með það fyrir augum, að hann væri þar í framboði, sem líka varð. Ég þarf ekki að nefna fleiri dæmi en þetta. Þau nægja alveg til að sýna, að hæstv. fyrrv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, ekki aðeins innleiddi þá reglu, að hinn nýi sýslumaður væri af réttu sauðahúsi, heldur yrði hann jafnframt frambjóðandi og þm. fyrir Sjálfstfl., forustumaður fyrir hann í viðkomandi kjördæmi. Og ég verð að segja, að það er erfitt að hugsa sér öllu meiri misbeitingu á veitingarvaldinu en þetta, því að það á að gera þá kröfu til þess manns, sem tekur að sér jafnvandasamt og yfirgripsmikið starf og sýslumannsembætti er, að hann helgi sig því starfi fyrst og fremst, en sé ekki með hálfan hugann eða oft og tíðum allan hugann við hina pólitísku baráttu. Þess vegna held ég líka, að hæstv. forsrh. ætti ekki að bjóða samanburð á sínum embættisveitingum og embættisveitingum annarra, því að hann hefur í sambandi við veitingu á embættum sýslumanna einmitt þá mestu pólitísku misnotkun, sem dæmi eru um á landi hér, og áreiðanlega þó að mjög víða sé leitað annars staðar. Um embættisveitingar Hermanns Jónassonar læt ég nægja að segja það, að þær þola fyllilega samanburð við embættisveitingar hæstv. forsrh. og miklu meira en það. Ég nefni það t. d. sem dæmi, að Hermann Jónasson á sínum tíma fékk það verkefni að útnefna menn í hæstarétt. Ég veit ekki betur en þær útnefningar hafi reynzt mjög vel og þeir menn, sem af honum voru nefndir til að vera hæstaréttardómarar, hafi þótt alveg sérstaklega færir til að gegna sínum störfum. Hins vegar man ég ekki betur en hæstv. forsrh. tækist ekki betur um slíka embættisveitingu en það, að viðkomandi maður yrði að láta af störfum mjög fljótlega, m. a. vegna þess, að hann var ekki aðeins að hugsa um að setja hæfan mann í stöðuna, — ég er ekki að draga neitt úr hæfileikum þess manns, sem um er að ræða, — heldur var hann að verðlauna mann fyrir langa pólitíska þjónustu fyrir Sjálfstfl. (Gripið fram í.) Ég ætla að

geyma að svara framígripum hæstv. forsrh. þangað til síðar, enda gæti það kannske orðið til þess, að hann sleppti sér enn þá meira. Ég vil ekki eiga það á hættu.

En ég kem þá að öðru atriði, sem hæstv. forsrh. gerði sér alltíðrætt um, og það var þegar hann kom að því að verja hina svonefndu geymslureglu, sem mér skildist að hann teldi ekki óeðlilega, þ. e., að ef ráðh. hefði gegnt opinberu starfi, mætti halda því opnu fyrir hann svo og svo lengi. Það var annars einkennilegt að heyra, hver afstaða ráðh. er til þessa máls. Ég gat ekki betur skilið dómsmrh. heldur en þannig, að hann væri því meðmæltur að takmarka þessa geymslureglu, eins og gert er í því frv., sem hér er til umr. Aftur á móti virtist mér, að utanrrh. talaði gegn því, að slíkar hömlur yrðu settar. En það var mjög erfitt að finna, hver afstaða forsrh. var í raun og veru til þessa máls eða til frv. En það, sem kom fram hjá honum um þetta efni, var þó að mjög verulegu leyti vörn fyrir geymslureglina. Hann fór að rekja það frá fyrstu tíð, hvernig þetta hefði verið í framkvæmd, og vildi halda því fram, að þeirri reglu hefði langoftast verið fylgt, að stöðu væri haldið opinni, sem ráðh. hefði gegnt, meðan hann gegndi ráðherrastörfum. En um öll þessi dæmi, sem hæstv. ráðh. nefndi, gildir það undantekningarlaust, að þar er um miklu styttri geymslutíma að ræða en mest hefur verið rætt í sambandi við þetta frv. og þann geymslutíma, sem tíðkast nú orðið. Yfirleitt hefur það ekki verið í nema 1—2 ár, sem embætti hafa verið geymd með þessum hætti, og oft og tíðum hefur, held ég líka, engin slík geymsla átt sér stað. Sem sagt, geymslutíminn hefur verið það stuttur, að hann hefði vel rúmazt innan þess tímatakmarks, sem er í því frv., sem hér liggur fyrir.

Hæstv. ráðh. taldi sig að vísu geta nefnt eina undantekningu eða þá, að Hermann Jónasson hefði haldið embætti opnu fyrir sig í 5 ár, þegar hann var forsrh., og mér skilst, að það hafi átt að vera lögreglustjórastaðan í Reykjavík. Þessu er því að svara, að þegar Hermann Jónasson varð forsrh. 1934, tók Gústaf Jónasson við lögreglustjóraembættinu og gegndi því í tvö ár eða þangað til, hygg ég, að hann varð skrifstofustjóri í stjórnarráðinu. Þegar hann lét af því starfi, var Jónatan Hallvarðsson, sem var fulltrúi við embættið, settur lögreglustjóri. Nokkru síðar, eða eftir kosningarnar 1937, var ákveðið að skipta þessu embætti, og fór sú skipting fram, eins og hæstv. ráðh. sagði, í árslok 1939 eða í ársbyrjun 1940. Ég hygg, að lögin um skiptingu embættisins hafi verið samþ. 1939. Og þegar þau lög eru komin til framkvæmda, er Jónatan Hallvarðsson skipaður sem sakadómari og sérstakur maður skipaður til þess að vera lögreglustjóri, og engin geymsla á þessum störfum átti sér stað eftir það. En hafi í sambandi við þetta nokkurt fordæmi skapazt, er það það, að sá maður, sem er búinn að vera settur alllengi í embætti, vegna þess að ráðh. hefur haldið því opnu, eigi að hljóta starfið. Það var það fordæmi, sem þarna skapaðist, þegar Jónatan Hallvarðsson var skipaður í embætti sakadómara eftir að vera búinn að gegna því embætti eða verulegum hluta þess embættis um þriggja ára skeið. Það var talið af báv. dómsmrh. og þá hafði enginn við það að athuga, að það væri sjálfsagt, að maður, sem þannig væri búinn um langan tíma að gegna embættinu, þótt settur væri, ætti að hljóta skipun. Þá var að sjálfsögðu, alveg eins og nú, um marga eldri menn að ræða, sem voru búnir að vera miklu lengur í þjónustu ríkisins heldur en Jónatan Hallvarðsson. En skipun hans í þetta embætti sætti samt engum mótmælum, vegna þess að það var talin eðlileg afleiðing af því, að hann var búinn að vera settur þetta lengi í embættið, að hann ætti að hljóta það. (Gripið fram í.) Ég skal ekki segja um það, en ég hygg, að hæstv. ráðh. ætti líka að minnast þess, að á þeim tíma var það ekki lagaskylda að auglýsa embætti. Þau lög voru sett líklegast einum 14 árum síðar.

En það hefur hér gerzt í sambandi við þessa geymslureglu, að nú tíðkast það ekki orðið, að ráðh. fái að halda embættum í 1—2 ár, eins og áður átti sér stað, eða í 3 ár, heldur er þetta komið upp í 10 ár, 6—7—8 ár. Og það er að sjálfsögðu allt annað en það, þó að embætti sé haldið opnu í 1—2—3 ár í mesta lagi, enda mundi það vera mögulegt samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, þó að samþykkt yrði, að embætti ætti að halda opnu í 1—2—3 ár. Og það er ekki óeðlilegt, — ég læt það koma fram sem mína skoðun, — að þegar ráðh. lætur af opinberu starfi, þá sé því haldið lausu einhvern tíma til að gefa honum kost á að hverfa í það aftur. En sá tími á ekki að vera lengri og jafnvel ekki eins langur og markaður er í þessu frv., í hæsta lagi 2—3 ár. Þegar farið er að geyma embættið lengri tíma en það, er margs konar hætta á ferðum, eins og hefur sérstaklega sýnt sig í sambandi við það mál, sem hér hefur mest verið rætt. Og það er eitt af því, sem hæstv. forsrh. núv. ber mjög mikla ábyrgð á, ég vil segja mesta ábyrgð á, að þessi langa geymsluregla hefur skapazt. Hann hefur lengst sem forsrh. þolað það, að þessi geymsluregla fengi að viðgangast í sambandi við bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði og einnig í sambandi við önnur ráðherraembætti, einkum þó í sambandi við þau embætti, sem ráðh. Alþfl. hafa áður gegnt. Sem dómsmrh. hefði hann ekki átt að þola það, að bæjarfógetaembættinu í Hafnarfirði yrði haldið opnu jafnlengi og raun ber vitni um, af því að þetta er sérstaklega varhugavert í sambandi við dómaraembætti, og að sjálfsögðu hvíldi sú skylda ekki síður á honum, eftir að hann var orðinn forsrh. Það kann að vera, að hæstv. forsrh. hafi álitið, að þetta væri eitthvert viðkvæmt mál hjá ráðh. Alþfl. En það er nú svona, að þó að þurfi að hliðra fyrir Alþfl. í sambandi við embætti, má það ekki ganga of langt og ekki verða til þess, að óheilbrigðar embættisvenjur skapist, eins og hér hefur átt sér stað.

Ég verð nú að segja, að ég get ekki annað en brosað að þeirri röksemd hjá ráðh. tveimur, að geymslutíminn þyrfti að vera langur með tilliti til ráðh., vegna þess að það væri oft erfitt að fá hæfa menn í þær stöður. Ég verð nú til huggunar þessum hæstv. ráðh. að segja það, að hvað sjálfa þá snertir þurfa þeir ekki að hafa

neinar sérstakar áhyggjur í þessu sambandi, því að ég held, að það sé alveg óhætt að fullyrða það, að þó að svo færi nú, að þeir forföllluðust af einhverjum ástæðum, mundu innan þeirra flokka, svo að ég nefni aðeins þá, finnast alveg jafnhæfir menn til að gegna ráðherraembættunum og þeir, sem nú gegna þeim, svo að af þeim ástæðum sé engin nauðsyn á því að skapa þennan langa geymslutíma, sem hefur átt sér stað í sambandi við embættið, sem ráðh. hafa geymt að undanförnu. Guðmundur Í. Guðmundsson, Gylfi Þ. Gíslason, Emil Jónsson hefðu vel getað farið úr ráðherraembættunum og tekið sín gömlu embætti vegna þess, að það hefðu innan Alþfl., þótt ekki sé stór flokkur, fundizt alveg jafnhæfir menn til þess að taka við ráðherraembættunum, og þess vegna var engin nauðsyn á því að vera að mynda þessa óheilbrigðu geymslutímareglu. Ég held þess vegna, að það sé ákaflega erfitt að finna heilbrigð rök til þess að rökstyðja það, að það eigi að halda embætti opnu allt að áratug, vegna þess að einhver ráðh. vilji gjarnan fara í það aftur, eftir að hann hefur látið af sínu embætti. Svo langt má þessi tillitssemi við ráðh. ekki ganga.

Ég ætla þá að minnast nokkrum orðum á þá embættisveitingu, sem sérstaklega hefur verið gerð að umtalsefni hér og er meginorsök þess, að það frv., sem hér liggur fyrir, hefur verið flutt. Að vísu er búið að ræða það mál svo mikið áður, að ég þarf ekki að eyða löngum tíma til að lýsa skoðun minni í því sambandi. Ég skal játa það, að þegar um veitingu slíkra embætta sem bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði og sýslumannsembættisins í Gullbringu- og Kjósarsýslu er að ræða, er veitingarvaldinu talsverður vandi á höndum, því að það skiptir miklu máli, að í jafnstórt embætti veljist sem hæfastur maður. En það, sem veitingarvaldið verður fyrst og fremst að hafa hugfast í sambandi við slíkar stöðuveitingar og þessar, er að gera sér grein fyrir hæfni umsækjenda, og þá kemur það fyrst og fremst til greina að athuga, hver sé reynsla þeirra, þekking og hæfileikar. Það hefur réttilega verið sagt, að allir þeir menn, sem um þetta embætti hafa sótt, séu góðir hæfileikamenn, og það á líka við um þá, að þeir hafa þá þekkingu til að bera, sem þessi staða krefst. En ég hygg, að það leiki ekki á tveimur tungum hjá nokkrum þeim, sem athuga þetta mál hlutdrægnislaust, að einn maðurinn af þeim, sem um þetta starf sóttu, hafði langsamlega mesta reynslu í sambandi við þetta embætti. Hann var búinn að gegna þessu embætti í 9 ár, og það var miklu stærra og umfangsmeira embætti en hinir umsækjendurnir höfðu gegnt, og þar af leiðandi hafði hann öðlazt langsamlega mesta reynslu í sambandi við þessi störf. Þessu til viðbótar — og það er ekki síður mikilvægt — hafði hann langsamlega mesta staðarþekkingu. Ég held þess vegna, að það fari ekki á milli mála, hvað alla þá eiginleika snertir, sem maður í þessu starfi þarf að hafa: reynslu, þekkingu og mannkosti, að þá hafi Björn Sveinbjörnsson verið fremstur af umsækjendunum, án þess að lítið sé gert úr hinum. Og samkv. öllum heilbrigðum reglum átti hann að hljóta þetta starf. Þessu til viðbótar hafði embættisvaldið sérstakar skyldur við Björn Sveinbjörnsson, vegna þess að hann var vegna sérstakra ástæðna, sem öllum er kunnugt, raunverulega í þágu stjórnarinnar búinn að gegna þessu embætti án þess þó að njóta fullra réttinda í sambandi við það. Þetta til viðbótar hæfileikum hans og mestri reynslu skar úr um það, að hann átti að fá þetta embætti. Ef fram hjá honum var gengið, er ótvírætt, að sá maður, sem næst honum kom, var sýslumaðurinn á Ísafirði, vegna þess að hann hafði lengri embættisaldur og meiri reynslu en þriðji umsækjandinn. Sá maðurinn, sem tvímælalaust kom sízt til greina í sambandi við þessa embættisveitingu, án þess að ég vilji gera lítið úr hæfileikum hans, var Einar Ingimundarson, sem lá í því, að þó að hann sé hæfileikamaður, þó að hann sé lögfræðingur, hafði hann langminnsta reynslu af þessum mönnum, hann hafði gegnt minnsta embættinu og hann hafði verið langdvölum frá embættinu og var þar af leiðandi búinn að hljóta langsamlega minnsta embættisreynslu af þessum þremur mönnum. Þar af leiðandi er augljóst mál, að hann var sá þessara þriggja umsækjenda, sem kom sízt til greina, og reiði almennings í sambandi við þetta mál stafar einmitt af því, að mönnum finnst það augljóst, að hér hafi hæfasti og sjálfsagðasti umsækjandinn verið sniðgenginn með algerlega röngum hætti, og því til viðbótar hafi hann verið búinn að vinna þannig í þágu ríkisstj., að henni bar sérstök skylda til þess að láta hann ekki verða útundan.

Ég held, að hæstv. ráðh. geri sér líka fullkomlega ljóst, hvert glapræði þeir hafa hér framið, og þess vegna er vörn þeirra, sem fram hefur komið hér í þessum umr., eins veik og verða má. Ég verð að segja það, að ég hef ekki heyrt öllu veikari röksemd en þá, þegar hæstv. dómsmrh. fór að tala hér til tilfinninganna og lýsa kunningsskap sínum við Einar Ingimundarson og sagði, að hann mætti ekki gjalda þess, að þeir væru kunningjar. Það er alveg rétt. Ég tek alveg undir það, að hann mátti ekki láta hann gjalda þess, að þeir voru kunningjar og samherjar í stjórnmálum. En hann mátti ekki heldur láta hann njóta þess. Hann varð að dæma rétt. (**Dómsmrh.**: Ég sagði aldrei kunningsskapur, það segir ræðumaður í Tímanum.) Eða vinsemd, ég held, að það skipti ekki miklu máli, hvaða orðalag er notað í þessu máli, því að það segir nokkurn veginn það sama, enda má líka vel bera saman það, sem ég nú sagði, og það, sem stendur í þingtíðindunum, það sem hæstv. ráðh. sagði um þetta mál, og ég hygg, að það komi þá í ljós, að það sé ekki mikill munur á því, sem hann sagði, og þeim ummælum, sem ég eignaði honum hér áðan, að efnislega sé það nokkurn veginn það sama.

Ég verð þá að lokum að koma að því atriði, sem ég tel vera langsamlega stærst í þessu máli og veigamest í sambandi við þetta mál hvað framtíðina snertir. Það hefur réttilega verið talað um það í sambandi við þetta mál, að það hafi verið að skapast meinsemd í sambandi við veitingu dómaraembætta á undanförnum árum, meinsemd, sem sé fólgin í því, að menn hafi, þegar þessar stöður hafa verið veittar, fyrst og

fremst verið valdir eftir pólitískum litarhætti — og ekki aðeins eftir pólitískum litarhætti, heldur einnig með tilliti til þess, að þeir gætu tekið mjög virkan þátt í hinni pólitísku baráttu. Það er alveg rétt, sem hefur komið fram hjá ýmsum þeirra, sem hafa skrifað um þessi mál að undanförnu, og einmitt þeim mönnum, sem minnst hafa verið við stjórnmálabaráttuna riðnir, að það er meinsemd, þegar sú hefð hefur skapazt, að dómaraembætti í landinu sé fyrst og fremst veitt út frá þessu sjónarmiði, út frá því sjónarmiði, að þeir séu ekki aðeins flokksmenn, heldur baráttumenn í stjórnmálum. Þetta er fyrirkomulag, sem þarf að uppræta, og þetta mál á ekki aðeins að verða til þess, að þeir, sem hér hafa afbrot framið, hljóti réttmæta gagnrýni, heldur að það verði farið að hugsa til þess að taka upp þá skipan í sambandi við veitingu slíkra embætta, að það verði ekki fyrst og fremst litið á pólitískar skoðanir umsækjendanna og þeim veittar stöður eftir því. En það skal ég viðurkenna með hæstv. forsrh., að hann er ekki fyrstur manna, sem hefur innleitt þessa reglu, þó að henni hafi aldrei verið framfylgt eins einhliða og í stjórnartíð hans, og þess vegna eiga allir hér nokkra sök eða a. m. k. langflestir og þess vegna á líka að vera auðveldara að leysa þetta mál, vegna þess að það má finna einhverja sök í þessum efnum hjá öllum, þó að þær séu mismunandi miklar, eins og ég hef rakið hér á undan. Það, sem ég álít að þetta mál eigi að leiða til, er það, að það verði tekið til endurskoðunar, hvernig eigi að veita dómaraembætti í landinu, að það eigi að leita eftir því fyrirkomulagi, að það sé ekki pólitískt vald, sem ræður því, hvaða menn gegna þessum þýðingarmiklu störfum.

Ég skal játa, að ég er ekki við því búinn nú að gefa svar við því, hvaða skipan á að taka þarna upp eða á að koma í staðinn fyrir veitingarvald pólitísks ráðh., en það er mér ljóst eins og fjöldamörgum öðrum, sem um þetta mál hafa látið til sín heyra að undanförnu, að það þarf að koma einhver önnur og ný skipan á í sambandi við þetta mál. Og það er t. d. athugandi, að sú þjóð, sem hefur gengið lengst í því að aðskilja löggjafarvald og framkvæmdavald, Bandaríkjaþjóðin, hefur einnig sett sérstakar reglur til að koma í veg fyrir það, að vald til þess að veita dómaraembætti sé eingöngu í höndum framkvæmdaaðilans. Þess vegna verður forsetinn að bera allar slíkar meiri háttar embættisveitingar undir öldungadeildina og engin embættisveiting fær fulla staðfestingu, nema öldungadeildin samþykki hana. Ég er ekki að segja þetta vegna þess, að ég telji, að þetta fyrirkomulag eigi að taka upp hér á landi. En eigi að síður er ég þó viss um, að það væri til bóta að taka upp eitthvert slíkt fyrirkomulag eins og þetta. Það mundi verða til þess að skapa hinu pólitíska veitingarvaldi aukið vald. Og það hefur nýlega sýnt sig í Bandaríkjunum í sambandi við ákveðna embættisveitingu, að það er ekki þýðingarlitið, að annar aðili en framkvæmdavaldið hafi nokkuð um það að segja, hvernig dómaraembætti eru veitt. Það hefur orðið til þess, að forsetinn og helztu stuðningsmenn hans féllu frá því að veita dómaraembætti ákveðnum manni, sem var búinn að fá veitingu fyrir embættinu, en hlaut hins vegar svo mikla mótspyrnu í þinginu, að forsetinn og fylgismenn hans töldu ekki rétt að knýja málið fram þar, þó að þeir hefðu til þess nægan þingmeirihl. Það hefði vissulega verið ánægjulegt, ef hæstv. ríkisstj. hefði sýnt sama þroska í þessu máli, í Hafnarfjarðarmálinu, og forseti Bandaríkjanna og hans fylgismenn hafa sýnt í sambandi við veitingu dómaraembættisins í Boston. Og það vil ég láta verða mín síðustu orð hér að segja það, að þó að nokkuð langt sé nú liðið á þá baráttu, sem hefur risið út af þessu máli, og þó að það sé kannske orðið hæstv. ríkisstj. meira metnaðarmál en ella að halda málinu til streitu, á hún og sá maður, sem embættið hefur hlotið, enn þann leik á hendi að fara sömu leiðina og Bandaríkjaforseti og hans menn fóru í þessu máli. Og ég er alveg sannfærður um það, að hlutur viðkomandi aðila mundi ekki vaxa af öðru meir en því, að þeir létu þannig skynsemina ráða, en ekki ofurkappið.

Ingi R. Helgason: Herra forseti. Umr. um það þskj., sem hér liggur fyrir, hafa orðið eins og efni standa til. Það er nú í fyrsta skipti á þessu hausti, að framlengdur er fundur í hv. d., og það ber með sér ásamt öðru, að hér er mál á ferðinni, sem sérstakrar athygli er þörf. Það er enda sannast sagna, að bæði utan Alþ. og innan hafa oftast í þessu landi verið miklar deilur um embættisveitingar, um skipun í þau embætti, sem við höfum haft í landinu til þess að sjá um framkvæmd stjórnsýslunnar. Þær deilur, sem um embættisveitingarnar hafa farið fram, bæði utan þings og innan, hafa borið þess merki, að það eru hin pólitísku öfl, sem leikast á í þjóðfélaginu, sem eru að rifast og eru að reyna að haga málum sínum þannig að fylla í embættin til þess að styrkja sitt vald í stjórnskipuninni og í embættismannakerfinu, til að auka áhrifavald sitt einnig á þeim vettvangi í landinu.

Það leyndi sér ekki á ræðu hæstv. forsrh., að hér var komið að viðkvæmum málum, embættisveitingum í hans tíð og raunar nú undanfarin ár, og eins og ég sagði í ræðu minni í gær, hefur það rætzt í þessum umr. í dag, að hér hafa menn verið með gagnkvæmar ásakanir um misferli eða misbeitingu í embættisveitingum í landinu.

Ég flutti í gær ræðu í sambandi við frv. það, sem hér liggur fyrir, og flutti mín efnislegu sjónarmið, einnig rakti ég mínar skoðanir á tilefni tillöguflutnings hv. þm. Jóns Skaftasonar. Ég tel, að flest af mínum sjónarmiðum og a. m. k. meginsjónarmiðin standi óhögguð eftir þessar umr. í dag, hvað svo sem verður, þegar lengra líður. En ég ætla ekki að endurtaka þessi sjónarmið mín eða rekja þetta efnislega aftur, heldur langar mig til að gera hér stuttlega að umtalsefni nokkur atriði, sem fram hafa komið í ræðum þeirra tveggja hæstv. ráðh., sem hér hafa talað.

Hæstv. utanrrh. var fyrsti ræðumaður hér í hv. þd. í dag, og enginn annar Alþfl.-maður í hv. d. hefur kvatt sér hljóðs til þessa, og það er ekki að efa, að hæstv. ráðh. hefur þar talað

fyrir hönd síns flokks í þessu máli, a. m. k. enn þá. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri sjálfsagt að huga vel að efni þess frv., sem hv. þm. Jón Skaftason hefur lagt hér fram. Og það var á hæstv. ráðh. að skilja, að hann væri meginstefnunni í þessu frv. samþykkur, ef ég hef skilið hann rétt. En hann taldi, að það þyrfti að athuga frv. vel, og í þeirri þinglegu meðferð, sem það á eftir að fá, er það auðvitað rétt, því vil ég samsinna, enda benti ég á það í ræðu minni hér í gær, að ég hefði jafnvel þrengingartill. í huga varðandi geymslu á embættum, þegar um dómara er að ræða, þannig að ekki væri sett í dómarasæti í landinu lengur en til eins eða tveggja ára.

Hæstv. ráðh. Emil Jónsson spurði, hvað gera ætti, ef enginn sækti um embætti, sem laust væri auglýst, og vissulega er ekkert á það minnzt í frv. Jóns Skaftasonar. En með það yrði að fara eðli málsins samkv. Þá yrði að ráða embættinu til bráðabirgðalykta áfram heldur en láta embættisfærsluna falla niður. Og það er sjálfsagt í hinni þinglegu meðferð á þessu frv. að gera ráð fyrir slíku, því að auðvitað verður helzt löggjafinn að sjá fyrir öll horn í þessum málum sem öðrum og reyna að vera við því búinn að mæta því með lagafyrirmælum, hvað svo sem upp kann að koma. En það er vissulega sérstakt á ferðinni, sem þó raunar hefur oft skeð, bæði í sambandi við skólamál og í sambandi við læknishéruð, að ekki er sótt um af þar til færum mönnum, og í því tilfelli verður auðvitað að hafa sérstakan hátt á.

Hæstv. ráðh. eyddi svo löngum tíma í að útskýra, hvað það væri erfið aðstaða fyrir þm., sem stæði frammi fyrir því allt í einu, að hann væri kallaður til ráðherrastarfa óákveðinn tíma, en væri embættismaður sjálfur. Þá þyrfti hann að gera það upp við sig. hvort hann ætti að sleppa embætti sínu og ganga eftir köllun inni í ráðherraembættið eða hvort hann reyndi að fá frí frá starfi og sinna ráðherradómi óákveðinn tíma og eiga svo afturkvæmt í embættið. Ég skal fúslega viðurkenna það, að hér er, eins og hæstv. forsrh. talaði um, sameiginlegt vandamál okkar allra, og við eigum ekki að vera með neina sérstaka hleypidóma í sambandi við þann vanda, við skulum viðurkenna hann, hann er til staðar. En ég vildi leyfa mér að benda á, að í þessu efni þurfum við að taka tillit til þriggja sjónarmiða. Við þurfum vissulega að taka tillit til þess manns, sem kallaður er til ráðherradómsins, hver er hans afstaða, og taka tillit til hans stöðu í sambandi við ákvörðun okkar í sambandi við það, hvernig með skuli fara. En við þurfum líka að taka tillit til starfsins sjálfs, embættisins, eðlis þess embættis, sem hann rækir, þegar hann er kallaður til ráðherradóms. Og við þurfum líka að taka tillit til þriðja atriðisins, taka tillit til þess manns, sem kallaður er til þess að gegna starfi embættismannsins, meðan ráðherradómurinn varir. Við ráðum ekki þessum sameiginlegu vandamálum okkar til farsælla lykta á annan hátt en þann að taka fullt tillit til þessara þriggja atriða. Ég fyrir mitt leyti er, það er nú kannske vegna míns starfs, ég er mjög veikur fyrir því sjónarmiði að láta eðli starfsins, ef um dómarastörf er að tefla, vega mest. Það er þýðingarmest og mjög dýrmætt fyrir alla þá, sem undir dómsvald eiga að sækja, almenning í landinu, að í þeim störfum ríki ekki óvissa, þar sé allt í föstum skorðum og ekki hringlandaháttur, og þess vegna vildi ég fyrir mitt leyti, þegar um dómarastörf er að tefla, láta þetta sjónarmið vega langþyngst. En ég vil ekki heldur, eins og ég sagði, neita hinum sjónarmiðunum, tillitinu til þess manns, sem kallaður er til ráðherradóms, og svo ekki heldur tillitinu til þess manns, sem kallaður er til að gegna embættinu um stundarsakir. Ég held, að til lausnar á þessu máli verðum við að reyna að reisa skorður við því, að geymsla embættisins vari áratugi, og við verðum að finna lausn á þessum vanda í þá átt eða með þeim hætti, eins og hv. þm. Jón Skaftason hefur hér lagt til, að skerða leyfðan geymslutíma þessara embætta, enda þótt um ráðherradóm sé að tefla, og hæstv. ráðh. verði að gera það upp við sig eftir 2, 3, 4 ár, hvort hann ætlar að segja starfi sínu lausu eða biðjast lausnar frá embætti ráðh. Ég segi þetta til þess að taka það skýrt fram af minni hálfu, að ég lít þannig á, að hér sé um ákveðinn vanda að tefla.

Ég vil í þessu sambandi benda á það, að í stjórnarskrá okkar er gert ráð fyrir því, að þm. eigi að geta sinnt störfum á Alþingi, þó að þeir séu embættismenn, og þurfi ekki leyfi yfirboðara eða handhafa framkvæmdavaldsins til þess, og það má með hliðsjón af þeim sjónarmiðum, sem það stjórnarskrárákvæði byggir á, taka tillit til þess, þegar þm. er kallaður til ráðherradóms, er embættismaður fyrir og ráðherradómurinn stendur lengur en þann tíma, sem sjálft Alþ. er að störfum. Ég mun svo, þegar ég geri ræðu hæstv. forsrh. að umtalsefni hér á eftir, koma nánar að þessu atriði.

En ég vil segja það í sambandi við ræðu hæstv. utanrrh. um þetta atriði, að það er ekki einasta tillitið til þess, sem kallað er til ráðherradóms, heldur til eðlis starfsins og þess, sem settur er, sem við þurfum líka að horfa á í þessu efni. Og einmitt þessar deilur og mótmælaaldan gegn embættisveitingunni í Hafnarfirði hafa sprottið af því, að hér hefur farið úr hömlu geymslan á embættinu, og það líkar almenningi ekki. Hér hefur maður verið settur í dómarastarf nærfellt heilan áratug. Og þetta sýnir líka, að þegar geymslan dregst svona úr hömlu, er orðin 5—10 ár, er svo komið fyrir þeim hæstv. ráðh., sem á svo langan samfelldan ráðherradóm, að hann er farinn að missa áhuga fyrir embættinu, sem hann fór úr, og þá gerir hann aðeins gott með því að segja því lausu í tæka tíð, til þess að skapa ekki óvissu um það, eins og hér hefur komið á daginn, og forða því, að fullkomið tillitsleysi, — það endurtek ég, — að fullkomið tillitsleysi er tekið til þess manns, sem settur er til þess að gegna embættinu í forföllum. Þetta gildir bæði um embætti hæstv. utanrrh., Guðmundar Í. Guðmundssonar, sem deilur þessar eru risnar af, og einmitt líka embætti hæstv. utanrrh. sjálfs sem vitamálastjóra, sem var forfallaður úr því langan tíma. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, þó að þar hafi hæfir menn verið á ferðinni fyrir hann, þá hefur það, að afturkoma hans var alltaf möguleg, skapað

tiltekna óvissu, ekki bara í starfrækslu embættisins sjálfs, heldur og fyrir þann mann, sem settur var til að gegna því. Þessi embættisfærsla eða embættisrekstur er ekki þannig, að maður geti bundið sig við eina viku eða 2—3 mánuði eða 1 ár. Hér er um að ræða verkefni, sem spanna yfir miklu lengri tíma. Og menn, sem í þessum embættum eru, þurfa að vera framsýnir og leggja mikla vinnu í það að skipuleggja embættisrekstur sinn og það, sem undir hann heyrir, um talsvert langa framtíð.

Hæstv. utanrrh. kom svo í lok ræðu sinnar að þeim þætti þessara mála, sem við höfum kallað tilefnið til tillöguflutnings á þskj. 70. Hæstv. utanrrh. sagði, að Björn Sveinbjörnsson hefði sinnt sínum dómarastörfum og fógetastörfum í Hafnarfirði með ágætum, og það er undirstrikun á því, sem hefur komið fram áður, bæði hér á þingi, í blöðum og alls staðar annars staðar, að embættisrekstur Björns Sveinbjörnssonar, meðan hann var settur, hefur verið óaðfinnanlegur og með miklum ágætum. En hæstv. utanrrh. bætti við og sagði: „Okkur fannst“ — og þá talaði hann fyrir hönd Alþfl. — „okkur fannst Björn standa embættinu næstur og að hann hefði rækt embættið með þeim hætti, að hann hefði átt að fá skipunina.“ Það er mjög gott að verða var við það, að í þessari yfirlýsingu felst samræmi milli orða Alþfl. enn sem komið er utan þings og innan í þessu máli. Hér hefur hæstv. utanrrh. sjálfur, formaður Alþfl., lýst því í hv. þd., að hann og eins og hann sagði „við“, þ. e. a. s. Alþfl., er þeirrar skoðunar, að Björn Sveinbjörnsson hefði átt að fá skipun í embættið. Þegar hæstv. ráðh. hafði sagt þetta, sagði hann, og var þá að tala um okkur Jón Skaftason, að við hefðum hér uppi málflutning af annarlegum sjónarmiðum, mál okkar væri flutt til að koma höggi á Alþfl. í fyrsta lagi og reyna að spilla stjórnarsamvinnunni. Jón Skaftason, hv. þm., stendur auðvitað fyrir sínu. Ég vil vísa þessum ásökunum á bug. Ég er í þessu máli ekki að reyna að koma neinu höggi á Alþfl., síður en svo. Alþfl. er raunar eini stjórnmálaflokkurinn, — hann var það í gær, þegar ég flutti mína ræðu, — eini stjórnmálaflokkurinn, sem hefur látið flokkssamtök sín mótmæla þessari embættisveitingu. Minn flokkur hefur ekki gert það. Kjördæmisráð Framsfl. í Reykjaneskjördæmi hefur, eftir því sem upplýst hefur verið, samþ. mótmæli gegn embættisveitingunni, þá er það annar stjórnmálaflokkurinn, sem lýsir andúð sinni á þessari embættisveitingu.

Hæstv. utanrrh. sagði: „En hvað áttum við að gera? Valdið er í höndum dómsmrh.“ Og hann bætti við: „Ef við hinir ráðh. hefðum sagt af okkur, hefði embættisveitingin staðið, svo að það var ekki til neins til að hnekkja henni. Við völdum þann kostinn,“ sagði hæstv. ráðh., „að gera þetta ekki að svokölluðu kabinetts-spursmáli, þ. e. a. s. rjúfa ekki stjórnarsamstarfið við Sjálfstfl. vegna þessarar embættisveitingar.“ Ég út af fyrir mig vil ekki álasa hæstv. ráðh. fyrir þetta sjónarmið, síður en svo. Ég tel ekkert óeðlilegt við það, þótt Alþfl. vilji ekki hætta málefnasamstöðu sinni við samstarfsflokk sinn í ríkisstj. út af þessari embættisveitingu. En þá er komið að öðru atriði í þessu máli, sem sagt því, að snúa spurningunni við um það, hvort Alþfl. vilji gera þetta að kabinetts-spursmáli eða stjórnarrofsspursmáli. Það er upplýst, að hann vill það ekki. En mig langar að spyrja: Mundi Sjálfstfl. gera þetta að kabinetts-spursmáli? Það fer ekki milli mála, það er öllum hv. þd.-mönnum ljóst, að veitingarvaldið er í höndum ráðh. En staða ráðh. er þó í höndum Alþingis. Ef hér kæmi fram vantraust á hæstv. dómsmrh. út af þessari tilteknu stjórnarathöfn, það fengi þinglega meðferð, það fengi meiri hl., mundi þá Sjálfstfl. gera samþykkt eða afgreiðslu þess vantrausts að fráfararatriði eða stjónarsamstarfsrofi við Alþfl.? Ég hefði gaman af að fá þeirri spurningu svarað. Þessari umr. er ekki lokið, þetta mál hefur vegna mótmælanna flutzt hingað inn á Alþ., og enn þá er ekki séð fyrir endann á því, hver verður endanleg afgreiðsla Alþ. á þessari stjórnarathöfn, vegna þess, eins og ég sagði áðan, að ráðherradómur hæstv. dómsmrh. er í höndum þessarar hv. stofnunar, þó að veitingarvaldið sé í höndum hans. Og ég mundi segja, að það er vissulega hollt fyrir okkur að haga málum okkar þannig, að hver ráðh. um sig, óháð málefnalegri samvinnu eða samstöðu stjórnmálaflokkanna, megi eiga kost á því að standa ábyrgur gagnvart Alþingi fyrir sínar einstöku stjórnarathafnir, án þess að menn geri það að kabinetts-spursmáli og tengi það öðrum málum. Það mundi veita aðhald. Það mundi veita ráðh. þessa lands það aðhald að gæta sín á almenningsálitinu, fara eftir því, reyna að finna, hver réttarmeðvitund þjóðarinnar er, og haga sér samkv. henni, ríða ekki alltaf í bág við hana, undir öllum kringumstæðum.

Áður en ég skil við ræðu hæstv. utanrrh., vildi ég vekja athygli á því, — það er í sambandi við hina þinglegu meðferð málsins, þ. e. a. s. í tilefni af tillöguflutningi Jóns Skaftasonar, — að hæstv. ráðh. sinnti ekki boði mínu frá því í gær um það, að ég yrði meðflm. hans að till., sem byggð væri á samþykkt fulltrúaráðs Alþfl. í Hafnarfirði, og flytji málið þann veg inn í Alþ. Mér er ekki grunlaust um það, að 3 stjórnmálaflokkar á Alþingi séu undantekningarlítið mjög andvígir þessari embættisveitingu, og slík till. okkar, mín og hæstv. utanrrh., mundi fá samþykki á Alþ. og það hefði þó sína þýðingu í sambandi við embættisveitingar og það að reisa skorður við valdníðslu í þeim hlutum í framtíðinni. En sem sagt, boð mitt stendur.

Hæstv. forsrh. var hér í essinu sínu í dag og lét heyra á sér, að þetta væri eins og trúarvakning færi um landið. Það er að vísu gott, að þessi alda, sem hann merkir sem trúarvakningu, hefur ekki alveg farið fram hjá honum, því að stundum getur það komið fyrir jafnvel mjög glöggskyggna stjórnmálamenn, að þeir vanmeti aðstæður, sem þeir þekkja ekki af eigin raun. En ég vildi leyfa mér að tjá hæstv. forsrh. það, að hér er um að ræða mjög magnaða mótmælaöldu gegn þessari embættisveitingu, miklu magnaðri og almennari en þau skrif og þau einstöku mótmæli, sem orðið hafa, benda ein til.

Hæstv. forsrh. fór út í að rekja eða minna á

embættisveitingar Framsfl., þegar Framsfl. hafði tök á því að ráðstafa embættum í landinu. Og hann raunar skoraði á hv. framsóknarmenn að vera nú ekki með dylgjur einar um sjálfan sig, hann skoraði á þá að benda á einhver dæmi um misfellu í embættisveitingum hans sjálfs og spurði m. a., hvort hægt væri að nefna hér nokkur dæmi þess, að hann hefði veitt venzlamönnum sínum embætti. Svo kann að vera, að hann hafi ekki gert það, og ég vil alls ekki bera það á hæstv. ráðh. En í tilefni af þessari áskorun langar mig til þess að athuga, hvort hann mundi hafa viljað stilla spurningunni á þennan veg: Er hægt að benda á það í mínum embættisveitingum, að ég hafi hagað þeim þannig, að þær hafi verið mínum flokki til framdráttar? Ég vænti þess, ef hæstv. forsrh. telur það ómaksins vert að ræða frekar þetta mál við afgreiðslu þessa frv., að hann mundi vilja stilla þessari spurningu og svara henni sjálfur.

Ég held, að það hafi ekki komið fyrir, — þó kann mig að rangminna, — að hæstv. forsrh. hafi í sínum embættisveitingum látið stjórnmálaandstæðinga sína njóta sannmælis. Það er röð af sýslumannsembættum hér á Vesturlandi, og ég held, að það sé svo, að hæstv. forsrh. hafi haft það oftast nær í huga með embættisveitingum sínum a. m. k. að ganga ekki á móti hagsmunum síns flokks.

Hæstv. forsrh. ræddi efnishlið frv. Jóns Skaftasonar, og ég fann inn á það, að það er ekki langt á milli okkar í efnislegri afstöðu til þessara mála. Hann gat þess, að dómarar væru kjörgengir í Noregi. Það kann að vera. Og það kom fram hjá honum líka, að það eru aðrir menn, sem eru ekki kjörgengir í Noregi, og það eru, held ég, hinir svokölluðu fylkisstjórar eða sýslunarmenn, fulltrúar framkvæmdavaldsins svæðisbundið, þeir hafa ekki kjörgengi til þings í Noregi. Og af hverju? Eftir alveg sömu sjónarmiðum og ég hafði hér uppi um dómarana, af því að þeir eru undir handhafa framkvæmdavaldsins settir. Og það væri óheppilegt að láta þá þannig háða framkvæmdavaldinu sitja á löggjafarsamkomu.

Hæstv. forsrh. gat þess réttilega, að okkar beztu þm. hefðu oft og einatt komið úr stétt sýslumanna. Þetta er rétt. En hann á við sýslumenn fyrir nokkuð löngu, og hann veit, að mikil breyting hefur orðið á íslenzku þjóðfélagi. Hér var ekki mikið um embætti önnur en prestsembætti og sýslumannsembætti. Menntamenn íslenzku þjóðarinnar, sem voru ekki ýkjamargir framan af, áttu ekki um önnur embætti að velja, og það hefur sýnt sig, að þeir embættismenn, sem þá voru valdir til þings, reyndust dugmiklir og ágætir þm. En það ákvæði okkar í stjórnarskránni, sem neitar umboðsstarfalausum dómurum um kjörgengi á Alþingi, byggir þó á því sjónarmiði, að dómararnir séu ekki háðir í störfum sínum. Og á þeim sjónarmiðum byggði ég þau rök, sem ég hafði hér uppi í gær um það, að í dómaraembætti ætti alls ekki að velja stjórnmálamenn. Ég tel, að við þyrftum að athuga það upp úr þessum umr. og í tilefni af þessum umr. öllum að reyna að skilja á milli dómsathafnanna annars vegar og hinna fjölþættu umboðsstarfa, sem nú hvíla á sýslumönnum og bæjarfógetum í landinu. Það er auðvelt að gera það. Það má auðvitað ekki rasa að neinu. En það er mjög auðvelt að athuga þau mál gaumgæfilega og skilja umboðsstörfin frá dómendunum, þannig að maður fái fullkomlega óháða, umboðsstarfalausa dómara í dómaraembættin í landinu og þeir séu ekki kjörgengir til Alþingis.

Hæstv. forsrh. sagði, að Björn Sveinbjörnsson hefði vitað það, þegar hann var settur inn í embættið til bráðabirgða, að honum var ekki heitið því, að það var bráðabirgðaráðstöfun, og hæstv. forsrh. fullyrti, að sú ráðstöfun á embættinu til Björns 1956 hafi ekki verið bindandi, þannig að Björn hafi ekki getað treyst á þá setningu á nokkurn hátt í þá átt, að hann ætti rétt til embættisins. Ég skal fúslega viðurkenna það, að þetta er alveg rétt, og þetta hefði líka verið rétt, þó að Björn hefði verið settur þarna í 2 ár eða svo. En það, sem veldur hér eðlisbreytingu á þessum hlutum, er það, að hann ræðir þetta embætti svona lengi settur. Og það er það, sem er úrslitaatriði í málinu. Það er ekki bara setningin í upphafi 1956, heldur seta Björns í embættinu og óaðfinnanleg ræksla hans á embættinu í tæpan áratug, sem er þess valdandi að mínu viti, að hann á aukið siðferðislegt tilkall til embættisins umfram aðra hæfa menn.

Ég held, að það hafi ekki svo verið fleiri atriði í ræðum þessara hæstv. ráðh., sem ég hafi ástæðu til að fjölyrða um. Ég bið menn að fyrirgefa, hvað þetta er laust í reipunum. En hæstv. dómsmrh. hefur ekki talað aftur. Ég vil í því tilefni minna hann á, að í lok minnar ræðu í gær hafði ég uppi nokkra áskorun á hann, sem sagt þá áskorun að breyta þessari embættisveitingu sinni, svo að Alþ. þyrfti ekki að taka málið upp á öðrum grundvelli, og vildi leyfa mér, í lok minnar ræðu nú, að minna hæstv. ráðh. á þessa áskorun mína.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég hafði ekki búizt við því, að svo mikil áherzla væri lögð á hraða afgreiðslu þess frv., sem ég hef flutt á þskj. 70 og við höfum verið að ræða hér á hv. Alþ. tvo undanfarna daga, að ástæða þætti til að boða til framhaldsfundar í dag, að enduðum hinum venjulega fundartíma. En ef þennan áhuga hæstv. ríkisstj. og þá væntanlega fyrst og fremst þess ráðh. innan hennar, hæstv. dómsmrh., sem eðli málsins samkv. stendur aðallega í fyrirsvari gegn þeirri gagnrýni, sem hér hefur verið uppi höfð á embættisveitingunni í Hafnarfirði, má skoða sem stuðning við frv., vil ég fagna því og skal ekkert undan því kvarta að þurfa að segja hér nokkur orð til viðbótar þeirri ræðu, sem ég flutti í gær, enda þótt ég hefði gjarnan viljað geta undirbúið hana betur. En ég vil fyrir fram biðja hv. alþm. að taka viljann fyrir verkið.

Í umr. um frv. þetta hafa fjórir hæstv. ráðh. talað um frv., tveir úr hvorum stjórnarflokki. Ráðh. Sjálfstfl., þeir hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh., hafa báðir fagnað í meginatriðum efni frv., og tek ég þær yfirlýsingar þeirra sem fortakslausan stuðning flokksins við efni málsins í meginatriðum. Hins vegar urðu mér það talsverð vonbrigði, — þótt ég hefði kannske varla getað búizt við öðru fyrir fram — að ráðherrar

Alþfl., sem hér hafa talað, þeir hæstv. menntmrh. og hæstv. utanrrh., hafa ekki tjáð sig glöggt um frv. Hæstv. menntmrh. vék ekki einu einasta orði að því í þeirri ræðu, sem hann hélt í gær, og hæstv. utanrrh. vék að því hér áðan á þann hátt, að hann fann því ýmislegt til foráttu, þó að ekki væri í stórvægilegum atriðum, en þó mátti skilja ræðu hans þannig, að hann væri heldur andvígur samþykkt frv. sem þessa.

Hæstv. forsrh. gat um það í sinni ræðu, að frv. þetta þyrfti miklu nánari athugunar við. Ég skal ekki bera á móti því, að frv. þurfi að athuga nokkuð. En ég held, að meginatriði þess séu svo ljós, að mjög langur umhugsunartími sé ekki réttlætanlegur í meðferð þess. Það er sjálfsagt, að þetta mál verði athugað gaumgæfilega í þeirri n., sem það fær og verður hv. heilbr.- og félmn., þar sem ég á m. a. sæti. En ef á að setja á svið svo viðamikla athugun af hálfu hæstv. ríkisstj. á þessu máli, að útilokað megi telja, að það fái afgreiðslu á þessu þingi, þá tel ég, að þar sé verið að setja leik á sviðið, eingöngu í þeim tilgangi gert að hindra, að frv. nái samþykki á þessu þingi. Ég er fyllilega ásáttur með að athuga þær brtt., sem hv. stjórnarliðar kunna fram að færa við sjálft frv. við meðferð þess. Mér er það fyllilega ljóst, að á ýmsan hátt má e. t. v. bæta það. Það verður alltaf álitamál, hve hámarkstími setningar skuli vera langur, og það verður alltaf álitaatriði, hvort hinar almennu reglur, sem frv. felur í sér, skuli ná til allra embættismanna ríkisins eða binda það við minni hóp embættismanna, svo sem dómara. En eins og hv. alþm. sjá af frv., þá er langsennilegast, að algengasti setningartíminn, ef frv. yrði samþ., yrði tvö ár, því að að þeim árum liðnum getur sá, sem setningu hefur fengið til embættis, óskað eftir því, að staðan verði auglýst. Ég held því, að þegar af þessari ástæðu einni sé sú boðaða brtt., sem hv. þm. Ingi R. Helgason talaði um hér áðan, að hann e. t. v. flytti við frv., þ. e. a. s. að setningartími héraðsdómara mætti ekki vera nema 1—2 ár, skipti ekki miklu máli og mundi, þótt samþ. yrði, ekki hafa mikla breytingu í för með sér frá ákvæðum frv., eins og það er nú.

En mig langar að gefnu tilefni vegna þeirra umr., sem hér hafa orðið, að víkja nokkrum orðum að því, sem hefur helzt fram komið og ég finn sérstaka ástæðu til þess að koma fram aths. við.

Hæstv. utanrrh. talaði í upphafi þessa fundar í dag. Ýmislegt af því, sem hann sagði þá, væri að sjálfsögðu þess virði að ræða það nokkru nánar. Ég ætla þó ekki að taka nema örfá atriði, því að ég vænti þess, að fundur haldi ekki lengur áfram en til kl. 7 og þá gefist síðar, annaðhvort á morgun eða síðar, tækifæri til þess að taka það, sem ekki vinnst tími til að ræða núna. Ætla ég því að halda mér að nokkrum atriðum, sem komu fram í ræðu hæstv. ráðh.

Hæstv. ráðh. sagði, að sér fyndist ekki rétt, að menn sættu ámæli fyrir að taka að sér ráðherraembætti, þótt þeir haldi öðru embætti lausu fyrir sig, og svo bætti hann við: „Hvort sem sá setningartími er tvö ár eða fjögur ár eða sex ár eða sjö ár.“ Um þetta er ég honum algerlega ósammála. Ég held. að flestir þeir, sem um þetta hafa talað, jafnvel þeir ræðumenn Sjálfstfl., sem komið hafa fram í þessum umr., hafi látið í það fyllilega skína, að það, sem gerir mál þetta sérstakt, sé hinn langi setningartími Björns Sveinbjörnssonar í bæjarfógeta- og sýslumannsembættið í Hafnarfirði. Frv. það, sem ég flyt og er hér til umr., gerir ráð fyrir, að setningartími geti staðið í allt að fjögur ár, ef viðkomandi settur embættismaður samþykkir það, annars aðeins tvö ár. Með þessari reglu þykist ég hafa reynt að gæta réttlætanlegra sjónarmiða bæði að því er tekur til hins setta embættismanns, embættisins sjálfs og eins þess manns, sem setningu hefur í embættið og þarf að hverfa frá því einhverra hluta vegna um tíma. Ég tel sem sagt, að það sé ekki óeðlilegt, að maður, sem t. d. velst til ráðherrastarfa, geti átt þess kost, ef hann yfirgefur embætti til þess að taka sæti á ráðherrastóli, að halda embætti sínu opnu um einhvern ákveðinn, en þó ekki allt of langan tíma. Ég hef valið 2—4 ár. Ég tel, að að þeim tíma liðnum hafi viðkomandi embættismaður, sem sezt á ráðherrastól, getað gert sér grein fyrir því í öllum meginatriðum, hvernig honum falli starfið, og honum sé vorkunnarlaust að þeim tíma liðnum að taka ákvörðun um það, hvort heldur hann ætli að halda áfram að feta pólitíska braut ráðherrans og taka þar áhættur, sem því óneitanlega eru samfara, eða hverfa aftur til síns fyrra embættis og hugsa þá væntanlega ekki um ráðherrastörf um einhvern tíma þar á eftir. Ég tel svo mikla almenna hagsmuni bundna við það, að einhver regla sé sett í þessum efnum, að þó að það kunni fyrir einstaka menn að vera sársauka blandið að yfirgefa ráðherrastól eftir fjögur ár eða taka ákvörðun eftir fjögur ár um það, hvort hann á að hverfa til fyrra embættis síns eða standa upp af ráðherrastóli, þá held ég, að hinir almennu þjóðfélagshagsmunir við að hafa reglu á þessum hlutum séu miklu stærri og réttmætara að virða þá heldur en hagsmuni, sem einstakur maður kann að eiga bundna við að fá að sitja um ótakmarkaðan tíma í ráðherrastóli, meðan hann hefur þingstyrk til þess. Ég þykist því hafa með frumvarpsflutningi mínum gætt hvors tveggja þessara atriða, bæði hagsmuna hins setta embættismanns og embættishagsmunanna sjálfra og einnig hagsmuna þess skipaða embættismanns, sem verður að hverfa úr starfi sínu um tíma.

Ég get ekki heldur fallizt á þá skoðun hæstv. utanrrh., að tímalengdin skipti engu máli, af þeim ástæðum, sem ég var nú að gera grein fyrir.

Þá sagði hæstv. ráðh. enn fremur: „Ef staða, sem sett er í, er auglýst eftir fjögur ár og enginn sækir um hana, hvað þá?“ Hér er að vísu um smávægilegt atriði að ræða, sem ég hygg að sé gripið til vegna þess, að haldbærari rök til hóflegrar andstöðu við frv. voru ekki fyrir hendi. Ég held nú satt að segja, að það muni ekki ýkja oft reyna á það, ef staða er auglýst, að enginn fáist til að sækja um hana. En af þessu gefna tilefni vil ég aðeins spyrja hæstv. ráðh.: Hvernig á að fara að, ef settur maður, hvort sem hann hefur gegnt embætti í fjögur ár, lengur eða skemur, vill skyndilega hætta og segir af sér og enginn fæst til að sækja um stöðuna? Ég held

satt að segja, að samþykkt þessa frv. skipti engu um þetta atriði út af fyrir sig. Staðan getur verið jafnlaus fyrir það, þótt engar reglur gildi um lengd setningartímans. Það getur verið alveg jafnerfitt að fá mann til þess að sækja um stöðu, þótt þær reglur séu ekki í gildi, ef viðkomandi embættismaður, sem setningu hefur til embættisins, vill af einhverjum ástæðum gefa það embætti upp. Þess vegna tel ég, að þessi mótbára út af fyrir sig sé ákaflega léttvæg.

Enn fremur sagði hæstv. ráðh.: „Með frv. þessu, ef samþykkt verður, væri e. t. v. verið að koma í veg fyrir, að menn fengjust í ráðherrastörf, og það þarf líka að líta til fleiri en hins setta.“ — Hv. þm., sem talaði á undan mér, Ingi R. Helgason, vék lítillega að þessu, og þarf ég ekki miklu við það að bæta. Ég hef satt að segja ekki miklar áhyggjur af því, að á hv. Alþingi Íslendinga fáist ekki alltaf menn til þess að setjast í ráðherrastóla, enda þótt einhverjar reglur verði settar við því, að þeir geti ekki geymt embætti opið fyrir sig óendanlega. Og það má líka segja, að sá, sem velur sér stjórnmálastörf að lífsstarfi, leggur vissulega í ákveðna áhættu, sem aldrei verður hjá komizt. Það er engin vissa fyrir því, hvorki um ráðherra né einstaka þm., að þeir hafi setu hér eins lengi og þá sjálfa lystir. Þar eigum við allir undir kjósendaláni komið, og ég hygg, að hæstv. ráðh. sé ekkert hættara í þessum efnum en okkur hv. þm. og það þurfi engar sérstakar sérreglur fyrir þá.

Enn fremur sagði hæstv. ráðh.: „Dómsmrh. hafði valdið, hann gat farið með það eins og hann vildi. Málinu er lokið, eftir að skipun hefur átt sér stað.“ Ég verð nú að segja, að það þarf mikil brjóstheilindi til þess af formanni Alþfl. um nokkuð langt árabil, ráðh. Alþfl. samfellt allt frá 1956, þegar hann ásamt Guðmundi Í. Guðmundssyni tók sæti í vinstri stjórninni svo kölluðu — (Gripið fram í.) Nú, afsakið. (Gripið fram í.) Jæja, hvort ráðherraaldurinn er tveim árum skemmri eða ekki, skiptir ekki öllu máli, en það, sem ég ætlaði að segja, er, eins og kom fram í ræðu minni hér í gær, að forusta Alþfl. og þá sérstaklega ráðherrar flokksins bera öllum öðrum fremur ábyrgð á hinni löngu setningu Björns Sveinbjörnssonar í embættið í Hafnarfirði. Þeir bera ábyrgð á því öllum öðrum fremur. Fyrst og fremst ber að sjálfsögðu ábyrgð á þessu Guðmundur Í. Guðmundsson, hinn skipaði embættismaður til Hafnarfjarðarembættisins um nærfellt áratug, sem sat á ráðherrastóli allan tímann og lét undirmann sinn gæta embættisins fyrir sig. En ásamt með honum verð ég að telja báða hæstv. ráðh., sem talað hafa í þessum umr., samseka Guðmundi um þessa löngu setningu. Ég verð því að segja, að mér finnst þetta mál afgreitt af þeirra hálfu á fullléttúðugan hátt, ef þeir halda sig sleppa frá því með yfirlýsingum eins og þeirri, sem ég var hér að lesa eftir hæstv. utanrrh. Það er staðreynd, sem er ómögulegt að mótmæla, að forusta Alþfl. átti þennan áratug mörg tækifæri til þess að koma þeirri skipan á í Hafnarfjarðarembættinu að skipa Björn Sveinbjörnsson til embættisins, hefði nokkur vilji verið til þess á þeim tíma. Ég vil minna á, að á árinu 1959, þegar Alþfl. sat einn í ríkisstj. og þegar í árslok þess árs var ákveðið að mynda viðreisnarstjórnina svo kölluðu og Guðmundur Í. Guðmundsson sá fram á fjögurra ára framlengdan ráðherradóm, þá hefði hann að sjálfsögðu átt, þótt seint væri, að sjá sóma sinn í því að nota þá það tækifæri sem eitt af síðustu embættisverkum sínum í flokksstjórn Alþfl. og skipa í þetta embætti, bæði vegna Björns Sveinbjörnssonar sjálfs og þeirra skyldna, sem ráðherrann Guðmundur Í. Guðmundsson þáverandi hafði gagnvart honum, og vegna þeirra almennu hagsmuna, sem bundnir voru því, að réttarstaða bæjarfógetans og sýslumannsins í Hafnarfirði væri tryggð betur en sýndi sig að hún var með því fyrirkomulagi málanna, sem þá var og hefur verið til þessa dags.

Ég verð því að segja, að mér finnst hlutur Alþfl. í þessu máli, hvernig sem hann er skoðaður, eða öllu heldur Alþýðuflokksforustunnar, — ég vil draga þar mjög glögg skil á milli, milli hennar og Alþfl.-fólksins, sérstaklega í Hafnarfirði, sem nú hundruðum saman mótmælir embættisveitingunni, — aumur. Og ég held og vil taka undir það, sem hv. þm. Geir Gunnarsson sagði áðan, að það, sem fyrst og fremst knýr hæstv. ráðh. Alþfl. núna svo og blað þeirra til þess að láta í það skína, að þeir hafi verið þessari veitingu mótfallnir, sé einmitt sú andúðaralda, sem vakin hefur verið upp með þessari veitingu í Hafnarfirði, þar sem formaður Alþfl. á heima, en Hafnarfjörður hefur lengi verið, eins og menn vita, aðalvígi Alþýðuflokksins hér á landi.

Ég held, að ég fari svo ekki fleiri orðum um ræðu hæstv. utanrrh., en mig langar til að víkja örfáum orðum að ræðu hæstv. menntmrh., þeirri sem hann hélt hér í gær. Að vísu var ræða sú alltorskilin, bæði mér og öðrum, sem ég hef talað við og spurt um, hvert hæstv. ráðh. hefði verið að fara með þeirri ræðu. En ég skildi hana þannig, að það væri rétt, sem ég hafði haldið fram, að við Háskóla Íslands í viðskiptadeildinni biði opin prófessorsstaða eftir hæstv. viðskmrh., þegar honum kynni að þóknast að standa upp af ráðherrastóli, en sá væri munurinn einn, eftir því sem mér skildist á ráðh., að þetta fyrirkomulag væri haft í fullu samráði við alla flokka þingsins. Mér skildist, að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í menntmn. beggja deilda hefðu samþ. þetta fyrirkomulag. Og svo var líka einn ljós punktur þessu til viðbótar í ræðunni, og hann var sá, að enginn þyrfti að standa upp fyrir honum úr sæti prófessors við háskólann, ef honum kynni að þóknast að fara þangað einhvern góðviðrisdaginn.

Út af þessu vil ég aðeins segja þetta: Við í Framsfl. höfum athugað þá staðhæfingu hæstv. ráðh. um, að þetta væri gert í fullu samráði m. a. við okkur, og ég ætla að lofa þingheimi að heyra niðurstöðuna.

Stofnun prófessorsembættis í viðskiptadeild Háskóla Íslands gerðist með þessum hætti: Fáum dögum fyrir þinglok vorið 1960 flytur ríkisstj. frv. um fjölgun prófessora í læknadeild og verkfræðideild. Frv. þetta var flutt í Nd. og afgr. þaðan án breytinga til Ed. Leitað var umsagnar háskólaráðs um frv., og barst hún til menntmn.

Ed. Umsögn háskólaráðs var efnislega þannig, að það mælti með frv. og fór þess jafnframt á leit, að sú breyting yrði gerð á frv., að fjölgað yrði um einn prófessor í viðskiptadeild. Menntmn. Ed. varð því við tilmælum háskólaráðs og bar fram till. um þetta efni. Eftir að umsögn háskólaráðs barst Alþ., hélt menntmn. Ed. aðeins einn stuttan fund, þar sem þetta frv. var rætt. Í nál., umr. eða fundargerð menntmn. mun það hvergi koma fram, að frá því hafi verið skýrt á Alþ., að samband væri á milli stofnunar hins nýja prófessorsembættis í viðskiptadeild og stöðu menntmrh. við háskólann. Frv. þetta, svo breytt, kom svo aftur til Nd. Þá er málsmeðferðinni kröftuglega mótmælt, m. a. af Eysteini Jónssyni, Þórarni Þórarinssyni og Einari Olgeirssyni, og sérstaklega á það bent, að fráleitt væri að knýja fram þetta mál undir þinglok, þegar þm. hefðu ekki aðstöðu til að kynna sér, hvað raunverulega fælist í þessari lagabreytingu. Þetta tekur af öll tvímæli um það, að hér var ekki um að ræða samningsmál milli þingflokkanna eða mál. sem þeir stóðu allir að. Þvert á móti var þetta mál, sem stjórnarflokkarnir knúðu fram á stuttum tíma undir þinglok vorið 1960.

Þetta eru þær upplýsingar, sem ég get flutt þingheimi eftir þá rannsókn, sem við höfum getað látið framkvæma út af fullyrðingu hæstv. ráðh. í gær um, að prófessorsstaða biði eftir honum í háskólanum, sem hann gæti setzt í, og þetta fyrirkomulag væri með fullu samþykki, að mér skildist, allra flokka. Þetta er sem sagt, því miður, rangt.

Hæstv. forsrh. hélt hér ræðu áðan og var auðsjáanlega mjög mikið niðri fyrir. Hann byrjaði á því að tala um embættisveitingar framsóknarmanna og taldi þær á allan hátt forkastanlegar, og mér skildist, að síðari misgjörðir í þessum efnum mætti rekja til þeirra að einhverju leyti. Jafnframt skoraði hann á framsóknarmenn að nefna þess dæmi, að hann hefði einhvern tíma persónulega misbeitt veitingarvaldi sínu til hags fyrir skyldmenni hans. Nú skal ég játa það, að ég er því miður ekki kunnugur veitingarsögu, hvorki hans né annarra ráðh., langt aftur í tímann. Ég hef ekki lagt mig sérstaklega eftir því að kynnast þessu og get því ekkert sagt um, hvort hæstv. ráðh. hefur gert sig beran að mismunun með því að veita skyldmennum sínum embætti, og ég get vel trúað því, þangað til ég fæ að vita annað örugglega, að hér haldi hæstv. ráðh. fram sannleikanum. En pólitískur ráðh. og pólitískt veitingarvald getur misnotað aðstöðu sína og vald sitt á annan hátt en þann einan að veita skyldmennum viðkomandi ráðh. embætti. Það er líka hægt að misnota vald sitt þannig að byggja upp veldi flokks síns með því að skipa sína menn í lykilstöður þær, sem veitingarvaldið hefur til ráðstöfunar á hverjum tíma. Og í tilefni af þessari áskorun hæstv. forsrh. langar mig til þess að fara í kringum landið og athuga skipun í hin ýmsu bæjarfógeta- og sýslumannsembætti um allt landið, en ég undanskil þó Reykjavík, höfuðborgina.

Ef ég byrja í mínu kjördæmi, sem mér er að sjálfsögðu kærast, og byrja á Suðurnesjum, þá er bæjarfógeti í Keflavík Alfreð Gíslason, fyrrv. alþm. og aðalforustumaður Sjálfstfl. í bæjarstjórninni í Keflavík. Í Hafnarfirði, sem bæjarfógeti í Hafnarfirði og sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur nýlega, eins og öllum hér er kunnugt, verið skipaður Einar Ingimundarson, núverandi alþm. Sjálfstfl. í Norðurl. v. Uppi í Borgarnesi situr Ásgeir Pétursson sýslumaður, sem nú á hér setu á þinginu sem varaþm. Sjálfstfl. úr Vesturlandskjördæmi. Í Stykkishólmi situr nýlega skipaður sýslumaður, Friðjón Þórðarson, varaþm. Sjálfstfl. og frambjóðandi. Í Búðardal situr Yngvi Ólafsson, sem að vísu hefur ekki mikið skipt sér af stjórnmálum, en allir, sem til hans þekkja, og þ. á m. er ég, vita, að hann er ákveðinn Sjálfstæðisflokksmaður og ekki ólíklegt, að hann kunni innan tíðar að verða einn af forustumönnum Sjálfstfl. í Vesturl. En á það hefur ekki reynt enn þá, því að hann er skipaður fyrir aðeins nokkrum mánuðum. Á Patreksfirði situr Ásberg Sigurðsson, einn af frambjóðendum Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi og einn af framámönnum Sjálfstfl. í eina tíð í bæjarmálum á Ísafirði. Á Blönduósi situr Jón Ísberg sýslumaður, frambjóðandi Sjálfstfl. þar í eina tíð og foringi sjálfstæðismanna í A-Hún. Siglufjörður er nýlega laus, og við skulum ekki vera að spá neinu um, hver þangað fer, en með því verður fylgzt. Á Seyðisfirði situr Erlendur Björnsson bæjarfógeti og sýslumaður. Hann er einn af forustumönnum Sjálfstfl. í bæjarstjórninni á Seyðisfirði. Á Eskifirði situr Axel Tulinius sýslumaður. Hann hefur, eftir því sem ég bezt veit, verið einn af frambjóðendum sjálfstæðismanna í S-Múl. og raunar víðar, á undanförnum árum. Í Vík í Mýrdal situr tiltölulega nýskipaður sýslumaður, Einar Oddsson, ákveðinn Sjálfstfl.-maður, en ég þori satt að segja ekki að fullyrða, hvort hann er einn af frambjóðendum flokksins, en hann mun vera formaður í Sjálfstæðisfélagi V-Skaft. Í Vestmannaeyjum er bæjarfógeti Freymóður Þorsteinsson, sem er ákveðinn sjálfstæðismaður.

Á næstunni munu losna fljótlega bæði Akranes og kannske fleiri staðir, og verður nokkuð fróðlegt að fylgjast með því, hverjir þangað kunna að fara. En samkvæmt þessum upplestri mínum er ljóst, að af 22 bæjarfógetum og sýslumönnum í landinu eru 12 þeirra annaðhvort frambjóðendur, alþm. eða forustumenn sjálfstæðismanna í sveitarstjórnarmálefnum eða í flokksmálefnum, sitjandi á þessum stólum. Og það er áberandi, að þetta hefur gerzt á seinustu 10—20 árum. Menn skulu ekki halda, að ekki búi ákveðinn tilgangur að baki þess að raða svona niður í embættismannakerfi landsins mönnum af einum og sama stjórnmálaflokknum, og ég held, að það sé ekkert síður ámælisvert að skipa bæjarfógeta- og sýslumannsstöður með þetta að leiðarljósi en jafnvel þótt veitingarvaldið léti einhvern umsækjanda njóta skyldleika við sjálfan sig. Ég fordæmi hvort tveggja.

Ég get ekki heldur fallizt á þá skoðun, sem kom fram hér áðan hjá hæstv. forsrh., að það væri eðlilegt, að dómarar stæðu í því að vera alþm. og hafa pólitíska forustu. Það er að vísu rétt, að hér í eina tíð og fyrr á árum voru lögfræðingarnir og sýslumennirnir forustumenn á

Alþ. óumdeilanlega og miklu meiri forustumenn en þeir eru í dag. En aldarandinn er nú annar og breytingarnar eru orðnar miklar frá þeim tíma. Á þessum árum var hópur hinna lærðu manna tiltölulega fámennur, og var af þeirri ástæðu kannske ekki óeðlilegt að leita til hans fyrst og fremst um setu á Alþ. Nú hefur þetta breytzt, og lýðræðishugmyndirnar rista miklu dýpra í dag en þær gerðu fyrir nokkrum árum og árhundruðum. Nú er ekkert talið óeðlilegt við það, að hér sitji menn ekki einungis úr hópi hinna lærðu manna, heldur fjöldi annarra manna af öllum stéttum þjóðfélagsins.

Þá sagði hæstv. forsrh., að dómarastörf væru lítill hluti af störfum héraðsdómara utan Reykjavíkur. Þetta var haft uppi sem vörn við þeirri ádeilu hv. þm. Inga R. Helgasonar, að það væri óeðlilegt, að héraðsdómarar, sem ættu að dæma menn, væru samtímis að leita eftir kjörfylgi hjá þeim, ef þeir hefðu afskipti af stjórnmálum. En þó að þetta kunni að vera rétt um sum héraðsdómarastörf, er langt frá því, að þetta eigi við alls staðar. Það á t. d. engan veginn við um það embætti, sem við höfum núna verið að ræða hér í tvo daga. Dómarastörfin í sambandi við Hafnarfjarðarembættið eru mikil, og dómarastörf í sambandi við Akureyrarembættið eru mikil, og dómarastörfin á Siglufirði, Ísafirði og Seyðisfirði eru þó nokkuð mikil, þannig að þetta er breytilegt og á ekki það sama við um öll þessi embætti.

Hæstv. forsrh. sagði, að það hefði ekkert verið hægara fyrir Björn Sveinbjörnsson en að koma til sín og biðja um skipun til embættisins. Það er ákaflega auðvelt að segja þetta í dag, þegar við erum að ræða um, — ja, hvað á að segja, við skulum segja leiðinlegar afleiðingar þess, að misfarið er með veitingarvaldið. En ég veit nú satt að segja ekki, hvort hæstv. ráðh. hefði nokkuð frekar skipað Björn Sveinbjörnsson í Hafnarfjarðarembættið, þótt hann hefði sótt um það á þeim tíma, þegar hann sat sem dómsmrh. í ríkisstj., heldur en sá hæstv. dómsmrh., sem nú situr þar.

Enn fremur sagði hæstv. ráðh., að það kæmi ekki til mála, að setning 1956 geti bundið veitingarvaldið við skipun í embætti 1965. Þetta er dálítið athyglisvert. Þetta er að vísu skoðun, sem ég aðhyllist, en sé það rétt, sem hefur verið haldið fram og ekki mótmælt enn í dag, að hæstv. forsrh. sé höfundur Reykjavíkurbréfa Morgunblaðsins, hefur hann áður haldið fram nokkuð annarri skoðun. Það var, þegar hin margumtöluðu húsakaup ríkissjóðs af Guðmundi Í. Guðmundssyni, sem mikið var rætt um og mikið deilt um, áttu sér stað. Þá minnist ég þess, að í einu Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins var það talið hlálegt að halda því fram, að viðkomandi ráðh., sem stóð að kaupunum, hefði átt að nota vald sitt til þess að ógilda bréf, sem Hermann Jónasson átti að hafa skrifað fyrir 8 eða 9 árum. Ég held, að um þetta séu atvikin ekki mjög ólík og afstaða hæstv. forsrh. til þessara tveggja atvika sé því ekki í góðu samræmi, sé hann höfundur Reykjavíkurbréfsins.

Þá vil ég að síðustu varðandi það, sem hæstv. forsrh. sagði, þar sem hann var að bera saman setningartíma ýmissa framsóknarmanna annars vegar og annarra, aðeins segja þetta: Hann fékk út, að maður fyrir Hermann Jónasson hefði verið settur í 12 ár, ef ég náði þessu rétt niður. Þetta fékk hann m. a. með því að leggja saman þau árin, sem Hermann Jónasson hafði verið lögfræðilegur ráðunautur Búnaðarbankans, sem er lítils háttar aukastarf og hann hafði ekki gegnt, meðan hann var ráðh. En það er ósambærilegt við starf eins og það, sem Guðmundur Í. Guðmundsson lét gæta fyrir sig í 10 ár suður í Hafnarfirði. Allir hljóta að sjá, að slíkur samanburður getur ekki verið sanngjarn og það þarf langt að seilast til raka til þess að nota hann.

Þá vil ég gera dálitinn mismun á því, þegar borið er saman annars vegar, að einkafyrirtæki eða fyrirtæki félaga, svo sem eins og Sambandið, hafi þolað það, að Jónas Jónsson hefði frí frá störfum við Sambandið um einhvern tíma, eða Steingrímur Steinþórsson frá Búnaðarfélagi Íslands, — ég geri dálitinn mun á því, hvort atvinnuveitandinn í þessu tilfelli er einkaaðili eða félag eða ríkisvaldið, eins og var um tilfelli Guðmundar Í. Guðmundssonar.

Ég sé, að það er ekki meiningin að fresta fundi, þótt sé komið fram á lögmætan matartíma, og skal ég ekkert undan því kvarta. Ég á eftir að fara hér nokkrum orðum um þann ráðh., sem kannske hefði verið eðlilegast að ég hefði byrjað á að tala um, því að formlega a. m. k. ætti sú gagnrýni, sem ég hef hér verið að tala fyrir og aðrir þm., sem gagnrýnt hafa embættisveitinguna í Hafnarfirði, að beinast að honum fyrst og fremst, en það er dómsmrh., Jóhann Hafstein. (Gripið fram í.) Nú, er hann ekki við? Ég vildi gjarnan óska eftir því, að hann yrði viðstaddur. (**Forsrh.**: Við skulum koma því til skila.) Er það ekki ráðherraskylda að vera við? (**Forseti**: Ráðh. það um leyfi forseta, þegar hann gekk af fundi, og það leyfi var veitt.) Er þá ekki hægt að fresta fundi? (**Forseti**: Ef það eru eindregnar óskir um það, en það er enginn á mælendaskrá.) Ég óska eftir því. (Gripið fram í.) Ef enginn er á mælendaskrá nema ég, þá á ég ekki eftir nema svona 10—15 mín., og ef það væri hægt að taka það seinna, þá þarf það ekki að tefja þingstörf frá stjfrv. (Samtal á fundinum. — **Forseti**: Ef þess er eindregið óskað, að þessari umr. verði frestað, mun ég verða við þeirri ósk, en ég tek það fram, að þetta mál verður að lúta venjulegum lögmálum um það, hvernig aðalforseti setur mál á dagskrá, og það er ekki hægt að lofa neinu í þeim efnum. En það hefur komið fram fullur vilji um að veita nægan tíma, og það er ekki aðstaða til þess að halda kvöldfund.) Ég er að biðja þá að fresta, og mér skilst, að hæstv. forsrh. sé því samþykkur, og ég vona, að hæstv. menntmrh. sé því ekki ósamþykkur. (**Forseti**: Ég mun þá verða við ósk ræðumanns um það, að hann fái að fresta ræðu sinni og umr. verði frestað, og er þá málið tekið út af dagskrá.) — [Frh.]

Umr. frestað.

Á 22. fundi í Nd., 25. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Jón Skaftason) [frh.]: Herra forseti. Ég vil til viðbótar þeim ummælum mínum, sem ég viðhafði hér í fyrrakvöld í lok umr. um þetta mál þann dag, þar sem ég vék nokkrum orðum að þeirri staðhæfingu hæstv. forsrh., Bjarna Benediktssonar, að Hermann Jónasson væri sá íslenzkur ráðh., sem hefði látið annan mann sitja lengst í stöðu fyrir sig, bæta því við, sem mér var ekki kunnugt um þá, af því að ég þekkti ekki sögu málsins svo vel, að ég treysti mér með hana að fara. En á þeim tíma, sem gefizt hefur, frá því að þeim umr. lauk, hef ég aflað mér upplýsinga um þessi atriði, sem sýna það, að staðhæfing sú, sem forsrh. viðhafði í umr. í fyrradag, er röng. Hæstv. forsrh., Bjarni Benediktsson, sagði, að Hermann Jónasson hefði geymt sér embætti í 12 ár. Sannleikur málsins er þessi: Þegar Hermann Jónasson varð forsrh. 1934, var hann lögreglustjóri í Reykjavík. Var þá Gústaf A. Jónasson settur lögreglustjóri frá 30. júlí 1934 til 1. sept. 1936, að hann var skipaður skrifstofustjóri í dómsmrn. Þá var Jónatan Hallvarðsson settur frá 1. sept. 1936 til áramóta 1939. En þá var lögreglustjóraembættinu skipt í tvö embætti: lögreglustjóraembættið og sakadómaraembættið. Var þá Jónatan Hallvarðsson, sem lengst hafði verið settur lögreglustjóri, skipaður sakadómari, og Agnar Kofoed-Hansen skipaður lögreglustjóri. Þegar Hermann Jónasson fór frá 1942, hafði hann ekki að neinu embætti að hverfa. Gerðist hann þá málfærslumaður og jafnframt lögfræðingur Búnaðarbankans. Þegar hann varð ráðh. að nýju, í annað skiptið um 3 ár og hitt skiptið um tæp 2½ ár, var lögfræðingur ráðinn til að gegna starfi Hermanns, meðan hann gegndi ráðherrastörfum, og er sá maður nú annar af tveim lögfræðingum bankans. Árin 12 fær hæstv. forsrh. út með því að leggja saman, að vísu skakkt, árafjölda þriggja tímabila, sem ýmsir menn hafa verið ráðnir í stöðu eða störf Hermanns Jónassonar, meðan hann var ráðh. í þrjú skipti.

Þó að ég telji, að umr. um mál þetta gefi ekki mikið tilefni til umr. um fortíðina, tel ég þó rétt vegna þessa gefna tilefnis hæstv. forsrh. að upplýsa þessar staðreyndir málsins. Þær sýna í fyrsta lagi, að hæstv. ráðh. fer með rangt mál, þegar hann staðhæfir, að Hermann Jónasson hafi látið aðra menn sitja fyrir sig í embættum í 12 ár. Þetta eru milli 10 og 11 ár. Í öðru lagi er það ljóst, að a. m. k. tveir af þremur, sem sátu í störfum þessum, meðan Hermann Jónasson gegndi ráðherrastörfum, voru, eftir að hann sleppti þeim, skipaðir í þessar stöður, sem er í algerri mótsögn við það, sem gerðist í Hafnarfirði. Þar var settur embættismaður, sem gegnt hafði embættinu í heilan áratug, rekinn í burtu, um leið og hinum nýja manni var veitt embættið, og á því er líka mikill munur.

Ég var þar kominn ræðu minni s. l. þriðjudag, að mig langaði til að víkja örfáum orðum að nokkrum atriðum, sem komu fram í ræðu hæstv dómsmrh. á Alþ. 22. nóv. s. l., þó að ég telji, að yfirleitt hafi ekki mikið nýtt komið fram í þeirri ræðu umfram það, sem hæstv. ráðh. hafði tjáð sig um í Morgunblaðsviðtali 12. nóv. s. l. Þó eru í þeirri ræðu nokkur ný atriði, sem ég tel ástæðu til að fara nokkrum orðum um. Ég vil þó, áður en ég kem að þessum atriðum, benda hv. þingheimi sérstaklega á, að þeir hæstv. ráðh. Sjálfstfl., sem hér hafa talað, hafa reynt að leggja málið fyrir til umr. í þinginu á þeim grundvelli, að umr. snerust ekki um það, sem þær raunverulega þurfa að snúast um. Við, sem höfum gagnrýnt Hafnarfjarðarveitinguna sérstaklega, höfum fyrst og fremst beint gagnrýni okkar að því vali, sem ráðh. gerði á þeim 3 umsækjendum, sem sóttu um embættið. Við höfum spurt hæstv. ráðh. um rökstuðninginn fyrir því, að hann taldi hv. 4. þm. Norðurl. v. þann hæfasta. Það hefur mjög fátt komið fram um rökstuðning á því vali. Og ég vil enn þá nota tækifærið til að auglýsa eftir því, að hæstv. ráðh., — því að ég geri ráð fyrir, að hann muni tala hér á eftir, — haldi sig við efnið og rökstyðji sérstaklega, hvað það var, sem gerði hv. 4. þm. Norðurl. v. sjálfsagðari umfram aðra umsækjendur til þess að fá embættið. Það er aðalatriði málsins.

Í ræðu sinni í fyrradag sagði hæstv. dómsmrh. m. a. þetta:

„Ég hef m. ö. o. ekki sagt, að setning veiti að sínu leyti ekki rétt, þegar meta á, hvort veita skuli einum eða öðrum embættið. En ég álít, að hún veiti ekki neinn fortakslausan rétt og það sé ekki einsætt, að þeim, sem hefur verið settur einhvern tíma, tilheyri þar með embættið, og það má segja, að hér séum við í raun og veru að fjalla um þungamiðju málsins.“

Þetta er álit hæstv. ráðh. Þetta er það, sem hann telur þungamiðju málsins. Vil ég því fara örfáum orðum um þessa veitingu á grundvelli þessara skoðana hæstv. ráðh.

Ég vil þá í fyrsta lagi taka fram. sem ég hélt að ég hefði a. m. k. fyrir mína parta sagt í þessum umr. skýrt og ótvírætt, að ég hef aldrei haldið því fram, að setning í embætti skapi ótvíræðan rétt til þess. Ég hef ekki heldur heyrt aðra þá, sem í umr. þessum hafa tekið þátt, eða séð þá, sem hafa skrifað um þetta, halda slíku fram. Hins vegar hef ég haldið því fram og margir aðrir fleiri, að setningartími, sem er það langur og ósundurslitinn, að hann varir í allt að áratug, hafi áhrif til þess að skapa rétt. Og ég held, að sá réttur, sem þessi langi tími skapar, hljóti eftir öllum venjulegum, almennum lagareglum að vera ein af ákvörðunarástæðum fyrir veitingu, hefði átt að verka til þess að gefa þeim, sem hafði þessa löngu setningu í embættið, verulegt forskot umfram a. m. k. þann manninn, sem veitinguna fékk. En að öðru leyti vildi ég víkja örfáum orðum að þeim öðrum ástæðum, sem talið er að ráða eigi ákvörðun veitingarvaldsins við skipun í embætti, og gera örlitinn samanburð á því, hvernig þær horfa við í hinum einstöku tilfellum, að því er tekur til umsóknanna þriggja.

Ef við lítum fyrst á starfsaldurinn, er ljóst, að Jóhann Gunnar Ólafsson sker sig þar algerlega úr. Hann hefur langtum lengri embættisaldur en nokkur hinna umsækjendanna. Um þá Björn Sveinbjörnsson og Einar Ingimundarson er það hins vegar að segja, að ef litið er á starfsaldur þeirra, held ég, að flestir, sem kryfja það mál til mergjar, hljóti að komast að þeirri niðurstöðu,

að starfsaldur þeirra við bæjarfógeta- eða sýslumannsembætti sé mjög svipaður. Ég segi svipaður, því að það er vitað, að hv. 4. þm. Norðurl. v., Einar Ingimundarson, hefur orðið, síðan hann var kosinn á Alþingi, að dvelja langdvölum frá embætti sínu á hverju einasta ári vegna þingsetu hér syðra og látið þá annan mann gegna embættinu, þannig að ég tel, að um embættisaldur séu Björn og Einar með svipaðan tíma.

Önnur ákvörðunarástæðan, sem hæstv. ráðh. segist hafa tekið tillit til, er aldur umsækjendanna. Hæstv. ráðh. hefur upplýst það, að hann hafi ekki viljað veita Jóhanni Gunnari Ólafssyni embættið í Hafnarfirði vegna þess, að hann hafi talið hann helzt til fullorðinn, eins og hann orðar það. Um Björn og Einar gegnir hins vegar mjög svipuðu máli, að því er tekur til aldursins. Þeir munu vera á líkum aldri. Og gæti þetta, ef réttum reglum hefði verið fylgt um veitinguna, ekki skorið úr um það út af fyrir sig, hvor embættið hefði átt að fá.

Í þriðja lagi er það viðurkennt við allar meiri háttar embættisveitingar til bæjarfógeta- og sýslumannsembætta, að staðarþekking sé verulegt atriði um ákvörðun veitingarvaldsins fyrir veitingu embættisins, og það því fremur ef er um mjög stórt og fjölmennt embætti að ræða. Um þetta á ekki að þurfa að ræða í löngu máli, því að öllum er það kunnugt, að Björn Sveinbjörnsson hefur langmesta staðarþekkingu til embættisins og þekkingu á fólkinu, kunnugleika við fólkið, sem í lögsagnarumdæmi hans býr. Og Jóhann Gunnar Ólafsson hefur vegna um 4 ára starfs í þessu embætti einnig meiri staðarþekkingu en Einar Ingimundarson. Um þetta atriði er því alveg ljóst, að sá, sem fær veitinguna, er sízt um staðarþekkingu af öllum umsækjendunum.

Ef litið er til siðferðilega réttarins, sem hefur mikið verið deilt um, en mér skilst þó að allir viðurkenni og þ. á m. hæstv. dómsmrh., að rétt hafi verið að líta til hans í þessu tilfelli að vissu marki, held ég, að flestum alþm. hljóti að bera saman um, að sá langi setningartími, sem Björn er búinn að inna af hendi í þjónustu við þetta embætti, hafi óumdeilanlega gefið honum siðferðilegan rétt, sterkan siðferðilegan rétt umfram aðra umsækjendur, og að sízta rétt í þessu tilliti hafi a. m. k. sá maðurinn átt, sem veitinguna fékk.

Ein ákvörðunarástæða veitingarvaldsins ætti að sjálfsögðu að vera hagsmunir hins opinbera. Ég held, að hið opinbera hafi hagsmuni bundna við að viðhalda ástandi, sem búið er að vara í heilan áratug og hefur gefizt vel. Það hefur hvergi komið fram, að fundið hafi verið að embættisfærslu Björns Sveinbjörnssonar þau 10 ár, sem hann var settur bæjarfógeti, eða þau rúm 20 ár, sem hann starfaði við embættið. Ég held því, að þegar loksins var ákveðið að skipa í þetta embætti, hafi verið eðlilegt af þeim, sem með veitingarvaldið fór, að taka tillit til þessa atriðis og rjúfa ekki það ástand, sem hafði gefizt vel í langan tíma og hentaði tvímælalaust að héldist áfram, skoðað út frá hagsmunum ríkisvaldsins.

Ég hef nú í örfáum orðum vikið að þeim helztu ákvörðunarástæðum, sem eiga að liggja til grundvallar, þegar embætti er ráðstafað af veitingarvaldinu. Ég þykist í öllum þessum fimm atriðum hafa sýnt fram á, að einmitt sá maðurinn, Einar Ingimundarson, sem ég þekki að góðu einu og mér þykir leitt að þurfa að draga svo mjög inn í þessar umr., sem er þó alveg óhjákvæmilegt og ekki okkur að kenna, sem stöndum í því að deila á þessa skipun, — ég þykist hafa sýnt fram á, að í öllum þessum 5 atriðum hafi honum borið sízt réttur af þremur umsækjendum til þess að fá embættið. Og það getur hver sem er láð mér og öðrum það, að við áteljum slíka veitingu.

En nú kynnu hv. alþm. að spyrja: En hvað var það þá, sem réð endanlega ákvörðun ráðh.? Um það hefur verið spurt ítrekað af mörgum mönnum, en ákaflega óljós svör fengizt. Þó kom fram í ræðu hæstv. ráðh. hér á þriðjudaginn var atriði, sem ég tel ákaflega mikilsvert og til upplýsingar um það, hvernig þessi veiting var ákveðin, en í umr. á þriðjudaginn sagði hæstv. ráðh. m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Og mér dettur ekki heldur í hug að halda, að það hafi engin áhrif haft á veitinguna hjá mér kynni mín af Einari Ingimundarsyni og það, hvernig ég hef vitað hann rækja sitt embætti, og það, hvernig ég hef vitað hann rækja sína þingmennsku. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að það hafi ekki haft sín áhrif, enda tel ég réttmætt, að slíkt hafi áhrif. Ef maður er sjálfur sannfærður um mannkosti manns, á maður ekki að láta hann gjalda þess, þó að hann sé í sama flokki og maður sjálfur."

Ja, enginn hefur nú farið fram á það, að nokkur flokksmaður hæstv. ráðh. gyldi þess í sambandi við mat hans á umsækjendum til þessarar stöðu. Hins vegar hefur verið talað um, að eðlilegt væri, að menn nytu jafnréttis, þó að þeir væru ekki í sama stjórnmálaflokki og sá, sem með veitingarvaldið fer.

En af þessum upplestri úr ræðu hæstv. ráðh. er ljóst, að hæstv. ráðh. segir berum orðum, að það hafi verið kunningsskapur hans við umsækjandann Einar Ingimundarson, hv. 4. þm. Norðurl. v., sem endanlega réð ákvörðun hans. Ef menn telja, að kunningsskaparástæða eigi að ráða um val manna í embætti, þá má segja, að það sé ekki alveg nýtt. En ég held, — og vitna ég þar til þeirra ummæla, sem hv. þm. Ingi R. Helgason viðhafði hér í umr. á þriðjudaginn, er hann las upp úr riti prófessors Ólafs Jóhannessonar um ógildingarástæður stjórnvaldsráðstafana, og taldi þar m. a., að kunningsskapur gæti valdið ógildingu stjórnvaldsráðstöfunar, — að ljóst sé, að með þessari játningu hæstv. ráðh. um, að það hafi verið kunningsskapur hans við Einar Ingimundarson, sem réð skipun hans í embættið, þá tel ég að jaðri við, að skv. lögum geti skipun þessi talizt ógild. Ég vil ekki fullyrða neitt um það, en ég vil halda því fram, að hún geti a. m. k. orkað tvímælis um, hvort hún hafi gildi að lögum. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. mótmæli því, ef ég hef skilið þessi orð hans rangt. (Gripið fram í.)

Ég vil þá að endingu víkja örfáum orðum að nokkrum atriðum, sem komið hafa fram hjá

hæstv. ráðh. sem varnarástæður fyrir þessari veitingu, auk þeirra, sem ég hef áður vikið að.

Hæstv. ráðh. hefur haldið því fram, að ekki megi ganga fram hjá rétti hinna mörgu, sem lögum samkv. eigi rétt til að sækja um embættið og láta meta hæfileika sína og aðstöðu til móts við þann, sem settur er. Og hann hefur enn fremur sagt, að réttur hinna mörgu sé ekki minni en réttur hins eina.

Út af fyrir sig má þetta vel vera. Og ég skil ekki, hvernig hæstv. ráðh. vill koma þessum hugleiðingum að um það gefna tilefni, sem við erum hér að ræða, þ. e. a. s. veitinguna í Hafnarfirði. Ég sagði hér áðan og endurtek, að það er ekki nokkur maður, sem hefur mótmælt því, að eðlilegt hafi verið að auglýsa stöðuna til umsóknar, eins og gert var, og fá þannig fram umsóknir frá þeim mönnum, sem hefðu hug á að sækja um stöðuna. Þessu hefur enginn mótmælt. Það var eðlilegt að auglýsa stöðuna lausa og fá fram umsóknir, þannig að öllum gafst tækifæri, sem uppfylltu lögmæt skilyrði, til að fá veitingu fyrir embættinu. En það, sem við erum að mótmæla og vefengja, er sjálft valið milli hinna þriggja umsækjenda. Og ég vil enn á ný auglýsa eftir þeim rökum öðrum, umfram kunningsskapinn, sem réðu því, að embættið var veitt þessum hv. þm.

Þá hefur hæstv. ráðh. viljað láta í það skína, að hann hafi ekki vikið Birni Sveinbjörnssyni úr embætti með veitingunni á því. Að vísu má segja, að formlega hefur hann ekki vikið Birni Sveinbjörnssyni úr embætti. Það er rétt. En ég geri ekki ráð fyrir því, að hæstv. ráðh. vilji halda því fram, að það sé mögulegt fyrir Björn Sveinbjörnsson að sitja áfram í Hafnarfjarðarembættinu, sem hann hefur gegnt í 10 ár og unnið við í 20 ár, sem fulltrúi skipaðs bæjarfógeta og sýslumanns, manns, sem ekki hefur komið nálægt embættinu áður. Ég held, að hæstv. ráðh. skilji þau mannlegu rök, sem leiða til slíkrar niðurstöðu. Og ég held, að hæstv. ráðh. viti það vel, að þrátt fyrir að hann hafi boðið Birni Sveinbjörnssyni borgarfógetastarf í Reykjavík, var þar ekki um neitt sambærilegt starf að ræða og hann gegndi suður í Hafnarfirði, og gat þegar af þeirri ástæðu varla komið til álita, að hann tæki því. Ekki tel ég það heldur veigamiklar sárabætur fyrir Björn Sveinbjörnsson, þó að hæstv. ráðh. lýsi því nú yfir, að hann geti sótt um þau embætti, sem kunni að verða laus og auglýst laus til umsóknar. Að sjálfsögðu á hann þann rétt, og út af fyrir sig eru þetta engar fréttir né bætur fyrir þá brottvikningu í reynd, sem hæstv. dómsmrh. framkvæmdi með veitingu embættisins.

Ég vil svo að endingu aðeins draga fram þau meginatriði, sem mér sýnast vera í þessu máli. Í hugum allflestra og ég vil segja langflestra, sem um þetta mál hafa hugsað, er það aðallega tvennt, sem ber hæst. Í fyrsta lagi, að mönnum finnst almennt, hvar í flokki sem þeir standa, að með því að ganga fram hjá Birni Sveinbjörnssyni og Jóhanni Gunnari Ólafssyni við veitinguna á Hafnarfjarðarembættinu sé óumdeilanlega brotinn réttur á ágætum starfsmönnum, það sé tekinn umfram þá maður, sem eftir öllum eðlilegum reglum hefði átt að koma síður til greina til þess að fá veitingu fyrir embættinu. Menn eru svo almennt sammála um þetta, hvar sem þeir annars kunna að standa í flokki, að enn þá hefur mér vitanlega, fyrir utan ráðherrana tvo, hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh., og tvo aðra nafnkennda sjálfstæðismenn, enginn orðið til þess að verja veitinguna út af fyrir sig.

Hitt atriðið, sem fólki finnst óréttlátt, er, að Birni Sveinbjörnssyni skuli vikið úr starfi. Ég nota þau orð: „vikið úr starfi“, af því að í reyndinni er það það, sem gerist.

Ég þekki hæstv. dómsmrh. ekki að öðru en því bezta, og eftir því sem ég bezt veit, er þessi margumtalaða Hafnarfjarðarveiting eina undantekningin frá því. Ég hlýt því að álíta, að veiting hans á þessu embætti flokkist undir gáleysisverknað ellegar að einhverjir honum verri menn hafi ráðið þar miklu um. Nú, þegar hæstv. dómsmrh. veit, að almenningur fordæmir almennt þessa veitingu og telur hana merki um misbeitingu ráðherravalds, og nú, þegar hæstv. ráðh. stendur frammi fyrir því, að upplýst er í umr. á Alþ., að það er meiri hl. á Alþ. fyrir veitingu embættisins til annars manns, vil ég skora á hæstv. dómsmrh. að taka þessa veitingu alla til endurskoðunar. Ég trúi vart öðru, ef af slíkri endurskoðun verður, en hæstv. dómsmrh. geti með fullu samþykki þess embættismanns, sem veitingu hefur fengið fyrir embættinu, afturkallað hana og tekið umsóknirnar til yfirvegunar og endurskoðunar á ný.

Þess vegna vil ég láta það verða mín síðustu orð hér og endurtek, að það er upplýst, að þrír þingflokkanna eru andvígir þessari veitingu og telja, að öðrum manni hefði átt að veita embættið, ef rétt sjónarmið hefðu ráðið. Af því tilefni vil ég spyrja hæstv. dómsmrh.: Ætlar hann að taka nokkurt tillit til þessa yfirlýsta vilja þingmeirihl. eða ætlar hann að virða vilja þingmeirihl. að vettugi? Ég óska þess alveg sérstaklega, að hæstv. ráðh. svari þessum spurningum skýrt og afdráttarlaust.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. að neinu ráði og ekki að endurtaka það, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, enda stendur það allt óhaggað þrátt fyrir það, sem síðar hefur komið fram í umr.

Hæstv. forsrh. ræddi mjög óverulega þá embættisveittingu, sem hér hefur orðið að aðaldeilumáli og er samkv. grg. þess frv., sem hér er til umr., tilefni þess, að það er komið fram. Þess í stað varði hann nálega öllum ræðutíma sínum til þess að rifja upp eldri embættisveitingar annarra dómsmrh. Þar með hefur hann tekið upp þá vörn, sem Morgunblaðið hóf með skrifum sínum um bæjarfógetafulltrúa Jón Finnsson og föður hans og mæltist þannig fyrir, að Morgunblaðið sá að sér og hætti. Við þessu er náttúrlega ekkert að segja.

Þrátt fyrir þann langa lista, sem hæstv. ráðh. hafa birt hér í þessum umr. um embættisveitingar annarra dómsmrh. fyrr á tímum, hafa þeir þó ekki getað bent á hliðstæð tilvik við það, sem gerðist í sambandi við stöðuveitinguna í Hafnar-

firði. Það stendur því enn í fullu gildi, sem ég sagði um daginn, að embættisveitingin er einsdæmi. Ég vitnaði um daginn til ummæla Alþýðublaðsins um þetta og skal gera það aftur nú, ef vera mætti, að hæstv. ráðh. skildu betur það, sem þar stendur, heldur en hitt, sem við framsóknarmenn höfum að segja, en í Alþýðublaðinu þann 12. þ. m. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Jón Finnsson sagði, að embættisveitingin væri einsdæmi. Þau ummæli standa óhögguð, þar til Morgunblaðið nefnir annað dæmi þess, að manni hafi verið vikið úr starfi, sem hann hefur gegnt í hálft tíunda ár, eins og Birni Sveinbjörnssyni hefur nú verið vikið frá í Hafnarfirði. Þetta er kjarni málsins, sem alþýða manna sér og skilur."

Þarna hefur Alþýðublaðið hitt naglann á höfuðið. Fram hjá þessari staðreynd komast hæstv. ráðh. ekki, hvernig sem þeir brjótast um.

Ég mun ekki tala oftar í þessu máli og ætla að segja þetta að lokum: Íslenzk alþýða hefur löngum haft skemmtun af hressilegum og sjálfumglöðum persónum, þeim sem þekktar eru úr bókmenntum þjóðarinnar. Þannig hafa hin frægu orð Jóns sterka í Skuggasveini: „Sáuð þið, hvernig ég tók hann, piltar" — lað að margt brosið fram og frásögnin af Bjarna sterka í Manni og konu lifir enn í vitund fólksins. Það er því vel, að Morgunblaðið vill gera sitt til þess að viðhalda þessari þjóðlegu iðrótt. Ég hygg, að framlag þess til slíkra bókmennta eigi tvímælalaust heima meðal þess, sem bezt hefur tekizt í þessari bókmenntagrein, og til þess að sýna það ætla ég að láta nægja að minna á nýjustu leiðaraskrif blaðsins. Þau byrjuðu í gær. Í gær segir í einum leiðaranum, með leyfi forseta:

„Þetta haust hefur verið með eindæmum milt. Það er fyrst eftir miðjan nóvember, sem fyrstu snjóar falla um land allt. Hinn hvíti hjúpur hylur nú Ísland frá fjalli til fjöru. En fyrir austan og sunnan heldur síldin áfram að veiðast. Verður ekki annað sagt en mikil árgæzka ríki í atvinnumálum landsins, þótt einstaka atvinnugreinar eigi við erfiðleika að etja. Útflutningsframleiðsla Íslendinga mun á þessu ári verða meiri en nokkru sinni fyrr. Gjaldeyrisstaða þjóðarinnar er góð, og Íslendingar eiga nú stærri gjaldeyrisvarasjóði en nokkru sinni fyrr. Allt er þetta ávöxtur hyggilegrar stjórnarstefnu."

Þetta var fyrri tilvitnunin í þessa sögu. Þá síðari ætla ég að leyfa mér að taka úr leiðara Morgunblaðsins í dag. Hún er stutt. Hún er svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar forsrh. hafði lokið ræðu sinni á Alþ. í fyrradag, var umr. um málið raunverulega lokið með algerum sigri stjórnarinnar. Það, sem stjórnarandstæðingar höfðu fram að færa eftir það, voru máttlaus stóryrði og sífelldar endurtekningar þess, sem þeir áður höfðu sagt."

Ég vil eindregið leyfa mér að hvetja þann, sem þetta hefur skrifað, til þess að leggja rækt við þessa hæfileika sína. Með sama áframhaldi ætti honum á skömmum tíma að takast að skapa enn þá eina af þessum ógleymanlegu persónum á borð við þá Jón sterka og Bjarna.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég óska síðasta ræðumanni til hamingju. Hann stendur sig bara vel. Puntudrengirnir geta ósköp vel skrifað heimastílana, ef þeir hafa nógu langan tíma til þess, það er alveg ljóst. Hitt er greinilegt, að það er satt, að það eru ekkert nema endurtekningar aftur og aftur, sem þessir hv. ræðumenn segja, og skiptir þá ekki ýkjamiklu máli, þó að rekist mjög hvert á annars horn. Látum það eiga sig, þeir um það, blessaðir piltarnir.

Það var gaman að heyra hv. flm., 4. þm. Reykn., hneykslast á því, að það aðalatriði væri rangt hjá mér, að ég hefði rangtalið, hversu lengi hæstv. fyrrv. forsrh., Hermann Jónasson, hefði haft menn í stöðum fyrir sig. Hann sagði, að það væri komið í ljós, að það væru ekki nema 10—11 ár. Eftir því sem þeir hafa talað hér, hann og hans félagar, væri það ærið langur tími út af fyrir sig. Ég held hins vegar, að þetta nálgist meir 11½ ár, og getur hann reiknað það betur, ef hann vill. En um tölunákvæmnina hjá honum er það að segja, að hann hefur talað um það æ ofan í æ hér í þinginu, að Björn Sveinbjörnsson hafi gegnt sínu starfi í 10 ár. Ég held, að það séu nú ekki nema 9¼ úr ári eða eitthvað þess háttar, ef nákvæmlega er talið. Þetta skiptir út af fyrir sig sáralitlu máli, en það er betra fyrir þann, sem er í glerhúsi, að kasta varlega steinum. Hv. þm. stytti raunar þennan tíma, sem hann sagði að Björn Sveinbjörnsson hefði verið í góðri trú í stöðunni um, að hann mundi verða skipaður, töluvert í ræðu sinni hér í fyrradag, því að þá sagði hann: Það var í raun og veru engin von til þess, að Björn Sveinbjörnsson færi að tala um embættisveitinguna við Bjarna Benediktsson, vegna þess að hann hefði sjálfsagt ekki fengið stöðuna, eftir að Bjarni var orðinn dómsmrh. — Nú eru þetta hugsanir Jóns Skaftasonar, en ekki Björns Sveinbjörnssonar. En hafi Björn Sveinbjörnsson hugsað þannig, voru ekki liðin nema eitthvað 3 ár, frá því að hann tók við stöðunni, þangað til sá vondi maður, Bjarni Benediktsson, sem svipti hann allri von, var tekinn við embætti dómsmrh. En svona fer, þegar röksemdir eru bornar fram í misjafnlega góðri trú og reynt er að klóra í bakkann í staðinn fyrir að taka málin eins og þau eru í raun og veru.

Nú held ég raunar, ef við lítum á þetta alveg eins og það er, að Björn Sveinbjörnsson hafi ekki verið settur í embættið fyrr en eitthvað 20. okt. 1956, svo að það séu ekki nema í raun og veru rétt 9 ár, sem hann var þarna formlega settur, áður en embættinu var ráðstafað, vegna þess að fyrst kom hann inn í embættið óformlega sem hreinn staðgengill þáv. hæstv. utanrrh., settur og með fullkominni óvissu um það, að hann gæti haldið embættinu, því að eftir þeim reglum, sem hér hefur mjög verið talað um, gat sá góði maður ekki búizt við að fá fram haldið starfinu, vegna þess að það var annar eldri fulltrúi og miklu reyndari við embættið, Kristinn Ólafsson, sem eftir þeim reglum, sem hér hafa verið svo mjög túlkaðar, hefði átt að ganga fyrir.

Svo þegar hv. þm. tala um, hvaða úrræði eigi við að hafa, tala sumir þeirra um, að það sé hægt að hnekkja þessari ráðstöfun með dómi, og þeir lesa upp eftir lærðum lögfræðingi tilvitnun, sem á að sanna, að það sé hægt að hnekkja þessu

með dómi, og hv. 4. þm. Reykn. herti á því áðan með því að segja, að dómsmrh. hefði játað, að það væri kunningsskapur, sem hefði valdið embættisveitingunni. Nú sannaði hv. þm. sjálfur í þeirri tilvitnun, sem hann las upp, að þessi skýring á orðum hæstv. dómsmrh. er alger fölsun. Hæstv. dómsmrh. talaði alls ekki um kunningsskap, heldur kynni sín af manninum. Ég hef kynni af hv. 4. þm. Reykn. hér á þingi. Ég vil frábiðja mig, að ég sé í nokkrum kunningsskap við hann. Þetta hefur gerólíka merkingu. Auðvitað er það ætíð forsenda veitingar, að sá, sem veitingarvaldið hefur, verður að kynna sér umsækjendur. Hann verður að afla sér kynna af þeim, annaðhvort með eigin raun eða af annarra sögn. Svo er verið að leggja út af þessu. Það er lagt út af þessu í ræðu eftir ræðu á Alþ. Það er talað um þetta í Tímanum sem eitthvert stórkostlegt hneyksli, að ráðh. hafi játað kunningsskap sinn, svo að þetta á að verða til þess, að það sé hægt að ógilda ráðstöfunina með dómi. En ég bið hv. þm. þá um: Láti þeir verða úr því að höfða mál til þess að fá ráðstöfuninni hnekkt. (JSk: Er það hægt?) Ja, ef þeir trúa sjálfir á það, sem þeir eru að segja. Af hverju er hv. þm. að lesa upp, af hverju er hann að vitna í Árna Gunnlaugsson, sem hélt þessu fram í einu af sínum skrifum? Nú spyr hann: Er þetta hægt? (Gripið fram í.) Svari þm. sér sjálfur og sinni vitleysu. En ég segi: það verður að vera eitthvert samræmi í því, sem þessir menn halda fram. Annaðhvort treysta þeir sér til þess að fara í mál eða þeir treysta sér ekki til þess. Og ef þeir trúa sjálfir á málshöfðun í þessu efni, ættu þeir þó að geta fengið þann, sem þeir telja að hafi orðið fyrir ranglæti, til þess að reyna málshöfðun og fá ráðstöfuninni hnekkt. Nei, en svo kemur hv. 11. þm. Reykv. og sagði hér um daginn: Sá einn, sem getur hnekkt þessu, er ríkisstj. Ríkisstj. á að hnekkja því. Getur ríkisstj. sett löglega skipaðan embættismann frá? Ég spyr hv. þm. Hvað hefur Einar Ingimundarson brotið af sér í starfi, til þess að það væri hægt að víkja honum frá? Svari hann.

Nei, nú er þagað þunnu hljóði. En hvort það fæst ein nótt til til þess að semja nýjan stíl, einhverjir hjálpi honum til þess að skrapa eitthvað saman, það skal ég ekki segja. En það verður aum lesning, þegar við heyrum hana.

Svo er fróðlegt að heyra, hvað Framsfl. hefur áður sagt í slíkum tilfellum. Það er ekkert nýtt, að því sé haldið fram, að embættisveitingar séu gagnrýnanlegar. Ég varð fyrir því á sínum tíma, þegar ég var menntmrh., að hv. þm. Gils Guðmundsson bar fram á mig vantraust til þess að setja Framsókn í vanda, vegna þess að Tíminn hafði þá að undanförnu látlaust árum saman haldið uppi á mig mjög harðri gagnrýni fyrir embættisveitingar sem menntmrh. Þá sagði Steingrímur Steinþórsson, sem var síðasti ræðumaður af hálfu Framsóknar við vantraustsumr., með leyfi hæstv. forseta, m. a. þetta:

„En hitt er svo aftur á móti allt annað mál og er óskylt þessu, að þegar fleiri flokkar mynda stjórn saman og hver ráðh. fer með sitt rn. og þau mál, er undir það heyra, þá hlýtur alltaf svo að fara, að ýmsar ráðstafanir og ákvarðanir einstakra ráðh. falli samráðh. hans, a. m. k. sumum þeirra, ekki í geð. Mörg slík atvik hljóta að koma fyrir í hverri ríkisstj., sérstaklega auðvitað þar sem er um samstjórn fleiri flokka að ræða. Ef slíkt ætti í hvert sinn að valda stjórnarslitum, mundi aldrei fást vinnufriður til þess að vinna að meginverkefnum þeim, sem hver ríkisstj. verður að fást við. Margur slíkur ágreiningur hefur að sjálfsögðu komið fyrir hjá núv. ríkisstj. og það á báða bóga, og ég get vel lýst því hér yfir, að ég er ekki ánægður eða samþykkur öllum ákvörðunum hæstv. menntmrh., enda væri það mjög ótrúlegt, að svo gæti verið um öll atriði. Hver ráðh. verður að sjálfsögðu að þola réttmæta gagnrýni gerða sinna, og í því er einmitt styrkur lýðræðis fólginn, styrkur þess lýðræðis, sem byggir á félagafrelsi, prentfrelsi og almennu skoðanafrelsi. En einræðisflokkar, hverrar tegundar sem eru, geta að sjálfsögðu ekki skilið þetta eða vilja a. m. k. ekki skilja það, og það mega þjóðvarnarmenn vita, að það er ofmat á því, hverju þeir geti komið til leiðar, ef þeim dettur í hug, að þeir geti sagt Framsfl. fyrir verkum, ef þeir telja, að þeir geti haft nokkur áhrif á það, hve lengi Framsfl. skipar stjórn með Sjálfstfl. Þá ákvörðun munum við framsóknarmenn sjálfir taka og þá út frá allt öðrum hvötum en vakir fyrir þjóðvarnarmönnum. En þeirra meginátugamál er, eins og allir vita, að sundra og skapa sem mestan glundroða og hindra á þann hátt, að starfhæf ríkisstj. sé við stýrið."

Þetta sagði aðaltalsmaður Framsóknar við svipaðar umr. á árinu 1954. Beri menn nú þetta saman, þegar Framsókn var í stjórn, við afstöðu hennar nú og frýjunarorð í garð ríkisstj. og samstarfsflokka hennar beggja.

Svona mætti endalaust halda áfram að rekja ósamræmið í málflutningi hv. stjórnarandstæðinga. Ég skal ekki þreyta þingheim á því, og ég hefði ekki staðið upp einungis til þess, vegna þess að þetta ósamræmi lýsir sér svo vel sjálft. Ég stóð upp vegna þess, að í ræðu minni í fyrradag skoraði ég á hv. andstæðinga mína og gagnrýnendur að nefna dæmi þess, að ég hefði veitt einhverjum venzlamönnum mínum embætti, eins og Tíminn hefur í þessum umr. hvað eftir annað borið mér á brýn eða gefið með orðum sínum tilefni til þess að ætla, að ég hlyti að hafa gert mig freklega sekan um, og eins og ég verð að segja, því miður, fólst í hinni fyrstu grein Jóns Finnssonar um þetta mál og sýndi, að hann fór þar út fyrir takmörk velsæmis. Ég segi, að hann hafi farið út fyrir takmörk velsæmis eins og Tíminn í sínum ásökunum, sem bezt kemur fram í því, að þrátt fyrir áskorun mína, þrátt fyrir þann tíma, sem hv. stjórnarandstæðingar hafa haft til þess að kanna þetta mál, hafa þeir ekki getað nefnt eitt einasta dæmi um þetta. Ég skora enn á þá að gera það.

Látum það vera. En hér kom fleira fram. Þeir sögðu: Við vitum ekki dæmi þessa, en við skulum athuga, hvernig hefur verið um embættisveitingar Bjarna Benediktssonar og ráðstöfun hans á dómaraembættum og bæjarfógeta- og sýslumannsembættum. Ég skoraði á þá á dögunum að taka hverja einustu þeirra til athugunar og ganga hér í gegnum umsækjendur um

stöðuna og meta síðan frammi fyrir þingheimi og færa sönnur á, að ég hafi rangfarið með mitt vald. Þetta hafa þeir ekki gert. Í stað þess segja þeir: Það eru margir af þeim bæjarfógetum og sýslumönnum, sem Bjarni Benediktsson hefur skipað, sem hafa verið í framboði fyrir Sjálfstfl., ýmist til þings eða til bæjarstjórnar. Og þá er ásökunin orðin sú, að ég hafi skipað í embætti ýmsa menn, sem hafa hlotið það traust í sínum umdæmum, að almenningur þar hefur óskað eftir því að sýna þeim sérstakan trúnað. Er sennilegt, ef skoðað hefði verið, að ég hefði misbeitt mínu valdi, að ég hefði þrengt mönnum upp á kjósendur í þessum héruðum, að þeir mundu sækjast eftir því að fá þessa menn í framboð fyrir sig? Og er það þá orðin dauðasök á embættismenn, ef kjósendur sýna þeim sérstakan trúnað, sérstaka hylli? Það er gott að heyra það í lýðræðislandi, að þessu er fram haldið, ef þeir þora á annað borð að standa við það.

Nú hef ég litið þannig á, að það væri sízt til ámælis Birni Fr. Björnssyni né Páli Hallgrímssyni, sem báðir voru skipaðir með hæpnum hætti, — að það væri hvorugum sízt til ámælis, þó að alþingiskjósendur í þeirra sýslum hafi sýnt þeim þann trúnað að kjósa þá til þings. Ég vil þvert á móti líta þannig á, að kjósendur hafi með því fallizt á það, að þrátt fyrir þá formlegu vankanta, sem voru á skipun þessara manna, hafi eftir atvikum vel verið valið eða a. m. k. viðunanlega, enda hef ég ekki heyrt að embættisfærslu þessara manna fundið út af fyrir sig, þó að það sé óumdeilanlegt, að þeir komust inn í embættið báðir með mjög hæpnum hætti.

Þá skulum við einnig líta á það, sem sagt hefur verið, við skulum bera saman embættismenn, sem Bjarni Benediktsson hefur skipað og Hermann Jónasson. Við skulum bera það saman, ef menn vilja fara út í þann samanburð. En við skulum þá einnig játa, að það hefur bæði komið fyrir embættismenn, sem Bjarni Benediktsson hefur skipað og Hermann Jónasson hefur skipað, að þeir hafa látið af störfum með öðrum hætti en við hefðum óskað eftir, þegar við skipuðum þá. Og það verður aldrei séð fyrir, því miður, hversu vandlega sem að er hugað um embættaskipan, að embættismenn síðar brjóti ekki af sér eða eitthvað komi fyrir, þannig að þeir verði að hverfa úr embætti. Ég segi það hins vegar, og það er allt annað mál, að bæði ég og Hermann Jónasson værum ásökunarverðir fyrir það, — og ég vil ekki dæma um Hermann, þið getið nefnt dæmi um mig, — ef við hefðum hlift mönnum við að láta þá hverfa úr embætti, ef við vissum þeirra brot. En það er allt annað mál en veitingin sjálf.

Ég sagði, að ekkert dæmi hefði verið nefnt þess, að ég hefði misfarið með veitingu embættis bæjarfógeta og sýslumanns. Hins vegar var hér sérstaklega tilnefndur hæstiréttur og sagt: Berum saman skipun Lárusar Jóhannessonar annars vegar og þeirra Gizurar Bergsteinssonar og Þórðar Eyjólfssonar hins vegar. — Já, berum þetta saman. Og það var sagt: Sjáum, hvernig fór. Lárus hvarf úr embætti, — mér skildist, að það væri þó viðurkennt, að hann væri góður og gegn maður, — en hinir væru í embættinu enn þá. — Nú er það, eins og ég segi, allt annað umræðuefni, sem ekki skal standa á mér að taka upp, ef hv. framsóknarmenn óska eftir því að ræða um, af hverju Lárus Jóhannesson hvarf úr embætti. Ég sé ekki eftir því að hafa skipað Lárus Jóhannesson, og það hefur ekkert komið fram, sem gerði hann óhæfan til þess að vera í embætti. Lárus Jóhannesson taldi sjálfur, að vegna þeirra árása, sem hann hefði orðið fyrir, væri það virðingu hæstaréttar bezt og vegna þess friðar, sem þyrfti að vera um þessa æðstu dómstofnun þjóðarinnar, heppilegast, að hann segði af sér. Og hann sýndi þar þann drengskap, þann manndóm, þann stórleik, sem ég vissi að með honum bjó, þegar hann sagði af sér til þess að forða réttinum frá þeim ásökunum, sem hann varð fyrir, meðan Lárus var þar. En ef menn vilja ræða það mál, skal ekki heldur á mér standa að ræða það í einstökum atriðum. En þá verða menn að þora að segja til, en sleppa dylgjum og óákveðnum orðum, brigzlum um, að menn séu að sleppa sér, og annað slíkt.

En — og ég segi en — ef menn teldu, sem ég tel ekki og vil ekki fallast á, því að ég hef um það örugga vissu, að Lárus Jóhannesson var mjög góður hæstaréttardómari, þó að hann af þeim sökum, sem ég sagði, óskaði sjálfur að segja af sér, — ef menn teldu, að þar hefði mér missézt við skipun í það embætti, vil ég segja, að það sannar það eitt, að þó að eftir öllum reglum sé farið, er það ekki öryggi fyrir, að vel takist, og þó að hæpin aðferð sé höfð, getur betur rætzt úr en til er stofnað, það sannast á skipuninni á Gizuri Bergsteinssyni og Þórði Eyjólfssyni. Ég segi: í þessu felst ekki, og ég tek það skýrt fram, til þess að enginn útúrsnúningur geti átt sér stað í því efni, að ég er ekki að viðurkenna, að illa hafi tekizt til um skipun Lárusar Jóhannessonar, heldur held ég hinu þvert á móti stöðuglega fram.

En hvernig bar skipan Lárusar Jóhannessonar að? Jón Ásbjörnsson var orðinn sjötugur. Það þurfti að skipa mann í hans stað. Embættið var auglýst, eins og lög stóðu til. Um það sóttu tveir menn. Annar var Lárus Jóhannesson, hinn var Theódór B. Líndal prófessor. Þetta var sent til umsagnar hæstaréttar, eins og lög gera ráð fyrir. Og hæstiréttur sendi bréf aftur, dags. 25. apríl 1960. Þar segir:

„Endurrit úr gerðabók hæstaréttar:

Árið 1960, mánudaginn 25. apríl, héldu dómendur hæstaréttar fund í skrifstofu dómsins. Fram var lagt bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 19. þ. m., ásamt tveimur umsóknum um dómaraembætti í hæstarétti. Eru umsóknir þessar sendar hæstarétti til umsagnar skv. 6. gr. l. nr. 112 frá 1935. Umsækjendur eru þessir: Lárus Jóhannesson hrl., Theódór B. Líndal prófessor. Dómendur eru á einu máli um, að báðir umsækjendur séu hæfir til að gegna dómaraembætti í hæstarétti.

Þórður Eyjólfsson, Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Magnús Torfason.

Þetta tilkynnist ráðuneytinu hér með. Umsóknirnar endursendast hér með.“

Þetta var skoðun hæstaréttar. Hvernig lá málið að öðru leyti fyrir? Báðir höfðu verið verulegan hluta sinnar starfsævi málflutningsmenn, báðir hinir mætustu menn. Þannig vildi til, að ég hafði á árinu 1954 skipað Theódór B. Líndal prófessor, og ætti það að sýna, að ég mat manninn mikils. Á móti honum sótti Lárus Jóhannesson, sem var eldri, að mati hæstaréttar hæfur eins og hinn. Og hvert var álit málflutningsmanna á þessum mönnum? Í Lögfræðingatalinu segir um Lárus: „Formaður í Lögmannafélagi Íslands 27. júní 1947—1960 og kjörinn heiðursfélagi þess 1961.“ Þetta stendur í Lögfræðingatali. Þegar Lárus Jóhannesson er skipaður hæstaréttardómari, er hann sem sagt búinn að vera full 13 ár formaður Lögmannafélagsins. Og eftir að hann lætur af starfi, sýnir Lögmannafélagið honum þann einstaka trúnað og traust, að það kýs hann fyrir sinn heiðursfélaga. Hver getur haldið fram, og hver vill leyfa sér að halda því fram, að þessi embættisveiting hafi eftir öllum þeim gögnum, sem fyrir lágu, verið aðfinningarverð? Komi sá fram, sem það vill gera. Ef menn vilja ekki gera það, eiga þeir ekki heldur að vera með dylgjur og óákveðin brigzlyrði í þessu sambandi.

En hvernig var svo varið skipun þeirra ágætu manna, Gizurar Bergsteinssonar og Þórðar Eyjólfssonar, í sín embætti? Við skulum athuga það. Það voru að vísu sett lög um aldurshámark embættismanna og þá ráðgert, að menn mættu ekki vera almennt meira en 65 ára. Var þó undanþáguheimild til sjötugs, að því er ég hygg. Um hæstaréttardómara voru frá fyrri tíð ákvæði í stjórnarskránni. Engu að síður skeði það á sumrinu 1935, að þáv. hæstv. forsrh. og dómsmrh., Hermann Jónasson, sneri sér til tveggja dómara hæstaréttar, sem voru þá meiri hl. réttarins, því að rétturinn var þá einungis skipaður þremur mönnum, og óskaði eftir því, að þeir létu af starfi þegar í stað. Báðir voru þeir búnir að vera í hæstarétti frá upphafi, báðir einstakir heiðursmenn, í meiri metum meðal lögfræðinga a. m. k., ég hygg hjá þjóðinni í heild, heldur en flestir aðrir embættismenn. Annar þeirra var 67 ára og hinn 68 ára. Það liggur fyrir í dómsmrn. bréf frá öðrum, það er dags. í Reykjavík 31. júlí 1935:

„Með bréfi, dags. 29. þ. m., hefur dómsmrh. með tilvísun til gildandi lagaákvæða um aldur hæstaréttardómara og annarra embættismanna mælzt til þess, að ég sendi rn. beiðni til konungs um lausn frá embætti mínu sem dómari í hæstarétti. Sem svar við þessum tilmælum leyfi ég mér að tjá dómsmrn., að mig vantar enn 3 ár til að verða sjötugur, og þar sem ég er heill heilsu og heilbrigður enn þá, finn ég ekki neina ástæðu, er réttlætt geti, að ég nú beiðist lausnar frá embætti mínu. Sé það hins vegar vilji ríkisstj. að fá mig nú leystan frá embætti, heimilar 57. gr. stjórnarskrárinnar, að það sé gert án lausnarbeiðni frá minni hálfu, ef fullnægt er skilyrði því, sem þar er sett.

Virðingarfyllst.

Páll Einarsson.

Til dómsmálaráðuneytisins.“

Nú tala menn um það hér af miklum fjálgleik sem fáheyrt hneyksli, að maður, sem einungis er settur í embætti og veit þess vegna ósköp vel, að hverju hann gengur, fái ekki skipun í embættið, þegar staðan er löglega auglýst og henni er ráðstafað, þegar það hefur komið fyrir helzta mann þessa sama flokks að reka úr sjálfum hæstarétti þjóðarinnar tvo af valinkunnustu embættismönnum og dómurum, sem á Íslandi hafa lifað. Ég hygg sannast að segja, að ef þessir menn, — og ég geri ekkert lítið úr þeirra góðvild, en ég geri ákaflega lítið úr þeirra þekkingu, — ef þeir vissu, hvað þeir væru að tala um, ef þeir vissu, hvernig saga þeirra eigin flokks er í þessum efnum, mundu þeir hafa farið sér dálítið hægara í þessu en þeir hafa gert.

Hvernig fór svo um skipunina í embættin? Um embættin sóttu fjórir menn. Ég skal sleppa einum alveg úr. Það vildi þannig til og sýndi ástandið, að ég lenti í því kornungur maður sem þáv. kennari í lagadeild, — ég var 27 ára gamall, — að vera kvaddur til þess sem aukadómari ásamt öðrum kennara í lagadeildinni, mér miklu eldri, Ólafi Lárussyni, og reyndari manni, að fjalla um málið, þegar það var sent til réttarins, vegna þess að það var bara einn hæstaréttardómari eftir í landinu. Það var búið að setja meiri hl. réttarins frá. Og hinn 17. sept. 1935 komum við saman í hæstarétti, og segir í útskrift:

„Ár 1935, þriðjudaginn 17. september, komu dómarar hæstaréttar saman. Eggert Briem og Páll Einarsson hæstaréttardómarar höfðu fengið lausn 13. þ. m., en í þeirra stað eru settir til bráðabirgða með bréfi, dags. í gær, frá dómsmrn. prófessorarnir Ólafur Lárusson og Bjarni Benediktsson. Fyrir var tekið:

Lagðar fram umsóknir um tvö laus dómaraembætti í hæstarétti, hingað sendar til umsagnar með bréfi dómsmrn., dags. í gær. Umsækjendur eru í fyrsta lagi Gizur Bergsteinsson settur skrifstofustjóri í dómsmrn. 2. Magnús Guðmundsson hæstaréttarmálflutningsmaður. 3. (Ég sleppi honum). 4. Þórður Eyjólfsson dr. juris, prófessor.“ (**Gripið fram í:** Vegna hvers að fara að sleppa honum?) Ég sé enga ástæðu til þess að fara að særa núlifandi mann með því að draga hann inn í þetta mál. Hv. þm. getur fengið að sjá nafnið hér, ef hann vill. Umsögn um umsækjendur var svo látandi:

„Það var sameiginlegt álit, að próf. Þórður Eyjólfsson yrði að teljast hæfur til embættisins. Þeir Einar Arnórsson og próf. Bjarni Benediktsson telja einnig, að hvor þeirra skrifstofustjóra Gizurar Bergsteinssonar og hrm. Magnúsar Guðmundssonar muni vera hæfur til dómarastarfsins, en próf. Ólafur Lárusson telur eigi fyrir liggja nægilegt til þess að láta uppi álit um þá að þessu leyti.“

Þetta er um þessa 3 menn. Nú vil ég segja það alveg tvímælalaust, að ég tel, að það hafi tekizt mjög vel um valið, bæði á Gizuri Bergsteinssyni og Þórði Eyjólfssyni, og ég var eindreginn andstæðingur Hermanns Jónassonar, þegar þetta var undir mig borið. En ég er ánægður með það,

að ég hafði þroska til þess og skilning að telja báða þessa menn hæfa.

Hins vegar segi ég það alveg hiklaust, að ég taldi þá og ég tel enn, að það hefði betra verið fyrir þessa menn sjálfa, betra fyrir hæstarétt, betra fyrir sæmd Íslands, ef Þórður Eyjólfsson og Magnús Guðmundsson hefðu verið skipaðir í þetta embætti og Gizur Bergsteinsson hefði fengið að verða dálitið eldri en 33 ára gamall, þegar hann var skipaður í hæstarétt. Það er engum manni til góðs að eiga að sitja í hæstarétti innilokaður alla sína starfsævi, ef svo má segja, og þar kemur margt fleira til heldur en ég get hér í fljótu bragði talið. En menn geta aðeins hugleitt það, af hverju sá fágæti hlutur gerist, að embættismaður biður um það nú að vera leystur frá starfi, áður en starfsaldur hans er liðinn, eins og hæstaréttardómari Þórður Eyjólfsson einmitt gerði nú í sumar. Það er vegna þess auðvitað, að hann finnur til þeirrar einangrunar, sem er því fylgjandi að vera í þessari háu og vandasömu, en mjög innilokuðu stöðu til langframa. Ég bið menn að hafa það í huga. Ég segi ekki orð á móti þessum tveimur mönnum. Þeir hafa staðið sig með prýði, og er mjög gott, að svo vel tókst til, alveg eins og það hefði getað tekizt miður til, eins og tókst til um ýmsar embættisveitingar Hermanns Jónassonar á sýslumannsstörfum og sumar mínar embættisveitingar á sýslumannsstörfum einnig. Það gat enginn sagt til um það, hvort þessir menn, sem voru á milli þrítugs og fertugs 1935, yrðu jafngóðir og öruggir dómarar og þeir hafa reynzt.

En hefði nú verið mikill skaði skeður, eins og ég segi, þó að pólitíkin hefði þarna verið látin lúta í lægra haldi? Magnús Guðmundsson, sem af öllum var viðurkenndur ekki aðeins einn fremsti lögfræðingur sinnar samtíðar, heldur einnig ágætur embættismaður, hafði verið sýslumaður úti á landi, hafði verið skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, hafði verið ráðh., hafði verið málflutningsmaður, hafði verið alþm., var viðurkenndur grandvar og gegn maður, — hefði það nú verið íslenzku réttarfari til ills, að maður með slíka reynslu hefði verið skipaður í embættið? Það gat enginn séð það þá fyrir, að hann átti eftir einungis tvö ár ólifuð. Hann dó 1937. En ég segi: Það hefði ólíkt verið ánægjulegra fyrir Hermann Jónasson að skipa Magnús Guðmundsson heldur en láta það vera. Það höfðu að vísu orðið greinar með þeim, og Hermann hafði kveðið upp dóm, sem var mjög hæpinn og var hnekkt, en Hermann hefði vissulega vaxið af því að skipa þennan sinn gamla andstæðing í þessa stöðu. Hann gerði það ekki.

Hann um það. En víst hefði rétturinn grætt á því, ef Magnús Guðmundsson með sinni alhliða reynslu hefði þangað komið, alveg eins og ég segi, hæstiréttur mundi hafa grætt á því, ef maður eins og Hermann Jónasson hefði dregið sig út úr stjórnmálum og gefið kost á sér til hæstaréttarstarfa nokkur síðustu ár sinnar ævi. Ég deili hart á margar stjórnmálaathafnir Hermanns Jónassonar, en ég tel hann engu að síður margreyndan, hygginn mann, sem ef hann tæki að sér hæstaréttardómarastarf, mundi vitanlega gegna því eftir sinni beztu samvizku. Ég tel, og það var ein af ástæðunum til þess, að ég valdi einmitt Lárus Jóhannesson fram yfir Theódór Líndal, að ég tel, að hæstiréttur þurfi að vera skipaður fleirum en eingöngu stofulærðum lögfræðingum, þótt þeir séu góðir og gegnir. Og það hlýtur auðvitað einnig að vakna sú spurning: Var það nú endilega nauðsynlegt að reka þá báða frá í einu, Pál Einarsson og Eggert Briem? Páll lifði að vísu lengi og hélt góðri heilsu fram á níræðisaldur, en Eggert Briem dó 7. júlí 1936, tæpu ári eftir að hann hafði verið sviptur stöðunni. Hermann Jónasson hefði getað ráðið skipun meiri hluta í hæstarétti, þó að hann hefði látið undir höfuð leggjast að gera það með þeim fruntalega hætti, sem hann gerði, að setja þessa tvo mætu embættismenn frá, og þó að hann hefði valið Magnús Guðmundsson á sínum tíma til stöðunnar. Það yrði kannske sagt: Ef Magnús Guðmundsson var svo sjálfkjörinn, af hverju var þá sá mæti maður Ólafur Lárusson hikandi við að gefa honum sína umsögn? Hann lét það undir höfuð leggjast um þá báða, Gizur og Magnús. Allir, sem þekktu Ólaf Lárusson, vissu, að pólitík var eitur í hans beinum, og það var auðvitað það, sem þarna kom til greina. Honum var jafnlítið um hana gefið, hvort sem það var hjá sjálfstæðismönnum, framsóknarmönnum, kommúnistum eða hverjum sem er, og það réð þessari hans ákvörðun, sem var að vísu mjög gagnrýnd af lögfræðingum á sínum tíma.

Ég rek þetta vegna þess, að það var skorað á mig að bera saman þessar tvær veitingar, og ég segi enn og aftur, ef menn vilja halda sér í það að segja, að það sé öruggt að fylgja einhverjum ákveðnum reglum fyrir því, að vel fari, hafa þeir þarna dæmin og geta skoðað þau.

Þetta er að vísu hart deilumál, en þetta er einnig miklu alvarlegra mál en svo, að menn eigi að sleppa með þær hálfkveðnu vísur, þann róg og brigzlyrði, sem hv. stjórnarandstæðingar hafa haft í frammi um þessi efni. Hv. flm. vill nú hlaupa frá ýmsu, sem hann hefur sagt. Nú orðið á það í raun og veru að vera allt í lagi með Hermann Jónasson, þó að hann hafi haldið embætti fyrir sig, vegna þess að það séu ekki 12 ár, heldur bara í 10½ ár, milli 10 og 11 ár, og það hafi liðið nokkur ár á milli stundum. En það er nú ekki lengra síðan heldur en á þriðjudaginn var, þá birti Tíminn með sinni allra stærstu fyrirsögn og með fallegri mynd af fallegum manni á fremstu síðu aðalkjarnann úr hans framsöguræðu, og hann var tekinn saman í orðunum: „Burt með baktryggingarnar í embættiskerfi landsins“. Hver hefur notið meiri baktryggingar í því efni heldur en einmitt Hermann Jónasson? Enginn. (Gripið fram í: Er það satt?) Er það satt? Já, það er satt. Það hefur enginn notið meiri baktryggingar í þessum efnum heldur en Hermann Jónasson. Það er satt, og það er óvefengjanlegt. (Gripið fram í.) Eigizt þið við, herrar mínir.

Svo er sagt: Það er fyrirgefanlegt og skiljanlegt, það er allt annað mál, þó að almenningssamtök leyfi mönnum frí í 5—6 ár, eins og samvinnufélögin og Búnaðarfélagið. Það er vegna

þess, að þar var Jónasi Jónssyni og Steingrími Steinþórssyni leyft að halda störfum, öðrum í 5 ár, en hinum í 6 ár. En ég spyr: Ef almenningur telur það hneyksli að halda embættum svona lengi, hvernig stendur þá á því, að þau almenningssamtök, sem þessir herrar hafa mest ráðin í, skuli einmitt leyfa þetta? Og ef það er eðlilegt, að almenningssamtökin leyfi það, er þá ekki ríkinu þeim mun skyldara að gera vel við sína eigin embættismenn? Það er þó verið að fá fremstu menn þjóðarinnar í sjálf ráðherraembættin, og þeir hverfa frá sínum venjulegu störfum. Og hverjum er þá skyldara en ríkinu að búa þannig um, að menn séu fúsir til þess að taka þetta vandasama starf að sér, starf, sem vissulega er að sumu leyti freistandi, og þess vegna fást menn til þess að gegna því?

Ég vitna aftur til þessa: Hverjum dettur í hug, ef maður eins og Magnús Guðmundsson, sem á sínum efstu dögum óskar eftir því að komast í hæstarétt, — hverjum dettur í hug, að hann hefði ekki orðið hæstaréttardómari og allir talið sjálfsagt, að hann hefði komið þar, ef hann hefði ekki verið stjórnmálamaður? Menn verða ýmsu að fórna, ef þeir vilja taka að sér að standa í þessu þvargi, m. a. þurfa að vera að rifast við þessa piltunga hérna. Ég hef gaman af því. En ég veit ekki, hvort þjóðin hefur gaman af því að horfa upp á þá.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það mál, sem hér liggur fyrir á þskj. 70, er frv. til laga um breyt. á réttindum og skyldum starfsmanna ríkisins og fjallar um það atriði, sem miklar deilur hafa spunnizt út af, þ. e. a. s. setningu í embætti um nokkurn tíma. Ég skal ekki fjölyrða um þennan þátt, það hefur verið gert hér á Alþ. af mönnum, sem þekkja þetta af eigin reynslu og þar af leiðandi færari um að dæma um þá lagagrein, sem gert er ráð fyrir að við bætist. En hitt liggur í augum uppi hverjum sem fylgist með þessum málum, að hér er ekki um eins einfaldan hlut að ræða og fram kemur hjá hv. flm., 4. þm. Reykn., í grg. með þessu frv.

Það hlýtur að liggja í augum uppi, að til þess að hinir hæfustu menn geti valizt til ráðherrastarfa, þurfi þeir á einhvern hátt að hafa tryggingu fyrir því, að störf við þeirra hæfi séu fyrir hendi, þegar þeir njóta ekki lengur þess trausts, sem þeir þá hafa, þegar þeir taka við ráðherraembættum, þannig að þeir geti tryggt það, að að loknum störfum geti þeir farið til fyrri starfa eða á einhvern annan hátt fengið störf við sitt hæfi. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um það. Þetta hefur verið gert, eins og ég sagði áðan, af mönnum, sem hafa um það meiri reynslu, og ég hef ekki heldur orðið var við, að hér í þessum umr. hafi menn verið svo mjög á gagnstæðri skoðun um þetta. Það hafa að vissu leyti verið mismunandi sjónarmið, en þau eru þess eðlis, að ég læt þetta nægja um sjálfa frumvarpsgreinina.

Að baki flutnings þessa frv. liggur mál, sem hér hefur verið til umr. í tvo daga, þetta er þriðji dagurinn, þ. e. a. s. veiting embættis bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum, sem fylgzt hafa með þessum umr., hvílík geysileg réttlætiskennd og siðgæðis virðist hafa gripið um sig í röðum framsóknarmanna. Hæstv. forsrh. vakti mjög athygli á þessu í ræðu sinni og benti á þá hugarfarsbreytingu, sem virtist orðin í röðum framsóknarmanna, ef nokkuð mætti marka orð þeirra hér á Alþingi. Minntist forsrh. réttilega þeirra tíma, þegar stjórnarathafnir framsóknarmanna voru ævinlega ræddar á þeim grundvelli, hvort þær væru löglegar eða ekki. Hér hafa þessir hv. þm. komið hver á eftir öðrum og talað um veitingu embættisins í Hafnarfirði, Gullbringu- og Kjósarsýslu sem mikið óréttlæti og valdníðslu. Virðast þeir ekki taka á heilum sér og hafa framúrskarandi næmar tilfinningar fyrir siðgæði og réttlæti og oft svo mjög, að þeir hafa nánast verið klökkir hér í ræðustólnum. Þeir áttu ekki nógu sterk orð yfir siðleysi og óréttlæti í sambandi við þessa embættisveitingu og formæltu öllum þeim, sem gert höfðu sig seka um hluti á því sviði.

Við erum ekki óvanir því að hlusta á menn, sem hafa orðið fyrir þeirri ógæfu að neyta of mikils áfengis, tala um áfengisbölið. Þeir tala vissulega af eigin reynslu. Og því er eins farið með framsóknarmenn í dag. Þeir tala um óréttlæti og þeir tala virkilega um óréttlæti af eigin reynslu. Þegar svo er komið og talað um veitingarvaldið og það eru fulltrúar Framsfl., sem gerast málsvarar réttlætisins, er að bera í bakkafullan lækinn. Um óréttlæti í embættisveitingum af hálfu Framsfl. eru tugir, ef ekki hundruð dæma, en ég mun síðar minnast á örfá þeirra.

Þegar deilt er um þá embættisveitingu, sem hér um ræðir, koma þessir hv. þm. fram með ýmis þau sjónarmið, sem virkilega er ástæða til þess að kryfja til mergjar. Margt af því hefur verið rætt, og það hefur vissulega komið í ljós, að það er ekkert hægt að finna að þessari embættisveitingu. Hún er í alla staði lögleg og stenzt allt siðgæðispróf. Hún stenzt ekki eina kröfu framsóknarmanna, þ. e. að framsóknarmaður væri settur í embættið.

Þetta er mergurinn málsins. Og út af þessu er allur sá hamagangur, sem framsóknarmenn hafa sett af stað í blöðum sínum og notið aðstoðar hins stjórnarandstöðuflokksins og kenna svo hv. þm. um, að slíkur hamagangur sé hjá almenningi. Þegar svo þessir hv. þm. rökstyðja mál sitt, þ. e. a. s. telja embættisveitinguna ranglæti og valdníðslu, rekur sig hvað á annars horn. Þeir grípa til rangsagna, þeir beinlínis lýsa því yfir, að þeir viti ekki, hvað þeir séu að tala um.

Ein þeirra sterkasta röksemd fyrir því, að núv. settur bæjarfógeti hafi átt að fá þessa stöðu, er, að hann hafi unnið sér siðferðilegan rétt til embættisins vegna setu í því í 9 ár. Þeir reyna mjög að hrekja þá skoðun hæstv. dómsmrh., svo og margra annarra, að seta í embætti veiti ekki rétt fram yfir margt annað, sem hafa skal til athugunar við embættisveitingu. Það er ekkert, sem getur hrakið þessar fullyrðingar þeirra framsóknarmanna betur en einmitt umsóknir tveggja manna auk setts bæjarfógeta um þetta embætti. Við skulum halda þeim, sem deilt er um, aðeins til hliðar, en við skulum spyrja: Sækir bæjar-

fógetinn á Ísafirði, Jóhann Gunnar Ólafsson, um þessa stöðu vegna þess, að hann álítur eins og þeir, að settur bæjarfógeti hafi áunnið sér siðferðilegan rétt? Nei, hann gerir það vegna þess, að hann álítur, að hann hafi ekki með setu sinni í embættinu áunnið sér neinn rétt til embættisins. (Gripið fram í.) Með umsókninni álítur hann það, ella hefði hann ekki sótt, það skilur hver heilvita maður. Það er gott, að þm. fræðist þá.

Við veitinguna í þetta embætti metur dómsmrh. einnig, að maðurinn hefur starfað úti á landi, og hann er færður til. Er hér um nýtt mat varðandi embættisveitingu að ræða? Nei, við Hafnfirðingar þekkjum mjög vel til þess, að mat á því, að maður hefur starfað úti á landi, hefur gengið fyrir manni, sem þó hefur unnið fyrir sitt byggðarlag í áratugi, hann hefur fengið embættið. Árið 1941 losnaði héraðslæknisembættið í Hafnarfirði, en þá hafði Þórður Edilonsson gegnt því um nokkurra áratuga skeið. Þá var settur í embættið Bjarni Snæbjörnsson læknir, og hann gegndi því eitthvað á annað ár. Hann sótti um héraðslæknisembættið, þegar því var slegið upp. Hann hafði þá unnið fyrir sitt byggðarlag í 25 ár og verið styrk stoð þess héraðslæknis, sem hafði gegnt embættinu áður. En hver hlaut embættið? Það hlaut það héraðslæknir utan af landi. Vegna þess að hann hafði áður starfað úti á landi, taldi veitingarvaldið rétt að færa hann til og láta honum í té betra embætti. Hér var hæstv. þáv. forsrh. að verki, Hermann Jónasson, og skipaði hann þennan héraðslækni. Aftur losnaði þetta embætti 1947. Aftur gegndi Bjarni Snæbjörnsson læknir héraðslæknisembættinu um nokkurt skeið. Embættið var auglýst, og mikill þorri Hafnfirðinga skoraði á þáv. stjórnarvöld að veita lækninum embættið. En hver fékk það? Héraðslæknir utan af landi. Þá hafði Bjarni Snæbjörnsson gegnt læknisembættinu um 30 ára skeið við mikinn og góðan orðstír, eins og hann ævinlega hefur gert, og allir þeir, sem til þekkja, meta þennan lækni svo mjög sem raun ber vitni.

Þessi veiting sýnir, að það, sem hér er verið að gera, er ekkert nýtt. Hér er ekkert óréttlæti. Það hefur verið viðtekin regla hjá veitingarvaldinu, að þeir aðilar, sem út á land fara, séu færðir til í embættum. Og það er ekkert nýtt, að dómsmrh. meti aldur manna varðandi embætti. Hér áðan lýsti hæstv. forsrh. dæmi, sem hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, 5. þm. Reykv., gaf honum mjög kærkomið tilefni til hér á þriðjudaginn, þegar tveimur hæstaréttardómurum er vikið frá, öðrum 68 ára, hinum 67. Hvað skyldi hafa valdið því, að þáv. hæstv. dómsmrh. skyldi láta þessa menn hverfa úr störfum? Það er þrennt mögulegt: að hann hafi álitið þá orðna of gamla, hann hafi álitið þá ekki færa eða þá hér hafi verið um pólitíska ráðstöfun að ræða.

Eitt dæmi enn skulum við taka og það úr Hafnarfirði. Þegar sýslumannsembættið var veitt 1935, er það veitt Bergi Jónssyni sýslumanni á Barðaströnd. Hann var ekki elztur umsækjenda. Samt sem áður metur dómsmrh. þá það svo, að hann eigi að fá embættið, og til skýringar fyrir þá hv. framsóknarmenn, sem hér hafa talað og ekki virzt allt of klárir í fortíðinni, skal það upplýst, að Bergur Jónsson var þá þm. Framsfl.

Þegar á sínum tíma hæstv. dómsmrh. víkur þessum tveim mönnum úr hæstarétti, gerast hlutir, sem mjög hafa verið fordæmdir, þ. e. a. s. sjálfur hæstiréttur fékk ekki að vera í friði fyrir pólitískum aðförum Framsfl. Ég efast ekkert um, að það svar, sem ég fæ, sé, að þetta hafi allt verið löglegt.

Hér hefur því verið fleygt og haldið fram og það mun vera rétt, að af 13 bæjarfógeta- og sýslumannsembættum hafi Hermann Jónasson á sínum valdatíma frá 1934—1942 aðeins auglýst 5. Og svarið við því var auðvitað: Það var löglegt. Þá er ekki verið að tala um óréttlætið og siðgæðið náttúrlega ekki til, því að mér virðist, þegar rætt er um hluti frá löngu liðnum tíma af hálfu framsóknarmanna, þá séu þeir harla glaðir, þegar þeir geti sagt, að hluturinn sé löglegur.

Hv. 11. þm. Reykv. (EÁ) ræddi í sinni fyrri ræðu um mótmæli þau, sem fram hefðu komið, áskoranir sýslunefndarmanna, svo og uppsagnir starfsmanna á sýsluskrifstofunni. Hv. þm. gat ekki farið rétt með. En það er oft og tíðum, þegar menn verja illan málstað, þá verða menn að grípa til þeirra hluta, sem ekki eru réttir. Hv. þm. sagði, að báðar sýslunefndir, allir sýslunefndarmenn hefðu mælt með skipun setts bæjarfógeta. Þetta er ekki rétt. (Gripið fram í: Hvað er ekki rétt?) Það skorti einn mann upp á. Þá hefur verið mikið rætt um uppsagnir og undirskriftir manna, sem safnað hefur verið á sýsluskrifstofunni, svo og um mótmæli hreppstjóra. Það hefur verið talað um það, að hvaðanæva úr sveitarfélögunum hafi borizt mótmæli í sambandi við þessa veitingu. Meira og minna er þetta rangt. Aðeins ein sveitarstjórn hefur látið slíkt frá sér fara. Hins vegar er mér ljóst, að það hafa verið gerðar tilraunir í fleiri sveitarstjórnum, m. a. frambjóðandi Framsfl., oddviti Kjalarneshrepps, Teitur Guðmundsson, en honum varð ekki meira ágengt en það, að hann fékk sitt eigið atkv. og ekkert annað af 5. Í Hafnarfirði var málið tekið fyrir á bæjarstjórnarfundi, aðeins tveir, náttúrlega framsóknar- og Alþb.-maðurinn, greiddu atkv. með till. af 9 bæjarfulltrúum.

Um uppsagnir starfsfólksins og mótmæli þaðan mætti ýmislegt segja. Suður í Hafnarfirði hafa gerzt ýmsir hlutir í sambandi við sýslumannsembættið, og hæstv. forsrh. einmitt kom inn á eitt þessara atriða áðan. 1956, þegar Guðmundur Í. Guðmundsson verður utanrrh., eru þrír fulltrúar við embættið. Sá elzti þeirra var ekki tekinn, enda þótt hér væri um að ræða fyrrv. bæjarfógeta um 8 ára skeið. Skyldi hafa verið gengið fram hjá honum og þá hvers vegna? Það skyldi þó aldrei hafa verið, að þáv. hæstv. dómsmrh. hafi ekki fallið of vel, hvar þessi maður stóð í stjórnmálaflokki, og þess vegna farið inn á þá braut að taka þann, sem var nr. 2, honum geðþekkari maður. Og við skulum athuga stöðu, sem síðar er veitt við þetta sama embætti. Það er yfirlögregluþjónsstaðan. Það gerðust nefnilega dálitið kynlegir hlutir, þegar hún

var veitt. Þá sóttu um þrír menn, allt prýðilegir menn. Sá elzti þeirra hlaut ekki stöðuna, sá í miðið hlaut hana. En þegar komið var til sýslumannsins með undirskriftir fyrir hinn þriðja, vísaði hann þeim á bug og sagði: Það er ekki í ykkar valdi að ákveða, hver á að vera yfirlögregluþjónn. Það er mitt, og þið verðið menn að minni að taka þátt í slíkum undirskriftum.

Það getur vel verið, að ykkur finnist, að það komi ýmsir hlutir hér fram betur nú, vegna þess að þið hafið ekki haft aðstöðu til þess að fylgjast með þessum málum. Uppsagnir þessara starfsmanna, komu þær á 1—2 dögum? Nei, það tók þá hálfa aðra viku að fá starfsmennina til þess að segja upp. Hvað segir þetta? Talar þetta um einhug í sambandi við þessa hluti, eða gæti kannske hafa verið þarna á bak við pólitískur undirróður þeirra manna, sem hann vildu viðhafa? Ég fullyrði, að svo sé, og mér er það vel kunnugt málið, að þegar verið er að safna undirskriftum á meðal lögregluþjónanna, sem eru 13 talsins, eru það aðeins 5, sem taka þátt í þeim, og sumir hverjir urðu að hafa stór orð til þess að sleppa við þá menn, sem komu til þeirra með undirskriftalista, og lýsa því yfir, að þeir óskuðu eftir því að fá að hafa skoðanir sínar í þessu máli sem og öðrum fyrir sig.

Allir þessir hlutir hafa gerzt með þeim hætti, að hér er einsýnt, hvað um er að vera. Á það var minnzt af hv. 11. þm. Reykv., að einn maður á skrifstofunni hefði sagt upp starfi eftir 30 ára starfsferil. Hvað er rétt í þessu? Þessi ágæti maður hefur starfað við embættið sem tollgæzlumaður í 30 ár, það er rétt. Hann hefur ekki sagt þessu embætti lausu. Hann er enn þá tollgæzlumaður og ætlar sér að vera. Hann hefur hins vegar haft nokkur aukastörf á skrifstofunni í sambandi við einhverjar skýrslur og útreikninga, sem nánast, eins og hann skýrði frá sjálfur í viðtali, að mig minnir í Þjóðviljanum, voru aukastörf. Þessum störfum hefur hann sagt upp, en ekki því aðalstarfi, sem hann hefur haft í 30 ár.

Nei, það ber allt að sama brunni í þessu máli. Hér er um að ræða pólitískar árásir á núv. hæstv. dómsmrh. Ég geri mér fullvel grein fyrir því, að þessar árásir missa allar marks. Það, sem þessir ágætu menn, sem hér hafa talað, hafa sagt, eru rökfærslur, sem hafa, eins og ég sagði áðan, stangazt hver við aðra. M. a. segir hv. 3. landsk. þm. í sinni ræðu, sem er síðan prentuð í Þjóðviljanum, með leyfi hæstv. forseta, um þessa embættisveitingu, og hann er að komast að niðurstöðu um, hver hefði átt að fá embættið samkv. siðferðilegum rétti með tilliti til aldurs og annað eftir því, — hann segir:

„Ég tel, að sérstök rök þurfi að liggja fyrir því að víkja frá starfsaldursreglunni og það hafi ekki verið hér," þ. e. a. s. hér hafi engin rök verið lögð á borð fyrir því að víkja frá starfsaldursreglunni, og þar af leiðandi hafi Jóhanni Gunnari bæjarfógeta á Ísafirði borið embættið. Hann segir svo síðar í sinni ræðu: „Ég tel, að hin langa seta Björns í embættinu hafi fært honum siðferðilegt tilkall til þess," þ. e. a. s. Björn hafi átt að fá embættið í þessu tilfelli. Svona eru þessir hlutir. Þeir eru meira og minna mótsagnakenndir. Og svo kastar tólfunum, þegar hér koma upp þm. Framsfl., m. a. flm., og lýsa yfir, hvílíkt einsdæmi sú veiting sé, sem hér sé um að ræða. En hvað skeður, ef maður les grg. hv. flm.? Í henni stendur bara allt annað. Hér stendur:

„Hér á landi hefur það hins vegar tíðkazt nokkuð, að menn séu settir í embætti um langan og ótiltekinn tíma og svo gengið fram hjá þeim, þegar kom að því að skipa í embættið."

Það var vissulega orð að sönnu, þegar hv. flm. lýsti því hér yfir s. l. þriðjudag, þegar hann flutti sína aðra ræðu, að hann hefði ekkert athugað embættisveitingar aftur í tímann. Ég er alveg sannfærður um það, að ef þessir þm., sem hér hafa talað, hefðu eitthvað kynnt sér það, sem á undan er gengið, mundu þeir alls ekki hafa fellt þann áfellisdóm, sem þeir hafa nú gert. Mér er það ljóst, að þeir hafa skynsemi til að bera til þess að líta á hluti og geta svo metið þá, ef þeir á annað borð vilja kynna sér þá. Hitt er svo annað mál, að það getur vel verið, að þeir hafi á engan hátt haft löngun til þess að kynna sér þessa hluti, þeir hafi haft einhverja tilfinningu fyrir því, að saga þessara mála væri ekki sem allra skemmtilegust fyrir þeirra eigin flokk. Og það, sem vekur athygli, er, að í þessum umr. taka engir af hálfu Framsfl. til máls aðrir en þeir, sem eru tiltölulega nýkomnir á þing, ekki einn einasti af þeim mönnum, sem hér hafa setið kannske áratugum saman. Þeir eru miklu skynsamari en það, að þeir vilji standa hér upp til þess að deila á þessa embættisveitingu. Þeir vita, hvað hefur skeð.

Ég sé, að það er senn komið að lokum þessa fundartíma. Ég vil aðeins segja þetta: Þær árásir, sem gerðar hafa verið á hæstv. dómsmrh. í sambandi við þetta mál, eru með þeim hætti, að allt fólk, sem lítur á þetta frá réttu sjónarmiði, skilur, hvers vegna þessar árásir eru gerðar. Hæstv. dómsmrh. er þekktur í íslenzku þjóðlífi fyrir störf sín, hvort heldur er hér á Alþ. eða annars staðar, og hann er alls staðar þekktur að þeim fyrir réttsýni og fyrir dugnað. Þessi maður hefur í dag og í gær hlotið ámæli, sem hann á alls ekki skilið, og ég er sannfærður um það, að þegar þessir menn fara nú á annað borð að athuga, hvernig þessum málum er tekið hjá fólki, munu þeir komast að raun um, að hann nýtur ekki síður, heldur meira trausts hjá almenningi eftir þessar árásir heldur en fyrir.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það hefur verið deilt svo hart á dómsmrh. í þessum umr., að mér finnst rétt að byrja þessa ræðu með því að segja um hann nokkur viðurkenningarorð, þó að þau verði að sjálfsögðu ekki sögð í sambandi við þá embættisveitingu, sem hér hefur verið mest rætt um. En ég hygg, að hæstv. dómsmrh. megi eiga það, að hann sé einn af vöskustu málsvörum Sjálfstfl., og hafi aldrei hlíft sér á þeim vettvangi, þegar hann hefur talið þörf á því að láta til sín taka. En þrátt fyrir það hefur það atvikazt þannig í þessum umr., að hann hefur mjög lítið látið til sín heyra, aðeins einu sinni, en aftur á móti hefur annar

ráðh. farið þar fram fyrir skjöldu og látið þetta mál alveg sérstaklega til sín taka. Ég held, að það sé augljós skýring á þessu, að sá ráðh., sem þetta hefur gert, hæstv. forsrh., telur þetta mál vera sér sérstaklega skylt, sérstaklega persónulega náskylt, og þess vegna heyrir það fyrst og fremst undir hann að halda hér uppi vörnum. Og þetta er líka rétt, eins og hefur komið fram í grein, sem Jón Finnsson fulltrúi í Hafnarfirði hefur skrifað, og víða hefur komið fram, að þetta mál er hæstv. forsrh. alveg sérstaklega, persónulega náskylt, og menn vita, að hann á þess vegna mikinn þátt, ef ekki meginþátt í þessari embættisveitingu, og því er eðlilegt, að hann komi hér fram fyrir skjöldu dómsmrh. og taki fyrst og fremst á sínar herðar að verja þetta mál. Og ég held, að þetta nægi til þess, að hæstv. forsrh. ætti ekki að gera mikið að því að óska eftir, að bent sé á, að hann hafi haft persónuleg áhrif á embættisveitingar. Ég held, að þetta mál og framkoma hans hér í þingi í sambandi við það sanni það alveg fullnægjandi. Þetta mál er honum mjög persónulega náskylt. Hann hefur þess vegna haft megináhrif á þessa ákvörðun og telur þess vegna nauðsynlegt eða eðlilegt, að hann taki að sér aðalvörnina í málinu.

Hæstv. forsrh. hefur gert mikið að því í þessum umr. að ásaka aðra fyrir það, að þeir séu með róg, dylgjur, ósannindi og þar fram eftir götunum. Ég held, að það verði samt niðurstaða þeirra, sem hafa fylgzt með þessum umr., að enginn hafi gengið lengra í þeim efnum en ráðh. sjálfur, og ég ætla aðeins að nefna eitt dæmi því til sönnunar, sem varpar glöggu ljósi yfir það, hvernig hans málflutningur er í þessum efnum. Hæstv. ráðh. fór þeim orðum hér áðan um einn af hæstaréttardómurum landsins, að það hefði verið betra fyrir sæmd Íslands, að hann hefði ekki verið skipaður í hæstarétt á þeim tíma, sem það var gert. Ég held, að það sé erfitt að komast lengra með stráksleg dylgjur heldur en segja það um einn af hæstaréttardómurum landsins, að það hafi verið betra fyrir sæmd Íslands, að hann hefði ekki verið skipaður í embættið á þeim tíma, sem það var gert. Og ég held, að það sé leitun á þeim forsrh., sem mundi leyfa sér slíkt orðalag um mann, sem skipaði eitt virðulegasta og mikilvægasta dómaraembætti landsins. Forsrh. verða að gera sér ljóst, að þeir verða að temja sér annað tungutak en götudrengir, og það er meira tekið eftir því, sem þeir segja, heldur en því, sem götudrengir kunna að láta sér um munn fara. Þetta orðalag og þessar dylgjur hæstv. forsrh. eru fyrir neðan allar hellur, og ég trúi ekki öðru en við nánari athugun taki hann aftur þann þunga áfellisdóm, sem hann hefur fellt um Gizur Bergsteinsson með þessu orðalagi sínu. Það er alveg ósæmilegt, án nokkurs rökstuðnings, sem hæstv. forsrh. hafði ekki fram að færa áðan í sambandi við þetta mál, að fella slíkan sleggjudóm um einn af hæstaréttardómurunum. Það er að sjálfsögðu ekki til þess að auka virðingu og álit þessa mikilvæga réttar, að yfirmaður ríkisstj. skuli fara slíkum orðum um einn af þeim mönnum, sem skipa sæti í hæstarétti.

Það er annað dæmi um það, hvernig hæstv. ráðh. heldur á sannleikanum í sínum málflutningi, að hann hefur hvað eftir annað verið að hamra á því, að Hermann Jónasson sé sá ráðh., sem lengst hafi geymt embætti samanlagt. Ég hygg, að hæstv. forsrh. viti þó ákaflega vel, að það er annar ráðh., sem hefur geymt embætti lengur samanlagt heldur en Hermann Jónasson. Ég hygg, að hann þurfi ekki annað en líta til sessunautar síns, hæstv. utanrrh., og komist þá að raun um, að það er hann, sem á metið í þessum efnum, en ekki Hermann Jónasson, því að ég hygg, að utanrrh. hafi bæði geymt sér embættið, þegar hann var ráðh. á árunum frá 1944—1949, og svo aftur síðan hann varð ráðh. á nýjan leik síðan 1958. En þetta er aðeins ljóst dæmi um málflutning hæstv. forsrh. Hann kemur með alls konar fullyrðingar, sem hann heldur að passi í kramið hjá sér, þó að hann viti, að hann fari ekki með rétt mál, því að þetta atriði hefur hann hlotið að kynna sér, áður en hann kom með slíkar fullyrðingar eins og þessar.

Annars er þetta í sambandi við Hermann Jónasson og geymslu hans á embættum gott dæmi um það, hvernig lagnir gróusagnarsmiðir haga sínum málfluningi, því að þessi 11 ár, sem eru fengin hjá Hermanni Jónassyni, eru fengin með þeim hætti, að það er slengt saman allmörgum ráðherratímabilum, sem hann hefur gegnt ráðherrastörfum, en þess ekki gætt, að í hvert einstakt skipti er tíminn að sjálfsögðu miklu styttri, sem geymslan á embættinu hefur átt sér stað, eða m. ö. o., að Hermann Jónasson, ef svo mætti segja, hefur aldrei geymt embætti lengur samfellt en í 5 ár, og sá tími hefði þó orðið styttri, ef ekki hefði þannig staðið á á þeim tíma, að því embætti, sem hann gegndi, var verið að skipta í tvennt, og það tafðist nokkuð á Alþ., að sú skipting færi fram, en strax þegar henni var lokið, þá var sá maður, sem hafði verið settur í embættið, látinn halda því áfram og ekki aðeins sem settur, heldur sem skipaður.

Það, sem hefur gerzt þess vegna í sambandi við geymslu Hermanns Jónassonar á embætti, og það er það, sem sker úr í þessu máli, er, að það hefur verið litið þannig á, að þegar viss embættismaður væri búinn að vera settur í slíkt embætti, sem ráðh. gegndi, ákveðinn tíma og ráðh. tæki það ekki sjálfur að nýju, ætti sá maður, sem hefði verið settur í embættið, að ganga fyrir og fá það. Það var þetta, sem átti sér stað, þegar Jónatan Hallvarðsson var settur í embætti sakadómara.

En það, sem er vitanlega höfuðatriðið í sambandi við það mál, sem hér er til umr., er, að sá maður, sem var búinn að gegna viðkomandi embætti jafnlengi og raun bar vitni um og þegar viðkomandi ráðh. tók ekki við þessu starfi að nýju, átti sá embættismaður, sem hafði gegnt starfinu svo langan tíma, að halda því og fá fulla skipun. Það er það fordæmi, sem Hermann Jónasson hefur gefið í þessum efnum og hæstv. ríkisstj. hefði átt að taka sér til fyrirmyndar.

En það, sem kom mér fyrst og fremst til að kveðja mér hljóðs að nýju, var það, að hæstv. ráðh. fór nú inn á þá braut að reyna að verja

embættisveitingar sínar. Þegar þetta mál var síðast til umr. hér í d., hafði verið deilt allhart á embættisveitingar ráðh., án þess að hann gerði nokkra tilraun til að svara þessu þá, heldur þvert á móti gerði það, sem hann gat, til þess að umr. um málið yrði lokið. Ráðh. fór mörgum orðum um það, að við framsóknarmenn þyrftum langan tíma til þess að undirbúa okkar málflutning, en mér virðist, að þetta eigi þó ekki síður við ráðh. sjálfan, því að hann hefur nú þurft tvo daga til þess að hafa sig upp í það að verja þessar embættisveitingar sínar, sem hann sagði þó í fyrstu ræðu sinni að hann væri reiðubúinn til að verja hvar og hvenær sem væri. Hann treysti sér ekki til þess að verja þessar embættisveitingar, þegar málið var hér síðast til umr., ætlaði þvert á móti að koma því til vegar, að það gengi þá áfram og hann kæmist hjá því að segja nokkuð. Vegna þess að einn af ráðh. hafði farið af fundi, tókst honum ekki að gera þetta, og eftir að hafa undirbúið sig í tvo daga kemur hann loksins fram með varnarræðu í sambandi við þessar embættisveitingar sínar. Og ég skal nú gera því, sem ráðh. sagði um þessi efni, nokkru nánari skil.

Ég ætla þá að víkja fyrst að því, sem hæstv. ráðh. sagði um sýslumanns- og bæjarfógetaembættisveitingar þær, sem hann hefði framkvæmt. Hann vildi einkum hafa sér það til afsökunar í því sambandi, að ef væri farið í gegnum þær umsóknir, sem hefðu komið viðkomandi þau embætti, kæmi kannske í ljós, að hann hefði ekki framið svo mikla hlutdrægni. Ég hef alls ekki lagt neina vinnu í það að kynna mér þessar umsóknir, vegna þess að *ég álít*, að þær *hafi* ákaflega litlu máli skipt af þeirri einföldu ástæðu, að svo að segja í hvert einasta skipti hefur það verið vitað fyrir fram, að það var búið að ráðstafa embættinu, og þess vegna þýðingarlaust fyrir menn að vera að sækja um það, og þess vegna hafa umsóknirnar yfirleitt verið sárafáar eða engar í flest skiptin, því að menn eru ekki að ómaka sig til þess að vera að sækja um embætti, sem þeir vita, að búið er að ráðstafa fyrir fram, og þess vegna er þýðingarlaust að vera að senda nokkrar umsóknir. En það er þetta, sem menn hafa vitað svo að segja undantekningarlaust í sambandi við allar þær embættisveitingar, sem þessi ráðh. hefur haft með höndum. Það, sem hefur skorið úr og verið sérstaklega einkennandi í sambandi við allar umræddar embættisveitingar ráðh., er það, að fyrsta og aðalkrafan, sem hann hefur gert til þeirra, sem ættu að hljóta þessi embætti, er sú, að þeir væru færir til þess eða líklegir til þess að geta orðið forustumenn Sjálfstfl. í viðkomandi umdæmi. Það hefur verið regla nr. 1, sem þessi hæstv. ráðh. hefur lagt á hæfni þeirra manna, sem um þessar stöður hafa sótt. Hæstv. ráðh. var að reyna að halda því fram, að þessir menn, sem hér ræðir um, hefðu verið valdir til þess, eftir að þeir komu í héruðin, að vera þar í forustu fyrir Sjálfstfl., þeir hefðu unnið sér slíkt traust, að þeir hefðu verið valdir til þess að hafa þessa forustu með höndum, eftir að þeir komu í héruðin. Hæstv. ráðh. veit, að þetta er algerlega rangt. Hann veit, að í langflestum tilfellum hefur verið búið að ákveða *fyrir fram*, að þessir menn ættu að verða frambjóðendur og forsvarsmenn Sjálfstfl. í þessum umdæmum og þeir hafa fyrst og fremst verið valdir með það fyrir augum. Hér var ekki um neitt að ræða, sem var ákveðið eftir á, heldur það, sem var ákveðið fyrir fram. Þetta veit ég, að hæstv. ráðh. kannast vel við með sjálfum sér, þó að hann vilji ekki játa það opinberlega. Og það er frá þessu sjónarmiði, sem ég og aðrir hafa deilt á embættisveitingar hæstv. ráðh. eða veitingar hans á sýslumannsembættum og bæjarfógetaembættum, að hann hefur gert það að aðalreglu, að þessir menn uppfylli ekki aðeins skilyrði fyrir prófum, ekki aðeins að það væru flokksmenn hans, heldur að þeir væru líklegir til þess að geta orðið forustumenn Sjálfstfl. í viðkomandi umdæmi. Það hefur verið regla nr. 1, og það er sú regla, sem er fordæmanleg og ekki á að viðgangast. Það er þess vegna, sem þarf að koma nýrri skipan á veitingarvaldið í sambandi við dómaraembættin, að það verði hætt að veita þessi embætti með það sem meginreglu, að þessir menn verði pólitískir forustumenn. Það á miklu frekar að taka upp þá stefnu, að þessir menn, sem gegna þýðingarmiklum dómarastörfum, hafi ekki afskipti af stjórnmálum. Það er alveg sama, hve mikið hæstv. ráðh. talar um þetta, hve mikla vafninga og útúrsnúninga hann hefur með höndum, þá getur hann aldrei varið það að hafa tekið upp þessa reglu í sambandi við umræddar embættisveitingar, að leggja á það meginákherzlu, að viðkomandi menn yrðu fyrst og fremst pólitískir forustumenn, og það hefði verið lögð enn meiri áherzla á það heldur en að *þessir menn sinntu fullkomlega sínum* dómarastörfum, því að það gefur auga leið, að það er mjög erfitt fyrir menn, sem mikil pólitísk störf hvíla á, að sinna slíkum embættum sem skyldi.

Ég hygg, að það, sem ég hef nú sagt, sýni fullkomlega, að það stendur alveg óhrakið eftir ræðu hæstv. forsrh. áðan, sem hefur verið sagt um hans embættisveitingar og vegna hvers þær hafa verið fordæmanlegar.

Ég ætla þá að víkja að því, sem hæstv. ráðh. sagði um hæstarétt og þann samanburð, sem hefur verið gerður á embættisveitingum hans og Hermanns Jónassonar. Ráðh. hóf ræðu sína með því að ætla að gera mikið veður út af því, hvernig Hermann Jónasson hefði valið þá Þórð Eyjólfsson og Gizur Bergsteinsson í hæstarétt. Hann gaf það í skyn, að *því er manni virtist*, að til þess að koma þeim í réttinn hefði Hermann Jónasson beitt hinum fyllstu yfirtroðslum, að því er manni jafnvel skildist, þótt það kannske hefði ekki verið sagt beint hjá hæstv. forsrh., að Hermann Jónasson hefði framið lagabrot með því að koma þeim þarna í hæstarétt, og það var mikið, að hæstv. ráðh. skyldi ekki segja, að hann hefði framið stjórnarskrárbrot, þegar hann átti þátt í því, að tveir gamlir dómarar hættu þar störfum og stöður þeirra væru auglýstar. Það hefði verið í fullu samræmi við málflutning hæstv. forsrh. að segja, að Hermann Jónasson hefði framið hér stjórnarskrárbrot, af þeirri einföldu ástæðu, að þegar Hermann Jónasson tók þessa ákvörðun um að æskja þess, að þessir tveir menn hættu störfum,

fór hann eftir orðalagi og fyrirmælum sjálfrar stjórnarskrárinnar, því að í stjórnarskránni hefur um langa hríð verið svo ákveðið sérstaklega um þá menn eða þá dómara, sem ekki gegna umboðsstörfum, en þar er vitanlega fyrst og fremst átt við hæstaréttardómara, að þeir megi biðjast lausnar, þegar þeir eru orðnir 65 ára, og það megi láta þá biðjast lausnar, þegar þeir eru komnir á þann aldur. Þetta sérstaka ákvæði hefur gilt um dómara í stjórnarskránni frá fyrstu tíð, og sýnir það, að menn hafa jafnan litið svo á, að það ættu að gilda alveg sérstakar reglur um dómara og það ætti að gera aðrar og meiri kröfur til þeirra í þessum efnum en annarra embættismanna. Það hafa líka ýmsir menn, sem hafa átt sæti í hæstarétti, notfært sér þetta ákvæði stjórnarskrárinnar. Forsrh. skýrði sjálfur frá því, að Þórður Eyjólfsson hefði notað sér þennan rétt og óskað eftir að láta af störfum, áður en hann væri 70 ára. Og ég heyrði ekki annað en ráðh. teldi, að það væri mjög rétt ráðið. Ég get bent honum á annan dómara, sem óskaði eftir því að láta af störfum í hæstarétti 65 ára gamall. Það var einn snjallasti lögfræðingurinn, sem þar hefur setið, Einar Arnórsson. Það hefur þess vegna verið þar ríkjandi álit í sambandi við þessi mál, að það væri ekki óeðlilegt, að menn létu af störfum í hæstarétti, áður en þeir hefðu náð hámarksaldri sem opinberir starfsmenn. Og það var í samræmi við þetta sjónarmið, sem Hermann Jónasson óskaði eftir áðurnefndri breytingu. Hvernig tókst svo þessi breyting hjá Hermanni Jónassyni? Hvernig tókst sú breyting að láta þá taka þarna við dómarastörfum, Gizur Bergsteinsson og Þórð Eyjólfsson? Það tókst með þeim hætti, að ég held, að það sé alveg óhætt að fullyrða, að hæstiréttur hefur aldrei notið meira álits og trausts en á þeim tíma, síðan þessir menn komu í réttinn og hafa átt mikinn þátt og jafnvel meginþátt í að móta starf réttarins.

Ég held, að það sé erfitt að benda á embættisveitingar, sem hafa gefizt öllu betur en þessar tvær, og þess vegna kem ég enn að þeirri fjarstæðu og fordæmi þá fjarstæðu, sem kom fram hjá hæstv. forsrh. hér áðan, þegar hann var að láta sér um munn fara, að það hefði verið betra fyrir sæmd Íslands, að Gizur Bergsteinsson hefði ekki verið skipaður hæstaréttardómari á þeim tíma, sem hann var skipaður í þá stöðu. Störf Gizurar Bergsteinssonar í réttinum hafa verið með þeim hætti, að þessi ummæli forsrh. eru hin fordæmanlegustu, ég vil segja: ein hin allra fordæmanlegustu, jafnvel fordæmanlegustu, sem hafa verið sögð hér á Alþ. um ágætan embættismann, sem gegnir mjög mikilvægri stöðu í þágu þjóðarinnar og verðskuldar allt annan dóm en þann, sem hæstv. ráðh. hefur hér kveðið upp. Og ég vil þess vegna líka vænta þess, að forsrh. reynist sá drengur að taka þessi ummæli sín aftur og segja, að hér hafi hann ofsagt. Hann mundi vaxa af því, ef hann gerði það.

Ég kem þá að veitingu hæstv. forsrh. á embætti hæstaréttardómara, þeirri einu slíkri veitingu, sem hann hefur gert, að því er ég bezt man. En það var þegar hann skipaði Lárus Jóhannesson til þess að taka sæti í hæstarétti og tók hann fram yfir annan mann, sem um embættið sótti á sama tíma, Theódór Líndal. Fyrst hæstv. ráðh. hefur óskað eftir umr. um þessa embættisveitingu, tel ég sjálfsagt að verða við tilmælum hans um það og læt þá strax uppi það álit mitt, að ég álít, að undir þessum kringumstæðum hefði verið sjálfsagt og eðlilegt, að það hefði verið Theódór Líndal, sem hefði verið valinn í stöðuna. Og ég skal gera hæstv. ráðh. í stuttu máli grein fyrir þeirri niðurstöðu minni. Það er ekki vegna þess, að ég hafi ekki eins miklar mætur á Lárusi Jóhannessyni. Ég þekki hann nokkuð persónulega, og ég tel hann mætan mann. Ég tel einnig, að Lárus Jóhannesson hafi verið fær lögfræðingur, og ég hef einnig þá skoðun á Lárusi Jóhannessyni, að hann hefði viljað vera sannsýnn í dómarastörfum. En um þá menn, sem fást við ýmisleg fjármálastörf, vilja jafnan myndast ýmsar sögur, hvort sem þær eru réttar eða rangar, sögur, sem eru slíks eðlis, að það er ekki heppilegt, að þær fylgi mönnum, sem skipa slíka stöðu eins og hæstaréttardómarastaða er. Og ég álít, að það hafi verið vegna þessara starfa Lárusar Jóhannessonar, sem ekki var heppilegt að skipa hann dómara í hæstarétti. Og ég hygg líka, að það hafi komið í ljós svo glöggt sem verða má, að þetta reyndist ekki heppilegt. Af þessum ástæðum var ekki rétt undir þessum kringumstæðum að taka Lárus Jóhannesson fram yfir Theódór Líndal, eins og hæstv. forsrh. gerði, eins og líka kom á daginn. Og það held ég, að öllum sé ljóst, ekki síður flokksbræðrum ráðh. en öðrum, að það, sem réð úrslitum um þetta embættisveitingu hans, það, sem réð úrslitum um það, að hann tók Lárus Jóhannesson fram yfir Theódór Líndal, var það, að hann var náinn pólitískur samherji hans, hafði verið náinn pólitískur samherji hans um langan aldur, hafði lengi verið þm. Sjálfstfl., hafði af mikilli trúmennsku unnið fyrir Sjálfstfl., og það var talið rétt af flokknum að verðlauna hann fyrir þetta starf með því að gera hann að hæstaréttardómara, sem reyndist svo síðar hreinn bjarnargreiði við hann. Og ég álít, að það sé með öllu fordæmanlegt, þegar pólitísk sjónarmið eru þannig látin ráða því, hvernig menn eru valdir í hæstarétt.

Ég held, að ég geti látið það nokkurn veginn nægja um embættisveitingar hæstv. ráðh., sem ég nú hef sagt. Ég held, að það liggi líka alveg nægilega ljóst fyrir, að með veitingum sínum á sýslumanns- og bæjarfógetaembættum hefur hann brotið eðlilegar reglur með því að láta flokkssjónarmiðin jafnan vera efst og láta það ráða úrslitum um það, hvaða menn væru valdir til þessara starfa, að hann gæti komið upp pólitískum forustumönnum úti um landið. En hitt er svo annað mál, sem óþarft er að ræða hér, að í mörgum efnum hefur þetta ekki tekizt eins vel hjá hæstv. ráðh. og hann hefur stefnt að. Þessir menn hafa ekki orðið eins miklir forustumenn og hann hefur gert sér vonir um. En það er önnur saga. Tilgangur ráðh. hefur eigi að síður verið hinn sami fyrir það.

Áður en ég lýk því að ræða um embættisveitingar hæstv. ráðh., vil ég einnig endurtaka það, að ég held, að það liggi nægilega ljóst fyrir af því, sem ég nú hef sagt, hversu stórum betur Hermanni Jónassyni hafa tekizt embættisveit-

ingar heldur en honum og þó alveg sérstaklega í sambandi við veitingu á embættum hæstaréttardómara. Sá samanburður er eins glöggur og verða má og eins hagstæður Hermanni Jónassyni og verða má.

En svo að ég víki nokkuð að efni þess frv., sem hér liggur fyrir, og því, sem hefur verið um það rætt, held ég að mönnum hljóti að verða það ljósara eftir þessar umr. en áður, að það er ekki heppilegt fyrirkomulag, að geymsla á embættum eigi sér stað um langan aldur. Það er sennilega ekki óeðlilegt, þegar maður tekur að sér ráðherrastöðu, að hann geti fengið geymt embætti, sem hann víkur úr, í einhvern tiltekinn tíma. En það á ekki og má ekki vera langur tími, því að það getur í mörgum tilfellum gengið út yfir það embætti, sem um er að ræða, vegna þess að settan mann brestur ýmis skilyrði til þess að fullnægja stöðunni eins vel og sá maður, sem hefur skipun, og ekki sízt á það við um dómara, og auk þess eru takmarkaðar líkur til þess, að maður, sem búinn er að gegna lengi ráðherrastöðu og á svo að fara í sitt gamla embætti aftur, verði jafnhæfur til þess að gera það og hann áður var. Það hefur skapazt þarna visst tímabil í lífi hans, sem hefur slitið hann úr sambandi við sitt gamla starf, og það er mjög vafasamt, ef langur tími líður, að honum takist að ná þessu sambandi aftur. Ég held, að það eigi þess vegna að vera föst regla í sambandi við geymslu á embættum, þegar um ráðh. er að ræða, að hún standi aldrei lengur en gert er ráð fyrir í þessu frv., eða í 4 ár, og þá mundi þetta verða þannig, að þegar ráðh. væri búinn að gegna ráðherraembætti í 4 ár, eða eitt kjörtímabil, og ef svo færi, að hann héldi ráðherradómnum áfram að afloknum kosningum, þyrfti hann að gera það upp við sig, hvort hann hyrfi aftur í sitt gamla embætti ellegar hvort hann héldi áfram ráðherrastörfum, ef hann ætti kost á því. En í lengri tíma á ekki að mega geyma embætti vegna ráðh. heldur en í mesta lagi í 4 ár, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég held, að það ætti að liggja nokkurn veginn ljóst fyrir eftir þessar umr. og þess vegna ætti að geta tekizt samkomulag um þetta frv., hvað sem líður svo ágreiningi um það mál, sem hér hefur fyrst og fremst verið rætt, og um það mál ætla ég að segja nokkur orð, áður en ég lýk máli mínu, en það er veiting bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði.

Ég held, að það sé miklu ljósara og er tvímælalaust miklu ljósara eftir þessar umr. en það var áður, að hér hefur verið framinn hinn mesti óréttur, að hér hafi verið gengið fram hjá þeim manni, sem tvímælalaust var hæfastur og sjálfsagðastur til þess að hljóta embættið, hæfastur og sjálfsagðastur af þeirri einföldu ástæðu, að hann hafði orðið meiri reynslu í sambandi við þennan embættisrekstur heldur en nokkur hinna umsækjendanna. Hann var um langt skeið búinn að gegna langstærsta embættinu af þeim og hafði af þeim ástæðum öðlazt langsamlega mesta reynslu. Og því til viðbótar hafði ríkisstj. alveg sérstakar skyldur við þennan mann, vegna þess að hann var búinn fyrir sérstök tilmæli hennar og vegna sérstakra ástæðna hennar að gegna þessu embætti settur um jafnlanga hríð og raun bar vitni um, og það átti, þótt ekki væri um annað að ræða, að tryggja honum fullan rétt til stöðunnar, þar sem hann hafði líka rækt þetta starf með sérstökum ágætum. Og því hefur ekki verið hrundið í þessum umr. af þeim, sem hafa reynt að verja veitinguna, að hann hafi verið sá maðurinn, sem hafði mesta reynslu til að gegna stöðunni svo að vel væri, og það hefur ekki heldur verið hrakið í þessum umr., að sá maður, sem fékk stöðuna, hafi haft minnstu skilyrðin til að fá hana af þeim, sem um hana sóttu. Það hefur ekki verið hægt að benda á rök í þessum umr., að maður, sem með miklum ágætum hafi verið búinn að gegna einhverri stöðu í nærri 10 ár, hafi verið látinn víkja úr henni. Það er ekki hægt að finna neitt dæmi hliðstætt því. Þess vegna er hér um alveg einstæðan verknað að ræða, einstæðan verknað og óverjandi, og þess vegna mundi það mælast bezt fyrir og vera það skynsamlegasta, sem þeir, sem að þessu máli standa, gætu gert, að þeir hefðu hinn sama manndóm og Johnson Bandaríkjaforseti og fylgismenn hans, sem fyrir nokkru hættu við veitingu dómaraembættis, þegar þeim var ljóst, að þessi veiting mundi vekja mjög mikla andúð hjá almenningi og aðrir væru taldir hæfari til þess að hljóta þessa stöðu en sá maður, sem þeir ætluðu hana. Þess vegna vil ég láta það vera mín síðustu orð að þessu sinni að skora á þá menn, sem um þetta geta ráðið, að bregðast nú þannig við, að þetta mál leysist með sviputum hætti, og það mundi geta gerzt með þeim hætti, að sá maður, sem nú hefur hlotið þessa stöðu, gæfi hæstv. dómsmrh. kost á að skipa í hana að nýju, og ég hygg, að það væri það eina, sem mundi mælast vel fyrir hjá almenningi og verða þau málalok, sem allir ættu vel að geta við unað.

Ég vil þess vegna beina þeirri áskorun til þeirra manna, sem hér eiga hlut að máli og ráða þessu máli, að þeir taki það til nýrrar íhugunar á þessum grundvelli. Það mundi auka sæmd þeirra. En að láta ósvífnina og ofurkappið ráða, eins og nú er stefnt að, það mun verða þeim til ævarandi álitshnekkis.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, 5. þm. Reykv., hafði orð á því í byrjun ræðu sinnar áðan, að ég hefði ekki haft mig mikið í frammi í þessum umr. Þeir, sem hlustuðu á þessa síðustu ræðu hans, skilja auðvitað ósköp vel, að ég hef ekki talið mikla þörf á því að hafa mig mikið í frammi.

Ég hef gert ýtarlega grein fyrir minni afstöðu í sambandi við þær ádeilur, sem bornar hafa verið á mig. Ég hef ekki, eins og þessi hv. þm., talið nauðsynlegt að koma aftur og aftur og tyggja upp það sama mörgum sinnum í mörgum ræðum. Ég ætlast til þess, að þm. hafi yfirleitt þá dómgreind, að það þurfi ekki að segja nema einu sinni við þá sama hlutinn, og ég er viss um, að þeim finnst það a. m. k. miklu skemmtilegra, ef þessi hv. þm. hefði talað svolítið minna og svolitið sjaldnar, því að efni stóðu ekki til þess að halda þessa ræðu, sem hann hefur haldið.

Svo vil ég segja annað í sambandi við þessa ræðu hv. 5. þm. Reykv., að mér finnst ekki, að

þm. megi lítilsvirða aðra þm. á þann hátt, sem hann gerði, með því að vitna í ræðu, sem nýlega er búið að flytja í þinginu og í áheyrn okkar allra, og segja efni hennar allt annað en það er, fara ekki aðeins með útúrsnúninga, heldur bein ósannindi. Hæstv. forsrh. lagði ríka áherzlu á, að hann vildi ekki, að sín orð skildust á neinn hátt sem áfellisdómur um Gizur Bergsteinsson og Þórð Eyjólfsson, heldur þvert á móti viðhafði mjög sterk orð til hóls og heiðurs báðum þessum mönnum. Samt sem áður kemur þessi hv. þm., þegar hann er búinn að fara heim og fá sér kvöldmat, matarbita, og fer að segja okkur hér, að hæstv. forsrh. hafi sagt allt annað en hann sagði. Það er til skammar að bjóða þm. að hlusta á slíkt.

Það hefur verið talað um oft og mörgum sinnum, að embættisveitingin í Hafnarfirði, sem hér hefur mest verið rædd, sé einsdæmi og það sé ekki hægt að benda á neitt líkt. Menn hafa ruglað algerlega saman því, hvað hér er einsdæmi. Skipunin er ekkert einsdæmi í þessu sambandi. Hitt er alveg rétt, að það er einsdæmi, að einn og sami maðurinn hafi setið jafnlengi settur í embætti, umfangsmiklu embætti, eins og hér er um að ræða. Mér er alveg ljóst, að menn geta haft mismunandi skoðanir á því, hversu ríkan, meiri eða minni rétt slíkt skapi þessum manni til embættisins umfram aðra, og um það hafa menn mismunandi skoðanir. Við höfum innan ríkisstj. á þessu mismunandi skoðanir, eins og fram hefur komið. Hæstv. utanrrh. hefur gagnstæða skoðun á því við mig, og höfum við báðir gert grein fyrir okkar sjónarmiðum. En það er ekkert einsdæmi, að skipaðir séu í embætti aðrir menn en settir hafa verið í þau. Hitt er einsdæmi, sem hér er um að ræða, hversu þessi setti embættismaður hefur lengi einn setið í embættinu. Það hefur hins vegar verið talað um skipunina bæði hér af hv. þm. og eins í blöðunum sem einsdæmi í siðleysi, einsdæmi í ranglæti, og rithöfundur sunnudagspistla í Tímanum, sem sumir renna nú grun í, hver muni vera, taldi, að þetta væri slíkt einsdæmi í siðleysi, að annað eins hafi aldrei skeð, eftir að stjórnin færðist inn í landið upp úr aldamótunum.

Þessu hef ég vísað á bug, og þetta fær ekki staðizt. Að mínum dómi er það, eins og ég hef sagt, ekki rétt að láta slíkt ráða eins miklu um skipun embættis og menn vilja vera láta, vegna þess að með því er gengið fram hjá aðstöðu manna til þess að sækja um embættið, annarra lögmanna, sýslumanna og bæjarfógeta til þess að koma til greina, þegar slíkt embætti losnar, eins og hér er um að ræða, og þegar í það er skipað.

Ef ætti að framfylgja skilningi þeirra, sem hér hafa ávítað mig, hv. stjórnarandstæðinga margra, er auglýsingin að þeirra dómi algert formsatriði, og samkvæmt því ætti sá embættismaður, sem settur er í embætti, ekki í raun og veru af veitingarvaldinu, heldur af þeim fyrrv. bæjarfógeta og sýslumanni, allan rétt til embættisins. Það er þessi tvímælalausi siðferðilegi réttur, sem talað er um að ráða skuli, sem ég get ekki fallizt á. Þetta er það, sem menn getur að sjálfsögðu greint á um, hvort mín skoðun sé réttari en þeirra, að hafa ekki valið þennan mann. En hitt fær ekki staðizt, að með því móti sýni ég á nokkurn hátt neitt sérstakt ranglæti eða yfir höfuð nokkurt misrétti og það af síður siðleysi.

Hv. flm. þessa frv., sem hér liggur fyrir til umr., talaði hér á fundinum fyrr í dag. Þar segir hann, að ég hafi játað, að það hafi verið kunningsskapur minn við Einar Ingimundarson, sem hafi ráðið því, að ég veitti honum embættið. Tíminn hafði fundið þetta út, hann setti þetta á forsíðu blaðsins, þegar hann sagði frá umr., sem hér áttu sér stað á mánudaginn var, í þriðjudagsblaðinu. Nú er ekki aðeins það, að þessi hv. þm. hafi glæpzt á því að trúa Tímanum, það var auðvitað höfundurinn að þessu, hv. 5. þm. Reykv., sem talaði hér áðan. (Gripið fram í.) Nú, er það kannske hv. 4. þm. Reykn. sjálfur? (Gripið fram í: Já.) Ég bið hv. 5. þm. Reykv. afsökunar. En þá er það hv. 4. þm. Reykn. sjálfur, sem er höfundurinn að þessu, eins og þessu var nú líka fallega stillt upp í blaðinu með myndinni af honum sjálfum, og líklega hefur hann þá ráðið því líka, hvað klisjan var stór. En hann les hér sjálfur upp úr ræðu minni það, sem ég segi, að mér detti ekki í hug að halda, að kynni mín af Einari Ingimundarsyni, kynni mín af því, hvernig hann hafi rækt sitt embætti, og kynni mín af því, hvernig hann hafi rækt sína þingmennsku, hafi ekki haft áhrif á embættisveitinguna, enda ætti það að hafa áhrif á hana. Og svo er sagt, að ég hafi játað, að kunningsskapur minn við Einar Ingimundarson hafi ráðið úrslitum.

Eins og hæstv. forsrh. sýndi fram á áður, þá er auðvitað kunningsskapur og kynni af verkum sitt hvað, og ég hef margháttuð kynni af þm. hér, alveg eins og hann vék að, án þess að á milli okkar sé nokkur kunningsskapur. Það hlýtur að vera nokkuð hæpinn málstaður þeirra, sem gera sig seka um slíkan málflutning. Maður hlýtur að hafa leyfi til þess að álykta, að þegar farið er út í þá sálma beinlínis að falsa ræður þm., verandi með þær milli handanna og falsa þær samt, og hælast svo yfir því að hafa sett falsið á prent í þokkabót, þá sé málstaðurinn meira en lítið bágborinn.

Nei, sannleikurinn er sá, að mér hefur ekki fundizt af þessum umr., sem þó hafa verið nokkuð miklar og langar, að það væri mikil þörf fyrir mig að gera frekar grein fyrir mínu máli en ég hafði gert í upphafi þessa máls, og ég er sannfærður um, að þm. hefur orðið alveg ljóst í þessum umr., að allar getsakirnar og ásakanirnar og brigzlin í minn garð fyrir siðleysi og réttleysi og ég veit ekki hvað annað illt, sem um minn verknað hefur verið sagt, það fær með engu móti staðizt. Og ég þykist vera nokkuð öruggur um það einnig, að þeim öðrum utan þingsins, sem fylgzt hafa með þessu máli og hafa áhuga á því að fylgjast með því, muni einnig eftir þessar umr. betur skiljast, hversu mjög langt hefur verið skotið yfir markið í þeim ásökunum, sem ég hef verið borinn. Ég sagði við upphaf málsins, að mér þætti vænt um, að það gæfist tækifæri til þess að ræða þessa embættisveitingu hér í sölum þingsins, og þær umr.,

sem fram hafa farið, staðfesta það enn betur í huga mínum, að það var mjög gott fyrir mig, að mínum dómi, að þessar umr. hafa farið fram hér.

Ingi R. Helgason: Herra forseti. Ég hef nú talað tvisvar við þessa umr. og má ekki tala í þriðja sinn. Það er þakkarvert af forseta að leyfa mér að gera örfáar athugasemdir eða stutta aths., eins og hann orðaði það, og ég skal ekki syndga upp á náðina.

Það fer ekki fram hjá hv. þdm., hvernig þessar umr. í seinni tíð hafa sveigzt frá efni þess frv., sem liggur fyrir. Hér hafa klögumálin gengið á víxl, og fulltrúar Sjálfstfl. og Framsfl. hafa varla átt nógu sterk orð til að lýsa misferli hvor annars í embættisveitingum á Íslandi undanfarna áratugi. Það eru um einstaklinga gefin út sakavottorð, ef eitthvað er misjafnt um menn. Ég held, að þessir flokkar ættu að gefa út sakavottorð hvor annars í sambandi við embættisveitingar og forða mönnum hér á Alþ. frá að hlusta á þessar umr.

Hv. 1. þm. Reykn. (MÁM) sagði hér áðan, að það væri nauðsynlegt að hafa slíka baktryggingu í embættiskerfi landsins sem ráðherrarnir hefðu haft.

Það er gott, að hér kemur fram opinber talsmaður þess, að menn geymi sér embætti lon og don. Það vantar þá a. m. k. ekki kokhreystina. En þessi hv. þm. var með fordæmingu út af því, hvernig staðið hefði verið að veitingu héraðslæknisembættisins í Hafnarfirði, það hefði verið mætur maður á staðnum, sem hefði gegnt þessu embætti og sótt um skipun þess, þegar það hefur fallið laust til á nokkru árabili, en hann varð alltaf að víkja fyrir manni utan af landi, sem veitingarvaldið skipaði. Eftir að skýra frá þessu gerist hann talsmaður hins, að einmitt staðarmaður í Hafnarfirði, sem hefur setið í embætti þar í 10 ár, víki fyrir manni utan af landi af hálfu veitingarvaldsins.

Tilefni mitt til þessarar athugasemdar var raunar hitt, að hv. 1. þm. Reykn. vitnaði í mína fyrstu ræðu hér við umr. Hann sagði, að þar stönguðust á þau atriði í minni ræðu, að ég hefði talið vera annmarka á þessari stjórnarathöfn, þ. e. a. s. veitingu bæjarfógetaembættisins, að starfsaldursreglan hefði verið brotin, en ég hefði líka talið það annmarka á þessari embættisveitingu, að ekki hefði verið tekið nægjanlegt tillit til tilkalls Björns Sveinbjörnssonar sem setts bæjarfógeta svona langan tíma til þessa embættis.

Hér stangast ekkert á, og ég vil, án þess að endurtaka hlutina um of, rétt aðeins segja hv. þm., fyrst það hefur farið fram hjá honum, að ámæli mín vegna þessarar embættisveitingar voru þrenns konar. Fyrsta og alvarlegasta ásökunin var, að hér hefði verið farið eftir pólitískum sjónarmiðum við embættisveitinguna. Hér hefði verið valinn úr hópi þriggja ágætra dómara sá, sem var starfandi pólitíkus. Það þótti mér miður farið. Það var fyrsti og alvarlegasti annmarkinn á þessari embættisveitingu. En ég gat um hina báða, sem sagt þann, og ég taldi hann fyrr, að hér hefði verið vikið frá starfsaldursreglunni gagnvart Jóhanni Gunnari, og í þriðja lagi, þriðji annmarkinn, sem ég fann að þessari embættisveitingu, var sá, að ekki hefði verið tekið tillit til þess tilkalls, sem Björn Sveinbjörnsson átti sakir þessarar löngu setu í embættinu, nærfellt heilan áratug. (Gripið fram í.) Ég sagði hæstv. dómsmrh. það í minni ræðu. Hann hefði getað forðað sjálfum sér frá þessu pólitíska hneyksli, ef hann hefði valið Jóhann Gunnar. Þá hefði hann metið starfsaldur hans á við setualdur Björns Sveinbjörnssonar, og ég er ekki að fella neinn dóm um það, ef hann hefði valið Jóhann Gunnar, um það atriði, síður en svo, ég tek það fram, síður en svo. Mínar aðfinnslur að þessu eru af pólitískum toga. (Gripið fram í.) Ég vil ekki, að veitingarvaldið, — og nú hlær það, — ég vil ekki, að það fari eftir svokölluðum annarlegum sjónarmiðum, þ. e. a. s. pólitískum sjónarmiðum, í sambandi við veitingu embætta í landinu.

Hv. 1. þm. Reykn. hældi hér hæstv. dómsmrh., og ég get tekið undir það, að hvað mig áhrærir met ég dómsmrh. mikils. Hann er duglegur og mjög hæfur maður að mínu viti. En þótt svo væri, gæti honum sem öðrum ágætum mönnum yfirsézt, og það er það, sem hefur gerzt í þetta skipti, og mér er nær að halda eftir kapp hæstv. forsrh. að verja þessa stjórnarathöfn, að þá eigi hæstv. dómsmrh. minna í henni en margir álíta.

Ég er alveg að verða búinn með mína aths. og skal ekki flytja öllu lengra mál.

Ég ætlaði aðeins að víkja að einu atriði í ræðu hæstv. forsrh. hér áðan. Hann rakti, eins og ég sagði, mjög ljóta sögu, hvernig hæstaréttardómarar hefðu verið reknir úr embættum og hvernig sýslumenn hefðu verið skipaðir, ekki óverðugir, en á ólögmætan hátt o. s. frv. Það var ljót saga. En ég ætla bara að benda hæstv. forsrh. á, að það verður ekki sótt afsökun í þessa embættisveitingu með tilvitnun í ljóta sögu embættisveitinganna í landinu.

Hæstv. dómsmrh. flutti hér sína aðra ræðu við þessa umræðu hér áðan, og þar minntist hann ekki á áskorun mína í minni fyrstu ræðu um það að beygja sig fyrir almenningsálitinu í þessu máli og svo fyrir hinu, að hér er eftir yfirlýsingum fulltrúa þriggja þingflokka meiri hl. Alþ., sem hefur andúð á þessari stjórnarathöfn og fordæmir hana. Ég vil biðja hæstv. dómsmrh. að beygja sig fyrir þessum meiri hluta og almenningsálitinu.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég geri ráð fyrir, að þeim löngu umr., sem hér hafa staðið í 3 daga og tvívegis með framlengdum fundartíma, fari nú senn að ljúka.

Það, sem mér hefur fundizt mest einkennandi við þessar umr., er það, hvernig hæstv. ráðh. Sjálfstfl., sem hafa einir ráðh. á hv. Alþ. tekið að sér það erfiða hlutverk að verja þá stjórnvaldsráðstöfun, sem við höfum hér verið að ræða um undanfarna 3 daga, þ. e. a. s. veitingu embættisins í Hafnarfirði, hafa á allan hátt forðazt, eins og köttur, sem hleypur í kringum heitan graut, að koma að kjarna deiluefnisins. Hér á hv. Alþ. hefur maður gengið undir manns hönd með að krefja þessa menn svara við þeirri ein-

földu spurningu: Hvað er það, sem gerir Einar Ingimundarson hæfari hinum 2 umsækjendunum til þess að fá embættið í Hafnarfirði? Þetta hef ég spurt um í báðum þeim ræðum, sem ég hef flutt, og tvisvar, þrisvar í hvorri ræðu. Ég hef skorað á hæstv. ráðh. að upplýsa, hvað þessu hefði ráðið, og það eina, sem hefur komið fram, er það, sem ég las upp í ræðu minni áðan og tók orðrétt úr ræðu hæstv. dómsmrh. frá þriðjudeginum síðasta, þar sem hann lætur í það skína og fullyrðir raunar, að kynni sín af Einari Ingimundarsyni hafi verið sú ástæða, sem réð úrslitum um veitinguna á embættinu.

Ég ætla að koma lítillega síðar að þeim terminológíska orðaleik, sem hæstv. ráðh. hafði hér uppi áðan um muninn á kunnugleika og kynnum.

Mér fannst satt að segja ræða sú, sem hæstv. forsrh. hélt, bæði í dag og eins á þriðjudaginn var, vera í hæsta máta óviðeigandi fyrir mann í hans stöðu og honum til lítils sóma. Hann lagði sig sérstaklega í framkróka með að kasta háðsglósum, sérstaklega að okkur talsmönnum Framsfl., sem tekið höfum þátt í þessum umr., og var með alls kyns nafngiftir í því sambandi, eins og puntudrengir og að sumir okkar gætu samið sæmilega stíla, ef þeir fengju nægilegan tíma til þess. Hæstv. forsrh. metur að sjálfsögðu sjálfur, hvað honum finnst viðeigandi sem æðsta valdamanni þessa lands og hvað hann vill nota í pólitískum umr. hér á hv. Alþ., þegar rök þrjóta að öðru leyti, eins og svo greinilega hefur mátt heyra í þeim umr., sem hér hafa orðið. Hann hefur, hæstv. forsrh., í skaphita sínum velt sér upp úr fyrri misgerðum manna í embættisveitingum á undanförnum áratugum, eins og það væri umræðuefnið, sem við þyrftum að tala um. Hann hefur leyft sér í blaðagrein að stimpla alla þá mörgu menn af öllum flokkum sem iðkendur siðleysis fyrir að hafa leyft sér að mótmæla þessari embættisveitingu. Hann hefur leyft sér það frammi fyrir þeirri staðreynd, að 12 menn vinnandi við Hafnarfjarðarembættið, búnir að vinna þar svo að áratugum skiptir sumir hverjir, hafa sagt upp starfi sínu, sem þeim var orðið kært og vildu gjarnan halda áfram að vinna að, ef aðstæður hefðu frekast leyft það. Hæstv. forsrh. finnst það viðeigandi að kalla allt þetta fólk iðkendur siðleysis. Hann um það. En það er fleira en starfsfólkið við Hafnarfjarðarembættið, sem á þessa nafngift frá hæstv. forsrh. Hann kallar sömuleiðis hreppstjórana í Gullbringu- og Kjósarsýslu iðkendur siðleysis, og þó er honum fullkunnugt um það, að margir af þeim eru einlægir flokksmenn hans, sem eftir áratugalanga þjónustu við hann og flokk hans ættu annað skilið af honum en að fá þetta viðurnefni. En það eru fleiri, sem hæstv. forsrh. í baráttuáhuga sínum og viðleitni til þess að ná til sem flestra gefur þetta nafn. Hann gefur samstarfsmönnum sínum í ríkisstj., hæstv. ráðh. Alþfl., sömu nafngift. Hann telur þá einnig iðkendur siðleysis, og svo lítið er geð þessara hæstv. ráðh. Alþfl., að þeir taka þessu með þegjandi þögninni. Þeir hafa vart manndóm í sér til þess að bera af sér sakir, sem bornar eru á þá sjálfa af samstarfsmönnum í ríkisstj. Ég þarf ekki að tala um þá einstaklinga, sem verða fyrir þessu fleiri. Ég vil þó nefna nöfn eins og Árna Gunnlaugsson hrl., Jón Finnsson dómarafulltrúa um margra ára skeið, menn, sem allir, er til þekkja, viðurkenna, að eru drengskaparmenn fram í fingurgóma og fjarri lagi, að hægt sé að ætla, að þeir séu að ganga einhverra pólitískra erinda stjórnarandstöðuflokkanna á þingi, þegar þeir mótmæla embættisveitingunni í Hafnarfirði. Það eru fleiri en þessir Alþfl.-menn, annar þeirra er að vísu fyrrverandi Alþýðuflokksmaður, sem verða fyrir þessari nafngift hæstv. ráðh. Séra Garðar Þorsteinsson, flokksmaður Sjálfstfl. um marga áratugi, Magnús Jochumsson, sjálfstæðismaður um marga áratugi og einn af beztu pennum þessa lands, verða einnig fyrir þessari nafngift hæstv. forsrh. Það er eðlilegt, að hann sé hreykinn af frammistöðu sinni í þessu máli, og má mikið vera, eins og ég raunar gat um hér í dag og Ingi R. Helgason kom að hér áðan, ef forsrh. er með þessum ákafa sínum í baráttunni ekki að koma upp um það, hver er aðalmaðurinn, sem stendur á bak við veitinguna í Hafnarfirði, þó að formlega heyri hún undir dómsmrh.

Mér þótti dálítið undarlegt áðan, að eftir að ég og fleiri vorum búnir að spyrja hæstv. dómsmrh. ákveðinna, tiltekinna spurninga, sem við eigum þinglegan rétt á að fá svör við, þá skyldi hann ekki koma upp og svara þeim, og raunar gerði hann það ekki heldur hér áðan, en í þess stað kom upp hæstv. forsrh. og tók að sér vörn fyrir Jóhann Hafstein.

Ég verð nú að segja það, úr því að hæstv. forsrh. sá ástæðu til þess hér í umr. á þriðjudaginn að stimpla okkur ræðumenn Framsfl. sem puntudrengi Eysteins Jónssonar, og sennilega átti það að vera til lítilsvirðingar okkur og kannske Eysteini líka, að þegar ég heyrði í hæstv. forsrh. hér áðan, þar sem hann var að verja efnislega óverjandi ráðstöfun hæstv. dómsmrh. á embættinu í Hafnarfirði, þá varð mér hugsað um, að það væru kannske til puntudrengir í fleiri flokkum en í Framsfl.

Hæstv. forsrh. sagði áðan einnig eða skoraði á mig, hvort ég vildi fara í mál, stefna í máli til að fá skorið úr því, hvort veitingin á embættinu í Hafnarfirði væri ekki einhverjum þeim annmörkum háð lagalega, sem gætu gert hana ógilda fyrir dómstólum. Þetta hefði nú hæstv. fyrrv. prófessor í stjórnlagafræði ekki átt að segja, því að hann ætti þó öllum öðrum fremur að vita, að enga aðild að slíku máli gæti ég átt, og mér væri ómögulegt að koma slíku máli fyrir dómstólana, jafnvel þótt ég vildi. Þetta er eitt af þeim fjölmörgu dæmum, þótt kannske í litlu sé, sem sýna, í hvers konar ráðþrot hæstv. ráðh. eru komnir í vörn sinni fyrir þessari veitingu.

Hæstv. forsrh. vék enn fremur að því og hældist um, að ekki hefði verið bent á ámælisverðar embættisveitingar af hans hálfu til skyldmenna og venzlamanna sinna. Hér hafa margir vikið að þessu sérstaklega, og ég gat um það, að ég hefði ekki kynnt mér embættisveitingar hæstv. ráðh. þannig á undanförnum árum, að ég gæti fullyrt um þetta af eða á. En ég benti þó á eina staðreynd, sem öllum, sem á annað borð vilja um þessi mál hugsa og athuga, hlýtur að liggja

í augum uppi, og það er, hvernig Sjálfstfl. og ráðh. hans hafa seinustu 15 ár raðað sjálfstæðismönnum í embætti bæjarfógeta og sýslumanna um allt land, í þeim eina tilgangi gert að skapa pólitíska forustumenn fyrir sinn flokk. Hæstv. ráðh. hefur ekki neitað þessum áburði, enda getur hann það ekki. Ég taldi upp 12 af 22 bæjarfógetum og sýslumönnum víðs vegar um landið, og af því að undirbúningurinn var nú lítill undir þá ræðu, sem ég varð að halda í gær um þetta mál, þá gleymdi ég tveim, þannig að það er með fyllsta rétti hægt að halda því fram, að 14 af 22 starfandi sýslumönnum og bæjarfógetum í landinu utan Reykjavíkur séu í einhvers konar fyrirsvari fyrir Sjálfstfl. víðs vegar um land, og menn ættu að fylgjast með því, hvernig þeim embættum, sem koma til með að losna í þessum greinum, verður ráðstafað, ef sömu ráðherrar sitja þá í stólunum og fara með veitingarvaldið og hafa gert það undanfarandi ár.

Græðgi sjálfstæðisráðherranna í þessi embætti er svo mikil, að þeir sjást ekki einu sinni fyrir að stinga undan embættum, sem samstarfsflokkur þeirra hefur átt menn í, en hann er veikur og má sannarlega ekki við því að glata miklu af því, sem hann hefur þó haft til þessa. Þannig er embættinu í Hafnarfirði, sem Alþýðuflokksmaður hefur verið skipaður í til fjölmargra ára, nú beinlínis kippt undan þeim flokki, ef svo mætti tala um þessi mál, af Sjálfstfl.

Ég vil líka víkja að því, sem raunar Þórarinn Þórarinsson vék hér að áðan, að það ber ekkert vott um, að kjósendur hafi sérstaklega valið þessa sýslumenn og bæjarfógeta Sjálfstfl. til fyrirsvars fyrir sig. Þeim er skipað á þessa staði af flokksvaldinu í Reykjavík.

Ég vil enn þá að gefnu tilefni endurtaka áskoranir mínar til hæstv. ráðh. Sjálfstfl., sem hér hafa talað, að ræða nú á þeim tíma, sem eftir er, sjálfa embættisveitinguna efnislega, skýra það fyrir okkur hér í þd., hvað það hafi verið, sem réð þar úrslitum. Ég skora á hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh. að gera glögga grein fyrir því, hvaða verðleikar það voru, sem Einar Ingimundarson hafði til að bera umfram hina umsækjendurna og gerðu það sjálfsagt, að hann væri skipaður í þetta embætti. Hvað réð þar úrslitum? Af hverju er ekki hægt að svara því? Og ég vil gjarnan nota þetta tækifæri til þess að spyrja líka, eftir hvaða reglum hefur verið farið í skipun í embætti bæjarfógeta og sýslumanna á undanförnum 15 árum. Það er gott að fá það fram líka í sambandi við þessar umr.

1. þm. Reykn. (MÁM), ágætur vinur minn oftast, hélt hér ræðu, nokkuð skemmtilega ræðu. Það er ekki daglegur viðburður, að sá ágæti þm. haldi ræðu, þannig að auðsjáanlega hefur þó nokkuð legið við. Að mínum dómi hefði ég talið, að hans hagsmuna og hans kjósenda margra hverra a. m. k. suður í Hafnarfirði og Gullbringu- og Kjósarsýslu hefði betur verið gætt, ef hann hefði látið vera að flytja þessa ræðu.

Hér hefur verið vikið að því, að Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn., skar sig úr ásamt með ráðherrum Alþfl., og þó ekki kannske báðum, af því að annar þeirra kom ekkert að því, hann taldi ekki nauðsynlegt að setja reglur um setningu í embætti. Gylfi Þ. Gíslason vildi af skiljanlegum ástæðum ekkert um það ræða. En Matthías Á. Mathiesen tók undir þá skoðun, sem mér virtist gæta hjá hæstv. utanrrh., að það væri eðlilegt, að engar reglur giltu um setningu í embætti. Honum finnst eðlilegt, að svipaðir hlutir og gerðust í Hafnarfirði, þar sem embættismaður var látinn geyma embætti í 10 ár fyrir starfandi stjórnmálamann og ráðherra, það geti gerzt víðar. Út af fyrir sig er þetta atriði, að hann skuli lýsa þessari skoðun sinni, og fagna ég því, að hún er komin fram. Við vitum þá, hvaða afstöðu hann hefur í þessu máli. Enn fremur sagði hann, að það, að Jóhann Gunnar Ólafsson sótti um embættið í Hafnarfirði, hafi sýnt, að hann teldi, að Björn Sveinbjörnsson ætti engan siðferðilegan rétt til embættisins. Ja, mér er nú spurn: Hvaðan hefur Matthías Á. Mathiesen þessar upplýsingar? Hefur Jóhann Gunnar Ólafsson sagt honum þetta? (**Gripið fram í: Liggur í umsókninni.**) Liggur í umsókninni? Ég hef ekki séð að vísu umsóknina, en kannske hefur hann tekið þetta fram í umsókninni.

Ég fullyrði, að samanburðurinn á rétti Jóhanns Gunnars Ólafssonar annars vegar og Einars Ingimundarsonar hins vegar og svo samanburðurinn á rétti Björns Sveinbjörnssonar og Einars Ingimundarsonar hins vegar er um margt ólíkur, og ég get fyllilega sagt það hér, að ég hefði talið verjanlega veitingu til Jóhanns Gunnars Ólafssonar í þetta embætti, hvað ég tel ekki um veitingu Einars Ingimundarsonar.

Ingi R. Helgason vék að því áðan, sem kom fram í ræðu hv. 1. þm. Reykn., þegar hann var að skýra frá því, að héraðslæknisembættið í Hafnarfirði hefði tvívegis verið auglýst laust til umsóknar og í bæði skiptin hefði verið gengið fram hjá starfandi lækni þar í bænum, Bjarna Snæbjörnssyni, mikilsmetnum frambjóðanda Sjálfstfl. og framámanni í bæjarfélaginu í málefnum flokksins, — gengið fram hjá honum til þess að sækja mann utan af landi, eins og hann orðaði það. Og þetta fannst honum eðlilegt. En nú er mér kunnugt um það, að hv. 1. þm. Reykn. hefur suður í Hafnarfirði gengið þar fyrir hvers manns dyr og sagt, að þeim vondu mönnum, sem nú væru að gagnrýna veitinguna á embættinu í Hafnarfirði, færist ekki, því að þeim hefði farnazt illa á sínum tíma, er gengið var fram hjá Bjarna Snæbjörnssyni. Þannig er nú samræmið í hans málflutningi og hans vinnubrögðum. Og það er von, að hann sjái ástæðu til þess að ásaka aðra um ósamræmi, þegar svo er að hlutunum staðið. Enn fremur sagði hann, að það væri rangt, að öll sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu hefði mælt með því, að Birni Sveinbjörnssyni yrði veitt embættið. Það er rétt, að einn af sýslunefndarmönnum var ekki á þeim fundi, sem þessi samþykkt var gerð á, og það af ákaflega einföldum ástæðum, af því að hann var dáinn. Það eru því eðlilegar ástæður fyrir því, að hann var ekki þátttakandi í þessu. Allir aðrir sýslunefndarmenn tóku þátt í þessum mótmælum.

Þá leyfði hv. þm. sér að halda fram furðulegum hlut, sem ég satt að segja hélt hann hefði ekki skap í sér til að vilja staðhæfa hér á hv.

Alþingi. Hann hélt þeim blygðunarlausu ósannindum hér fram, að undirrótin að uppsögnum starfsfólksins við Hafnarfjarðarembættið væri af pólitískum toga, og sagði, að það sýndi ljóslega, að það hefði tekið fólkið 1—1½ viku að segja upp. Ég skora á Matthías Á. Mathiesen að nefna einn einasta stjórnmálamann, sem hafði afskipti af uppsögnum þessa fólks. Geri hann það ekki, þá hlýt ég að telja hann ósannindamann að þessum orðum, eins og raunar allir vita, sem þekkja til embættisins suður frá og þekkja, hvernig hlutirnir þar gerðust. Þar var algerlega um forustu hjá starfsfólkinu sjálfu að ræða. Það voru engir utanaðkomandi, sem höfðu áhrif á það eða ákvarðanir þess. A. m. k. er ekki hægt að saka okkur í stjórnarandstöðunni um það, eins og ég hef áður sagt.

Ég held því líka fram, að það sé hlægilegt, þegar hann og fleiri eru að reyna að halda því fram, að meiningin með þeim mótmælum, sem átt hafa sér stað, sé sú að koma pólitísku höggi á dómsmrh. Hver trúir því, að sjálfstæðismennirnir í hreppsnefndum eða hreppstjórarnir í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem vitað er að sumir hverjir eru ákveðnir sjálfstæðismenn, séu með mótmælum sínum sérstaklega að slægjast eftir því að koma pólitísku höggi á dómsmrh.? Hver trúir því, að séra Garðar Þorsteinsson sé að mótmæla til þess að koma pólitísku höggi á dómsmrh.? Eða Magnús Jochumsson? Og hver trúir því um bæjarfulltrúa Sjálfstfl. í Hafnarfirði, sem á bæjarstjórnarfundinum, þar sem þetta mál var rætt, létu fyllilega í það skína í umr., þótt þeir flyttu frávísunartill., að þeir væru efnislega, a. m. k. sumir hverjir, mótfallnir þeirri embættisveitingu, sem þarna hefði átt sér stað, og teldu, að brotinn væri réttur á Birni Sveinbjörnssyni? Ég held, að það þurfi meira en meðalauðtrúa menn til þess að halda, að hægt sé að telja fólki trú um svona vitleysu. Eða á maður að trúa því, að sessunautar hæstv. ráðh. Sjálfstfl., þ. e. a. s. ráðherrar Alþfl., séu með mótmælum sínum gegn embættisveitingunni að koma pólitísku höggi á samráðherra sína? Hver á að trúa svona boðskap? Eða Alþýðuflokksfólkið í Hafnarfirði, sem í samtökum sínum hefur samþ. mótmæli? Þetta er allt of ótrúlegt til þess, að nokkur maður geti trúað. Sannleikurinn er sá, að öll sú mótmælaalda, sem risin er í landinu, er runnin frá fólkinu sjálfu. Það veit, að það hefur verið troðið á réttlætinu með þessari embættisveitingu, og réttarmeðvitund þess krefst þess, að það sýni mótmæli sín ýmist í uppsögnum á störfum eða skriflega í blöðum landsins. Þetta er staðreyndin, einföld, en sönn.

Og þá er nú hugsunarhátturinn, sem lýsti sér hjá hv. þm., þegar hann sagði: Ef þm. Framsfl. — og átti við mig — hefðu kynnt sér embættisveitingar undanfarandi ára, þá hefði hann ekki flutt þetta mál. — Þetta er nú aldeilis hugsunarháttur. Af því að einhverjir flokksbræður mínir hafa fyrr á árum gert eitthvað, sem var e. t. v. rangt í embættisveitingum, þá á það að skuldbinda alla þá, sem eftir kunna að koma og sitja á þingi í nafni flokksins, til þess að halda því áfram. Finnst mönnum þetta ekki heilbrigður hugsunarháttur?

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að víkja fleiri orðum að ræðu hv. 1. þm. Reykn. Ég sagði áðan, að hún hefði verið kærkomið innlegg í umr., og þykist nú hafa sýnt fram á það að nokkru leyti. En ég vil þá snúa mér að þeirri ræðu, sem hæstv. dómsmrh., sá ágæti maður, hélt hérna áðan.

Hann sagði m. a., að skipunin í þetta embætti væri ekkert einsdæmi, en hins vegar sagði hann, að það væri einsdæmi, hvað setningartíminn væri langur. Jú, hálf játning er betri en engin. En ef hinn langi setningartími, sem Björn Sveinbjörnsson sat suður í Hafnarfirði og gætti embættisins fyrir Guðmund Í. Guðmundsson, er einsdæmi, er þá ekki sennilegt, að skipunin, sem er bein afleiðing af þessu einstæða ástandi, sé líka einsdæmi? Ég held, að flestum hljóti að þykja svo vera.

Og þá sagði hæstv. ráðh., að ég held í fjórða eða fimmta skiptið í þessum umr., auk þess sem hann hafði áður látið það í ljós á prenti, að setning mætti ekki ráða því, hver yrði skipaður í embætti, því að þá væri gengið á rétt svo margra annarra saklausra manna. Ég vék nú að þessu áðan sérstaklega, en annaðhvort hefur hæstv. ráðh. ekki viljað skilja það, sem ég sagði þá, eða kannske hafi hann ekki verið við, svo að ég vil aðeins endurtaka það í örfáum orðum, sem ég sagði um þetta atriði.

Ég hef ekki, og ég veit ekki um nokkurn annan, sem gagnrýnt hefur embættisveitinguna í Hafnarfirði og haldið því fram, að óeðlilegt hafi verið að auglýsa embættið og gefa öllum þeim kost á að sækja um það, sem til þess höfðu hæfileika og þá þekkingu, sem eru skilyrði fyrir embættisveitingu. Þetta er alveg ljóst. Fyllsta réttlætis var gætt með því að auglýsa embættið. En hitt hef ég sagt, að hin langa seta Björns Sveinbjörnssonar í þessu embætti hlyti að vera ein af ákvörðunarástæðum þeim, sem réðu vali hæstv. ráðh., þegar hann veldi einn af umsækjendunum til þess að taka embættið. Og þetta hefur hæstv. ráðh. viðurkennt sjálfur, þó að hann hafi ekki breytt í samræmi við það.

Ég las upp áðan orðrétt úr ræðu hæstv. ráðh. s. l. þriðjudag, þar sem hann segir, með leyfi hæstv. forseta: „Og mér dettur ekki heldur í hug að halda, að það hafi engin áhrif haft á veitinguna hjá mér kynni mín af Einari Ingimundarsyni og það, hvernig ég hef vitað rækja sitt embætti, og það, hvernig ég hef vitað hann rækja sína þingmennsku. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að það hafi ekki haft sín áhrif, enda tel ég réttast, að slíkt hafi áhrif. Ef maður er sjálfur sannfærður um mannkosti manns, á maður ekki að láta hann gjalda þess, þó að hann sé í sama flokki og maður sjálfur.“

Hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh. hafa báðir séð ástæðu til þess að fetta fingur út í þær ályktanir, sem ég dró af þessum orðréttu ummælum hæstv. ráðh., því að ég mun hafa notað „kunningsskapur“ í stað þess, sem ráðh. talar hér um „kynni“. Það má vel vera, að einhver munur sé þar á. En það breytir engu um það aðalatriði, að hér viðurkennir hæstv. dómsmrh., að það séu kynni hans af Einari Ingimundarsyni sem bæjarfógeta og kynni hans af Einari Ingimundarsyni sem þingmanni, sem hafi ráðið úr-

slitum um embættisveitinguna. Ég fæ ekki betur séð. Hvaða réttlæti er það, ef svo vill til, að einn umsækjenda er þingmaður og veitingarvaldið hefur aðstöðu til þess að kynnast honum sem slíkum, ef það á að ráða úrslitum um embættisveitinguna umfram annað? Ég veit ekki, hvert svona hugsunarháttur mundi leiða um embættisveitingar, væri hann í gildi hafður og virtur í framkvæmdinni.

Þá hélt hæstv. ráðh. því fram, að ég hefði falsað ummæli sín, og hann bar mér á brýn, svipað og Bjarni Benediktsson gerði um starfsfólkið í Hafnarfirði, að ég væri enn einn af þessum iðkendum siðleysis, svo að maður noti orð hæstv. forsrh. í Reykjavíkurbréfinu. Ég skal þola þá ákúru frá hæstv. ráðh., meðan hún er ekki betur rökstudd en þetta. Ég hef hér lesið upp orðrétt, hvað hann hefur sjálfur sagt um embættisveitinguna, og ég læt hv. þm. alveg eftir að dæma um það, hvort ég hef brugðið það mikið út af ummælum ráðh., sem ég var hér að lesa, að réttlæti þessi ummæli. Ég held, að það sé ekki nein ástæða til þess a. m. k.

Ég vil svo aðeins að lokum þessarar umr. leggja áherzlu á örfá meginatriði þessa máls.

Í fyrsta lagi er það alveg ljóst, enda ekki mótmælt af neinum, sem staðið hefur í forsvari fyrir embættisveitingunni, að það er ekkert fordæmi til fyrir því í sögu síðustu áratuga a. m. k., að vinsæll og flekklaus embættismaður sé rekinn úr starfi fyrirvaralaust til þess að rýma fyrir þm. og flokksbróður þess, sem veitingarvaldið hefur, eftir að hann hefur gegnt starfi í 10 ár. Það er ekkert annað fordæmi til. Ef það er til, þá skora ég hér með á hæstv. dómsmrh. eða hæstv. forsrh. að nefna það. (**Dómsmrh.**: Það var ekki einu sinni hérna, það hefur enginn verið rekinn frá störfum.) Ég vék að því í ræðu minni hér í dag, að í reyndinni væri veiting embættisins í Hafnarfirði til Einars Ingimundarsonar sama og það að víkja Birni Sveinbjörnssyni úr starfi, og það rökstuddi ég í dag og nenni satt að segja ekki að endurtaka það.

Í öðru lagi er ekkert einasta fordæmi til hér í landinu í sögu seinustu áratuga fyrir svipaðri andúðaröldu og risið hefur undanfarnar tvær vikur vegna embættisveitingarinnar í Hafnarfirði. Þetta sker alveg úr um mat almennings á henni.

Í þriðja lagi er það ljóst, og mér vitanlega hefur það aldrei gerzt fyrr í sögu Alþingis, að meiri hluti á Alþingi væri fyrir því að telja embættisveitingu ráðh. ranga. Það hefur komið fram í umr. hérna, að talsmenn þriggja stjórnmálaflokka telja, að embættisveitingin sé röng og að fremur hefði átt að veita öðrum manni embættið en fékk það. Þetta er líka einsdæmi.

Engum af þessum meginatriðum hafa ráðherrar Sjálfstfl. svo mikið sem leitazt við að svara.

Ég vil svo, herra forseti, í lok þessarar umr. endurtaka spurningar, sem ég bar fram fyrr í dag og ég hélt, að ég ætti þinglegan rétt á að fá svar við, en hæstv. ráðh. reyndi ekki að svara áðan. Það er upplýst, að þrír þingflokkanna eru andvígir þessari veitingu og telja, að öðrum manni hefði átt að veita embættið, ef rétt sjónarmið hefðu ráðið. Af því tilefni spyr ég hæstv. ráðh. dómsmála: Ætlar hann að taka nokkurt tillit til þessa yfirlýsta vilja þingmeirihlutans, eða ætlar hann að virða vilja þingmeirihlutans að vettugi? Ég tel ákaflega mikilvægt, að hæstv. ráðh. gefi svör við þessum spurningum, og ég vil endurtaka, að ég mundi telja, að hæstv. dómsmrh., Jóhann Hafstein, yxi af því í augum langsamlega stærsta hluta þjóðarinnar, ef hann tæki þessa embættisveitingu til endurskoðunar á ný. Ég trúi því ekki, ef svo yrði, að hann mundi þá ekki sannfærast um, að hún sé ekki gerð á réttum efnisrökum, og það mikið tel ég mig þekkja til Einars Ingimundarsonar, að ég tel, að hann mundi ekki mæla því mót, þegar sú niðurstaða væri fengin eftir glögga skoðun, að þessi embættisveiting yrði annúlleruð og embættið veitt á ný.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur örfá orð út af ræðu hv. 4. þm. Reykn. (JSk). Ég heyri hins vegar, að hann er kvefaður, og ég mun þar af leiðandi ekki fara út í langar umr., til þess að hann þurfi að tefja hér lengur í kvöld. En þó eru nokkur atriði úr hans ræðu svo og ræðu hv. 3. landsk. (IRH), sem ég vildi minnast hér á.

Mér virtist á ræðum þeirra beggja, að þeir hefðu misskilið það, sem ég átti við, þegar ég ræddi grein þessa frv., sem hér um ræðir. Ég sagði, að hér hefðu farið fram umr. um þetta og menn virtust yfirleitt á því máli allir, að þetta þyrfti að athuga á einn eða annan hátt. Ég sagði hins vegar eða vildi sagt hafa, að það væri ekki óeðlilegt, þó að þeir menn, sem kvaddir væru til ráðherrastarfa, hefðu á einhvern hátt tryggingu í sambandi við störf, sem þeir færu úr, þegar þeir tækju við ráðherrastörfum. Hér er gert ráð fyrir 4 ára möguleika. Það, sem ég átti við með þessum orðum, var einfaldlega það, að það væri ekki endilega víst, að þessi 4 ár væru rétti tíminn, og vonast ég þá til þess, að ég hafi leiðrétt þennan misskilning.

Hv. 4. þm. Reykn. minntist á það, sem ég kom að í minni ræðu áðan varðandi veitingu á héraðslæknisembættinu í Hafnarfirði 1941 og 1947. Ég minntist einmitt á þetta, þegar ég ræddi þann þátt þessarar veitingar, að embættismaður væri fluttur úr embætti úti á landi til betra embættis hér suður við Faxaflóa. Og ég benti einmitt á þessi dæmi og hélt, að ég hefði svo glögglega skýrt frá því sem dæmi, hvernig veitingarvaldið hefði talið á undanförnum áratugum eðlilegt, að þeir aðilar, þeir embættismenn, sem úti á landi störfuðu, flyttust í betri störf síðar. Ég hneykslaðist á engan hátt á þessari veitingu. Ég sagði hins vegar aðeins frá henni, og ég sagði frá því, að Hafnfirðingar hefðu með undirskriftum skorað á þáv. heilbrmrh. að veita Bjarna Snæbjörnssyni þetta embætti, en þrátt fyrir allar þær undirskriftir fór veitingarvaldið sínu fram. Ég efast ekkert um það, ef þarna hefði átt sér stað kosning, hver hefði verið kosinn héraðslæknir. Þessi maður, sem hér um ræddi, náði ætíð kosningu, meira að segja sem pólitískur maður, þegar hann bauð sig fram, hvað þá ef hann hefði nú boðið sig fram sem læknir. En það, sem ég átti við, var einfaldlega þetta: Veitingarvaldið hefur haft

þetta sjónarmið, og þess vegna er það ekkert nýtt, þó að núv. dómsmrh. hafi það sjónarmið áfram að færa embættismenn til utan af landi hingað suður í þéttbýlið.

Þá minntist hv. þm. á sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu. Mér virtist hann ekki gera sér fyllilega grein fyrir, hvernig fer um sýslunefndarmann, þegar hann andast, en í kosningu til sýslunefndar er ævinlega kosinn varamaður, og hann tók sæti í sýslunefnd undir þessum kringumstæðum, og hann ritaði ekki undir þessar áskoranir. Hins vegar kom það fram í einu blaði, af hálfu eins af starfsmönnum sýsluskrifstofunnar, að þessi ágæti maður gerði hinum látna upp skoðanir í sambandi við þessa embættisveitingu. (**Gripið fram í:** Það er ótækt.) Vissulega, en ég man ekki betur en Jón Finnsson fulltrúi hafi sagt í viðtali við Þjóðviljann, að hefði þessi ágæti sýslunefndarmaður lifað, þá mundi hann sjálfsagt hafa stutt núverandi settan sýslumann. En niðurstaðan er sú, að sýslunefndin öll, að einum undanskildum, mælti með því, að þessi maður, sem hefur verið settur í embættið, yrði skipaður.

Þá minntist hv. þm. á mótmælin frá hreppstjórum og hinum og þessum og benti á, að hér væri hópur af sjálfstæðismönnum, sem hefðu mótmælt þessari embættisveitingu. Eftir því sem ég bezt þekki til, þá hefur undirskrifað þetta einn einasti sjálfstæðismaður, og ég vil benda hv. þm. á það, að hreppstjórarnir í Kjósarsýslu hafa einmitt undirstrikað, að þeir hafi ekki mótmælt veitingunni. Er það ekki rétt? (**Gripið fram í:** Ég veit ekki.) Nei, það er ágætt, að þm. veit ekki það, sem hann er að tala um.

Hann minntist enn þá á það, sem hann drap á í fyrri ræðu sinni, hvort ekki væri hægt að taka veitinguna til baka. Ég verð að segja það um lögfræðing, sem ræðir slík mál, hafandi lært stjórnlagafræði, að ég skil ekki þá hluti. Hér hefur farið fram embættisveiting og hún gerð á löglegan hátt, og eins og hæstv. forsrh. minntist á í dag, er ekki möguleiki á öðru en víkja þá viðkomandi manni úr embætti og þá fyrir einhverjar sakir. Það er allt annað mál, hvort þm. fer fram á það við þann aðila, sem hefur fengið embættið, að hann segi af sér.

Ég sagði hér í dag, eftir að hv. 4. þm. Reykn. lýsti því yfir, að hann hefði ekkert athugað eða kynnt sér veitingar undanfarna áratugi, að hann hefði þá ekki flutt þetta frv. Það má vel vera, að hann hefði flutt það, en ég er alveg sannfærður um það, eins og ég sagði í dag, að hann hefði alls ekki talað eins og hann hefur talað, ef hann hefði kynnt sér þessar embættisveitingar.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Ég er sannfærður um, að það, sem hér hefur verið látið gerast og hefur svo síðan verið gert mikið úr, er af pólitiskum toga spunnið, og það skyldi þó aldrei hafa verið, að einhverjir af þeim mönnum, sem staðið hafa fyrir þessum hlutum, hafi skotizt hér niður í þinghús til að tala við einhvern þm.?

Ég endurtek, að hæstv. dómsmrh. mun vaxa af því, að þær árásir hafa verið gerðar á hann, sem gerðar hafa verið hér af framsóknarmönnum. Fólk mun sjá það, hvers vegna þær eru gerðar, og hv. 3. landsk. missti út úr sér áðan, **hvers vegna hans ásakanir væru,** þær væru af pólitiskum toga spunnar, og allar þær ásakanir, sem hér hafa verið gerðar á veitingu, sem stenzt fyllilega lög, fyllilega siðferði, eru af pólitiskum toga spunnar, og sá ráðh., sem fær slíkar árásir, stendur mun betur eftir en áður.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 23. fundi í Nd., 29. nóv., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 70, n. 425).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á l. nr. 38 frá 14. apríl 1954 er um það, að við bætist eftir 5. gr., að setning í opinbera stöðu skuli jafnan vera til bráðabirgða og aldrei lengur en til fjögurra ára. Skal staðan jafnan auglýst laus til umsóknar, er sett hefur verið í hana í 4 ár.

Allshn. hefur haft þetta mál til meðferðar á nokkrum fundum sínum og leitað umsagnar um það. Það var shlj. álit nm., að rétt sé að setja hér ákveðnar reglur, en hins vegar var meiri hl. n. ekki reiðubúinn að afgreiða málið eins og það liggur fyrir, en telur rétt, að kannað verði nánar, hver séu lagaákvæði eða venja með nágrannaþjóðum okkar í þessu efni. N. varð sammála um að leggja til, eins og á stendur, að málinu verði vísað til ríkisstj., í trausti þess, að hún láti fara fram frekari athugun málsins og leggi það fyrir næsta reglulegt Alþ.

ATKVGR.

Till. frá allshn. á þskj. 425 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 23 shlj. atkv.

---

2. Vegalög (frv. HB o. fl.).

Á 54. fundi í Ed., 22. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963 [161. mál] (þmfrv., A. 363).

Á 55. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Helgi Bergs): Herra forseti. Ásamt öðrum þm. Framsfl. í þessari hv. d. flyt ég á þskj. 363 frv. um breyt. á vegalögunum. Breyting þessi er fólgin í því, að tekin er upp í tekjustofnakafla vegalaganna 16. gr. l. nr. 4 frá 20. febr.

1960, um efnahagsmál, en sú lagagrein fjallar um leyfisgjald af bifreiðum.

Það er að sjálfsögðu ekki ætlun okkar að breyta þessari gr., eins og hún nú er, með neinum hætti, heldur aðeins ráðstöfun fjárins. Það atvikaðist þó þannig á frv., eins og því var útbýtt, að nokkur röskun átti sér stað, en það hefur nú verið prentað upp aftur þannig, að gr. er óbreytt frá því, sem hún er í lögunum um efnahagsmál.

Það er öllum ljóst, að við stöndum frammi fyrir miklum verkefnum í vegamálum. Það er stundum um það talað, að við Íslendingar verðum að leggja í meiri kostnað en flestar aðrar þjóðir til þess að halda uppi vegakerfi í landinu, og þetta er vissulega rétt. En á hinn bóginn höfum við ekki, ef við berum okkur saman við þá þjóð, sem býr við líkasta staðhætti og við af nágrannaþjóðum okkar, Norðmenn, t. d. þá höfum við ekki lagt fram eins mikið fé á hvern íbúa til vegamála og þeir hafa gert. Skv. vegáætlun okkar fyrir þetta ár, eru útgjöld til vegamála 1340 kr. á íbúa í landinu, en skv. fjárlögum Noregs fyrir þetta ár, eru þeir með 1570 eða nærri 20% meira á íbúa, og þurfa þeir þó að leggja mikið af opinberu fé til þess að halda uppi öðrum samgöngum á landi, nefnilega ríkisjárnbrautunum, sem reknar eru með mjög stórfelldum halla, og þeir munu því eyða til samgöngumála af opinberu fé meira en 50% meira en við gerum hér. Ég ræddi þessi mál nokkuð við 2. umr. fjárl. í hv. Sþ. og get að nokkru látið mér nægja að vísa til þess, sem rætt var þar um þessi mál, en þykir þó rétt að rifja upp nokkur atriði, sem eru veigamikil í þessu sambandi.

Á undanförnum 3—4 áratugum hafa verið unnin mjög mikil og stórfelld verk í okkar vegamálum. Þau verk hafa miðazt við það að gera bílfært til sem flestra byggðarlaga, og þó að mikið hafi áunnizt, er líka mjög mikið eftir. Það er öllum hv. þm. vel kunnugt, og ég skal ekki fara að rekja það í einstökum atriðum. Það nægir að minna á það, að í hringveginum í kringum landið er enn þá stór eyða í suðausturhluta landsins, og víða er þessi aðalvegur þjóðarinnar enn þá niðurgrafnir skorningar. Fjölmörg byggðarlög á landinu búa enn við ófullnægjandi vegasamband. En ég vil ekki láta hjá líða að minna á það í þessu sambandi, að þau stórfelldu verk, sem unnin hafa verið í vegamálum á undanförnum áratugum, hafa nær eingöngu verið greidd af samtímatekjum þjóðarinnar.

Jafnhliða þessum verkefnum stöndum við svo frammi fyrir alveg nýju verkefni í vegamálum, og það er að byggja upp vegakerfi, sem er efnahagslega hagkvæmt miðað við þá miklu umferð, sem orðin er á ýmsum vegum landsins. Nú er viðfangsefnið ekki lengur það eitt að gera bílfært, heldur að gera vegi, sem eru efnahagslega hagkvæmir, og þá verður að hafa í huga, að það er mikið í húfi, að vegirnir séu hagkvæmir fyrir umferðina og fari vel með þau samgöngutæki, sem um þá fara. Bifreiðaeign landsmanna mun nú vera um 35 þús. bifreiðar, sem eru flestar hverjar að staðaldri á ferð um vegakerfi landsins, og það er víst ekki um of, sem áætlað er í grg. þessa frv., að verðmæti þessara farartækja sé 5—6 þús. millj., og skiptir því ekki litlu fyrir þjóðina, hvort þau endast árinu lengur eða skemur.

Þetta verkefni, sem ég hér er að tala um, hefur hv. Alþ. viðurkennt að sé fyrir hendi með setningu vegalaganna frá 1963. Vegalögin gera ráð fyrir því, að þar sem gera má ráð fyrir, að umferð verði orðin yfir 1000 bílar á dag að sumarlagi, skuli vegir taldir hraðbrautir og gerðir með varanlegu slitlagi. Á hinn bóginn hefur hv. Alþ. til þessa ekki gert ráð fyrir neinum fjárveitingum, sem heitið geta, í þessu skyni. Á vegáætlun er gert ráð fyrir 10 millj., en eins og hv. þm. vita, fer meira en það til að standa undir vaxtabyrðinni einni á þeim vegum, sem þegar hafa verið gerðir fyrir lánsfé.

Það er ástæða til að velta svolitið fyrir sér þeirri spurningu í sambandi við þetta frv., hvort það sé réttlætanlegt á árinu 1966 að snúa við blaðinu og hætta að greiða fyrir þessi mannvirki af samtímatekjum og velta þeim yfir á framtíðina með þeim hætti að byggja þessa vegi fyrir lánsfé. Ef menn reyna að gera sér grein fyrir því, hvenær megi framkvæma fyrir lánsfé, þá virðist mér, að tvö skilyrði þurfi að vera fyrir hendi: í fyrsta lagi, að það sé um að ræða takmarkaðar framkvæmdir, sem sér fyrir endann á innan hæfilegs árabils, og í öðru lagi, að þær framkvæmdir gefi af sér tekjur til að standa undir lánsfénu eða auki á annan hátt greiðslugetu þjóðarinnar.

Nú er bezt að gera sér grein fyrir því strax, þegar um þessar framkvæmdir er að ræða, að hér er í rauninni ekki hægt að tala um takmarkaðar framkvæmdir, sem sjái fyrir endann á. Samkv. núgildandi vegáætlun eru í hraðbrautaflokknum Suðurnesjavegur, Vesturlandsvegur upp í Kollafjörð, Austurvegur að Hellisheiði og hringvegur austan við Reykjavík og Hafnarfjörð og svo spotti hjá Akureyri. En með hverju árinu verða það fleiri og fleiri vegir, sem uppfylla skilyrði vegalaganna til þess að vera taldir með hraðbrautum, og nú þegar mun vera talsvert af vegum, sem uppfylla þessi skilyrði, án þess að þeir hafi verið teknir inn í hraðbrautaflokkinn. Áætlanir vegamálastjórnarinnar munu sýna, að innan 10 ára verði umferðarmarki vegalaganna fyrir hraðbrautir náð fyrir Austurveg talsvert austur í Rangárvallasýslu og fyrir Vesturlandsveg a. m. k. upp að vegamótum Borgarnesvegar norðan við Hvítá og jafnvel upp að Dalsmynni í Norðurárdal. Einnig munu þessar áætlanir sýna, að innan 10 ára sé markinu náð á fleiri vegaköflum í Eyjafirði, fyrir austan og vestan Akureyri, og nokkrum vegaköflum á Austurlandi, í kringum Egilsstaði og milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar, og ef til vill fleiri. En þeir vegir, sem áætlað er að nái þessu skilyrði eftir 10 ár, eiga nú þegar að takast upp í hraðbrautaflokkinn.

Þetta nefni ég til að sýna fram á það, að umferðin er alltaf að vaxa og með hverju einasta ári bætast við nýir kaflar, sem uppfylla þessi skilyrði. Það er þess vegna ekki hægt að segja, að það sjái fyrir endann á þeim á einhverju skaplegu árabili. Þannig er það skilyrði alls ekki fyrir hendi, sem nú virðist að þurfi að vera fyrir

hendi, til þess að réttlætanlegt sé að byggja þessar framkvæmdir eingöngu á lánsfé.

Hin spurningin er um það, hvort þessar framkvæmdir muni gefa af sér beinar tekjur eða auka greiðslugetuna. Það má með nokkrum sanni segja, að það muni auka greiðslugetu þjóðarinnar að fá hagkvæmara vegakerfi. En þegar á það er litið, að verkefnin fara á næstu árum mjög vaxandi, er ástæða til að gera ráð fyrir því, að sú aukna greiðslugeta komi fram í auknum framkvæmdum, en ekki í því að borga lánsfé frá fyrri árum.

Í sambandi við þetta kemur svo til athugunar spurningin um vegaskatt, sem var hér mjög til umr. í haust. Ég skal nú ekki fara mikið út í það. Ég gerði grein fyrir sjónarmiði mínu í því máli strax þegar vegalögin voru til meðferðar og flutti þá till. um það, að felld yrði niður úr l. heimildin um að leggja á vegaskatt. En ég vil bara láta þess getið nú, að ég tel útilokað, að í því felist nokkur framtíðarlausn á þessum vanda. Ég tel útilokað, að þjóðin muni sætta sig við það, að á hverjum gatnamótum vegakerfisins út um landið séu settir upp innheimtuskúrar til þess að hirða af mönnum nokkrar krónur, um leið og þeir fara fram hjá.

Það er þess vegna skoðun okkar flm., að til þessara verkefna, sem ég hér hef rakið, bæði uppbyggingar þjóðvegakerfisins út um landið og eins hins nýja verkefnis, sem við stöndum frammi fyrir núna um þessar mundir, þurfum við að leggja fram meira fé af samtímatekjum þjóðarinnar heldur en við höfum gert. Og þá er þess að minnast, að ríkið hefur haft að undanförnu miklar tekjur af umferðinni sjálfri, sem að talsverðu leyti hafa runnið til annarra þarfa en þarfa hennar, þ. e. a. s. annarra þarfa en samgöngukerfisins. Það er um að ræða margvíslegar tolltekjur af farartækjunum sjálfum, varahlutum til þeirra og rekstrarvörum þeirra, leyfisgjöldin, sem hér eru sérstaklega til umr., tolla af benzíni, sem eru háir, o. fl. Því hefur verið haldið fram í þessu sambandi, að það sé eðlilegt, að ríkið hafi tolltekjur af þessum vörum rétt eins og hverjum öðrum, og það má til sanns vegar færa, og má þá á móti segja sem svo, að ríkissjóði beri þá að leggja fé til vegamála eins og hverra annarra mála. En þó að gengið væri inn á það sjónarmið, sem önnur lönd, þar sem ég þekki til, gera yfirleitt ekki, — þau ráðstafa yfirleitt meiru til samgöngumála en sem nemur tekjum ríkisins af samgöngunum, — en þó að gengið væri inn á það sjónarmið, að ríkið ætti að hafa tolltekjur af bifreiðum og þeirra rekstrarvörum, ættu menn þó að geta orðið sammála um það, að þær tolltekjur, sem ríkið ætti að hafa af því til annarra þarfa, hlytu þá að eiga að vera hóflegar, eins og af öðrum hliðstæðum vörum, sem ekki væri ætlað að standa undir sérstökum verkefnum. Benzín er tollað með 50% tolli. Þegar tollurinn hefur verið ákveðinn svona hár, þá hefur það væntanlega verið vegna þess, að menn hafa ætlað þessar tekjur til að standa undir þeim verkefnum sérstaklega, sem tengd eru benzíneyðslu, því að annað eldsneyti af ýmsu tagi er allt öðruvísi tollað. Á flugvélabenzíni er að vísu 15% tollur, en á gasolíu, kolum og öðru eldsneyti eru afar lágir tollar, 35 aurar á 100 kg af gasolíu og 20 aurar á 100 kg af kolum. Eins er með bifreiðarnar, þær eru tollaðar frá 40—90%, og þeir háu tollar hljóta upprunalega að hafa byggst á því sjónarmiði, að þessar tolltekjur hlytu að renna til þeirra sérstöku verkefna, sem tilvist þessara bifreiða skapar þjóðfélaginu. Nú hefur það verið reiknað út af hálfopinberum aðilum, að á árunum 1960—1964 hafi tekjur ríkissjóðs alls af umferðinni og tolltekjur af innfluttum farartækjum, rekstrarvörum til bifreiða og þar fram eftir götunum, — þessar umferðartekjur, sem svo eru kallaðar, hafi numið á 5 árum, frá 1960—64, samtals 2046 millj. Á sama tíma var ráðstafað til vegamála um 750 millj., og tæpar 1300 millj. af þessum tekjum eða 63% af þeim hafa þess vegna runnið til annarra þarfa. Þetta er mikið fé á ekki lengri tíma en 5 árum, og ég get ekki stillt mig um það hv. þdm. til fróðleiks að beita á þessar tölur nýtízkulegum reikningsaðferðum, sem menn hafa verið að sjá í seinni tíð. Ef við gerum ráð fyrir því, að þessi mismunur verði óbreyttur frá því, sem hann var árið 1964, fram til 1985 og reiknum þennan árlega mismun með 6% vöxtum, eins og er vinsæl reikningsaðferð hjá sumum nú um þessar mundir, fáum við æðistórar upphæðir. Það er vissulega hægt að fá æðistórar upphæðir með því að reikna vexti og vaxtavexti yfir langt tímabil. Við höfum séð nýlega í blöðum, að á þessu tímabili fram til 1985 mætti með vissum aðgerðum spara Íslendingum í raforkuverði 600 millj. kr. En hvað skyldi þessi mismunur, sem ég var að tala um, nema miklu þannig reiknaður? Skyldu það vera 600 millj. kr., eins og talað er um í sambandi við raforkuverðið, eða skyldu það vera 6 þús. millj.? Nei, það eru 20 þús. millj. og rúmlega það. — Ég leyfði mér að gera þennan útúrdúr til þess að sýna hv. þm., hvernig þessar nýtízkulegu reikningsaðferðir koma út á ýmsum öðrum sviðum, þar sem þær hafa ekki tíðkazt til þessa.

Það er nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að finna leiðir til þess að láta mun stærri hlut af þessum tekjum renna til vegagerðar. Og ég sé ekki ástæðu til þess að eyða meiri tíma í að rökstyðja það að þessu sinni. Það er gert ráð fyrir því, að leyfisgjaldið, sem þetta frv. gerir ráð fyrir að flytjist frá ríkissjóði yfir í vegasjóð, muni nema um 150 millj. kr. á ári, og þegar tekið er tillit til ákvæða 32. gr. vegalaganna, sem gerir ráð fyrir, að bæjarfélögin, kaupstaðirnir, fái hlut af tekjum vegasjóðs, þá munu verða eftir einhvers staðar milli 130 og 140 millj. til uppbyggingar þjóðveganna, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. að þetta fé renni sérstaklega til.

Ég geri ráð fyrir því, að sumir hv. þm. muni spyrja, hvernig eigi að mæta því tekjutapi, sem ríkissjóður verður fyrir á árunum 1967 og framvegis af þessari breytingu. Mér sýnist, að á þessu stigi málsins sé kannske ekki ástæða til þess að eyða miklum tíma í að velta vöngum yfir því. Það er ekki alltaf hægt að bera fyrir sig peningaleysi, þegar um er að ræða verkefni, sem er þjóðarnauðsyn að unnin séu. Hér er um að ræða spurningu um grundvallaratriðið, hvort eigi að skattleggja umferðina stórlega meira en

allt annað bjástur þessarar þjóðar til þess að standa undir almennum þörfum ríkissjóðs. Að sjálfsögðu mun samþykkt þessa frv., ef það verður samþ. á þessu þingi, sem ég fastlega vona, hafa sín áhrif á afgreiðslu fjárl. í haust. En fjárl., eins og nú er komið málum, þarf hvort eð er að umsteypa æðimikið og þess vegna ekkert lakara að gera sér grein fyrir því í tíma, hvaða verkefnum verður að sinna.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til samgmn. með 14 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 363, n. 524 og 577).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er flutt af öllum hv. þm. Framsfl. í þessari d. og fjallar um það að gera breytingu á vegal., nr. 71 frá 30. des. 1963, á þá leið, að gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum, sem nemur allt að 135% af fob-verði hverrar bifreiðar eða bifhjóls, skuli renna í vegasjóð, en eins og kunnugt er, rennur þetta gjald nú, sem er innheimt, í ríkissjóð og er, að ég hygg, áætlað á fjárl. yfirstandandi árs að nema 124 millj. kr., en skv. frv. þessu á gjald þetta að renna í vegasjóð frá 1. jan. 1967 að telja eða frá næstu áramótum.

Þessu máli var vísað til samgmn., og n. aflaði sér umsagnar vegamálastjóra um frv., og er umsögn hans ýtarleg. Hún er prentuð sem fskj. með nál. minni hl. Í þessari umsögn vegamálastjóra kemur skýrt fram, að vegasjóður hefur mikla þörf fyrir nýja tekjustofna, og í rauninni, þó að n. hafi klofnað í þessu máli, erum við, sem skipum meiri hl. n., alveg sammála flm. þessa frv. og minni hl. um það, að þarna sé brýn nauðsyn á að bæta úr. Hins vegar er það svo, að vegáætlunin, sem er til 4 ára, skal endurskoðuð á næsta þingi fyrir þau 2 ár, sem eftir eru af tímabilinu, þ. e. a. s. fyrir árið 1967 og árið 1968. Við, sem meiri hl. skipum, lítum svo á, að nýjar tekjuöflunarleiðir verði að fylgja í kjölfar endurskoðaðrar áætlunar, því að það er ekki heppilegt að ákveða það fyrir fram, að tilteknir tekjustofnar skuli teknir, áður en vitað er endanlega um það, hve miklu fé skal verja til vegamála og í vegáætlun fyrir næstu ár. Þetta álítum við að verði að fylgjast að, því að auðvitað kann það svo að vera, þessi upphæð, sem þarna er tiltekin, sem verður 124 millj. fyrir yfirstandandi ár og mætti reikna með að yrði auðvitað alls ekki lægri upphæð fyrir næsta ár, sú upphæð kann að verða óþarflega há. Hún getur hugsanlega líka verið of lág. Þetta er hlutur, sem er of snemmt að segja um. En svo kemur auk þess annað til, að með þessu frv., eins og það liggur hér fyrir, er í raun og veru verið að svipta ríkissjóð þessum tekjum, sem vegasjóður á að hljóta, og þar sem allt útlit er nú fyrir, að ríkissjóði veiti ekki af sínum tekjustofnum, mundi þetta auðvitað leiða af sér nýjan vanda, þannig að það þyrfti þá að leita nýrra tekjuöflunarleiða fyrir ríkissjóð í stað þeirra tekna, sem hann yrði sviptur með þessum hætti.

Þá er einnig á það að líta, að 31. jan. s. l. skipaði hæstv. samgmrh. þriggja manna n. til þess að gera till. um fjáröflun til vegamála, en í skipunarbréfi n. segir m. a. svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í tilefni af því, að ákveðið er að endurskoða gildandi vegáætlun á n. k. hausti og nauðsynlegt er að auka verulega tekjur vegasjóðs, hefur ríkisstj. ákveðið að skipa þriggja manna nefnd til þess að gera till. um, með hverjum hætti heppilegast er að afla aukins fjár til vegamála, svo að unnt verði að hraða nauðsynlegum vegaframkvæmdum og bæta viðhald veganna.“

Þarna hefur hæstv. samgmrh. að sjálfsögðu séð nauðsynina á því að auka fjárframlög til vegamála, og þar sem í bréfi þessarar n., sem á að hafa þetta sérstaka hlutverk með höndum, er tekið berum orðum fram, að hún skuli hafa skilað áliti til ráðuneytisins fyrir lok ágústmánaðar n. k., teljum við, sem að meiri hl. í samgmn. stöndum, að rétt sé að bíða eftir því, hvaða till. þessi n. hefur fram að færa. Það liggur sem sagt alveg fyrir, að ríkisstj. er þessi vandi ljós og veit, að það þarf að leysa hann.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í ýtarlegri umr. um þetta. Það er í grg. með þessu frv. tekið fram, að Félag íslenzkra bifreiðaeigenda hafi látið reikna út, að á árunum 1960—1964 hafi tekjurnar af umferðinni numið 2046 millj. kr., þar af runnið til viðhalds og byggingar vega 750 millj. kr. eða 37%, en til annarra þarfa ríkissjóðs 1295 millj. kr. eða 63%. Ég vil aðeins taka fram í sambandi við þessar tölur, sem þarna eru settar, að það er nokkuð óljóst hugtak, hygg ég, hvað séu tekjur af umferðinni, og ég man ekki betur en þegar Félag ísl. bifreiðaeigenda birti þessa grg. á sínum tíma, hafi einmitt vegamálastjóri og samgmrn. birt grg. í blöðunum, þar sem þessum útreikningum var mótmælt og talið, að þarna væru tekjur af umferðinni ofreiknaðar, enda kemur ekki fram í þessari tilvitnun í grg. með frv., hvað er lagt til grundvallar, hvernig það er skilgreint, hvað séu tekjur af umferðinni, því að ég hygg, að um ýmsa þætti megi deila, hvort það sé eðlilegt að kalla það tekjur af umferð eða ekki.

Eins og ég hef áður tekið fram, er meiri hl. samgmn. ljóst, að það þarf að afla meiri tekna í vegasjóð. Það hafa verið framkvæmd stórvirki í vegamálum okkar á síðustu árum, og því þarf að halda áfram, en n. telur hins vegar ekki tímabært að ákveða nú á þessu stigi nýja tekjustofna til vegasjóðs með þeim hætti að svipta ríkissjóð tekjustofni, heldur verði að bíða eftir þeirri n., sem hefur verið falið þetta hlutverk og á að skila sínum till. tímanlega, og þess vegna leggur meiri hl. samgmn. til að svo vöxnu máli, að þessu frv. verði vísað til ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Með vegalögunum, sem sett voru 1963, var komið á nýrri skipan um vegamál og ákveðið, að sett skyldi áætlun um framkvæmdir á þessu sviði til fjögurra ára í senn, en þá áætlun á að endurskoða að liðnum 2 árum, frá því að hún tekur gildi. Nú er það svo, að verðbólgan á aðalþáttinn í því, að áætlanir, sem settar eru og eiga að gilda um nokkurt tímabil í senn, standast mjög illa, vegna þess að kostnaður við framkvæmdir vex stöðugt að krónutölu, eftir því sem verðbólgan eykst. Og þessi verður raunin um vegáætlunina.

Þetta frv. var sent vegamálastjóra til umsagnar, og í umsögn hans kemur það fram m. a., að tekjur vegasjóðs, eins og þær eru nú ákveðnar í vegáætlun, hrökkva skammt til þess að standa straum af kostnaði við þau verkefni, sem fram undan eru í samgöngumálum og vegalög eða vegáætlun beinlínis mæla fyrir um að unnin séu.

Hraðbrautir eru nú taldar 148 km, og þar af er aðeins búið að fullgera um 42 km, og það verk hefur verið unnið fyrir lánsfé. Áætlað er, að við þá vegi, sem koma í flokk hraðbrauta skv. vegalögum, bætist a. m. k. 200 km, þegar næsta vegáætlun verður sett. Og á næstu árum þarf að gera stórátak við brúargerðir á ýmsum stöðum og við að leggja þjóðbrautir og landsbrautir. Lán, sem þegar hafa verið tekin til vegagerða, námu um s. l. áramót 268 millj. kr., og stærsti hluti þess hefur farið til Reykjanesbrautarinnar. Vextir og afborganir þessara lána nema á þessu ári 44.3 millj. eða sem svarar 54% af því fé, sem á árinu verður varið til nýrra þjóðvega og brúargerða. Þetta sýnir glöggt, hvernig komið er og hvernig stefnir á þessu mikilvæga sviði. Í framhaldi af þessum upplýsingum tekur vegamálastjóri fram, að frv. það, sem hér er til umræðu, sé mjög tímabært og muni leysa mikið af þeim vanda, sem fjáröflun til vegaframkvæmda er nú, þar sem ætla má, að tekjur af því þegar á fyrsta ári yrðu nokkuð á annað hundrað millj. kr. Og umsögn sinni lýkur vegamálastjóri með þessum orðum:

„Með vísun til þess, sem að framan greinir, leyfi ég mér að mæla með samþykkt frv., en teldi það einnig vel viðunandi lausn málsins, ef n. sú, er að framan greinir, fyndi aðra og ekki lakari fjáröflunarleið fyrir vegasjóð í sambandi við endurskoðun á vegáætlun á hausti komanda."

Nú er það óumdeilanlegt, að tekjur af umferðinni, sem innheimtar eru í ríkissjóð og vegasjóð, eru miklu meiri í heild heldur en það, sem vegasjóður fær og fer til samgöngumála skv. vegáætlun. Hv. frsm. meiri hl. sagði, að það væri erfitt að skilgreina nákvæmlega, hvað væru tekjur af umferðinni. Vera má, að svo sé. En það, sem við er átt, eru yfirleitt gjöld af benzíni, leyfisgjöld af bifreiðum og tolltekjur af bifreiðum og varahlutum til þeirra. Í þessu frv. er ekki seilzt inn á það svið að ætla að skipta tolltekjum af þessum vörum á milli ríkissjóðs, sem renna þá til almennra þarfa ríkisins, og vegasjóðs. Hins vegar er efni frv. um það, að til vegasjóðs renni frá og með næstu áramótum hið sérstaka leyfisgjald, sem innheimt er af innfluttum bifreiðum. Það er ótvírætt, að það er mikil þörf fyrir tekjuauka vegasjóði til handa, og það virðist vera augljóst, að eðlilegast er að mæta þeirri þörf með því, að meira af þeim tekjum, sem innheimtar eru af farartækjunum, sem fengin eru til landsins, renni til samgöngumálanna heldur en nú er. Það virðist ekki eðlilegt að vera að leita sérstaklega að einhverjum öðrum og nýjum tekjustofni til framkvæmda í samgöngumálum, hitt sé miklu eðlilegra, að reyna að mæta hinum almennu þörfum ríkissjóðs eftir öðrum leiðum.

Okkur, sem skipum minni hl. n. og höfum skilað séráliti, er það ljóst, að af samþykkt þessa frv. mundi leiða skerðingu á tekjum ríkissjóðs sem þessum ákveðna tekjustofni nemur. Hins vegar er frv. þannig úr garði gert, að þetta kemur ekki til framkvæmda á þessu ári, og fyrir næstu áramót á að vera búið að setja ný fjárlög og jafnframt að endurskoða vegáætlunina. Ef þetta frv. verður samþykkt, verður vitanlega að taka tillit til ákvæða þess, þegar þessi mál verða gerð upp í sambandi við fjárlagaafgreiðslu næsta haust. Niðurstaða okkar, sem skipum minni hl. n., er því sú, að við leggjum til, að d. samþykki frv. þetta óbreytt.

Helgi Bergs: Herra forseti. Mér þykir sem 1. flm. þessa frv. viðeigandi að þakka hv. samgmn. fyrir afgreiðslu frv., ekki bara minni hl., sem hefur skilað vönduðu áliti, studdu þungum rökum úr skýrslu vegamálastjóra, heldur líka meiri hl. Það kann nú einhverjum að finnast, að það sé lítið að þakka, þar sem meiri hl. treystir sér ekki til að leggja til, að frv. verði samþykkt, en á hinn bóginn höfum við stjórnarandstæðingar hér á hv. Alþ. mátt þola það á undanförnum árum, að n. leggist á frv. okkar og neiti að veita þeim þinglega meðferð, og mér þykir því rétt að þakka meiri hl. fyrir það, að hann skuli hafa brugðið þessum sið og afgr. þetta frv. með eðlilegum hætti, þó að ég sé ósammála niðurstöðu hans.

Það var aðallega til þess að segja þetta, sem ég kvaddi mér hljóðs, því að efnislega hefur hv. frsm. minni hl. gert grein fyrir sjónarmiðum okkar flm. En vissulega gaf ræða hv. frsm. meiri hl. nokkurt tilefni til andsvara, en einnig því hefur frsm. minni hl. að nokkru leyti gert skil. Mér þykir þó rétt að nefna það, að frsm. meiri hl., hv. 4. landsk. þm. (JÞ), taldi, að það væri óeðlilegt að ákveða tekjuöflunarleiðirnar fyrst, áður en áætlunin um framkvæmdirnar lægi raunverulega fyrir, og taldi því, að athugun á tekjuöflunarleiðum ætti að bíða, þangað til vegáætlunin væri til meðferðar.

Hv. þm. hefur, veit ég, það mikinn kunnugleika á störfum hv. Alþ., að hann veit, að þegar vegáætlunin kemur til meðferðar, verður hún sniðin eftir því fé, sem til ráðstöfunar verður á þeim tíma. Þess vegna álít ég, að þetta sjónarmið hans sé rangt og við þurfum í tíma að gera okkur grein fyrir, hve miklu fé við getum ráðstafað til þessara þarfa, og síðan yrði vegáætlunin sniðin eftir því. Að vísu hefur þetta að sjálfsögðu nokkur áhrif hvað á annað, mér er það ljóst, en sjónarmið hv. frsm. meiri hl. eiga í þessu sambandi ekki rétt á sér að mínum dómi.

Ég tel, að þó að svo færi, að d. féllist á sjónarmið meiri hl. n. og vísaði þessu máli til ríkisstj., þá hefði það þó þegar orðið að nokkru gagni hér,

og á ég þá við það, að það hefur greinilega komið fram í framsöguræðu hv. 4. landsk. þm. sjónarmið meiri hl., að hann er sammála okkur um nauðsyn aukinna fjárveitinga til þessara mála. Þar með er því slegið fullkomlega föstu og ekki yfirlýst af einum og einum þm., heldur slegið fullkomlega föstu, að hv. alþm. munu yfirleitt sammála um þetta atriði, og það er þó nokkur vinningur.

Ég ætlaði mér nú að gera hér að umræðuefni nokkuð aths. hv. frsm. meiri hl. við skýrslu Félags ísl. bifreiðaeigenda um umferðartekjurnar. Ég get að mestu látið það eiga sig, því að hv. 4. þm. Austf. kom inn á þetta atriði. En mér þykir þó rétt að benda á það, að hér eru ekki nein óljós hugtök á ferðinni. Hér eru á ferðinni alveg hrein og skýr hugtök. Þegar talað er um umferðartekjurnar, er átt við tekjur ríkisins, í hverju formi sem er, af þeim tækjum, sem um veginn fara, og rekstrarvörum þeirra. Þetta er í sjálfu sér eðlilegt og um leið eðlileg viðmiðun fyrir vegaframkvæmdirnar, vegna þess að ef ekki væru vegir í þessu landi, væru þessar tekjur ekki til. Hitt er svo annað mál, sem hæstv. fjmrh. kom inn á við umr. fyrr í vetur, sem ég get fyllilega verið honum sammála um, að nokkuð af þessum tekjum má líta á sem eðlilega tolla, það sé eðlilegt, að ríkissjóður hafi einhverjar tolltekjur af þessum vörum rétt eins og öðrum til almennra þarfa. En þá verður um leið að segja hitt, að þá er ekkert eðlilegt í, að þessir tollar séu svo háir eins og raun ber vitni, heldur væri þá um eðlilega, lága tolla að ræða. T. d. af benzíni á bifreiðar eru tollar 50%, af öðru eldsneyti eru þeir mjög lágir, og sama máli gegnir um tolla af bílum, þeir eru líka hærri en af mörgum eða flestum öðrum tækjum. Ég held, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þetta atriði, en vil endurtaka það, að ég er þakklátur hv. n. fyrir að hafa afgr. þetta mál frá sér.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hygg, að allar ríkisstj., sem hér hafa setið undanfarna áratugi, hafi að meira eða minna leyti notað til almennra ríkisþarfa verulegan hluta af því fé, sem flm. þessa frv. vilja kalla tekjur af umferðinni, og ég held, að þar hafi engin undantekning átt sér stað, þegar Framsfl. fór með fjármálastjórn ríkisins. Það má í rauninni segja, að e. t. v. skipti það ekki mestu máli, hvernig teknanna er aflað, ef það er fyrir hendi nægilegt fjármagn til þess að standa undir þeim eðlilegu vegaframkvæmdum á hverjum tíma. Og ég hygg, að því verði ekki á móti mælt, að það fé, sem varið hefur verið til vegaframkvæmda á síðustu árum, er margfalt meira að fjárhæð miðað við verðgildi heldur en það, sem áður hefur verið varið til þessara mála.

Nú er þess að gæta, þegar menn eru að leggja það niður fyrir sér, hverja tekjustofna vegasjóður þurfi á næstu árum og í hvaða vegaframkvæmdir skuli ráðizt, að þá verður auðvitað að komast að niðurstöðu um það, að hve miklu leyti þetta skuli kostað af lánsfé og að hve miklu leyti þetta skuli kostað af samtímatekjum vegasjóðs. Ég get ekki fallizt á þá skoðun, sem síðasti hv. ræðumaður hélt fram, að í sambandi við framkvæmdir ætti fyrst að afla teknanna. (HB: Þessar framkvæmdir.) Já, í sambandi við skulum segja við vegaframkvæmdir ætti fyrst að afla teknanna og síðan ætti að ákveða framkvæmdirnar með hliðsjón af þeim tekjum, sem fyrir hendi eru. Ég held, að þetta verði að haldast í hendur, og ef annað ætti að ganga fyrir, ætti að ganga fyrir að koma sér niður á það, hvaða framkvæmdir eru nauðsynlegar. Það er höfuðatriðið, að koma sér niður á það, hvaða framkvæmdir eru nauðsynlegar, og síðan verður að sjá fyrir fjármagni til þess að inna þessar framkvæmdir af höndum. En eðlilegast er, að þetta hvort tveggja haldist nokkuð í hendur. Og það eru einmitt þau vinnubrögð, sem ég tel að hæstv. samgmrh. og ríkisstj. hafi tekið upp með skipun þessarar n., sem ég gat um í minni framsöguræðu. Það er einmitt að haga því á þann hátt, að jafnhliða því, sem vegáætlunin verður endurskoðuð, þá verði fundnar leiðir til þess að afla nægilegra tekna. En það, sem m. a. er óljóst í því dæmi, er, að hve miklu leyti þær vegaframkvæmdir yrðu framkvæmdar fyrir lánsfé. Það er hlutur, sem ekki er hægt að segja um í dag. Þess vegna held ég, að það sé nú kjarni málsins, hve mikið fé á endanum fæst til ráðstöfunar til vegamála, hvort sem það er lánsfé eða bein framlög.

Ég get fallizt á það, sem hefur komið fram frá vegamálastjóra, að því eru auðvitað takmörk sett, hve skynsamlegt er að framkvæma mikið fyrir lánsfé, þótt einstakar vegaframkvæmdir séu þess eðlis, þær séu mjög dýrar og verði að gerast á stuttum tíma, að það sé eðlilegt, að þær séu framkvæmdar fyrir lánsfé og séu borgaðar niður á lengri tíma, alveg eins og t. d. jarðgöngin gegnum Stráka eða Reykjanesbrautin. En að þrátta um það, hvort þetta séu tekjur af umferðinni eða ekki, tel ég að skipti minnstu máli. Eins og ég hef áður getið um, er aðalatriðið, að það verði ráðizt í þær framkvæmdir og þau stórvirki í vegagerð, sem fram undan eru og bíða úrlausnar, og ríkisstj. og Alþ. sjái fyrir því, að fé verði fyrir hendi til þess að inna af hendi, það er aðalatriðið, en ekki deilur um það, hvaða prósentur af þeim tekjum, sem eru af umferðinni, fari beint til ríkissjóðs og hvað til vegasjóðs.

Helgi Bergs: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég ætla að sjálfsögðu ekki að fara að karpa neitt um þetta við hv. 4. landsk. þm. Sjónarmið beggja í þessu eru nokkuð skýr, og sannleikurinn er auðvitað sá, að það ber ekki svo mikið á milli um þetta atriði kannske, eins og í fljótu bragði kynni að virðast. En það, sem gaf mér tilefni til þess að kveðja mér hljóðs á ný, var það, að mig langaði að koma á framfæri örstuttri leiðréttingu í tilefni af fyrstu setningunni, sem hv. 4. landsk. þm. sagði í ræðu sinni hér áðan. Hann sagði, að sjálfsagt mundi það hafa verið svo undanfarna áratugi og engin undantekning hjá öðrum ríkisstj., að verulegur hluti af þessum tekjum, sem kallaðar eru umferðartekjur, hefði runnið til annarra þarfa en vegaframkvæmda. Ég sé af þessu, að það hefur farið fram hjá hv. þm. að lesa mjög merka grein, sem birtist í Fjármálatíðindum eftir fyrrv. vegamálastjóra, Geir

heitinn Zoëga, fyrir um það bil 10 árum, þar sem hann gerði grein fyrir því, að fram til þess tíma eða fram til líklega ársins 1954 hefðu þessar umferðartekjur, sem hann skilgreindi í þeirri grein með svipuðum hætti og við gerum enn, mjög staðizt á við útgjöld til vegamála. En á árinu 1954 varð í sambandi við að því er mig minnir togaragjald eitthvert, sem þá var lagt einmitt á bílainnflutning, röskun á þessu, og síðan hefur þetta raskazt meir ár frá ári. Þetta vil ég benda hv. þm. á, og ég vil benda honum á að lesa þessa grein, því að þótt hún sé orðin nokkuð gömul, er hún mjög merk heimild á ýmsa lund.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Þó að hvorki ég né hv. 6. þm. Sunnl. höfum hér við höndina neinar tölur fyrir liðin ár um framlög til vegamála og um það, sem við höfum kallað hér tekjur af umferðinni, er í raun og veru óþarft að þrátta um þetta. Það er sjálfsagt hægt með nokkurri athugun að ganga úr skugga um það. En ég skal auðvitað ekki segja um þetta langt aftur í tímann. En hvað sem líður grein fyrrv. vegamálastjóra, er það, sem skiptir ákaflega miklu máli, að vita í sambandi við það, eins og ég gat um í minni fyrstu ræðu, hvað eru tekjur af umferðinni. Hefur fyrrv. vegamálastjóri skilgreint tekjur af umferðinni á sama hátt og Félag íslenzkra bifreiðaeigenda hefur skilgreint þær fyrir tveimur árum, sem núv. vegamálastjóri hefur algerlega mótmælt og það opinberlega? Það er þetta, sem skiptir miklu máli að vita til þess að komast að niðurstöðu í þessari deilu. En hitt er svo annað mál, að það má segja, að við höfum hér engin gögn fyrir framan okkur og við getum þá í góðu tómi rannsakað þetta síðar og kannske komizt að einhverri sameiginlegri niðurstöðu.

ATKVGR.
Till. frá meiri hl. samgmn. á þskj. 577 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 10:8 atkv.

3. Íþróttalög.

Á 6. fundi í Ed., 25. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á íþróttalögum, nr. 49 7. apríl 1956 [35. mál] (þmfrv., A. 35).

Á 10. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt 5 hv. þm. Framsfl. að bera fram þetta frv. um breyt. á íþróttalögum, nr. 49 frá 1956.

Það er nú nákvæmlega aldarfjórðungur, síðan íþróttalög voru fyrst sett. Það orkar ekki tvímælis, að sú lagasetning var bæði merk og hefur orðið áhrifarík í uppeldismálum þjóðarinnar. Tilgangur íþróttalaganna er að auka heilbrigði manna og hreysti, líkamsfegurð, vinnuþrek og táp. Íþróttalögin hrundu af stað áhuga á því að efla íþróttir, og þau lög lögðu grundvöll að bættum skilyrðum til íþróttaiðkana, bæði með skipulegri yfirstjórn íþróttamála og með allverulegu fjárframlagi í sambandi við stofnun og starfsemi íþróttasjóðs. Þó að íþróttasjóður hafi oft haft yfir of litlu fjármagni að ráða, er ótvírætt, að hann hefur veitt mikla örvun við að byggja íþróttamannvirki, og þau hafa síðan veitt skilyrði til fullkomnara íþróttastarfs og meiri íþróttaiðkana en áður átti sér stað. Samhliða þessu hefur íþróttanám í skólum verið aukið og það verið lögfest að gera sund að skyldunámi í barnaskólum. Þetta hefur leitt bæði til almennari þjálfunar í íþróttum en áður átti sér stað. og er hin samnorræna sundkeppni, sem farið hefur fram á Norðurlöndum og m. a. hér á landi oftar en einu sinni, góður vitnisburður í þessu efni. En þeir, sem fram úr skara, hafa komizt á það stig að vinna glæsileg íþróttaafrek, sjálfum sér til frægðar og þjóðinni allri til mikillar sæmdar.

En nú er svo háttað, að íþróttir eiga mikilvægu og auknu hlutverki að gegna í uppeldismálum þjóðarinnar að dómi flm. þessa frv. Atvinnuhættir þjóðarinnar taka örum breytingum, þannig að þeim mönnum fjölgar sífellt, sem vinna innanhúss, annaðhvort þjónustustörf, skrifstofustörf eða við iðnað, en þeir verða æ færri í hlutfalli við fólksfjölda þjóðarinnar í heild, sem hafa við störf sín útivist og hreyfingu. Þessi breyting á atvinnuháttum þjóðarinnar kallar á aukið íþróttastarf, til þess að sá tilgangur, sem felst í íþróttalögunum, náist, en það er, eins og ég gat um áður, að auka heilbrigði manna og hreysti, líkamsfegurð, vinnuþrek og táp.

Allan þann tíma, sem íþróttalögin hafa verið í gildi, þ. e. a. s. í aldarfjórðung, hefur stjórn íþróttamála verið hagað á sama veg, þ. e. a. s. að menntmrn. fer með yfirstjórn íþróttamála, en starfsemina mótar að öðru leyti 3 manna íþróttanefnd, þar sem Ungmennafélag Íslands og Íþróttasamband Íslands tilnefna hvort um sig sinn fulltrúa, og er framkvæmd íþróttalaganna á þann hátt tengd þessum mikilvægu félagsmálahreyfingum, en íþróttafulltrúi ríkisins hefur síðan á hendi framkvæmdastjórn þessara mála og hefur notið nokkurrar aðstoðar af hálfu fræðslumálaskrifstofunnar við starf sitt. Nú er það augljóst, að eftir því sem íþróttaiðkanir aukast og verða fjölbreyttari, eftir því sem íþróttir í skólum skipa meira rúm og eftir því sem fólksfjöldinn eykst, þá verður starf íþróttafulltrúa æ umfangsmeira. Hér er því lagt til í þessu frv., að landinu skuli skipt í íþróttaumdæmi og skuli miða skiptinguna við landsfjórðunga og í hverju íþróttaumdæmi starfi íþróttanámsstjóri, hann sé ráðinn af menntmrn. til 3 ára í senn, að fengnum till. íþróttanefndar. Miðað er við það í þessu frv. að íþróttanámsstjóri verði búsettur í því umdæmi, þar sem hann á að starfa. Hann skal hafa lokið prófi frá Íþróttakennaraskóla Íslands eða hlotið menntun, sem jafngildir því að dómi ráðh. Störf íþróttanámsstjóra eiga skv. frv. að vera þessi: Hann á að vera íþróttafulltrúa og íþróttanefnd til aðstoðar um stjórn og framkvæmd íþróttamála í því umdæmi, þar sem hann starfar og er búsettur. Hann á að efla frjálsa íþróttastarfsemi og veita íþróttafélögum og einstaklingum aðstoð

og leiðbeiningar um íþróttamál. Hann á í þriðja lagi að hafa eftirlit með íþróttanámi í skólum og vinna að því að gera það sem fjölbreyttast. Enn fremur á íþróttanámsstjóri að leitast við að efla hollt félagsstarf og reglusemi æskufólks.

Það er skoðun okkar, sem stöndum að flutningi þessa frv., að með þeirri skipan, sem hér er lögð til í frv., mundi íþróttum verða gert hærra undir höfði að ýmsu leyti í framkvæmd en auðið hefur verið til þessa, og við erum þeirrar skoðunar, að eins og íþróttalögin í heild hafa reynzt áhrifarík um uppeldismál þjóðarinnar, þá muni það, sem hér er lagt til, og annað, sem kynni að hníga í sömu átt, einnig hafa mikilvæg og góð áhrif, þegar það hefur komið til framkvæmda. Það liggur í augum uppi, að íþróttanámsstjóri fengi góða aðstöðu til þess að gerast leiðbeinandi og leiðtogi í félagsskap æskumanna. Og skv. frv. ber honum að leitast við að efla hollt félagsstarf og reglusemi æskufólks. Flm. telja, að það geti samrýmzt öðrum störfum hans og af því megi vænta góðs árangurs, því að það er kunnara en frá þurfi að segja, hvað félagsskapurinn og sérstaklega áhrif þeirra, er leiðtogar eru í æskulýðsfélögum, getur haft mikil og heillavænleg áhrif á lífsviðhorf æskufólks. Og það er vissulega eitt af því, sem nú um þessar mundir ber að gefa gætur, því að margvísleg vandamál er við að etja í sambandi við viðhorf æskumanna, bæði til áfengis og ýmissa annarra atriða, sem teljast mega miður holl í félagslífi.

Ég sé svo ekki ástæðu til að skýra efni þessa máls með fleiri orðum, en legg til, að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 35, n. 612).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. hefur athugað þetta frv., sem flutt er af 6 þm. hér í hv. þd., en sú breyting á íþróttal., sem lagt er til að gera með frv., er sú, að stofnuð skuli embætti íþróttanámsstjóra, sem séu starfandi einn í hverjum landsfjórðungi undir umsjón íþróttafulltrúa ríkisins. Vísast til frv. og grg. með því um það, hvernig störfum íþróttanámsstjóra skuli skipað, en m. a. segir þar í 3. tölul. d-liðar 1. gr., að íþróttanámsstjórar skuli m. a. hafa þau störf á hendi að efla frjálsa íþróttastarfsemi og veita íþróttafélögum og einstaklingum aðstoð og leiðbeiningar um íþróttamál.

Eins og fram kemur í nál., sendi menntmn. frv. til umsagnar framkvæmdastjórn Íþróttasambands Íslands og íþróttafulltrúa ríkisins, og hafa umsagnir borizt frá báðum aðilum. Íþróttafulltrúi kveðst í sinni umsögn vera frv. meðmæltur í aðalatriðum, en bendir þó á tiltekin atriði, sem hann telur rétt að breyta, annars vegar það, að íþróttaumdæmin skuli ekki vera miðuð við landsfjórðunga, heldur kjördæmaskipunina, og meðan ekki sé námsstjóri í hverju slíku íþróttaumdæmi, þ. e. a. s. hverju kjördæmi, geti sami námsstjóri annazt þessi mál í 1—3 kjördæmum, og hins vegar leggur íþróttafulltrúi ríka áherzlu á, að fram komi í frv., að náin félagsleg tengsl slíkra íþróttanámsstjóra skuli vera við frjálsíþróttasamtök þjóðarinnar.

Í umsögn framkvæmdastjórnar Í. S. Í. kemur fram, að hún telur, að stofnun embætta íþróttanámsstjóra sé til bóta að því er snertir afskipti af íþróttamálum, sem ríkið lætur til sín taka, en hins vegar sé í 20. gr. gildandi íþróttal. íþróttastarfsemi utan skólanna falin frjálsu framtaki landsmanna og sé Íþróttasamband Íslands æðsti aðili um frjálsa íþróttastarfsemi áhugamanna í landinu, þetta skipulag hafi gefizt mjög vel og sé ekki sjáanleg nein ástæða, sem réttlæti að breyta því skipulagi. Hins vegar bendir framkvæmdastjórnin á það, sem liggur auðvitað í augum uppi, að með breytingum á frv. mætti færa það til þess vegar, að það samræmist þessari verkaskiptingu íþróttafulltrúa annars vegar og þá Íþróttasambandsins hins vegar, en í niðurlagi umsagnar sinnar segir framkvæmdastjórn Í. S. Í. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar viljum vér eigi draga dul á þá skoðun vora, að líklegra til enn jákvæðari árangurs teljum vér það vera, að hið háa Alþ. samþykki að veita sömu upphæð eða hærri en framkvæmd nefnds frv. kostar ríkissjóð til héraðssambanda úti um byggðir landsins til eflingar starfs þeirra og í því beina augnamiði að gera þeim kleift að hafa starfandi leiðtoga um 3—4 mánaða skeið að sumrinu eða lengri tíma, ef efni leyfa.“

Það kom ekki til umr. í n. að flytja brtt. við frv., því að það var upplýst, að íþróttalög, lög um Íþróttakennaraskóla Íslands og lög um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, eru nú í endurskoðun. Eins og fram kemur í nál., telur n., að frv. miði í rétta átt, þ. e. a. s. það geti orðið til framdráttar íþróttum í landinu, en hins vegar tók n. að sjálfsögðu enga afstöðu til þess, hvort sama eða betri árangri mætti ná og þá á hagkvæmari hátt með öðru skipulagi í þessum efnum, því að eins og ég áður sagði, kom aldrei til þess, að hreyft væri neinum brtt. við frv., hvað þá heldur ræddar.

Með tilliti til þess, að öll þessi lög, sem ég áður nefndi, eru í endurskoðun, varð n. sammála um að leggja til, að frv. verði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að þeirri endurskoðun ljúki sem fyrst, svo að unnt verði að leggja frv. um þessi efni fyrir næsta reglulegt Alþ., og kemur þetta fram í niðurlagi nál. á þskj. 612.

Ég sé svo ekki, herra forseti, ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málið, en vísa til þeirrar till., sem n. hefur gert einróma.

ATKVGR.

Till. frá menntmn. á þskj. 612 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 16 shlj. atkv.

4. Listlaunasjóður Íslands.

Á 40. fundi í Ed., 22. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um Listlaunasjóð Íslands [121. mál] (þmfrv., A. 242).

Á 44. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Alla tíð síðan íslenzka þjóðin fór að sýna lit á því að veita listamönnum sínum fjárhæðir úr sjóði landsins í launaskyni fyrir listsköpun og seinna einnig fyrir listtúlkun, hafa allmiklir gallar verið á þeim gjöfum Njarðar, ekki aðeins af því, að fjárveitingarnar hafa verið af skornum skammti, heldur vegna þess, að hið stjórnmálalega vald hefur gert sig um of að listdómanda og skipt launununm eftir sínu höfði. Tilviljun ræður því vitanlega, hvort þeir menn, sem til þess veljast að fara með hið pólitíska vald, eru til þess hæfir að meta gildi lista, hvort gáfnafar þeirra er þannig og þekking nægileg á þeim sviðum. Af þeim ástæðum einum saman, þótt ekki kæmi fleira til, er löggjafarþing fráleitur aðili til að deila launum milli listamanna. Í öðru lagi er svo tilhneiging flokkspólitískra valdhafa til þess að vilja sveigja listir til þjónustu við sína stefnu og láta iðkendur lista njóta þess og gjalda, hvernig afstaða þeirra í þeim efnum er eða lítur út fyrir að vera. Þar af leiðir, að það er óskapleg og óverjandi ónærgætni gagnvart listum að hafa þá skipan, sem við höfum, að kjósa menn eftir flokkspólitískum línum til þess að skipta milli listamanna því fé, sem Alþ. veitir á ári hverju til listlauna. Þetta er óviturlegt gagnvart listunum og hlýtur að hefna sín á menningu þjóðarinnar, þegar til lengdar lætur. Listin á ekki að þurfa að lúta öðrum lögmálum en sínum eigin. Hún á að vera frjáls. Listamenn eiga ekki að vera málaliðar. Þeir eiga ekki að þurfa í sköpun listar eða túlkun listar að gæta hagsmuna gagnvart ríkisvaldi. Það samrýmist ekki hlutverkum þeirra og köllun.

Shakespeare sagði: „Valdið setur tunguhaft á listina.“ Þetta er sígildur sannleikur. Valdið gerir þetta, þegar það getur. Þorsteinn Erlingsson fékk fyrst skáldastyrk á árinu 1895, og nam sá styrkur 600 kr. Dr. Sigurður Nordal segir frá því í ritgerð um ljóðmæli Þorsteins Erlingssonar, að ýmsum þm. hafi á þeirri tíð þótt óviðurkvæmilegt að launa hið „vantrúaða byltingarskáld“ af landsfé. Enn fremur segir Sigurður Nordal: „Seinna voru það einkum andstæðingar hans í stjórnmálum, sem úr töldu. Um þessa afstöðu til Þorsteins var kveðið í orðastað valdhafanna:

> Og þó að við vildum nú leggja honum lið
> og láta ekki tóna hans deyja,
> syngur hann eitthvað, sem sízt ætti við,
> og svo er hann vís til að þegja.“

Þarna er valdinu rétt lýst. Það vildi geta ráðið því, hvað listamaðurinn gerði, ráðið bæði söng hans og þögnum.

Í bók þeirri, sem Matthías Jochumsson ritaði og ber heitið „Sögukaflar af sjálfum mér“, segir hinn mikli skáldjöfur frá því, að hann varð að segja af sér sem prestur á Akureyri til þess að fá 2000 kr. í skáldlaun. Kveðst hann þó heldur hefði viljað hafa bara 800 kr. skáldlaun, eins og hann hafði haft að undanförnu, og vera prestur áfram. En landshöfðingi réð honum fastlega frá því að hafna 2000 kr. og neita að segja af sér, því að óvíst væri þá, að Alþ. veitti honum nokkurn skáldstyrk. Og skáldjöfurinn beygði sig fyrir valdinu.

Ég minnist á þessi löngu liðnu atvik, af því að þarna eru atvik, sem tala skýru máli og eru komin í nægilega fjarlægð til þess að blandast ekki nútímadeilum. Þorsteinn Erlingsson og Matthías Jochumsson eru ekki lengur umdeildir menn. Halldór Laxness væri auðvitað líka hægt að tala um í þessu sambandi og afstöðu valdsins til hans fyrir nokkru sem listamanns, en hann er enn á meðal okkar og ekki alveg kominn út af deilusviðinu, þótt hann hafi sigrað valdið, og þess vegna minni ég bara á hann með því að nefna nafn hans og tel þar í felast þungvæg, óhrekjandi rök fyrir máli mínu um, að við hér á Íslandi höfum ekki gætt þess, að valdið á ekki að setja eða leitast við að setja tunguhaft á listina. Það á ekki að láta hið pólitíska vald, sem ræður ríkjum í landinu hverju sinni, skipta eftir sínu höfði fjárhagsstuðningi þeim, sem samfélagið í heild veitir listamönnum sínum, veitir þeim það auðvitað til þess, að þeir geti betur en ella sinnt köllun sinni, og af því að þjóðin á þeim skuldir að gjalda.

E. t. v. skuldar engin þjóð listum meira en Íslendingar. Eða vill nokkur rengja sannleiksskjarna þeirra orða Davíðs frá Fagraskógi, að

> því lifði þjóðin,
> að þraut ei ljóðin?

Frá öllum hliðum séð eru listlaunamálin stórmál, sem ekki má vanrækja, ekki má láta fara um sem verkast vill eða vera í norna höndum. En það tel ég, að þau séu, þegar flokkspólitík fer með þau. Þjóðin á andlega gæfu sína of mikið undir listum komna til þess, að hún megi misbjóða listunum.

Eftir því sem kunnátta og tækni gera tekjuöflun til lífsframfæris auðveldari, verður af meiru að taka til listlauna, og jafnframt styttingu vinnudagsins til tekjuöflunar fjölgar tómstundum til listsköpunar hjá þeim, sem hafa hæfileika til hennar, og ekki sízt tómstundum almennings til að njóta listanna. Og hvað á fólk frekar að gera með tómstundir en að nota þær t. d. til að iðka íþróttir og til að auðga líf sitt á vegum listanna, hrífast með listum og hefjast í geði. Miklir fjármunir verða fyrst og fremst æskilegir, þegar þeim er varið til þess að efla mannlega farsæld, og stytting vinnudags verður fyrst og fremst til ávinnings, ef tómstundir, sem þannig fást, veita mönnum frjóa lífsnautn.

Á þessu ári eru á fjárl. ætlaðar 3.4 millj. til listlauna. Þetta er of naumt skorin fjárhæð. Hún er ekki einu sinni einn þúsundasti af tekjum ríkissjóðs. Hitt er þó enn verra, að fyrir úthlutun fjárhæðarinnar er hraparlega illa séð. Hægt er að færa talsvert áheyrileg rök að því, að ríkissjóður megi ekki við meiru en á hann er lagt. En

hitt er ekki með nokkru móti hægt að réttlæta, svo að sæmilega fari á, að hafa úthlutunina ár eftir ár og áratug eftir áratug í álögum flokkspólitíkurinnar.

Þrjú seinustu árin hefur 7 manna n. skipt fjárfúlgu þeirri, sem Alþ. hefur veitt til listlauna. N. hefur verið kosin hlutfallskosningu af sameinuðu þingi og er flokkslega í sömu styrkleikahlutföllum og þingið. Þar hefur hæstv. ríkisstj. sinn meiri hl. Og ekki hefur það legið í láginni, að stjórnarmeirihl. í n. hagar sér líkt og meiri hl. á Alþ., rétt eins og verið sé þar að vinna að pólitískum ákvörðunum. Svört messa yfir ríkjandi þjóðlífsstefnu fær ekki neina viðurkenningu hjá meiri hl. n. Þar kemur ekki til greina að launa neinu lýsingu af óheilbrigðu borgarlífi samtíðarinnar.

Ég er ekki með þessu beinlínis að deila á menninga í n. persónulega, þótt vitanlega séu þeir nokkurrar ásökunar verðir, en þeir eru í álögum pólitíkurinnar. Ég er að deila á það fyrirkomulag, sem veldur þessum álögum. Það er glapræði að velja listdómara á þennan hátt. Pólitík er nauðsynleg á sínum stað. Flokkaskipting í pólitík er oft og einatt eðlileg vinnubrögð á Alþ., þó að stundum sé þar of langt gengið. En við úthlutun listamannalauna á pólitíkin ekki við. Þar er hún hrein og bein norn. Mennirnir, sem í n. hafa starfað, gera sér líka grein fyrir þessu, meirihlutamennirnir einnig. Þeir finna til álagahamsins, þó að þeir hafi ekki undir kringumstæðunum getað losað sig við hann. Þeir hafa kvartað og beðið um úthlutunarreglur og löggjöf.

Nú verða vitanlega aldrei fundnir lagastafir eða reglur, sem leysa allan vanda við úthlutun listamannalauna. Það þarf alltaf lifandi skilning og þekkingu við hvern listdóm. En reglur og löggjöf geta mikið hjálpað. Umfram allt þurfa þeir, sem úthluta, að vera óháðir annarlegum öflum og valdi þeirra afla.

Reglur þurfa að tryggja, svo sem unnt er, að til að úthluta listlaunum séu kvaddir eingöngu menn, sem hafa áhuga á listum, þekkingu á þeim og næman smekk, og val á mönnum í úthlutunarnefndir þarf að miðast við allar listgreinar. Það þarf hver listgrein að eiga dómbæra fulltrúa, en fjarri fer því, að svo hafi verið, enda ekki hægt, eins og kjöri í n. hefur verið háttað.

Á þskj. 242 hef ég leyft mér að leggja fram frv. til l. um Listlaunasjóð Íslands. Eru í frv. þær reglur, sem mér hafa hugkvæmzt líklegastar til þess að koma listlaunamálunum úr þeirri úlfakreppu, sem þau hafa verið í til vanvirðu og tjóns og að mér virðist betri manni hvers manns til ömunar. Þær hafa verið betri manni hvers manns til ömunar, líka þeim, sem hafa úthlutað.

Árið 1960 flutti ég svipað frv. Því var alls ekki illa tekið. Ég tel, að því hafi verið vel tekið meðal ýmissa listamanna. En það sofnaði í n., enda var þá jafnframt frammi frv. um nokkurs konar akademíu, og það var eins og ekki kominn tími til þess, að löggjafarnir gætu haft sig í það að leysa málið úr þeirri ánauð pólitíkurinnar, sem það hefur verið.

Ég legg til í frv. mínu, að stofnaður verði sjóður, er beri heitið Listlaunasjóður Íslands, og hafi það eitt verkefni að fara með listlaunafé. Ég legg til, að stofnaður sé sjóður og verkefni sjóðsins sé að veita viðtöku fé, sem Alþ. ákveður í fjárl., að varið skuli úr ríkissjóði til listlauna, og öðru því fé, sem honum kann að berast í sama skyni, svo sem gjafafé. Mér þætti einmitt ekki ólíklegt, þegar slík skipan væri komin á, að þessi sjóður kynni að njóta tillaga og gjafa frá þeim, sem eru eigendur mikilla fjármuna, og þeir eru nú að verða býsna margir í okkar landi, sem betur fer. Mér finnst ekki ólíklegt, að ýmsir, sem listum unna, kynnu að vilja á þennan hátt gefa fyrir sálu sinni. Verkefnin eru einnig að greiða laun til listamanna ár hvert og svo að ávaxta listlaunafé, sem bíður úthlutunar, með því að geyma það í banka.

Á fjárl. legg ég til að verði árlega veittar úr ríkissjóði 5 millj. kr. í Listlaunasjóð Íslands. Það er auðvitað sérstakt umræðuefni, hver upphæðin á að vera, enda líklegt, að breyta þurfi fljótlega þeirri tölu, sem þannig yrði ákveðin, hver sem hún væri. 5 millj. kr. til listlauna á ári er ekki há fjárhæð, þegar litið er á heildartekjur ríkissjóðs. Hins vegar er þetta 1.6 millj. kr. meira eða nálega þriðjungi meira en fjárhæð sú, sem nú er á fjárl. til listlauna, og því verulega í framfaraátt. Hins vegar tel ég þetta mjög laust við öfgar og hef yfirleitt viljað forðast öfgar með frv. þessu.

Ég legg til, að Alþ. skipti þessari fjárveitingu milli fjögurra listgreina, þ. e.: til skálda og rithöfunda, myndlistarmanna, tónlistarmanna, leiklistarmanna. Ég hygg, að þessi flokkun listgreina nái yfir það svið, sem starfað er að listum á hjá þjóðinni. Ég vil taka fram, þó að ég telji, að pólitík Alþingis eigi ekki að ráða listlaunum til einstakra manna, þá sé ég ekki betur en Alþ. sé vel trúandi til þess að skipta á milli listgreinanna og mjög eðlilegt, að þingið geri það, auðvitað að mjög vel athuguðu máli og þegar fram í sækir eftir því, sem reynslan sýnir, að þörf er í hverri listgrein.

Ég tel eitt af því, sem er leiðinlegt við úthlutun listlauna að undanförnu, hafa verið, hvað listamenn eru flokkaðir í marga flokka, og tel, að það líkist allt of mikið einkunnagjöf. Það er varla á valdi slíkrar n. að gefa slíkar einkunnir, enda ekki ástæða til þess að skipta mönnum þannig í flokka. Hitt er réttara, að hafa nokkuð bundið eftir föstum reglum, hvernig menn skiptast í flokka. Og ég legg til, að flokkarnir verði þrír og þó í raun og veru mætti segja tveir aðalflokkar.

Fyrsti flokkurinn sé heiðurslaunaflokkur og fái þeir, sem hann skipa, fjárhæð, sem samsvarar hálfum hámarkslaunum í 20. launaflokki starfsmanna ríkisins. Ég tel heppilegra að miða þannig við laun hjá starfsmönnum ríkisins, sem breytast eftir því, sem verðlag og launagreiðslur breytast hjá ríkinu, og 20. launaflokkurinn svarar til þess, að þeir, sem væru nú í heiðurslaunaflokknum eða 1. flokknum, fengju, ef þeir fengju hálf launin, 100 þús. í staðinn fyrir 75 þús., sem þeim eru ætluð nú.

Svo er annar flokkur. Þar skulu vera menn, er fái árlega laun, nema þeir hætti um 5 ára skeið eða lengur að stunda list sína. Laun í þessum flokki skulu vera eins og þriðjungur há-

markslauna í 20. launaflokki starfsmanna ríkisins. En sú fjárhæð, sem svarar til þriðjungsins, er um 66½ þús. kr. En í öðrum flokki eftir úthlutun listamannalauna nú eiga að greiðast 50 þús. Þess vegna er þarna um allverulega hækkun að ræða.

Í þriðja flokki skulu laun vera greidd mönnum í viðurkenningarskyni fyrir einstök unnin verk eða vegna viðfangsefnis, sem þeir hafa með höndum og ástæða þykir til að veita þeim fjárhagslegan stuðning fyrir fram til að fást við, og í þessum flokki er ætlazt til líka, að nýgræðingi séu veitt laun til uppörvunar, og fjárhæðir eru frjálsar að því er þennan flokk snertir. Ég tel, að það væri við hæfi, að þeir, sem með þessi mál fara, veittu mönnum laun til þess að vinna sérstök verk, sem þeir tækju að sér, og máske bindu það þá til fleiri en eins árs. Yfirleitt væri frjáls veiting í þessum flokki og komið þannig á móti þeim, sem skipa sér í þessar raðir, annaðhvort sem byrjendur eða menn, sem eru að leysa einhver sérstök verkefni af hendi, sem tilheyra listsköpun.

Þá legg ég til, að laun úr Listlaunasjóði verði skattfrjáls. Mér sýnist hins vegar, að verið sé að veita mönnum viðurkenningar úr þessum sjóði og taka af þeim aftur eftir því, hvaða tekjur þeir hafa að öðru leyti, — taka til baka það, sem borgað hefur verið.

Þá er það, að þessi sjóður þarf að hafa sína stjórn, og þá legg ég til, að hver deild hafi sína stjórn eða sína menn til að úthluta fjárveitingum. Og þær reglur, sem mér hafa dottið í hug í þessu sambandi, eru á þá leið, að t. d. úthlutunarnefnd skálda- og rithöfundalauna skuli þannig skipuð, að menntamálaráð kýs einn mann og er hann formaður n., heimspekideild háskólans tilnefni tvo menn og Rithöfundasamband Íslands tvo menn. Ég legg til, að það verði þá 5 manna n., sem fari með fjármál þessarar deildar, sem er nú, eins og sakir standa, líklega fjölmennust í listamannahópnum. Og yfirleitt legg ég til, að menntamálaráð leggi til formann í allar fjórar nefndirnar. Mér virðist það sá eðlilegasti aðili, sem völ er á, eins og sakir standa, til þess, og er ráðið þá um leið nokkurs konar fulltrúi ríkisvaldsins. Úthlutunarnefnd myndlistarlauna skal — auk manns frá menntamálaráði — þannig skipuð, að Félag ísl. myndlistarmanna tilnefnir einn mann og Myndlistarfélagið annan. Þetta eru félög, sem myndlistarmenn skipa sér nú í. Úthlutunarnefnd tónlistarmanna þannig, að fulltrúi menntamálaráðs er formaður, en Tónskáldafélag Íslands, Einsöngvarafélag Íslands og Félag ísl. tónlistarmanna skulu öll í félagi tilnefna tvo menn. Vel má vera, að við athugun komi í ljós, að heppilegra sé að hafa mennina fleiri, þegar þessir aðilar þrír standa að, og svo má vera kannske um hinar nefndirnar, en það er allt til athugunar. Úthlutunarnefnd leiklistarlauna sé þannig skipuð, að formaðurinn sé frá menntamálaráði, en Bandalag ísl. leikara tilnefnir einn mann og Félag ísl. leikdómenda einn mann.

Með þessum hætti, að listamannasamtökin eða félög þeirra nefni menn í dóma, er nokkuð fyrir því séð, að þekking sé til staðar á þeirri listgrein, sem á að launa. Gert er ráð fyrir því í frv., að jafnmargir varamenn séu kosnir og á sama hátt, og enn fremur er tekið fram í frv., að ekki megi skipa í þessar n. menn, sem eiga hagsmuna að gæta sjálfir við úthlutun listamannalauna, enda er ekkert sjálfsagt, að þessi samtök listamannanna taki endilega menn úr sínum hópi, heldur velji þá fulltrúa, sem þau treysta bezt til að fara með þessi vandasömu málefni og vera fulltrúar listanna. Vilji einhver þessi aðili ekki taka þátt í að skipa menn í nefndir, svo að það vanti mann í n., er gert ráð fyrir því, að menntmrh. skipi mann í staðinn, og eiga þá samtökin um það að velja að leggja það í hendur mennmtrh., ef þau skorast sjálf undan að tilnefna menn.

Hér er tekið fram um það, á hvern hátt megi færa á milli flokkanna, og reglur um það, því að vitanlega þurfa að vera um það einhverjar reglur. Þær takmarka töluvert vald n. og koma í veg fyrir það, að ofboðið verði þá þeirri rausn, sem Alþ. þarf að sýna hverju sinni með till. sínum til listlaunasjóðs.

Ég sé ekki þörf á því að fara frekar út í skilgreiningu á þessu frv. við þessa umr. En ég hygg, að ef þetta frv. yrði gert að lögum, mundu þeir, sem úthluta listlaunum, að mestu losaðir við þá hvimleiðu einkunnargjafaóánægju, sem nefndirnar hafa steypt yfir sig með hinum mörgu flokkum, sem þær hafa raðað listamönnum í. Mér er vel ljóst, að það er mikill vandi að skipa listlaunamálum, og það verður aldrei gert, svo að öllum líki, eða alveg á gallalausan hátt.

Ég vil fyrir mitt leyti taka til athugunar allar bendingar um lagfæringar á þessu frv. og óska eftir því, að allir þeir, sem telja sig hafa skynsamlegt til málsins að leggja, láti það koma fram við n. þá, sem fær málið til meðferðar. Stefna sú, sem ég vil láta frv. þjóna og ætlast til að það þjóni, eins og það er úr garði gert frá mér, er: Að leysa listlaunareglurnar úr þeim viðjum annarlegra og óskyldra sjónarmiða, sem þær hafa verið í, og þá fyrst og fremst undan valdi flokkspólitíkur og klíkuskapar í þessu landi kunningsskaparins. Að tryggja það, svo sem unnt er, að þeir einir hafi úthlutun á hendi, sem séu sæmilega dómbærir í hverri listgrein og hafi tiltrú launþeganna sjálfra og vinni verk sín á ábyrgð þeirra. Að skipulagið sé lifandi og lýðræðislegt og stirðni hvorki né storkni í akademíu eða embættislegu formi. Að úthlutun listlauna sé út af fyrir sig og ekki ofin saman við annan stuðning og framlög, sem ríkið á að sjálfsögðu að veita til listastarfsemi og hljóta mjög að taka breytingum, jafnvel frá ári til árs. Að reglurnar segi sjálfar til, þegar auka þarf fé til listlauna. Að á listlaunum verði enginn ölmusublær, heldur votti þau þann skilning, að listirnar eru, eins og Einar Benediktsson komst að orði, lífinu langferðarnesti. Hann sagði nefnilega um gildi ljóðlistarinnar:

> Hve oft varð ein hending svalandi skál
> og lífinu langferðarnesti.

Og hið sama má segja um aðrar listgreinar, því að

> eilíf ráða listarlög,
> litum, svip og hljómi,

eins og Einar sagði líka.

Við, sem nú erum uppi og komnir til vits og ára, viljum vernda íslenzkt þjóðerni og þjóðmenningu. Við viljum gera allt, sem við getum, til þess að þjóðin geti orðið langlíf í landinu og vinnuþjökun hverfi og efnahagurinn verði sterkur. En við verðum jafnframt að leitast við að búa svo í haginn, að listirnar geti orðið þjóðinni langferðarnesti. Ef hún hefur ekki þær í nesti, nýtur hún ekki lífsins og þrýtur þá fyrr en varir langferðarþrótturinn. Svo mikils verð eru þessi málefni.

Herra forseti. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 242, n. 683).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Frv. þetta, sem flutt er af 1. þm. Norðurl. e, (KK), hefur verið til athugunar hjá menntmn., og eins og fram kemur í nál. á þskj. 683, sendi n. frv. til umsagnar til stjórnar **Bandalags íslenzkra** listamanna og stjórnar Myndlistarfélagsins.

Umsögn hefur ekki enn borizt frá stjórn Bandalags íslenzkra listamanna, en hins vegar hefur borizt frá Myndlistarfélaginu svo hljóðandi umsögn:

„Stjórn Myndlistarfélagsins leyfir sér að mæla með þessu frv., sem er bæði einfalt og sanngjarnt. Þó teljum við æskilega breyt. á 4. gr. frv., þannig að úthlutunarnefnd myndlistarlauna yrði skipuð fimm mönnum í stað þriggja með þeim hætti, að menntamálaráð kysi einn mann og yrði hann formaður n., Félag íslenzkra myndlistarmanna tilnefndi tvo menn og Myndlistarfélagið tvo menn. Enn fremur er æskileg önnur breyting á sömu grein, að kjör í n. þessa gildi til tveggja ára í stað þriggja."

Nú hefur fyrir fáeinum dögum verið samþ. í Sþ. ályktun, þar sem skorað er á ríkisstj. að láta undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi löggjöf um úthlutun listamannalauna, og eins og fram kemur í nál., þá leggur menntmn. til með skírskotun til þeirrar áskorunar, að d. vísi frv. til ríkisstj. í trausti þess, að ríkisstj. láti frv. koma til athugunar við undirbúning löggjafar um úthlutun listamannalauna.

ATKVGR.

Till. frá menntmn. á þskj. 683 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 15 shlj. atkv.

---

5. Listamannalaun og Listasjóður.

Á 40. fundi í Ed., 22. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um listamannalaun og Listasjóð [124. mál] (þmfrv., A. 247).

Á 44. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Í Egils sögu Skalla-Grímssonar, þar sem lýst er lífinu við hirð Haralds konungs hárfagra, segir á þessa leið:

„Af öllum hirðmönnum virði konungur mest skáld sín. Þau skipuðu annað öndvegi."

Mér hefur alltaf fundizt þetta athyglisverð og skemmtileg mynd, sem þarna er brugðið upp í einni setningu af Haraldi konungi og hirð hans, og að þessi mynd sé Haraldi hárfagra til sæmdar. Að vísu geri ég ekki ráð fyrir, að þarna hafi eintóm óeigingirni eða listnautn valdið. Það var síður hirðskálda þá að mæra konunga í ljóði og hlutu laun fyrir. Þessa hefur Haraldur konungur sjálfsagt viljað njóta hjá skáldum sínum. En þær sæmdir, sem hann veitti skáldunum, eru vottur þess, að hann kunni að meta áhrifamátt skáldskapar, svo sem margir þjóðhöfðingjar og fyrirmenn á fyrri öldum. Skemmtileg hefur mér líka fundizt frásögn Heimskringlu af því, hvernig Íslendingar á þjóðveldisöld guldu Norðmanninum Eyvindi skáldaspilli bragarlaun, en Eyvindur var, eins og mörgum er kunnugt, höfuðskáld Norðmanna á 10. öld. Í Heimskringlu segir:

„Eyvindur orti drápu um Íslendinga, en þeir launuðu svo, að hver bóndi gaf honum skattpening. Sá stóð þrjá penninga silfurs og hvítur í skor. En er silfrið kom fram á Alþingi, réðu menn þar af að fá smiði til þess að skíra silfrið. Síðan var gjör af feldardálkur, en þar af var greitt smíðakaupið. Þá stóð dálkurinn fimm tugi marka."

Hér hygg ég, að getið sé um hin fyrstu skáldalaun, sem Íslendingar lögðu fram sameiginlega, hvort sem það var nú Alþ. eða almenn samtök, sem hafa staðið að þessari ráðstöfun.

Á flestum eða öllum öldum íslenzkrar sögu munu þess finnast dæmi, að skáld og listhagir menn hafi hlotið einhver iðgjöld íþróttar sinnar, en jafnan voru það þá einstaklingar, sem inntu þau af hendi, allt fram á síðustu öld, þá mun þjóðarheildin ekki hafa átt þar hlut að máli. Það mun vera í fyrsta skipti árið 1819, sem íslenzkt skáld hlýtur viðurkenningu úr sjóði, sem telja mætti almannasjóð, en það ár veitti konungur séra Jóni Þorlákssyni á Bægisá 40 ríkisdala árlegan styrk í sæmdarskyni fyrir skáldskap. En hið aldna og fátæka skáld naut þessa stuðnings ekki lengi. Jón á Bægisá andaðist í októbermánuði þetta sama haust. Síðan mun það ekki hafa komið fyrir, að skáldskapur íslenzks manns væri launaður úr opinberum sjóði, fyrr en nokkuð löngu eftir að Alþ. hafði fengið fjárveitingavaldið í sínar hendur árið 1874. En sá atburður, er Alþ. launaði fyrst listamenn, gerðist, að ég hygg, árið 1891. Þá eru samþykktar tvær slíkar

fjárveitingar. Var önnur þeirra skáldalaun til séra Matthíasar Jochumssonar, 600 kr. og 400 kr. til Torfhildar Þorsteinsdóttur Hólm til ritstarfa. Ég hef haft gaman af því að rifja upp orðalag flm. á þessum tveimur fyrstu till. um fjárveitingar til listamanna, því að mér þykir það orðalag benda nokkuð til þess, að fyrir flm. hafi vakað svipuð hugsun og ég tel meginuppistöðu í því frv., sem hér er til umr. og ég flyt nú, að annars vegar beri að heiðra ágæta og viðurkennda listamenn fyrir unnin afrek, hins vegar að veita starfsstyrki þeim listamönnum, sem yngri eru og óráðnari, en líklegir þykja til góðra hluta. Hins má svo geta, svo sem eins og innan sviga, að Alþ. var ákaflega varfærið fyrr á árum, og í sambandi við till. um skáldalaun til séra Matthíasar, þegar hún var flutt í fyrsta sinn 1891, risu upp þm., sem töldu afar varhugavert að fara inn á slíka braut að veita skáldalaun. Um þetta var nokkuð deilt, og endirinn varð sá, að orðið „skáldalaun" var fellt niður og samþ. fjárveiting, 600 kr., til séra Matthíasar Jochumssonar, en sleppt öllum skýringum á því, fyrir hvaða verðleika fjárhæðin var veitt.

Síðan 1891 hefur Alþ. veitt íslenzkum skáldum og síðar öðrum listamönnum stuðning með fjárveitingum, þótt ekki hafi það alltaf gengið orðalaust, og margvíslegur háttur hefur verið á hafður um úthlutun þessa fjár. Áratugum saman stóðu hvimleiðar deilur á Alþ. um listamannafé og um verðleika einstakra listamanna. Slíkra deilna hefur lítt gætt hér á Alþ. s. l. ár. Það stafar af tvennu. Segja má, að fyrir löngu sé það almennt viðurkennt, bæði af þingi og þjóð, að listamenn og listastörf beri að styðja, þótt enn geti menn greint á um fjárhæðir, sem verja skuli af almannafé í þessu skyni. En í öðru lagi hefur Alþ. losað sig við þann vanda að skipta fénu og falið sérstakri n. Hafa deilurnar um þessi mál því að mestu leyti verið fluttar út úr þinginu og fara nú einkum fram í blöðum.

Um nokkuð langt skeið, held ég, að margir hafi gert sér það ljóst, að nauðsynlegt er, að komið verði á fastari og hentugri skipan en verið hefur um úthlutun listamannalauna, svo og um annan opinberan stuðning við listsköpun í landinu. Enn rísa á hverju ári harðar deilur um skiptingu þess fjár, sem veitt er á fjárl. til listamanna. Sjálfsagt verður seint eða aldrei fundið það fyrirkomulag þessara mála, að lítilli eða engri gagnrýni sæti. Slík mál eru viðkvæm og það er torvelt að koma við algerlega hlutlægu mati, þar sem smekkur og tilfinning ráða jafnmiklu og hér hlýtur jafnan að verða. En þó vil ég leyfa mér að fullyrða, að hin megna óánægja með úthlutun listamannafjár og hinar sífelldu deilur, sem sú úthlutun veldur, eigi að töluverðu og jafnvel að verulegu leyti rót sína að rekja til þess, að Alþ. hefur látið undir höfuð leggjast að marka ákveðna og skynsamlega stefnu um meðferð listamannafjár og tryggja það eftir föngum, svo sem gert verður með löggjöf, að framlag ríkissjóðs verði lyftistöng fyrir listsköpun í landinu og í annan stað samboðið þeim viðurkenndu listamönnum, sem heiðurslauna er ætlað að njóta.

Úthlutun listamannafjár hefur á liðnum tímum verið í höndum ýmissa aðila. Lengi var hún, eins og ég áðan sagði, í höndum Alþ. sjálfs, þá um skeið á vegum menntamálaráðs, skamma hríð var hún framkvæmd af fulltrúum úr hópi listamanna og loks allmörg hin síðustu ár á vegum þingkjörinnar n. Segja má, að engin þessara úthlutunaraðferða hafi þótt gefast sérlega vel. Þó ber, held ég, flestum saman um, að torfundið verði öllu óhentugra fyrirkomulag en nú er, þar sem eins konar fulltrúar þingflokkanna koma árlega saman til að annast aðeins eina úthlutun — koma saman í fáeina daga til þess að skipta fénu, án þess að hafa nein lagafyrirmæli eða fastar reglur við að styðjast. Og eftir að þessi þingkjörna n. hefur setið á rökstólum í fáeina daga og gengið frá úthlutun, skilst mér, að hún telji starfa sínum lokið, telji sig í rauninni úr sögunni. Að vísu kunna sömu menn að verða kosnir í nýja úthlutunarnefnd næsta ár að einhverju eða jafnvel öllu leyti. Þó hlýtur það að vera allsendis óvíst, enda hefur það lengi verið viðkvæði nálega allra, einnig nm. sjálfra, að þetta fyrirkomulag sé ekki til frambúðar. Það þurfi að gera verulega og skjóta bragarbót á þessu fyrirkomulagi.

Um listamálin, listaúthlutunarmálin sérstaklega, hafa verið flutt ófá frv. á undanförnum 15—20 árum, jafnvel hafa verið flutt um þau efni stjfrv. En ekkert þessara frv. hefur náð fram að ganga. Ég hef kynnt mér öll þessi frv., þau sem flutt hafa verið síðustu 20 árin, og enn fremur ýmsar álitsgerðir og till., sem komið hafa fram utan þings, einkum frá listamönnunum sjálfum og samtökum þeirra. Ég hef við samningu þess frv., sem ég hef leyft mér að leggja fyrir hv. Alþ. um þessi mál, notfært mér margt, sem ég taldi gott og gagnlegt, úr hinum eldri frv. og till., þ. á m. ýmis atriði úr frv. hv. 1. þm. Norðurl. e., Karls Kristjánssonar, því frv., sem var hér á dagskrá næst á undan.

Ekki get ég þó sagt, að ég hafi lagt neitt hinna eldri frv. til grundvallar þessu, heldur er það frábrugðið þeim öllum í ýmsum veigamiklum atriðum. M. a. hefur mér þótt ástæða til að leggja ríka áherzlu á það, að æskilegt er og raunar sjálfsagt, að skipulagður verði af opinberri hálfu stuðningur við listsköpun í landinu í ýmsu öðru formi en með beinni úthlutun launa eða styrkja til ákveðins fjölda listamanna.

Ég er þeirrar skoðunar, að ný og bætt skipan þessara mála sé ekki einungis æskileg frá sjónarmiði listamanna sjálfra, heldur ekki síður frá sjónarmiði þjóðarinnar í heild, þeirra, sem njóta eiga verka listamannanna. Hér þarf að vísu að auka það fé, sem veitt er til stuðnings íslenzku listalífi. En ég er sannfærður um, að því aðeins kemur slík aukning listafjár að verulegum notum, að breytt sé til bóta um reglur og starfshætti við skiptingu fjárins. Deiling þess til um eða yfir 120 einstaklinga, allt niður í 15 þús. kr. styrki, held ég að sé næsta óheppileg. Og jafnvel þótt heildarfjárveitingin verði aukin verulega, tel ég, að fækka eigi til muna þeim, sem njóta árlegra listlauna. En það á að muna um stuðninginn, þegar hann er veittur, og föst árleg listamannalaun geta naumast komið til álita nema til handa takmörkuðum hópi. En takist að setja fastar reglur um fjölþættari og raunhæfari stuðn-

ing við starfandi listamenn en nú á sér stað, hygg ég, að auðveldara verði að fá Alþ. til þess að styrkja listir og listamenn með auknum fjárframlögum.

Mér er kunnugt um, að hæstv. núverandi menntmrh. hefur hug á því að koma á nýrri skipan þessara mála. Hann hefur áður, bæði sem þm. og síðar sem ráðh., flutt frv. um listamannalaun, og nú ekki alls fyrir löngu lýsti hann yfir því, að hann hefði hug á að undirbúa löggjöf um þetta efni. Frv. mitt er ekki flutt vegna þess, að ég sé í neinu kapphlaupi við hæstv. ráðh. né heldur við hv. 1. þm. Norðurl. e. eða neinn annan um lausn þessa máls. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að frv. mitt sé hin eina hugsanlega lausn þess. En ég vildi leggja þetta frv. fram sem eins konar umræðugrundvöll, sem framlag af minni hálfu til þeirra umræðna, sem nú og á næstunni fara væntanlega fram um þessi mikilsverðu efni. Ég hef lengi og nokkuð mikið hugsað um þau mál, sem hér er um að ræða. Ég hef átt tal um þau fyrr og síðar við ýmsa listamenn og áhugamenn um listir. Árangur þeirra hugleiðinga og athugana er þetta frv.

Þar sem frv. fylgir nokkuð ýtarleg grg., tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða um einstök atriði þess. Ég ætla því að láta nægja að benda stuttlega á fimm meginatriði, sem ég tel að felist í þessu frv.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir nýrri skipan úthlutunarnefndar, sem jafnframt fjalli um þann stuðning við listsköpun og listtúlkun í landinu, sem veittur kann að verða í öðru formi en með beinum fjárveitingum til einstakra listamanna. Hér er vafalaust um eitt mikilsverðasta atriðið að ræða, að því er varðar alla skipun þessara mála. Mitt sjónarmið er þetta: Hér þarf að vera starfandi föst n., sem kosin sé til nokkurra ára í senn. Þar skulu eiga sæti fulltrúar frá samtökum listamanna, fulltrúar frá ríkisvaldinu og fulltrúar frá hlutlausum og tiltölulega óháðum aðila. Ég legg því til í frv. þessu, að stjórn Bandalags íslenzkra listamanna kjósi 3 menn í n., menntamálaráð kjósi 2, en háskólaráð Háskóla Íslands 2. Þá er ákvæði um það, að enginn þessara þriggja aðila skal vera bundinn af því að velja í n. menn úr sínum hópi. Um Bandalag ísl. listamanna geri ég beinlínis ráð fyrir því, að það verði ekki starfandi listamenn eða menn, sem kunna að hafa hagsmuna að gæta við úthlutun listlauna, heldur tilnefni það eins konar trúnaðarmenn sína og þá gjarnan utan eigin raða. Ég tel, að þetta fyrirkomulag sé að mörgu leyti einfaldara og heppilegra en margar úthlutunarnefndir, t. a. m. 4, hver fyrir sína listgrein. Aftur á móti mundi ég telja mjög líklegt og jafnvel sennilegt, að slík nefnd veldi sér ráðunauta, sem gerðu tillögur til hennar varðandi hinar einstöku listgreinar, en nefndin sjálf tæki endanlegar ákvarðanir og bæri formlega ábyrgð á úthlutuninni í heild, það væri ein nefnd, sem það gerði.

Annað mikilsvert atriði þessa frv. er það, að þar er gert ráð fyrir þeirri breytingu, að fremstu og viðurkenndustu listamenn þjóðarinnar hverju sinni, þeir menn, sem réttmætt þykir að heiðra, njóti allverulegra fastra listamannalauna, en séu ekki eða geti verið árlegt bitbein og háðir ákvörðun úthlutunarnefndar hverju sinni. Flestir, sem rætt hafa um úthlutun listamannalauna, eru, að ég hygg, sammála um nauðsynina á því að koma þessum hætti á, enda held ég, að segja megi, að það hafi verið kjarni þeirra frv. og tillagna, sem fram hafa komið um listlaunamál á síðari árum.

Þriðja mikilvæga atriðið í þessu frv. og ein helzta nýjungin er sú að tryggja nokkrum hópi listamanna allverulega starfsstyrki, styrki, sem ætlunin er að þeir njóti í 2 ár a. m. k., en í 3 ár hið lengsta samfellt hverju sinni. Mér er kunnugt um, að nágrannaþjóðir okkar hafa tekið upp slíka starfsstyrki til listamanna og það í vaxandi mæli. Skal ég í því sambandi nefna bæði Norðmenn og Breta, sem mér er kunnugt um að hafa tekið upp að veita af almannafé slíka styrki og telja, að það hafi gefið mjög góða raun. Þeir menn, sem ég geri ráð fyrir að hljóti slíka starfsstyrki, eru í fyrsta lagi þeir, sem þegar hafa sýnt, að þeir eru líklegir til afreka og ástæða er til að veita aðstöðu til þess að vinna að listsköpun, þ. e. a. s. listamenn, sem eru í fullu starfsfjöri og mikils kann að mega af vænta, ef þeim er veitt aðstaða til þess að sinna list sinni. En jafnframt og ekki síður tel ég að eigi að veita slíka starfsstyrki ungum mönnum, sem sýnt hafa ótvírætt, að þeir séu efnilegir listamenn, og verður þá að ráðast, hvernig fer, en tækifæri á að veita þeim að *minum dómi í þessu formi*, að veita þeim allriflega starfsstyrki í 2 eða 3 ár, en láta síðan sjá, hvaða árangur það ber.

Í fjórða lagi felur þetta frv. í sér það mikilsverða ákvæði, að stofnaður skuli fastur listasjóður og sé honum ætluð ákveðin árleg fjárveiting á fjárlögum. Úr þessum listasjóði er hugmyndin að úthluta áðurgreindum starfsstyrkjum, en auk þess nokkrum öðrum lægri styrkjum, sem eru ekki heldur hugsaðir sem föst listamannalaun, heldur í mörgum tilfellum sem viðurkenning eða hvatning. Ýmist yrðu þeir veittir einu sinni eða oftar sama manni eftir atvikum. Slík fjárveiting kæmi þá að vissu leyti í stað lægstu launaflokkanna skv. því úthlutunarkerfi, sem nú er. En þeim listasjóði, sem ég legg til að verði myndaður skv. II. kafla þessa frv., er jafnframt ætlað að sinna öðrum og fjölþættari verkefnum en útdeilingu persónulegra styrkja. Í 12. gr. frv. eru nefnd 5 atriði, sem ég legg til að sjóðurinn eigi að styrkja eða megi styrkja. Þar er þó engan veginn um tæmandi upptalningu að ræða, heldur nánast nefnd nokkur dæmi þess, hvernig slíkur fastur sjóður gæti stutt listamenn og listsköpun með nokkuð fjölbreytilegum hætti. Meðal þess, sem þarna er nefnt, vil ég aðeins benda á tvennt. Það er sú hugmynd, að komið verði upp af hálfu hins opinbera eða þá þessa listasjóðs, ef hann kæmist á, hentugum íbúðum eða litlum húsum á hagkvæmum stöðum, þar sem listamönnum væri síðan boðið að dveljast um lengri eða skemmri tíma, meðan þeir væru að störfum við að sinna sinni list, að rithöfundur, sem þarf að öðlast ró og næði til að ljúka verki, sem hann er að vinna að, geti átt þess kost að taka sig upp og dveljast á rólegum og skemmtilegum stað í 1, 2 eða 3 mánuði og hið sama gildi um tónskáldið eða listmálarann, sem vildi sinna slíku. Ég hygg, að þetta gæti komið mörgum að góðu gagni. Í annan

stað vildi ég benda á, að eitt af verkefnum listasjóðs ætti að mínu viti að vera að stuðla að listkynningu, sem listamennirnir sjálfir önnuðust að mestu eða jafnvel öllu leyti. Um þá hugmynd langar mig til að fara fáeinum orðum, þar sem ég tel, að hún sé eitt af hinum mikilvægari verkefnum, sem slíkur sjóður ætti og þyrfti að sinna.

Það hefur verið rætt um það oft á undanförnum árum og ritað, að nauðsyn sé á að auka jafnvægi í byggð landsins. Um það hafa verið fluttar ýmsar tillögur og nokkur viðleitni höfð uppi til að stemma stigu við hinum öra flutningi fólks úr fámenni til þéttbýlis. Í þessari viðleitni og tillagnagerð hefur einkum verið lögð áherzla á umbætur í atvinnu-, samgöngu- og raforkumálum. Þetta eru vissulega allt mikilvæg atriði. En hinu má þó sízt gleyma, að jafnvægið á sviði menningarmála, ef svo mætti að orði komast, þ. e. a. s. aðstaðan til menntunar, til listnautnar og til heilbrigðs tómstunda- og skemmtanalífs er sízt minna atriði en fjárhagsleg afkoma fólks og almenn lífsþægindi. Mörgum mönnum í strjálbýlinu er þetta fullkomlega ljóst og hefur verið lengi. Vottur þess eru m. a. sívaxandi kröfur um fjölgun menntastofnana og um bætta aðstöðu til náms úti um land. Aukinn áhugi á eflingu tónlistar- og leiklistarstarfsemi, sem nú gætir víða úti á landsbyggðinni, ber þess einnig merki, að uppi er viðleitni til að iðka menningarlegt tómstundastarf í strjálbýlinu. Félagsheimili þau, sem reist hafa verið víðs vegar um land á síðari árum, eru enn eitt tákn þess, að mönnum er ljós sú þörf, að sem flestir geti notið félags- og tómstundalífs. Þessi hús eru mörg hver hin veglegustu, enda hafa þau kostað mikið fé. Án efa hafa mörg þeirra þegar stuðlað að auknu og bættu félagslífi. Hinu er þó ekki að leyna, að enn sem komið er skortir töluvert á, að þau séu notuð til hlítar, með þeim hætti, sem hægt væri og æskilegt væri, þ. e. a. s. að vera miðstöð fjölþættrar menningarstarfsemi hvert í sinni byggð eða héraði. Þessu veldur að sjálfsögðu margt, sem ég skal ekki fara frekar út í hér. En ég tel alveg víst, að hin mörgu og myndarlegu félagsheimili gætu orðið stórum meiri lyftistöng í menningarlegum efnum heldur en þau eru þegar orðin, ef til kæmi skipulegur stuðningur við slíka viðleitni af hálfu hins opinbera. Ég tel það mjög mikilvægt, að hér verði ráðin bót á. Það mikla fé, sem ríkið, bæjar- og sveitarfélög og samtök fólksins hafa lagt í það að koma upp myndarlegum félagsheimilum, þarf að ávaxtast betur en verið hefur, og það getur áreiðanlega gert það. Með góðu skipulagi og hóflegum tilkostnaði, sem ekki þyrfti að nema stærri upphæð árlega en nemur einhverju broti af kostnaði við byggingu eins félagsheimilis, á að vera kleift að flytja góða og fjölþætta list um landið og koma þannig til móts við þær óskir fólks í strjálbýlinu, sem nú gætir í vaxandi mæli, að félagsheimilin geti orðið réttnefndar menningarmiðstöðvar í ríkari mæli en nú er. Gleðilegur vottur þess, að skilningur á gildi og menningarhlutverki félagsheimila færist í vöxt, kom m. a. fram nú í haust, þegar nýtt félagsheimili hóf starfsemi sína með því að efna til raunverulegrar listahátíðar, sem stóð í viku.

Árin 1958 og 1959 gerðu menntamálaráð og ríkisútvarpið í sameiningu tilraun til listkynningar. Sú listkynning hlaut heitið „List um landið". Tilgangurinn var sá að senda hvers konar lifandi list sem víðast út um bæi og sveitir, orðsins list, tónlist og myndlist. Sýningar úrvalsverka úr Listasafni Íslands voru haldnar á fáeinum stöðum, auk þess sem listfræðingur hélt fyrirlestra um myndlist. Kirkjutónlist var flutt allvíða á Suðvesturlandi. Gerður var út leiðangur um Suður- og Austurland, flutt stutt ópera, sunginn einsöngur og skáld lásu ljóð sín. Um Norðurland ferðuðust rithöfundar, sem lásu úr eigin verkum, og óperusöngvari hélt tónleika. Loks fór einn leiðangur um Vestfirði, þar sem boðið var upp á pianóleik, einsöng og ljóðalestur. Hvarvetna var vandað mjög til dagskrár og hinir færustu listamenn til fengnir. Þessi tilraun þótti, að ég hygg, takast vel. Aðsókn var víða góð og móttökur hvarvetna ágætar. Aðgangseyrir að þessum samkomum var seldur, en á hóflegu verði. Mun láta nærri, að hann hafi staðið undir 60% heildarkostnaðar. Hallann báru menntamálaráð og ríkisútvarpið, að hálfu hvor aðili, og ég vil segja, að sá halli hafi verið ótrúlega lítill miðað við umfang þessarar starfsemi og tilkostnað, sem var vitanlega allmikill. Ég tel, að þessu líka starfsemi beri að taka upp að nýju, og ég sé ekki betur en það væri verðugt og tilvalið verkefni fyrir listasjóð, ef stofnaður yrði, að standa fyrir slíku. Þess skal getið, að mér er kunnugt um, að Bretar hafa fyrir nokkru stofnað listasjóð hjá sér, en sá sjóður vinnur að eflingu lista á mjög breiðum grundvelli og hefur þegar unnið mikilvægt og merkilegt starf.

Ég vil svo að lokum leggja á það áherzlu, að ég tel, að Alþ. geti ekki skotið því á frest öllu lengur að setja löggjöf um þessi listamál. Í raun inni hefur það dregizt allt of lengi, dregizt svo lengi, að það er orðið Alþ. til vansa. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að ég hafi í þessu frv. bent á hina einu réttu leið. Þar eru vitanlega ýmis álitamál, og eitt og annað stendur þar vafalaust til bóta. Ég skal þó geta þess hins vegar, að ég hef nú nýlega rætt við ýmsa listamenn um þetta frv. og hef yfirleitt fengið mjög góðar undirtektir, að því er varðar meginstefnu þess. Því er ekki að leyna, að frv. gerir ráð fyrir allverulega auknum fjárstuðningi við listir og listamenn eða fullri tvöföldun þess framlags, sem nú er varið til listamannalauna. En þegar alls er gætt, tel ég, að hér sé hóflega í sakirnar farið. Og ég er þeirrar skoðunar, að hvorki þing né þjóð muni telja eftir 7—8 millj. kr. sem árlegt framlag til fjölhliða listastuðnings, ef það er jafnframt tryggt eftir föngum, að þessir fjármunir nýtist vel og verði lyftistöng fyrir listsköpun og listkynningu í landinu.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 247, n. 684).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Þetta frv., sem er flutt af hv. 5. þm. Reykn., hefur verið til athugunar hjá menntmn., og eins og fram kemur í nál. á þskj. 684, hefur frv. verið sent til umsagnar stjórn Bandalags íslenzkra listamanna og Myndlistarfélaginu. Frá stjórn Bandalags íslenzkra listamanna hefur umsögn ekki enn borizt, en frá Myndlistarfélaginu hefur hins vegar borizt umsögn, sem er svo hljóðandi:

„Enda þótt nokkrar athyglisverðar tillögur séu í þessu frv., getur stjórn Myndlistarfélagsins ekki mælt með því, af þeirri ástæðu, að Myndlistarfélagið er ekki meðlimur í Bandalagi íslenzkra listamanna og yrði þar af leiðandi útilokað frá því að geta haft áhrif á val úthlutunarnefndar myndlistarlauna, ef valið væri í úthlutunarnefnd eftir frv. Gils Guðmundssonar. Við viljum í þessu sambandi geta þess, að Myndlistarfélagið hefur sótt um upptöku í Bandalag íslenzkra listamanna, en því hefur verið synjað inngöngu. Að endingu viljum við taka það fram, að við teljum, að ekki komi til mála að láta Bandalag íslenzkra listamanna hafa nein afskipti af úthlutun listamannalauna, á meðan það meinar stórum listafélögum inngöngu í bandalagið.“

Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá hefur verið samþ. í Sþ. ályktun um að skora á ríkisstj. að láta undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi löggjöf um úthlutun listamannalauna, og menntmn. leggur til, með skírskotun til þeirrar ályktunar, að Ed. vísi frv. til ríkisstj. í trausti þess, að ríkisstj. láti frv. koma til athugunar við undirbúning löggjafar um úthlutun listamannalauna.

ATKVGR.

Till. frá menntmn. á þskj. 684 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 16 shlj. atkv.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Á 17. fundi í Nd., 15. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum [65. mál] (stjfrv., A. 77).

Á 18. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum verður að skoða í samhengi við frv. til l. um bátaábyrgðarfélög, sem er 2. mál á dagskrá hv. þd. í dag og fram er lagt samhliða þessu frv. Það er tilkomið af sömu ástæðum, þ. e. vegna ályktunar á aðalfundi L. Í. Ú., sem haldinn var hér í Reykjavík 26.—28. nóv. 1964.

Þetta frv. sem og hið fyrrnefnda er samið á vegum sjútvmrn. af Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingafræðingi. Ríkisstjórninni er hins vegar kunnugt um, að einhugur var ekki um nefnda ályktun innan L. Í. Ú., og hefur það komið fram síðar, nú þegar frv. var lagt hér fram. Það þótti eigi að síður rétt, að frv. yrði flutt, og mun sú n., sem væntanlega fær frv. til meðferðar, að sjálfsögðu kanna málið frekar hjá hlutaðeigandi aðilum með því að leita umsagnar þeirra og fá fram þeirra álit.

Efnislegar breyt., sem í þessu frv. felast frá gildandi l., eru fyrst og fremst eftirfarandi:

Í gildandi l. er gert ráð fyrir 3 manna stjórn Samábyrgðarinnar, þar sem 2 eru skipaðir af ráðh., þ. á m. formaðurinn, sem jafnframt er framkvæmdastjóri, en 1 tilnefndur sameiginlega af bátaábyrgðarfélögum. Frv. gerir hins vegar ráð fyrir 5 manna stjórn, þar af 2 mönnum tilnefndum af L. Í. Ú., 2 kosnum sameiginlega af bátaábyrgðarfélögunum, oddamann skipi ráðh., og verður hann jafnframt formaður stjórnarinnar. Þá er gert ráð fyrir í frv., að starfssvið Samábyrgðarinnar verði víkkað, þannig að Samábyrgðin fái nú heimild til að taka að sér slysa- og ábyrgðartryggingar, ýmist sem endurtryggjandi fyrir bátaábyrgðarfélög, sem taka slíka tryggingu að sér, eða sem frumtryggjandi, ef bátaábyrgðarfélag viðkomandi staðar eða tryggingarsvæðis tekur ekki að sér slíkar tryggingar. Ný ákvæði eru sett inn í frv., þar sem svo er kveðið á, að Samábyrgðin boði til fundar með fulltrúum bátaábyrgðarfélaganna eigi sjaldnar en á 3 ára fresti. Á fundum þessum verði kosnir 2 menn í stjórn, auk þess sem þar verði gerðar ályktanir um málefni samtakanna. Þá er gert ráð fyrir því, að núgildandi ákvæði um ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Samábyrgðarinnar verði felld niður, sbr. tölulið 4 í upphafi athugasemda við frv. Í brbákv. frv. er gert ráð fyrir, að þar til stjórnarmenn hafi verið kosnir á fulltrúafundi skv. 6. gr. frv., eftir að frv. þetta hefði verið samþ., þá skipi ráðh. 3 menn í stjórnina án tilnefningar, er sitji í stjórninni, meðan það millibilsástand ríkir.

Ég tel ekki þörf á að fara nánar út í útskýringar á einstökum gr. frv., svo rækilega sem þær breyt., sem í þeim felast, eru útskýrðar í ats.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Stjórnarfrv. það, sem hér liggur nú fyrir til umr., um breytingar á gildandi l. um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, mundi tákna allverulega breyt. á rekstri Samábyrgðarinnar frá því, sem verið hefur, ef frv. þetta yrði gert að lögum.

Það er enginn vafi á því, að það hefur verið um alllangan tíma þörf á því að endurskoða l. um bátaábyrgðarfélög og l. um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Þessi l. eru löngu orðin úrelt í ýmsum efnum og hæfa ekki við þær aðstæður, sem nú eru. En svipað má segja einnig um fyrirkomulag vátryggingarmála bátaútvegsins almennt. Þar hefur í rauninni í alllangan tíma ríkt hið mesta ófremdarástand, sem nokkrum sinnum hefur verið rætt um hér á hv. Alþingi. En það hefur gengið heldur seint að fá fram eðlilega endurskoðun á þessum l. og breyt. á framkvæmd vátryggingarmála bátaútvegsins.

En nú eru sem sagt lögð hér fram 2 stjfrv., sem fjalla um þessi mál, og má segja, að það sé gott út af fyrir sig. En mér sýnist, að þessi endurskoðun hafi farið fram með heldur einkennilegum hætti. Hér er um viðamikla löggjöf að ræða, sem margir aðilar í landinu eiga aðild að, en endurskoðun fer fram með þeim hætti, eftir því sem helzt er hægt að skilja á þeim frv., sem hér liggja fyrir um bátaábyrgðarfélög og um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, að einn fulltrúi í sjútvmrn. semur frv. að nýrri löggjöf í þessum efnum og aðrir virðast ekki koma þar að, eftir þeim upplýsingum, sem hér liggja fyrir. Mér er ekki kunnugt um, að þær mjög svo víðtæku breytingar, sem hér er stefnt að, hafi t. d. verið bornar undir bátaábyrgðarfélögin í landshlutunum. Það hefur a. m. k. ekki verið gert í

þeim landshluta, þar sem ég fylgist bezt með. Þeir aðilar, sem standa að þessu tryggingarkerfi, hafa ekki verið um spurðir í sambandi við þær breytingar, sem hér er ætlað að gera. Þetta tel ég, að illa sé staðið að máli, að vinna þannig að því.

Í þessu frv. er mjög látið í það skína, að breytingarnar séu byggðar á till., sem samþykkt hafi verið á síðasta aðalfundi L. Í. Ú., og sú till., sem þar var samþ., er tilfærð. Maður gæti því haldið, að L. Í. Ú. stæði raunverulega að þessari tillagnagerð, sem hér kemur fram. En þessi frásögn er vægast sagt mjög villandi, eins og kom fram í framsöguræðu hæstv. sjútvmrh. Sannleikur málsins er sá, að innan samtaka útvegsmanna er mikill ágreiningur um þetta mál. Og sú till., sem samþ. var á síðasta aðalfundi L. Í. Ú. um þessi mál, var þar samþ. eftir miklar og harðar deilur, með meiri hluta atkv. að vísu. Ég hefði talið rétt, þegar slíkt mál sem þetta er lagt fyrir Alþingi, að þá hefði verið skýrt frá þessu undanbragðalaust, þannig að Alþingi fengi að vita, að hér er um mikið ágreiningsmál að ræða hjá þeim aðilum, sem eiga hlut að máli.

Skv. þessu frv. er gert ráð fyrir því, — ég ræði í rauninni um bæði þessi frv. í einu, það er varla hægt að ræða um annað frv. út af fyrir sig, eins og fram kemur í grg. fyrra frv., um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, þá stendur það í beinu sambandi við hitt frv., um bátaábyrgðarfélög, — skv. frv. er nú gert ráð fyrir því að mæla svo fyrir, að allir fiskibátar íslenzkir innan 400 rúml. stærðar skuli vera skyldutryggðir í bátaábyrgðarfélögum og hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Fram til þessa hafa þær reglur gilt, að bátar aðeins upp að 100 rúml. stærð hafa verið skyldutryggðir hjá þessum aðilum. En reynslan hefur hins vegar orðið sú, að svo að segja allir bátar, sem ekki hafa á þennan hátt verið skyldutryggðir hjá þessum aðilum, þ. e. a. s. bátar þeir, sem eru stærri en 100 rúml., þeir hafa valið sér tryggingu hjá öðrum. Þeir eru nú vátryggðir hjá öðrum félögum. Til þess hafa að sjálfsögðu legið ýmsar ástæður, að eigendur þessara báta, sem áður höfðu einmitt skipt að verulegu leyti við bátaábyrgðarfélögin og Samábyrgðina, hafa fært tryggingar sínar yfir til annarra aðila. M. a. hafa þær ástæður verið hér fyrir hendi, að það hefur verið allerfitt fyrir útvegsmenn að kaupa sér ný skip af stærri gerð. Það hefur þurft að leggja fram mikið fjármagn til að komast yfir slík skip, og þær reglur, sem hafa verið að koma frá ári til árs nú síðustu árin varðandi þessi mál, hafa allar stefnt að því að gera erfiðara og erfiðara fyrir útvegsmenn að geta keypt sér ný og vönduð skip. Nú er þessum málum þannig fyrir komið, að algengasta stærðin af síldveiðiskipum, sem nú er keypt, er í kringum 250—320 rúml. að stærð. Þessi skip kosta nú frá 12—15 millj. kr. algengast. Eins og reglurnar eru nú í dag, þarf kaupandi að leggja fram til þess að komast yfir slíkt skip á milli 4 og 5 millj. kr., aðeins í kaupverð, og alla þá fjárhæð verður kaupandinn að hafa til reiðu, áður en hann undirskrifar byggingarsamning. Hann verður að geta greitt alla þessa upphæð fyrir fram. Helminginn af þessari fjárhæð á að leggja inn á bundinn reikning í Seðlabanka Íslands og geyma þar það ár, sem stendur að byggja bátinn, en hinn helminginn á kaupandinn að geyma í sínum viðskiptabanka, og þeir, sem ekki geta ráðið við þessa fjárhæð, að leggja fram 4—5 millj. kr. í beinum peningum, hafa ekki leyfi til að skrifa undir byggingarsamning á slíku skipi sem þessu. Það er því orðið allerfitt um vik að komast yfir slík skip. Þessar hömlur, sem alltaf hafa verið að verða meiri og meiri á undanförnum árum, hafa leitt til þess, að skipaeigendur hafa leitað til allra mögulegra aðila um lánsútvegun. Og þá hafa m. a. vátryggingarfélögin hlaupið undir bagga, og þau hafa lánað flestum þeim, sem kaupa sér ný skip, allverulegar fjárhæðir til kaupa á skipunum. En auðvitað hafa svo vátryggingarfélögin bundið skipaeigendur um leið með sérstökum samningi um það, að þeir skyldu vátryggja skipin hjá sínu vátryggingarfélagi. Þannig standa því málin nú í dag, að flestir þeir stærri fiskibátar, sem keyptir hafa verið á síðustu árum og eru yfir 100 rúml. að stærð og voru sem sagt frjálsir í tryggingu, hafa verið tryggðir hjá einkatryggingarfélögunum, og skipaeigendurnir eru bundnir með tryggingar þessara skipa hjá þessum félögum um alllangan tíma. Það er því ekki auðvelt verk að setja lög í skyndi um það að færa þessar tryggingar allar yfir til bátaábyrgðarfélaganna og Samábyrgðarinnar, nema þá um leið verði gerðar allviðtækar ráðstafanir til þess að leysa þessa aðila frá þeim lánum, sem þeir eru nú bundnir við hjá þeim vátryggingafélögum, sem þeir hafa tryggt skip sín hjá. Eins og þessi frv. liggja nú fyrir, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og um bátaábyrgðarfélög, virðist ekki vera gert ráð fyrir því að leysa þennan vanda á neinn hátt. Aðeins er svo fyrir mælt í þessum frv., að allir þeir aðilar, sem eiga fiskiskip undir 400 rúmlestum, skuli skyldir til þess að færa tryggingar sínar yfir til Samábyrgðarinnar og bátaábyrgðarfélaganna, um leið og tryggingasamningur þeirra gengur næst úr gildi.

Ég álít, að það sé ekki hægt að standa að þessu máli á þann hátt, sem virðist vera gert samkv. frv. þessum. Það er ekki hægt að leysa þetta mál með ræðum einum. Hér þarf miklu meira til að koma. Ég álít, að það sé, eins og ég hef sagt áður, sjálfsagt að taka l. um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum til endurskoðunar og l. um bátaábyrgðarfélög, og ég held, þó að sá fulltrúi í sjútvmrn., sem samið hefur þessi frv., sem hér liggja nú fyrir, hafi gert það eflaust vel sem allkunnugur maður þessum málefnum, að það sé enn þá full þörf á því að setja nefnd manna og það kunnugra manna til þess að yfirfara þessar till. og athuga um óhjákvæmilegar breytingar á báðum þessum frv. frá því, sem þau eru nú.

En í sambandi við þessi vátryggingarmál þykir mér ástæða til þess að minnast með örfáum orðum á það, sem ég tel að skipti höfuðmáli í sambandi við þessi vandamál. Út af fyrir sig er úrelt skipulag Samábyrgðarinnar og bátaábyrgðarfélaganna stórmál og þarf að athugast, hin félagslega hlið málsins. En þó að hinni félagslegu hlið yrði breytt, þarf að gera miklu meira. Þannig hefur verið haldið á þessum málum nú í nokkuð mörg ár, að í rauninni er búið að slíta í sundur í framkvæmdinni allar eðlilegar vátryggingar-

reglur varðandi íslenzka fiskiskipaflotann. Allhá útflutningsgjöld hafa verið lögð á útfluttar sjávarafurðir, miklu hærri en í nokkru öðru nálægu landi, og allmikill hluti af þessum háu útflutningsgjöldum hefur verið látinn renna í einn allsherjarsjóð, sem síðan hefur verið notaður til þess að borga vátryggingariðgjöld fiskiskipaflotans. Á þennan hátt er hinum einstöku greinum sjávarútvegsins stórlega mismunað. Sumar greinar útvegsins eru látnar borga miklu hærra útflutningsgjald en aðrar, leggja meira til í þennan sjóð. En svo þegar kemur til greiðslnanna úr sjóðnum, er mönnum aftur mismunað. Sumir fá vátryggingar sinna skipa bættar á miklu ríflegri hátt en aðrir fá, vegna þess að vátryggingaskírteini skipanna eru mjög mismunandi. Tjón, sem einn aðili fær bætt að fullu úr þessu tryggingakerfi, fær annar aðili ekki bætt að neinu leyti eða að litlu leyti.

Það er ekki nokkur vafi á því, að hinum einstöku tegundum útgerðar er stórlega mismunað á þennan hátt. Það er verið á þennan hátt að leggja aukaskatt á suma tegund af útgerð til þess að standa undir rekstri annarra tegunda, og þetta kerfi hlýtur, sérstaklega eftir að það hefur staðið lengi, að leiða til þess, að vátryggingariðgjöldin eða kostnaðurinn af tryggingum verði óeðlilega mikill. Það er ekki hægt að koma við eðlilegu aðhaldi, þannig að hinir tryggðu verði að nokkru leyti að standa við sínar gerðir, á meðan slíkt kerfi sem þetta er í gildi. Og af því er það kannske, að við búum hér við miklum mun hærri vátryggingariðgjöld en t. d. keppinautar okkar í nálægum löndum, þó að eflaust komi þar einnig fleira til.

Það er þetta vandræðafyrirkomulag, sem þarf fyrst og fremst að leiðrétta, eins og ég hef margsinnis bent á hér á Alþ. á undanförnum árum. Hæstv. sjútvmrh. þarf að skyggnast inn í þetta vandamál, kynna sér það og gera á þessu óhjákvæmilegar breytingar. Það er eitt fyrsta atriðið, sem þarf að gera í þessum vátryggingarmálum fiskiskipaflotans. Næst þar á eftir er svo sjálfsagt vitanlega að taka fyrir hina félagslegu hlið málsins, hvernig á að koma tryggingunum fyrir á þann hátt, að þær verði sem hagkvæmastar fyrir sjávarútveginn sem heild. En ég tel, að hvort tveggja sé, að þeim till., sem hér liggja fyrir um hið félagslega form, sé mjög áfátt, það þurfi að gera á þeim allverulegar breytingar, til þess að bátaábyrgðarfélögin verði sá lifandi aðili, sem einhvers góðs er af að vænta, því að þau félög hafa langflest verið tiltölulega dauf í framkvæmdinni. Ég held líka, að það sé alveg óhjákvæmilegt að reyna að samræma betur en þarna hefur verið gert mismunandi skoðanir, sem uppi eru meðal þeirra aðila, sem eiga hér fyrst og fremst hlut að máli.

Ég tek sem sagt undir það, að það er nauðsynlegt að ganga í endurskoðun þeirra l., sem hér er hreyft við. En ég tel, að það þurfi að gera það betur en felst í þessu frv. Hitt legg ég þó á höfuðáherzlu, að tekið sé á því vandamáli, sem við hefur verið að glíma nú um langan tíma varðandi framkvæmd tryggingamálanna hjá bátaútveginum, en það fyrirkomulag tel ég löngu úrelt og í rauninni óhafandi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

2. Bátaábyrgðarfélög.

Á 17. fundi í Nd., 15. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um bátaábyrgðarfélög [67. mál] (stjfrv., A. 79).

Á 18. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það til l. um bátaábyrgðarfélög, sem hér er flutt, er eins og fyrra dagskrármálið, um Samábyrgðina, einnig samið af Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingafræðingi.

Svo sem fram kemur í grg. frv. og áður er minnzt á varðandi frv. um Samábyrgðina, á þetta frv. einnig rót sína að rekja til aðalfundar L. Í. Ú., sem haldinn var dagana 26.—28. nóv. 1964, en sú ályktun er prentuð með frv.

Ég tel ástæðu til þess eftir ræðu hv. 5. þm. Austf. hér áðan að endurtaka það, sem ég sagði í minni framsöguræðu varðandi það frv., sem einnig á við um þetta, að ríkisstj. er vel kunnugt um það, að um þessa ályktun var ekki einhugur innan L. Í. Ú., og það var alls ekki hugmynd mín að leyna því, að svo væri. Hins vegar er það eigi að síður staðreynd, að þessi ályktun, sem er undirrót þessara frv. beggja, var samþ. og er það opinbera álit, sem enn þá liggur fyrir frá þessum samtökum.

Varðandi önnur þau vandamál sjávarútvegsins, sem hv. þm. minntist á, skal ég ekki gefa tilefni til þess að ræða þau frekar undir þessum dagskrárlið. Að því kemur áreiðanlega síðar, að betur má um þau atriði ræða.

Varðandi þetta frv. er það að segja, að hér er um mjög yfirgripsmikið og vandasamt mál að ræða, þannig að eins og áskorun Landssambandsins gekk út á, tókst ekki að leggja frv. þetta fram á því þingi, sem þá var óskað eftir, og var það ekki fullbúið fyrr en nú. Samkv. gildandi l. nær skyldutrygging hjá bátaábyrgðarfélögum aðeins til skipa allt að 100 rúml. Meginhluti þeirra nýju skipa, sem á s. l. árum hafa verið smíðuð fyrir Íslendinga, er yfir þessari stærð, og er með frv. ætlazt til, að rúmlestaviðmiðunin verði nú allt að 400 rúml. Rökstuðningurinn fyrir þessari breytingu er fyrst og fremst sá, að telja megi öruggt, þegar hliðsjón er höfð af þróun undanfarinna ára, að meginþorri nýrra skipa verði yfir 100 rúmlestir. Í dag er meginhluti þessara skipa vátryggður hjá einkafélögum í svonefndri frjálsri tryggingu.

Samkv. því yfirliti, sem frv. fylgir, eru 9 bátaábyrgðarfélög starfandi í landinu og hjá þeim eru skráð 682 skip og er vátryggingarverð þeirra

1 milljarður 221 millj. 875 þús. kr. Tala þeirra skipa, sem hins vegar eru skráð hjá einkafélögum, er 155, en vátryggingarverð þeirra er 1 milljarður 479 millj. 546 þús. kr.

Framangreindar tölur sýna ljóslega þann aðstöðumun, sem skapazt hefur vegna stærðarbreytingar flotans á undanförnum árum, og bátaábyrgðarfélögin gegna af þessum ástæðum ekki nema að nokkru leyti því hlutverki, sem þeim var í upphafi ætlað með setningu núgildandi laga. Með frv. þessu, ef að lögum verður, er gert ráð fyrir allmiklu víðtækara starfssviði bátaútgerðarfélaganna en nú er. Skyldutrygging bátaútgerðarfélaganna bætir t. d. ekki véltjón og fleiri atriði, sem aftur eru tryggð að hluta hjá stærri skipunum, sem tryggð eru fyrir allt að 100%. Vátryggingarskilmálar um skyldutryggingu skipanna eru hins vegar ákveðnir með l. frá 1947 og eru nú úreltir í mörgum greinum, þar sem m. a. er gert ráð fyrir, að skipseigandi hafi 10% af verði skips í eigin áhættu. Útgerðarmenn hafa með kjarasamningum undanfarandi ára við sjómannasamtökin skuldbundið sig til þess að kaupa sérstaka slysatryggingu að upphæð 200 þús. kr. á hvern skipverja ásamt ábyrgðartryggingu að upphæð 1 millj. kr. og 250 þús. kr. fyrir hvert einstakt tjón, með hámarksgreiðslu 500 þús. kr. til hvers einstaklings. Í dag kaupa útgerðarmenn þessar tryggingar hjá einkafélögum og þá eðlilega oftast hjá því félagi, sem tryggir skipið, ef um er að ræða skip í svonefndri frjálsri tryggingu. Telja verður æskilegra, að sjálf ábyrgðarfélögin gætu tekið þessa umsömdu aukatryggingu að sér, ef l. verður breytt, svo sem frv. þetta gerir ráð fyrir, og ættu þá að geta boðið þær tryggingar á hagstæðari kjörum. Með slíkri breytingu frá fyrra starfssviði félaganna ætti einnig að aukast hagræði fyrir útgerðarmenn um að geta haft allar tryggingar skips og skipverja á einum og sama stað í stað þess að eiga þau viðskipti við marga aðila. Höfundur frv. telur það álitamál, hvort rétt sé að ákveða tryggingarskilmála í l., þar sem of þungt verði í vöfum að breyta þessu eftir því sem aðstæður krefjast, sér í lagi ef sömu skilmálar geta ekki gilt fyrir öll skipin, en það þykir nú þegar sýnilegt, að þar verði að gera nokkurn mun á.

Hér hefur í sem fæstum orðum verið minnzt á helztu atriði frv. Ég tel, eins og um hið fyrra frv., um Samábyrgðina, að ekki sé þörf á að rekja efni einstakra greina, svo ljóslega sem þær breytingar, sem í þeim felast, eru fram settar í aths. um frv. Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vil fagna því, að bæði þessi frv. eru lögð hér fram, bæði frv. um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum sem og frv. um bátaábyrgðarfélög, en þau eru auðvitað, eins og fram hefur komið hjá sjútvmrh., náskyld.

Ég vil út af því, sem hv. 5. þm. Austf. sagði hér áðan, minna á það, að þó að hér sé vitnað til ákveðinnar samþykktar á aðalfundi Landssambands íslenzkra útvegsmanna haustið 1964, er aðdragandinn að undirbúningi að þessum frv. miklu lengri, og það hafa verið á undanförnum árum starfandi a. m. k. tvær nefndir, ef ekki fleiri, sem hafa verið skipaðar að tilhlutan sjútvmrh., og þær hafa hver fyrir sig samið frv. til l., bæði fyrir Samábyrgðina og fyrir bátaútgerðarfélögin, en um þessi frv. hefur aldrei náðst samkomulag í samtökum útvegsins. Hins vegar gerðist það, eins og til var vitnað, á s. l. ári, að fram kom á aðalfundi L. Í. Ú. ákveðin till., þar sem mælt er með, að skyldutryggingin verði hækkuð úr 100 rúml. í 400 rúml., og um þá till. urðu allharðar umr. á aðalfundi Landssambandsins, og eftir því sem ég man bezt, hlaut till. samþykki með 214 atkv. gegn 85.

Í frv. um Samábyrgðina er mikil breyting í sambandi við stjórn Samábyrgðarinnar frá því, sem er í gildandi l. Núna skipa stjórn Samábyrgðarinnar 3 menn og af þeim er aðeins einn kjörinn af bátaábyrgðarfélögum í landinu, en með þessu frv. er gert ráð fyrir því, að ráðh. skipi 3 menn í stjórn Samábyrgðarinnar og þar af tvo menn eftir tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna, en tveir menn skulu kjörnir af bátaábyrgðarfélögunum. Það þýðir því, að bátaábyrgðarfélögin eiga útvegsmenn sjálfir og ráða þeim að öllu leyti, að í stjórn Samábyrgðarinnar verða samkv. þessu frv. örugglega 4 menn frá útveginum sjálfum, og á þann hátt er útveginum tryggt að hafa stjórn Samábyrgðarinnar á hendi, eins og sjálfsagt og eðlilegt er að gera.

Meginbreytingin í frv. um bátaábyrgðarfélögin er sú, að það er hækkuð skyldutryggingin úr 100 rúml. í 400 rúml., og í því sambandi vil ég leyfa mér að minna á, að þegar þessi lög voru sett, var svo að segja allur fiskiskipafloti landsmanna, að togurum undanskildum, innan við 100 rúml., og þá var svo að segja hvert einasta fiskiskip þess vegna í skyldutryggingu. Síðan hefur breyting orðið mikil, þó sérstaklega á síðustu árum, á þann veg, að yfirleitt öll ný skip, sem byggð eru eða keypt eru til landsins, eru yfir þetta stærðarmark, þannig að þau eru í frjálsri tryggingu. En það þýðir það, að sá floti, sem er tryggður innan ramma Samábyrgðarinnar og bátaábyrgðarfélaganna, verður með hverju árinu sem líður eldri og úreltari og oft og tíðum með miklu lakari tjónareynslu en nýju skipin, sem eru að bætast við.

Mín persónulega skoðun á þessu máli er sú, að það sé um tvær leiðir að velja. Önnur leiðin er sú að leggja Samábyrgðina niður og þá bátaábyrgðarfélögin öllsömun og gefa alla tryggingu fiskiskipa frjálsa eða hækka skyldutrygginguna þannig, að í skyldutryggingu eigi ekki að vera aðeins minni hluti flotans og minnstu skipin og elztu og með lökustu tjónareynslu. Ég tel, að það sé mjög eðlilegt, að það sé reynt að hafa tryggingarnar sem mest úti um byggðir landsins, og þess vegna er það, að bátaábyrgðarfélögin hafa sinn hluta af tryggingunum, og ég er þeirrar skoðunar, að það sé rétt að fara inn á þessa braut, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, og á þann hátt að efla bátaábyrgðarfélögin úti um landið innan ramma Samábyrgðarinnar, eins og hér er lagt til að gert sé.

Hv. 5. þm. Austf. minntist á, að það væri mikið misræmi í tryggingum og það væru ákveðnar tegundir skipa, sem væru að greiða ið-

gjöldin fyrir aðrar tegundir skipa. Að vissu leyti má segja, að þetta sé rétt. Vátryggingarstarfsemi er samhjálp, og það auðvitað fer aldrei svo, að hver geti fengið sitt út úr henni, heldur eru vátryggingafélögin stofnuð til þess að bæta þeim, sem verða fyrir tjónum. Og ég vil minna þennan hv. þm. á það, að þetta fyrirkomulag um vátryggingagjöldin er í stærstu og veigamestu atriðum það sama og hefur verið fjöldamörg undanfarin ár. Þegar hann var sjútvmrh., var greitt úr útflutningssjóði til greiðslu iðgjalda. Þá var miðað við fullar bætur til báts fyrir tryggingariðgjald, ef úthaldstími hans hafði verið 270 dagar á ári. Þetta fyrirkomulag er enn þá óbreytt. Hins vegar má segja, að matsreglur stóru skipanna hafi engar verið þangað til í raun og veru nú síðustu tvö árin, en aftur bátar innan ramma bátaábyrgðarfélaganna, innan ramma Samábyrgðarinnar, hafi verið háðir matsreglu. Og það má einnig segja, að þau skip hafi ekki fengið nema 90% tjónbætur. En þar var komið til móts við frá hendi þess opinbera, því að það var tekið tillit til þess, að mig minnir árið 1961, þannig að það er greitt úr fiskiskipatryggingakerfinu ca. 10% tjón, að undanskildum 2500 kr.

Það er alveg rétt hjá hv. þm., að þessa hluti þarf að athuga nánar. En það má segja, að það sé búið að láta þessi vátryggingamál liggja í láginni í langan tíma, og meira að segja hefði verið fullkomin þörf á því, þegar hann var sjútvmrh., að gerbreyta þessum l. (Gripið fram í.) Það er ágætt að heyra vel, þegar menn eru ekki í ráðherrastólum, en illa, þegar þeir eru ráðh. En við skulum ekki vera að deila um það. Þetta er liðin tíð, og nú er komið að því að endurskoða þessi mál.

Þessu frv. bæði og þó sérstaklega frv. um bátaábyrgðarfélög þarfnast mjög vandlegrar íhugunar hér á hv. Alþ., og það er ekki rétt að hlaupa til í miklum flýti að afgreiða þetta mál, því að það þarf sannarlega að fara yfir það mjög vandlega og leita álits sérfróðra manna um mörg atriði í þessu frv.

Ég ætla ekki á þessu stigi að gera einstakar greinar frv. að umræðuefni, en mér er það alveg ljóst, að ef þetta frv. um bátaábyrgðarfélögin nær fram að ganga, stöndum við frammi fyrir miklum erfiðleikum í sambandi við vátrygginu hinna stærri skipa, því að við vitum, að hin frjálsu vátryggingafélög í landinu hafa lánað velflestum eigendum þessara skipa til kaupa á þeim á sínum tíma, og það eru miklar fjárfúlgur, sem vátryggingafélögin eiga þar inni. Það er auðvitað ekkert réttlæti í því að rífa þessi skip þannig úr tryggingu, að það sé ekki gengið sómasamlega frá þeim málum, og það atriði út af fyrir sig þarfnast mjög nákvæms undirbúnings. Tryggingaskilmálarnir eru nú teknir út úr l. og eiga að ákveðast með reglugerð, og það er einnig mikið vandamál að ákveða þá. Tel ég, að ef frv. þetta verður að l., beri fyrst og fremst bátaábyrgðarfélögunum og Samábyrgðinni að láta þau vátryggingafélög njóta viðskipta í sambandi við endurtryggingu skipa eftir því, hvaða viðskipti þau hafa haft við skipin á undanförnum árum. Þessi mál verður að taka mjög til athugunar, og ég lýsi yfir stuðningi mínum við, að það er rétt að taka út úr l. vátryggingarskilmálana, og það er líka brýn nauðsyn á því, að vátryggingarskilmálarnir verði mjög breytilegir eftir aldri og stærð skipa og miðað þá að verulegu leyti við tjónareynslu, en ekki eins og nú er í ákvæðunum hjá bátaábyrgðarfélögunum og Samábyrgðinni, að hafa föst og ákveðin iðgjöld. Þar er ég miklu frekar inni á því sjónarmiði, sem hefur verið gildandi hjá hinum frjálsu vátryggingafélögum.

Ég vænti þess, að hv. sjútvn. taki þessi frv. til mjög vandlegrar afgreiðslu, og ég vona, að þm. almennt taki þessum frv. vel og sýni þessum málum skilning, því að hér þarf að brjóta blað, því að bátaábyrgðarfélögin og Samábyrgð Íslands hafa orðið í fjöldamörg undanfarin ár að starfa eftir gersamlega úreltum l., sem hafa ekki gert þeim kleift að geta háð sína samkeppni við frjálsu tryggingafélögin nú í mörg ár.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vil láta það koma fram hér strax við 1. umr. þessa máls, að ég tel, að örugglega þurfi að gera a. m. k. eina breytingu á frv., en það er varðandi þá sérstöðu, sem Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja hefur haft í sambandi við tryggingu fiskiskipa af stærðinni allt að 100 tonnum.

1949 var samþykkt hér á hinu háa Alþ. breyting á l. frá 31. maí 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, þannig:

„Aftan við 2. gr. l. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Bátaábyrgðarfélag það, sem nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga. Þó skal því skylt að tryggja skip og báta, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. l. Einnig skal það háð 22. gr. l. um aðstoð."

Í 23. gr. þess frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að fella úr gildi í heild l. nr. 61 frá 30. maí 1947, en þessi breyting er inn komin aftan við 2. gr. þeirra l. og mundi þá, að ég hygg, einnig falla úr gildi.

Ég vil geta þess, að ég hygg, að það sé rétt, að Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja sé elzta starfandi vátryggingarfélagið hér á landi, hefur starfað í rúmlega eina öld, var stofnað 1862 og hefur samfleytt starfað síðan eða í 103 ár. Hagur þess hefur ávallt verið þannig, að það hefur getað staðið við allar sínar skuldbindingar, og er nú svo góður, að forráðamenn þess félags telja sig þess umkomna og munu gera til þess ráðstafanir eða mundu á það fallast, að þetta félag tæki einnig að sér sem skyldutryggingu fiskiskip allt að 400 rúml. stærð. Ég mundi telja það mjög ómaklegt, ef þetta, að ég hygg réttilega sagt, elzta vátryggingarfélag landsins eða starfsemi þessi yrði með l. numin úr gildi. Það hefur vissulega fyrir þetta hérað alla tíð í rösklega eina öld haft mikil áhrif, bæði í sambandi við tryggingamál í héraðinu og einnig hefur það af því fé, sem það hefur haft undir höndum, iðulega veitt fyrirgreiðslu í sambandi við hafnarframkvæmdir og fleiri nauðsynlegar framkvæmdir í sambandi við útgerð þessa bæjarfélags. Ég endurtek því, að ég mundi telja mjög ómaklegt, ef starfsemi þess yrði stöðvuð með l.,

eins og ég hygg að mundi verða, ef frv. það, sem hér liggur fyrir, yrði samþ. óbreytt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það var aðeins örstutt aths. í tilefni af því, sem fram kom í ræðu hv. 11. landsk. þm. Það var augljóst mál, að hann var mjög ánægður með þau frv., sem hér liggja fyrir, og má vera, að hann eigi nokkurn hlut að. En um það erum við sem sagt ekki fyllilega sammála, hvort þarna sé réttilega staðið að málum að öllu leyti. Hv. þm. sagði, þegar hann minntist örfáum orðum á það fyrirkomulag, sem nú er í gildi um starfsemi vátrygginga bátaflotans, að nú gilti í þessum efnum í öllum aðalatriðum sama fyrirkomulag og hefði verið á þeim tíma, sem ég hefði verið ráðh. En það er mikill misskilningur hjá hv. þm. að halda það. Á árunum 1957 og 1958, þegar ég var sjútvmrh., var að vísu samið við fulltrúa bátaútvegsins og fulltrúa hinna ýmsu greina sjávarútvegsins um ýmis atriði. Það var samið árlega við þá um það, hvað hátt fiskverðið skyldi vera, og þá auðvitað um leið um það, hvað ríkið þurfti þar að láta af mörkum, og það var samið um ýmis tiltekin fríðindi þeim til handa, einnig um það að greiða ákveðinn hluta af vátryggingariðgjöldum bátaflotans. En á þeim tíma var, eins og greinilega kemur fram í grg. þessara frv., svo að segja allur bátafloti landsmanna skyldutryggður hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Á þeim tíma voru aðeins örfáir bátar fyrir ofan 100 tonna mörkin, svo að svo til allur bátaflotinn var þá bundinn af lagasetningu og bundinn um tiltekin iðgjöld og tilteknar bótagreiðslur, sem gengu eins yfir alla. En það var fyrst á árinu 1958, sem farið var að efna að einhverju ráði til þess að kaupa stærri báta. Fyrsti stærri stálbáturinn, sem keyptur var til landsins, kom ekki fyrr en á árinu 1958, þá 140 smál. bátur. Nokkrir hv. þm. úr röðum Sjálfstfl. fluttu síðan till. um á eftir, að slíkir bátar, sem væru svona stórir, 140 tonn og þar yfir, væru ekki rekstrarhæfir á Íslandi og ætti að senda þá til veiða suður við Afríkustrendur, af því að þeir væru ekki gerlegir út á Íslandi. Reynslan hefur nú sýnt það æðivel, hversu framsýnir þessir sjávarútvegsþm. úr röðum Sjálfstfl. voru þá. En það sem sagt tók talsvert á að berja það hér í gegn, að það væri grundvöllur fyrir því að reka hér nýtízku fiskiskip á Íslandi, um þetta leyti. Og það var sem sagt ekki fyrr en upp úr þessum tíma, að þessir bátar fóru að koma hér eitthvað við sögu. En svo bættust við mörg skip í fiskiskipaflota landsmanna af þessari stærð, og nú er svo komið, að meiri hluti bátaflotans, þegar miðað er við afkastagetu, er kominn yfir 100 rúml. stærðarmarkið, enda kemur nú í ljós, að meiri hl. fiskiskipaflotans eða fiskibátaflotans að verðmæti til er nú vátryggður hjá einkavátryggingafélögum eða sem sagt utan Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Auk þess kemur svo allur togaraflotinn. En þær reglur, sem nú eru í gildi, eru hins vegar þannig, að nú er lagður útflutningsskattur á allar útfluttar sjávarafurðir, þ. e. a. s. það er einnig verið að leggja hér ákveðinn skatt á trillubátaeigendur í landinu, sem yfirleitt fá báta sína ekki vátryggða, og margir aðrir eigendur smábáta borga miklu meira gegnum þetta útflutningsgjald í þennan sameiginlega sjóð heldur en sem nemur þeirra vátryggingagjöldum. En hins vegar er jafnhliða samþ. að borga vátryggingariðgjöld togaraflotans úr þessum sameiginlega sjóði, og það er enginn vafi á því, að hann borgar ekki nándar nærri sinn hluta í þennan sameiginlega sjóð. Það er því verið að færa hér á milli ýmissa tegunda fiskiskipaflotans og m. a. frá þeim smáu yfir til hinna stóru gegnum þetta fyrirkomulag. Engu slíku var til að dreifa áður. Það var samið alveg sérstaklega við togaraeigendur um ákveðinn styrk þeim til handa, og þeim var ekki á þennan hátt mismunað á neinn hátt. Þeir fengu sinn tiltekna styrk og gátu síðan vitanlega keypt tryggingar, eftir því sem þeir töldu sér bezt. En það er ekki aðeins nóg með það, að ýmsir greiði nú tiltölulega mjög skarðan hlut í þennan sameiginlega sjóð, heldur fá sömu aðilar miklu hærri bætur úr sjóðnum eða bætur út á ýmsa hluti, sem aðrir geta ekki fengið bætta úr þessum sjóði. Þetta fyrirkomulag er nýtt, var fyrst horfið inn á þessa braut 1960, og hefur þetta að fullu verið í gildi árið 1961 og eftirleiðis. Og því hefur auðvitað oft verið lofað hér í umr. á Alþ., að horfið yrði frá þessu kerfi, þessu mjög rangláta og hættulega kerfi. En það hefur ekki verið gert, og þau frv., sem hér liggja fyrir varðandi vátryggingamálin, snerta ekki við þessu vandamáli.

Á árunum 1957 og 1958, þegar ég var sjútvmrh., lágu engar till. fyrir, hvorki frá hv. 11. landsk. þm., sem nú er, sem þá var einnig útgerðarmaður, né öðrum um það, að það þyrfti að endurskoða l. um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Ekki barst mér nein beiðni um það að endurskoða þau lög. Kröfurnar voru ekki komnar upp þá. Það er miklu síðar, sem þetta vandamál hefur komið upp. Því er það, að það er ekki hægt að afsaka aðgerðarleysi í þessum málum eða finna vandræðaástandi, sem nú er í þessum efnum, réttlætingu með því að reyna að halda því fram, að sams konar ranglæti hafi verið í gildi fyrir 7—8—9 árum, ekki einu sinni sú leið dugir. En það, sem vitanlega skiptir hér öllu máli, er, að menn átti sig á því, að það fyrirkomulag, sem gildir í þessum efnum, er óhafandi og það á að breyta því, og það er vitanlega eðlilegt, að þeir menn, sem taka þessi mál til almennrar endurskoðunar um fyrirkomulag vátryggingarmálanna, taki á þessu höfuðvandamáli, sem ég hef hér minnzt á.

Að öðru leyti skal ég svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál að þessu sinni.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Margir bátar, eins og stærri Sviþjóðarbátarnir, voru komnir til landsins löngu áður en Lúðvík Jósefsson varð sjútvmrh., og það breytir í engu þeirri staðreynd, sem ég sagði hér áðan. Hvort sem þessir bátar voru fleiri eða færri á þessum árum, var misræmið þá eins og nú á milli bátanna, sem voru yfir 100 rúml., og þeirra, sem voru undir 100 rúml. Hins vegar er það alveg rétt hjá hv. þm., að það eru auðvitað margfalt fleiri bátar nú, sem eru yfir 100 rúml., og því auðvitað alveg rétt, að það er enn meira nú á síðustu árum

knýjandi nauðsyn að gera þessa breytingu, sem hér er verið að gera. Og það er sömuleiðis rétt hjá hv. þm., að tryggingaskilmálarnir hafa ekki verið þeir sömu hjá öllum stærðum skipa.

Það, sem ég kom hér inn á áðan í sambandi við tryggingaskilmála, hafði ég alveg innan ramma fiskibátanna, sem þetta frv. á að ná til, en átti þar ekki á nokkurn hátt við togarana og ræddi þá ekki á einn eða annan veg, því að þeir koma til með að standa utan við þessi tryggingamál samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir. En með þessu frv. er stefnt að þeirri breytingu að samræma vátryggingaskilmála við allar stærðir fiskiskipa, allt að 400 rúml., og ég tel, að það sé miklu léttara í vöfum að taka það út úr l. og hafa það heldur í reglugerð, því að slíkum skilmálum þarf eðlilega oft að breyta, og það væri mjög æskilegt, að sjútvn. kynnti sér mjög vel og ýtarlega vátryggingaskilmála, bæði innan Samábyrgðar og sömuleiðis hjá frjálsu vátryggingafélögunum, og það liggi á einhvern hátt fyrir einhver heildarmynd af viljayfirlýsingu Alþ. um vátryggingaskilmála, því að samkv. l. og bráðabirgðaákvæðum þeirra er það algerlega sett í hendur sjútvmrh., og þá má gjarnan taka þar eitthvað inn í þau bráðabirgðaákvæði, að vátryggingaskilmálar séu auðvitað settir af stjórn Samábyrgðar Íslands, þeirri væntanlegu stjórn, sem verður í höndum útvegsmanna sjálfra, eins og ég gat um hér áðan, þegar ég ræddi þetta mál.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál hér við 1. umr., en endurtek það, sem ég sagði áðan, að ég vænti þess, að þetta mál fái mjög góða athugun í sjútvn. og þar verði til kallaðir menn til þess að leysa þetta mikla vandamál, sem hefði verið nauðsynlegt að vera búið að leysa fyrir löngu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

3. Lax- og silungsveiði.

Á 30. fundi í Sþ., 9. marz, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði [141. mál] (stjfrv., A. 297).

Á 54. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er samið að mestu leyti eftir till. veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, en landbrn. fól veiðimálastjóra og veiðimálanefnd með bréfi, dags. 25. jan. 1963, að hefja undirbúning að endurskoðun lax- og silungsveiðilaganna, að því er varðar ósveiði við sjó, svo og þau sjónarmið, sem upp koma við tilkomu og rekstur laxeldisstöðva.

Till. veiðimálastjóra og veiðimálanefndar um breytingar við laxveiðilögin eru í aðalatriðum þessar: Á ósasvæðum og framan við eldisstöðvar, sbr. 4., 17., og 18. gr. frv., skal gera margs konar breytingar í sambandi við núgildandi lög og gera ákvæðin skýrari en þau eru í gildandi lögum. Viðbætur, sem kveða nánar á um lagaákvæði og ýtarleik þeirra, við ýmsar greinar laganna, þ. e. 3., 5., 12., 14., 15., 16., 19. og 25. gr. Þetta eru ekki mikilvægar breytingar, en einungis það að gera lagaákvæðin skýrari og ýtarlegri. Þá gerði veiðimálanefnd og veiðimálastjóri brtt. um að auðvelda skiptingu á veiði á jörðum, skv. 2. gr. frv., hækkun sekta fyrir brot á l., skv. 21.—24. gr. frv., og að banna stangaveiði, þar sem veitt er með netum eða ádrætti. Þá leggja þessir sömu aðilar til nýmæli til að uppræta fisk úr veiðivötnum í fiskiræktarskyni, skv. 6. gr. frv., og að skipa sérstaka dómara í veiðimálum, skv. 25. gr., enn fremur till. um veiðiskiptafélög og fiskiræktarsjóð. Veiðimálanefnd og veiðimálastjóri töldu ekki rétt að gera till. um svo viðkvæm atriði eins og hann við veiði á ósasvæðum, eins og Landssamband stangaveiðimanna lagði til, eða breytingu á atkvæðisrétti í veiðifélögum, eins og nokkrir menn úr Veiðifélagi Árnesinga gerðu till. um.

Þetta eru í aðalatriðum till. veiðimálanefndar og veiðimálastjóra. Þessar till. voru athugaðar í landbrn., og var nokkuð við þær bætt og annað fellt niður, og er rétt að skýra frá því, hvað það er.

Það þótti eftir nána athugun í landbrn. rétt að fella niður till. um bann við stangaveiði, þar sem veitt er með netum og ádrætti, og um að taka upp veiðiskiptafélög og stofna fiskiræktarsjóð. Það þykir eðlilegt, að það sé athugað nánar, hvort tiltækilegt er að stofna fiskiræktarsjóð, eins og víða hefur verið gert erlendis, t. d. í Svíþjóð. Í Svíþjóð eru rafvirkjanir skattlagðar og borgað ákveðið af hverju virkjuðu kílówatti í fiskiræktarsjóð. Það þótti ekki eðlilegt að svo komnu máli að taka upp till. um slíkt hér að þessu sinni.

Þá er bætt við till. um þessi atriði: Vikulegur veiðitími neta sé færður til um 1 klst., skv. 5. gr. frv. Friðun fyrir stangaveiði á netasvæðum í ám sé 84 stundir, eftir að netaveiði hættir, sbr. 7. gr., þ. e. lengdur friðunartími. Heimilt sé að kveðja til matsmenn til þess að skipta veiði í ám, þar sem ekki eru veiðifélög og veiðieigendur skipta ekki veiðinni af sjálfsdáðum, sbr. 8. gr. frv. Greiðsla á skaðabótum vegna ákvæðis í 3. lið 35. gr. sé færð af ríkissjóði og sýslusjóðum á veiðiréttareigendur í viðkomandi fiskihverfi, skv. 10. gr. Það þykir eðlilegt, að veiðiréttareigendur borgi kostnað, sem af slíku leiðir. Atkvæðisréttur í fiskiræktarfélögum og í veiðifélögum miðist við lögbýli í fasteignamati 1942 í stað þess að miðast við gildandi fasteignamat, sbr. 11. og 13. gr. Atkvæðisrétti í fiskiræktarfélögum og veiðifélögum sé breytt þannig, að í stað þess, að hver félagsmaður hafi eitt atkvæði, fái þeir, sem eiga fleiri en eina jörð, jafnmörg atkvæði og jarðirnar eru að tölunni til, sbr. 11.

og 13. gr. Þá er og lagt til, að tala nefndarmanna í veiðimálanefnd sé aukin úr þrem í fimm. Það hefur lengi verið ósk stangaveiðimanna og fiskiræktarfélaga að eiga aðild að veiðimálanefnd, og þykir eðlilegt að verða við þeim óskum, og ætti það að verða einungis til þess að skapa meiri áhuga og betri skilning í þessum málum en annars hefði verið.

Hér hefur verið drepið lauslega annars vegar á till. veiðimálanefndar og veiðimálastjóra og hins vegar á það, sem bætt hefur verið við þessar till. í landbrn., og það, sem fellt hefur verið niður.

Frv. miðar að því að gera ýmis ákvæði laganna skýrari en þau eru í gildandi lögum og gera hægara að framkvæma löggjöfina en er skv. þeim l., sem nú eru í gildi.

Fiskiræktarlöggjöfin er mjög viðkvæm, og hafa oft risið upp deilur, bæði við lagasetninguna og eins við framkvæmd laganna. Það er komin nokkur reynsla á síðan 1957 um framkvæmdina, og hefur þótt nokkuð á skorta, að hægt væri með góðu móti að framkvæma lögin án nokkurra breytinga. Verði þær breytingar, sem hér hefur verið rætt um, lögfestar, á þetta að verða hægara en áður, og það hefur vitanlega mikið að segja, að vel takist til að ná góðu samkomulagi og auknum skilningi á milli þeirra, sem veiðiréttinn hafa, og hinna, sem leigja réttinn og svo í þriðja lagi veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, sem eiga að hafa eftirlit og sjá um, að löggjöfin sé framkvæmd með eðlilegum hætti.

Frv. kveður skýrar á en áður um fiskeldisstöðvar af eðlilegum ástæðum, því að síðan 1957 hefur vaknað mikill áhugi um fiskirækt og eldisstöðvar. Eldisstöðin í Kollafirði hefur verið stofnsett síðan, og eru miklar vonir bundnar við það, að í þeirri stöð megi fást góður árangur og undirstaða að fiskirækt í landinu almennt. Vitað er, að í fiskiræktarstöðina í Kollafirði er komið mikið fé og mikið búið að vinna þar, og á s. l. sumri var hér sænskur sérfræðingur, sem skoðaði framkvæmdirnar í Kollafirði og gaf umsögn um þær, og kemur í ljós, að ýmislegt þarf þar enn að gera til þess að fullnægja þeim kröfum, sem gera þarf við slíkar eldisstöðvar. En fiskiræktarstöðin í Kollafirði hefur einnig gert gagn að ýmsu leyti þannig, að með því að ríkið reið á vaðið með að stofnsetja þessa stöð, hafa ýmsir einstaklingar og félög víðs vegar um land byrjað á fiskirækt, komið upp klakhúsum og byrjað starfsemi í þessum tilgangi. Hér er mikið verk að vinna. En við þetta þarf vitanlega margs að gæta, og það má búast við því, að við hér á landi stígum ýmiss konar víxlspor í þessu efni, eins og aðrar þjóðir hafa gert. Svíar eru komnir langt í þessum efnum, en þessi sænski sérfræðingur, sem hér var, sagði, að þeir hefðu stigið mörg víxlspor, þeir hefðu eytt miklum fjármunum í tilraunir, en hann kvaðst glaður miðla okkur nokkuð af þeirra reynslu, og við skulum vænta þess, að með því að hagnýta okkur reynslu annarra getum við sparað okkur margs konar kostnað og víxlspor, sem aðrir hafa stigið, vegna þess að þá vantaði reynslu í þessum málum.

En hitt er víst, að hér á landi eru margar ár mjög góðar til fiskiræktar. Hér eru mörg vötn, sem eru mjög góð til þess að rækta í þeim silung. Verkefnið er þess vegna mikið fram undan, og þjóðin getur skapað sér með þessu móti hagnýtan atvinnuveg, sem getur aukið tekjur einnstaklinga, félaga og þjóðarbúsins í heild.

Mér er ljóst, að þetta frv., sem hér er lagt fram, er ekki algilt, og það má vel vera, að það megi betrumbæta það á margan hátt, og ég býst við, að það verði aldrei sett slík laxveiðilöggjöf, að það verði ekki skiptar skoðanir um hana. Frv. fer vitanlega til hv. landbn. til athugunar, og ég vil segja það, að það er sjálfsagt að hlusta á þær brtt., sem einstakir nefndarmenn eða aðrir hv. alþm. hafa fram að bera, og athuga gaumgæfilega, hvort það getur ekki verið til batnaðar, og þá er sjálfsagt að fella það inn í það frv., sem hér hefur verið lagt fram.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. að svo stöddu, en ég vil leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. landbn. að lokinni þessari umræðu.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Eitt atriði í þessu frv. vil ég minnast á þegar við 1. umr. 4. gr. frv. gerir ráð fyrir breyt. á 15. gr. l. um lax- og silungsveiði, þ. e. a. s. á 1. málsgr. 2. töluliðar 15. gr. Ég hygg, að þarna sé raunar um prentvillu að ræða, ég held, að þetta eigi að vera 1. málsl. 2. töluliðar 15. gr., en ekki málsgr. En í þessum 1. málslið lagagreinarinnar, þ. e. a. s. 2. töluliðs lagagr., segir nú í lögunum, með leyfi hæstv. forseta:

„Eigi má leggja silunganet né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns en 500 metra, enda gangi lax í það vatn.“

Þetta á að orða svo skv. því, sem segir í frv.:

„Eigi má leggja net né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns en 1000 metra, ef meðalvatnsmagn ár er innan við 100 m^3 á sek., en 2000 m., sé vatnsmagnið meira.“

Mér sýnist, að verði þessi breyting gerð, sé þarna verið að taka eignarnámi rétt manna, sem eiga lönd að sjó, til þess að nota möguleika til veiði fyrir sínu landi á þessu svæði, sem er frá 500 m og allt upp í 2000 m fjarlægð frá ósi straumvatns. En hins vegar sé ég ekki í þessu frv. neitt um það, hvernig eigi að bæta þessum mönnum upptöku þessara réttinda, sem þeir nú hafa til að veiða í sjó fyrir sínu landi. Og ég vildi gjarnan óska nánari skýringa á þessu. Ég hef ekki séð í frv. neitt um þetta. Vera má, að til þess sé ætlazt, að þarna komi til ákvæði núgildandi l. í 107. gr. þeirra um matsgerðir og skaðabætur, en mér sýnist þó ýmislegt óljóst þar og vafasamt, hvort það getur átt við í þessu tilfelli. Í 107. gr. er rætt um bæði undirmat og yfirmat í sömu gr. og aftarlega í henni segir, að matsmenn ákveði kostnað af mati og skiptingu hans á aðila. Mér er ekki ljóst við lestur þessarar greinar, hvort meiningin er skv. henni að skipta kostnaði við matið, þ. e. a. s. bæði undirmat og yfirmat, en í lögum um framkvæmd eignarnáms held ég, að þetta sé þannig, að sá, sem eignarnám er framkvæmt hjá, þurfi ekki að bera neinn kostnað af undirmati, en í vissum tilfellum getur hann þurft að greiða kostnað við yfirmat. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Sá, sem krefst yfirmats, greiðir mats-

kostnað, nema matinu sé breytt honum í vil um 10% eða meira, þá skal hinn aðilinn greiða kostnaðinn.“ En skv. þessu mun sá, sem eignarnám er framkvæmt hjá, ekki þurfa að greiða kostnað við undirmat. Mér er hins vegar ekki ljóst, hvernig þetta er í laxveiðilöggjöfinni, hvernig ber að skilja ákvæði 107. gr. hennar um þetta. En þó að þetta sé ekki nefnt eignarnám í laxveiðilögunum eða frv., sem hér liggur fyrir, er þarna vitanlega um eignarnám að ræða, og það er skylt að bæta mönnum fyrir þau réttindi, sem þeir þarna missa.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu, gjarnan óska eftir frekari skýringum á því, hvernig með þetta eigi að fara, og a. m. k. skora á hæstv. landbn. að taka þetta atriði sérstaklega til athugunar og ganga þannig frá því, að þeir menn, sem þarna eru sviptir rétti til að veiða fyrir sínu landi, fái fullar bætur fyrir og það án þess að þurfa að greiða kostnað við að ná rétti sínum í því efni.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það er eitt atriði í þessu frv., sem ég vildi leyfa mér að gera athugasemd við.

Þegar laxveiðilögin voru afgreidd hér á hv. Alþ. 1957, var hv. þm. ljóst, að þau mundu verða þess valdandi, að nokkrir veiðimenn, sem áður höfðu haft miklar tekjur af laxveiði, mundu missa laxveiðina að mestu eða öllu leyti. Alþ. taldi þá rétt, að fyrir þetta kæmu bætur, sem færu eftir mati, og það taldi einnig rétt, að ríkissjóður greiddi þessar bætur að verulegum hluta eða ¾, þar sem hér væri um að ræða ráðstafanir til þess að auka laxgengd og efla þessa atvinnugrein.

Nú er í þessu frv., sem hér liggur fyrir, í 9. gr. þess, gert ráð fyrir, að hlutur ríkissjóðs falli að öllu leyti niður við bætur þær, sem eiga að koma til þeirra, sem missa í, ef þetta frv. verður að lögum. Eiga þær að jafnast niður á veiðieigendur alla og meira að segja á þá einnig, sem missa alla sína veiði. Ég hygg, að það muni vera alger nýlunda, að skaðabótum sé jafnað niður á þá, sem fyrir skaðanum eða tjóninu verða. Hér er mjög langt gengið og það svo freklega, að mig furðar á því, að slíkt frv. skuli koma fram hér á hv. Alþ.

Það er með öllu óhugsandi, að þegar á að setja löggjöf til þess að tryggja atvinnugrein í landinu, eigi ríkissjóðshlutinn enginn að vera, þegar það er talin ástæða til að ganga á rétt manna til þess að tryggja atvinnuveginn. Það, sem gat skeð í þessu tilfelli, var að fella niður framlag sýslusjóðanna og jafna þeim hlutanum niður á veiðieigendur, sem fengju aukna veiði við þetta, en ekki á þá, sem töpuðu veiðinni. Það er því með öllu óhugsandi, að þessi grein muni geta staðið óbreytt, og ég mun freista þess hér á hv. Alþingi að fá henni breytt. Og ég mótmæli því harðlega, að það sé svo að farið, þegar á að auka og efla eina atvinnugrein í landinu, þá eigi gersamlega að þurrka út aðstoð ríkisins við þá framkvæmd og leggja skaðabæturnar á þá einnig, sem fyrir tjóninu verða vegna þeirra ráðstafana. Það mun vera einsdæmi í lögum, og ég mun freista þess að fá því breytt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. gerði að umtalsefni 4. gr. þessa frv. og taldi, að um eignarnám væri að ræða, ef hún yrði samþ. óbreytt. En það er gert ráð fyrir í þessari gr. að gera framkvæmd laganna eðlilega og mögulega, og skýringu við þessa grein er að finna með frv.

Það var í till. mþn., sem vann að endurskoðun laxveiðilaganna á árunum 1954 og 1955, lagt til, að friðunarsvæðið við árósa yrði 1000 m, en í meðförum Alþ. var svæðið fært niður í 500 m. Nú hefur reynslan sýnt síðan 1957, að 500 m friðunarsvæði er allt of lítið, einkum við ósa stórfljóta. Það er þess vegna, sem lagt er til, að friðunarsvæðin við stærri ár verði 2000 m, en 1000 m við minni ár. Mörkin milli stórra og lítilla straumvatna eru sett við 100 m^3 á sek. miðað við meðalrennsli, en til viðmiðunar má nefna, að Sogið er talið rúmlega 110 m^3 á sek.

Það er alls ekki að ástæðulausu, að þetta ákvæði er sett inn í frv. Það er reynslan, sem hefur sýnt, að 500 m friðunarsvæði við árósa er of lítið. Og ég held, að við verðum að þessu leyti eins og öðru að læra af reynslunni. Við höfum sérfróða menn til þess að sjá um framkvæmd l. Við höfum áhuga fyrir því að efla fiskirækt og veiði í ám og vötnum. Og ef eitthvert lagaákvæði hefur sýnt, að það torveldar að ná því marki, sem við höfum sett okkur, þarf að breyta því, og það er þess vegna, sem þetta ákvæði er sett inn í frv.

Það er spurt að því, hvernig þetta verði bætt. Það verður vitanlega að skilgreina nánar, eftir því sem ástæða er til, en ég hafði ætlað, að það væri í þessu frv. gert. Hv. þm. taldi það ekki nægilega skýrt, en það er þá sjálfsagt í meðförum þingsins að breyta orðalagi, ef með þarf, til þess að það gæti engum vafa verið bundið, hvernig með skuli fara.

Hv. 3. þm. Vesturl. gerði hér að umtalsefni 9. gr., og kom mér það satt að segja ekkert á óvart, að hann gerði það. Þetta ákvæði hefur verið til umr. fyrr, ég ætla bæði innan þings og utan, og verið af eðlilegum ástæðum skiptar skoðanir um það. Ég segi: af eðlilegum ástæðum. Þetta er mál, sem má vitanlega færa rök með og móti. En með frv. er lagt til, að þeir einir beri kostnaðinn, sem veiðiréttinn hafa, sem hag hafa af því beinlínis að veiða í tilteknu vatni eða vatnasvæði, en hinir, sem engra hagsmuna eiga að gæta, þurfi ekki að leggja þar fé til. Við skulum taka sýslu, þar sem helmingur bændanna hefur veiðirétt og hagnað af veiði, hinn helmingurinn hefur engan hagnað af veiði. Samkv. gildandi l. er eigi að síður gert ráð fyrir, að allir sýslubúar borgi kostnaðinn, sem hér er um rætt. Sama máli gegnir, ef við tökum þetta á breiðari grundvelli, sem er ríkissjóður. Það eru vitanlega allir landsmenn, sem leggja í ríkissjóð meira og minna, og það er vitanlega alltaf matsatriði, hversu langt á að ganga í kröfum á hendur ríkissjóði. En laxveiðin er hlunnindi, sem fylgir viðkomandi jörðum, og það eru mikil hlunnindi að hafa laxveiði. Þess vegna er það, sem ýmsir halda því fram, að þeir, sem þessi hlunnindi hafa, hafi greiðsluþol jafnvel umfram hina og sérstaklega beri ekki að undanskilja þá undan greiðslu, sem kemur til

vegna veiðinnar, og leggja það á þá, sem hafa ekki neinar tekjur af veiði.

Það segir hér um 9. gr., að samkv. núgildandi l. um lax- og silungsveiði, nr. 53 1957, beri ríkissjóði og sýslusjóði að greiða bætur vegna friðunar veiðivatns, þeirrar er getur í 35. gr. l. Þar sem friðunin er gerð í þágu veiðieigenda, virðist einsætt, að þeir eigi að standa undir kostnaði af henni, en ekki almenningur. Sjónarmið þau, sem hér um ræðir, liggja til grundvallar þessu ákvæði frv.

Veiðieigendur á ósasvæði Hvítár í Borgarfirði og Laxár í Leirársveit hafa einir krafizt bóta samkv. 3. tölul. 35. gr. þeirra l. Allar veiðijarðir í fiskveiðihverfinu skulu greiða hver sinn hluta af bótum, einnig þær, sem verða bóta aðnjótandi, en við ákvörðun bótanna ber að taka tillit til þessa. Gert er ráð fyrir, að bætur til veiðieigenda fram til ársins 1966 verði greiddar úr ríkissjóði og sýslusjóði samkv. gildandi lögum.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ég lít svo á, að hér sé um landsmál að ræða, þar sem er verið að reyna að auka fiskiræktina í ám og vötnum og gera laxveiði þannig að meiri atvinnuveg. Ef þessi skilningur hæstv. ráðh. væri réttur, að þeir einir ættu að greiða, sem verksins nytu, gætu þeir haldið fram með sömu rökum, að þeir einir ættu að greiða höfn, sem gerð er, sem hennar njóta, en hvergi til að koma þátttaka ríkissjóðs. Við höfum litið svo á, Íslendingar, að hér væri um almenningsmál að ræða, og þótt ákveðið svæði nyti hafnarinnar, bæri ríkissjóði að leggja fram fé í höfnina, af því að það væri almenningsmál. Eins er með þetta. Það er verið að svipta þarna nokkurn hóp manna réttindum og tekjum, sem hann hefur haft og hefur möguleika til að hafa, án þess að ríkissjóður ætti að greiða þeim nokkrar bætur. Þetta er ekki frambærilegt. Álagið, sem verður lagt á þessi veiðisvæði með þessu ákvæði frv., er það mikið, að það verður ofvaxið. Þess vegna treysti ég því, að hv. Alþ. sjái sér fært að breyta þessu ákvæði frv. í fyrra horf, þó þannig, að það má leggja þann hluta, sem heima fyrir kemur, á veiðisvæðin, ef menn vilja það heldur, en það er með öllu óhugsandi, að það geti verið um það að ræða, að við séum með frv. að vinna að því að efla fiskiræktina í landinu og ætlum ríkissjóði algerlega að sleppa við fjárframlög til þess arna. Það er ekki fært, og það er algerlega nýtt „prinsip“, ef við förum að halda þannig á málum, eins og hæstv. ráðh. gat um hér áðan, og ég treysti því, að hv. Alþ. fari ekki inn á það svið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

4. Bygging skólamannvirkja.

Á 4. fundi í Sþ., 18. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um bygging skólamannvirkja [27. mál] (stjfrv., A. 27).

Á 6. fundi í Ed., 25. okt. var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að mannvirkjagerð á Íslandi tekur yfirleitt of langan tíma. Á þetta bæði við um opinberar framkvæmdir og framkvæmdir einkaaðila. Fyrir þessar sakir verða framkvæmdirnar allar yfirleitt dýrari en nauðsynlegt og eðlilegt er, ekki aðeins vegna þess, að hér hefur um áratuga skeið ríkt verðbólga, sem gert hefur allan framkvæmdakostnað þeim mun meiri, sem lengri tími líður frá upphafi verks til loka þess, heldur einnig vegna hins, að vaxtakostnaðurinn leggst þyngra á framkvæmdafé, eftir því sem framkvæmdatíminn er lengri, jafnvel þótt verðlag haldist stöðugt.

Ýmislegt hefur valdið því, að mannvirkjagerð hefur tekið lengri tíma hér á Íslandi en oft á sér stað í öðrum löndum. Meginástæðan er eflaust sú, að um áratuga skeið hefur framkvæmdahugur verið meiri og framkvæmdaáætlanir stærri en svarað hefur til þess fjármagns og til þess vinnuafls, sem fyrir hendi var til framkvæmdanna. Hinn mikli framkvæmdahugur og hinar stóru framkvæmdaáætlanir hafa á hinn bóginn eflaust staðið í sambandi við það, að stöðug verðbólga hefur haft í för með sér hækkandi framkvæmdakostnað frá ári til árs og menn þess vegna gjarnan keppzt við að hrinda fyrirætlunum sínum sem fyrst í framkvæmd. Hver aðili um sig hefur reynt að ýta sínu áhugamáli og sinni framkvæmd áfram, þótt heildarniðurstaðan hafi orðið sú, að yfirleitt hafi allar framkvæmdirnar dregizt meira á langinn en raun hefði orðið á, ef tilteknar framkvæmdir hefðu verið látnar ganga fyrir og þeim hraðað, en látið bíða að hefja hinar, þangað til hægt væri að ljúka þeim með fullum hraða.

En ástæða þess, hversu framkvæmdatími hefur yfirleitt verið langur við íslenzka mannvirkjagerð, hefur ekki einungis verið skortur á fjármagni og vinnuafli miðað við framkvæmdaáætlanir, heldur einnig oft og einatt ónógur undirbúningur og ófullkomin áætlanagerð við undirbúning framkvæmdanna. Allir, sem kunnugir eru íslenzkum skólabyggingum, hafa um langt skeið gert sér ljóst, að byggingartími skólanna hefur yfirleitt verið of langur. Fé það, sem veitt er til skólabygginga, bæði af hálfu ríkis og sveitarfélaga, hefði á undanförnum áratugum áreiðanlega nýtzt mun betur, ef unnið hefði verið að færri skólabyggingum í einu en átt hefur sér stað, en þeim hins vegar hraðað þeim mun meir.

Svo sem kunnugt er, gera gildandi lög um greiðslu skólakostnaðar ráð fyrir því, að ríkis-

framlag til þeirra skóla, sem byggðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, sé greitt á 5 árum. Á sínum tíma var þessi lagasetning mikil framför frá því, sem áður hafði verið, en þá giltu engin ákvæði um það, á hversu löngum tíma ríkið skyldi greiða lögboðna hlutdeild sína í sameiginlegum skólabyggingum. Hins vegar er augljóst mál, að 5 ár eru of langur byggingartími á skóla og fæst sveitarfélög hafa efni á því að leggja fram svo mikið fé, að byggingartíminn geti stytzt verulega. Af ýmsum ástæðum hafa sveitarfélögin þó viljað hefja skólabyggingarnar þegar í stað og fyrsta fjárveiting er fengin, jafnvel þótt augljóst megi telja, að bygging muni taka a. m. k. 5 ár. Veldur þar venjulega mestu ótti um verðrýrnun peninganna. Er jafnvel mjög fast á það sótt að fá byrjunarfjárveitingar til skólabygginga, þótt þær séu mjög litlar og langt undir ⅙ hluta heildarkostnaðar, beinlínis til þess að lagaskilyrðum sé fullnægt til þess að hægt sé að biðja um leyfi til þess að hefja framkvæmdina. En skólakostnaðarl. gera ráð fyrir því, að bygging skóla sé ekki hafin fyrr en fé til hans hefur verið veitt á fjárl. Hér er að mörgu leyti um mjög óhagkvæma skipun að ræða. Ég teldi æskilegra, að Alþ. veitti hverju sinni fé til byggingar færri skóla en nú á sér stað, en hins vegar meira fé til hvers og eins, þannig að meðaltími skólabygginganna gæti stytzt mjög verulega frá því, sem nú á sér stað. Við ýmsa örðugleika er þó að etja í þessu sambandi, og þarf ég ekki að ræða þá nánar hér.

Í menntmrn. og Efnahagsstofnuninni hefur hins vegar um alllangt skeið verið að því unnið að kanna skólabyggingaþörfina og undirbúa samningu framkvæmdaáætlunar um skólabyggingar í landinu fyrir nokkur ár fram í tímann. Yrði þá tilgangur slíkrar áætlunargerðar að láta þær skólabyggingar ganga fyrir, sem mest þörf er talin á, og stuðla að því, að það fé, sem varið er til skólabygginga, skili sem mestu fullgerðu skólahúsnæði á ári hverju á þann hátt, að meðalbyggingartími skólanna sé styttur verulega frá því, sem nú á sér stað. Hef ég hug á því, að í framtíðinni geti fylgt fjárlagafrv. till. um framkvæmdaáætlun fyrir skólabyggingar á næsta ári og jafnframt frumdrög að framkvæmdaáætlunum fyrir nokkur næstu ár, þannig að ljóst verði, hvenær til greina gæti komið að byggja þá skóla, sem ekki er gerð till. um á næsta fjárhagsári.

Margvíslega undirbúningsvinnu er búið að vinna í þessu sambandi. Sjálf skólakostnaðarlögin eru og í endurskoðun og mun henni ljúka nú á þessu ári. Jafnframt eru í undirbúningi ráðstafanir til þess að koma fastari skipan á greiðslu ríkisframlags til sameiginlegra skólabygginga ríkis og sveitarfélaga og á allar byggingarframkvæmdir við ríkisskólana, m. a. með því að undirbúa verkið miklu rækilegar en gert hefur verið og styðjast við útboð í stórauknum mæli. Munu þessi mál koma til kasta þessa þings.

Á fjárl. fyrir yfirstandandi ár voru veittar 139 millj. kr. til skólabygginga á vegum menntmrn. Svo sem kunnugt er, var sett í fjárl. ákvæði um heimild fyrir ríkisstj. til þess að lækka fjárveitingar til opinberra framkvæmda um 20%. Ríkisstj. ákvað síðar að nota þessa heimild að því er snertir allar opinberar framkvæmdir, þ. á m. skólabyggingar. Upphæð sú, sem menntmrn. hafði þess vegna til ráðstöfunar til skólabygginga, lækkaði þannig úr 139 millj. kr. í 111½ millj. kr. Ríkisstj. taldi það einsætt mál, að ekki bæri að framkvæma lækkun skólabyggingafjárins með þeim hætti, að fjárveiting til hvers einstaks skóla lækkaði um 20% Þannig gat staðið á, að fjárveiting til ákveðins skóla nægði einmitt til þess að ljúka byggingu hans eða tiltekins áfanga byggingarinnar, þannig að lækkun fjárveitingarinnar um 20% ylli því, að byggingu eða áfanga yrði ekki lokið og skólahúsnæði, sem brýn þörf væri fyrir, yrði því ekki til ráðstöfunar. Á hinn bóginn gæti einnig staðið þannig á, að fjárveiting til tiltekins skóla væri svo lítil, að hún dygði hvort eð er ekki til þess að miða skólabyggingunni verulega áfram, og jafnvel alls ekki tilætlun af hálfu sveitarfélags að óska eftir notkun fjárveitingarinnar. Virtist því augljóst, að mjög æskilegt væri, að hægt væri að greiða fulla fjárveitingu til sumra skólabygginga og jafnvel meira en fjárveitingunni nam, en fresta alveg greiðslu fjárveitingarinnar til annarra skólabygginga, sem annaðhvort mundu hvort eð er ekki nota hana til framkvæmda eða framkvæmdin gæti að skaðlausu beðið, þar eð hún lyki hvort eð er ekki við nothæft skólahúsnæði.

Menntmrn. hefur hins vegar ekki almenna heimild til þess að halda fjárveitingum fyrir þeim aðilum, sem fé er veitt, hvað þá að greiða meira fé til aðilanna en fjárveitingar segja til um. Ef hægt átti að vera að hafa framkvæmdina þá, sem ég lýsti áðan og augljós rök lágu til að skynsamlegast og haganlegast væri, varð menntmrn. að fá til þess sérstaka lagaheimild. Þess vegna voru 28. maí s. l. gefin út þau brbl., sem hér hafa verið lögð fyrir Alþ. til staðfestingar. Efni þeirra er, að ríkisstj. sé heimilað að fresta greiðslu fjárveitinga að einhverju eða öllu leyti til byggingar þeirra skólamannvirkja, sem fyrirsjáanlegt væri um, að hvorki væri hægt að ljúka að fullu né að nothæfum áfanga með þeim fjárveitingum Alþ., sem fyrir væru, og framlögum sveitarfélaga. Skyldu þá slíkar fjárveitingar geymdar í ríkissjóði, en jafnframt heimilað að veita lán af þeim til að hraða byggingu þeirra skólamannvirkja, sem unnið er að, til þess að þeim yrði lokið sem fyrst.

Ég skal nú gera grein fyrir því í aðalatriðum, hvernig framkvæmdin hefur orðið á grundvelli þessara brbl. Það kom nú að góðu haldi, að unnið hafði verið að undirbúningi framkvæmdaáætlunar skólabygginga í landinu. Þegar að lokinni samþykkt fjárl. var samin framkvæmdaáætlun um skólabyggingar á árinu 1965. Að því er snertir barna- og gagnfræðaskóla utan Reykjavíkur voru í framkvæmdaáætlunina teknar allar byggingar, sem voru að einhverju leyti í notkun um s. l. áramót, og enn fremur þær, sem verulega hafði verið unnið að á árinu 1964. Einnig voru taldar með allmargar byggingar, sem í reynd voru fullgerðar 1964, en greiðslu ríkisframlags til þeirra ekki lokið. Að því er snertir barna- og gagnfræðaskóla í Reykjavík varð framkvæmdin sú, að heildarfjárveitingin var lækkuð um 20% og Reykjavíkurborg fengin hin lækkaða fjárveit-

ing til ráðstöfunar í heild til framkvæmda við þær skólabyggingar, sem borgaryfirvöld töldu nauðsynlegt að hraða. Að því er snertir framlög til iðnskóla voru þau lækkuð í heild um 20%, en sömu meginreglu fylgt og varðandi barna- og gagnfræðaskóla utan Reykjavíkur. Framlög til ríkisskólanna lækkuðu um 20%. Með því að taka á framkvæmdaáætlun ársins aðeins þær barna- og gagnfræðaskólabyggingar utan Reykjavíkur, sem ég gat um áðan, var hægt að greiða til þeirra framkvæmda alla fjárveitingu fjárl. og í sumum tilfellum, þar sem sérstök þörf var fyrir hendi, meira að segja hærri fjárhæð. Ber sérstaklega að nefna í því sambandi, að til byggingar hins nýja heimavistarskóla við Kolviðarneslaug, Laugagerðisskóla, hafa verið greiddar 2 millj. kr. umfram fulla fjárveitingu ársins, enda bar sérstaka nauðsyn til þess að ljúka þeirri skólabyggingu.

Þær fjárveitingar, sem ekki hafa verið greiddar og skoðast því sem geymt fé þeirra skólabygginga, sem hlut eiga að máli, nema um 12 millj. kr. Hefur þetta fé verið greitt til annarra skólabygginga til þess að koma þeim fyrr í gagnið og mun verða endurgreitt af fjárveitingu til þessara skóla á næsta ári.

Heildarniðurstöðutala framkvæmdaáætlunar skólabygginganna fyrir árið 1965 var 170.9 millj. kr. Þar af voru framkvæmdir við barna- og gagnfræðaskóla utan Reykjavíkur 97.7 millj. kr., við barna- og gagnfræðaskóla í Reykjavík 43.5 millj. kr., við iðnskóla 8.4 millj., við ýmsa ríkisskóla 17.3 millj. og ýmsar minni háttar fjárveitingar til skólastjórabústaða og skólabíla o. fl. 4 millj. kr. Fé til þessara framkvæmda var áætlað að fengist þannig, að 111.5 millj. kæmu úr ríkissjóði, en það var fjárveiting fjárl. lækkuð um 20%, 13.8 millj. voru geymt skólabyggingafé nettó og 44.7 millj. framlög sveitarfélaga. Lækkaðar fjárveitingar til barna- og gagnfræðaskóla utan Reykjavíkur, sem teknar voru á framkvæmdaáætlunina, námu 58.9 millj. kr., geymt fé 6.5 millj. kr. og framlög sveitarfélaga 20 millj. kr., eða samtals 85.4 millj. kr. Samkv. framkvæmdaáætluninni fengu þessar framkvæmdir 12.3 millj. kr. í viðbót eða samtals 97.7 millj. kr. í því skyni, að þeim yrði ýmist fulllokið eða nothæfum áfanga lokið eða miðað verulega áfram. Í framkvæmdaáætlunina voru einnig teknar framkvæmdir og skuldagreiðslur við eftirtalda ríkisskóla, sem ríkið byggir eitt: Menntaskólann í Reykjavík, Menntaskólann að Laugarvatni, Tækniskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Hjúkrunarskóla Íslands. Fjárveiting til þessara skóla á fjárl. þessa árs nam 17.3 millj. kr. að frádregnum 20%. Til framkvæmda við Menntaskólann í Reykjavík verður hins vegar varið mun meira fé í ár en fjárveitingunni svarar til hans, 3.2 millj., og er hér um að ræða lánsfé innan ramma framkvæmdaáætlunar ríkisstj.

Ég skal nú lesa skrá yfir þá skóla, sem teknir voru á framkvæmdaáætlunina fyrir þetta ár og unnið hefur verið að í samræmi við það. Ég les fyrst skrá um barnaskóla utan Reykjavíkur, sem voru sem næst fullgerðir í árslok 1964 eða unnið var við 1964: Höfn, Hornafirði, Mosfellsskóli, Reykhólaskóli, Húsavík, Patreksfjörður, Laugaland í Holtum, Laugaland, Þelamörk, Keldunesskóli, Varmá í Mosfellssveit, Þorlákshöfn, Bárðardalur, Grafarnes, Hvammstangi, Siglufjörður, Eiðar, Suður-Múlasýslu, Mývatnssveit, 1. áfangi, Ólafsvík, 2. áfangi, Laugar, Dalasýslu, Flateyri, Akureyri, Oddeyri, 2. áfangi, Stöðvarfjörður, Laugardalur, Árnessýslu, Öxarfjörður, Öngulsstaðaskólahverfi, sundlaug, Bolungarvík, Öldutún, Hafnarfirði, 2. áfangi, Garðaskólahverfi, 2. áfangi, Akranes, 2. áfangi, Borgarnes, 2. áfangi, Kópavogur, Digranes, Egilsstaðir, Nes, Austur-Skaftafellssýslu, Leirá, Borgarfirði, Tálknafjörður, Bíldudalur, Grímsey, Kolviðarnes, Hallormsstaður, Hafnarfjörður, íþróttahús, Ísafjörður, Raufarhöfn, Vopnafjörður, Reykir, Austur-Húnavatnssýslu, Flúðir, Árnessýslu, Ólafsvík, íþróttahús, Hvamms- og Reykhólahverfi, Seltjarnarnes, 2. áfangi, Dalvík, íþróttahús, Kársnes, Mývatnssveit, Varmaland og Rauðisandur.

Þá les ég skrá yfir þá gagnfræða- og héraðsskóla utan Reykjavíkur, sem voru sem næst fullgerðir eða unnið var við árið 1964: Siglufjörður, Héraðsskólinn að Reykjum, Hrútafirði, Neskaupstaður, Keflavík, Laugarvatn, héraðsskóli, miðskóli, Stykkishólmur, heimavist, Kópavogur, Reykjanes, héraðsskóli, 1. áfangi, Laugar, héraðsskóli, 2. áfangi, gagnfræðaskóli, Akureyri, gagnfræðaskóli, Selfossi, 1. áfangi, Héraðsskólinn Núpi, Héraðsskólinn Reykjum, 2. áfangi, Héraðsskólinn Reykjanesi, 2. áfangi, Héraðsskólinn Reykholti, 2. áfangi, Héraðsskólinn Skógum, 2. áfangi, og Héraðsskólinn Eiðum.

Þá les ég skrá um þá skóla, sem fé er veitt til á fjárl. þessa árs, en ekki voru teknir á framkvæmdaáætlunina fyrir þetta ár. Fyrst koma barnaskólar, sem fyrsta fjárveiting til var tekin á árinu 1965: Kleppjárnsreykir, 2. áfangi, Eskifjörður, íþróttahús og sundlaug, Blönduós, Klúka í Bjarnarfirði, Silfurtún, íþróttahús, Kópavogur, sundlaug, 1. áfangi, Stykkishólmur, Laugar, Dalasýslu, sundlaug, Borgarfjörður eystri, Keflavík, Vík í Mýrdal, Reykhólar, Barðastrandarsýslu, sundlaug, Norðfjarðarhreppur, Háls- og Ljósavatnshreppur, Sandgerði, leikfimishús og skólastofur, Skeiðaskóli, Árnessýslu, Akureyri, íþróttahús, og barnaskóli Kópavogs, smíðastofa.

Þá koma hér gagnfræðaskólar, sem fengu fyrstu fjárveitingu þessa árs fjárl.: Verknámshús, Kópavogi, Héraðsskólinn Laugum, 2. áfangi, Reykir, Hrútafirði, leikfimishús, Gagnfræðaskólinn í Keflavík, Gagnfræðaskólinn í Húsavík, Gagnfræðaskólinn á Sauðárkróki og fimleikahús Reykholti.

Þá les ég hér skrá yfir skóla, sem teknir voru á fjárlög 1964 eða fyrr og ekki voru teknir á framkvæmdaáætlun þessa árs: Barnaskólar: Aðaldalur, Hveragerði, íþróttahús, Kirkjubæjarklaustur, heimavist, Akranes, íþróttahús, Svarfaðardalur, Hraungerðisskólahverfi, Neskaupstaður, íþróttahús, Þorlákshöfn, 2. áfangi, Árskógsströnd, Eyjafirði, Reykjadalur, Suður-Þingeyjarsýslu, Hellissandur, íþróttahús, Skagaströnd, Ytri-Njarðvík og Stykkishólmur, sundlaug og íþróttahús. Aðrir skólar, sem fjárveitingar voru til og ekki voru teknir á framkvæmdaáætlun, eru tveir iðnskólar, í Hafnarfirði og á Akureyri.

Um mjög margar þessara skólaframkvæmda

er það að segja, að fyrirætlanir voru alls ekki um að efna til neinna framkvæmda, þar eð fé, sem fyrir hendi var, er augljóslega of lítið til þess, að skynsamlegt væri að ráðstafa því. Um allar þessar framkvæmdir gildir það, að fjárveitingar þær, sem fyrir hendi voru til þeirra frá ríki og heimaaðilum, nægðu engan veginn til þess að hrinda neinum nothæfum áfanga í framkvæmd, þannig að ekkert hefði aukizt við nothæft skólahúsnæði á árinu, þótt öllum þessum aðilum hefðu verið greiddar fjárveitingar samkv. fjárl. til framkvæmdanna. Ég tel því hafið yfir allan efa, að brbl. og sú framkvæmd þeirra, sem viðhöfð hefur verið og ég hef gert grein fyrir, hafi stuðlað að því, að ýmsum skólabyggingum ljúki nú á þessu ári, sem ella hefði ekki lokið, og þeim skólabyggingum hafi miðað áfram, sem mest þörf er fyrir. Og ég fullyrði, að engin skólabygging hafi misst af fé, sem hægt hefði verið að nota til þess að fullgera skólahúsnæði. Ég tel það hafið yfir allan efa, að með aðstoð brbl. og þeirra framkvæmda, sem byggðar hafa verið á grundvelli þeirra, hafi það skólabyggingarfé, sem menntmrn. hafði til ráðstöfunar á árinu 1965, notazt eins haganlega og skynsamlega og unnt var og í öllu falli mun betur en hefði framkvæmdin orðið sú að lækka allar einstakar fjárveitingar til skólabygginga hlutfallslega um 20%.

Að lokinni þessari umr. legg ég til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn. Ég mun að sjálfsögðu með ánægju láta hv. n. í té nákvæma skýrslu um þau atriði, sem ég hef gert grein fyrir í ræðu minni, og aðrar þær upplýsingar, sem hún kann að óska eftir um framkvæmd brbl.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Hæstv. ríkisstj. hefur sýnt mikinn dugnað í því að gefa út brbl., hvað sem annars má um dugnað hennar segja. Ég hygg, að engin ríkisstj. hafi á samsvarandi tíma gefið eins mikið út af brbl. og sú hæstv. ríkisstj., sem nú situr að völdum. Ýmis þessara brbl. munu mörgum í fersku minni og þá sérstaklega þvingunarl., sem út hafa verið gefin og snerta ýmsar stéttir þjóðfélagsins, svo sem verkamenn, lækna, verkfræðinga og flugmenn. Fyrir útgáfu þessara brbl. allra var því borið við, að brýna nauðsyn bæri til útgáfu þeirra. Miklar deilur stóðu að vísu um þá brýnu nauðsyn, og ég er í hópi þeirra, sem telja, að öll þvingunarlög, sem snert hafa starfsstéttir þjóðfélagsins, hafi verið sett alveg að nauðsynjalausu.

Um líkt leyti og þau brbl., sem hér eru til umr., voru sett á s. l. vori, voru sett önnur brbl. Það var í júnímánuði s. l. Þá setti hæstv. ríkisstj. brbl. um verðjöfnunar- og flutningasjóð síldveiða. Allir vita nú, hvernig fór um framkvæmd þessara laga. Það var ekki liðinn langur tími, þegar hæstv. ríkisstj. lýsti því yfir, að hún teldi enga nauðsyn til bera að framkvæma þessi lög. Ekkert sannar betur en þetta haldleysi þeirra raka, sem til grundvallar útgáfu brbl. liggja, en einmitt svona yfirlýsing. Fyrst setur hæstv. ríkisstj. brbl. og síðan lýsir hún því yfir, að framkvæmd brbl. sé nauðsynjalaus.

Þessi brbl., sem hér er nú leitað staðfestingar á hjá hinu háa Alþ., voru sett seint í maímánuði s. l. eða að ég hygg réttum hálfum mánuði eftir að þingi lauk. Eins og venjulega er útgáfa þessara brbl. um byggingu skólamannvirkja rökstudd með því, að brýna nauðsyn hafi til borið að gefa þau út. Nú vildi ég spyrja, hvað gerðist á þessum hálfa mánuði síðari hluta maímánaðar. Hvað gerðist, frá því að þingi lauk og þangað til brbl. voru útgefin, sem gerði það að brýnni nauðsyn að gefa út þessi lög? Ég veit ekki til, að neitt slíkt hafi gerzt, og held því meira að segja fram, að brbl. þessi, eins og mörg önnur, séu gefin út gersamlega að þarflausu. Ríkisstj. sem hefur ríka tilhneigingu til að gefa út brbl., lýsir með því vissri tilhneigingu til að hrifsa til sín vald, sem hún raunar á ekki, og það held ég, að komi ljóslega fram við útgáfu þeirra brbl., sem hér er um að ræða.

Þingi er nýlokið, skömmu fyrir miðjan maí, og hálfum mánuði síðar er gripið til útgáfu brbl. Síðasta Alþ. hafði með fjárl. 1965 ákveðið í einstökum atriðum fjárveitingar til skólabygginga, og mér er ekki kunnugt um, að neitt það hafi gerzt, sem réttlæti að breyta vilja Alþ., eins og hann birtist í samþykktum um styrkveitingar til skólabygginga í landinu. Það gerðist ekkert í millitíðinni, og þess vegna tel ég, að hæstv. ríkisstj. hafi borið í þessu efni að halda sér við ákvæði fjárl., eins og meiri hl. Alþ. hafði á síðasta þingi frá þeim gengið. Hér var ekki um neina brýna nauðsyn að ræða, og þess vegna tel ég, að þessi brbl., eins og svo mörg önnur, sem hæstv. ríkisstj. hefur staðið að, hafi verið byggð á röngum forsendum.

Efni þessa frv. er það, að hæstv. ríkisstj. veitir sjálfri sér heimild til að fresta fjárgreiðslu til vissra skólabygginga, að geyma þannig sparað fé í ríkissjóði og að lána af því fé til vissra annarra skólabygginga. Hún tekur sér m. ö. o. vald til þess að umbylta að vild því, sem Alþ. hafði skömmu áður samþ. Rök hennar fyrir þessu eru þau, að hún vilji flýta fyrir byggingu nokkurra skólahúsa. Þetta er í sjálfu sér góðra gjalda vert. En við skulum hafa það hugfast um leið, að með því að flýta þannig fyrir byggingu nokkurra skólahúsa tefur hún með vilja fyrir byggingu annarra, og það er ekki jafngott. Og það, sem ég hef einkum að athuga við efni þessa frv., er þetta. Hæstv. ríkisstj. er veitt heimild til þess að fresta fjárgreiðslum til skólabygginga, til þess að geyma fé í ríkissjóði og til þess að lána af þessu geymda fé eða lána ekki. Henni er það algerlega í sjálfsvald sett, hvort hún notar þetta geymda fé eða ekki samkv. brbl. Og við þetta hljóta þeir að hafa nokkuð að athuga, sem treysta ekki hæstv. ríkisstj. allt of vel, hvorki í skólamálum þjóðarinnar né öðrum málum.

Alþ. hafði gefið hæstv. ríkisstj. heimild til þess að skera allar verklegar framkvæmdir ríkisins niður um 20%. Þetta notaði hæstv. ríkisstj. sér einnig hvað snerti skólabyggingarnar. En hún óskaði að gera meira í þeim efnum. Og ég óttast mjög, að það, sem hún hafi gert frekar í þeim efnum, hafi helzt verið í þá átt að skera enn meira niður fé til skólabygginganna. Þetta ber sérstaklega að vita í þessu mikilsverða máli, skólabyggingamálinu, því að eins og kunnugt er,

er mikill skortur skóla í öllu landinu og á öllum stigum skólakerfisins. Það hefði verið nær, að hæstv. ríkisstj. hefði gefið út brbl. um aukna fjárveitingu til skólabygginga á árinu, en ekki heimildarlög til þess að draga úr byggingu skóla í heild. — Ég vildi láta þessarar gagnrýni getið nú þegar í upphafi, því að ég tel, að þessi brbl. eins og mörg önnur séu gefin meira eða minna út að þarflausu.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég sé, að hæstv. menntmrh. hefur vikið af fundi, en hér er til umr. mál, sem hann stendur að með sérstökum hætti, þar sem ríkisstj. hefur tekið sér löggjafarvald um mikilvægt atriði og gefið út brbl. þau, sem hér eru til umr. Ég vildi vænta þess, að hæstv. forseti léti athuga, hvort menntmrh. sæi sér ekki fært að vera hér í d., meðan þessar umr. fara fram.

Mér þykir hlýða við 1. umr. þessa frv. að vekja nokkra athygli á efni þessa máls og þá ekki síður á hinu, hvernig þetta mál ber að, því að ég ætla, að málsmeðferðin sé með nokkuð sérstökum hætti.

Í gildandi l. um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlgea af ríki og sveitarfélögum, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ákveður hverju sinni, til hvaða skólaframkvæmda stofnkostnaðarframlög eru veitt, og er ekki heimilt að hefja framkvæmdir, fyrr en fyrsta fjárveiting er fyrir hendi. Nú hefur Alþ. samþ. slíka fjárveitingu, og ákveður það þá einnig, hvernig framlögum skuli háttað framvegis, en skylt er ríkissjóði þó að hafa lokið greiðslu framlaga til hverrar framkvæmdar miðað við upphaflega kostnaðaráætlun innan 5 ára frá því, að fyrsta framlag var innt af hendi."

Fyrst eftir að lög um barnafræðslu og gagnfræðanám voru sett, var sá háttur hafður á við afgreiðslu fjárl., að fjárveitingar til stofnkostnaðar einstakra skólaframkvæmda voru ekki sundurliðaðar í fjárl., heldur var framkvæmdavaldinu falið að skipta þessum framlögum ríkisins. En um sama leyti og þessi lagaákvæði, sem ég vitnaði til, voru lögfest, var tekinn upp á Alþ. sá háttur að sundurliða í fjárl. hverju sinni það ríkisframlag, sem veitt er til hverrar einstakrar skólabyggingar. Það er því svo ótvírætt sem verða má, að það hefur verið vilji og ætlun löggjafans, að Alþ. hverju sinni ákvæði, hvað lagt yrði til hverrar skólaframkvæmdar árlega, og að eftir því skyldi farið. Og við afgreiðslu fjárl. hefur sá háttur verið hafður á ávallt síðan þessi lagaákvæði voru sett, að fjvn. Alþ. leitar eftir till. frá þeim embættismönnum, sem kunnugastir eru framkvæmd þessara mála og hafa á hendi endurskoðun á reikningum yfir skólabyggingarfé, og eftir að fjvn. hefur fengið till. þeirra, gerir hún sínar till. til Alþ., og reglan hefur verið sú, að alþm. hafa yfirleitt samþ. án breytinga þær till., sem þannig hafa verið undirbúnar. Það má því með sanni segja, að þessi mál hafa verið undirbúin nú að undanförnu að beztu manna yfirsýn. Og þannig var haldið á þessum málum við setningu fjárl. fyrir 1965, á sama hátt og gert hefur verið undanfarin ár. En hæstv. ríkisstj. sá ástæðu til þess með setningu þeirra brbl., sem hér eru nú til 1. umr., að breyta í framkvæmd út af því, sem Alþ. hafði ákveðið í fjárl. fyrir árið 1965. Með þessum brbl. og framkvæmd þeirra eru því í raun réttri ákvæði fjárl. og vilji Alþ., sem kom fram við samþykkt þeirra, sniðgengin. Þetta tel ég vera með nokkuð sérstökum hætti og þess eðlis, að full ástæða sé til þess nú þegar við 1. umr. þessa máls að vekja eftirtekt á þessari málsmeðferð. Ástæður fyrir því, að þessi brbl. eru sett og ákvæði fjárl, sniðgengin, eru sagðar þær — (**Forseti:** Ég vildi láta þess getið, vegna þess að hv. þm. óskaði eftir, að menntmrh. væri við, meðan hann héldi sína ræðu, að ég hef látið athuga það, að hann er ekki lengur í húsinu eins og stendur, hvort sem hann kemur bráðlega aftur eða ekki.) Já, ég heyri þessi orð forseta. (Gripið fram í. — **Forseti:** Hvað segir hv. ræðumaður um það?) Ég hefði óskað þess eða kunnað betur við það. (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. er nú staddur í d., þetta er dálítið skylt honum, fjármálin.) Já, ég veit, að forseti ákveður um þetta atriði. (**Forseti:** Ef ákveðin ósk kemur frá hv. þm. um það, að umr. verði frestað og hann fresti ræðu sinni, þá mun ég ekki standa á móti því.) Já, ég óska þess þá, að umr. verði frestað. — [Umr. frestað um stund.]

Í upphafi ræðu minnar, meðan hæstv. menntmrh. var fjarverandi, hafði ég vakið athygli á því, að lög mæla svo fyrir, að Alþingi ákveði greiðslu kostnaðar við skóla, og að í samræmi við það hafi þeirri venju verið fylgt að undanförnu að sundurliða í fjárl. hverju sinni þær fjárveitingar, sem til stofnkostnaðar skóla eru veittar. Ég hafði og bent á það, að með þeim brbl., sem hér eru nú til 1. umr., er í raun og veru í framkvæmd verið að sniðganga ákvæði fjárl. að þessu leyti og þann vilja Alþingis, sem kom fram við setningu fjárl. fyrir árið 1965. En í ástæðum, sem fram eru færðar fyrir setningu þessara brbl., segir svo, að þar sem samin hefur verið framkvæmdaáætlun um skólabyggingar í því skyni, að þær byggingar verði látnar sitja fyrir, sem þörf er mest á, og til þess að byggingartími styttist frá því, sem verið hefur, þá beri brýna nauðsyn til að setja brbl. um byggingu skólamannvirkja. Ástæðurnar fyrir þessum brbl. eru í forsendunum þær, að það hafi verið samin framkvæmdaáætlun fyrir skólabyggingar og fyrir þeirri framkvæmdaáætlun, sem samin er a. m. k. utan Alþingis, virðist allt annað eiga að víkja, ákvæði fjárl., óskir sveitarfélaga, sem standa að skólabyggingum, hvað þá annað.

Ég ætla, að þessar ástæður og sú málsmeðferð, sem kemur fram í sambandi við þessi brbl. og framkvæmd þeirra, sé svo sérstaks eðlis, að það sé full ástæða til þess hér á hv. alþingi að vekja eftirtekt á því. En það er fleira eftirtektarvert í þessu máli. Síðasta Alþingi lauk störfum 12. maí, en þessi brbl. eru gefin út 28. maí, eða m. ö. o. 15 dögum eftir að Alþingi lauk störfum. Nú er það næsta ótrúlegt, að þessi framkvæmdaáætlun, sem hér er vitnað til um skólabyggingar og ákvæði fjárl. virðast eiga að víkja fyrir hjá framkvæmdavaldinu, hafi komið alveg fullgerð frá hendi rn. þennan dag, sem brbl. eru gefin út, 28. maí s. l. Það getur varla hjá því farið,

að undirbúningur þeirrar framkvæmdaáætlunar hefur átt sér nokkurn aðdraganda, og það getur varla hjá því farið, að það hafi legið fyrir í öllum meginatriðum 12. maí, áður en alþm. fóru heim, hvað væri ráðgert í sambandi við þá framkvæmdaáætlun, sem ég geri hér að umræðuefni. Þá hefði vitanlega verið eðlilegast, að hæstv. ráðh. gerði Alþingi grein fyrir þessu máli í heild, og ef honum hefði þótt ástæða til lagabreytinga, að leggja þá fyrir þingið frv. um það efni. Við, sem höfum setið hér á þingi að undanförnu og m. a. í tíð þessarar hæstv. ríkisstj., erum því hvort sem er ekkert óvanir að fá mörg mál til meðferðar á síðustu dögum þingsins. Þetta er ekki gert, heldur er Alþingi slitið, þegar tímabært þykir, en 15 dögum síðar eru svo gefin út þessi brbl., sem í raun og veru raska ákvæðum fjárl., sem jafnan eru þó gildur þáttur í lagasetningu hvers þings.

Þessi málsmeðferð er fráleit, og ríkisstj., sem fer þannig að, getur ekki komizt hjá því að fá áfellisdóm fyrir þessa málsmeðferð.

En við setningu fjárl. fyrir árið 1965 hafði ríkisstj. knúið fram, að inn í fjárl. yrði felld heimild til að fresta til ársins 1966 verklegum framkvæmdum ríkisins, sem fé er veitt til í fjárl. fyrir árið 1965. Það hafði nú raunar hvarflað að mörgum, þegar þessi brbl. voru gefin út, að samband væri á milli þeirra og þessarar heimildar, sem ríkisstj. aflaði sér við setningu fjárl., og í ræðu hæstv. menntmrh. hér áðan kom það einmitt fram, að þetta er réttur skilningur, það er samband á milli þessara brbl. og hinnar almennu heimildar í fjárl. um frestun framkvæmda. Ég held, að það sé efnislega rétt, að hæstv. ráðh. hafi sagt, að við athugun hafi það komið í ljós, að menntmrh. hefði ekki getað komið því við að nota þessa almennu heimild gagnvart skólabyggingunum, án þess að til kæmi sérstök lagabreyting, og að í því skyni hefðu verið gefin út þessi brbl.

Það hafði verið dregið í efa af mönnum, sem bera gott skyn á löggjafaratriði og vanir eru stjórnsýslu, að þessi almenna heimild veitti framkvæmdavaldinu rétt til þess að fella niður að fullu og öllu einstakar framkvæmdir, sem fjárl. veittu fé til, en greiða fé til annarra framkvæmda að fullu. Hitt lægi nær, að skilja þessa almennu heimild í fjárl. þannig, að að svo miklu leyti sem hún yrði notuð, þá bæri að lækka hlutfallslega jafnt framlög til allra framkvæmda í þeim málaflokki, sem niðurskurðurinn tæki til.

Hvað sem um þetta er, þá benda þessi brbl. til þess, að hæstv. menntmrh. hafi komizt að raun um, að hin almenna heimild veitti takmarkaðan rétt til ráðstöfunar á einstökum fjárveitingum, og hafi þess vegna leitað eftir því að koma fram þessum brbl. En einmitt þegar þessi skilningur er athugaður á málavöxtum, þá er í raun og veru gengið lengra með setningu þessara brbl. og framkvæmd þeirra í að breyta frá ákvæðum fjárl. heldur en jafnvel hefði verið fært án þeirra.

Það er einnig eftirtektarvert, að sambandið, sem er á milli hinnar almennu heimildar í fjárl. og þessara brbl., það sýnir, að hæstv. ríkisstj. fékk sérstakan áhuga á að grípa inn í þessi mál í sambandi við niðurskurð framkvæmda eða frestun framkvæmda á þessu sviði. Það má vel vera, að hæstv. ríkisstj. hafi nokkrar áhyggjur af því, hvernig fjárfestingarmálum í landinu er komið undir hennar stjórn. Það væri í sjálfu sér ekki óeðlilegt, því að allur almenningur sér, hvaða glundroði á sér stað í þeim efnum. En ef hæstv. ríkisstj. vill taka upp skipulag í þeim málum, þá virðist mér, að það væru ýmsir aðrir málaflokkar en skólamálin, sem þar ættu fyrr að koma til athugunar, og að það bæri fremur að takmarka framkvæmdir á öðru sviði en í byggingum skóla. En menn verða þess ekki varir, að áhugi ríkisstj. sé mikill fyrir því að takmarka t. d. byggingu verzlunarhúsa. Margir veita því eftirtekt, hvað bankarnir færast mikið í fang á þessum árum, og ef hæstv. ríkisstj. vildi sýna áhuga sinn á því að skipuleggja fjárfestinguna í landinu, þá væru önnur verkefni áreiðanlega nærtækari og jafnvel áhrifameira að beita því á þeim sviðum heldur en að því leyti sem til skólabygginga tekur.

Það er ekkert vafamál, að það er mikil þörf fyrir auknar skólabyggingar og að með því að fresta fjárgreiðslum ríkisins til vissra framkvæmda getur dregið mjög úr því framtaki, sem annars er til staðar heima fyrir um að halda áfram þeirri uppbyggingu, sem þarf að vera á þessu sviði.

Ef til vill hyggst hæstv. ríkisstj. færa það fram sem rök, að það sé ekki óeðlilegt, að hún hlutist fremur til um þær framkvæmdir, sem kostaðar eru úr ríkissjóði, heldur en um framkvæmdir, sem einstaklingar kosta og standa að, en ef á þetta er litið, þá ber að gæta þess, hvernig eignarrétti skólanna í landinu er varið. Suma skóla á ríkið að fullu og öllu, aðra skóla á það að hluta til á móti sveitarfélögunum, en um barnafræðslustigið gildir það, að það eru sveitarfélögin, sem talin eru eiga skólahúsin, og sveitarstjórnirnar, sem beita sér fyrir byggingu þeirra eða framkvæmdum á þessu sviði.

Með því að breyta ákvæðum fjárl. og hverfa frá að greiða fjárveitingar, sem sumar sveitarstjórnir hafa þegar átt von á, þá er vissulega af hálfu ríkisvaldsins verið að leggja stein í götu þess, að sveitarfélögin sjálf haldi áfram þeim framkvæmdum, sem þörf er á heima fyrir og þeim ber að hafa forgöngu um. Þegar á þetta er litið, er ekki ýkjamikill munur á því, hvort ríkisstj. fer að hlutast til um þennan þátt mála eða hlutast til um aðra þætti, þar sem einkaframtakið hefur framkvæmdirnar á sínum vegum.

Ég vildi láta þessar aths. koma fram við þetta mál þegar við 1. umr. og segja að lokum, að hér er til meðferðar mál, sem rétt er að vekja athygli á og ætti ekki að verða fordæmi fyrir ríkisstj., sem síðar koma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11:1 atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

5. Verðjöfnunar- og flutningasjóður síldveiða.

Á 6. fundi í Sþ., 20. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um verðjöfnunar- og flutningasjóð síldveiða árið 1965 [33. mál] (stjfrv., A. 33).

Á 7. fundi í Ed., 26. okt., var frv tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Í maí og júnímánuði s. l. fjallaði verðlagsráð sjávarútvegsins um lágmarksverð á bræðslusíld til vinnslu í verksmiðjum, veiddri á Norður- og Austurlandssvæði. Samkomulag náðist ekki um bræðslusíldarverðið, og var ágreiningsatriðum vísað til sérstakrar yfirnefndar skv. l. nr. 60 1964, um breyt. á l. nr. 97 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins. Yfirnefnd kvað upp úrskurð sinn 25. júní s. l., og var niðurstaða meiri hluta yfirnefndarinnar, að verðið yrði 190 kr. á mál til og með 14. júní, en 220 kr. á mál á tímabilinu 15. júní til 30. sept., en við síðara verðið bættist gjald skv. brbl., dags 24. júní, 15 kr., verðið yrði 235 kr. á mál.

Verðþróun á síld til söltunar og bræðslu hafði orðið sú, að í s. l. júnímánuði var sú hætta á ferðum, að örðugt mundi reynast að fá síld til söltunar á komandi sumri að óbreyttum aðstæðum og gæti það ástand dregið verulega úr síldarsöltun, þetta ástand gæti spillt erlendum mörkuðum og rýrt stórkostlega afkomumöguleika þeirra, sem atvinnu hafa af síldarsöltun. Þá hafði ekki náðst samkomulag í verðlagsráði, eins og sumarið 1964, að leggja hluta af andvirði bræðslusíldar í sérstakan sjóð til að greiða fyrir siglingu veiðiskipa með bræðslusíldina til hafna norðanlands og draga þannig úr bið fiskiskipa í Austfjarðahöfnum. Til þess að bæta úr þessu ástandi voru sett brbl. 24. júní s. l., sem eru shlj. þessu stjfrv., sem hér liggur fyrir til umr., um verðjöfnunar- og flutningasjóð síldveiðiskipa, og lagt er fyrir Alþ. skv. 28. gr. stjskr.

Eftir birtingu úrskurðar yfirnefndar um lágmarksverð bræðslusíldar og birtingu téðra brbl. var síldarflotinn stöðvaður, og sigldu skipin til heimahafna sinna. Í tilefni af þessari fyrirvaralausu og óvæntu stöðvun síldveiðiflotans gaf ríkisstj. út tilkynningu 28. júní, svo hljóðandi:

„Hinn 24. þ. m. voru gefin út brbl. um verðjöfnunar- og flutningasjóð síldveiða árið 1965. Efni þeirra er í höfuðatriðum þetta: Að ríkisstjórninni sé heimilt að ákveða, að af allri bræðslusíld, sem veiðist frá 15. júní til ársloka árið 1965 fyrir Norður- og Austurlandi, skuli greiða 15 kr. fyrir hvert mál í sérstakan sjóð. Að heimilt sé að verja af fé sjóðsins til hækkunar á fersksíldarverði til söltunar allt að 30 kr. á hverja uppsaltaða tunnu. Að greiða síldveiðiskipum, sem sigla með eigin afla af veiðisvæðum sunnan Bakkaflóadýpis til hafna vestan Tjörness, 15 kr. flutningsstyrk á hvert mál bræðslusíldar. Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að löndunartöf sé á Austurlandshöfnum og Raufarhöfn, enn fremur að hlutaðeigandi verksmiðjur greiði síldveiðiskipum til viðbótar 10 kr. á hvert mál, eða samtals 25 kr., þegar svo er háttað sem að framan greinir. Að verja allt að 4 millj. kr. til flutnings á söltunar- og frystingarhæfri síld til Norðurlandshafna. 7 manna sjóðsstjórn á að annast innheimtu gjaldsins og dreifingu þess.

Fyrir lágu upplýsingar um það, að hækkun á bræðslusíldarafurðum, þ. e. lýsi og mjöli, hefði orðið miklu meiri en tilsvarandi hækkun á þeirri saltsíld, sem líkur eru til að framleidd verði á þessari vertíð. Af því leiddi hættu á því, að síld fengist ekki til söltunar sökum þess, hve hráefnisverð hennar yrði lágt, samanborið við bræðslusíldarverð. Útflutningsverðmæti saltsíldar er nær þrefalt miðað við magn, borið saman við afurðir úr bræðslusíld, og liggur mismunurinn að verulegu leyti í meiri verðmætasköpun innanlands. Það hefur tekið áratuga starf að afla markaða fyrir íslenzka saltsíld. Markaðir þessir eru í augljósri hættu, ef verulega dregur úr síldarsöltun. Gæti það valdið óbætanlegu tjóni íslenzkum sjávarútvegi á þeim landssvæðum, þar sem söltun aðallega fer fram, og þjóðarbúinu í heild. Sú lækkun, sem verður á bræðslusíldarverðinu af þessum sökum, rennur óskipt til sjómanna og útgerðarmanna í hækkun hráefnisverðs um allt að 30 kr. miðað við uppsaltaða tunnu.

Á s. l. ári náðist um það samkomulag í verðlagsráði milli fulltrúa sjómanna og útvegsmanna annars vegar og fulltrúa síldarkaupenda hins vegar að leggja hluta af andvirði bræðslusíldar í sérstakan sjóð til að greiða fyrir siglingu veiðiskipa með eigin bræðslusíldarafla til hafna norðanlands, þegar þrær verksmiðjanna eystra væru fullar og löndunartöf á Raufarhöfn. Ríkisstjórninni var kunnugt um, að sams konar samkomulag mundi ekki takast að þessu sinni í verðlagsráði sjávarútvegsins, þó að meiri hluti fulltrúa væri því meðmæltur. Til þess að koma í veg fyrir stórfelld töp síldveiðiflotans sökum löndunarbiðar á Austfjörðum bar brýna nauðsyn til að stuðla að því, að þetta flutningafyrirkomulag síldveiðiskipa héldi áfram og væri styrkt þannig, að heildargreiðslur til þeirra, þegar svo stæði á, hækkuðu úr 16 kr. á árinu 1964 í 25 kr. á hvert mál. Sérstaklega skal tekið fram, að sjóðurinn greiðir ekki neinn kostnað af rekstri flutningaskipa, sem síldarverksmiðjur hafa tekið á leigu eða gera út til síldarflutninga.

Brbl. heimila að verja allt að 4 millj. kr. til flutnings á kældri síld, sem hæf sé til söltunar og frystingar, frá miðunum við Austurland til Norðurlandshafna. Er hér um merkilega nýjung að ræða til að leysa það vandamál, sem af því stafar, að síldargöngur hafa leitað á nýjar slóðir svo og að helztu síldarverkunarstaðir norðanlands hafa búið við langvarandi skort á hráefni og þar af leiðandi atvinnuörðugleika. Ef tilraunin heppnast, eykur það atvinnuöryggi allra þeirra, sem við síldarútveg fást á sjó og landi.

Að öðru leyti vísast til grg. oddamanns yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins og stjórnarformanns framkvæmdastjórnar síldarverksmiðja ríkisins.“

Þannig hljóðaði yfirlýsing ríkisstj., sem hún gaf út 28. júní, þegar síldarflotinn hafði siglt heim í höfn.

Ríkisstj. hóf nú viðræður við fulltrúa síldveiðiskipa og L. Í. Ú. um lausn þessarar deilu, og 1. júlí náðist samkomulag um óbreytt bræðslusíldarverð, þó þannig, að sumarverðið skyldi gilda frá 10. júní, og lögðu síldveiðiskipin úr höfn þá um kvöldið. Sama dag, þ. e. 1. júlí, birti ríkisstj. eftirfarandi fréttatilkynningu:

„Ríkisstj. hefur m. a. með viðræðum við fulltrúa síldveiðiskipstjóra og L. Í. Ú. kannað, með hverjum hætti unnt væri að tryggja, að síldveiðar hefjist tafarlaust að nýju, og lýsir af sinni hálfu yfir því, sem nú skal greina:

1) Ríkisstj. mun beita sér fyrir, að síldarverksmiðjur á Austur- og Norðurlandi greiði á tímabilinu frá og með 10.—14. júní sama síldarverð og ákveðið hefur verið fyrir tímabilið 15. júní til 30. sept. 1965.

2) Þar sem náðst hefur samkomulag um verð á síld til söltunar, án þess að á jöfnunarverði þurfi að halda, og í trausti þess, að samkomulag náist um, að af 235 kr. verðinu, sem greiðist fyrir bræðslusíld í sumar, renni 3 kr. í flutningasjóð, sem starfræktur sé á sama hátt og var á s. l. ári, en greiðslur úr sjóðnum séu 15 kr. á mál til veiðiskips, enda greiði verksmiðjan, sem síld er flutt til, einnig 10 kr. á mál, þá mun ríkisstj. ekki nota heimildir skv. brbl. frá 24. júní 1965.

3) Ríkisstj. mun mæla með því, að áður en sumarsíldveiðar hefjast sumarið 1966, verði upp tekin vigtun á síld, sem lögð er inn í síldarverksmiðjur.

Ríkisstj. telur sig hafa öryggi fyrir, að með framansögðu sé tryggt, að síldveiðar hefjist nú þegar."

Í framhaldi af 3. lið þessarar yfirlýsingar vil ég skýra frá því, að sérstök nefnd hefur nú hafið störf til könnunar á því, hvað þurfi helzt að gera í hinum ýmsu síldarverksmiðjum, til þess að það loforð, sem þar er gefið, verði uppfyllt.

Þennan sama dag var könnuð afstaða verksmiðjanna á Austur- og Norðurlandi til þessa samkomulags, og samþykkti þá þegar meiri hluti þessara síldarverksmiðja að greiða sama síldarverð frá og með 10. júní til 14. júní og yfirnefndin hafði ákveðið fyrir tímabilið 15. júní til 30. sept. 1965.

Daginn áður, eða 30. júní, ákvað verðlagsráð sjávarútvegsins lágmarksverð á fersksíld til söltunar, sem veidd yrði á Norður- og Austurlandssvæði frá upphafi síldarsöltunar til septemberloka 1965, þannig, að verð hverrar uppmældrar tunnu, 108 kg, skyldi vera 257 kr. og verð hverrar uppsaltaðrar tunnu skyldi vera 350 kr.

Í 2. gr. brbl. er heimilað að verja allt að 4 millj. kr. af 15 kr. bræðslusíldargjaldinu skv. 1. gr. til þess að flytja með flutningaskipi kælda síld til söltunar eða frystingar til Norðurlandshafna og til að veita sérstakan stuðning þeim síldveiðiskipum, sem skila eigin afla til þessa svæðis. Enda þótt ákveðið hafi verið að nota ekki heimildir brbl., voru flutningar á kældri síld framkvæmdir til Norðurlandshafna m. a. með Þorsteini þorskabít, þótt ekki hafi tekizt allt of vel, og eins hafa einstök veiðiskip verið styrkt til flutninga á sömu hafnir, og er kostnaðurinn við þessar ráðstafanir greiddur úr ríkissjóði.

Margar grg. frá deiluaðilum umfram það, sem nú þegar hefur verið minnzt á, voru á þessum tíma birtar í dagblöðum og útvarpi auk grg. oddamanns yfirnefndar, en ég tel ekki þörf á að rekja það, enda yrði of langt mál að rekja efni þeirra eða lesa þær upp. Ég hef hér reynt að draga fram staðreyndir um aðdraganda að setningu þessara brbl. Eins og fram kemur í frétt ríkisstj. frá 1. júlí s. l., var ákveðið að nota ekki heimildir l., og hefur það ekki verið gert. Samkv. ákvæðum í stjskr. landsins, svo sem fyrr er á minnzt, ber að leggja slíkar aðgerðir fyrir Alþ., hvað og gert er hér með.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. sjútvn.

Helgi Bergs: Herra forseti. Þegar þessi brbl., sem hér eru nú til umr., höfðu gilt í vikutíma, en ekki komið til framkvæmda, lýsti ríkisstj. því yfir, að hún mundi ekki beita þeim. Brbl. hafa þess vegna aldrei verið annað en pappírsgagn og eru nú lögð fyrir hv. Alþ. í því skyni að uppfylla skilyrði 28. gr. stjskr. En erfitt er að sjá, hvert erindi frv. eigi í rauninni að öðru leyti til Alþ., þar sem það liggur ljóst fyrir, að það verður aldrei annað en pappírsgagn. Eigi að síður verður að játa, að það er eðlilegt og rétt, að þetta tækifæri sé notað til þess að rifja upp þá atburði, sem áttu sér stað í kringum setningu þessara brbl. og allir voru með þeim hætti, að ekki er ástæða til þess að láta algerlega yfir þá fyrnast, því að vítin eru, eins og kunnugt er, til þess að varast þau.

Sumarsíldveiðar hófust á þessu vori nokkru fyrr en áður, um 24. maí, og það gat raunar varla komið á óvart, að þær mundu hefjast nokkru fyrr, því að þróunin hefur verið í þá átt nú undanfarin ár. Samkv. reglugerð um verðlagsákvæði sjávarútvegsins hefði mátt vænta þess, að verð á sumarsíld mundi liggja fyrir a. m. k. eigi síðar en 10. júní. En sá dagur leið og tvær vikur í viðbót, og síldarverðið birtist ekki fyrr en um leið og brbl. frá 24. júní. Þá kom í ljós, að hæstv. ríkisstj. ætlaði sér til annarra þarfa 15 kr. af því verði, sem verðlagsdómur taldi verksmiðjurnar geta og eiga að greiða fyrir málið. Það átti að nota þessar 15 kr. til atvinnujöfnunar í landinu, til ráðstafana til að koma í veg fyrir atvinnuleysi eða auka atvinnu í vissum landshlutum. Ríkisstj. hafði þá nýlega gert samninga við verkalýðsfélögin á Norðurlandi, þar sem hún lofaði ráðstöfunum í þessu efni, og það verður að líta svo á, að þarna hafi hún séð sér leik á borði til að láta sjómenn og útvegsmenn standa undir kostnaði af þeirri viðleitni að þessu leyti.

Enn fremur kom í ljós, að ákveðin höfðu verið tvö verð á síld á sumarsíldveiðum, skyldi annað verðið gilda fram til 15. júní, en hitt þar eftir. Þetta mun byggt á því, að síldin hafi verið svo mögur í byrjun tímabilsins, að ekki hafi verið

hægt að borga fyrir hana sama verð og síðar. Fram til þessa hafa þó slíkar sveiflur verið jafnaðar út, svo að hér var farið inn á nýja braut, sem verður, eins og raunar kom í ljós síðar, að teljast mjög vafasöm, a. m. k. á meðan ekki er farin sú leið að kaupa síldina og verðleggja hana eftir fitumælingum, eins og gert er t. d. um mjólk. Enn fremur kom í ljós, að hæstv. ríkisstj. taldi nauðsynlegt að borga verðuppbætur á saltsíld, þó að á þessum tíma lægi ekkert fyrir um það, hvert saltsíldarverðið mundi verða, og síðar vitnaðist, að hæstv. ríkisstj. hafði í raun og veru enga grein gert sér fyrir þessu, því að þegar saltsíldarverðið lá fyrir, kom í ljós, að þetta var algerlega ónauðsynlegt.

Þessi brbl. voru þess vegna mjög óvenjuleg, svo að ekki sé dýpra tekið í árinni. Fyrstu mótmælin gegn brbl. létu ekki heldur á sér standa, því að þau komu þegar í stað frá bátadeild L. Í. Ú. og voru birt í dagblöðum daginn eftir að brbl. höfðu verið birt. En þau eru á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn bátadeildar L. Í. Ú. samþykkti á fundi sínum í dag að mótmæla harðlega þeim ákvæðum brbl. um verðjöfnunar- og flutningasjóð síldveiða 1965, sem ákveða, að 4 millj. kr. skuli teknar af bræðslusíldarverðinu til atvinnubóta fyrir Norðurland, svo og að veiðiskip fái ekki greitt úr flutningasjóði, ef þau flytja síld til Suðvesturlands, þegar þróarrými er ekki fyrir hendi á Austurlandi. Enn fremur átelur stjórn L. Í. Ú., að greiðslur úr jöfnunarsjóði á saltsíld skuli ekki gilda óháð því, hvar síldin er söltuð á landinu. Stjórn L. Í. Ú. bendir á, að starfandi er atvinnuleysistryggingasjóður, sem í eru um 700 millj. kr., og því óþarft að láta útvegsmenn og sjómenn taka að sér hlutverk hans vegna slæms atvinnuástands á Norðurlandi. Auk þess mótmælir stjórn L. Í. Ú. þeirri ákvörðun meiri hluta yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins að ákveða eftir á tvö verð á sumarveiddri bræðslusíld, veiddri fyrir Norður- og Austurlandi, svo og að enn skuli ekki hafa verið ákveðið verð á síld til söltunar og frystingar á yfirstandandi vertíð."

Þessi mótmæli lét L. Í. Ú. frá sér fara þegar í stað. Og það vakti nokkra athygli, að það var talið víst, að 3 af hv. þm., sem eru stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., munu hafa átt aðild að þessum mótmælum, og menn gátu sér þess því til, að meiri hluti Alþ. mundi ekki standa að baki þessara brbl. hæstv. ríkisstjórnar. Um það er þó rétt að segja, að það er auðvitað ekkert víst, vegna þess að það er eitt af einkennum þessa viðreisnarstjórnarfars, sem við búum við, að hv. alþm., sem styðja núv. ríkisstj., hafa tamið sér það að hafa tungur tvær. Önnur er notuð, þegar þeir koma á fundi stéttarsamtaka og annarra slíkra, en hin þegar þeir koma til Alþ., og það er þess vegna enga ályktun hægt að draga af því, — trúlegast, að þeir muni rétta upp hendurnar með þessu frv., hvað sem líður ályktunum, sem þeir kunna að hafa staðið að á öðrum vettvangi. Um þess háttar vinnubrögð höfum við orðið mörg dæmi nú í seinni tíð.

En það voru fleiri en Landssamband ísl. útvegsmanna, sem mótmæltu þessum brbl., og m. a. birtu Alþýðusamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Sjómannasamband Íslands mótmæli á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnir Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands átelja harðlega þann drátt, sem hefur orðið hjá verðlagsráði sjávarútvegsins um verðlagningu sjávarafla, þar sem heita má alveg óþekkt fyrirbæri, að lögum og reglum sé framfylgt um, að fiskverðsákvörðun liggi fyrir, áður en veiðitímabil hefst. Stjórnir sambandanna mótmæla eindregið þeirri ákvörðun meiri hl. yfirnefndar verðlagsráðs að ákveða, löngu eftir að síldveiðar hófust nú, tvenns konar verð á sumarveiddri síld fyrir norðan og austan, þar sem eining á fituprósentu er þá ekki almennt látin gilda fyrir verð á síld veiddri á svæðinu allt veiðitímabilið, og má fullvíst telja, að hefði verðákvörðunin legið fyrir, áður en síldveiðar hófust að þessu sinni, hefði ekki verið rætt um tvenns konar verð á síld veiddri fyrir Norður- og Austurlandi á yfirstandandi sumri, og verður að telja víst, að vegna þessa gerræðis við sjómenn og útvegsmenn muni því ekki treyst í framtíðinni að byrja veiðar, fyrr en verðákvörðun liggur fyrir hverju sinni. Þá telja stjórnir sambandanna, að hin ákveðnu verð á síld til bræðslu séu allt of lág, miðað við áætlað veiðimagn, fyrirframsölu á mjöli og lýsi og markaðsverð á þeim afurðum, eins og það er nú.

Stjórnir sambandanna mótmæla ákveðið brbl. þeim, sem sett hafa verið um flutninga á síld, verðjöfnun síldar í bræðslu og salt o. fl., og telja það sérstaklega mikið fljótræði að ákveða uppbætur á síld til söltunar og frystingar á kostnað bræðslusíldar, meðan verð á síld til söltunar eða annarrar nýtingar en í bræðslu liggur ekki fyrir og það ekki enn þá verið tekið fyrir til umr. í verðlagsráði, enda engin gögn eða upplýsingar borizt frá síldarútvegsnefnd um sölu o. fl. eða áætlanir frá félagssamtökum síldarsaltenda eða öðrum viðkomandi aðilum.

Þá mótmæla stjórnirnar því einnig, að ákveðið er að greiða aðeins flutningsgjald á síld til bræðslu á austursvæðinu til Norðurlandsins, en ekki gagnkvæmt til Austurlandsverksmiðja, eins og ákveðið var af verðlagsráði á s. l. sumri, ef síldin skyldi aðallega veiðast fyrir norðan um lengri eða skemmri tíma. Stjórnir sambandanna víta einnig það ákvæði brbl. að gera sérstaklega sjómönnum og útvegsmönnum að greiða ákveðna fjárupphæð vegna samningsákvæðis ríkisstj. við verkalýðsfélögin á Norðurlandi um úrbætur í atvinnumálum í þeim landshluta.

Um leið og stjórnir sambandanna mótmæla meðferð þessa máls sem heild, vinnubrögðum verðlagsráðs sjávarútvegsins, ákvörðun meiri hl. yfirnefndar og brbl. ríkisstj., vilja þær að lokum benda á, að óhæft er með öllu að ganga fram hjá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands um tilnefningu í nefndir, sem fjalla eiga um hagsmunamál meðlima þess."

Þetta voru mótmæli stjórnar A. S. Í., Farmanna- og fiskimannasambandsins og Sjómannasambands Íslands gegn brbl. og verðlagningunni, sem auðvitað eru nátengdir hlutir, vegna þess að

brbl. skertu að sjálfsögðu verðið til sjómanna og útvegsmanna um 15 kr. á mál.

Þessi mótmæli, sem ég nú hef rakið, hafa sjálfsagt verið nægt íhugunarefni fyrir hæstv. ráðh. á sínum tíma. En versta áfallið var samt eftir. Sjómennirnir sigldu síldveiðiflotanum í höfn og lýstu yfir, að það væri engin síld í sjónum á því verði, sem ríkisstj. skildi eftir handa útvegsmönnum og sjómönnum. Og það var ekki eitt og eitt skip, sem sigldi til hafnar, það var flotinn allur. Það var ekkert veitt í viku, og það varð tugmilljóna tjón. Nú var málið vissulega komið á alvarlegt stig, ef áttu að stöðvast síldveiðarnar á þessum tíma, þegar ástæða var til að gera ráð fyrir, að mikill afli mundi vera fáanlegur.

Þegar málum var þannig komið og hæstv. ríkisstj. virtist gersamlega ráðlaus um, hvað til bragðs skyldi taka, komu þm. og framkvæmdastjórn Framsfl. saman og gerðu ályktun, sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Þingflokkur og framkvæmdastjórn Framsfl. telja óhjákvæmilegt, að Alþ. sé þegar í stað kvatt saman til aukafunda vegna síldveiðideilunnar og þess alvarlega ástands, sem af þeim sökum hefur skapazt í þjóðfélaginu. Stöðvun síldveiðanna veldur þjóðinni svo stórkostlegu tjóni á degi hverjum, að lausn þess máls þolir alls enga bið. Þar sem ríkisstj. virðist ráðþrota í þessum vanda og hefur eigi beitt sér fyrir lausn deilunnar, og ein af ástæðunum til stöðvunar síldveiðiflotans er einmitt útgáfa brbl. hennar um flutning á síld, verðjöfnun síldar í bræðslu og salt o. fl., sem vafasamt er eftir fram komnum samþykktum, að meiri hl. þings hafi staðið á bak við, er nauðsynlegt, að Alþ. fjalli án tafar um málið. Upplausnarástand það, sem nú ríkir að öðru leyti í landinu á ýmsum sviðum, er einnig svo alvarlegs eðlis, að full ástæða er til, að Alþ. taki þau mál öll til meðferðar. Skorar því Framsfl. á forsrh. að gera tafarlausar ráðstafanir til þess, að Alþ. verði nú þegar kvatt saman."

Um sama leyti eða skömmu síðar gerði svo formaður þingflokks Alþb., hv. 5. þm. Austf., kröfu fyrir hönd þingflokks síns um sama efni. Vafalaust hafa þessar kröfur stjórnarandstöðuþingflokkanna ýtt undir það, að hæstv. ríkisstj. rynni blóðið til skyldunnar að koma síldveiðiflotanum aftur út. Og næsta dag birtist svo boðskapur hæstv. ríkisstj., sem hæstv. sjútvmrh. las hér áðan og ég ætla ekki að fara að endurtaka, en í aðalatriðum var sá, að brbl., sem viku áður hafði borið brýna nauðsyn til þess að setja, væru gersamlega óþörf og mundu aldeilis að engu höfð af hæstv. ríkisstj.

Ég hef viljað rekja þessa sögu vegna þess, að þrátt fyrir það þótt við höfum nú séð ýmislegt kynlegt í viðreisnarstjórnarfari undanfarandi ára, er hér þó um aldeilis óvenjulega atburði að ræða, sem mér virðist full ástæða til þess að rifja upp hér við þessa umr. Ríkisstj. gefur út brbl. Hún telur brýna nauðsyn bera til ákveðinna ráðstafana, sem þar eru heimilaðar. Viku síðar gefur hæstv. ríkisstj. út yfirlýsingu um, að það sé engin þörf á þessum ráðstöfunum og brbl. muni að engu höfð. Hæstv. ríkisstj. taldi brýna nauðsyn bera til þess að greiða uppbætur á saltsíld. En viku síðar kemur í ljós, að saltsíldarverðið er alveg viðunandi og ekki minnsta ástæða að dómi hæstv. ríkisstj. til þess að greiða neinar uppbætur á saltsíld.

Það verður ekki af þessu dregin önnur ályktun en sú, að hæstv. ríkisstj. hafi alls ekki gert sér neina grein fyrir því, þegar brbl. voru sett, hvert saltsíldarverðið mundi verða. Útgáfu þessara brbl. mun þess vegna lengi verða minnzt sem mjög óvenjulegs frumhlaups, jafnvel á þessum einkennilegu tímum viðreisnarstjórnarfarsins. Ríkisstj. gaf út brbl., sem eðli málsins samkv. og beinum ákvæðum stjórnarskrár ber ekki að gefa út, nema mjög brýna nauðsyn beri til í almennings- og alþjóðarþarfir. En þegar frumhlaup hennar mætir eindreginni mótspyrnu, kiknar hún og ákveður, að þetta hafi nú raunar allt saman verið ástæðulaust og einskisvert. En manni verður spurn: Fyrst ríkisstj. treysti sér ekki til þess að framkvæma ætlunarverk sitt þrátt fyrir mótmæli sjómanna og útgerðarmanna, því leitaði hún þá ekki fyrirframsamninga við þessa aðila um einhverja skynsamlega úrlausn á þeim vandamálum, sem hún taldi sig vera að fást við, í stað þess að setja málin í þann hnút, að síldveiðiflotinn skyldi stöðvast í viku um hávertíðina með þeim afleiðingum, að aflatjón hefur vafalaust numið tugmilljónum kr. að útflutningsverðmæti.

Það hefur stundum heyrzt, að sjómenn og útgerðarmenn hafa verið gagnrýndir fyrir það að stöðva veiðar, eftir að vertíð var hafin og áhafnir skráðar á skip og byrjaðar sína vertíð. Ég skal nú að mestu leiða þann þátt málsins hjá mér, en vil þó geta þess, að að mínum dómi höfðu þessir aðilar verulegar málsbætur, sem voru fólgnar í því, að í rauninni var komið algerlega aftan að þeim með þessum brbl. Þegar þeir hófu veiðar og skráðu sig á skipin, höfðu þeir fulla ástæðu til þess að gera ráð fyrir því, að þeir fengju það verð fyrir síldina, sem verksmiðjurnar gætu borgað, og þeir fóru sjálfsagt nokkuð nærri um það, hvað það mundi verða. En með brbl. eru 15 kr. af því, sem þeir höfðu fulla ástæðu til þess að gera ráð fyrir að þeir gætu fengið, beinlínis gerðar upptækar af ríkisvaldinu.

Það fer varla hjá því, enda kemur það fram í yfirlýsingum hæstv. ríkisstj. sjálfrar, að hér var um frumhlaup að ræða, sem leiddi svo til skjóts undanhalds. Við höfum svo sem fleiri dæmi um slík frumhlaup af hálfu hæstv. ríkisstj., og nægir að minna á frv. um launastöðvunina, sem hér var til meðferðar á hv. Alþ. fyrir tveimur árum. Það verður ekki hjá því komizt, að hugleiða það, hvaða afleiðingar slík vinnubrögð hljóta að hafa fyrir stjórnarfarið í landinu. Ef sú trú skapast meðal þjóðarinnar, að ráðstafanir ríkisvaldsins geti verið svo vanhugsaðar, að með snörpu upphlaupi sé hægt að knýja hana til undanhalds, nokkurn veginn eftir því, sem mönnum kann að þykja hverju sinni, fer ekki hjá því, að með þeim hætti er molað niður eðlilegt stjórnkerfi í landinu. Viðreisnarstjórnarfarið er með þessum hætti ekki bara að grafa undan sjálfu sér, það er að grafa undan

öllu framtíðarstjórnarfari í okkar landi, ef ekki verða tekin upp skynsamlegri vinnubrögð en frv. þetta er dæmi um.

Hvað á nú að gera við þetta pappírsgagn, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fyrir deildina? Samkv. yfirlýsingum hennar sjálfrar er þetta ekkert annað en pappírsgagn, sem til einskis verður notað. Eins og ég sagði í upphafi, virðist mér eðlilegt, að þetta tækifæri sé notað til þess að rifja upp þá atburði, sem áttu sér stað í kringum þessa óvenjulegu lagasetningu, því að af þeim má draga lærdóma. Vítin eru til þess að varast þau. En að öðru leyti sé ég ekki annað en ástæðulaust sé að láta þetta pappírsgagn þvælast lengi í sölum Alþ. og mundi telja eðlilegt, að það yrði þegar í stað fellt, þó að raunar komi út á eitt, hvað við það er gert, þar sem það verður aldrei nema pappírinn.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að flytja hér langa minningarræðu um það plagg, sem hér liggur fyrir. Það eru líka síðbúin eftirmæli, sem þar væri um að ræða, því að eins og allir vita, má segja, að þessi brbl. hafi með yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. verið afnumin að efni til þegar eftir að þau höfðu staðið í eina viku og ekki var farið að framkvæma þau. En það, sem kemur mér til þess að standa hér upp nú við þessa umr., er, að ég vil leggja á það ríka áherzlu og vil fara um það nokkrum orðum, hver ég tel að hafi verið aðalástæðan og e. t. v. eina ástæðan til þeirra mjög svo alvarlegu tíðinda, sem urðu í vor eða snemma í sumar, þegar allur síldveiðiflotinn með tölu sigldi í höfn í mótmælaskyni við verðlagninguna og brbl. En meginástæðan til þessa atburðar var tvímælalaust sú, hversu verðlagsákvörðunin kom óhóflega seint og jafnframt tvískipting verðlagsins, þegar það var loksins ákveðið.

Lögum samkv. ber að ákveða verð á síld veiddri fyrir Norður- og Austurlandi, áður en veiðar hefjast, og það hefur verið svo nokkur undanfarin ár, að skipin hafa verið að fara fyrr og fyrr á veiðarnar. Þau eru jafnvel byrjuð nú að veiða síðast í maímánuði. Fyrstu skipin munu hafa farið út seint í maímánuði, og þá reyndist síld þegar komin á miðin, að vísu allfjarri landi, eins og hún hefur nú verið síðustu árin. En það má búast við, að ef allt verður með felldu, fari fyrstu skipin ekki seinna til veiða heldur en í maílok og í júníbyrjun, og þá er brýn nauðsyn, að síldarverðið sé ákveðið fyrir þann tíma. Þetta er líka skylt samkv. l. En mikill misbrestur var á því í vor, að þessu ákvæði væri fylgt fram, og það var staðhæft, að verðlagsráðið hefði skort nægilegar upplýsingar til þess að ákveða verðið öllu fyrr en gert var. En það er fyllsta ástæða til þess að láta slíkt ekki koma fyrir aftur, því að það er enginn efi á því, að síldveiðisjómenn munu standa við það, sem þeir hafa fyrir löngu lýst yfir, lýstu yfir þegar í vor eða sumar, þegar átökin urðu, að þeir mundu ekki fara til síldveiða næst, fyrr en verðákvörðun hefði verið tekin, fyrr en þeir vissu, hvaða verð þeir fengju fyrir síldina, sem þeir færu til að veiða. Og þetta er, held ég, úr því sem komið er, kjarni málsins, að viðkomandi aðilar, hæstv. ríkisstj. og verðlagsráð, læri af þessari dýrkeyptu reynslu og láti það ekki koma fyrir aftur, sem olli þessum hnút í sumar, að verðákvörðun liggi ekki fyrir, þegar veiðarnar hefjast. Úr því sem komið er, held ég, að þetta sé dýrmætasti lærdómurinn, sem hægt er að draga af atburðunum í sumar.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Þær umr., sem fram hafa farið, síðan ég flutti mína framsöguræðu, hafa ekki gefið sérstakt tilefni til framhaldsumr. Ég vil þó taka það fram strax, að ræðu hv. 5. þm. Reykn. get ég efnislega verið samþykkur, að því frádregnu, að það er misskilningur, að ríkisstj. sem slík geti tekið þessa verðlagsákvörðun í sínar hendur. Sérstök lög ákveða, að sérstakt verðlagsráð fjalli um þessi mál, og ég hygg, að það hafi ekki staðið á ríkisstj. að veita því ráði upplýsingar þær, sem henni bar. Það er hins vegar alveg rétt, að meginatriðið, sem eftir stendur um þá lærdóma, sem hver og einn vill af þessu draga, er í því fólgið, sem hv. þm. talaði um. Það er a. m. k. mitt mat á því.

Ég vil hins vegar með örfáum orðum víkja að ræðu hv. 6. þm. Sunnl. Hann hafði það innlegg helzt að flytja í umr. um þetta mál, að ekki hefði verið horfið að því ráði, sem Framsfl. lagði til um lausn þessara mála, þ. e. a. s. að kallað hefði verið saman Alþ. til þess að fjalla um málið, þegar síldarflotinn sigldi í höfn. Og í sömu setningunni sagði hann, að ríkisstj. hefði með þessu frumhlaupi sínu, eins og hann orðaði það, bakað þjóðinni aflatjón, sem hefði vafalaust numið tugmilljónum, sagði hv. þm. Eru nú líkur til þess, ef síldarflotinn hefði átt að bíða eftir því, að Alþ. væri kvatt saman og hefði tekið málið til umr., að þetta tjón hefði orðið minna en við þá lausn, sem varð á fyrir forustu ríkisstj.? Þetta er aðeins spurning, sem ég vildi að hv. þm. velti fyrir sér og eðlilegt er að spurt sé í framhaldi af slíkum fullyrðingum.

Ég þarf ekki heldur efnislega að ræða frv. frekar en ég gerði í minni framsöguræðu að öðru leyti en því, að ég vil harðlega mótmæla því, að stjórnarliðsmenn hér á Alþ. hafi komið upp þeirri reglu, eins og hv. þm. sagði, að tala tungum tveim, og slíkum svigurmælum hans í garð ónafngreindra manna. Þessari fullyrðingu sinni til stuðnings talaði hann um ákveðna tölu stjórnarliðsmanna, sem mundu hafa ætlað að greiða atkv. á móti þessum brbl., þegar þau kæmu fyrir Alþ. til staðfestingar sem lög. Um þetta liggja engar sannanir fyrir og verður að vísa á bug sem algerlega órökstuddum fullyrðingum.

Ég vil svo aðeins að lokum taka það fram, sem ég sagði í minni framsöguræðu, að það ber skylda til þess samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar að leggja slíkar aðgerðir fyrir Alþ., þótt að meginefni til hafi náðst um það samkomulag að fara aðrar leiðir að sama marki, þ. e. a. s. tryggja söltun upp í gerða samninga. Þeirri spurningu hv. þm., hvað eigi við svona hluti að gera, er ósköp hægt að svara á þann veg að spyrja: Hvað átti ríkisstj. annað að gera en

leggja slík lög fyrir? Þm. viðurkenndi í annarri setningu sinni, að það væri skylt að leggja þetta mál fyrir, en segir svo á hinn bóginn, að þetta sé pappírsgagn eitt, sem óþarft hafi verið að leggja fyrir Alþ. Ég hygg, að það sé rétt eftir honum haft, en verð að viðurkenna, að ég skil ekki slíkan málflutning.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10:7 atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

6. Skipstjórnarmenn á íslenzkum skipum.

Á 64. fundi í Ed., 15. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum [189. mál] (stjfrv., A. 486).

Á 65. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er samið af n., sem fyrrv. hæstv. sjútvmrh. skipaði 5. ágúst 1965. Eins og í grg. segir, áttu sæti í þessari n. Kristinn Gunnarsson fulltrúi, sem var form. n., Gunnar I. Hafsteinsson fulltrúi, Guðmundur H. Oddsson skipstjóri, Hjörtur Magnússon fulltrúi og Jónas Sigurðsson skólastjóri stýrimannaskólans.

Skv. þessu lagafrv., sem er í nánum tengslum við það frv., sem er nú til meðferðar hjá hv. sjútvn. um atvinnuréttindi vélstjóra, eru höfuðatriði þessi:

1) Kröfur, sbr. h-lið 2. gr. núgildandi l., um að vera talinn fullgildur háseti á verzlunar- og varðskipi, sem áður voru gerðar í l. um þetta efni, eru felldar niður.

2) Núgildandi ákvæði laga um skipstjórnarréttindi á allt að 120 rúmlesta skipum eru felld inn í frv. til samræmis við frv. til l. um breyt. á l. um stýrimannaskólann í Reykjavík og væntanlega reglugerð þar um.

3) Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna á fiskiskipum af ótakmarkaðri stærð og á verzlunarskipum allt að 400 rúmlestum verði eitt og hið sama.

4) Nýmæli er það í frv. þessu, að þeir, sem lokið hafa prófi úr 2. bekk farmannadeildar stýrimannaskólans, hljóti undirstýrimannsréttindi takmarkaðan tíma.

5) Siglingatími til að hljóta stýrimannsskírteini er skv. frv. þessu styttur nokkuð og ekki bundinn við utanlandssiglingar, eins og áður var á verzlunarskipum. Þá er aldursmark til að taka gildan siglingatíma nú miðað við 15 ár í 16 ár áður. Aldursmark til að vera stýrimaður á fiskiskipi er miðað við 18 og 19 ár.

6) Í frv. þessu eru sett sérstök skilyrði um skipstjórapróf á varðskipum ríkisins.

7) Skilyrði til að hafa stýrimenn á fiskiskipi, sem ætlað er að leggja afla sinn á land daglega, er miðað við 60 rúmlesta skip í stað 30 rúmlesta áður.

Að öðru leyti skýra einstakar frvgr. sig það vel sjálfar auk þeirra aths., sem með frv. fylgja, að ég tel óþarft að fara nánar út í efni þess. Þetta er, eins og ég í upphafi sagði, frv., sem er gert til samræmis því frv., sem d. hefur áður fjallað um varðandi réttindi vélstjóra, til þess að samhæfa þessa menntun í báðum tilfellum.

Því frv., sem varðaði vélstjórana, liggur þó meira á um endanlega afgreiðslu heldur en þessu frv., en eðlilegt þótti eigi að síður að leggja þetta frv. fram nú.

Ég legg til, herra forseti, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

7. Héraðsskólar.

Á 3. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um átta nýja héraðsskóla [14. mál] (þmfrv., A. 14).

Á 4. fundi í Nd., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Í gildandi fræðslulögum frá 1946 segir, að í hverju fræðsluhéraði starfi einn gagnfræðaskóli hið minnsta. Þetta orðalag er svo fortakslaust, að vel mætti skilja það svo, að gagnfræðaskóli starfaði raunverulega í hverri sýslu og hverjum kaupstað á landinu, en fræðsluhéruð eru oftast bundin við sýslur eða kaupstaði. Þetta er þó ekki reyndin. Gagnfræðaskólar eru í flestum eða öllum kaupstöðum, en aðeins í hluta sýslnanna. Langflestar sýslur landsins skortir gagnfræðaskóla. Þær sýslur einar hafa gagnfræðaskóla innan sinna marka, þar sem fyrir voru héraðsskólar, sem flestir voru stofnaðir mörgum árum fyrir gildistöku núverandi fræðslulaga og starfræktir í samræmi við svonefnd héraðsskólalög.

Héraðsskólalögin voru merkislöggjöf á sinni tíð. Með þeim var mörkuð stefna um uppbyggingu framhaldsskóla í þágu sveita og smærri þorpa. Á grundvelli þeirra voru unnin stórvirki á erfiðum tímum til þess að fullnægja þáverandi kröfum og þörfum um framhaldsnám sveitaæskunnar. Héraðsskólalögin voru afnumin með setningu fræðslulöggjafar 1946. Héraðsskólarnir voru þá teknir inn í almenna fræðslukerfið, eins og eðlilegt var, sem gagnfræðastigsskólar og ætlað það hlutverk að vera gagnfræðaskólar í

þágu sveitanna. Námsskrá og starfshættir héraðsskólanna tóku nokkrum breytingum, eftir að héraðsskólalögin voru afnumin, og að mestu voru þessir skólar lagaðir eftir gagnfræðaskólum kaupstaðanna, en þó þannig, að þeir starfa eingöngu sem miðskólar. Hið eiginlega gagnfræðapróf er ekki hægt að taka í héraðsskólunum. Þar lýkur námi með almennu miðskólaprófi eða landsprófi miðskóla.

Framkvæmd fræðslulaganna hefur í flestum greinum miðað hægar en lögin gerðu ráð fyrir, þannig að eftir nærfellt 20 ár frá setningu þeirra er ekki búið að framkvæma þau nema að nokkru leyti. Barnafræðsla í nálægt 60 skólahverfum er byggð á farkennslu, fyrirkomulagi, sem er jafngamalt elztu fræðslulögum og er með öllu óhæft og löngu úrelt nú á tímum. Fjöldi barna nýtur ekki lögboðinnar skólaskyldu, þannig að 8 ára skólaskyldan, sem var einn af hornsteinum fræðslulaganna, er aðeins pappírsákvæði. Ástand barnafræðslumálanna er þannig, að skólaganga er því mjög mismunandi í landinu. Í mörgum sveitum er skólavist barna helmingi skemmri eða meira en barna í kaupstöðum, þar sem skólamál eru í þolanlegu ástandi og næst því að vera í anda fræðslulaganna. Ég hef oft áður gert þetta atriði að umræðuefni og skal ekki eyða í það fleiri orðum að sinni, enda fjallar það frv., sem hér liggur fyrir, ekki beint um þennan þátt skólamálanna. Barnafræðslan er þáttur út af fyrir sig og í engu ómerkari, og þar liggur fyrir mikið verkefni í sambandi við útrýmingu farkennslunnar.

Þetta frv. fjallar um úrbætur á öðru sviði fræðslumálanna, þ. e. a. s. um framhaldsskólaskortinn í sveitunum. Framhaldsskólaskorturinn er ekki síður brýnt vandamál en ófullkomleiki barnafræðslunnar í sveitum. Það vandamál verður að leysa með markvísum aðgerðum, m. a. skipulögðum áætlunum um framhaldsskólabyggingar, eins og mælt er fyrir í þessu frv. Héraðsskólarnir, sem voru sennilega nógu margir fyrir 20 árum, fullnægja ekki lengur kröfum og þörfum. Sú afturför, sem orðið hefur í héraðsskólamálum síðustu tvo áratugi, er ekki í neinu samræmi við vaxandi þörf einstaklinga og þjóðfélagsins í heild fyrir aukna menntun. Hér er um hættulega stöðnun að ræða, á sama tíma sem kröfur um menntun fara vaxandi og ekki einungis það, heldur og hitt, að æ fleiri unglingar vilja öðlast gagnfræðamenntun og þurfa hennar með til þess að geta orðið fullgildir þegnar í þjóðfélagi, sem sífellt verður flóknara og margbrotnara. Hömlur á almennri framhaldsmenntun nú jafngilda því að setja þá einstaklinga, sem fyrir þeim verða, skör lægra í þjóðfélaginu, gera þá að kalla óhæfa til þess að njóta lífsgæða og atvinnuskilyrða, sem þó kunna að bjóðast. Sjálft þjóðfélagið líður auk þess baga fyrir, ef almennri menntun er ekki haldið á eðlilegu stigi miðað við nútímaþarfir. Það mun m. a. stórlega tefja þá eflingu sérmenntunar, æðri sem lægri, sem nauðsynlegt er að keppa að, ef hina almennu undirstöðumenntun vantar í ríkum mæli. Jafnvel iðnfræðslan mun eiga erfitt uppdráttar, ef almenna menntunin er í ólestri, hvað þá önnur sérmenntun, eins og háskólamenntun af öllu tagi. Hætt er við, að við verðum enn lengi aftur úr öðrum á því sviði, ef undirstaðan er ekki treyst, m. a. með stórátaki í málefnum héraðsskólanna, sem hér eru nú til umr.

Skorturinn á héraðsskólum hefur einnig á sér annan svip. Hann er jafnframt skortur á jafnrétti. Æskufólkið í sveitum og smærri kauptúnum landsins er beinlínis beitt misrétti í skólamálum, misrétti, sem ómögulegt er að þola til lengdar. Það hljóta allir að sjá og skilja, að það er réttlætismál að jafna aðstöðu barna og unglinga til skólagöngu. Misræmið, sem framkvæmd skólamálanna hefur orsakað milli aðstöðu sveita og kaupstaða, má ekki ganga lengra en orðið er. Það er sannarlega kominn tími til þess að afmá þetta misræmi með öllum tiltækum og skynsamlegum ráðum, og um það fjallar þetta frv. Höfuðatriði þess er að gera áætlun um byggingu 8 nýrra héraðsskóla á næstu 10 árum, eða skemmri tíma, ef þess er kostur, enda er ekkert í frv., sem hamlar á móti því.

Hinir fyrirhuguðu nýju héraðsskólar eru taldir upp í 2. gr. frv. Þar segir, að reisa skuli átta nýja héraðsskóla með heimavist í Eyjafjarðarsýslu, Norður-Þingeyjarsýslu, á Reykhólum á Barðaströnd, í Skagafirði, á Suðausturlandi, á Laugum í Dalasýslu, á Snæfellsnesi og í Kjósarsýslu. Í 3. gr. er ákvæði um 10 ára áætlun um byggingu skóla þessara, þ. e. menntmrh. láti gera áætlunina í samráði við hlutaðeigandi sýslunefndir. Skal áætlunin við það miðuð, að hafizt verði handa um smíði fyrsta skólans eigi síðar en á árinu 1966 og að smíði allra skólanna verði lokið á árinu 1976.

Augljóslega er hér um mikið fjárhagslegt átak að ræða, en hjá þessu átaki verður ekki komizt. Vandinn kallar á lausn og það skjóta lausn, ef hann á ekki að vaxa okkur alveg yfir höfuð.

Í 4. gr. er ákvæði um byggingar- og rekstrarkostnað skólanna. Segir þar, að ríkið kosti byggingu þeirra og rekstur að fullu. Þetta ákvæði er að vísu ekki í fullu samræmi við almenna venju um skólabyggingar. Hins vegar er það staðreynd, að þróunin í fjárhagsmálum héraðsskólanna hefur alltaf leitað í þessa átt. Með l. nr. 34 1962 var opnuð leið til þess, að ríkið yfirtæki héraðsskólana að fullu og öllu. Með því hefur löggjafinn í raun og veru viðurkennt, að sýslusjóðum sé ofvaxið að rísa undir skólunum, enda er það svo. Þegar auk þess er tekið tillit til þess, að mikil og fjárfrek verkefni bíða víða í sambandi við barnafræðslustigið, þá mun það sýna sig, að heimamönnum er ofvaxið að rísa undir þungum byrðum af byggingu og rekstri héraðsskóla að auki. Að óbreyttum aðstæðum verður því ekki komizt hjá því að leggja til, að nýir héraðsskólar verði reistir á kostnað ríkisins. Menntun þjóðarinnar er eitt af stærstu viðreisnarmálum hennar. Svo hefur raunar alltaf verið, en fer mjög vaxandi. Það er vissulega mál allrar þjóðarinnar, hversu úr rætist um framfarir á menntunarsviðinu. Almenna undirstöðumenntun má sízt af öllu vanrækja, og það á ekki að verða skóggangssök í menntamálum, þótt börn og unglingar alist upp í sveitum eða smáþorpum, en þannig er ástandið allt of víða.

Það er margur útlegðardómur kveðinn upp með rangindum yfir æsku sveitanna í þessum málum. Við flm. þessa frv. viljum koma í veg fyrir frekari rangindi á þessu sviði.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði visað til 2. umr. að lokinni þessari og til menntmn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er í raun og veru ekki fyrst og fremst um byggingu nýrra skóla. Það er fyrst og fremst frv. eða till. um gerbreytingu á einni grundvallarreglu, sem gilt hefur um áratugaskeið varðandi samskipti ríkisvalds og sveitarfélaga um greiðslu kostnaðar við skólabyggingar. Hér er gert ráð fyrir því, að reistir séu 8 nýir skólar, sem hér eru kallaðir héraðsskólar, en hins vegar ákvæði um það, að ríkið eitt skuli greiða kostnað við byggingu þessara skóla. Frá upphafi hefur það verið meginregla varðandi greiðslu kostnaðar við skólabyggingar, sem ætlað er að sjá nemendum fyrir fræðsluskyldu, fyrir námsefni skv. fræðslulögum, að sveitarfélög og ríki skuli byggja slíka skóla sameiginlega og meira að segja að sveitarfélögin skuli hafa forgöngu um byggingu skólanna, en að ríkið skuli síðan greiða ákveðinn styrk, að vísu mismunandi, til skólabygginganna.

Það er ekki athyglisvert nýmæli í þessu frv., að reisa skuli nýja skóla, það ber þegar að gera skv. hinum almennu fræðslulögum, og það er verið að gera, reisa marga nýja skóla í þeim héruðum, sem tilgreind eru sem væntanleg skólasetur héraðsskóla í þessu frv. Margir skólar eru þar í byggingu samkvæmt hinni almennu skólalöggjöf fyrir forustu hlutaðeigandi sveitarfélaga og með lögboðnum tilstyrk ríkisins.

Aðalatriði þessa máls er því ekki ákvæði 2. gr., heldur þau ákvæði 4. gr., að ríkið skuli eitt greiða allan kostnað af byggingu þeirra skóla, sem þetta frv. fjallar um.

Um héraðsskólana, sem nú starfa, er það að segja, að í skólalöggjöfinni frá 1946—47 var svo kveðið á, að þessir skólar skyldu vera sameiginlegir skólar hlutaðeigandi sýslufélaga annars vegar og ríkisins hins vegar, þ. e. sýslufélögin annars vegar og ríkissjóður hins vegar áttu að greiða rekstrarkostnað þeirra héraðsskóla, sem störfuðu, þegar fræðslulöggjöfin 1946—47 var sett. En það leið ekki á löngu, áður en það kom í ljós, að þessi ákvæði fræðslulöggjafarinnar voru mjög hæpin. Þau virtust leggja meiri kostnaðarbyrðar á sýslufélögin en þau annaðhvort gátu staðið undir eða voru reiðubúin til þess að standa undir. Þess vegna fór svo fyrir nokkrum árum, að hvert sýslufélagið af öðru lýsti yfir, að það væri ekki fært um eða treysti sér ekki til að standa undir lögboðnum hluta sýslufélaganna af greiðslu kostnaðar við þessa héraðsskóla, og þess vegna fór svo eftir miklar umr. og eftir vandlegar bollaleggingar, að ríkisstj. var heimilað á hinu háa Alþingi að taka að sér rekstur þessara skóla að öllu leyti. Sú heimild hefur verið notuð í öllum tilfellum nema einu. Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu hefur ekki enn þá óskað eftir því, að ríkið taki að sér rekstur héraðsskólans á Laugum. En allir hinir héraðsskólarnir hafa óskað eftir því, að ríkið tæki að sér rekstur héraðsskólanna, og hefur það því verið gert.

Ástæðan til þess, að þeir héraðsskólar, sem nú starfa, eru allir orðnir ríkisskólar, er því beinlínis sú og eingöngu sú, að hlutaðeigandi sýslufélög hafa ekki treyst sér til að standa undir greiðslu kostnaðar við rekstur skólanna, og þess vegna hefur ríkið tekið að sér að greiða þann kostnað í stað sýslufélaganna, eins og þeim hafði verið lögskipað að gera á árunum 1946—47.

Vitanlega var með þessari heimildarlöggjöf ekki til þess ætlazt, að hún breytti áratugagamalli grundvallarreglu varðandi greiðslu kostnaðar við skólabyggingar, sem mér vitanlega hefur aldrei verið hreyft neinum andmælum við hér á Alþingi í áratugi, fyrr en þá að raddir heyrast um það nú á allra síðustu árum, að ríkið eitt eigi að byggja alla skóla, og er hér enn um nokkuð einstakar raddir að ræða.

Ég er þeirrar skoðunar, að það væri alröng stefna, það væri að stíga stórt spor aftur á bak, það sé hrein afturhaldsstefna í skólamálum, ef aðild sveitarfélaganna að skólabyggingum væri algerlega afnumin. Grundvallaratriðið í núgildandi skólakostnaðarlögum er, að hlutaðeigandi sveitarfélög skuli hafa forgöngu um skólabyggingarnar og ríkið styðji þær myndarlega. Þetta tel ég vera heppilega stefnu og rétta stefnu og mjög varhugavert að hverfa frá henni.

Hitt er svo annað mál, að ég tel, að ástæða sé til þess að endurskoða hlutdeild ríkissjóðs í kostnaði við byggingu skólamannvirkja. Ýmsar þær breytingar hafa átt sér stað í þjóðlífinu á undanförnum árum eða áratugum, að ég tel að slíkar breytingar geti vel komið til greina, og einmitt af þeim sökum skipaði menntmrn. á s. l. vetri n. til að endurskoða skólakostnaðarlögin frá árinu 1954. Þau eru þó ekki nema rúmlega 10 ára gömul, og að því er mig minnir, voru þau afgr. samhljóða hér á hinu háa Alþingi. Það var enginn ágreiningur hér á hinu háa Alþingi fyrir rúmum áratug um þær meginreglur, sem síðan hafa gilt um skiptingu kostnaðar við skólabyggingar milli sveitarfélaga annars vegar og ríkisins hins vegar. Samt sem áður hefur ríkisstj. talið ástæðu til að huga nánar að þessum ákvæðum, einkum og sér í lagi í því skyni að létta hluta sveitarfélaga í dreifbýli í greiðslu skólakostnaðarins, og er það mál alveg sérstaklega til athugunar. Þessi n. mun væntanlega ljúka störfum annaðhvort á þessu ári, — ég vona á þessu ári, — eða a. m. k. svo snemma á hinu næsta, að till. til breyt. á skólakostnaðarlögunum geti legið fyrir Alþingi því, sem nú situr. Ríkisstj. hefur eindreginn áhuga á því að geta lagt nýjar till. um þessi efni fyrir hið háa Alþingi, og mun ég gera ráðstafanir til, að n. hraði störfum sínum svo sem frekast er unnt.

Ég endurtek, að ég tel ekki, að eigi að hverfa frá þeirri stefnu, að sveitarfélögin séu aðili bæði að byggingu og rekstri allra þeirra skóla, sem láta í té fræðslu skv. fræðslulögum.

Þá minntist hv. ræðumaður nokkuð á það í ræðu sinni, að nemendum væri gert mishátt undir höfði eftir því, hvar þeir byggju á landinu. Á hann þá væntanlega við, að nemendum

í dreifbýli annars vegar og þéttbýli hins vegar sé gert mishátt undir höfði hvað það snertir, að nemendur í dreifbýli eigi ekki kost á jafnmikilli skólagöngu og nemendur í þéttbýli eigi kost á. Þessi ummæli væri mjög auðvelt að misskilja á þann veg, að ríkisvaldið ætti einhverja sök á því eða ríkisvaldið bæri að einhverju leyti ábyrgð á því, að nemendur í dreifbýli ættu ekki kost á þeirri skólagöngu innan fræðsluskyldunnar, sem þeir óskuðu eftir. En eins og kunnugt er, þá er það á valdi sveitarstjórna, að hversu miklu leyti ákvæði almennra fræðslulaga um fræðsluskyldu frá 7—15 ára aldurs eru notuð. Í öllum kaupstöðum og víðast hvar í þéttbýli eru ákvæðin notuð með þeim hætti, að séð er fyrir kennslu frá 7—15 ára aldurs. Hins vegar hafa allmörg sveitarfélög í dreifbýlinu ekki treyst sér til þess að halda uppi fullkominni skólagöngu frá 7—15 ára aldurs, og á nokkrum stöðum lýkur skólaskyldu ýmist við 13 eða 14 ára aldur, en nær ekki til 15 ára aldurs. En hér er ekki að neinu leyti við ríkisvaldið að sakast, hvorki þá ríkisstj., sem nú situr, né nokkra aðra ríkisstj., sem á undan hefur farið, því að ég hef látið athuga það sérstaklega og finn engin dæmi þess í menntmrn., að nokkurs staðar hafi sveitarfélagi verið synjað um að framlengja skólaskyldu frá 13 upp í 14 eða upp í 15 ára aldur. Ég þekki ekkert dæmi um, að nokkur ríkisstj. hafi nokkurn tíma synjað sveitarfélagi um ósk á framlengingu skólaskyldu, þar sem henni lýkur við 13 eða 14 ára aldur. Þar sem skólaskyldan er því ekki nema til 13—14 ára aldurs, er það vegna þess, að hlutaðeigandi sveitarfélag hefur ekki óskað eftir því, að hún yrði til 14 eða til 15 ára aldurs.

Ég segi það einu sinni enn: Það hefur aldrei staðið á nokkurri ríkisstj. að greiða sinn hluta af þeim kostnaði, sem framkvæmd skólaskyldu til 15 ára aldurs mundi hafa í för með sér. Þvert á móti hefur verið um að ræða áhuga af hálfu fræðsluyfirvalda á því, að skólaskyldan sé sem víðast, helzt alls staðar, til 15 ára aldurs. Einmitt í því sambandi gerði ég alveg sérstakar ráðstafanir til þess á s. l. vori með aðstoð fræðslumálaskrifstofunnar og námsstjóranna, að það yrði kannað í öllum fræðsluhéruðum, þar sem fræðsluskyldu lyki 13—14 ára, hverjir möguleikar væru á því að lengja fræðsluskylduna allt til 15 ára aldurs. Það var rætt sérstaklega við forvígismenn allra þeirra fræðsluhéraða, þar sem fræðsluskyldan nær ekki til 15 ára aldurs, um möguleika á því að lengja hana nú þegar í haust. Þessar ráðstafanir í sumar báru árangur á mjög mörgum stöðum á þann hátt, að nú á næsta vetri verður fræðsluskylda á mjög mörgum stöðum lengri en hún áður var, þó að ekki hafi tekizt að koma öllum þessum breytingum, sem ríkisstj. hefur fullan áhuga á, til framkvæmda nú á þessu eina sumri.

Til viðbótar þessum upplýsingum get ég aðeins sagt það, að ríkisstj. hefur fyllsta áhuga á því, að fræðsluskylda komist alls staðar til framkvæmda til 15 ára aldurs, og eins og öllum forráðamönnum sveitarfélaganna hefur verið gerð grein fyrir, mun ekki standa á ríkinu að greiða sinn hluta af þeim kostnaðarauka, sem af því mundi leiða. Þetta þótti mér rétt og sjálfsagt að láta koma hér fram til að fyrirbyggja misskilning um þetta mikilvæga atriði.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér skilst, að ástæðan til þess, að þetta frv. er komið fram og kannske sé von á fleiru á öðrum sviðum í slíka átt, sé sú, að vandræðaástand er orðið í okkar skólabyggingamálum og er að verða í okkar menntamálum. Hvernig sem við viljum í sambandi við þetta frv. stilla spurningunni um, hvað sé aðalatriðið í því og hvort beri að breyta þeim reglum, sem verið hafa, og þá hvernig, um það, hvernig ríki og sveitarfélög skipta á milli sín kostnaði bæði af byggingu og rekstri skóla, hlýtur hitt að verða aðalatriðið, að skólar verði byggðir, að það sé ekki skortur á skólum á Íslandi, þannig að það þurfi að neita unglingum um menntun, eins og er í dag. Það er þetta, sem mér skilst að hljóti að vera aðalatriðið í sambandi við þetta frv. og önnur slík og það sé það fyrst og fremst, sem þurfi að athuga.

Við vitum ósköp vel, að ástandið er þannig í dag, að jafnvel þegar sveitarfélög hafa framtak, sem hæstv. menntmrh. var að kvarta yfir að væri kannske ekki til stundum, — þegar sveitarfélög hafa framtak, er þeim bannað af ríkisvaldinu að hefja framkvæmd skólabyggingar, þá eru settar takmarkanir á rétt sveitarfélaganna um að byrja skólabyggingarnar, þannig að þetta er vandamál, sem snertir okkar þjóðfélag almennt, sem hér er komið inn á.

Það er alveg rétt, sem 1. flm. þessa frv. tók fram, að það er mjög slæmt ástand víða í dreifbýlinu hvað þetta snertir, og ég verð að segja það, að þegar maður kemst í snertingu við, hvaða menntun það er, sem unglingar úr dreifbýlinu fá, þar sem svo að segja eingöngu er farkennsla, rennur manni bókstaflega til rifja, að það skuli vera til enn þá á síðari hluta 20. aldar. Það er þess vegna ekki að ófyrirsynju, að þetta mál og þessi mál öll, sem það snerta, séu tekin til alvarlegrar umhugsunar.

Ég verð að segja, að það er mjög lofsvert af hæstv. menntmrh. að láta fara fram athuganir á því, hvaða sveitarfélög það eru, sem veita ekki unglingunum þann rétt, sem ríkið með lögum ákveður þeim. En ég verð að segja, að ef það eru einhver sveitarfélög eftir, sem hafa ekki tekið hans góðu áskorunum um að reyna að sjá til þess, að unglingarnir geti fengið að njóta þeirrar menntunar, sem l. ákveða, álít ég, að það þurfi alvarlega að rannsaka það, hvort ríkið verði ekki að grípa inn í á slíkum stöðum. Ef annaðhvort einhverjar hreppsnefndir eru svo afturhaldssamar, að þær kæra sig ekki um að veita unglingunum á viðkomandi svæði menntun, eins og skylda er nú í l., eða þá þær þykjast vera eða eru svo fátækar, að þær geta það ekki, verður ríkið að grípa þarna inn í. Það er því mjög ánægjulegt, að hæstv. menntmrh. skuli hafa látið fara fram rannsókn á þessu, og það væri ákaflega gott, að það lægi fyrir okkur, þegar við förum að ræða þessi mál hér, hvort og hvaða hreppsnefndir það eru enn þá á Íslandi, sem ekki veita eða geta veitt þessa menntun, þannig að við gerum ráðstafanir til þess, að ungling-

arnir á slíkum stöðum séu ekki látnir sitja á hakanum. Það er til skammar fyrir okkur, að nokkur íslenzk ungmenni séu látin sitja þannig á hakanum. Við erum nógu rík þjóð til þess að veita öllum menntun.

Um leið og ég vil taka undir þær ádeilur og benda á, hvílíkt vandamál þetta er víða í dreifbýlinu, vil ég taka fram, að þetta er ekki síður vandamál víða í þéttbýlinu. Ástandið er þannig jafnvel í okkar ríku Reykjavík, að hér viðgengst það, að skólaskylduskólar séu þrísetnir, skólar, sem gengið er út frá að séu einsetnir. Skólarnir í gamla hlutanum af Reykjavík eru margir einsetnir og fullnægja alveg þeim skilyrðum, en í úthverfunum eru skólar til, sem eru þrísetnir. Sú uppeldislega hugsun í því, að skólarnir séu ekki nema einsetnir, er sú, að börnin geti jafnvel verið síðari hluta dagsins í skólanum undir umsjón sinna kennara, sem leiðbeina þeim við lestur, vegna þess að börnin hafa oft og tíðum ekki aðstöðu heima til þess að lesa, svo að ég tali nú ekki um, þegar þau eru látin vinna, bera út blöðin á morgnana, áður en þau fara í skólann, og vera sendlar, þegar þau eru búin í skólanum, og hafa aldrei tíma til að lesa, eins og ástandið er í Reykjavík í dag á sumum heimilum. Það er því ekki síður, að það skorti skóla í Reykjavík og annars staðar í þéttbýli.

Við verðum að horfast í augu við það, að skólabyggingamál á Íslandi eru að komast í óefni, og á sama tíma er afstaða ríkisvaldsins sú í þessum skólabyggingamálum að takmarka skólabyggingarnar, að draga úr skólabyggingunum, að setja jafnvel einhvers konar bönn við, að sveitarfélögin hefjist sjálf handa, og þetta er ástand, sem er hneyksli, og þetta er ástand, sem verður að afnema, og undir svona ástandi kemur allt þjóðfélagið til með að líða, þegar fram í sækir, og þetta er ástand, sem verður að kryfja til mergjar. Þess vegna er þetta ekki neitt einangrað menningarmál og skólamál. Þetta er þjóðfélagsmál, sem á rætur sínar að rekja til þess, hvaða efnahagsstefna er uppi í þjóðfélaginu sem stendur.

Á sama tíma sem það er takmarkað, hvernig þjóðfélagið sjálft fái að koma upp menntastofnunum, og skorið við neglur sér, er gefið algert frelsi og sérstök sérréttindi til handa nokkrum heildsölum í Reykjavík að byggja. Þar er algert frelsi. Þar eru engar takmarkanir. Þar þarf ekkert leyfi frá neinni ríkisstj. Þar er hægt að hrúga milljónum í einskis verðar byggingar. Ég skal bara nefna dæmi. Ef hv. þm. ganga eða keyra inn Suðurlandsbrautina, geta þeir keyrt eða gengið þar fram hjá t. d. 16 húsum á einu svæði, sem eru flestöll bílaumboðshús, hús byggð fyrir bílaumboð. Þessi 16 hús, þegar leyfi var veitt til að byggja þau af byggingarnefnd Reykjavíkur, áætlun verzlunarauðvaldsins í Reykjavík gerð um að byggja slík hús, voru þetta um 200 þús. rúmmetrar, ef ég man rétt, og ég efast um, að rúmmetrinn kosti öllu minna nú, a. m. k. ef væri verið að byggja það núna, en kringum 2500 kr. M. ö. o.: þessi 16 hús eru fjárfesting upp á 500 millj. kr., miðað við núverandi verðgildi og kostnað. T. d. eitt af þessum húsum, það er eins og sum hinna ekki fullbyggt, ég held, að áætlunin hafi verið upp á 40 þús. rúmmetra, það þýðir 100 millj. kr. með 2500 kr. á rúmmetra. M. ö. o.: þarna er frelsið, þetta frelsi, sem hæstv. ríkisstj. er að tala um og leggur þetta dýra og fagra orð við annan eins ófögnuð og þetta. Yfirráðastéttin hér í þjóðfélaginu fær á sama tíma rétt og vald og forréttindi til þess að byggja — ég veit ekki fyrir hvaða peninga — bílaumboðshallir, meðan sagt er við allan almenning og sérstaklega æskuna í landinu: Skólar verða ekki byggðir yfir ykkur, ekki a. m. k. nærri því eins og þarf. — Og þar eru takmarkanir, þar þarf leyfi og þar skal skera niður.

Meira að segja þegar kemur upp í háskóla, er tannlæknadeild eða tannlæknakennslu hætt og hún stöðvuð, og er borið við m. a. húsnæðisleysi. Ætli þeir hafi ekki getað fengið inni við Suðurlandsbraut hjá heildsölunum? Meira að segja Háskóli Íslands er settur hjá, til þess að vissir heildsalar geti fengið að ráðskast með verðmæti þjóðfélagsins í tómri vitleysu, meira að segja sjálfum sér til tjóns. Þeir byggja eins og asnar, kunna ekki fótum sínum forráð og vita ekki, hvað þeir eiga að fá eiginlega inn í þessi hús og eru í vandræðum með að leigja þau út. En þjóðfélagsverðmætunum eru þeir búnir að eyða í þetta engu að síður. Það er tekið frá skólunum og menntastofnunum og hent í heildsalana, skólabyggingarnar stöðvaðar með fyrirskipunum ofan frá, en heildsölunum gefið fullt frelsi.

Ég vek athygli á þessu vegna þess, að við komum í sambandi við hvaða mál sem við ræðum, sem eitthvað snertir hvort það heita skólabyggingar eða annað slíkt, að spurningunni um fjárfestinguna í þjóðfélaginu. Það hefur verið stundum talað hérna um, að það sé gott að gera áætlanir, og hæstv. ríkisstj. hefur stundum verið með þetta, og hún hefur verið að tala um t. d. 10 ára áætlun í sambandi við landbúnað, og ég man ekki betur en það hafi einhvern tíma verið minnzt á 10 ára áætlun um t. d. rafveitur og 10 ára áætlun um allt mögulegt, og ég held, að jafnvel stundum hafi verið minnzt á áætlanir í sambandi við skólabyggingar og svo hafi komið fram, rétt eftir að búið sé að leggja slíkar áætlanir fyrir, að bezt sé að skera allt niður um 20%. M. ö. o.: það hefur verið unnið að þessu eins og Bakkabræður. Menn hafa talað um áætlun fyrir hvert svið í þjóðfélaginu út af fyrir sig án þess að gera sér ljóst, að þessi svið heyra saman. Og það er ekki til neins, það er tómt kjaftæði að vera að tala um áætlanir fyrir einstök svið án þess að búa til heildaráætlun um alla fjárfestingu þjóðfélagsins, því að það, sem menn eru að reka sig á annars, er, að þegar ríkið t. d. er búið að leggja fram sína fjárfestingaráætlun fyrir ríkisframkvæmdirnar, taka menn allt í einu eftir því, að það vantar vinnuafl og peninga og allt mögulegt, vegna þess að einkaframtakið svokallaða leikur lausum hala, og þá er farið í að skera niður áætlanir ríkisins. Þetta er engin stjórn, og það er ekki til neins að tala um áætlanir í sambandi við neitt svona. Það, sem þarna vantar, er, að það þarf að gera áætlun um fjárfestingu þjóðfélagsins í heild, miðað við vinnuafl, fjármagn og annað slíkt,

og þá verður það ákveðið hér af hæstv. ríkisstj., af Alþ., hvort skuli sitja fyrir skólabyggingar eða ýmsir aðrir hlutir, íbúðabyggingar og slíkt, eða t. d. byggingarnar yfir banka, heildsala eða annað slíkt í Reykjavík. Þetta eru hlutir, sem verður að gera upp. Það er ekki til neins að vera langalengi að rífast út af einhverju einstöku og segja, að það séu ekki peningar til, og láta svo peningana valsa í krafti peningavaldsins á hinum sviðunum á meðan.

Einmitt vegna þess, að það hefur á undanförnum þingum verið fjallað um ýmsar fallegar áætlanir, og ég man ekki betur en hæstv. forsrh. hafi einmitt verið þó nokkuð með slíkar hugmyndir um áætlun í sinni stjórnaryfirlýsingu nú nýlega, vil ég undirstrika nauðsynina á þessu. Menn eiga ekki að vera að skreyta sig þessum fjöðrum, hvernig sem þær eru nú fengnar, um áætlanir án þess að gera sér ljóst, að það er heildaráætlun yfir alla fjárfestinguna, sem verður að gera. Hitt er tóm óskhyggja, tóm vitleysa, engin vinnubrögð í nútímaþjóðfélagi.

Okkar þjóð hefur ekki efni á að gera allt, það hefur verið tekið fram og var tekið fram af þeirri ríkisstj., sem sat á undan þeirri núverandi og hún á vissan hátt er framhald af, að þjóðin lifði stundum um efni fram. En þar sem okkur hefur gengið mjög vel með allan okkar fiskafla, höfum við getað lifað vel á undanförnum tímum. En við fjárfestum hins vegar eins og það væri okkar „prinsip“ að lifa um efni fram. Við höfum ekki kunnað okkur hóf í að láta fjárfestinguna vera á þeim sviðum, þar sem hún fyrst og fremst er þjóðfélaginu sem heild nauðsynleg, en ekki eftir því, hvernig einstaklingar eða einstakar voldugar stofnanir óska eftir slíku. Og ég verð að segja það, að þetta fjárfestingarleyfi fyrir verzlunarbyggingarnar og annað slíkt er orðið eiginlega að eins konar heilagri kú, sem ekki má snerta við, og það getur ekki gengið. Þegar á að fara ýmist að skera niður fé á ýmsum sviðum fjárfestingar og búa til takmarkanir á öðrum eða þá áætlanir, getur ekki gengið að skilja eitt sviðið eftir, það verður að breytast líka. Ég get vel sett mig inn í, að t. d. Sjálfstfl. eigi í vissum erfiðleikum í slíku sambandi. Mér er alveg fullkomlega ljóst, hvað verzlunarauðvaldið í Reykjavík er voldugur aðili að Morgunblaðinu og hefur lengi verið og hvernig Morgunblaðið er liftaug Sjálfstfl., svo að ég skil ósköp vel, að það séu ýmsir erfiðleikar fyrir Sjálfstfl. að svipta þá aðila þessu svokallaða frelsi, sem þeir hafa óskað eftir. En hins vegar ef allir flokkar þingsins standa saman um slíkt og enginn flokkur fer sérstaklega að gera í því að reyna að telja menn á að halda áfram með þessa vitleysu og þetta stjórnleysi, þá trúi ég ekki öðru en Sjálfstfl. skilji, að þetta er orðin þjóðarnauðsyn. Það er hvorki hægt að svipta almenning, svipta almannavaldið, svipta þjóðfélagið réttinum til skólabygginga og stofna menntun fólks í hættu, en gefa hins vegar nokkrum heildsölum ótakmarkað frelsi til þess að byggja bílaumboðshallir og annað slíkt. Það er ekki hægt. Það verður að verða skipulag á þessum hlutum.

Ég veit ekki betur en ýmsum góðum mönnum í Sjálfstfl. hafi nýlega hnykkt við, þegar það kom í ljós, að Íslendingar væru að dragast aftur úr öðrum þjóðum eða stæðu aftarlega á vissum sviðum menntunar, t. d. í sambandi við stúdentafjölgun, og æskulýðssamtök Sjálfstfl. hafi gert samþykktir um mjög róttækar kröfur **í þessum efnum.** En við verðum að gera okkur ljóst, að ef við ætlum að framfylgja þeim róttæku kröfum í menningar- og menntamálum, sem nú eru uppi, ekki aðeins þeim kröfum, sem hér eru fluttar af hálfu nokkurra þm. Framsfl., heldur kröfum, sem ég veit að líka menn úr Sjálfstfl. hafa í mjög ríkum mæli um byggingar fyrir menntastofnanir á landinu, til þess að við Íslendingar drögumst ekki aftur úr, verðum við alvarlega að taka okkur þarna á. Sannleikurinn er, að við erum að dragast aftur úr öðrum, t. d. Norðurlandaþjóðunum, hvað snertir stúdentafjölgun og hvað snertir byggingar og starfsemi menntastofnana á vissum sviðum. En í bílaumboðshöllum skörum við fram úr öllum. Þar stendur áreiðanlega enginn með tærnar, þar sem við höfum hælana. Það eru til nægir peningar í þjóðfélaginu til þess að gera mjög mikið hér á Íslandi, og við verjum allra þjóða mest í fjárfestingu. Við förum með um þriðjunginn af okkar þjóðartekjum í fjárfestingu, en við verjum þessum þriðjungi einna vitlausast allra þjóða, af því að við höfum ekkert skipulag á þessu, enga yfirsýn yfir það, enga yfirstjórn á því. Þess vegna er það, að ég vildi nota þetta tækifæri til þess að undirstrika, að það þarf að verða við þeim kröfum, sem fram koma, bæði í dreifbýli og þéttbýli um skólabyggingar og aðrar menntastofnanir. Þótt okkar þjóðfélag sé ríkt og við verjum miklu til fjárfestingar, höfum við ekki efni á því öðruvísi en að ákveða fjárfestinguna í heild alla saman, þjóðin taki yfirstjórn á allri fjárfestingunni. Án þess að slíkt sé gert, verður ekkert vit í okkar efnahagspólitík.

Ég þykist vita, að þetta mál muni fara til þeirrar n., sem ég á sæti í, og ég álít, að það verðskuldi mjög góða athugun og rannsókn og að vel sé tekið undir úrlausnina á því, sem þarna felst í. Það er sjálfsagt að athuga ýmsar till., sem fram kunna að koma um, að breytt sé frá því „prinsipi“, sem verið hefur með kostnaðarhlutföllin. Það er hlutur, sem er hægt að athuga. Aðalatriðið, jafnt fyrir æsku dreifbýlisins sem aðra, er, að það sé alveg öruggt, að skólarnir verði byggðir.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Mig furðar satt að segja nokkuð á því, hvernig hæstv. menntmrh. les þetta frv. og hvað hann les út úr því sem aðalatriði málsins. Það dylst náttúrlega engum, sem frv. les og kynnir sér grg. þess og það, sem að baki því liggur, að höfuðatriði þess felst í því, að byggðir verði á næstu árum 8 nýir héraðsskólar. Það er auðvitað höfuðatriði þessa máls, og það er einmitt það, sem fyrir okkur vakir með flutningi þess. Það, sem hæstv. menntmrh. telur vera aðalatriðið, og það, sem hann rekur helzt augun í og telur vera hið mesta nýmæli, sem hann vekur sérstaka athygli á, er það, að í því felist grundvallarbreyting á

greiðslu kostnaðar við skólabyggingar. Ég held, að hæstv. ráðh. geri fullmikið úr þessu atriði. Það er að vísu rétt, að þetta er ekki að öllu leyti í samræmi við þær venjur, sem gilt hafa frá upphafi um skiptingu hlutfalla á milli sveitarfélaga og ríkisins um skólabyggingar. En eigi að síður veit hæstv. ráðh. það sjálfur og hann hefur sjálfur staðið að því, að farið hefur verið inn á þessa braut hér á Alþ. með l. frá 1962, þar sem er gerð breyting á gildandi l. um kostnaðarhlutföll skólanna, þar sem héraðsskólarnir eru beinlínis teknir inn sem hreinir ríkisskólar. Þetta er sú þróun, sem hefur orðið í þessum málum og ég rakti í minni frumræðu.

Ég deildi hvergi á hæstv. menntmrh. fyrir framkvæmd hans á menntamálum þau undanfarin nærri 10 ár, sem hann hefur verið menntmrh. Ég lýsti aðeins ástandi, sem fyrir er í landinu, án þess að deila á einn eða neinn eða lýsa því, hver ætti þar helztu sökina. Ég efast ekkert um, að það eiga fleiri þarna einhverja sök á heldur en hæstv. menntmrh., en vafalaust á hann sína sök á því, hvernig komið er í þessum þáttum skólamálanna nú. Hann hlýtur að eiga þar einhverja sök á, og það er óþarfi af honum að fara að kenna þar eingöngu um sýslum og einstökum sveitum, því að hann upplýsti það raunar í ræðu sinni, hæstv. ráðh., að það hefur komið í ljós, að sýslusjóðirnir hafa ekki bolmagn til þess að byggja héraðsskólana, ekki einu sinni að reka þá héraðsskóla, sem byggðir eru fyrir löngu. Og hann upplýsir það líka, að það eru ýmis sveitarfélög, sem hafa ekki bolmagn til þess að halda reglulega skóla. En hver er það þá, sem á að bæta úr þessu, hvaðan á aðstoðin að koma til þessara — vil ég segja — fátæku aðila, sem hafa ekki bolmagn til þess að veita þegnum sínum þann sjálfsagða rétt, sem við allir viljum hafa? Hvaðan ætti hann að koma nema þá frá ríkisvaldinu? Er ekki þörf á því að hugsa eitthvað nýtt í þessu máli og koma með einhverjar nýjar till., ef þær eldri gefast illa? Ég held því, að það sé ekki rétt að öllu óbreyttu að hverfa frá því, sem lagt er til í þessu frv., að ríkið reisi héraðsskólana. Það er till., sem á sér margvísleg rök og þróunin í þessum málum styður að fullu og öllu. Höfuðatriði þessa frv. er auðvitað, að það verði byggðir innan hæfilegs tíma nægilega margir héraðsskólar til að fullnægja þeirri þörf, sem fyrir er, og þeim kröfum, sem gera verður, ekki eingöngu vegna þeirra einstaklinga, sem skólaskorturinn kemur niður á, heldur vegna þjóðfélagsins sjálfs. Það er ekki nóg að halda því fram og halda um það fagrar ræður, að menntunin sé grundvöllur framfaranna og yfirleitt allrar tilveru í landinu í náinni framtíð, ef ekkert er gert í því að treysta þann grundvöll. Það verður ekki með öðru betur gert en að efla hina almennu menntun í landinu. Það er almenna menntunin, sem hlýtur að verða grundvöllurinn að allri annarri menntun, allri sérmenntun, allri háskólamenntun, iðnmenntun, tæknimenntun. Þetta veit hæstv. menntmrh. Ég veit það vel, að hann gerir sér þess fyllilega grein, að svo er, og þess vegna held ég, að hann ætti að taka betur í það frv., sem hér er, og lesa annað út úr því heldur en hann hefur gert.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal ekki ræða neitt sérstaklega um þetta frv. um héraðsskóla, sem hér liggur fyrir, umfram það, sem menntmrh. hefur um það fjallað, og það er ekki óeðlilegt, að í umr. um þetta mál snúist þær nokkuð almennt um skólamálin, og það kom alveg berlega fram hjá hv. 3. þm. Reykv. En ég get ekki varizt því, að mér sýnist, að það sé með nokkuð sérstökum hætti. Það er verið að láta liggja að því, að núv. ríkisstj. vilji hefta menntunina í landinu, koma í veg fyrir, að uppvaxandi kynslóð fái eðlilega og vaxandi fræðslu, og sé að banna skólabyggingar og annað slíkt. Og þetta er sagt m. a. af því, að það sé svo fádæma vitlaus stjórn á fjárfestingarmálum eða efnahagsmálum okkar Íslendinga, svo mikið ráðleysi, að hvergi þekkist annað eins, og svo mikið kjaftæði o. s. frv., eins og menn heyrðu hér um talað áðan. Nú væri náttúrlega þetta kannske út af fyrir sig vert að athuga, ef hér hefði verið frelsi í fjárfestingarmálum og frelsi í fjárhagsmálum um langan tíma og tekið við af fjárfestingarhömlum, sem óvíða hafa verið meiri en hér, og til þess megi rekja það ófremdarástand, sem hér er verið að tala um. En það er langt frá, að þannig sé þessu varið. Skömmu eftir heimsstyrjöldina voru settar upp mjög strangar fjárfestingarhömlur, innflutningshömlur, gjaldeyrishömlur, skömmtunarhömlur og hverju nafni sem það nefnist. Og mér er ekki kunnugt um, að víða hafi verið strangara fjárfestingareftirlit í nágrannalöndum okkar heldur en hér, og þvert á móti, að ýmiss konar ríkisafskiptum, sem þar tíðkuðust á stríðsárunum af illri nauðsyn, var löngu létt af þar, áður en við komumst svo langt í að létta af erfiðleikum frá stríðsárunum hér á landi.

Ég held, að það væri ákaflega æskilegt, af því að hv. 3. þm. Reykv. talaði um það og það kom líka fram hjá flm. þessa máls, að það ætti að kanna þessi mál, að n., sem fengi þessi mál til athugunar, léti nú ekki sitja við kjaftæðið eitt, eins og það hefur verið orðað, en athugaði aðstæðurnar í þessum málum, þegar fjárfestingarhömlurnar voru hér mestar, og hvort skólarnir hafi þá verið tvísetnir eða þrísetnir eða skólarýmið meira en það er nú hjá þjóðinni og hvaða ástæður hefðu þá legið til þess. Þegar fjárfestingarhömlur voru, man ég eftir því, var þá nokkuð viðriðinn bæjarmálefni Reykjavíkur, að þá fékkst ekki að byggja skóla, þá var bara bannað hreinlega að byggja skóla, engin leyfi veitt til þess bæjaryfirvöldunum. Ég held, að það hafi fengizt að byggja einn skóla á eitthvað fimm ára fresti af hinum almennu skólum eins og barnaskólum. Það hafa líklega verið byggðir á s. l. 5 árum einn barnaskóli á ári á stærð við Laugarnesskólann, eftir að þessum fjárfestingarhömlum var aflétt.

Ég veit, að það er endalaust hægt að deila um það, hvort frjálst þjóðskipulag með framboði og eftirspurn og frjálsum reglum í efnahagskerfinu sé veigameira og líklegra til árangurs heldur en

sósialistískt þjóðskipulag. En við þekkjum ákaflega glögg dæmi þess og höfum góða reynslu af því, Íslendingar, að þessum ágætu áætlunarmönnum og skipulagsmönnum hefur ekki gengið betur að raða niður verkefnunum, þegar þeir voru alls ráðandi til sjós og lands á þessu sviði.

Ég get vel skilið það, að sumum vaxi í augum hinar stóru bílaumboðshallir, sem gerðar voru að umtalsefni, við Suðurlandsbraut. En það má líka ræða um þær með nokkru meiri sanngirni en hér hefur verið gert. Ég hygg, að byggingarleyfi fyrir flest þessi hús, sem talað hefur verið um, hafi verið gefin fyrir mörgum árum, 6, 7 og 8 árum, og mikið af þessum húsum er hálfbyggt eða alls ekki fullbyggt enn, og þá er á það að líta, að þegar byggingarleyfin voru veitt og fjárfestingarhömlur höfðu verið afnumdar, hafði þessi þáttur atvinnugreina okkar Íslendinga algerlega verið haldinn í svelti með byggingar af fjárfestingaryfirvöldum og alveg sérstaklega hér í Reykjavík. Við sáum að vísu, að það var heimilað að byggja hallir úti á landi hjá kaupfélögunum og samvinnufélagsskapnum á þeim tíma, þegar ekki nokkur maður á sviði frjálsrar verzlunar eða kaupmennsku hér í Reykjavík fékk heimild hjá fjárfestingaryfirvöldunum til þess að byggja verzlunarhús.

Það kann að vera, að hér hafi verið farið nokkuð út í öfgar, þegar frelsið veittist, en það á sínar orsakir. Og það er líka þegar komið fram, held ég, að það frjálsa fyrirkomulag er á þessu sviði að takmarka sjálft sig eðlilega og á eðlilegan hátt. Bæði má sjá þess dæmi á því, að fjármagn vantar hjá viðkomandi aðilum til þess að fullnýta húsin, og það er talið mjög hæpið varðandi þau verzlunarhús, sem nú eru í byggingu, að það verði auðvelt fyrir þá aðila, sem þar eiga hlut að máli, að láta þau rísa undir sinni fjárfestingu. Það mundi að sjálfsögðu, ef rétt væri, leiða til þess, að eftirspurn á þessu sviði yrði á eðlilegan hátt miklu minni.

Ég skal ekki, herra forseti, lengja þessar umr., en ég vildi aðeins með fáum orðum grípa inn í þær vegna þess, hversu fádæma einhliða þær hafa verið, og menn hafa látið að því liggja, að það væri í raun og veru bara hin illa ríkisstjórn, sem vildi koma í veg fyrir skólabyggingarnar, og ef við tækjum upp skynsamlegri hætti, meiri fjárfestingu, settum upp fleiri skömmtunarstjóra, þá yrði úr öllu þessu leyst. Ég held, að það sé mjög mikill vafi, að svo mundi verða, og væri mjög æskilegt einmitt, að menn athuguðu þessi mál undir meðferð málsins hér á þingi, svo að minna þyrfti að deila um þau og meiri upplýsingar lægju fyrir á því sviði, sem ég hef nokkrum orðum vikið að.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. sagði, að ég hefði sagt, að ríkisstj. vildi hefta menntun í landinu. Það var ekki það, sem ég sagði, heldur hitt, að efnahagspólitík hennar leiddi til þess, að hún færi að takmarka skólabyggingar og þar með verða til þess að hefta þróun menntunar í landinu. Ég er ekki að ætla hæstv. ráðh. neinn illvilja í þessum efnum, ég er bara að benda á, að með þeirri efnahagspólitík gerast þeir leiksoppar í hendi afla, sem þeir ráða ekki við, þannig að þegar hlutfallslega of mikill hluti af fjárfestingarmætti þjóðfélagsins fer í braskið í Reykjavík, verður of lítill hluti eftir handa menntuninni, og þeir vakna þess vegna upp við það einn góðan veðurdag, að þeir fara að leggja til, vafalaust mikið á móti sínum góða vilja, að skera niður skólabyggingar, menntastofnanir og annað slíkt í landinu. Ég álít, að ríkisstj. hafi alls ekki neina sérstaka löngun til slíks. Hún gerir það af því, sem hún kallar nauðsyn, sem hún er búin að uppgötva. En þessi nauðsyn skapast af öflum í þjóðfélaginu, sem maður annaðhvort verður að gera svo vel að ráða við eða vera leiksoppur í höndunum á. Og það er mjög slæmt og leiðinlegt hlutskipti að taka það að sér að vera leiksoppur í höndunum á þessum öflum.

Hæstv. dómsmrh. blandaði mjög saman tveim hugtökum, þegar hann var að ræða hér áðan, og ef við eigum að ræða þessi mál af einhverju viti, sem ég mjög gjarnan vil og er reiðubúinn til, jafnt í nefnd sem hér, skulum við gera mjög skarpan greinarmun á þeim tveim hugtökum. Hann talaði um hömlur, miklar hömlur, ákveðnar hömlur, sem hér hefðu viðgengizt og voru innleiddar hér í kreppunni miklu 1933—34 og hafa meira eða minna staðið síðan. Það hefur verið mikið dregið úr þeim á undanförnum árum, en auðsjáanlega er verið að byrja að innleiða á vissan máta aftur vissar hömlur. Ég vil alveg taka undir hans gagnrýni á hömlunum. Hömlurnar eru hreinlega neikvæðar í þessum efnum. Ég man ósköp vel eftir því, að menn áttu erfitt með að skilja, að það væri hægt að umsnúa þessu, þegar lagt var til í fyrsta skipti hér, að við reyndum að útbúa heildaráætlun um þessa hluti, og Sjálfstfl. gekk inn á að vera með í því. Það, sem þá var gert, var, að þá voru búnar til áætlanir um þróunina og haft skipulag á ákveðinni fjárfestingu. Það var það, sem gerðist. Og þetta tvennt, heildaráætlun um fjárfestingu þjóðfélagsins eða almennar hömlur hins vegar, er tvennt algerlega ólíkt, vegna þess að hömlurnar, þegar þær eru framkvæmdar, hafa enga sérstaka áætlun, ekkert sérstakt skipulag, ekkert sérstakt takmark í huga, heldur eru aðeins meira eða minna neikvæð skrifstofustjórn, þar sem meiri eða minni spilling og annað slíkt kemst að. Ég skal gjarnan, ef vill, bæta við þá mynd, sem hann gaf af því, hvernig hömlur eru framkvæmdar.

Það sat hér t. d. einu sinni stjórn að völdum álíka lengi og hæstv. núv. ríkisstj. er búin að sitja að völdum. Það var stjórn Framsfl. og Sjálfstfl. frá 1950—1956. Þetta var ein eftirtektarverðasta hömlustjórn, sem setið hefur á Íslandi. Áætlun var hreint bannorð. Skipulag var algert bannorð. Það, sem var hins vegar það stóra, mikla „prinsip“, voru helmingaskiptin. Það voru ákveðnar nefndir, sem áttu að sjá um að framkvæma hömlurnar í þjóðfélaginu, þannig að fjárfesting væri sem allra minnst, og að því er mér skildist, var það sérstaklega með það fyrir augum að draga úr atvinnu manna, enda tókst það um tíma, þannig að hér í Reykjavík varð atvinnuleysi 1951 og 1952 og atvinnuleysi um allt land allan þennan tíma, þannig að það

var svo sem alveg greinilegt, hvaða aðilar það voru, sem þarna voru að verki. Þessi stjórn og hennar hömlupólitík var sú greinilegasta pólitík verzlunarauðvaldsins í Reykjavík, sem nokkurn tíma hefur verið rekin. Það var samið bókstaflega um hvert einasta atriði milli þeirra tveggja aðila, heildsalanna annars vegar og Sambandsins hins vegar. Kannske muna menn enn þá eftir því t. d., þegar leyfið var veitt fyrir Morgunblaðshöllinni. Ég man ekki betur en Sambandið fengi þá að stækka hjá sér, en sjálfstæðismennirnir voru það sniðugri, held ég, í þeim samningum, að Morgunblaðshöllin varð miklu stærri, þannig að Sambandið fór hálfilla út úr helmingaskiptunum. En þetta eru hömlur, sem alveg er hægt að taka undir að þörf sé að vera án, og svona helmingaskipti held ég að þjóðina mundi alls ekki langa í aftur.

Hitt er svo aftur allt annað mál, hvað gerðist, þegar hið svokallaða verzlunarfrelsi og fjárfestingarfrelsi var innleitt og annað slíkt, eins og hæstv. ráðh. kom inn á. Þá var það, að heildsalarnir í Reykjavík gerðust fullglaðir. Þeir urðu eins og kálfar á vordegi, hlupu út og það kemur stundum fyrir kálfana, að þeir lenda beint í mykjuhaugnum, og liggur við, að þeir hafi stundum farið þannig. Ég er alveg sammála hæstv. dómsmrh. um það, að þeir hafa lent í hinu mesta foraði. Þeir kunna yfirleitt ekki fótum sínum forráð, þessir menn, og þess vegna þarf að hafa vit fyrir þeim, þannig að ég neyðist nú til að segja það, að aðrir mundu kannske ekki fagna meira, ef það væri tekinn upp áætlunarbúskapur með fjárfestinguna núna, heldur en vissir heildsalar í Reykjavík, sem hafa gert svo vitlausar ráðstafanir, að þeir eru komnir í hreinustu vandræði. En það sýnir bara, að þjóðfélagið getur ekki leyft sér svona leik að fjármunum. Þjóðfélagið hefur ekki efni á því. Svona lítið þjóðfélag eins og okkar hefur ekki efni á því. Jafnvel þótt einhverjum mönnum, t. d. heildsölum, þyki gaman að því að láta eins og kálfar á vordegi, þá höfum við ekki efni á því að láta þá hlaupa með hundruð millj. í mykjuhauginn. Þess vegna verðum við að hafa vit fyrir þeim. Og ég held, að hæstv. ríkisstj. ætti nú að geta treyst sjálfri sér, ef hún skildi, að hennar efnahagspólitík hefði lent í öngþveiti, til þess að hafa nú vit fyrir þeim, þegar ætti að setja áætlanir líka um þessa hluti. Ég held, að meira að segja þessi viðkomandi verzlunarmannastétt í Reykjavík hefði átt að læra það, sem hefur gerzt á undanförnum árum, að hve mikið sem hún hefur haft á móti þeim hömlum, sem hún einu sinni framkvæmdi af mikilli dyggð í helmingaskiptum við Framsókn, hafi hún rekið sig á það núna, að hennar ótakmarkaða frelsi er líka henni sjálfri fyrir verstu. En fyrir þjóðfélagsheildina er náttúrlega ekki hægt að þola það, að svona gangi.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að fjárfesting þeirra takmarkaði sig sjálf. Það er þokkalegt, ef við eigum alltaf að standa frammi fyrir því, að heildsalarnir í Reykjavík eigi að fá að leika lausum hala, fjárfesting þeirra eigi bara að vera háð þeim takmörkunum, sem þeirra eigin braskhugur kenni þeim, en við menntastofnanirnar í þjóðfélaginu skuli skorið niður, því að ríkið verður að hafa fyrirhyggju. Við getum ekki tekið ríkisbúskapinn út úr, þegar við erum með fjárfestingaráætlanir á Íslandi. Fjárfestingaráætlanir á Íslandi verða að ná yfir allan þjóðarbúskapinn. Það verður hver maður á Íslandi að hafa frelsi til þess að byggja skóla yfir sín börn, og ríkisstj. getur ekki ætlað að grípa inn í og segja: Nei, takk, þú færð ekki að byggja skóla. — Ég er ekki að mæla bót hömlum, sem hafa verið einhvern tíma í þessum efnum, hvort sem þær hafa verið framkvæmdar af Sjálfstfl., Framsfl. eða einhverjum öðrum. Ég er að berjast fyrir því, að það sé aflétt þeim hömlum, sem nú hafa verið settar á. Og mér er ljóst, að það er ekki hægt með öðru móti en að geta þjóðfélagsins í heild sé skipulögð, hún sé skipulögð með það fyrir augum, að það sé full atvinna og það sé notað til fulls allt það vald og allir þeir möguleikar, sem þjóðfélagið hefur í slíkum efnum. Það kemur fram og er skorað á, að það skuli athugað mjög vel einmitt í þeirri n., og mér finnst sjálfsagt, að hv. menntmn. verði við þeirri áskorun hæstv. dómsmrh. að ræða þessi mál mjög gaumgæfilega, taka yfirleitt hömlupólitíkina við skólabyggingar og aðra hömlupólitík, sem gerzt hefur fyrr í þjóðfélaginu, til athugunar. Ég þykist vita, að Alþfl. sé, eins og hefur verið hans „prinsip“, inni á því, að það væri skynsamlegast, að það væri heildaráætlun um þessa hluti í þjóðfélaginu öllu. Mér þykir hins vegar líklegt, eins og ég heyrði líka á því, sem hæstv. dómsmrh. sagði áðan, að Sjálfstfl. sé kannske dálítið þungur í taumi hvað slíkt snertir, enda greinilegt náttúrlega, hverjir á taumbandinu halda. Hins vegar þætti mér mjög fróðlegt að vita afstöðu Framsfl. í þessum efnum, og hann fær vafalaust í hv. menntmn. tækifæri til þess að láta hana í ljós. (**Forsrh.**: Er það ekki „hin leiðin“?) Ja, ég er nú ekki klár á henni, hæstv. forsrh. er það kannske, en mér er ekki ljóst, hvert hún leiðir. Framsfl. hefur að vísu verið mjög kenndur við hömlupólitík á undanförnum árum. En batnandi manni er bezt að lifa. Kannske er hann eitthvað farinn að læra í þessum efnum. Meira að segja skýzt það stundum upp úr hans fulltrúum hér á þingi, að það mundi vera skynsamlegt að taka upp heildaráætlun í þjóðarbúskapnum. Mér þykir ákaflega vænt um, ef Framsfl. er að átta sig á því, en hefði að vísu verið ákaflega æskilegt, að hann hefði áttað sig á því í vinstri stjórninni og ekki strax í byrjun þeirrar stjórnar þverneitað að láta stjórnina starfa áfram, þegar Alþfl. og Alþb. voru búin að koma sér saman um að gera ráðstafanir til þess að koma slíku í framkvæmd. Sem sé, ef hv. menntmn. yrði við þessari ágætu áskorun hæstv. dómsmrh., hefði ég mikinn áhuga á að heyra um afstöðu Framsfl. í slíkum efnum til heildaráætlunar fyrir þjóðarbúskapinn allan og mundi um leið vilja láta þá skoðun í ljós, að Sjálfstfl. færi líka mjög alvarlega að athuga sinn gang í slíkum efnum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það var eitt atriði í báðum ræðum hv. síðasta ræðumanns, hv. 3. þm. Reykv., sem þörf er á að

leiðrétta. Hann talaði þannig eins og ríkisvaldið eða ríkisstj. hefði lagt hömlur á skólabyggingar sveitarfélaga, þegar þau hefðu óskað eftir því eða viljað leggja í skólabyggingar, talaði eins og ríkisstj. hefði lagt eitthvert bann við því, að sveitarfélög byggðu skóla fyrir eigið fé. Hér er um algeran misskilning að ræða. Það, sem ég hygg að hv. þm. eigi við, eru brbl. frá síðasta vori, sem nú hafa nýlega verið lögð fyrir hið háa Alþ. til staðfestingar, í framhaldi af lækkun framlaga á fjárl. þessa árs til skólabygginga eins og annarra framkvæmda um ⅛. Ég skal ekki ræða efni þeirra l., þau munu koma ýtarlega til umr. hér síðar, og þá skal ég með mikilli ánægju skýra tilgang þeirra l. og mjög góðan árangur þeirra. En það, sem ég hygg að hv. þm. eigi við, er það, að ákvörðun var um það tekin samkv. heimild brbl. að fresta greiðslu framlags ríkisins til þeirra sveitarfélaga, þar sem augljóst var, að framlag ríkisins að viðbættu heimafé sveitarfélaganna mundi ekki duga til þess að ljúka nothæfum áfanga skólabyggingar. Þess vegna var það ráð tekið að lána öðrum sveitarfélögum það fé, til þess að þau gætu lokið ákveðnum áfanga sinnar skólabyggingar og byggingu þess skóla, sem það sveitarfélag var að vinna að, yrði því hraðað. Kjarni brbl. var m. ö. o. sá að hraða byggingu þeirra skóla, sem lengst voru komnir, og koma þeim fyrr í gagnið en ella og nota til þess það fé, sem fyrirsjáanlegt var að ekki mundi koma að gagni við að ljúka neinum nothæfum áfanga neinnar skólabyggingar. Aftur á móti hefur ríkisstj. aldrei dottið í hug að banna neinu sveitarfélagi að hefja byggingu fyrir eigið fé, enda engin heimild til slíks. (EOl: Þegar skólinn er ekki á fjárlögum.) Sveitarstjórnum er að sjálfsögðu heimilt að nota eigið fé til þess að byggja fyrir án nokkurra afskipta ríkisvaldsins. Það eina, sem í þessu fólst, var, að frestað var greiðslu ákveðinna framlaga á fjárl. til síðara árs.

Þá eru nokkur orð í tilefni af ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. Ég er honum algerlega sammála um, að aðalatriði málsins, sem um er að ræða, er auðvitað það, að nógir skólar séu reistir. Það er auðvitað kjarni málsins. Einmitt þess vegna er mjög til efs, að sú stefna, sem fram kemur í þessu frv., stuðli að auknum skólabyggingum. Ég segi það enn, að helzta nýmælið í þessu frv. er fólgið í því, að ríkið eitt skuli byggja tiltekna skóla, sem láta eigi í té fræðslu samkv. fræðslul., þó að núgildandi lög að öðru leyti geri ráð fyrir því, að hér skuli vera um sameiginlegt átak ríkis og sveitarfélaga að ræða. Ég hika ekki við að fullyrða, að þetta spor sem almenn regla væri spor aftur á bak, og hér er um allt aðra stefnu í skólabyggingamálum að ræða, en ekki framfarastefnu. Ég er sannfærður um það, að einmitt sú regla, sem nú er fylgt, að jafnan sé um sameiginlegt átak sveitarfélaganna og ríkisins að ræða, sé líklegust til þess að hafa í för með sér sem mestar skólabyggingar, sem við auðvitað allir saman hljótum að óska eftir.

Í þessu sambandi er ástæða til þess að fara nokkrum orðum um það, hvers vegna héraðsskólarnir voru gerðir að ríkisskólum. Ég geri ráð fyrir, að ástæða geti verið til þess að ræða það mál nokkru nánar síðar. Það er ekki svo að skilja, að ég fagni ekki mjög vaxandi áhuga Framsfl. á skólamálum og þó alveg sérstaklega skólabyggingamálum. En ég kemst ekki hjá því að undirstrika, að þessum áhuga hefur ekki alltaf verið fyrir að fara og það ber greinilega meira á þessum áhuga þessa flokks á skólabyggingamálum hér á hinu háa Alþ., þar sem hann er í stjórnarandstöðu, en í þeim héruðum, þar sem hann er í meiri hl. eða ræður verulega. Ég segi það aftur: það fer mun meira fyrir áhuga Framsfl. á skólabyggingamálum hér á Alþ. heldur en í þeim héruðum í dreifbýlinu, þar sem hann fer með völd í héraðsstjórnarmálefnum. Þetta kom greinilega fram í sambandi við aðdraganda þess, að ríkið tók að sér rekstur héraðsskólanna. Ríkið sýndi í þessu máli öllu, að því er ég tel, mikinn skilning á nauðsyn og gagnsemi héraðsskólanna, svo sem sjálfsagt var. En í hópi þeirra manna, í hópi þeirra forsvarsmanna sýslufélaganna, sem vildu ekki halda áfram að greiða lögboðinn kostnað við héraðsskólana, voru ýmsir máttarstólpar Framsfl., sem nú við hvert tækifærið á fætur öðru telja ástæðu til þess að afflytja áhuga ríkisstj. á því að hafa skólabyggingar sem mestar. Væri e. t. v. ástæða til þess að rekja þá sögu alla við eitthvert gott tækifæri miklu nánar en nokkurn tíma hefur verið gert, þó að það sé ekki ástæða til þess að gera það hér. En í þeim 2—3 ára umr., sem fóru fram um framtíð héraðsskólanna og um örlög þeirra, leyfi ég mér að fullyrða, að þá varð ekki vart þess mikla áhuga, þeirrar fórnarlundar í þágu héraðsskólanna, sem nú er ætlazt til þess að lesið sé úr hjartnæmum ræðum sumra Framsóknarþm. varðandi héraðsskólana, m. a. báðum ræðum hv. 5. þm. Norðurl. e. um þetta efni.

Að því er snertir fræðsluskylduna og það, sem ég sagði áðan um það efni, að enn þá hefði aldrei staðið á ríkisvaldinu að samþykkja lengingu fræðsluskyldu í nokkru skólahéraði, kynni einnig að vera fróðlegt að athuga það nánar, og vil ég beina því til n., sem um málið fjallar, að framkvæma þá athugun. Ég skal sjá til þess, að hún fái öll nauðsynleg gögn í þeim efnum, í hvaða skólahéruðum það sérstaklega er, sem fræðsluskyldan hefur ekki komið til framkvæmda, og hverjir þar fyrst og fremst fara með völd. Ég hygg, að það verði almenningi mjög fróðlegt að fá sem nákvæmastar fregnir um það efni. Þegar það liggur fyrir, getum við talað aftur saman hér í hv. d. um það, hverjir hafi sérstakan áhuga á því að hafa fræðsluskylduna til 15 ára aldurs, Framsfl. eða þeir flokkar, sem að ríkisstj. standa.

Vegna þess að hv. þm. gerði nokkuð mikið úr því í báðum ræðum sínum, að skortur væri á skólahúsnæði og ekki væri byggt nóg af nýjum skólum, tel ég rétt að skýra hér frá örfáum tölum um þetta efni. Ég skal ekki gera þetta að neinum almennum umr. um skólabyggingamál og því takmarka þetta við fáeinar upplýsingar, en vona, að þær verði þeim mun skýrari fyrir bragðið, og vil biðja hv. þm. að taka sérstaklega eftir því, hverjar tölur hér er um að ræða. En ég ætla að bera saman framlög ríkisins til byggingar barna- og gagnfræðaskóla

nokkur ár nú og fyrir stríð og nokkur ár í milli.

Árið 1939 voru framlög ríkisins til byggingar barna- og gagnfræðaskóla aðeins 99 þús. kr. Árið 1939 hafði formaður Framsfl. verið fjmrh. í 5 ár. Samt sem áður voru framlög til byggingar barna- og gagnfræðaskóla á því ári ekki nema 99 þús. kr. Ef við tökum árið 1951, þegar formaður Framsfl. hafði verið fjmrh. í 12—13 ár, voru framlögin komin upp í 3.5 millj. kr. Ef við tökum árið 1959, þegar hann er hættur að vera fjmrh., fyrsta árið, sem hann er ekki fjmrh., eru þau komin upp í 16.7 millj. kr. Þá hafði formaður þess flokks verið fjmrh. í yfir 20 ár. En hvað eru þau í ár? Hvað skyldu framlögin til byggingar barna- og gagnfræðaskóla vera í ár? Þau eru 110.3 millj. kr.? Nú er engum ljósara en mér, að hér þarf auðvitað að taka tillit til þess, að byggingarkostnaður hefur verulega breytzt á svo löngum tíma, og þess vegna hef ég reiknað út, hver breyting hefur orðið á framlögum ríkisins til byggingar barna- og gagnfræðaskóla miðað við óbreyttan byggingarkostnað. 1951, þegar formaður Framsfl. hafði verið fjmrh. í 12—13 ár, voru þessi framlög aðeins fimm sinnum hærri en þau höfðu verið fyrir stríð. Eftir öll stórgróðaár stríðsins í millitíðinni eru framlögin ekki nema 5 sinnum hærri en þau höfðu verið 1939. Og 1959 eru framlögin þó ekki orðin nema 13 sinnum hærri en þau höfðu verið 1939. Á þeim 20 árum, sem liðin voru síðan 1939, voru framlögin þó ekki nema um það bil 13 sinnum hærri. Við höfðum þá verið saman í ríkisstj. í 2—3 ár, og þó að mér sé ánægja að minnast þess, að samvinna mín við Eystein Jónsson á þeim stjórnarárum var að mörgu leyti ágæt, hefði ég þó óskað eftir því, að hún hefði getað verið betri að því er snertir skólabyggingamál, og er enn þeirrar skoðunar, og ég harma það, að hún var þá ekki betri en hún var. Og þó jukust framlögin nokkuð á þeim árum. En hvað skyldu framlögin nú á árinu 1965 vera mörgum sinnum meiri en þau voru fyrir stríð, miðað við óbreyttan byggingarkostnað? Þau eru 48 sinnum meiri. Þau eru 48 sinnum meiri en þau voru fyrir stríð, miðað við óbreyttan byggingarkostnað. Geta menn þá borið saman þær stökkbreytingar, sem orðið hafa á allra síðustu árum, við þá allt of hægfara þróun, sem varð á áratugunum þar á undan. Ef við tökum eingöngu síðasta áratuginn eða árin síðan 1956, jukust framlög, miðað við óbreyttan byggingarkostnað, á árunum 1956—1959 um 50%, á árunum 1959—1962 jukust þau um 80%, og 1962—1965 jukust þau enn um 65%. Ég hygg, að þessar einföldu og skýru tölur taki af öll tvímæli um það, að núv. ríkisstj. hefur brennandi áhuga á því að hafa skólabyggingar sem allra mestar og hefur sýnt það í verki, að skólabyggingar hafa aukizt meir á valdatíma hennar en nokkurn tíma áður í sögu Alþingis. Ég segi þetta síður en svo þess vegna, að þetta eigi að verða núv. ríkisstj. til einhvers sérstaks hróss. Ég tel þetta vera sjálfsagðan hlut og tel raunar, að miklu meira þurfi að gera heldur en orðið er. Og það er stefna og það er vilji núv. ríkisstj., að svo verði.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Hæstv. menntmrh. lýsti því hér yfir, að hann væri algerlega á móti því, að héruðin tækju engan þátt í kostnaði við framhaldsskólana, hvort sem þeir eru kallaðir gagnfræðaskólar eða framhaldsskólar. Í framtíðinni álít ég það ekki rétt að hverfa frá þeirri stefnu, að héruðum sé gert að greiða hluta af kostnaði við héraðsskóla, sagði hæstv. menntmrh. orðrétt. En nú er það þessi hæstv. ráðh. og ríkisstj. sú, sem hann er í, sem hefur boðizt til þess að taka að öllu leyti kostnað við rekstur allra helztu héraðsskóla, sem þá voru starfandi. Ég get ekki skilið þetta samræmi. Þeir, sem hafa þörf fyrir að byggja skóla nú, eiga að taka þátt í kostnaðinum að vissum hluta, en þeir, sem byggðu þá á hagkvæmari tíma og rekstur þeirra var orðinn mjög auðveldur, miðað við það, sem yrði nú, ef skólar yrðu byggðir, eiga algerlega að sleppa við það, ef þeir óska eftir því, og það hafa allir skólar gert, sem þetta var boðið, nema héraðsskólinn að Laugum í Þingeyjarsýslu. Ég álít, að þetta sé eitt af því, sem þarf að taka til rækilegrar athugunar: Eiga héruðin að taka þátt í kostnaði við rekstur þessara skóla, eða eiga þau ekki að gera það? En það nær engri átt, að viss héruð eigi að gera það, en önnur ekki. Það verða að ganga sömu lög yfir alla. Við, sem stóðum að flutningi á þessu frv., gerum ekki ráð fyrir því, að það verði samþ. orðrétt. En við flytjum það m. a. til þess að ýta á eftir því, að eitthvað sé gert, því að okkur er ljós þörfin, og er það ekki nema eðlilegt.

Ég rengi það ekki, sem hæstv. menntmrh. segir, að það hafi aldrei verið meira fé varið til skólabygginga en nú. En það er eðlilegt, þjóðinni er alltaf að fjölga, og þar að auki eru gerðar meiri kröfur til aukinnar menntunar. Við vitum það, sem erum orðnir fimmtugir menn eða meira, að það var ekki nema einstaka unglingur, sem fór í framhaldsnám, þegar fermingu var lokið. Fólkið hafði ekki efni á því. Það voru ekki gerðar sömu kröfur þá til menntunar. Nú er það svo með sum héruð, og það eru engar ýkjur og ekki sagt af illvilja í garð núverandi ríkisstj. eða þeirrar ríkisstj. sem nú situr, að þeir hafa ekki möguleika á að koma unglingum, sem hafa lokið barnaskólanámi, í framhaldsskóla. Þegar framhaldsskólunum er lokið, þá er í mörgum tilfellum mjög erfið aðstaða til að koma þeim til mennta í menntaskóla. Ég kom hér í menntaskólann, þurfti að fara með umsókn, og leit yfir þetta gamla og virðulega hús, og satt að segja hálfofbauð mér, að í höfuðborg landsins skyldi ekki vera glæsilegri menntastofnun en hann er, með allri virðingu fyrir því húsi. Og fyrir fólk utan af landi er ógerlegt svo að segja að stunda hér nám í menntaskólanum vegna þess, hvað það er dýrt. Annaðhvort er, að það verður að liggja uppi á venzlamönnum sínum eða kunningjum, eða það getur ekki stundað hér nám. Yfirleitt hefur fólk, sem býr úti á landsbyggðinni, ekki efni á að leigja húsnæði og kaupa fæði í lausasölu fyrir nemendur hér. Og ég furða mig á því, að það skuli ekki hafa heyrzt háværari

raddir um það að byggja heimavistir við menntaskólann. Ég tel það mikið vafamál, hvort viturlegt er að dreifa menntaskólum út um alla landsbyggðina, þar sem nær ógerlegt getur verið að fá hæfa kennara, heldur en hafa menntaskólana stærri og fullkomnari, þar sem auðvelt er að fá kennslukraftana, og skapa aðstöðu fyrir fólkið úr dreifbýlinu með því að byggja heimavistir fyrir nemendur.

Þá sagði hæstv. menntmrh., að það hefði aldrei staðið á nokkurri ríkisstj. að greiða kostnað við framhaldsnám í einstökum sveitarfélögum. Það má vel vera, að þetta sé rétt líka. En hvaða vit væri í því t. d. fyrir hreppsfélög úti á landi að ætla að fara að hafa framhaldsnám við alla barnaskóla? Þetta eru örfáir, ef til vill 3—4 unglingar á hverjum stað. Svo er annað, sem kemur til greina, að fjöldi af barnakennurum úti á landi hefur ekki kennararéttindi, af því að menn með réttindi fást þangað ekki. Í mörgum tilfellum geta þetta verið ágætir kennarar, og börnin geta lært vel hjá þeim, en það er mikið vafamál, að þeir hafi nægilega þekkingu til að geta kennt unglingum í framhaldsdeildum. Það verður því ekki hjá því komizt að viðurkenna, að ef á að gera kröfur til þess, að unglingar stundi nám í 2 eða 3 ár, eftir að barnaskólanámi er lokið, eða jafnvel lengur, þá þarf að fjölga skólunum.

En þessu máli er enginn greiði gerður, þó að sé verið að ráðast á einstakar stjórnir eða einstaka ráðh. og deila á það, að það sé ekki búið að gera þetta nú. Það er ósköp eðlilegt, því að það er ekki hægt að gera allt í einu. Kröfurnar hafa farið vaxandi, fólkinu hefur fjölgað. Þetta á ekki að vera neitt árásarefni á einstaka ráðh. eða einstaka ríkisstj. En þetta er mál, sem þarf að leysa. Og það þarf þess vegna að hraða þessari athugun. Það þarf að láta fara fram rækilega athugun á því, hvar er mest þörf að reisa þessa skóla, hvaða ástæða er til að hafa þá stóra o. s. frv. Og þetta er það, sem menntmrh. ætti að beita sér fyrir, að þessu máli væri hraðað sem allra mest, svo að fólkið vissi, hvers það mætti vænta. Enn fremur þarf að ganga frá því, hvort það á að vera þannig í framtíðinni, að héruðin taki vissan þátt í skólakostnaðinum, eða hvort ríkið ætlar að reka þessa skóla að öllu leyti, eins og það gerir við flesta héraðsskóla, sem nú eru starfandi. En það vitanlega nær engri átt að láta ekki sömu lög ganga yfir alla aðila.

Fram hjá því verður ekki gengið, að það þarf að bæta aðstöðu fólksins, ekki síður í minni kauptúnum og minni bæjarfélögum úti á landi heldur en í sveitunum. Það þarf að bæta aðstöðu þessa fólks til menntunar unga fólksins, annaðhvort með því að koma upp skólum í sveitunum og í kauptúnunum eða þá að hugsa sér að hafa skólana stærri og byggja heimavistir fyrir þá, sem geta ekki búið á heimilum sínum. Þetta er stórmál, sem þarf að leysa á sem skynsamlegastan hátt og skipulegastan, og það verður alla vega ekki til bóta að fara að hleypa í það allt of miklum stjórnmáladeilum eða árásum á einstaka menn í því sambandi. Það ættu allir menn og allir flokkar og í raun og veru allir upplýstir menn að vera sammála um, að þetta mál þarf að leysa á sem allra hagkvæmastan hátt fyrir þjóðfélagið og fyrir þá einstaklinga, sem menntunarinnar eiga að njóta.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það er ekkert nýtt hér á hv. Alþingi, þó að við heyrum það, framsóknarmenn, á hæstv. ráðh., að það, sem við flytjum hér á þinginu, sé óraunhæft yfirboð eða annað því um líkt. Við því er ekkert að segja, þó að hæstv. ráðh. temji sér þennan málflutning, og þeir mega vera sælir í sinni trú um sitt ágæti mín vegna. En þegar hæstv. ráðh. fara að eins og hæstv. menntmrh. gerði nú, að ráðast á fjarstadda menn fyrir það eitt, að þeir tilheyri Framsfl., og jafnvel framliðna, þá finnst mér of langt gengið.

Hæstv. ráðh. vildi koma því að í báðum ræðum sínum hér í þessum umr., að það, sem raunverulega skorti á í menntamálunum í landinu, væri, að þar sem framsóknarmenn réðu sveitarmálum eða héruðum, þar væri afturhaldssemi af þeirra hendi, en ekki það, að það stæði á ríkisvaldinu að koma í framkvæmd óskum þeirra, sem þangað kæmu. Út af þessu get ég ekki orða bundizt, því að hér er of langt gengið. Það nægir alveg að deila á okkur þingmenn flokksins, og það gerir okkur ekkert til, því að við sjáum, hvernig málin, sem við berum fram hér á hv. Alþingi, eru þá talin óverjandi og óferjandi, koma svo síðar í einhverri annarri mynd og eru þá talin hin beztu mál, af því að hæstv. ríkisstj. ætlar þá að brennimerkja sér þau, svo sem menntaskólamálin og fleiri slík mál.

En í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. sagði um, að ekki hefði verið neitað, að unglingar gætu notið framhaldsmenntunar, er því til að svara, að það er húsnæðið, sem stendur á, en ekki á öðru framkvæmdaleysi en því, að húsnæðið vantar, til þess að unglingarnir geti notið framhaldsnáms heima í héruðunum. Og hæstv. ráðh. veit það líka, þó að hvergi sé það bannað í lögum, að sveitarstjórnir megi byggja á eindæmi skólahús, þá er það tekið fram í lögunum um skólakostnað, að ríkið er ekki bundið af greiðslu til þess skólahúss, sem byggt er án samþykkis Alþingis. Þetta er í framkvæmdinni sama og bann. Hæstv. ráðh. veit það líka, að á hverju einasta þingi hafa legið fyrir umsóknir um barnaskólabyggingar, um héraðsskólabyggingar, um gagnfræðaskólabyggingar, sem hefur verið synjað. Á þeim árum, sem ég hef setið hér á hv. Alþingi, hefur þetta verið svo og farið sívaxandi, og ég benti á það á síðasta Alþingi, að 25% af þeim umsóknum, sem lágu fyrir um nýjar skólabyggingar, voru teknar inn á fjárl. Og hver er svo reynslan af þeim skólabyggingum, sem Alþingi samþ. að ættu að hefjast á þessu ári? Hæstv. ríkisstj. gaf út brbl. til þess að banna, að það mætti hefjast handa. Þetta er rausnin og reisnin yfir framkvæmd hæstv. núv. ríkisstj. í þessum málaflokki. Það er því ekki að undra, þó að hæstv. ráðh. komi hér og segi, að það standi á héraðsstjórnum, þar sem framsóknarmenn ráði, til þess að hægt sé að koma þessum málum í framkvæmd, þegar hv. Alþingi neitar 75% af umsóknunum og hæstv. ríkisstj. afganginum. Þannig er nú að þeim málum staðið.

Svo finnst hæstv. ráðh., að það sé skrýtið, að framsóknarmenn skuli sýna sérstakan áhuga á héraðsskólabyggingum. Frá hvaða árum eru héraðsskólarnir á Íslandi? Hverjir sátu í ríkisstjórnum, þegar þær byggingar voru gerðar? Það er frá valdaárum Framsfl. Það hefur ekki verið byggður héraðsskóli í tíð núverandi stjórnarflokka. Þær eru frá valdaárum Framsfl., þessar byggingar. Það er því ekkert undarlegt, þó að framsóknarmenn geti þar frómt úr flokki talað.

Svo kom hæstv. ráðh. með það, að ótugtar framsóknarmennirnir hefðu í héraðsstjórnum og svo hér á Alþingi komið því í gegn, að manni skildist, að ríkið greiddi allan kostnað við rekstur héraðsskólanna og endurbætur á þeim, sem fyrir voru. Það verður þó að segja þessum hæstv. ráðh. til verðugs hróss, að það var þó gerð hér á hv. Alþingi sú breyting, eftir að hann var orðinn menntmrh. Og ég er ekki viss um það, að allir hv. þm. vilji kenna þá breytingu við Framsókn eina. Hitt getur verið rétt, að um þá breytingu mætti deila eins og annað það, sem gert er, hvort það var alveg réttmætt að fara þar í 100% greiðslu, eins og gert var. Hitt getur ekki valdið deilum, að meðan það gildir um þá skóla, sem fyrir eru í landinu, og var gert fyrst og fremst vegna þess, að sýslufélögunum var ekki séð fyrir tekjustofni til þess að mæta þessum útgjöldum, hlýtur frv. að nýjum byggingum einnig að vera miðað við þessar reglur. Það geta ekki gilt tvenns lags lög um héraðsskólana í framtíðinni.

Svo var hæstv. ráðh. að vitna í það að lokum, að það væru hærri fjárveitingar til skólabygginga nú en verið hefðu fyrir stríð og upp úr 1950. En hæstv. ráðh. gleymdi einu. Það var fjárhæð fjárl. fyrir stríð. Hún var frá 12—20 millj., eitthvað svoleiðis, en nú kemur hún til með að vera 4 milljarðar. Þarf því engan að undra, þó að fjártölurnar til skólamálanna hafi hækkað einnig, ekki síst þegar á það er litið, að fólkinu í landinu fjölgar mjög og kröfur til menntunar eru allt aðrar núna en þær voru fyrir stríð. Hæstv. ríkisstj. má mín vegna vera ánægð með sinn hlut í skólabyggingunum eins og í öðru, ef hana langar til þess. En staðreyndin er samt þessi, að þessi mál eru að verða vandræðamál, og hæstv. ráðh. væri maður að meiri, ef hann tæki á því verkefni, en færi ekki að kasta að fjarlægum sveitarstjórnum, af því að hann heldur, að forsvarsmenn þeirra séu framsóknarmenn.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég held, að frumræða mín hafi ekki gefið tilefni til þess, að umr. snerust upp í það karp, sem reyndin hefur orðið. Og ég verð að segja það, að ég átti ekki von á því af hæstv. menntmrh., að hann leiddi umr. inn á þá braut, sem hann gerði. Í frumræðu minni reyndi ég að gefa sem allra hlutlausasta mynd af því, hvernig ástandið er, og forðaðist með öllu að deila á einn eða annan persónulega í því sambandi. En nú hefur hæstv. menntmrh. enn hnykkt á og aukið karp og ádeilur, sem satt að segja koma mér mjög á óvart, og þá einkum sú framkoma, sem aðrir hv. þm. hafa nefnt hér, að ráðast á einstaka menn heima í hreppum vegna afstöðu þeirra í skólamálum. Ég verð að játa hreinlega, að ég er ekki svo kunnugur hreppapólitík í yfir 200 hreppum á Íslandi, að ég geti dregið af því einhverja heildarályktun um það, hvernig afstaðan er. En þar sem ég þekki til á landinu, sennilega í 30—40 hreppum, er afstaðan ekki sú, sem hæstv. menntmrh. er að lýsa, það þori ég að fullyrða. Ég vil t. d. nefna það, að N-Þingeyingar, sem hafa orðið mjög hart úti nú hin síðari ár í sambandi við framhaldsskólamálin, hafa gengið mjög ötullega fram í því að fá viðurkenndan héraðsskóla, sem þeir hafa í raun og veru stofnað og eru þegar farnir að starfsrækja. En það hefur staðið á hinu opinbera að styðja N-Þingeyinga í þessu máli. Ég held því, að það sé alveg úr lausu lofti gripið hjá hæstv. ráðh. að fara að kasta hnútum í einhverja ónafngreinda menn með þeim hætti, sem hann gerði, einhverja menn úti um land. Það er algerlega úr lausu lofti gripið, og ég get ekki orða bundizt um að mótmæla þessu.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér finnst óþarfi fyrir hv. framsóknarmenn að kvarta undan því, þótt þeim sé svarað í svipuðum tón og þeir tala sjálfir. Það var engan veginn meining mín að ráðast að einstökum mönnum úti um hinar dreifðu byggðir landsins, hvorki lífs né liðnum. En ég skil ekki, hvernig neinn getur verið hissa á því, þegar haldin er hver ræðan á fætur annarri og sagt í þskj., að börnum og unglingum sé mismunað, þeim sé veittur mismunandi réttur til löghelgaðrar skólagöngu eftir því, hvar þau búa á landinu, og látið að því liggja, þó að það sé ekki sagt beinlínis, að hér beri ríkisvaldið, ríkisstj., sérstaka ábyrgð á, — þá má enginn verða hissa, þó að því sé svarað og bent á sannleikann í málinu. Og hann er ofur einfaldur, eins og ég benti á í þeim orðum, sem ég sagði fyrst. Að svo miklu leyti sem skólaskylda til 15 ára aldurs er ekki komin til framkvæmda á Íslandi enn þrátt fyrir ákvæði gildandi laga frá 1956 um þetta efni, er þar ekki við ríkisstj. að sakast. Það er við aðra aðila að sakast, sem valdið hafa í sinni hendi um að láta skólaskyldu koma til framkvæmda til 15 ára aldurs. Ef hv. framsóknarmenn hefðu ekki hagað málflutningi sínum eins og þeir gera, hefði ég getað látið jafnsjálfsagðan hlut og þennan ósagðan. Þetta eiga þeir að vita engu síður en ég. Þetta eiga allir þm. að vita. En þegar á þessu er klifað í ræðum, í þskj. og í blöðum viku eftir viku, mega þeir ekki fyrtast, mega ekki verða hissa, þó að þeim sé svarað með því að segja sannleikann.

Hv. þm. gat þess alveg réttilega, að enginn héraðsskóli hefði verið byggður í tíð núverandi ríkisstj. Hér er enn eitt dæmi um þann brotasannleika, sem einkennir allan málflutning hv. framsóknarmanna um það efni, sem við erum nú að tala um. Þetta er satt og rétt, en allur sannleikurinn er sá, að það hefur enginn héraðsskóli verið byggður, síðan þau lög, sem giltu um héraðsskólana, þegar ríkið yfirtók þá, tóku gildi. Sannleikurinn er sá, að ekkert sýslufélag, sem skv. lögum frá 1946 átti aðild að héraðsskóla, treysti sér til þess að taka þátt í byggingu nýs héraðsskóla eða fullkomna endurbyggingu nokkurs héraðsskólanna, sem nú starfa í landinu, —

ekkert þeirra. Og það var mjög skiljanlegt, að þeir vildu ekki taka þátt í byggingu nýrra héraðsskóla, þegar þeir vildu ekki taka þátt í rekstri skólanna. Ég er ekki hneykslaður á því, að þeir skuli ekki hafa viljað byggja nýja héraðsskóla á móti ríkinu, þegar þeir vildu ekki einu sinni greiða lögskipaðan kostnað við rekstur skólanna. En ef sannleikurinn er þessi, þá má segja, að þá er það sannarlega nokkuð hart, að ríkinu skuli vera legið á hálsi fyrir að hafa ekki byggt nýja héraðsskóla. Ríkið byggði þá skóla samkv. almennu skólalöggjöfinni, barna- og gagnfræðaskóla, til þess að sjá nemendum fyrir lögboðinni fræðslu. Héraðsskólarnir voru upphaflega öðruvísi hugsaðir, allt öðruvísi hugsaðir, nánast sem lýðháskólar. En grundvellinum var kippt undan þeim, hlutverki þeirra var breytt með nýju fræðslulöggjöfinni frá árunum 1946—47. Þetta breytti gervallri aðstöðu héraðsskólanna, auk þess sem þeim var fenginn allt annar fjárhagsgrundvöllur en almennum barna- og gagnfræðaskólum, og þetta átti auðvitað þátt í vandkvæðum héraðsskólanna. Þess vegna er það auðvitað verra en hálfur sannleikur að undirstrika það, að ríkið hafi enga héraðsskóla byggt á valdaárum núverandi ríkisstj., eins og það sé sérstaklega ámælisvert.

Varðandi það grundvallaratriði þess frumvarps, sem hér er til umræðu, að ríkið skuli byggja 8 nýja héraðsskóla eingöngu á sinn kostnað, vil ég aðeins endurtaka að síðustu, að hér er um algert nýmæli að ræða, sem nauðsynlegt er að Alþingi ræði sem grundvallaratriði. Ég hef þegar lýst skoðun minnni á málinu, að það væri spor í afturhaldsátt, það væri spor aftur á bak að svipta sveitarfélögin allri aðild að rekstri barna- og gagnfræðaskóla og að byggingu barna- og gagnfræðaskóla. Það væri stórt spor í afturhaldsátt, stórt spor aftur á bak. Og mér er mjög til efs, — það hef ég náttúrlega ekki kannað, — mér er mjög til efs, að slík stefna sé mótuð í samráði við helztu forvígismenn sveitarfélaganna í landinu eða t. d. Samband ísl. sveitarfélaga. Mér er það mjög til efs, án þess þó að ég hafi kannað það sérstaklega, en það er auðvitað hægt að gera. Auk þess er þar við að bæta, að Framsfl., sem nú stendur að flutningi þessa frv., stóð að núgildandi lögum um þetta efni. Lögin um sameiginlega aðild ríkis og sveitarfélaga að byggingu og rekstri barna- og gagnfræðaskóla eru frá árinu 1954. Þá voru hér í ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl., og þau lög voru flutt sem stjfrv. þessara tveggja flokka. Og eins og ég sagði áðan, ég man ekki betur en allir flokkar á þinginu hafi verið sammála um allt meginefni þessara laga. Þessi lög hafa nú staðið í 11 ár, og nú skyndilega breytir Framsfl. algerlega um þessa grundvallarstefnu í skólabyggingarmálum og vill nú allt í einu láta ríkið byggja vissa tegund af skólum algerlega eitt og útiloka þannig alla aðild sveitarfélaganna þar að.

Það er rétt, sem hv. þm. segir, það er langur tími liðinn, 10 ár eru langur tími í þessum efnum, síðan þessi lög voru sett. Einmitt þess vegna hef ég gert ráðstafanir til þess, að þau eru nú í endurskoðun. Ég bíð niðurstöðu þeirrar endurskoðunar og mun leggja þær till., sem upp úr þeirri endurskoðun koma, fyrir hið háa Alþingi, eins og ég sagði áðan. Ég vona, að það geti orðið á þessu þingi. Mín persónulega skoðun er, að þessari grundvallarreglu eigi ekki að breyta. En hitt endurtek ég og skal láta það vera síðustu orðin, sem ég segi í þessum umr., að ég tel mjög vel koma til greina að breyta hlutfallinu á milli ríkissjóðs og sveitarsjóða í dreifbýlinu sveitarsjóðunum mjög verulega í vil. En um það mun Alþingi að sjálfsögðu fjalla á sínum tíma og taka endanlega ákvörðun þar um.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

8. Umferðarlög (frv. SkG).

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958 [18. mál] (þmfrv., A. 18).

Á 4. og 6. fundi í Nd., 19. og 25. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Nd., 26. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 18 lagafrv. um breyt. á umferðarl. Frv. mitt er aðeins um breyt. á 1.—4. mgr. 81. gr. l., en hún er í þeim kafla l., sem hefur að geyma ákvæði um refsingar fyrir brot á umferðarl. Í 1. og 2. mgr. frvgr. eru tekin óbreytt ákvæði, sem nú eru í 4 fyrstu mgr. 81. gr. l. En nýmæli, sem frv. mitt flytur, eru í 3. og 4. mgr. 1. gr. þess. 3. mgr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis gerzt brotlegur við 1. eða 2., sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr., og skal hann þá sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það að fullu og öllu.“

En hvernig eru þá þessar málsgreinar í 25. gr. l., sem hér er vitnað til. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þær:

„Enginn má neyta áfengis við akstur vélknúins ökutækis.

Enginn má aka eða reyna að aka vélknúnu ökutæki, ef hann vegna áfengisneyzlu verður eigi talinn geta stjórnað því örugglega.

Ef vínandamagn í blóði manns er 0.50—1.20‰ eða hann er undir áhrifum áfengis, þótt vínandamagn í blóði hans sé minna, telst hann ekki geta stjórnað ökutæki örugglega.

Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 1.20‰ eða meira, telst hann óhæfur til að stjórna vélknúnu ökutæki.“

Þannig hljóða þessi ákvæði 25. gr.

Síðasta mgr. í frvgr. minni hefur að geyma ákvæði um það, að sú heimild, sem ráðh. hefur í l. til að veita manni, sem hefur verið sviptur

ökuréttindum, ökuleyfi á ný eða rétt til að öðlast það, eftir að viss tími er liðinn frá ökuleyfissviptingunni, sú heimild skuli ekki gilda fyrir þá menn, sem hafa verið sviptir ökuleyfi vegna þess, að þeir hafa gerzt brotlegir við fyrirmæli þessara mgr. 25. gr. l., sem ég var að lesa.

Þannig er frv. mitt eingöngu um það að setja í lög fyrirmæli um, að þeir menn, sem neyta áfengis við akstur vélknúinna ökutækja, aka eða reyna að aka slíku tæki, þegar þeir eru undir áhrifum áfengis, skuli sviptir ökuleyfi að fullu. Í 81. gr. núgildandi umferðarl., þar sem ákvæðin er refsing fyrir brot á áðurnefndum ákvæðum 25. gr. l., eru ölvaðir menn við akstur flokkaðir eftir því, hvort þeir eru meira fullir eða minna fullir. Og samkv. l. má sleppa ökuleyfissviptingunni, ef ölvunin fer ekki fram úr vissu marki. Slík sundurgreining er erfið og óheppileg, enda óþörf með öllu. Bezt mundi gefast að hafa hér hreinar línur, svipta þá menn ökuréttindum að fullu, sem fara með vélknúið ökutæki, þegar þeir eru undir áhrifum áfengis.

Umferðarslysin eru geigvænlega mörg og alvarleg. Af fréttum kemur fram, að mörg slysin stafa af ölvun ökumanns. Ég tel alveg víst, að þeim slysum mundi fækka, ef ákvæði þessa frv. verða í lög tekin. Menn munu yfirleitt telja sér mikils virði að hafa réttindi til bifreiðaaksturs, og færri en áður mundu leyfa sér að hreyfa ökutæki, þegar þeir hafa neytt áfengis, ef þeir ættu á hættu að missa ökuréttindi alla ævi fyrir þann verknað. Þegar núgildandi umferðarlög voru sett á þinginu 1957, bar ég fram brtt. um þetta efni. Hún var felld, en nú eru menn reynslunni ríkari.

Benda má á það, að þörf sé fleiri breytinga á umferðarl. En þó að svo sé, tel ég rétt að gera nú þegar þá lagabreytingu, sem frv. fjallar um. Verði sú breyting gerð, má telja vafalaust, eins og ég áður sagði, að umferðarslysunum muni fækka, og að því þarf að vinna.

Herra forseti. Mál þetta er ekki flókið eða margbrotið, og ég tel fullvíst, að hv. þm. sé vel ljóst efni frv., þótt ég hafi ekki um það fleiri orð. Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal ekki leggja dóm á það, hvort breyting sú á umferðarl., sem felst í frv. því, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur flutt og hér er til umr., mundi leiða til þess, að umferðarslysunum fækkaði verulega, ef að lögum yrði, eins og í grg. er að vikið. Mér þykir ekki ólíklegt, að það mundi hafa einhver áhrif og kannske meiri en minni, eins og önnur viðurlög fyrir gáleysi og ógætilegan akstur bifreiða. Hitt dylst mér ekki heldur, að fjölmargt fleira kemur til álita í sambandi við hið alvarlega og mikla vandamál að forða frá umferðarslysunum. Þar sem hér er um að ræða eitt þeirra vandasömustu mála þeirra tíma tækni og hraða, sem við lifum á, þykir mér rétt að fara um þetta mál nokkrum almennum orðum.

Hin tíðu og alvarlegu umferðarslys, sem valda mikilli sorg og tjóni, eru okkur öllum mikið áhyggjuefni. Það væri að bregðast skyldum sínum við samborgarana af hálfu þeirra, sem hafa forstöðu opinberra mála, sem hér um ræðir, að gera ekki hvað sem verða má til þess að koma í veg fyrir og draga úr hættum af hinum geigvænlegu umferðarslysum. Um leið og mér er ljóst, að margir hafa lagt mikið af mörkum, sem til góðs hefur leitt í sambandi við umferðarvandamálin, er hitt jafnvíst, að mikið er ógert og margt stendur enn til bóta. Ég hef gerzt svo djarfur að rita ávarp til aðvörunar almenningi um það að sýna varkárni og tillitssemi í umferðinni og jafnframt látið þess getið, að ég mundi sem dómsmrh. vilja beita mér fyrir umbótum á þessu sviði. Mér þykir ástæða til þess að gera nú í sambandi við þetta frv. nokkra grein fyrir ýmsum öðrum þáttum, sem máli skipta.

Það er rétt hjá hv. flm. þessa frv., að það fjallar aðeins um einn þátt umferðarmálanna, og út af fyrir sig kynni að mega rökstyðja það fyllilega að taka hann einan út úr til meðferðar, en að öllu athuguðu þykir mér þó réttara að fara nokkrum orðum almennt um málið.

Það mun hafa verið 3. marz 1955, að þáv. dómsmrh. skipaði svokallaða umferðarlaganefnd, og hlutverk n. var að gera till. um endurskoðun löggjafar um umferðarmál og bifreiðamál, svo og reglugerða um sömu málefni. Formaður n. var skipaður Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri í Reykjavík, en aðrir nm. voru skipaðir Benedikt Sigurjónsson, þá borgardómarafulltrúi, nú hrl., Geir Zoëga, vegamálastjóri þáv., Sigurgeir Jónsson, þá fulltrúi í dómsmrn. og nú bæjarfógeti, og Theódór Líndal, þá hrl., nú prófessor. Geir Zoëga lézt 1959 og Sigurgeir Jónsson lét af störfum í n. í ársbyrjun 1963. Í þeirra stað voru skipaðir þeir Ólafur Walter Stefánsson fulltrúi í dómsmrn. 5. jan. 1963 og Sigurður Jóhannsson vegamálastjóri 11. nóv. 1963. N. skilaði frv. til umferðarlaga ásamt grg. 31. ágúst 1956, og frv. var lagt óbreytt fyrir Alþ., og varð það lítið breytt að l. nr. 26 2. maí 1958. Þessi umferðarlaganefnd hefur samið einnig eftirtaldar reglugerðir: Reglugerð um stefnuljós á bifreiðum, staðfest 24. marz 1959, en síðan aftur afnumin 1964 vegna breyttra staðhátta, reglugerð um umferðarfræðslu í skólum, staðfest af menntmrn. 8. apríl 1960, reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o. fl., staðfest 12. apríl 1960, reglur um leigu á skráningarskyldum ökutækjum til mannflutninga án ökumanns, staðfestar 25. júlí 1960, reglugerð um gerð og búnað ökutækja o. fl., staðfest 15. maí 1964.

N. hefur jafnan fengið til umsagnar eða gert till. um breyt. á gildandi umferðarl., sem hafa átt sér stað frá því að umferðarl. voru hér til meðferðar 1956, þ. e. 1958, 1960 um breyt. á ákvæðum um ríðandi menn og 1965 um rétt heyrnleysingja til ökuskírteinis og um vátryggingafjárhæðir, eins og kunnugt er. Umferðarlaganefnd hefur auk þess fengið til umsagnar og athugunar ýmis önnur erindi varðandi umferðarlögin.

Í bréfi til dómsmrh., dags. 27. febr. 1965, taldi n., að reynslan hefði sýnt, að umferðarl. þarfnist nú endurskoðunar. Dómsmrh. fól n. með bréfi 31. maí s. l. að annast þessa endurskoðun. Hefur n. hafizt handa um þá endurskoðun, og var ýmsum aðilum, sem umferðarmál varða, ritað og þeir beðnir um að gera grein fyrir, hverra breytinga

þeir teldu þörf. Nauðsynleg forsenda fyrir lokum þessarar endurskoðunar var í upphafi talin m. a. sú, að niðurstöður rannsóknarnefndar umferðarslysa, sem skipuð var í árslok 1963, lægju fyrir, svo og að lokið væri samstarfi Norðurlandanna, sem Ísland hefur þó ekki tekið beinan þátt í, um endurskoðun umferðarreglna. Hafði verið látið í ljós, að álit samstarfsnefndar þessarar, Nordisk vägtrafikkomité, gæti legið fyrir í haust, en það hefur ekki borizt okkur enn. Auk framangreinds hefur n. skilað álitsgerð, sem var dags. 4. febr. 1965, um þær aðgerðir, sem nauðsynlegar væru, til þess að komið yrði á hægri handar umferð hér á landi, sbr. þál. frá 13. maí 1964, svo og yfirlitsáætlun um kostnað, sem því væri samfara. Eins og er vinnur umferðarlagan. ásamt Arinbirni Kolbeinssyni lækni, sem er formaður Félags ísl. bifreiðaeigenda, og Eiríki Ásgeirssyni, að samningu lagafrv. um hægri handar umferð og grg. með því frv., sbr. bréf dómsmrh. þar um frá 14. apríl s. l., og verður því starfi væntanlega lokið um næstu mánaðamót eða mjög bráðlega.

Um leið og það, sem nú er getið um umferðarlaganefnd, er haft í huga, er á það að líta, að gerðar hafa verið ýtarlegar samþykktir um umferðarnefndir í kaupstöðunum, þar sem fjölbýli er, og síðasta samþykkt af þessu tagi, um umferðarnefnd Reykjavíkur, mun vera frá 19. des. 1963. Í slíkum samþykktum, — og vitna ég þar sérstaklega til samþykktar Reykjavíkurkaupstaðar, — eru ýtarleg ákvæði um umferðarmálin og þau vandamál, sem þeim eru samfara. Slík n. er þannig skipuð: Í henni eiga sæti 5 menn, þ. e. lögreglustjórinn í Reykjavík, borgarverkfræðingurinn í Reykjavík og þrír menn kosnir af borgarstjórn til 4 ára í senn. Síðan annast sérstök deild í skrifstofu borgarverkfræðings dagleg störf í umferðarmálum á vegum höfuðborgarinnar. Í þessari samþykkt eru verkefni umferðardeildar nánar tilgreind, og leyfi ég mér að vitna til þess.

Það er í fyrsta lagi að annast tæknilegan undirbúning þeirra framkvæmda í umferðarmálum, sem borgarráð, umferðarnefnd og borgarverkfræðingur fela henni. Í öðru lagi að eiga frumkvæði að athugun þeirra umferðarmála, sem deildin sjálf telur aðkallandi að leyst verði, svo og að fjalla um ábendingar og tiltekin umferðarvandamál, er fram kunna að koma á fundi umferðarnefndar eða frá öðrum aðilum, og gera till. til umferðarnefndar um lausn þeirra. Ef mál er svo vaxið, að bæjarverkfræðingur geti á eindæmi sitt afgreitt málið, skulu till. gerðar til hans. Í þriðja lagi að láta í té hvers konar aðstoð og upplýsingar við skipulagningu nýrra borgarhverfa og endurskipulagningu eldri hverfa. Í fjórða lagi að halda uppi stöðugri rannsókn á umferðarmálum borgarinnar, umferðarkönnun. Í fimmta lagi að fylgjast með hvers konar nýjungum í umferðarmálum, bæði hérlendis og erlendis. Í sjötta lagi að hafa með höndum rekstur bifreiðastæða og stöðumæla, svo og að hafa eftirlit með uppsetningu og viðhaldi umferðarmerkja. Í áttunda lagi að halda uppi stöðugri fræðslu um umferðarmál fyrir almenning, einkum þó að sjá um hagnýta umferðarfræðslu í skólum. Og loks að leysa önnur þau verkefni varðandi umferðarmál, sem deildinni verða falin af borgaryfirvöldum.

Eins og menn sjá af þessu, er víða við komið og hér eins og annars staðar við að eiga einhver umfangsmestu og erfiðustu vandamál hvers vaxandi borgarfélags og bæjarfélags eða þar sem fjölmenni er, ekki síst þegar höfð er í huga sú mikla tækniþróun, sem jafnframt á sér stað varðandi þau farartæki eða vélknúnu tæki, sem um er að ræða, bifreiðarnar fyrst og fremst.

Það er ekki nýtt, að umferðarmálin hafi verið okkur áhyggjuefni og vandamál, og 13. nóv. 1963, skömmu áður en ég tók við embætti dómsmrh., skipaði þáv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, þá rannsóknarnefnd umferðarslysa, sem ég vék stuttlega að áðan. Henni var falið það verkefni að rannsaka orsakir hins sívaxandi fjölda umferðarslysa og gera till. um ráðstafanir til úrbóta. N. var veitt heimild til þess að leita aðstoðar þeirra embættismanna og stofnana, sem að liði mættu verða við úrlausn einstakra atriða í sambandi við verkefni þetta. Í n. voru skipaðir Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri, sem var formaður n., Sigurður Jóhannsson vegamálastjóri, Gestur Ólafsson forstöðumaður bifreiðaeftirlits ríkisins, Jóhannes Briem, stud. oecon fyrir Slysavarnafélag Íslands, Arinbjörn Kolbeinsson læknir fyrir Félag ísl. bifreiðaeigenda, Einar Ögmundsson bifreiðastjóri fyrir Landssamband vörubifreiðastjóra og Bergsteinn Guðjónsson bifreiðastjóri fyrir Bifreiðastjórafélagið Frama.

Skömmu eftir að n. hafði verið fullskipuð, tók hún að vinna að rannsókn þeirri, sem henni var falin, og var á fyrstu nefndarfundunum rætt um verkefnið almennt og starfshætti n. Ákveðið var að afla eins víðtækra upplýsinga og frekast væri unnt um umferðarslys og óhöpp, sem átt hafa sér stað hér á landi s. l. 3 ár, ef draga mætti ályktanir út frá þeim upplýsingum um helztu orsakir slysanna. Jafnframt var ákveðið að afla ýtarlegra upplýsinga, er verða mættu til leiðbeiningar um ráðstafanir til úrbóta. Var m. a. ákveðið að afla upplýsinga um fjölda og gerð ökutækja og fjölgun þeirra á síðari árum hér á landi, vegamál, löggæzlumál, dómsmeðferð í umferðarmálum, fræðslustarfsemi o. s. frv.

Þegar í upphafi þótti sýnt, að rannsókn þessi yrði að vera allumfangsmikil, ef hún ætti að geta orðið að nokkru gagni, og nm. lögðu á það mikla áherzlu, að nauðsyn bæri til að fá öflugt starfslið til þess að vinna að rannsóknunum, og tóku það skýrt fram, að þeir væru hver um sig störfum hlaðnir fyrir, gætu þeir því ekki eytt daglega tíma til rannsóknarstarfanna. Reynt var að fá starfsmenn fyrir n. til þess að standa fyrir rannsóknarstörfum, en enginn hæfur maður var á lausum kili fyrst í stað. Stóð svo þar til s. l. vor, að Jóhannes Briem stud. oecon. var ráðinn sem fastur starfsmaður n. í sumarleyfi hans frá háskólanámi.

Í byrjun ársins 1964 tóku nm. að afla upplýsinga frá Slysavarðstofu Reykjavíkur um umferðarslys, sem þangað komu til meðferðar. Jafnframt var rætt við tryggingarfélög og aðra aðila, sem upplýsingar geta gefið um umferðarslys. Formaður n. lét tvo lögreglumenn taka saman

yfirlit um árekstra og umferðarslys í Reykjavík á árunum frá 1960—1963. Kom í ljós þegar í upphafi þessa starfs, að úrvinnsla úr gögnum umferðardeildar rannsóknarlögreglunnar er nær óvinnandi verk vegna þess m. a., hve skýrslur eru umfangsmiklar og lestur þeirra tímafrekur. Var þá horfið að því ráði að vinna úr frumgögnum umferðardeildar lögreglustjóraembættisins. Yfirlitsgerð þessi kostaði margra mánaða vinnu. En þegar yfirlitið var lagt fyrir slysarannsóknarnefndina, voru nm. á eitt sáttir um það, að nauðsyn bæri til að afla til muna víðtækari upplýsinga en fram koma í yfirlitinu. Þótti m. a. nauðsynlegt að afla upplýsinga frá stöðum utan Reykjavíkur, svo og upplýsinga um ýmis atriði, sem naumast er unnt að fá nema gegnum skýrsluvélar.

Í byrjun ársins 1965 ákvað slysarannsóknarnefndin að láta fara fram tölfræðilega rannsókn á öllum umferðarslysum í landinu á árunum 1962—1964. Lét n. útbúa sérstök skýrslueyðublöð til notkunar við söfnun upplýsinga í þessu skyni, svo og leiðbeiningar við færslu skýrslnanna. Sendi dómsmrn. síðan öllum lögreglustjórum landsins umburðarbréf, þar sem þess er óskað, að eyðublöðin verði útfyllt og upplýsingar sendar rannsóknarnefndinni, svo fljótt sem unnt er, og hafa skýrslur þegar borizt frá allmörgum lögsagnarumdæmum, en frá öðrum munu þær koma alveg á næstunni. Í Reykjavík hefur verið unnið að þessari skýrslugerð frá því á s. l. vori af ýmist 3 eða 4 mönnum undir stjórn Jóhannesar Briems. Mum því verki lokið nú mjög bráðlega, og byrjar þá úrvinnsla í skýrsluvélum.

Slysarannsóknarnefndin lætur í ljós í þessu stutta yfirliti, sem ég hef vitnað til frá henni, að hún geti skilað ýtarlegu nál. á fyrri hluta næsta árs. En þetta yfirlit var mér gefið í byrjun októbermánaðar, 4. okt. Hún telur, að þar muni verða að finna mikilvægar tölfræðilegar upplýsingar um umferðarslys og árekstra hér á landi á árunum 1962—1964, sömuleiðis upplýsingar frá tryggingafélögunum um fjölda tjóna, greiddar tjónabætur o. s. frv., upplýsingar samkv. örorkuskýrslum Tryggingastofnunar ríkisins, svo og upplýsingar samkv. skýrslum slysavarðstofu, enn fremur verða meginkaflar um vegamál, umferðarlöggjöf, fræðslu og áróður og tillögur nefndarinnar um ráðstafanir til úrbóta.

Eftir að mér hafði borizt yfirlit það, sem ég nú hef vitnað til, hvað liði störfum þessarar umferðarslysanefndar, átti ég tal við formanninn og lagði áherzlu á, að n. gæti hraðað sem mest störfum og skilað áliti sem allra fyrst. Síðan átti ég fund með n. 9. okt. s. l. ásamt starfsmönnum mínum, sem að þessum málum vinna einkum í dómsmrn. Þar voru málin rædd ýtarlega og greinilegt, að um mjög margþætt og mikið verkefni var að ræða. Hef ég ekki séð ástæðu til að rekja það á þessu stigi málsins opinberlega, en talið eðlilegt, að það biði þess tíma, að nál. lægi fyrir. Hins vegar hef ég lagt á þessum fundi áherzlu á það við umferðarslysanefndina, að hún sundurliði verkefni sitt og reyni að skila sem allra fyrst tilteknum till., sem hægt væri að taka þegar til úrbóta á þessu sviði, þó að önnur verkefni, sem lengur tekur þó að framkvæma, mættu bíða. Koma þá að sjálfsögðu til athugunar og álita einstakir þættir þessa máls, eins og þetta frv., sem hér liggur fyrir, fjallar um.

Í sambandi við þær umr., sem ég átti við n. um þetta mál, bar nokkuð á góma skipun n. um endurkröfurétt á hendur þeim, sem talinn er eiga sök á tjóni, sem vátryggingarfélög hafa bætt, sbr. ákvæði þar um í 76. gr. umferðarlaga. En það er gert ráð fyrir því í umferðarl., að ef vátryggingarfélögin bæta tjón, geti þau undir vissum kringumstæðum átt endurkröfurétt á hendur þeim, sem valdið hefur tjóninu. Segir um það í 73. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Nú hefur viðurkennt vátryggingarfélag, sbr. 70. gr., greitt bætur samkv. framangreindu, og á það þá endurkröfurétt á hendur hverjum þeim, sem valdið hefur slysi eða tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.“

Er enginn vafi á því, að fjölmikið af þeim slysum, sem stafa af ölvun við akstur, mundi vafalaust falla undir það að vera af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Þessi endurkröfunefnd hefur ekki komið til framkvæmda og eru ýmsar ástæður til þess. Það er svo ákveðið, að dómsmrh. á að skipa formann n., en fulltrúar eiga svo að vera í n. frá vátryggingarfélögum, landssambandi bifreiðaeigenda, ef til er, og þannig gert ráð fyrir, að hún sé skipuð fulltrúum frá þeim aðilum, sem málið snertir mjög. Ég hef í samræmi við ábendingar frá umferðarslysanefnd haft mjög til athugunar að koma þessari n. á laggirnar, leitaði um það samráðs og álits þess prófessors, sem fjallar um þennan þátt lögfræðinnar í háskólanum, og vonast til þess á næstunni að geta komið því til leiðar, að þessi n. taki til starfa. En það getur þó vel komið til athugunar, að eitthvað þyki nauðsynlegt að breyta lagafyrirmælum til þess að tryggja örugga framkvæmd þessara mála. En ég get búizt við því, að það geti haft verulega mikil áhrif í sambandi við umferðarslysin, að menn geri sér fulla grein fyrir því og á það reyni, að þeir, sem valda slysum af gáleysi, stórkostlegu gáleysi eða ásetningi, geti ekki búizt við því að sleppa skaðlaust af því, enda þótt bílar þeirra séu vátryggðir.

Þá vil ég geta þess, að eitt af því, sem hefur blandazt allverulega inn í umr. um þetta mál, er skjótari meðferð umferðarmála, sem menn eru nokkuð almennt sammála um að gæti leitt til góðs og haft góðar verkanir, ef því væri hægt að koma fyrir með betri hætti en nú er, að menn missi ökuskírteini sín þegar í stað og séu sviptir þeim alltaf að jafnaði til bráðabirgða, og að öðru leyti stuðlað að því með annarri og skjótari meðferð dómsmála en nú er að fá málunum lokið sem allra fyrst. Um þetta hef ég átt sérstakan viðræðufund þann 9. okt. s. l. við þá aðila, sem hér eiga sérstaklega hlut að máli, sem eru yfirsakadómarinn í Reykjavík, lögreglustjórinn í Reykjavík og svo saksóknari ríkisins, og hafa þessir embættismenn nú til meðferðar ásamt öðrum embættismönnum úr dómsmrn. eða í samráði við ráðuneytisstjórann að gera till. til ráðh. um umbætur á sviði þessara mála að því er snertir meðferðina og hraða dómsmálanna. Það

mundi að öðru jöfnu að mínu áliti einnig geta haft veruleg áhrif um almennar úrbætur á þessu sviði, því að umferðarmálin eru ákaflega mörg og hafa hlaðizt upp í embættunum og ekki afgreidd svo fljótt sem skyldi, en ef hægt væri að tryggja skjótari afgreiðslu þeirra, mundi það líka hafa áhrif til góðs á afgreiðslu annarra dómsmála og skjótari meðferð þeirra.

Ég vil leyfa mér að minna á það í þessu sambandi, að meðferð dómsmála, sérstaklega hraði þeirra, hefur verið nokkurt umræðuefni hér á Alþingi bæði fyrr og síðar, og 1964 var samþ. þál., þar sem því var beint til dómsmrh. og ríkisstj. að athuga umbætur á þessu sviði. Ég skrifaði svo öllum dómurum landsins á s. l. ári, þar sem lagður var grundvöllur að því, að allsherjarskýrslur yrðu teknar upp um meðferð dómsmálanna. Þá var miðað við árin 1961, 1962 og 1963. Ég taldi nauðsynlegt að reyna að fá greinargott yfirlit um gang málanna, sem gæti orðið nægjanlega traustur grundvöllur undir ráðagerðir til úrbóta, hvort sem það væri á sviði löggjafarinnar sjálfrar eða framkvæmdarinnar einnar. Ég fól þá Sigurði Líndal hæstaréttarritara að taka að sér úrvinnslu þessara skýrslna, eftir því sem þær bærust dómsmrn. Nú hafa þessar skýrslur borizt frá dómurunum og öllum hlutaðeigandi embættum landsins. Hitt skal ég að vísu játa, að mér þótti það ganga nokkuð seint, en á það er að líta, að hér voru engar skýrslur fyrir hendi og alger frumvinnsla á þessu sviði, sem um var að ræða.

Ég tel eðlilegt, að þegar athugun þessara skýrslna, sem eru mjög ýtarlegar, liggur fyrir um þetta þriggja ára tímabil, þá verði þeim haldið áfram fyrir árin 1964 og 1965 o. s. frv., annaðhvort í því formi, sem upphaflega var til stofnað, eða þá með endurbættu formi, sem reynslan af þessari fyrstu skýrslugerð gæfi til kynna að heppilegt mundi vera.

Mér er einnig kunnugt um það, að Dómarafélag Íslands, sem nýlega hefur verið á ráðstefnu hér í Reykjavík og heldur sínar ráðstefnur að jafnaði annað hvort ár og stundum oftar, hefur mikinn áhuga fyrir umbótum á þessu sviði, og átti ég þess kost að ræða það nokkuð á þessari ráðstefnu Dómarafélagsins, og vildi ég mega vænta þess, að með þessum grundvelli, sem hér er fenginn í þessari skýrslugerð, sé að finna nægilega traustan grundvöll til þess að byggja tillögur til úrbóta á.

Inn í þessa almennu skýrslugerð og rannsókn, sem ég hef vikið að, var sérstaklega tekinn málaflokkur, umferðarmál og áfengismál í sambandi við það.

Ég hef nú vikið að nokkrum þáttum hinna vandasömu umferðarmála aðeins til þess að gefa yfirlit yfir það, hvernig að undanförnu hefur verið að þessum og skyldum málum unnið. Það er ekki vegna þess að ég vilji með nokkru móti draga úr framgangi einstakra tillagna, sem fluttar kynnu að verða hér á þingi og hér liggja fyrir í þessu frv., en fyrir þá n., sem fengi málið til meðferðar hér í þinginu, taldi ég þó nauðsynlegt að hafa gefið yfirlit um, að það eru vissir aðilar þarna, sem gæti verið mikill vinningur að því að hafa tengsl við og samráð við, bæði umferðarlaganefnd, umferðarslysanefndin og dómsmrn., áður en frá afgreiðslu málsins af hálfu n. er gengið, og er ég auðvitað reiðubúinn til allrar þeirrar samvinnu og fyrirgreiðslu, sem ég af minni hálfu get í té látið við nefndina.

Ég vildi mega vona, að við endurskoðun laga og reglugerða, sem nú er unnið að, og endurskoðun á framkvæmd mála og þegar fyrir liggur rannsókn umferðarslysanefndarinnar eða tillögur til bráðabirgða, sem ég hef sérstaklega óskað eftir, þá komi fram ný viðhorf til umbóta, og vissulega er þeirra hin fyllsta þörf.

Ég vil til þess að fyrirbyggja allan misskilning sannarlega ekki draga úr neinum þeim till., sem gætu orðið til bóta og öryggis í umferðarmálunum og fram koma frá einstökum þm. Ég vona, að með samstilltum áhuga og dugnaði þeirra, sem um þessi mál fjalla bæði af hálfu ríkisins og sveitarfélaga, megi takast að ná árangri, sem leiði til góðs og vaxandi öryggis okkar.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur flutt hér skýrslu um athuganir, sem fram hafa farið að undanförnu á umferðarmálunum. Hann gat um þá n., sem skipuð var fyrir 10 árum til að athuga þessi mál, svokölluð umferðarlaganefnd, og skýrði frá því, hvað hún hefði gert, og þar kom fram, að hún hefur margt gert og margt athugað, en ég varð ekki þess var, að nokkuð af því, sem hann þar nefndi, snerti ákvæði þessa frv., sem ég hef hér lagt fram, ekki neitt. Enn er fjöldi drukkinna ökumanna í umferð og dauðinn í fylgd með þeim, þrátt fyrir 10 ára starf umferðarlaganefndarinnar.

Hæstv. ráðh. nefndi einnig rannsóknarnefnd umferðarslysa frá 1963. Það þarf enga nefnd til að athuga slysin, sem drukknir ökumenn valda, og gera skýrslur um þau. Það er nóg fyrir okkur að lesa blöðin til að fá vitneskju um þau stórslys, er þeir valda. Þeir eru mjög margir, því miður, og það er brýn þörf, mjög brýn þörf að taka þá úr umferð, eftir því sem hægt er, hvað sem líður öðrum breytingum á umferðarlögunum. Og um þetta er frv. mitt og ekki um nein önnur atriði umferðarlaganna. En ég skal taka undir með hæstv. ráðh. um það, að víst getur verið ástæða til að gera ýmsar aðrar breytingar á þeim.

En í sambandi við þetta frv., sem ég hef flutt og snertir þennan eina lið og er þess vegna mjög einfalt og þarfnast ekki skýringa í löngu máli, er ástæða fyrir menn að spyrja um ýmislegt þessu viðkomandi, t. d. hverjum er gerður greiði með því að láta ölvaða ökumenn leika lausum hala hér eftir sem áður og valda banaslysum, meiðslum á fólki og gífurlegu efnahagslegu tjóni? Hvaða ástæða er til að fresta því að taka ákvörðun á þingi um mál sem þetta? Á að bíða eftir fleiri stórslysum af völdum drykkjumanna? Ég veit, að fjöldi manna lítur svo á, að áhrifaríkasta ráðið til að vinna gegn akstri drukkinna manna sé það, sem frv. þetta hefur að geyma. Þess vegna er rétt að reyna það ráð nú þegar.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég hafði naumast búizt við slíkum undirtektum undir mitt mál eins og fram kom hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG). Mér finnst það vera nokkuð mikið ábyrgðarleysi, þegar varpað er fram þeirri spurningu hér, hvaða ástæða sé til þess að láta ölvaða ökumenn leika lausum hala, eins og það sé einna helzt mitt verk sem dómsmrh. að láta það líðast, að slíkir menn leiki lausum hala. Við höfum á þessu tvennar skoðanir. Ég tel málið mjög alvarlegt mál ekkert síður en hann og þess eðlis, að það þurfi mjög gaumgæfilegrar athugunar.

Ölvun við akstur er ekki eins einfalt mál og hv. þm. vildi vera láta, og það á sér miklu dýpri rætur í ýmsum greinum þjóðlífsins en við gerum okkur að jafnaði grein fyrir, — heimilisástæðum, uppeldi, fjölskylduástæðum og öðru slíku, og það er nóg ógæfa margra, sem hafa lent út á þjóðlífshjarni á þessu sviði, þó að ekki sé haft neitt í flimtingum um þetta mál. Ég vil ekki undir nokkrum kringumstæðum, að mál mitt misskiljist þannig, að ég vilji draga úr því, að hart sé tekið á því, ef menn valda tjóni og slysum ölvaðir í umferðinni, og ég held, að það sé ekki nokkur minnsta ástæða til þess að ætla, að það séu neinir hér, sem séu með neina linkind á því sviði. Hitt veit ég, að þeir, sem um þessi mál hafa fjallað, vita, að þau eru nokkuð viðurhlutamikil, og aðalatriðið fyrir okkur er að forðast slysin, að koma í veg fyrir þau. Það er ekki einhlítt, að það sé hægt að gera það eða verði búið að gera það, þó að ökuleyfi sé tekið af mönnum, eins og kunnugt er. Þar fyrir getur vel verið, að það væri réttara að herða viðurlögin, þ. e. a. s. að taka skilyrðislaust og ævilangt ökuleyfi af mönnum, sem hafa verið ölvaðir við akstur, en þó held ég, að það komi upp ýmsar og margar myndir í sambandi við þetta mál, sem séu nokkuð erfiðar úrlausnar.

Það er margt annað, sem hér kemur þá til álita, t. d. þau ákvæði í umferðarlögunum, sem við höfum nú og eru kannske alls ekki einhlít í þessu. Menn mega aka með eitthvert áfengi í blóðinu, en ekki yfir 0.5‰, og verða þá að sæta einhverjum viðurlögum, ef það sannast á þá. Ef þetta áfengismagn fer upp í 1.2‰ eða meira, þá eru viðurlögin þyngri. En ekki nokkur einasti maður, held ég, veit um það, hvort hann er með 0.5 eða 1.2‰ af áfengi í blóðinu.

Ég teldi langæskilegast, eins og ég sagði, og ég efast ekki um, að það er vilji okkar allra hér, að ný ákvæði, sem sett yrðu af þinginu núna á þessu sviði, væru virkilega til þess fallin að koma til raunhæfra úrbóta til þess að tryggja eða draga úr þessum geigvænlegu umferðarslysum, og ég get ekki skilið, að nokkur þm. vilji á nokkurn hátt hafa við það að athuga eða draga úr því, að við slíkar ákvarðanir sé reynt að hafa beztu manna yfirsýn og byggja á grundvelli þeirra rannsókna, sem fram hafa farið, og þeirrar reynslu, sem nánast liggur fyrir um jafnalvarlegt mál.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að ræða þetta frv. að þessu sinni, heldur aðeins leita upplýsinga hjá hæstv. dómsmrh. um eitt atriði, sem snertir þetta mál. Eru til einhverjar reglur um það, hvenær skuli birta nöfn manna, sem brjóta lög, eða eru þær engar til. Ég minnist þess ekki að hafa nokkurn tíma séð birt nöfn manna, sem hafa reynzt sannir að því að vera ölvaðir við akstur. Ég man hins vegar eftir því að hafa séð nöfn ýmissa brotlegra manna, sem hafa brotið af sér gagnvart öðrum lögum. Eru þessar reglur til eða eru þær engar til? Og ef þær eru til, hverjar eru þær þá?

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það er misskilningur hjá hæstv. dómsmrh., ef hann heldur, að ég hafi viljað skella sök á hann sérstaklega í þessu máli, sem frv. mitt fjallar um, enda kom ekkert fram, sem gaf bendingu í þá átt, í ræðu minni um málið. Það eru ný lagaákvæði, sem ég tel að þurfi að setja, og um það er frv. mitt.

Mér þótti gott að heyra það, sem hæstv. ráðh. sagði, að hann teldi víst, að allir hv. þm. vildu gera það, sem mögulegt væri, til þess að koma í veg fyrir umferðarslysin, og ég vænti þess, að það reynist þannig, að menn komist við nánari umhugsun að þeirri niðurstöðu, að það sé rétt að samþ. frv. mitt hið allra fyrsta. Svo getum við á eftir talað um aðrar breytingar, sem þörf er að gera á umferðarlögunum. En þetta tel ég langþýðingarmest, að þessi breyting verði gerð hið allra fyrsta.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Hv. 3. þm. Vestf. (SE) spurði um það, hvort einhverjar reglur væru um birtingu á nöfnum þeirra manna, sem hefðu verið teknir ölvaðir við akstur. Um þetta eru mér vitanlega engar sérstakar reglur. Blöðin, sem eru gefin út frjáls hér á landi, ráða mestu um þetta sjálf. Það hefur oft verið varpað fram því, að það ætti að skylda þau til þess að skýra frá nöfnum í sambandi við umferðarslys. Ég fyrir mitt leyti sé ekki nokkra ástæðu til þess að halda yfir þessu nokkurri leynd og tel sjálfsagt, eins og hv. þm. líka, að það gæti orðið til bóta, að það yrði tekinn upp sá siður, annaðhvort af frjálsum vilja í samvinnu milli blaða og dómstóla eða þá með þvingunarráðstöfunum, ef annað fæst ekki.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 8. fundi í Nd., 28. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. allshn., á þskj. 381, var útbýtt 28. marz, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

9. Jafnvægi í byggð landsins.

Á 3. fundi í Nd., 14. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um sérstakar ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins [24. mál] (þmfrv., A. 24).

Á 5. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Nd., 25. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Enn flytjum við 6 þm. Framsfl. í þessari hv. deild frv. til l. um sérstakar ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og enn í meginatriðum með sama sniði og áður, þó að sumum ákvæðum hafi verið breytt nokkuð til samræmis við nýtt tímatal og vaxandi þörf. Ég hef oft áður hér á hinu háa Alþingi vikið að þessu vandamáli, sem er tilefni þessa frv., og mun ekki flytja langa framsöguræðu að þessu sinni. En þetta vil ég segja í upphafi máls míns: Því aðeins getur Ísland haldið áfram að vera sjálfstætt ríki, að Íslendingar haldi áfram að byggja land sitt. Við Íslendingar erum um þessar mundir ekki nema 190 þús. manns. Meira en helmingur þessarar litlu þjóðar hefur nú safnazt saman á því takmarkaða svæði, sem skipulagsfræðingar höfuðborgarinnar kalla Stór-Reykjavík. Hér er að skapast tiltölulega fjölmennasta borgarsvæði í heiminum miðað við þjóðarstærð. Þróunin virðist stefna í þá átt, að á þessu svæði vaxi upp stórborg með næstum óvæntum hraða og aðdráttarafl þessarar stórborgar eyði allri annarri landsbyggð að meira eða minna leyti, en sjálf bíði hún tjón af. Þessi örfámenna þjóð getur ekki gert tvennt í senn, að byggja stórborg með hraða og halda áfram að byggja landið og efla landsbyggð sína.

Við, sem stöndum að flutningi þessa máls, viljum ekki hindra eða ákveða bústaðaskipti fólks með lagaboði eða binda menn við átthaga sína. Það er æskilegt, að fólk ráði sjálft búsetu sinni. Við viljum fara aðra leið. Við viljum fá þjóðfélagið til að leggja sig nú fram af alefli og með nýjum hætti, eins og gert hafa sumar aðrar þjóðir í seinni tíð, til þess að bæta úr því, sem á skortir, til þess að hin dreifða landsbyggð til sjávar og sveita verði fýsilegri til búsetu en mörgum þykir hún nú vera. Þetta viljum við að þjóðfélagið geri í samráði og samstarfi og svo sem unnt er að fengnu frumkvæði hinna einstöku landshluta og byggðarlaga og jafnframt sé skipulega að því unnið að opna augu manna fyrir nýjum möguleikum og skapa aukinn skilning á hinum dreifðu landsgæðum og auðlindum, öllu því, sem þetta fagra, heilnæma og kostaríka framtíðarland getur boðið börnum sínum. Sér í lagi teljum við, að bregða þurfi skjótt við, þar sem eyðingarhættan er á næsta leiti, en í hlut eiga lífvænleg byggðarlög, og að þjóðfélagið verði, svo sem unnt er og hagkvæmt, að beita áhrifum sínum í jafnvægisátt í sambandi við stofnun meiri háttar atvinnutækja og aðrar stofnanir, sem það á hlut að. Við teljum, að hér þurfi mikið fjármagn til að koma og á sem skemmstum tíma og hér verði að koma upp, svo sem fordæmi er fyrir meðal grannþjóða, sjálfstæðri og öflugri þjóðfélagsstofnun, jafnvægis- eða landsbyggðarstofnun, til að sjá um, að þetta fjármagn fái þann skapandi mátt, sem því er ætlað að hafa, og í því sambandi nauðsynlegar framtíðaráætlanir.

Við leyfum okkur að leggja til, að ríkið láti 2% af árlegum tekjum sínum skv. ríkisreikningi renna í jafnvægissjóð þann, sem gert er ráð fyrir að stofna, en það svarar til 70—75 millj. kr. á ári, miðað við núgildandi fjárl. og fjárlagafrv. það, sem fyrir þinginu liggur. Við leggjum enn fremur til, að jafnvægisnefnd verði næstu 5 ár heimilað að taka ríkisábyrgðarlán til starfsemi sinnar og að slík lántaka megi nema allt að 200 millj. kr. á ári. Er þá haft í huga, að lánsfé þetta geti numið tvöföldum tekjum sjóðsins og að verðbólga er í landinu. Að sjálfsögðu verður að gera ráð fyrir, að stjórn landsins, hver sem hún verður á hverjum tíma, veiti þann stuðning, sem með þarf við öflun lánsfjármagnsins.

Samkv. frv. hefur sjóðurinn og jafnvægisstofnunin í heild 7 manna þingkjörna stjórn, sem heldur mánaðarlega fundi, en ræður sér að öðru leyti starfskrafta til að fylgjast með byggðaþróuninni og til að framkvæma nauðsynleg rannsóknarstörf og áætlanagerð eða hagnýta rannsóknir og áætlanir annarra ríkisstofnana, sem að gagni koma á þessu sviði. En í frv. er jafnframt gert ráð fyrir því, að þróunin geti orðið sú, að einstakir landshlutar taki áætlunargerðina og uppbygginguna að meira eða minna leyti í eigin hendur hver á sínu svæði og fái til þess eðlilegan hluta af heildarfjármagni jafnvægissjóðsins. Við gerum ráð fyrir, að jafnvægisstofnunin ráðstafi fjármagni sínu einkum í formi útlána og ákveði sjálf lánskjör, en þó geti hér einnig, með nánar tilteknum skilyrðum, verið um óafturkræf framlög að ræða og að meðeign jafnvægissjóðsins í atvinnufyrirtækjum komi til greina, ef sérstaklega stendur á. Jafnvægislán skv. frv. eru því skilyrði bundin, að aðrir lánsmöguleikar hafi verið fullnýttir, og sams konar reglur mundu að sjálfsögðu gilda um framlög. Það er ekki ætlunin, að hinar almennu lánastofnanir eða fjárveitingarvaldið geti dregið sig í hlé með því að vísa á jafnvægissjóðinn. Honum er ætlað að leggja til síðustu þúsundirnar, ef svo mætti segja, og fjármagn, sem ella mundi ekki fást, ef stjórn hans telur það rétt og í samræmi við gerðar áætlanir. Hið almenna skilyrði og frumskilyrði fyrir fjárhagslegri aðstoð af jafnvægisfjármagni er, að hún sé í samræmi við tilgang laganna skv. 1. gr. frv., þ. e. a. s. til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim landshlutum, þar sem bein eða hlutfallsleg fólksfækkun hefur átt sér stað undanfarið eða er talin yfirvofandi. Er þá auðvitað ekki átt við eitt og eitt ár, heldur lengri tíma.

Ég leyfi mér að vekja sérstaka athygli á 16. gr. frv., sem hljóðar svo: „Þegar komið er upp atvinnufyrirtækjum með fjárhagslegum stuðningi ríkisvaldsins, skal ríkisstj. leita álits jafnvægis-

nefndar um staðsetningu þeirra.“ Það er fráleitt, að ríkisvaldið vinni á móti sjálfu sér í þessu máli með því annars vegar að leggja fram jafnvægisfjármagn, en hins vegar að stuðla að því að nauðsynjalausu, að jafnvægi sé raskað með staðsetningu atvinnufyrirtækja. En í sambandi við þetta eru nú ljótar blikur á lofti.

Í öðru lagi leyfi ég mér að vekja athygli á bráðabirgðaákvæði frv., sem fjallar um að gera bráðabirgðaáætlun um sérstaka aðstoð við þau byggðarlög, sem dregizt hafa aftur úr eða yfirvofandi hætta er á að dragist aftur úr frá því, sem almennt er, að því er varðar aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega, eða fari í eyði að verulegu eða öllu leyti, enda séu þar vel við unandi atvinnurekstrarskilyrði frá náttúrunnar hendi.

Varðandi efni frv. að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til texta þess á þskj. 24 og grg., sem fylgir því á sama þskj., svo og til umr. um jafnvægismálið á fyrri þingum.

Jafnframt leyfi ég mér að vekja athygli hv. þm. á tölum þeim um röskun mannfjöldajafnvægisins á síðustu 24 árum, sem birtar eru í grg. Fólksfjöldinn í landinu var í árslok 1940 rúml. 121 þús., en í árslok 1964 rúml. 190 þús. Fólksfjölgunin á þessum 24 árum er því nálega 69 þús. eða 56.6%. Meðalfjölgunin var 56.6%. En í 4 landshlutum, þ. e. a. s. á Austurlandi, Norðurlandi, Suðurlandi austan fjalls og Vesturlandi sunnan Gilsfjarðar, var fjölgunin minnst, aðeins 6.8%, og mest ekki nema 28.8%, á sama tíma og í einum landshluta, þ. e. a. s. á Vestfjörðum, var bein fólksfækkun um 18.7%. En í Kjalarnesþingi vestan fjalls var fólksfjölgunin á sama tíma 127.6%. Í 6 samliggjandi sveitarfélögum á hinu svonefnda Stór-Reykjavíkursvæði áttu heima 1. des. s. l. 97700 manns eða rúmlega helmingur allrar þjóðarinnar. Áframhaldandi þróun í þessa átt er engum til góðs. Hún stofnar landsbyggð í hættu, og hún er líka varhugaverð fyrir hið litla landssvæði, sem aðallega tekur við fólksfjölguninni. Höfuðborgin óskar ekki eftir þessari þróun. Hún hefur ekki heldur ástæðu til þess. En hin mörgu dreifðu byggðarlög og heilir landshlutar, sem verjast í vök, óttast hana. Þar lamar hún framtíðarvonir og framkvæmdaþrótt. Jafnvel höfuðstaður Norðurlands, Akureyri, hélt ekki sinni eðlilegu fólksfjölgun á síðasta áratug og ekki á árinu sem leið.

Okkur Íslendingum þykir vænt um hina fríðu höfuðborg. Það er mikils vert, að höfuðborginni og þeim, sem hana byggja, vegni vel og að hún geti rækt hlutverk sitt sem stjórnaraðsetur, menntamiðstöð og aflvaki á ýmsum sviðum þjóðfélagsins En Íslendingar búsettir að mestu eða öllu í einni stórborg yrðu ekki sama þjóð og Íslendingar búsettir um allt Ísland. Landsbyggðin og tilvera hennar heldur við áhuganum fyrir landinu, landssiðum og þjóðlegri menningu. Stórborg, sem hefur ekki samband við trausta landsbyggð í eigin landi, hlýtur í vaxandi mæli að tileinka sér viðhorf þeirra erlendu þjóða, sem þar hafa greiðastan aðgang. Kynni borgarbúa af óbyggðu ættlandi verða svipur hjá sjón samanborið við kynni hennar af byggðu landi. Reynslan sannar líka, þótt ég ræði það ekki nánar hér, að víða um hinar dreifðu byggðir Íslands nýtast náttúrugæði og vinnuafl mjög vel í þjóðarbúskapnum og líklega hvergi betur.

Það er ekki vert að loka augunum fyrir þeim möguleika, að framandi fólk, sem býr við landþrengsli og takmarkaða atvinnu, kunni á komandi árum að renna hýru auga til náttúrugæða og landrýmis hér, ef stórir landshlutar yrðu lítt eða ekki byggðir landsins börnum. En hvað sem því líður, verður varla um það deilt, að með byggð og athafnasemi um land allt styrkja Íslendingar löglegan og siðferðilegan rétt sinn til landsins, hvað sem fyrir kemur, en veikja hann með því að leggja landið að meira eða minna leyti í eyði.

Satt er það, að erfitt er að stríða gegn straumi, og þó láta menn sér ekki í augum vaxa nú á tímum að breyta framrás fallvatna og beina þeim jafnvel inn á nýjar leiðir. Máttur véltækninnar gerir þetta mögulegt. Hví skyldi þá ekki þjóðfélagstækni vorra tíma geta stillt þann straum, sem ógnar landsbyggð Íslendinga svo mjög, að sjálf undirstaða sjálfstæðisins skelfur?

Kaupstaða- og kauptúnaráðstefnan, sem haldin var á Akureyri s. l. vor, bar vott um vaxandi viðnám í þeim landsfjórðungi, sem þar átti hlut að máli, gegn jafnvægisröskuninni. Fundarsamþykktir víða um land allt benda til hins sama. Blöð og tímarit landsmanna hafa nú undanfarið rakið fordæmi annarra þjóða á þessu sviði, og hví skyldum við Íslendingar, sem eigum meira í hættu vegna röskunar byggðajafnvægis en nokkur önnur þjóð, ekki telja þörf skipulegra og skjótra aðgerða á sama hátt og þær? Fullvíst má telja, að sveitarstjórnir og sýslunefndir um land allt séu nú reiðubúnar til samstarfs við ríkisvaldið til verndar landsbyggð og til að afstýra hættu. Landsbyggðin er landvörn Íslendinga. Aðrar þjóðir verja hlutfallslega miklu meira fé af ríkistekjum sínum til hervarna en hér er gert ráð fyrir í sambandi við hina friðsamlegu landvörn okkar Íslendinga.

Þegar þetta mál var til meðferðar hér í þessari hv. d. fyrir nálega 3 árum, samþykkti meiri hl. hv. þm. rökstudda dagskrá þess efnis, að frekari aðgerðir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins væru óþarfar, því að í lögum um atvinnubótasjóð frá 1962 væri ákveðið að verja 10 millj. kr. á ári til lánveitinga í þessu skyni. Þá leit út fyrir, að nefndarmeirihl. sá, sem fyrir þeirri samþykkt stóð, hefði ekki kynnt sér efni frv. Ég fjölyrði ekki um þá samþykkt, enda fer e. t. v. bezt á því, að um hana sé lítið rætt. Ég veit, að viðhorf til þessa máls hefur breytzt nokkuð frá því, sem það var fyrir 2 árum, og myndarlegar aðgerðir í þessum málum eiga stoð í þjóðarvilja. Sumir hæstv. ráðh. eru nú byrjaðir að tala um að stofna framkvæmdasjóð strjálbýlisins, sem þeir nefna svo. Við flm. þessa frv. erum að sjálfsögðu fúsir til samstarfs um breytingar á því, sem til bóta mættu verða. En löggjöf á þessu sviði og fjármagn til að framkvæma hana verður að vera í viðunandi samræmi við þann mikla vanda, sem hér er á ferð.

Ég legg svo til, herra forseti, fyrir hönd okkar flm., að frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjhn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv var ekki á dagskrá tekið framar.

---

10. Verkfræðiráðunautar ríkisins á Norður-, Austur- og Vesturlandi.

Á 3. fundi í Nd., 14. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um verkfræðiráðunauta ríkisins á Norður-, Austur- og Vesturlandi [25. mál] (þmfrv., A. 25).

Á 7. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Það er margra mál í seinni tíð, að of mikið af þeirri þjónustu, sem þjóðfélagið lætur í té á sinn kostnað, þurfi landsbyggðin að sækja á einn stað, þ. e. a. s. til höfuðborgarinnar, og að biðin eftir þessari þjónustu vilji þá stundum verða nokkuð löng og kunnugleiki ekki sem skyldi, svo og að það mundi út af fyrir sig vera til ávinnings fyrir landsbyggðina, ef þeim þjónustukröftum, ef svo mætti segja, sem hér er um að ræða, væri meir dreift um landið, starfsmenn og stofnanir staðsettar víðar um landið en nú er. Þennan formála vil ég hafa fyrir máli mínu, en því næst gera grein fyrir því, að þetta frv., sem hér liggur fyrir um verkfræðiráðunauta ríkisins á Norður-, Austur- og Vesturlandi, er samið af stjórnskipaðri n., sem skipuð var fyrir nokkrum árum og í áttu sæti menn tilnefndir af fjórðungssamböndum, Sambandi ísl. sveitarfélaga og frá ríkisstj.

N. samdi á sínum tíma þetta frv., en það hefur ekki verið lagt fyrir þingið fyrr en í lok síðasta þings, að við tveir nm., sem sæti eigum á þingi, töldum rétt að hlutast til um, að þingið ætti þess kost að taka afstöðu til þess. Frv. var þá vísað til n., en þetta var, eins og ég sagði, seint á þingi og málið varð ekki afgr. úr n. og er því endurflutt. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að skipaðir verði sérstakir verkfræðiráðunautar í þjónustu ríkisins, einn fyrir Norðurland, annar fyrir Austurland, sá þriðji fyrir Vestfirði, og að þeir hafi fast aðsetur hver í sínu umdæmi. Það er ætlazt til þess, að verkfræðiráðunautar lúti sameiginlegri yfirstjórn vegamálastjóra og vitamálastjóra, á svipaðan hátt og t. d. sýslumaður lýtur sameiginlegri yfirstjórn a. m. k. tveggja ráðuneyta, en séu að öðru leyti sjálfstæðir í starfi. Verkfræðiráðunautunum er samkv. frv. ætlað að hafa umsjón með vega- og hafnamannvirkjagerð í umdæmum sínum og að hafa með höndum undirbúningsrannsóknir og áætlanir í sambandi við slík mannvirki. Enn fremur er gert ráð fyrir, að heimilt verði að fela verkfræðiráðunaut umsjón með skipulagi og húsagerð á vegum hins opinbera í umdæmi hans. Einnig er svo gert ráð fyrir þeim sérstaka möguleika í frv., að verkfræðiráðunautur og skrifstofa hans veiti bæjar- og sveitarfélögum verkfræðilega aðstoð, ef þess er óskað, gegn hæfilegri greiðslu, sem gangi til ríkisins eða verkfræðiráðunautar, eftir því sem um semst. N. taldi, að það mundi vera hagkvæmt fyrir bæjar- og sveitarstjórnir að geta leitað til slíkra stofnana nærlendis í sambandi við ýmiss konar framkvæmdir á þeirra vegum, svo sem vatnsveitur og gatnagerð, en um margt af því er það að segja nú, að bæjar- og sveitarfélögin verða að afla sér verkfræðiþjónustu hér syðra í Reykjavík. Það leiðir af sjálfu sér, að til þess að verkfræðiráðunautarnir gætu innt af hendi störf sín, yrði að sjá þeim fyrir starfsskilyrðum á hverjum stað, svo sem húsnæði og starfskröftum til aðstoðar, eftir því sem þörf kynni að reynast. Og á það ber að leggja áherzlu, og á það var lögð áherzla, þegar þetta mál var til meðferðar í n., að því aðeins mundi þessi skipan bera tilætlaðan árangur, að það tækist að fá menn til þeirra starfa, sem hér er um að ræða, sem reyndust þannig í þeim störfum, að ekki þætti ástæða til að leita fremur annað en til þeirra. Og að því yrði að stefna, að enda þótt þessir ráðunautar væru undir yfirstjórn hlutaðeigandi framkvæmdastofnunar ríkisins í Reykjavík, yrðu þeir, er tímar líða, sem sjálfstæðastir í sínum störfum.

Ég skal ekki hafa um þetta mörg orð að þessu sinni, en leyfa mér að vísa til grg., sem fylgir frv. á þskj. 25. Það má gera ráð fyrir því, að í sambandi við þessi störf hinna sérstöku verkfræðiráðunauta í landshlutunum, sem í frv. er gert ráð fyrir, mundi að einhverju leyti létta af kostnaði þeim, sem ríkið annars hefði af framkvæmdastofnunum sínum hér í höfuðstaðnum. Því skal þó ekki neitað, að af þessu kynni að verða einhver kostnaðarauki. En þeir, sem að þessu frv. standa, eru þeirrar skoðunar, að ávinningurinn, beinn og óbeinn, af því að taka upp þessa starfsemi mundi fyllilega réttlæta þann kostnað, sem af því kynni að leiða.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn. Í þeirri n. mun frv. hafa verið á síðasta þingi

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

11. Raforkuveitur.

Á 6. fundi í Sþ., 20. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um raforkuveitur [29. mál] (þmfrv., A. 29).

Á 7. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Stjórnendur héraðsrafmagnsveitna ríkisins munu telja, að nú sé að ljúka framkvæmdum við raforkuveitur um landið samkv. 10 ára áætluninni, sem unnið hefur verið eftir á liðnum árum. Þó eru horfur á, að um næstu áramót verði ólokið uppsetningu nokkurra raflína, sem voru á framkvæmdaáætlun ársins 1965, en fyrirhugað mun að ljúka þeim verkum á næsta ári.

Um síðustu áramót munu þeir sveitabæir, sem hvorki höfðu rafmagn frá samveitum né sérstökum vatnsaflsstöðvum, hafa verið hátt á annað þúsund. Bæta þarf úr raforkuþörf fólksins, er þar býr, á allra næstu árum. Það er auðvelt, ef skilningur er á því, að allir landsmenn þurfi að fá rafmagn til heimilisnota.

Á nokkrum síðustu þingum hafa verið fluttar till. um, að gera skyldi áætlanir um áframhaldandi framkvæmdir í raforkumálum, er tækju við af 10 ára áætluninni. Í því sambandi hefur verið bent á það, að skylt væri að veita því fólki, sem enn er án rafmagnsins, vitneskju um, hvers það mætti vænta, og fulla vissu um, að það fengi rafmagnið svo fljótt sem mögulegt leyfðu. Till. þessar hafa ekki hlotið samþykki á hinu háa Alþ. Hins vegar hefur hæstv. raforkumálaráðh. látið orð falla um það í umr. um málið, að nauðsynlegt væri, að framhaldsáætlun lægi fyrir, þegar framkvæmdum samkv. 10 ára áætluninni væri lokið.

Á miðju ári 1964 hafði raforkumálaskrifstofan gert framkvæmdaáætlun um rafveitur um sveitahéruð, þar sem meðallínulengd milli býla er 1—2 km. En raforkuráð hefur enn engar samþykktir gert um málið og því óvíst um framkvæmdir. Við svo búið má ekki standa, og því höfum við 8 þm. lagt fyrir þessa hv. d. frv. um raforkuveitur, sem hér er til 1. umr. Ákvæði 1. gr. frv. eru m. a. byggð á þeirri áætlun raforkumálaskrifstofunnar, sem ég áður nefndi. Greinin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á árunum 1966—1968 skal leggja rafmagnslínur frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins til allra heimila, sem ekki hafa áður fengið rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum, þar sem meðallínulengd milli býla er 2 km eða minni. Skal framkvæmdunum skipt sem jafnast á árin og hagað þannig, að línur verði fyrst lagðar um sveitir, þar sem skemmst er milli býla, en síðan áfram í röð eftir vegalengdum og síðast um þau svæði, þar sem meðallínulengdin er mest."

Framkvæmdaáætlun héraðsrafmagnsveitna ríkisins, sem birt er með frv., gerir ráð fyrir raflínulögnum til 774 býla á árunum 1966—1970. Eftir er að endurskoða áætlunina, og inn á hana vantar allmörg býli hér og þar á landinu, sem þar ættu að vera, þar sem meðallínulengd til þeirra er innan við 2 km.

Í 1. gr. frv., sem ég áðan las, segir, að þessum rafmagnslínum skuli koma upp á 3 árum, 1966—1968. Þetta teljum við flm. frv. vel framkvæmanlegt. Því til stuðnings má benda á, að árið 1957 voru 262 býli tengd við héraðsrafmagnsveiturnar og árið 1963 var tala tengdra býla 260. Starfsmenn raforkumálastjórnarinnar hafa öðlazt mikla reynslu og æfingu í uppsetningu rafmagnslína, og við teljum, að rafvæðingu alls landsins eigi að ljúka á svo skömmum tíma, sem mögulegt er.

Í 2. gr. frv. segir, að ríkissjóður skuli greiða kostnað við framkvæmdir samkv. 1. gr. frv. og að ríkisstj. skuli heimilt að taka allt að 100 millj. kr. að láni til að borga hluta af kostnaðinum. Raforkumálaskrifstofan áætlaði í fyrra, að kostnaður við raflínulagnir til þeirra 774 býla, er áætlun hennar gerði ráð fyrir að línur yrðu lagðar til eftir árslok 1965, mundi nema 147 millj. kr. Í frv. til fjárl. fyrir 1966 eru ætlaðar 21.6 millj. kr. til rafvæðingar í sveitum. Verði svipaðar fjárveitingar til þeirra framkvæmda á árunum 1967—1968, vantar um 82 millj. kr. til að ljúka verkinu á næstu 3 árum. Þar koma til frádráttar heimtaugagjöld úr héruðunum. En hins vegar má búast við hækkun á framkvæmdakostnaði á þessu sviði sem öðrum, og þar sem inn á áætlunina vantar línur til allmargra heimila, sem þar ætti að taka með, þykir rétt að miða lántökuheimildina við 100 millj. kr. Með till. um 100 millj. kr. lántökuheimild í 2. gr. frv. má telja, að fenginn sé fjárhagslegur grundvöllur undir framkvæmdir.

Þó að lokið verði innan skamms að leggja rafveitur um þau svæði, þar sem meðallínulengd milli býla er 2 km eða minni, verða eftir allmörg heimili í strjálbýlli sveitum, sem vantar rafmagn.

Sjálfsagt er að ganga eins langt í því og frekast er unnt að fullnægja raforkuþörf fólksins með raflínum frá samveitum, því að á þann hátt fær það bezta þjónustu. Til undirbúnings ákvörðunum um það, að hve miklu leyti rafmagnsþörfinni verður fullnægt með línum frá samveitum, þarf að gera áætlanir um kostnað við línulagnir um svæði, þar sem meðallínulengdin milli býla er yfir 2 km. Rétt þykir að fá þær kostnaðaráætlanir í tvennu lagi, þ. e. um byggðir, þar sem meðallínulengdin er 2—2¼ km, og aðra áætlun um þau svæði, þar sem línulengdin er 2¼—3 km að meðaltali. Um þetta eru fyrirmæli í 1. málsl. 3. gr. frv., þar sem lagt er til, að raforkuráði verði falið að gera þessar kostnaðaráætlanir. Það verk ætti að vera fremur auðunnið, þar sem raforkumálaskrifstofan mun hafa það yfirlit yfir byggðirnar, sem þörf er fyrir til að gera slíka áætlun. Þegar þessar kostnaðaráætlanir liggja fyrir, getur Alþ. og á að ákveða, á hvern hátt þau svæði, er þær ná yfir, verða rafvædd.

Sérstakar vatnsaflsstöðvar til rafmagnsframleiðslu fyrir einstök heimili eða fleiri saman munu vera 480—490 talsins á öllu landinu. Þar sem skilyrði eru til að koma upp slíkum stöðvum, er það bezta úrlausnin fyrir þá, sem eru utan samveitusvæðanna. Þegar litið er til þess, sem hið opinbera hefur gert til þess að koma upp rafstöðvum og samveitum fyrir kaupstaði,

kauptún og sveitir á liðnum árum, er réttmætt, að það veiti meiri aðstoð en nú tíðkast til að koma upp vatnsaflsstöðvum utan samveitusvæðanna, t. d. með hærri lánveitingum og góðum vaxtakjörum. Samkv. 3. gr. frv. á að fela raforkuráði að gera till. um aukna aðstoð við uppsetningu slíkra vatnsaflsstöðva.

Í 3. gr., síðasta málsl. hennar, er einnig gert ráð fyrir, að raforkuráð geri till. um uppsetningu dísilstöðva til rafmagnsframleiðslu á þeim heimilum, sem eru svo mjög afskekkt, að ekki þykir fært að leggja til þeirra raflínur frá samveitum og ekki hafa hagstæð skilyrði til vatnsaflsvirkjunar, og séu till. við það miðaðar, að notendur slíkra stöðva njóti ekki minni stuðnings af opinberri hálfu en þeir, sem fá rafmagn frá samveitu. Þetta gæti orðið annaðhvort á þann hátt, að hið opinbera kæmi stöðvunum upp og leigði þær fyrir hóflegt gjald, eða að veitt yrðu rífleg lán með lágum vöxtum og jafnvel beinn stuðningur til kaupa á stöðvunum. Leiga á dísilstöðvum væri hliðstæð talstöðvaleigu til fiskiskipa. Í raforkul. er heimild handa rafmagnsveitum ríkisins til að selja orku beint til notenda. Í II. kafla l. frá 1946 er svo hljóðandi ákvæði, með leyfi hæstv. forseta:

Rafmagnsveitum ríkisins er heimilt að selja raforku beint til neytenda á þeim stöðum, þar sem héraðsveitur eru ekki fyrir hendi, eða annars staðar með samþykki héraðsveitunnar."

En auðvitað gæti opinber stuðningur við menn til að koma upp dísilstöðvum orðið með öðrum hætti, ef hentara þætti. Komið gæti til mála að veita beinan fjárhagsstuðning til þess, einnig hærri lán og hagstæðari en nú eru veitt til slíkra stöðva.

Lagt er til, að áætlanagerð þeirri, er um ræðir í 3. gr. frv., verði lokið fyrir 1. okt. næsta ár. Getur þá næsta Alþ. tekið þetta þýðingarmikla mál til úrlausnar.

Þegar 10 ára rafvæðingaráætlunin var ákveðin með l. frá Alþ., var samþ., að verja skyldi til þeirra framkvæmda a. m. k. 250 millj. kr. auk framlaga úr héruðum. Þetta var mikið fé á þeim tíma. Þá var heildarupphæð fjárlaga ríkisins 446 millj. kr. Nú eru horfur á, að fjárl. fyrir árið 1966 verði 9 sinnum hærri. Má af þessu sjá, að það fé, sem þarf til að veita rafmagni til þeirra tiltölulega fáu manna, sem enn eru án þess, er mjög lítið miðað við þá peningaveltu, sem nú er í þjóðfélaginu. Að þessum þýðingarmiklu framkvæmdum þarf að vinna með þeim hraða, sem mögulegt er að hafa á þeim. Annað er ekki sæmilegt.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. með 23 shlj. atkv.

Á 62. og 68. fundi í Nd., 31. marz og 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 29, n. 372 og 389).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

12. Landsspítali Íslands.

Á 6. fundi í Nd., 25. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um Landsspítala Íslands [36. mál] (þmfrv., A. 36).

Á 8., 9., 10., 11., 12. og 13. fundi í Nd., 28. okt., 1., 2., 4., 8. og 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. um, að ríkið skuli auk landsspítalans í Reykjavík reka deildir landsspítala í öllum landsfjórðungum, er nú flutt á hv. Alþ. í fjórða sinn. Í fyrstu var ég einn flm. þess, en síðan hafa flm. þess verið þeir hv. 5. þm. Austf. og hv. 5. þm. Norðurl. e. auk mín.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að ríkið reki eina fjórðungsdeild landsspítala á Vestfjörðum, eina eða tvær fjórðungsdeildir landsspítala á Norðurlandi sökum fjölmennis í þeim landsfjórðungi, þá þriðju á Austurlandi og hina fjórðu á Suðurlandsundirlendinu, ef heilbrigðismálastjórnin teldi ástæðu til að staðsetja þar landsspítaladeild sökum nálægðar og góðra samgangna við aðalspítalann í Reykjavík.

Í 2. gr. þessa frv. er það fram tekið, að þessar fjórðungsdeildir landsspítala skuli vera búnar fullkomnustu rannsóknar- og lækningatækjum og vera undir stjórn vel menntaðra sérfræðinga í skurðlækningum og lyflækningum.

Í 3. gr. frv. er svo ráð fyrir gert, að auðvelda megi stofnun slíkra fjórðungsdeilda landsspítala með því að leita samninga um yfirtöku starfandi sjúkrahúss, ef sjúkrahús í einhverjum landsfjórðungi þykir þannig búið eða staðsett, að það sé vel fallið til að verða þar fjórðungsdeild landsspítala. Gera má ráð fyrir, að rekstri þessara fyrirhuguðu landsspítaladeilda í fjórðungunum verði hagað líkt og rekstri aðalspítalans í Reykjavík og sennilega vera undir sameiginlegri stjórn. Þó segir í 5. gr. frv., að stjórn ríkisspítalanna skuli heimilt að fela Tryggingastofnun ríkisins að sjá um rekstur fjórðungsdeilda, ef heilbrmrh. teldi það hagkvæmara.

Þó að þetta frv. hafi vakið almenna athygli og fundið mikinn hljómgrunn víðs vegar um land, hefur það samt ekki fengið afgreiðslu á Alþ. Það er raunar engin ný saga, að þjóðþrifamál eigi stundum erfitt uppdráttar og flytja verði þau árum og jafnvel áratugum saman á Alþ., þangað til þau hafa fengið svo almennt fylgi almennings, að gegn þeim verði ekki lengur staðið. Venjulegasta viðnámsaðferð er þá jafnan sú að þegja þau í hel, svo lengi sem unnt reynist, og virðist sú aðferð vera nokkuð notuð gagnvart þessu máli, sem nú hefur, eins og ég áðan sagði, verið flutt í fjórða sinn. Hér er þó um jafnréttismál þegnanna í heilbrigðismálum að ræða.

Menn segja með réttu, að ríkinu beri tvímælalaust skylda til að tryggja þegnum sínum sem jafnast öryggi í heilbrigðismálum án alls

tillits til búsetu. Með vel búinni landsspítaladeild í hverjum landsfjórðungi væri stórt skref stigið í jafnréttisátt. Þetta er líka réttlætismál þegnanna. Það getur naumast talizt réttlátt, að ríkið reki stórt og fullkomið sjúkrahús í Reykjavík einnig og létti þannig miklum útgjöldum af hálfu skattborgara höfuðborgarinnar, en ætli hins vegar fámennum bæjarfélögum úti á landi að leggja á gjaldþegna sína þungar byrðar vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa. Hér skapast auðsætt misrétti. Með þessu er freklega gert upp á milli þegnanna eftir því einu, hvort þeir hafa valið sér bólfestu í Reykjavík eða ekki. Samkv. fjárl. yfirstandandi árs er halli landsspítalans, sem gert er ráð fyrir að greiða úr sameiginlegum sjóði landsmanna, 58 805 958 kr., 58 millj. röskar, og á fjárl. ársins 1964 var þessi upphæð 44 157 585 kr. Á þessum tveimur árum eru teknar úr sameiginlegum sjóði landsmanna til þess að standa undir rekstrarhalla landsspítalans í Reykjavík rúmar 100 millj. kr.

Hins vegar er það staðreynd, að t. d. fjórðungssjúkrahús á Vestfjörðum, Norðurlandi og á Austfjörðum eru rekin af Ísafjarðarkaupstað og Akureyrarkaupstað og Neskaupstað á þann veg, að þessi litlu bæjarfélög verða að taka á sig hundruð þús. kr., líklega er það nú í sumum tilfellum komið í milljónir, í halla og leggja þann halla á gjaldþegna sína. Hér er ójafnt skipt réttindum og skyldum, og þetta verður enn þungbærara fyrir viðkomandi bæjarfélög, þegar þess er gætt, að á þessum sjúkrahúsum fá heilbrigðisþjónustu meira en að helmingi utanbæjarmenn. Og í þriðja lagi sjá menn, hversu ranglátt er að leggja þessar byrðar á viðkomandi bæjarfélög, þegar á það er litið, að stjórnarvöld þessara bæjarfélaga fá ekki frjálsræði til að ákveða daggjöldin miðað við rekstrarkostnað sjúkrahúsanna, heldur verða að lúta þar fyrirmælum heilbrigðisstjórnar og taka síðan á sig hallann.

Þetta, sem ég nú hef sagt, sýnir, að misrétti í þessum málum er tilfinnanlegt, þegar samanburður er gerður milli Reykjavíkur og stærstu kaupstaðanna í landinu. En þó má segja, að misréttið sé litlu minna, þegar samanburður er gerður milli Reykjavíkur annars vegar og hinna fámennari bæja og kauptúna, sem orðið hafa að taka á sig rekstur sjúkrahúsa, hins vegar. Annars vegar kostar ríkið algerlega rekstur fullkomins sjúkrahúss, hins vegar hvílir meginþungi sjúkrahúsrekstrar á íbúum fámennra byggðarlaga.

Það skal játað, að ekki verður að fullu jafnrétti náð í heilbrigðismálum með neinu öðru móti en því, að ríkið reki öll sjúkrahús, og það væri vissulega eðlilegt, enda er það persónuleg skoðun mín, að að því beri að stefna, enda er slík skipan, þ. e. a. s. ókeypis læknisþjónusta og sjúkrahúsvist, svo og ríkisrekstur allra heilbrigðisstofnana, talin sjálfsögð og fyrir löngu upp tekin regla hjá fjölda menningarþjóða, sem lengst eru komnar á þessu sviði, og að því marki ættum við auðvitað að keppa hér á landi einnig. Með ákvæðum gildandi laga um fjórðungssjúkrahús er beinlínis viðurkennd nauðsyn þess að efla eitt tiltölulega fullkomið sjúkrahús í hverjum landsfjórðungi, og þetta var svo sannarlega spor í rétta átt. Reynslan hefur staðfest, að það var þörf á því að tryggja það, að eitt fullkomið sjúkrahús væri í hverjum landsfjórðungi. Eðlilegt og æskilegt næsta skref væri það að áliti okkar flm., að ríkið tæki að sér að öllu leyti rekstur fjórðungssjúkrahúsanna, eins og það nú ber uppi rekstur landsspítalans í Reykjavík, og það er einmitt það, sem lagt er til að gert verði samkv. ákvæðum þessa frv. Þó að réttlátast væri, að ríkið tæki öll sjúkrahús á sínar herðar, liggja þó allgild rök til þess, að fyrst séu tekin í ríkisrekstur stærstu og fullkomnustu sjúkrahúsin, sem mestar kröfur eru gerðar til og þannig langsamlega dýrust í rekstri. Sjúkrahús eru nefnilega tvenns konar í eðli sínu: þau, sem nánast mega teljast vísinda- og rannsóknarstofnanir, og svo hjúkrunar- og legusjúkrahúsin, sem nánast eru sjúkraskýli af mismunandi stærðum og eru auðvitað miklu ódýrari í öllum rekstri. Hin fyrrnefndu eru svo dýrar stofnanir, að rekstur þeirra er langsamlega ofviða einstökum bæjarfélögum. Á því er þannig full hætta, að slík sjúkrahús, sem árlega eru rekin með miklum halla, fái ekki fullnægjandi viðhald og verði ekki, þegar til lengdar lætur, eins vel búin rannsóknar- og lækningatækjum né heldur sérfræðilegu starfsliði og æskilegt væri. Það er því ekki á annarra færi en ríkisins að reka slík sjúkrahús, svo að vel sé fyrir þeim séð, að því er kostnað rekstrarins snertir. Þess vegna er mest aðkallandi, að ríkið taki að sér rekstur þessara sjúkrahúsa, þó að legusjúkrahúsin séu þá enn um sinn í rekstri einstakra sveitarfélaga.

Það er skoðun okkar flm., að með deildaskiptingu landsspítala í öllum landsfjórðungum fái fólkið úti um byggðir landsins aukið öryggi í heilbrigðismálum og meira jafnrétti við íbúa höfuðborgarinnar. Þá ættu landsspítaladeildir vestanlands, norðan og austan líka að auðvelda það, að hin fullkomnasta læknisfræðilega sérþekking, sem völ er á í landinu á hverjum tíma, notist betur en með núverandi fyrirkomulagi. Við sjáum nefnilega ekkert því til fyrirstöðu, þegar aðalsjúkrahúsin í öllum landshlutum væru orðin deildir einnar og sömu stofnunar, að færustu sérfræðingar landsspítalans tækju sér ferð á hendur til fjórðungsdeildanna, þegar mikið þætti við liggja, eða jafnvel væri hægt að skáka sérfræðingum stofnunarinnar til eftir atvikum eða til tímabundinnar dvalar í fjórðungsdeildunum. Eða ætti það ekki að vera allt eins auðvelt að flytja sérfræðilega þekkingu til milli deilda sömu stofnunar og flytja fársjúkt fólk og dauðvona landshorna á milli. Og hvort finnst mönnum í rauninni skynsamlegra og sjálfsagðara?

Að lokum þetta, herra forseti: Við flm. þessa frv. heitum enn einu sinni á heilbrigðisstjórnina að hugleiða vandlega, hvort væri ekki spor í jafnréttisátt og réttlætisátt og til aukins öryggis í heilbrigðismálum, ef Vestfirðingar fengju sína fjórðungsdeild landsspítala, eins og hér er lagt til, Norðlendingar með sama hætti sína landsspítaladeild, e. t. v. tvær, Austfirðingar sína og Sunnlendingar sína, ef heilbrigðisyfirvöld teldu, að með því móti yrði íbúum Suðurlandsundirlendisins veitt betri og öruggari heilbrigðis-

þjónusta en með núverandi skipan, þ. e. a. s. legu- og hjúkrunarsjúkrahúsi á Selfossi og að öðru leyti beinni þjónustu við landsspítalann í Reykjavík. Þá heitum við almennt á hv. alþm. að veita málinu brautargengi, svo að það geti orðið helzt að lögum á þessu þingi. Í fjórða sinn á að vera fullreynt. Alveg sérstaklega heitum við svo á alla þm. Vestfirðinga, Norðlendinga og Austfirðinga að gera allt, sem þeir megna utan þings og innan, til þess að frv. þetta geti orðið að lögum á þessu þingi.

Við flm. leggjum svo til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

13. Bann gegn botnvörpuveiðum (frv. LJós).

Á 8. fundi í Sþ., 27. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum [45. mál] (þmfrv., A. 48).

Á 9., 10., 11., 12., 13. og 15. fundi í Nd., 1., 2., 3., 4., 8. og 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef tvívegis áður flutt frv. samhljóða því, sem hér liggur fyrir, en þau hafa ekki náð afgreiðslu hér á Alþ. Ég hef því áður rakið efni þessa frv. allýtarlega og mun aðeins nú drepa á aðalatriði málsins og vænti, að það þurfi ekki að fara hér neitt nákvæmlega út í skýringar á því, um hvað þetta frv. raunverulega fjallar.

Með frv. þessu er gert ráð fyrir því að gera þrjár meginbreytingar á gildandi l. um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að breyta sektarfjárhæðum allverulega til hækkunar frá því, sem er í gildandi l. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að lagt verði bann við að afhenda veiðarfæri, sem gerð hafa verið upptæk með dómi, fyrr en í fyrsta lagi að mánuður sé liðinn frá því, að dómur sé upp kveðinn. En nú gilda þær reglur, að hægt er að afhenda slík upptæk veiðarfæri, eftir að þau hafa verið metin, og getur þá landhelgisbrjóturinn fengið þessi veiðarfæri til nýrrar notkunar svo að segja strax eftir að dómur hefur verið kveðinn upp. Og í þriðja lagi er um þá breytingu að ræða að ákveða á ótvíræðan hátt, að heimilt sé að beina ákæru og sektardómum á útgerðarfyrirtæki eða útgerðaraðila, þegar svo stendur á, að ekki eru tök á því að ná til hins seka skipstjóra.

Frv. fjallar sem sagt um þessi þrjú meginatriði og þá fyrst og fremst um það fyrsta, sem miðar að því að hækka landhelgissektir verulega frá því, sem verið hefur. Landhelgissektir hafa verið miðaðar við tvær stærðir skipa. Annars vegar eru sektarákvæði fyrir skip, sem eru að stærð undir 200 rúml., og sektarfjárhæðir gagnvart slíkum aðilum eru tiltölulega mjög lágar. En svo eru sektarákvæði gagnvart hinum skipunum, sem eru í stærri flokknum, þ. e. a. s. frá 200 rúmlestum og yfir. Nú hefur um langan tíma verið miðað við það, að þær sektir næmu kringum 240—260 þús. kr. En samkv. þessu frv. mínu er gert ráð fyrir því að flokka skipin í þrjá stærðarflokka: Í fyrsta lagi, eins og áður hefur verið, skip undir 200 rúml. og þar er ekki gert ráð fyrir að breyta sektarfjárhæðunum neitt. Í öðru lagi skip, sem eru að stærðinni til 200 rúml. til 600 rúml. Og svo í þriðja lagi skip, sem eru 600 rúml. og þar yfir. Í báðum þessum stærðarflokkum er gert ráð fyrir allverulegum hækkunum á sektum. Hækkanirnar, sem hér er lagt til að taka upp, eru þessar: Á skipum, sem eru 200—600 rúml., gætu sektirnar verið frá 390 þús. til 780 þús. kr., en eru nú, eins og ég sagði, yfirleitt 240—260 þús. kr. Og í stærsta flokki skipa, þ. e. a. s. 600 rúml. og yfir, yrðu sektirnar þá 780 þús. til 1365 þús. kr., en þær eru eins hjá þessum stærðarflokki nú og þeim næsta fyrir neðan, eða 240—260 þús. kr.

Hvaða ástæður liggja nú til þess, að lagt er til með þessu frv. að hækka sektirnar svona verulega? Meginástæðurnar eru þær, að þær sektarfjárhæðir, sem nú gilda, voru ákveðnar með l. frá 1951. Þá var mikill meiri hl. þeirra skipa, sem þessar sektir hlutu að gilda fyrir eða veiðar stunduðu þá hér við land, — þá voru botnvörpuskipin yfirleitt af stærðinni 300—500 rúml. En nú er þetta orðið breytt. Mikill meiri hl. skipanna er orðinn miklu stærri, eða á stærðarbilinu frá 600 rúml. og upp í 1000 og jafnvel þar yfir. Það er vitanlega eðlilegt, að sektarupphæð sé miðuð við verðgildi þess tækis, sem um er að ræða, og einnig aðstöðu eða getu í sambandi við þá fjáröflun, sem annars á sér stað með þessu tæki. Það leikur enginn vafi á því, að verðgildi skipanna nú er miklum mun meira en það var, þegar sektarfjárhæðirnar voru ákveðnar 1951. Bæði er það vegna þess, að skipin eru orðin miklu stærri, og eins er það vegna þess, að skipin eru miklum mun betur útbúin að tækjum eða margvíslegum útbúnaði, sem hefur hleypt fram verði skipanna mjög verulega. Þó að miðað væri við alveg sambærilegt verðgildi peninga, hygg ég, að það leiki enginn vafi á því, að flest skipin, sem hér um ræðir, séu nú orðin tvöfalt eða þrefalt verðmeiri en þau voru, þegar sektarfjárhæðirnar voru ákveðnar 1951. Af þeim ástæðum er auðvitað alveg augljóst, að það ber að endurskoða þá sektarfjárhæð, sem hér er um að ræða. Eins er hitt, að afli skipanna, sem nú er um að ræða, er orðinn margfalt verðmeiri en hann var, þegar sekt-

irnar voru ákveðnar 1951. Það má að vísu segja um landhelgissektir, að þær hafi hækkað í hlutfalli við gengi krónunnar. En fiskverðshækkunin er miklum mun meiri en sem nemur hinni beinu gengisbreytingu, og því er hér um miklu verðmeiri afla að ræða en áður var. Af þessum ástæðum á vitanlega að breyta þessum sektarfjárhæðum frá því, sem þær eru nú.

Annað atriðið, sem lagt er til að gerð verði breyting á, sem snertir afhendingu veiðarfæra, er þess eðlis, að með því að setja þær reglur, sem lagt er til að hafa um þetta í frv., er miðað að því að koma í veg fyrir, að landhelgisbrjóturinn geti haldið áfram iðju sinni með þeim veiðarfærum, sem höfðu verið gerð upptæk með dómi, lokið sínum veiðitúr, eins og nú er mjög algengt, og skýr ákvæði væru í lögum um, að það væri óheimilt að afhenda þessi upptæku veiðarfæri, fyrr en í fyrsta lagi að mánuður væri liðinn frá uppkvaðningu dóms. Þá mundi það í mjög mörgum tilfellum verða til þess, að landhelgisbrjóturinn yrði að hætta að fullu og öllu við veiðitúr í þetta skiptið og halda til síns heimalands aftur til þess að fá ný veiðarfæri. Ég held því, að þetta ákvæði sé sjálfsagt og það yrði til þess að draga nokkuð úr landhelgisbrotum.

Þriðja atriðið er um það að gera alveg ótvírætt heimilt samkv. okkar lögum, að beina megi ákæru og dómum að eiganda útgerðar eða útgerðarfyrirtæki í þeim tilfellum, þegar hinn seki skipstjóri hefur með einum eða öðrum hætti komizt undan. Ég tel, að reynslan hafi sýnt okkur, að það er alveg nauðsynlegt að hafa skýr ákvæði í þessum efnum, enda er það hið eðlilega, að útgerðareigandi standi ábyrgur í slíkum tilfellum, þegar ekki verður um það deilt, að skip hans hefur verið tekið að ólöglegum veiðum. Þó að skipstjórinn, sem átti samkv. venju að ákæra, hafi komizt undan, verður vitanlega útgerðaraðili að standa ábyrgur fyrir því, sem gert var með hans skipi.

Á síðasta þingi tókst að fá frv. þetta afgreitt, að vísu á síðustu stundu, úr sjútvn., sem hefur haft þetta mál til meðferðar á tveimur undanförnum þingum. N. varð sammála um að mæla með því, að lögin um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi yrðu tekin til endurskoðunar og þau atriði, sem þetta frv. fjallar um, yrðu m. a. tekin þar upp, en eins og áður segir, tókst ekki að fá málið að fullu afgr. hér í d. Ég tel, að þetta mál hafi legið það lengi fyrir hv. Alþ. og fyrir þeim stjórnarvöldum landsins, sem með þessi mál eiga að hafa að gera, að það sé full þörf á því, að Alþ. afgreiði nú málið á þessu þingi efnislega, ekki aðeins á þann hátt, að skorað verði á stjórnarvöldin að láta endurskoða þessi lög, heldur að Alþ. taki nú afstöðu til meginefnisatriða málsins. Það er ekki vansalaust að hafa þessi mál áfram eins og þau eru nú, því að á því leikur enginn vafi, að þeir, sem mest sækja okkar landhelgi, erlendir veiðiþjófar, geta, eins og nú er högum háttað, í mjög mörgum tilfellum talið það áhættu vert að leita inn í landhelgina, vegna þess að sektarákvæðin eru ekki strangari en svo. Raunverulega er það svo, að þessar sektir hafa verið að lækka á undanförnum árum og það til mikilla muna frá því, sem áður var. Þetta tel ég ekki vansalaust. Ég vil því vænta, að sú n., sem fær nú þetta mál til meðferðar, sem væntanlega verður hv. sjútvn., sjái sér nú fært að taka efnislega afstöðu til málsins og mæla með því, að þetta frv. verði samþ. nú á þessu þingi.

Herra forseti. Ég legg svo til, að frv. verði vísað til sjútvn. og 2. umr. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

14. Bygging leiguhúsnæðis.

Á 8. fundi í Nd., 28. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um byggingu leiguhúsnæðis [46. mál] (þmfrv., A. 49).

Á 11. og 12. fundi í Nd., 4. og 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 3. og hv. 5. landsk. leyft mér að flytja þetta frv.

Það efast líklega enginn um það af hv. þm., að réttur manna til húsnæðis er einn frumstæðasti réttur, sem á að vera hægt að fullnægja handa hverjum manni. Nú stendur það svo hjá okkur í þjóðfélaginu, að það er raunverulega ekkert öryggi fyrir húsnæði nema fyrir þann, sem á húsnæðið sjálfur. Það eru dæmi þess t. d. hér í Reykjavík, að menn verða að flytja burt úr borginni, sleppa þeirri atvinnu, sem þeir hafa haft, og annað slíkt, vegna þess að þeir geta hvergi fengið inni. Það hefur verið mjög ánægjulegt kjörorð á ýmsan máta, að hver maður skuli eiga sitt húsnæði. En það er alveg óhugsandi að ætla að leysa húsnæðisvandamál almennings með þessu móti. Það að eignast sitt eigið húsnæði kostar nú sem stendur ekki neitt smáræði, og það, sem ríkið leggur fram sem lán til að gera mönnum slíkt kleift, er venjulega ekki nema í hæsta lagi þriðjungur af því, sem slíkt húsnæði kostar. Það er þess vegna alveg óhugsandi að ætla að bæta úr þessum frumstæðu þörfum manna með því eina móti að segja mönnum, að menn verði sjálfir að eiga sína íbúð og ríkið hjálpi þeim eitthvað ofur lítið til þess. Fæstir eru einu sinni færir um að leggja á sig allan þann þrældóm, sem það kostar að eiga einhvern veginn að borga niður nýtízku íbúð á kannske 15—20 árum og mestan hlutann af því svo að segja áður en menn flytja inn, með þeim peningum, sem þeir þurfa að leggja fram fyrir utan ríkis-

framlagið. Það er þess vegna alveg óhugsandi, að það sé hægt að leysa þessi spursmál með þessari aðferð, þó að hún sé út af fyrir sig ákaflega skemmtileg. Hins vegar er svo í mótsetningu við það, sem var hér oft og tíðum í fyrri daga, t. d. á krepputímum, að það er ekki hægt að komast af með leiguhúsnæði. Leiguhúsnæði er núna t. d. í Reykjavík orðið hverfandi minni hl. af öllum þeim íbúðum, sem þar eru, og þetta leiguhúsnæði er orðið afskaplega dýrt, jafnt í gömlum sem nýjum íbúðum. Í nýjum íbúðum er kannske ekki hægt að segja svo afskaplega mikið við því, að þeir menn, sem hafa byggt alveg á síðustu og verstu tímum, leigja kannske út frá 5 upp í 7 þús. kr., en fyrir þann, sem leigir, er það ægilegt. En þegar um er að ræða t. d. gamlar íbúðir, sem nú eru víða leigðar út í Reykjavík fyrir álíka upphæð, er orðið um algerlega óaðgengileg kjör að ræða fyrir menn. Ég býst ekki við, að það séu neinir framtakssamir menn, sem leggja sérstaklega í það nú að byggja húsnæði til þess að leigja það. Það eru máske ýmsir braskarar, liggur mér við að segja, sem leggja í að byggja hús og selja þau og reyna að græða á þeim nokkuð, en hinir munu vera færri og kannske mjög fáir, sem leggja í það nú á tímum að ætla að byggja fjölbýlishús til þess eins að leigja síðan út. Það þýðir m. ö. o., að það, sem einu sinni var tiltölulega gróðavænleg atvinnugrein hér í Reykjavík eða gróðavænleg fjárfesting, skulum við segja, fyrir ýmsa menn, það er langt frá því að vera það nú.

Það er óhugsandi að ætla að treysta á hið svokallaða einstaklingsframtak til þess að byggja íbúðir til að leigja til almennings. Það er þess vegna gefið, að þarna verður það opinbera að grípa inn í, og það gladdi mig mjög, að einmitt í þeim samningum, sem gerðir voru síðasta sumar, var af hálfu ríkisstj. nokkuð orðið við því gagnvart verkalýðsfélögunum að reyna að gera vissar ráðstafanir til þess að bæta úr erfiðleikum í slíku, eins og kunnugt er. En þess verða aðnjótandi í hæsta lagi nokkrir menn úr verkalýðssamtökunum og vafalaust ekki eins margir og þyrftu, en það, sem hér er um að ræða í þessu frv., er að gera þarna almennt átak, sem komi almenningi yfirleitt til góða.

Í frv. felst till. um, að ríkisstj. heimilist að láta byggja á árinu 1966 500 íbúðir til þess að bæta úr skorti á leiguhúsnæði, sem ríkir í ýmsum kaupstöðum eða kauptúnum landsins, það skuli orðið við þessari þörf kaupstaða eða kauptúna, þegar viðkomandi stjórn sveitarfélags lýsir því yfir, að þörf sé fyrir slíkar leiguíbúðir, og húsnæðismálastjórn staðfestir, að það sé rétt með farið. Jafnframt því sem þetta er þannig tilraun til samvinnu ríkis og sveitarfélaga, að mestu leyti undir forustu húsnæðismálastjórnar eða a. m. k. getur það verið svo, ef ríkisstj. vill, er um leið reynt með þessu að gera nokkra tilraun til þess að koma íbúðabyggingum okkar í sæmilegra horf hvað snertir tæknilegar aðstæður við byggingar. Það er kvartað yfir, hvað íbúðir séu dýrar nú á tímum. En það er máske ekki nema eðlilegt, ef aðgætt er, hvernig farið er að því að byggja. Mjög mikið af íbúðunum er byggt þannig, að einstaklingarnir, sem þarna ætla að búa í og kaupa þessar íbúðir, oft áður en þær eru byggðar meira að segja, ráða meira eða minna um allar teikningar og breytingar, sem gerðar eru frá upprunalegri teikningu, eftir að byrjað er að byggja þetta. Er því oft hagað svo til t. d., að það er kannske einn meistari, sem tekur að sér eitt stigahús, eða nokkrir meistarar með honum. Þetta er allt saman í svo smáum stíl, svo ópraktískt, hvert hús svo að segja eftir sinni teikningu, að það er eins og það sé skipulagt, að það geti orðið sem dýrast, fyrir utan svo það, sem beinlínis er grætt á þessu oft og tíðum, okrað bæði í sambandi við byggingarlóðirnar og svo sjálfa söluna á því.

Hérna er lagt til, að það sé byggt í allstórum stíl, þannig að það séu mjög margar íbúðir, sem byggðar séu í einu, og að mestu leyti aðeins eftir þrennum teikningum, miðað við annars vegar 60—70 fermetra innanmál útveggja og hins vegar 70—80 m² 2—3 herbergja íbúðir með eldhúsi og borðkrók, sem sé þessar 500 íbúðir séu hugsaðar sem tvennar tegundir af frekar smáum íbúðum, en þó með nýtízku þægindum, þetta sé byggt helzt þannig, að það sé byggt við götu, þar sem hægt er að vinna að þessu í svo að segja einum áfanga, hverja samstæðu þarna og hana helzt ekki minni en svo, að t. d. í Reykjavík væru það ekki minna en 100 íbúðir, sem þannig væru teknar fyrir í einu. Með þessu móti mundi sparast ákaflega mikið, í fyrsta lagi frá hálfu bæjar og ríkis. Allar aðstæður við bygginguna, allar leiðslur og allt slíkt, allur gröftur lóðanna, allt þess háttar yrði gert í einu og síðan yrðu byggð þarna samstæð hús, að mestu eftir sömu teikningu, þannig að það þyrfti ekki að vera svo að segja einn meistari af hverri tegund við hvert stigahús. Með þessu móti ætti að vera hægt að gera svona byggingar eins ódýrar og hægt er að gera þær nú. Ég hef tekið eftir því, að sumir framtakssamir menn hér hafa verið að reyna t. d. að koma upp þeim hætti við byggingar, sem víða tíðkast erlendis, að það eru steyptir hlutar úr húsinu og teknir síðan á lyftikrana og settir upp. Svona hluti er eiginlega óhugsandi að ætla að gera öðruvísi en það sé um margar íbúðir að ræða, sem verið sé að byggja með þessu móti. Það borgar sig litt að fara að steypa þannig, ef það er kannske fyrir 10—20 íbúðir eða eitthvað slíkt. Allur svona rekstur nýtur sín ekki, nema hann sé í stórum stíl, og þess vegna, ef menn ætluðu að koma nýtízkulegum tæknilegum útbúnaði og rekstri að, er það helzt hægt einmitt ef t. d. ríkið væri að láta byggja í þetta stórum stíl. Þess vegna er í 5. gr. hjá okkur flm. sett það ákvæði, að ríkisstj. skuli bjóða út smíði bygginga þessara og þegar um Reykjavík er að ræða bjóða út a. m. k. smíði 100 íbúða í einu lagi til þess að knýja fram þannig sem ódýrasta smíði, og 24 íbúðir a. m. k., ef um önnur bæjarfélög er að ræða. Ég þykist vita, að þegar boðið er út þetta stórt í einu, séu það yfirleitt þau stærri byggingarfélög, sem um þetta geta keppt. En ég álít ekki heldur, að þetta eigi að verða neitt til þess, að einstakir, 3—4 meistarar í hverri grein, geti slegið sér saman um eitt stigahús eða einar 8 íbúðir, sem alltaf verður til þess að gera þetta

eins dýrt og það getur orðið. Þvert á móti álít ég, að þau stóru byggingarfélög og þeir meistarar, sem vilja slá sér saman, geti þá keppt virkilega um að gera þetta sem allra ódýrast og ríkið og sveitarfélög og húsnæðismálastjórn hafi sem bezta aðstöðu til þess að hagnýta þá frjálsu samkeppni á milli þessara byggingarfélaga á sem allra beztan máta fyrir almenning. Ég tók eftir því mér til ánægju, að í því, sem ríkisstj. samdi um í sumar við verkalýðsfélögin, er líka reynt að gera nokkuð ráð fyrir, að reynt sé að hafa sem tæknilega fullkomnastan hátt á smíði þessara íbúða, sem þar er um að ræða, og er það mjög vel farið, og í því stærri stíl sem slíkt er gert, því betra er það.

Þá er tekið fram í 4. gr., að leiga af þessum íbúðum megi ekki vera hærri en samsvarar 8% af verði íbúðanna. Ég veit, að þarna er um tiltölulega erfitt ákvæði að ræða, en ákvæði, sem fyrr eða seinna verður að reyna að leggja út í. Það verður að reyna að koma niður leigunni almennt, bæði hér í Reykjavík og annars staðar í landinu. E. t. v. hafa ýmsir hv. þm. fylgzt með því, að um tíma hefur á Norðurlöndum verið í gildi, — að vísu hefur það stundum rýrnað nokkuð og ýmsir gallar á því, — mjög róttæk löggjöf í húsnæðismálum, þar sem svo er fyrir mælt, að menn geti fengið lán til íbúða til allt að 80—90 ára, geti fengið lánaðar um 90% af kostnaðinum við að byggja húsið og skuli borga í vexti af þessum lánum 2% af helmingi lánanna og 4% af hinum helmingnum. Þetta eru lán, sem sósialdemókratísku stjórnirnar á Norðurlöndum hafa sett í gegn, og þrátt fyrir það, að það hefur oft gengið nokkuð seint að framkvæma þetta, menn hafa orðið stundum að bíða nokkuð lengi, hefur þetta haft þann stóra kost í sambandi við húsaleigulög, sem verið hafa í gildi, mjög ströng húsaleigulög, sem eru í gildi í öllum höfuðborgum Norðurlanda, að það hefur verið hægt að hindra hækkun húsaleigu í þeim mæli, sem hefur orðið hér hjá okkur. Húsaleigan hefur að vísu stigið, eins og eðlilegt er, en ekki farið í aðra eins hæð og er orðið hér hjá okkur. Fyrir það land, sem byggir mikið á útflutningi, er þetta spursmál um húsaleiguna úrslitaatriði fyrir atvinnurekstrinn, og land eins og okkar, sem byggir fyrst og fremst á útflutningi sinna afurða, þar með líka á því að verða að taka tillit til þess, hve há húsaleiga sé og hve há vinnulaun séu, fyrir landið almennt er það alveg óhjákvæmilegt að reka slíka pólitík í húsnæðismálum, að húsaleigan geti haldizt sem lægst. Svo framarlega sem húsaleiga hækkar mikið, eins og hér hefur orðið, eða menn verða að borga gífurlega mikið til þess að komast yfir eigið húsnæði, þýðir það óhjákvæmilega, að launþegar í viðkomandi landi hljóta að pressa þannig á til þess að standa undir þessum húsnæðiskostnaði, að laun þeirra hækka því meira sem húsnæðiskostnaðurinn hækkar. Ef þeir, sem þjóðfélaginu stjórna, vilja þess vegna hafa forsjá viðvíkjandi því, hvert verð sé á útflutningsafurðunum, þurfa þeir að stemma á að ósi, þá þurfa þeir m. a. að sjá til þess að reyna að halda húsaleigu það hóflegri, að verkamenn séu ekki vegna hækkunar á henni knúðir til þess að heimta því hærri laun, líka við útflutningsframleiðsluna.

Ég vil þess vegna vekja eftirtekt á því, að baráttan fyrir því að halda sæmilegri húsaleigu og þar með náttúrlega líka sæmilegum kjörum, sérstaklega löngum lánum og lágum vöxtum á eigin íbúðarhúsnæði, er um leið nauðsyn fyrir útflutningsframleiðsluna, sem útflutningsframleiðendunum er oft og tíðum ekki nægilega ljós. Ákvæðið um, að leiga megi ekki vera meiri en 8% af verðinu, er þess vegna að vísu mjög róttækt ákvæði, sem kemur til með að hafa ýmsar afleiðingar á ýmsum öðrum sviðum, ef það yrði að lögum. Það þýðir m. a., að ríkisstj., hver sem hún er, hlyti þá að beita sér fyrir því, að lánin til þessara bygginga, sem hún sjálf leggur í, væru mjög ódýr, og ég vil minna á, að lán til íbúðabygginga, meðan Ísland var fátækt land, voru yfirleitt, eins og t. d. var byrjað með verkamannabústaðina, með 2½% vöxtum. Og það þykir í flestum menningarlöndum, ekki sízt með tilliti til útflutningsframleiðslunnar, alveg nauðsynlegt að reyna að halda lánum til íbúðabygginga á því stigi. Og hér er náttúrlega við það átt, að hvaða ríkisstj. sem er gæti alltaf skyldað t. d. Seðlabankann til þess að lána, ef hún þyrfti á að halda, þær lánsfjárhæðir, sem þyrfti, með slíkum vöxtum, og slíkir vextir hafa lengi vel viðgengizt í okkar lögum, og ef það er stefna einnar ríkisstj. að reyna t. d. að hindra verðbólgu og koma í veg fyrir gengislækkun, er það að ákveða þessa lágu vexti ein frumstæðasta forsendan fyrir því að geta stöðvað verðbólgu og þar af leiðandi síðar meir gengislækkun. Ef vextir af því fé, sem ríkisstj. notar til slíkra bygginga, væru ekki nema 2—3%, mundi, miðað við alllöng lán, hitt geta dugað nokkuð til þess að standa undir viðhaldskostnaði og öðru slíku, a. m. k. til að byrja með. Ef hugsanlegt væri með skynsamlegum aðferðum við byggingar og tiltölulega lágum vöxtum að gera þessar byggingar ódýrari en nú gerist yfirleitt, jafnvel 20—30% ódýrari, ætti eftir þessari 5. gr. jafnvel að vera hægt að hafa leigu á svona íbúðum allt að því helmingi lægri en nú tíðkast. En eins og menn vita, er þetta núna jafnvel 6—7 þús. kr. á mánuði oft og tíðum fyrir slíkar íbúðir. Þó skal ég taka það fram einmitt hvað snertir Reykjavík, að það eru margir mjög heiðarlegir húseigendur, sem leigja á mjög lágu verði og halda þá máske sömu leigjendunum áratugi í sínum húsum. En raunverulega eru slíkir húseigendur bókstaflega, miðað við þá frjálsu verðmyndun, að gefa af því fé, sem þeir ósköp vel gætu fengið. En það eru menn, sem bókstaflega kunna ekki við það að notfæra sér þennan okurmarkað, sem skorturinn á leiguhúsnæði hefur skapað.

Í 6. gr. er fyrir utan heimildina til ríkisstj. um að taka allt að 200 millj. kr. lán vegna þessara byggingarframkvæmda ríkisstj. heimilað að semja við sérstaka sjóði um að leggja fram fé til slíkra bygginga með þeim kjörum, að þeir eigi slíkt húsnæði sem samsvarar þeirra framlagi og fái af því þær vaxtatekjur, sem ríkið hefur ætlað sjálfu sér. Ríkið annast hins vegar alla stjórn á þessu. Við settum þessa hugmynd

inn í, flm., til þess að t. d. stórir sjóðir, og við vitum, að það eru margir stórir sjóðir, almannasjóðir, sem hafa legið nú um áratugi í bönkunum hérna og sífellt verið að rýrna að gildi, — við vildum gefa þessum sjóðum kost á að leggja fram fé til að byggja á þennan máta. Við vitum, hvernig það hefur verið undanfarna áratugi, sérstaklega hér í Reykjavík og víðar. Sá raunverulegi sparisjóður, sem menn hafa lagt í, eru íbúðabyggingar. Sá maður, sem hefur ætlað að varðveita sitt fé gegn því að láta það verða möl og ryði að bráð svo að segja, ef má nota slíka líkingu í slíku sambandi, hefur lagt sitt fé í íbúðabyggingar í staðinn fyrir að leggja það inn í sparisjóð. Íbúðabyggingarnar og það, hve mikill áhugi hefur verið fyrir þeim, hefur meðfram stafað af því, að þetta hefur verið eini raunverulegi sparisjóðurinn undanfarna áratugi, því að þeir, sem lagt hafa í sparisjóði, hafa auðvitað tapað á því, eins og vitanlegt er. Þessir sjóðir hins vegar hafa venjulega verið látnir liggja þarna. Fæstir slíkra sjóða hafa haft nokkuð með það að gera að stunda íbúðabyggingar eða annað slíkt. Við vildum þess vegna með þessari 6. gr. gefa slíkum sjóðum tækifæri til þess að lána ríkisstj. svo og svo mikið og að 10 árum liðnum mættu þessir sjóðir síðan selja þessar íbúðir, sem þeir hefðu átt allan þennan tíma. Þannig hefðu þá, ef verðbólgan skyldi halda áfram, þessir sjóðir haldizt í sínu upprunalega gildi. Og ég geng út frá, að ýmsir stjórnendur slíkra almannasjóða mundu nota sér slíkt tækifæri. Slíkt er miklu hagnýtara fyrir þá en fá t. d. 8—9% vexti af sínum lánum. Það hins vegar að leyfa jafnvel að selja þessar íbúðir eftir 10 ár gerðum við með það fyrir augum, að eftir 10 ár færu þessar íbúðir meira að þarfnast viðhalds. Þeir, sem í þessum íbúðum hefðu búið, mundu kannske oft og tíðum sjálfir þá vera í allt annarri aðstöðu til þess að geta keypt þær og geta þá máske fengið á þeim hagkvæmari kjör en þau, sem þeim stæðu til boða, þegar þeir væru að byggja íbúðir fyrir sjálfa sig. Við vitum, að það er margt annað fólk, sem á slíkum íbúðum þarf að halda. Það er vitað, að t. d. ung hjón verða, ef þau eiga ekki beinlínis einhverja auðkýfinga að hér í Reykjavík, sem gefa þeim 5—6 herbergja íbúð á brúðkaupsdaginn með bílinn standandi fyrir utan og uppmublerað allt saman, þá verða ung hjón venjulega að byrja með því að búa heima hjá foreldrum annars hvors þeirra. Og það er vitanlegt, að oft og tíðum er það svo, að það er eitthvað farið að flytja inn í íbúðir, löngu áður en slíkar íbúðir eru íbúðarhæfar, og það jafnvel með ung börn, þannig að beinlínis hætta stafar af. Það þurfa að vera til íbúðir, þar sem ung hjón geta flutt inn án þess að þurfa fyrst að vera að hugsa um það að vera að byggja húsnæði yfir sig. Ef þau geta flutt inn og búið þar sín 5—10 ár og á meðan athugað um að fara að búa sig undir það að koma eigin þaki yfir höfuðið, eru aðstæðurnar fyrir það allt öðruvísi. Alveg sama gildir um margt af gamla fólkinu, fólki, sem gjarnan vill kannske, þegar það fer að eldast, selja íbúðir, sem hafa verið mátulegar, meðan börnin voru að komast upp, en vill gjarnan flytjast í minni íbúð, þegar það eldist. Það er alveg óhugsandi að ætla að leysa íbúðarþörf manna með því, að menn byggi aðeins eigin íbúðir, því að þær eru venjulega hugsaðar út frá því eins og fjölskylda er, þegar hún er hvað stærst. Þess vegna er enginn efi á því, að svona íbúðir mundu bæta úr ákaflega brýnni þörf og hjálpa mönnum mikið líka við að geta á sæmilegan hátt komizt yfir það að reyna að byggja síðar meir sjálfir. Og ég held, að hvað snertir þetta í 6. gr. með sjóðina, að það yrði mjög vel þegið af mörgum forráðamönnum slíkra sjóða að hafa slík tækifæri. Hins vegar t. d. fyrir ríkið eða þjóðina yrði það venjulega praktískt eftir 10 ár að geta máske losað sig við svona íbúðir og látið þá, sem í þeim búa og vilja eignast þær, taka við þeim, en halda svo aftur áfram því að byggja nýjar íbúðir annars staðar.

Ég vil taka það fram hins vegar, um leið og við leggjum þetta frv. fram, að það er síður en svo, að Alþ. hugsi þetta sem einhverja almenna lausn á húsnæðisvandamálunum. Þetta er aðeins um þetta tiltölulega litla svið, hvað snertir að koma upp leiguhúsnæði, af því að þar er orðið hreint neyðarástand. Ég veit um fólk, sem bókstaflega á hvergi þak yfir höfuðið, þegar það er hrakið út úr því leiguhúsnæði, sem það er kannske búið að búa í um áratugi, og sér eiginlega ekkert annað en það verði að reyna að flýja eitthvað í burtu úr bænum svo og missa alla þá atvinnu, sem það hefur haft hér og stundað kannske um áratugi, vegna þess að það kemst hvergi nokkurs staðar inn. Þannig er ástandið í dag, og úr þessu þarf að reyna að bæta. Viðvíkjandi aftur á móti þeirri varanlegu framtíðarlausn á húsnæðisvandamálunum er slíkt ekki gert nema með félagslegu framtaki almennings og þeim stuðningi frá ríkisstj., sem frekast er hægt að veita. Álít ég, að það þurfi að stefna að því, að það verði eitthvað í þeim stíl, sem víða hefur verið stefnt að með löggjöf á Norðurlöndum, að það séu 80—90% af byggingarkostnaðinum, sem fást að láni, lánin séu til 60—80—90 ára og vextir séu 2—4%. En það er náttúrlega gefið mál, að þar koma víxláhrifin til greina, að slík kjör treystir ekkert þjóðfélag sér til þess að setja, nema það fastsetji sér það að ráða við verðbólguna um leið. En um leið er líka slík ákvörðun um lánveitingar til húsnæðis eitt allra öflugasta ráðið gegn verðbólgunni, því að þetta eru hlutir, sem hafa víxláhrif hvorir á annan og þar verða menn einhvern tíma að þora að stinga við fótum og segja: Nú skal verðbólgan verða stöðvuð. — Og þegar ég segi það, á ég náttúrlega ekki við, að öll verðbólga sé stöðvuð gersamlega. Verðbólga, sem er frá 2—5% á ári, er ekki hættuleg neinu þjóðfélagi. Það er það, sem almennt hefur viðgengizt í gegnum aldirnar. En verðbólga hins vegar, sem er orðin 10—20% á ári, eins og hún hefur verið hjá okkur, er bölvaldur í þjóðfélaginu. En ætli menn að stöðva slíkt, þarf þarna samræmdar aðgerðir, samræmd átök frá hálfu bæði þeirra almennu samtaka með þjóðinni og af hálfu ríkisstj. og bæjarfélaga, og það er mál, sem ég ætla ekki út í hér.

Ég vildi vonast til þess, að þetta frv., þegar

það í þriðja sinn er flutt, mætti finna náð fyrir augum þeirrar n., sem ég legg til, að það fari til, heilbr.- og félmn., sem mun nú líka fá þau mál, sem koma frá hv. Ed., frv. ríkisstj. Það væri ákaflega æskilegt, að það væri hægt að skapa samstarf um það í þinginu, að við tækjum þessi stóru mál svo rækilegum tökum, bindumst svo að segja fóstbræðralagi um það að reyna einmitt að byrja á þessu sviði viðureignina við dýrtíðina. Það er engum efa bundið, að mesta kjarabót, sem hægt er að skapa nú fyrir launþega, ekki aðeins í Reykjavík, heldur um allt land, er að koma þessum húsnæðismálum í lag, hvort heldur það er leiga eða greiðsla af eigin íbúð. Á meðan greiðsla af eigin íbúð eða leigur fara upp í að vera þriðjungur, ég tala nú ekki um stundum kannske helmingur af tekjum eins manns, heldur sú þensla áfram, að t. d. verkalýðssamtökin hljóta alltaf að krefjast hærri og hærri launa. Það er þarna, sem þarf að grípa inn í. Þetta er langstærsti útgjaldaliðurinn hjá þorranum af öllum fjölskyldum, sérstaklega þó hjá þeim ungu. Ég veit, að það er ákaflega misskipt hjá launþegunum í þessum efnum. Það eru ýmsir, sem búa kannske í gömlu, skuldlausu húsnæði, og fyrir þá er þetta náttúrlega allt annað. En fyrir þá, sem nú eru að flytjast inn í nýtt húsnæði, þá ungu, sem eru að skapa sér heimili, er þetta húsnæðismál langþýðingarmesta málið hvað snertir að reyna að ráða við dýrtíðina og um leið fyrir þjóðfélagið að reyna að komast út úr þeirri úlfakreppu, sem verðbólguvandamálið skapar.

Ég vil þess vegna leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði þessu máli vísað til hv. heilbr.- og félmn., og vil vona, að n. athugi þessi mál mjög alvarlega. Það er vissulega ánægjulegra, ef við gætum hérna á þinginu komið okkur saman um að afgreiða svona mál á þingræðislegan máta, heldur en það þurfi að verða svo hvað eftir annað nú, að ríkisstj. og verkamannasamtök, hver svo sem ríkisstj. er, á hverjum tíma verði að semja einmitt um þessi mál, sem er í okkar verkahring að afgreiða. Og af hverju virðist t. d. núv. hæstv. ríkisstj. semja við verkamannasamtökin þannig? Vegna þess að við hér á þinginu vanrækjum okkar starf. Vegna þess að við afgreiðum ekki þessi mál hér frá þinginu, sem eru svo lífsnauðsynleg, að það kemur á daginn, að það er meira að segja ekki hægt að leysa vinnudeilur án þess að sýna einhvern lit á því að afgreiða þessi mál. Ég vil þess vegna eindregið vona, að við getum náð einhverju samstarfi um það hér á Alþ. að stíga í vetur stórt skref í því að leysa þessi stóru vandamál.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það var margt skynsamlegt, sem hv. aðalflm. þessa frv. sagði um það, og ég get lýst ánægju minni yfir ýmsum hans orðum og yfirlýsingum, m. a. því, að hann skyldi fagna því samkomulagi, sem varð á milli verkalýðsfélaganna í sumar, Dagsbrúnar og ríkisstj., um þessi mál. Þetta er því athyglisverðara, að hv. þm. skuli nú fagna þessu samkomulagi, þar sem málgagn Sósfl. var mjög andvígt því, að slík mál skyldu dregin inn í samningana í sumar. En ég skil það svo, að hv. þm. hafi talað sem málsvari Alþb., sem hann og gerði, en ekki þess þrönga hóps, sem stendur að Þjóðviljanum og lagðist mjög eindregið á móti því, að þessum málum væri blandað saman við kaupdeilur.

Það er auðvitað rétt, að ef Alþ. afgreiddi sum mál, þyrfti ekki að blanda þeim saman við kaupdeilur. En hitt er einnig eðlilegt og hefur ætíð tíðkazt, að í sambandi við kaupdeilur væru tekin til athugunar ýmis aðkallandi vandamál. Slíkt var engin nýjung í sumar eða í fyrra. Og það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að það er mjög náið samband á milli kaupgjaldsmálanna og húsaleigukostnaðar eða húsnæðiskostnaðar og því eðlilegt, að nokkuð sé litið á hvort tveggja samtímis.

Ég taldi það mjög mikilsvert einmitt, að það skyldi takast samkomulag við verkalýðsfélögin — og það mátti skoða Dagsbrún í þessu tilfelli sem þeirra fulltrúa — um þá tilraun, sem ákveðið var í sumar að gera til þess að reyna að lækka byggingarkostnaðinn hér í bæ.

Ég er því sammála, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði í umr. hér á Alþ. á dögunum um allt annað mál, að það væri fullkomin ástæða til þess að rannsaka sérstaklega, í hverju liggur hinn mjög mikli byggingarkostnaður eða húsnæðiskostnaður, ekki sízt hér í Reykjavík. Það er vitað, að hann er að kunnugra manna sögn 20—30% hærri hér í bænum en a. m. k. víðs vegar úti um land, og menn hafa eytt tíma í athugun og rannsókn á minna vandamáli en þessu. Ég játa þó, að ég hef minni trú á því, að málið leysist fyrir opinbera rannsókn eða yfirheyrslur, heldur en með því, að margir aðilar leggist á eitt til þess að ryðja brautina fyrir því, að framkvæmdir verði í raun og veru gerðar með hagkvæmum hætti og kostnaðarverði.

Nú er það að vísu svo, að þó að ríkið ráðist í framkvæmdir í þessu efni með atbeina Reykjavíkurbæjar og borgi ekki annað en kostnaðarverð, eru því miður engan veginn neinar líkur, hvað þá vissa fyrir því, að það verði til þess að lækka byggingarkostnaðinn. Við vitum af margfaldri, sárri reynslu, að byggingar eru sízt ódýrari hjá ríkinu heldur en hjá einstaklingum, þvert á móti oft dýrari. Þess vegna er það eitt út af fyrir sig, að ríkið með aðstoð bæjarfélags ráðist í opinberar byggingar, engin lausn. En hins vegar, ef verkalýðsfélögin fást til fullkomins samstarfs við hina opinberu aðila, fulltrúa almannavaldsins, um að gera hér alvarlega tilraun til þess að ryðja úr vegi þeim orsökum, sem gera byggingarkostnað meiri hér í Reykjavík en annars staðar, er það svo merk tilraun, að það er sjálfsagt að gera hana. Ég þori ekki að fullyrða fyrir fram, hvort hún ber æskilegan árangur, en hér er svo mikið í húfi, að mér finnst sjálfsagt og fannst sjálfsagt að taka því tilboði, sem lá fyrir af hálfu verkalýðsfélaganna um samstarf í þessum efnum. Við skulum játa það fyrir fram, að til þess að þetta takist, er ekki einungis að berjast við einhverja svokallaða braskara eða okrara, heldur einnig við samtök þeirra manna, sem hafa starfað að húsbyggingum undanfarið og hafa með ærlegum hætti

haft af því sitt uppihald. Menn verða að þora að horfast í augu við, að það er óeðlilegt, að þessir menn skuli hér í Reykjavík búa þannig um, að húsnæðiskostnaðurinn verði mun meiri í höfuðstaðnum en a. m. k. víðast hvar úti um land. Lausn á málinu fæst ekki með því að skamma einhverja óákveðna okrara, braskara og aðra slíka, sem menn velja ill nöfn, meðan þeir nefna enga ákveðna aðila, heldur þarf þarna að skera í gegnum alla framkvæmd í heild og hafa til þess kjark. Það verður ekki gert nema með svo víðtæku samstarfi sem efnt var til með þessari samningsgerð í vor. Ég vil lýsa eindregnum hug ríkisstj. til þess að standa að þeirri framkvæmd og treysti því, að verkalýðsfélögin láti ekki heldur á sínum atbeina standa. Hvort svo menn vilja samtímis efna til slíkrar rannsóknar, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. hér nefndi, er annað mál, sem einnig gæti komið til greina, en ég játa, að ég hef minni trú á því heldur en ef slík tilraun fæst gerð í samhug og af fullri alvöru, eins og um var samið í sumar.

En þarna eru auðvitað ýmis vandkvæði á, og það er hægara um þetta að tala heldur en að framkvæma. Og ég er engan veginn viss um, að það sé hagkvæmt, samtímis því sem sú tilraun verður gerð með þeim hætti, sem þá var um samið, þá verði einnig ráðizt í þvílíka framkvæmd, sem þetta frv. ætlast til að gerð verði af hálfu ríkisstj. Nú erum við hv. 3. þm. Reykv. fyllilega sammála um, að æskilegt sé, að ætíð sé eitthvað töluvert til af leiguhúsnæði. Ég hef lengi — áratugum saman — haldið því fram, að það tjáði ekki eitt, þótt það væri mjög æskilegt, að ýta undir, að sem allra flestir gætu orðið eigendur að eigin íbúðum, og í því hefur orðið stórkostleg umbót til hins betra einmitt á þessum síðustu áratugum, þá er það eitt ekki lausn þessa vanda. Það verða ætíð svo og svo margir af mismunandi ástæðum, sem ekki hafa tök á því að eiga eigin íbúðir og í raun og veru er ekki hyggilegt að ætlast til þess að eigi eigin íbúðir. Hvernig menn vilja ráða fram úr þeim vanda, er til íhugunar. Ég tel sannast að segja mjög vafasamt, að æskilegasta leiðin til þess sé, að ríkið eigi þvílíkar íbúðir. Ég tel hitt miklu frekar koma til álita, að ýmsir sjóðir ættu slíkar íbúðir, eins og hv. 3. þm. Reykv. nefndi, að sveitarfélög ættu nokkuð af slíkum íbúðum og einstaklingum, sem til þess vilja verja sínu fé, sé gert mögulegt að eiga þvílík íbúðarhús til leigu.

Á sínum tíma átti ég nokkurn þátt í því og varð fyrir hörðum árásum og tilraunum til þess að gera mig tortryggilegan af því, að einstaklingi var gert mögulegt að byggja þvílík íbúðarhús hér í bænum á hagkvæman hátt og til þess að leigja út með skaplegum hætti. Ég er sannfærður um, að það er mjög miður farið, að fleiri hafa ekki fetað í þau fótspor, og ég get ekki skilið hv. 3. þm. Reykv. betur í því, sem hann sagði, heldur en hann teldi það mein og til hins lakara, að sú þjóðfélagsþróun hefur orðið nú hin síðustu ár, að menn verja yfirleitt ekki fé sínu til þess að byggja hús til að leigja út. Það er einn þátturinn í því, hversu íbúðarhúsnæðið nú er í mörgum tilfellum óhæfilega dýrt, að það er yfirleitt ekki stundað sem atvinnugrein eða sem eðlileg fjárfesting að verja fé í þessu skyni, heldur gera menn það meira af tilviljun vegna þess að þeir ráða yfir íbúðum um stundarsakir, lítilli íbúð í sambandi við stærri íbúð, sem þeir búa í sjálfir, eða stærri íbúð í sambandi við aðra íbúð minni, sem þeir búa í sjálfir, eða hvernig sem á stendur í hverju tilfelli. En það er einmitt mjög athyglisverð sú þjóðfélagsþróun, sem hv. 3. þm. Reykv. gat um, að nú leggja menn ekki fé sitt í húsbyggingar í þessu skyni.

Ég get ekki skilið þetta frv. á annan veg, þar sem talað er um neyðarástand, er skapazt hafi eða sé yfirvofandi, en þar sé viðurkennt, að þetta sé einmitt afleiðing þess, að einstaklingsframtakið hafi ekki fengið að njóta sín í þessum efnum sem skyldi. Og einmitt þess vegna hygg ég, að það sé varhugavert í þessu frv. að ætlast til þess, að ríkið eða þeir sjóðir, sem hér eru einnig ráðgerðir, leigi þessar íbúðir út mun lægra verði en hægt er að búast við að einstaklingar geri, eða fái lægri prósentu af sínum kostnaði. Ég hef sem sagt, eins og ég sagði áðan, ekki trú á því, að til frambúðar reynist það ódýrara fyrir ríkið að byggja heldur en fyrir einstaklinga. Það haggar ekki því, eins og ég sagði, að þá tilraun á að gera í þessu skyni, sem um var samið í vor. En öll almenn reynsla segir, að til langframa verði byggingar dýrari hjá ríkinu heldur en hjá einstaklingum. Þess vegna er miklu frekar íhugunarvert, með hverjum hætti er hægt að fá nógu ódýrt fjármagn til þess að lána út til þeirra aðila, hverjir sem þeir eru, hvort sem það eru sjóðir, sveitarfélög eða einstaklingar, sem vilja koma upp húsum til leigu til þess að bæta úr þeirri almannaþörf, sem hv. 3. þm. Reykv. hér réttilega gerði grein fyrir.

Hv. þm. benti einnig á, að það er erfitt að fá nægilega ódýrt og mikið fjármagn í þessu skyni til langs tíma, nema við verðbólguna verði ráðið. Þetta eru mál, sem eru náskyld hvort öðru. Hins vegar var það einnig mjög íhugunarvert og athyglisvert, sem hv. þm. sagði, að þegar hann ætti við stöðvun verðbólgunnar, væri það ekki alger stöðvun hennar, heldur að hún ætti að halda áfram að vissu marki. Hv. þm. hefur haft hreinskilni til þess að tala eitthvað svipað áður, og það er virðingarvert, að menn segi sem er, að það er almenn skoðun hér, að þó að allir tali um stöðvun verðbólgu, eru margir, sem telja verðbólgu að vissu marki ekki einungis æskilega, heldur sé hún nauðsynleg. Svo kemur að því, að hver og einn vill setja mörkin þar, sem hans eigin hagsmunir eða kredda segir til um. Ég er ósköp hræddur um, að það mark, sem hv. þm. setti, mundi þykja býsna hátt í ýmsum öðrum löndum, þó að ég samkv. reynslu okkar a. m. k. síðustu 2—3 áratugi verði að játa, að það væri mikil framför, ef við gætum þó fengið þann stöðugleika, sem í því marki felst. Það er vinningur, ef menn fást til að ræða um þessi mál með rökum, en ekki fullyrðingum eða sleggjudómum og ásökunum á alla bóga, eins og allt of mikið af þessum umr. fer í og mátt hefur heyra hér í þinginu undanfarna daga og vikur.

En þá skulum við líka játa, að þó að þetta sé vandamál, er þetta ekki neitt nýtt vandamál, hvernig eigi að sjá fyrir húsnæðisþörf manna, án þess að kostnaðurinn verði óhæfilegur miðað við tekjur manna. Ég tel, að þrátt fyrir alla þá galla, sem við teljum að á okkar málum hafi verið undanfarna áratugi, er það auðvitað víst, að miklu fleiri menn eiga nú hlutfallslega sitt eigið húsnæði heldur en þeir áttu áður. Það kom einnig fram í því, sem hv. þm. sagði. Og við, sem teljum það kost, megum þá ekki heldur telja, að það ástand, sem til þessa hefur leitt, sé einungis illt. Þarna er um verulega þjóðfélagsframför að ræða, og það er þá að reyna að gera sér grein fyrir, af hverju þetta hefur tekizt. Á æskudögum mínum og hv. 3. þm. Reykv. datt a. m. k. fáum menntamönnum í hug, að þeir gætu eignazt eigin íbúð á sínum fyrstu búskaparárum. Mönnum kom ekki til hugar annað en þeir yrðu að bíða áratug eða jafnvel áratugi, þangað til þeir kæmust inn í sitt eigið húsnæði, ef þeir áttu að lifa af þeim launum, sem þá voru mönnum ætluð, og höfðu ekki einhverjar alveg óvenjulegar tekjur. Nú er sá munur, að allur þorri manna ætlast til þess, ef ekki að geta komizt inn í eigin íbúð, strax og þeir ganga í hjónaband, þá á allra fyrstu búskaparárum. Þetta er ein af afleiðingum hinnar mjög auknu velsældar, hinna gerbreyttu efnahagskringumstæðna í landinu, sem orðið hafa á dögum þessarar kynslóðar.

En það er einnig fullkominn misskilningur, sem hv. þm. hélt fram, að nú þyrftu menn jafnvel með þessari okurleigu í verstu tilfellum að borga hlutfallslega meira af sínum tekjum í húsaleigu heldur en þeir þurftu t. d. á árunum 1932, — ég vil segja, fram undir stríð. Ég get vitnað til minnar eigin reynslu. Ég hygg, að það hafi verið nær helmingur af mínum embættislaunum, sem ég þurfti að greiða í húsaleigu fyrir mjög hóflega íbúð, fyrst þegar ég gifti mig. Og það var ekki neitt einstakt með mig þá. Tekjur manna voru þá yfirleitt, þ. á m. embættislaun a. m. k. hjá embættismönnum svo þröng, að menn eiga mjög erfitt að gera sér grein fyrir, hvað mönnum var þá ætlað að komast af með. Þá var sá meginmunur hjá þeim, sem voru í föstum störfum, höfðu embætti og gátu margir aflað sér einhverra auknatekna með. Þó að þessar tölur væru allar lágar, þá fengu þeir þetta greitt. Hjá verkafólkinu kom þetta aftur á móti þannig út, að þó að þess árstekjur gætu verið 4—5 þús. kr. á ári, ef það hafði fulla vinnu allt árið, var það vinnulaust helminginn af árinu og hafði ekki tekjur þess vegna nema sem svaraði helmingi af því, sem tímakaupið gaf fyrir venjulegan fullan vinnutíma. Af þessu urðu menn með einhverjum hætti að borga hin föstu gjöld, m. a. húsaleigugjöld, til þess að geta lifað. Reynslan var líka sú, að ég man það, að Jón heitinn Þorláksson sagði: „Ef verkamaður á yfir svo og svo mörg börn," — ég skal ekki hafa þá tölu hér eftir nú, — „þá er sú almenna reynsla, að hann verður að koma og þiggja sveitarstyrk, annars getur hann ekki lifað." Þetta var það ástand, sem menn áttu við að búa áður, meðan menn höfðu ekki við þennan verðbólguvanda að etja, sem nú herjar okkur. Ég geri ekki lítið úr þeim vanda, og ég minni á það út af þeim ummælum, sem voru höfð hér í gær af hv. 11. þm. Reykv., að því er ég hygg, að við viðurkenndum ekki þann vanda, sem verðbólgan væri, og vildum dylja hann, að í útvarpsviðtali sem ég átti á dögunum við blaðamenn, var ég spurður um það, hver væri mesti vandi stjórnarinnar. Þá svaraði ég hiklaust og umhugsunarlaust, að það væri verðbólgan. Ég játa, að það er vandi, sem okkur hefur ekki tekizt að leysa.

Ég tók hér til máls vegna þess, að hv. 3. þm. Reykv. talaði um þetta mál með ólíkt skynsamlegri hætti og á þann veg, að umræðu er vert. heldur en það karp, sem sumir hafa haft í frammi hér síðustu dagana.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég tel, að það frv., sem hér liggur fyrir, sé mjög athyglisvert, því að þótt það sé hin æskilega stefna í þessum málum og sjálfsagt sé að vinna fyrst og fremst að því, að sem allra flestir geti átt sitt eigið húsnæði, eru alltaf einhverjir, sem ekki hafa aðstöðu til þess, og þá verður það ekki leyst með öðrum hætti en þeim, að þeir eigi kost á leiguhúsnæði fyrir hófsamlega leigu. Og ég tel vafasamt, að það verði á annan hátt betur leyst heldur en þann, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Að sjálfsögðu kemur það til athugunar í þeirri n., sem þetta mál fær til meðferðar, hvort aðrar leiðir geti einnig komið til greina í þessum efnum, en ég hygg, að allir hljóti að vera sammála um það, að þörf sé á að athuga þetta mál betur og sinna því meira en gert hefur verið að undanförnu. Og það finnst mér rétt að láta koma fram, að þó að á s. l. vori hafi náðst nokkurt samkomulag milli ríkisstj. og verkalýðssamtakanna um byggingu á vissum fjölda íbúða hér í bænum, er það mark, sem þar er sett, hvergi nærri fullnægjandi og þarf að vinna að enn meiri og betri lausn þeirra mála heldur en þar er gert, ef vel á að vera.

Ég vil hins vegar nota þetta tækifæri, af því að hæstv. forsrh. talaði hér á undan mér, að láta í ljós ánægju mína yfir þeirri stefnubreytingu, sem hefur orðið hjá honum í þessu máli og í sambandi við þessa samninga við verkalýðsfélögin. Sú var tíðin, sem hæstv. ráðh. og hans flokksmenn fordæmdu það mjög ákveðið, að nokkuð væri talað við verkalýðssamtökin af hálfu stjórnarvaldanna, ekki aðeins um þessi mál, heldur launamálin almennt, og ríkisvaldið ætti að láta þessi mál með öllu afskiptalaus. Ég tel það mjög vel farið, að hæstv. ráðh. hefur nú hörfað frá þessari stefnu og tekið upp þá vinnuaðferð að ræða við launþegasamtökin. Og það mætti gjarnan vera á fleiri sviðum, sem slík samvinna væri viðhöfð. En óneitanlega hefði hitt þó verið skemmtilegra, að ríkisstj. hefði gert það, sem hún féllst á í samkomulagi við verkalýðsfélögin á s. l. vori varðandi húsnæðismálin. Ólíkt hefði það nú verið skemmtilegra, að hún hefði haft frumkvæði um þetta algerlega ótilneydd og það hefði ekki þurft að beita verkfallshótunum til þess að fá hana til að fallast á þetta. Að sjálfsögðu hefði það verið miklu

skemmtilegra, þó að ekki beri hins vegar að vanþakka það, að hún féllst á þetta að lokum.

Mér virtist það koma fram hjá hæstv. ráðh., að hann væri nokkuð ánægður með það ástand, sem væri nú ríkjandi í húsnæðismálunum hér í bænum. A. m. k. kom það mjög greinilega fram hjá honum, að hann taldi það alls ekki verra en það hefði verið á kreppuárunum fyrir stríðið. En ég verð nú að segja það í þessu sambandi, að ég álít, að það sé ekki takmark til að keppa að, ástandið, sem var á hinum erfiðustu fjárhagsárum, sem þessi þjóð hefur búið við, nú, þegar þjóðin býr við meira góðæri en nokkru sinni fyrr. Ég held, að við eigum að setja okkur það mark, og tel ég það alveg sjálfsagt nú, þegar velgengni er jafnmikil og raun ber vitni um, bæði hvað snertir aflabrögð og útflutningsverð, að við ættum að geta haft stórum skárra ástand, bæði á þessum sviðum og öðrum, heldur en þegar þjóðin bjó við hina mestu örðugleika í þessum efnum, þegar hún bjó við aflaleysi, þegar hún bjó við það, að verðlag stórféll á útflutningsvörunum og þegar margir af okkar beztu mörkuðum lokuðust. Ég tel það ekki neitt þakkarvert, að við eigum að stefna hærra en það að hafa ástand í húsnæðismálum og öðrum málum betra nú en var á þessum hinum mestu örðugleikatímum. Og þó að það hafi kannske verið svo einhvern tíma áður fyrr, að embættismenn hafi orðið að borga upp undir helminginn af sínum launum í húsaleigu, finnst mér síður en svo, að það sé ástand, sem nú eigi að vera til fyrirmyndar og við eigum að miða við. Að sjálfsögðu á að stefna að því, að húsaleiga og húsnæðiskostnaður geti orðið miklu lægri en þetta, stefna að því, að hann geti orðið sá sami og hann er í öðrum löndum, nágrannalöndum okkar, þar sem hann er í mörgum tilfellum ekki nema lítið brot af því, sem hann er hér nú.

Mér finnst líka rétt að minnast örlítið á eitt atriði, sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh. Hann var að tala um það, sem sennilega er alveg rétt, að byggingarkostnaður sé miklu meiri hér í borg heldur en annars staðar á landinu. Hann nefndi í því sambandi þá tölu, að byggingarkostnaður væri kannske allt að því 20—30% hærri hér en víða annars staðar á landinu, og hann taldi, að það væri rétt að láta rannsaka, í hverju þetta lægi. Ég er honum sammála um það. En það er alveg víst, að ein meginástæðan til þess, hvað byggingarkostnaður er miklu hærri hér en annars staðar á landinu, er sú, að þenslan á vinnumarkaðinum er miklu meiri hér en á flestum öðrum stöðum á landinu, eftirspurnin eftir vinnuafli miklu meiri, yfirboðin þar af leiðandi miklu meiri, og þess vegna verður byggingarkostnaðurinn hærri en hann er víða annars staðar, og ástæðan til þess, að þannig er ástatt, er að sjálfsögðu sú, að af hálfu stjórnarvaldanna er ekki hirt um það að hafa nægilegt taumhald á fjárfestingunni. Ein helzta leiðin til þess, að byggingarkostnaður hér verði a. m. k. nokkru lægri en hann er nú, er að hafa betra taumhald á fjárfestingunni heldur en nú á sér stað, og þess vegna er hæstv. ríkisstj. að verulegu leyti völd að því, að byggingarkostnaður hér og víða annars staðar er hærri en hann þyrfti að vera, ef sæmileg stjórn væri höfð á þessum málum.

Þau atriði, sem ég hef nú nefnt, fannst mér rétt að láta koma hér fram, fyrst hæstv. ráðh. var á undan mér. En aðaltilgangur minn með því að koma hingað var að sjálfsögðu sá, að ég tel, að það frv., sem hér liggur fyrir, sé athyglisvert og það eigi að athuga, hvernig hægt sé að leysa vandamál þeirra mörgu einstaklinga og heimila, sem ekki eru fær um það sjálf, a. m. k. eins og sakir standa, að eignast eigið húsnæði. Það verði að leita að þeim ráðum að tryggja þeim sem ódýrast leiguhúsnæði, og það frv., sem hér liggur fyrir, ræðir a. m. k. um eina leiðina að því marki. Ég vil þess vegna segja það að lokum, að ég vænti þess, að þetta mál fái vandlega athugun í þeirri n., sem það fer til, og árétta það einnig, að þó að nokkuð hafi áunnizt í sambandi við samninga verkalýðsfélaganna og ríkisstj. á s. l. vori í þessum efnum, er það hvergi nærri fullnægjandi, og því þarf að gera meira en þar er gert. Ég vil t. d. benda á það, að í þeim samningum er það húsnæði, sem þar um ræðir, eingöngu bundið við láglaunafólk í verkalýðsfélögunum. Það eru að sjálfsögðu margir láglaunamenn, sem ekki tilheyra neinu verkalýðsfélagi, og það þarf ekki síður að vinna að því, að þeir fái einhverja úrlausn, heldur en hinir, sem eru í verkalýðsfélögunum.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar undirtektir undir þetta mál. Sumt af því, sem hann sagði, eru smáatriði. Ég vil hugga forsrh. með því, að ég tala ekki síður fyrir hönd Sósfl. en Alþb., ef hann skyldi halda, að það væri einhver efi um það, hvernig við lítum á það, hvernig vinnudeilurnar voru útkljáðar, og Sósfl. var ekki síður ánægður með það en Alþb. í heild. Hitt er náttúrlega allt annað mál, að meðan vinnudeilurnar standa yfir, berst eðlilega okkar málgagn alveg eins og hægt er fyrir því að pressa allt fram, sem mögulegt er. Það þekkir annar eins samningamaður og hæstv. forsrh. sjálfur, að meðan samningar standa yfir, er gagnrýnt fyrst og fremst og haldið uppi baráttuandanum, þangað til þess þarf ekki með. Hins vegar er ákaflega tvíeggjað að taka almenn löggjafarmál til að útkljá í vinnudeilum, og það þykist ég alveg vita, að hæstv. forsrh. sé mér sammála um. Það er svo tvíeggjað, að þótt við höfum nú meira en 20 ár gert þetta, vitum við báðir ósköp vel, að þetta eru raunverulega næstum því lögbrot, því að í vinnulöggjöfinni er mjög ákveðið tekið fram, að það megi ekki nota verkföll til þess að knýja ríkisstj. til þess að hætta við að gera það, sem hún hafi ætlað að gera, eða til þess að gera það, sem hún hafi ekki ætlað sér að gera. Og þegar við þess vegna setjum þetta í gegn, huggum við okkur báðir alltaf við það, að hæstv. ríkisstj. hafi frá upphafi ætlað sér að setja brbl. um þetta, þó að það hafi viljað svona til, að þetta hafi orðið á sama tíma sem verkföll voru auglýst. M. ö. o.: það er alveg eðlilegt af hálfu verkalýðshreyfingarinnar að líta svo á, að náttúrlega er Alþ. til þess að setja lög, og fulltrúar verkalýðsins á Alþ., í hvaða flokki sem þeir telja

sig, eiga að reyna að vinna að því, að í löggjöf Alþ. sé komið fram þeim málum, sem verkalýðurinn hefur alveg sérstakan áhuga fyrir. Það er ekki ætlazt til þess í raun og veru og ekki heldur af vinnulöggjöfinni, að það sé verið að setja þau almennu umbótamál fyrir þjóðfélagið almennt í gegn. Hins vegar skal ég allra manna sízt hafa á móti, að verkalýðshreyfingin sé notuð til slíks. Það er okkur báðum áreiðanlega ljóst, hvaða gallar eru á því. Við vitum, að verkalýðshreyfingin hefur verið líka notuð til þess úti um heim að tryggja t. d. almennan kosningarrétt, og það hafa verið háð allsherjarverkföll, eins og í Belgíu, til þess að knýja fram almennan kosningarrétt og annað slíkt. Og hvers konar mannréttindum hefur þannig verið barizt fyrir. Við þekkjum, hvernig þetta hefur verið heima hjá okkur. 1942 flytjum við þm. Sósfl. frv. um orlof, og í samningunum, sem gerðir eru þá í skæruhernaðinum svokallaða, er m. a. samið um það milli atvinnurekenda og verkamanna, að það frv. skuli skoðast sem lög, og síðan er það samþykkt sem lög í þinginu þá, í ágúst. Sama er með atvinnuleysistryggingarnar. Við vorum búnir að flytja þetta í 12 ár hér 1955, þegar 6 vikna verkfallið stóð, og þá er samið um það að lokum, að meginið úr því frv. skuli verða lög. Sama var um lífeyrissjóð sjómanna, sem við höfum líka flutt hér frv. um nokkrum sinnum. Þetta er náttúrlega út af fyrir sig, en þegar maður fær það ekki í gegn öðruvísi, gerði maður sig ánægðan með að fá það í gegn svona.

Við ætlumst hins vegar til þess, að þeir fulltrúar, sem verkalýðurinn á á Alþ., reyni fyrst og fremst með samningum á Alþ. og sinni baráttu þar að koma þessum málum í gegn, því að það er ein hætta, sem alltaf skapast í sambandi við þetta, og það er hætta, sem ég alveg sérstaklega vil vekja athygli hæstv. forsrh. á. Það skapast sú hætta, að einni ríkisstj. detti í hug, — ég er ekki að meina núv. ríkisstj. frekar en neina aðra, — detti í hug, að það sé í raun og veru ákaflega ópraktískt að vera að láta fara í gegn einhver góð mál, sem snerta hagsmuni verkalýðsins, á yfirstandandi Alþ., á hvaða tíma sem það svo situr, vegna þess að það kynni kannske að vera alveg ágætt að nota þessi mál í næstu vinnudeilum til þess að reyna að pína verkamenn til að semja um þau þá og fá þá kannske einhverja tilslökun í kaupinu. Það er ekkert óeðlilegt, að verkalýðshreyfingunni og forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar detti þetta í hug, að slíkt sé notað, sérstaklega ef við förum að reka okkur á það, að mál, sem við flytjum þing eftir þing og má segja að séu að ýmsu leyti mjög góð, eru söltuð rólega hér í n., en svo þegar kemur að næstu vinnudeilum, er þetta tekið upp og sagt: Við verðum kannske til í að gera eitthvað fyrir almenning, t. d. í húsnæðismálum, ef þið verðið viðtalshæfari um ýmislegt í sambandi við kaupgjaldið. — Við megum ekki skapa verkalýðshreyfingunni þá aðstöðu, að það sé svo að segja hægt að fara að prútta við hana um kaupgjaldið á grundvelli þess, að hún fái í gegn eitthvað, sem er almenningi yfirleitt hagstætt. Alþingi er til þess að framkvæma þessi mál. Til þess erum við hér og til þess erum við kosnir hingað að berjast fyrir þessum málum. Það er farið rangt að hlutunum, ef við verðum að berjast fyrir þessu með verkföllum. Og það er í rauninni ákaflega óeðlilegt, að nokkur ríkisstj., ekki sízt hæstv. núv. ríkisstj., sé að gera það að almennri reglu, að slíkt sé gert. Við vitum það allir saman, að þetta er alveg á takmörkunum að vera lögbrot á vinnulöggjöfinni.

Við vorum báðir sammála um, að með þessum samningum, bæði þessarar ríkisstj. og ýmissa fyrri ríkisstj. líka, sem hæstv. forsrh. átti þátt í, eins og 1955, voru mjög góð mál sett í gegn, sem orðið hafa til mikils góðs. En eðlilegasta aðferðin er það ekki. Hér á Alþingi eigum við að gera þetta, og ég fagna því mjög, að mér fannst hæstv. forsrh. taka vel undir það, að þetta mál væri alvarlega athugað nú, þannig að það þyrfti ekki að verða eitthvert deilumál í næstu vinnudeilu.

Þá kom hæstv. forsrh. inn á braskið í Reykjavík, rannsókn á því, og allt annað slíkt. Hann talaði um, hvort menn þori að taka á þessu af kjarki. Jú það er alveg rétt hjá hæstv. forsrh., það þarf kjark til að taka á þessu og alveg sérstaklega af hálfu hæstv. ríkisstj. og ekki sízt af hálfu Sjálfstfl. En ég held ég megi fullvissa hæstv. forsrh. um, að það mun ekki standa á verkalýðssamtökunum né heldur þeim fulltrúum, sem verkalýðshreyfingin telur sig eiga hér á þingi, að sýna kjark í að taka á þessu máli. En við þurfum áreiðanlega ekki að sýna eins mikinn kjark til þess og hæstv. forsrh. og Sjálfstfl. mundu þurfa að sýna. Það er vitanlegt, að meginið af því, sem er okur eða óþarflega mikill gróði í sambandi t. d. við húsbyggingarnar hér í Reykjavík, það stafar sérstaklega af vissri einokunaraðstöðu, sem svo og svo margir menn hér hafa fengið, sem eru hvað helzt úr — hvað eigum við að segja? — yfirstéttunum, við skulum ekki vera að kalla þá braskara, en athafnamannastétt. Ég skal alls ekki neita því, að sá gróðahugur og sú brasktilhneiging, sem er mjög almenn, og kannske ekki alveg óeðlileg í slíkri athafnamannastétt, hafi gripið allt inn í ýmis verkalýðsfélög. Það er einu sinni svo, að það er nokkuð algengt, ekki sízt hjá alþýðu á Íslandi, að „hvað höfðingjarnir hafast að, hinir ætla sér leyfist það," og mönnum finnst, þegar einstakir framtakssamir menn skófla til sín miklu fé á sérstaklega góðri aðstöðu, sem þeir fá, þá eigi hinir og þessir, þó að launþegar séu, líka rétt á því að reyna að hafa meira upp úr sér heldur en kauptaxtinn einn eða kaupsamningarnir einir mundu gefa til kynna. M. ö. o.: ef við ætlum að taka á þessu, þá þurfum við vafalaust að taka á honum stóra okkar. Það má mikið vera, ef við þyrftum ekki að byrja með því að taka útboðið á öllum húsum, sem ætti að byggja í Reykjavík, á eina hönd, hæstv. ríkisstj., bæjarstjórn Reykjavíkur, kannske verkalýðsfélögin taki að sér að líta eftir því, og láta þjóða þetta út allt saman og hagnýta okkur virkilega þá frjálsu samkeppni í því að fá tilboð í þetta allt saman og hindra, að það komist að nokkurt brask, nokkur skattsvik, nokkuð ljótt í sambandi við þetta. Og það væri mjög ánægjulegt og mjög gaman að því að reyna að taka á þessu, og ég

held, að verkalýðssamtökin mundu áreiðanlega vera til í að aðstoða ríkisstjórn og bæjaryfirvöld við slíkt. Og þá yrði strax að byrja á því í sambandi við úthlutun byggingarlóðanna, til hverra byggingarlóðunum væri úthlutað, þannig að það væri algerlega öruggt, að enginn maður græddi einn einasta eyri á því að hafa nein sérstök sambönd um að fá byggingarlóðum úthlutað. Og þetta er rétt, þetta er hlutur, sem við þurfum að taka á. Við skulum allir reyna að taka kjark í okkur og gera þetta. Og ef hæstv. forsrh. og við hér í stjórnarandstöðunni leggjumst á eitt, þá efast ég ekki um, að bæjarstjórn Reykjavíkur mundi fást til að vera þarna með, ekki sízt af því nú eru bæjarstjórnarkosningarnar brátt yfirvofandi og menn eru oft til í að gera meira fyrir fólkið, eins og kallað er, þegar menn hafa eitthvað slíkt yfir höfði sér.

Þá kom hæstv. ráðh. að því, að hann vildi efast um, að þetta væri rétt hjá mér, að það væri heppilegt, að ríkið gerði það. Það er alls ekki mín meining með þessu t. d., að ríkið ætti að láta byggja þetta. Við skulum segja t. d., ef það væru svo og svo mörg hundruð íbúðir í Reykjavík til leigu, þá er það ekki mín hugsun endilega, að það væri ríkið, sem réði menn í að byggja þetta, og svoleiðis nokkuð. Ég er honum sammála um, að það vill mjög oft verða svo, kannske bæði með ríkið og Reykjavíkurbæ, að það verður ýmislegt dýrara þannig, sem þau fara að byggja sjálf, heldur en ef þau hafa þann hátt á, sem ég held ég hafi minnzt á áðan, að þau byðu þetta út. Við skulum segja, að það ætti að byggja t. d. 300 af þessum íbúðum hér í Reykjavík, við byðum þetta út í þrennu lagi, sínar 100 íbúðirnar hverju sinni, og þeir menn, sem vildu fást við byggingar, eftir að þriðjungurinn hefði fengið úthlutað til sín byggingarlóðunum, án þess nokkur hefði á því grætt, hefðu möguleika til þess að bjóða hver um sig í sínar 100 íbúðir eða kannske bjóða í allar 300 í einu. Svo tækjum við það, sem ódýrast væri. Þannig mundi verktakan nýtast og hin frjálsa samkeppni, en tryggja um leið hitt, sem ég legg mikið upp úr í þessu, að það yrði byggt í stórum stíl. Það væri hægt að nota sömu mótin, hægt að nota sömu teikningar, hægt að nota sömu vinnuflokkana, hægt að hafa almennilega vinnuskiptingu á þessu, almennilega hagræðingu. Það gerir þetta miklu ódýrara en ef menn eru við hverjar 8 íbúðirnar í einni stigablokk eða 6 að brasa við þetta svo að segja hver út af fyrir sig. Það er ríkið eitt hins vegar, sem getur tryggt, að það sé gert í stórum stíl, að það sé gert tæknilega á fullkominn hátt, að það sé hægt að hagnýta nýtízku tæknilega aðstöðu.

Þess vegna legg ég til, að það sé ríkið. Ríkið er raunverulega aðeins þarna að skipuleggja, en það býr þetta svona út, að þau einstöku firmu, sem tækju þetta að sér, fái aðstöðu til að hagnýta það að gera þetta í stórum stíl. Við vitum, hvernig þetta er hér hjá okkur núna. Stjórnleysið, skipulagsleysið, anarkisminn í húsbyggingunum er svo ægilegur, vegna þess að það er að heita má hver einstaklingur að bauka við að byggja sína íbúð. Og við skulum bara taka, svo að við tökum eitthvert dæmi af öðru sviði, til þess að við sjáum, hverju þessi tæknilega fullkomnun í sambandi við framleiðslu kemur til leiðar, — við skulum bara hugsa okkur, að svo og svo margir menn hérna tækju hver út af fyrir sig til við að reyna t. d. að búa til bíl, í staðinn fyrir að bílar eru framleiddir svo að segja á færibandi í einhverjum bezt skipulögðu verksmiðjum veraldarinnar. Og þó að það sé ekki alveg eins, þá er það sama, sem kemur til greina: að geta byggt húsin svo að segja eins og á færibandi, eftir sömu teikningunni, með sömu aðstöðunni og annað slíkt, það líkist því dálítið, eins og maður framleiðir bílana t. d. Þar með er ég ekki að segja, að þetta eigi að verða sá háttur, sem almennt er hafður á. Ég er síður en svo að hafa á móti því, að einstaklingarnir reyni að byggja sín hús, hver eftir sínum einstaklingssmekk, og annað slíkt, ef þeir geta leyft sér það. En til þess að bæta úr neyðarástandinu, til þess að veita því fólki húsaskjól, sem stendur á götunni við næstu flutningadaga, þá held ég, að þetta sé ráðið. Ég er hins vegar opinn fyrir hvers konar breytingum og hugmyndum um að koma þessu betur fyrir, ef við getum látið annan aðila, ef mönnum vegna ótrúar á ríkinu finnst slíkt óþægilegra, þá höfum við sett inn, að ríkið gæti falið húsnæðismálastjórn allar framkvæmdir í þessu máli. Ég væri alveg eins til í það að gefa húsnæðismálastjórn þennan sama rétt, ef menn mundu kannske líta betur á það en ef það héti ríkið, og er það þó auðvitað ekki nema einn liður úr ríkinu.

Þá kom hæstv. ráðh. inn á það, og var að hrósa mér fyrir hugrekki, að ég þyrði að segja, að verðbólga, sem væri 2—5%, væri ákaflega eðlileg. Það þarf nú ekkert hugrekki til þess. Það er bara staðreynd, sem á sér stað. Ég held, að ekkert kapítalistískt þjóðfélag, — það er þá aðeins á voðalegum krepputímum, — yfirleitt taki framförum og eflist við minni verðbólgu en þetta. Það er alveg rétt, að á krepputíma getur verðbólga orðið minni, á krepputíma geta hlutirnir fallið, en þá er, eins og hæstv. forsrh. opinberlega var að lýsa, ægilegasta neyðarástand í þjóðfélaginu, sem svo að segja er hægt að hugsa sér, hrun og annað slíkt. Nú, þegar menn eru að sigla, hagfræðilega talað, milli þessara tveggja skerja: kreppunnar annars vegar og verðbólgunnar hins vegar, held ég, að fæstum detti í hug, ekki heldur borgaralegum hagfræðingum, að ætla að gera þetta með því að halda verðgildi peninga alveg hnífjöfnu öldina út. Ég held það detti engum í hug. Það, að menn geti gengið út frá, að verðbólga gangi aðeins hægt og öruggt, t. d. 2, 3, 4, kannske í hæsta lagi 5%, það mundi ekki vera talin nein hættuleg meinsemd. Ég held, að einhver hagfræðiprófessor hafi komizt svo að orði, að slík verðbólga væri í raun og veru aðeins sigur lífsins gagnvart stöðnuninni, sigur framkvæmdanna gagnvart drottnum skuldaskránna, sem sé, sá Shylock, sem á skuldaskránni héldi og heimtaði sitt pund, hann verður í raun og veru alltaf í þjóðfélagsins eðlilegu framförum að vera að tapa, en sá, sem leggur í það nýja og reynir að skapa nýtt, hvort það eru atvinnufyrirtæki eða annað, hann verður að hafa einhvern dálítinn möguleika til þess, að heldur sé

þjóðfélagið óbeint að afskrifa hjá honum, af því að hann mun prýða það með framförum. Ég man einmitt, að einn nú kunnur prófessor norskur við norska háskólann skrifaði eitt sinn grein, sem hann kallaði „Eyðileggingu skuldaskránna". Hann var að lýsa því, hvernig það hefði gengið svo í gegnum aldirnar, að slík breyting hefði alltaf orðið á. Þess vegna er það ekki nema eðlilegur hlutur. Það þarf engan kjark, það þarf aðeins að horfast í augu við það, sem er eðlilegt, til þess að viðurkenna það. Hitt aftur á móti, þegar verðbólga vex þannig, eins og t. d. hefur orðið núna síðustu 5—6 árin, að 10 þús. kr. verðbréf með vísitölu, sem gefið er út 1961, ef ég man rétt, verður borgað nú á næsta ári með 20 300 kr., ef ég man rétt, þetta verðbréf hefur tvöfaldazt í gildi á þessum sex árum, þá á sér stað verðbólga, sem er svo mikil, að hún er stórhættuleg. Þá er hún orðin milli 15 og 20% á ári að meðaltali, og þá er hættan komin, hættan, sem liggur í því, að menn hætta að leggja fé á sparisjóð. Þeir, sem kunna fótum sínum forráð í fjármálum, leggja í staðinn í fasteignir, og þeir leggja í fasteignir af svo miklu kappi, að raunverulega eru þeir alltaf að kollsigla sig, á meðan þetta stendur. En þeir treysta á, að verðbólgan haldi áfram með þessum krafti og þess vegna verði þetta stórgróðafyrirtæki. Ég nefndi dæmi hérna nýlega um eitt hús hér inn við Suðurlandsbraut upp á 40 þús. rúmmetra, hús, sem mundi kosta með 2500 kr. á rúmmetra um 100 millj. kr., sem viðkomandi maður á vafalaust ekki í vasanum, en það er lagt í að byggja svona einvörðungu í óbilandi trú á verðbólguna, að hún haldi svo hratt áfram með sín 15—20% á ári, að þetta hús, sem er tapfyrirtæki í dag og vitleysa frá öllu fjárhagslegu sjónarmiði, ef ekki væri verðbólga, verði orðinn stórfínn „bisness", eins og sagt mundi vera í Reykjavík, að 6 árum liðnum. Meðan þetta ástand á sér stað, er verið að segja við hvern mann: Gerðu hvað sem þú vilt við peningana, t. d. að setja þá í einhverja fasteign, byggja eitthvað fyrir þá, sem þjóðfélagið hefur enga þörf fyrir. Þú stórgræðir á því á 6 árum. Þá tvöfaldarðu þína peninga. — Meðan þetta ástand ríkir, verður tóm óstjórn í þjóðfélaginu.

Þetta er alveg rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, þetta er vandamál, sem ríkisstj. hefur ekki getað leyst og engin ríkisstj. á undanförnum 20 árum hefur getað leyst og þarf slíka samstöðu um, að það er á engrar ríkisstj. einnar færi, það þarf slíkt samstarf á milli ríkisstj. og almannasamtaka, stjórnarandstöðu, að öllum sé ljóst, í hvert öngþveiti þjóðfélagið er að komast, ef svona er haldið áfram. Ég veit, að ýmsir hagfræðingar hefðu ráð á takteinum við þessu, og það er að skapa kreppu. Kreppa væri náttúrlega alveg hreint ráð við þessu, sem sé, þegar maður væri að sigla skipinu og finnst maður vera kominn nær skerinu þarna megin, þá væri það náttúrlega ráð til að forðast það sker að stýra upp í skerið hinum megin. En að stýra á milli skerjanna til þess að forðast hvort tveggja er stóra pólitíska vandamálið, sem allar ríkisstj. Evrópu og N-Ameríku hafa staðið frammi fyrir nú eftir stríðið, það er að kunna að stýra þarna á milli. Þetta er svo að segja alveg ófært án heildaryfirlits yfir þróunina í þjóðfélaginu og stjórnar á henni, sem felst í meiri eða minni áætlunarbúskap. Og það hef ég svo oft komið inn á áður, að það ætla ég ekki að fara inn á nú.

Að síðustu kom hæstv. ráðh. inn á, að það hefði verið líka dýrt að lifa, þegar við vorum báðir mun yngri en við erum núna, svo að ég orði það vægt. Það er alveg hárrétt. Fyrir 30 árum var líka dýrt að lifa og erfitt og ólíku erfiðara en núna, og það er rétt. Húsaleiga var líka dýr þá. Ég held, að verkamaður, sem hafði fulla atvinnu, hafi þá haft eitthvað 300 kr. á mánuði. (Gripið fram í.) Ég veit bara af sjálfum mér, ef ég man rétt, að fyrir 2 herbergja íbúð með eldhúsi þá borgaði maður sínar 100 kr. á þeim tíma, þannig að það fer þarna þriðjungurinn af slíkum launum. En það var dýrt. Það var góð fjárfesting að byggja hús og leigja þau á þeim tíma. Sá, sem gerði það, gat haft upp úr því. Nú hins vegar í allri hagfræði um lífskjör er það skoðað svo, að eðlilegur húsnæðiskostnaður sé ⅙ hluti, ca. 18%, þannig að bæði fyrir stríð hjá okkur og nú eftir stríð er húsaleiga allt of há, óeðlilega há, og það er svo stór meinsemd í þjóðfélaginu, að við verðum að ráða við hana.

En fyrst hæstv. forsrh. tók dæmið af því, sem var fyrir stríð, og var að jafna einmitt þessum húsnæðiskjörum saman við það, sem þá var, og komst réttilega að þeirri niðurstöðu, að það hafi líka verið slæmt þá, þá vil ég minna hann á það, sem hann fyrir nokkru sagði í ræðu, þegar hann var að lýsa því ástandi, sem við bjuggum við fyrir stríð. Hann sagði, ef ég man rétt, nokkurn veginn þeim orðum: Ástandið þá í kreppunni var næstum eins og helvíti miðað við himnaríki, móts við það, sem við búum við nú. — En ástandið er bara það, að þar sem það hefur batnað stórkostlega hjá okkur á fjölmörgum sviðum, og tek ég undir með honum að lýsa ánægju minni yfir því, enda vonumst við allir til þess, sem höfum starfað að stjórnmálum á þessum 20 árum, að einhverju höfum við getað allir áorkað í því að bæta kjörin, þá er það svo, að einmitt í húsnæðismálunum er ástandið hvað snertir dýrleika og erfiðleikana, hvað það snertir, sama helvítið og það var. En það, sem hefur breytzt, það er, að til allrar hamingju gerir fólkið núna kröfur til öðruvísi húsnæðis en þá var. Og ég vona, að enginn búi lengur hér í Reykjavík við það, sem allmargir menn þá urðu að lifa við. Ég man vel eftir húsunum þá, þar sem maður kom upp stiga og sá 3 herbergi sitt til hvorrar handar með prímus fyrir framan dyrnar. Ein fjölskylda bjó í hverju herbergi og eldaði matinn í prímus frammi á gangi. Það, sem hefur gerbreytzt í þessum efnum, er, að húsnæðið, sem við búum við í dag, er næstum því eins og himnaríki og helvíti miðað við margt af því, sem þá var. En efnahagsvandamálið fyrir okkur er að gera það kleift fyrir fólk, eins ríkt og Ísland er orðið, að fá að borga sín hús eða fá að leigja með kjörum, sem eru betri en það að þurfa að borga kannske þriðjunginn eða stundum upp

undir helminginn af sínum venjulegu tekjum í það ýmist að borga þetta húsnæði niður eða borga upp í leigu.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) tók af mér ómakið með því, sem hann sagði síðast, að þegar borið er saman ástandið nú við það, sem áður var, þá verða menn auðvitað enn, — og það skulum við játa, — að borga óhæfilega mikinn kostnað til húsnæðis, en kröfurnar eru líka svo ósambærilega miklu meiri, eins og hann sagði, að nálgast himnaríki miðað við helvíti. Eðlilegt er, a. m. k. skiljanlegt, skulum við segja, að menn þurfi að borga verulega fyrir það. Annars get ég sagt það, að nú eins og oft ella, þegar þessi hv. þm. vill það við hafa, þá getur hann talað skynsamlega um mál og er gaman að eiga í rökræðum við hann. Hann vill ekki alltaf það við hafa, ég skal játa það. En sumir þeir, sem hér tala mikið á þingi, vilja það aldrei við hafa. Á þeim er verulegur munur.

Ég hygg, að það sé nokkuð íhugunarvert einmitt, hvernig stendur á því, sem hv. 3. þm. Reykv. vakti réttilega athygli á, að áður fyrr voru það margir menn, sem höfðu af því verulegar tekjur, við getum sagt atvinnu, að eiga hús, byggja hús og leigja út, en nú skuli þetta vera fallið niður. Hvernig stendur á því, að á þeim verðbólgutímum, sem við höfum lifað síðustu 20 ár, — hvort vöxtur hennar er meiri eitt árabil eða annað, skiptir ekki máli, — hann er nokkuð sá sami í heild, ívið hægari seinna tímabilið en hið fyrra, það má benda á hröð tímabil, sem koma inn á milli, en þróunin er þessi sama, að það er verðbólga, sem hefur ýtt undir menn að eignast fasteignir, þó er eftirtektarvert, að á síðasta árabili hefur mjög aukizt, að menn legðu fé í sparisjóð, það er önnur saga, — en hvernig stendur á því, að á þessu tímabili skuli það nánast vera úr sögunni, að menn byggi til þess að leigja? Ein af ástæðunum til þess er hinn stórbætti efnahagur, sem gerir það að verkum, að nú eru til kaupendur að íbúðunum, þannig að það eru orðnir svo miklu fleiri menn, sem eru húseigendur, íbúðareigendur en áður, ekki aðeins fleiri menn í tölum, heldur einnig hlutfallslega, svo að við gerum nú ráð fyrir öllu og ekki verði misskilið það, sem sagt er. Þetta er eitt vitni hinnar almennu velmegunar í landinu, og það er vitni gegn þeirri kenningu hv. 3. þm. Reykv., að hér hafi mjög komið upp hin síðari ár einhver auðmannastétt, sem sérstaklega sé í Sjálfstfl. og hindri eðlilegar framfarir í landinu. Ég efast ekki um það, að töluvert af mönnum hefur efnazt vel hin síðari ár. Það hefur löngum verið töluvert af efnuðum mönnum hér, frá því að ég fyrst man eftir mér. Munurinn á því, sem var á okkar æskudögum, og því, sem nú er, er sá, hversu margir eru orðnir efnaðir, hversu það er orðið almennt, að menn geti veitt sér þann munað, það, sem mjög fáir gátu gert áður. Þetta er meginmunurinn. Og ein af ástæðunum til þess, að svo margir hafa getað leyft sér þetta, er m. a. það, sem við erum allir sammála um að fordæma, skattsvik og annað slíkt. Þetta verðum við að játa, ef við erum heiðarlegir og viljum viðurkenna, hvaða vandamál við er að etja.

Hv. þm. sagði: Það kemur til að reyna mest á kjark sjálfstæðismanna um það, hvort þeir vilja eiga þátt í því að reyna að lækka húsnæðiskostnaðinn hér í bænum. — Við skulum hælast minnst í máli, metast heldur of val felldan. Við skulum sjá, þegar farið verður að gera þá tilraun, sem menn komu sér saman um á s. l. vori, á hverjum stendur mest, að sú tilraun verði gerð af fullri hreinskilni og fullri alvöru. Við er að etja hagsmuni, sem áreiðanlega gefast ekki upp alveg fyrirhafnarlaust. Við skulum ekkert vera að ásaka hver annan um hlífð við þá hagsmuni eða segja, hvar þeir séu, við skulum bara sjá, hvort við fáumst til þess að ganga einlæglega að því verki, sem við höfum þarna sagt að við ætlum að reyna að leysa.

Hitt er svo annað mál, sem við skulum einnig hafa í huga, að það tjáir ekki að kenna illum stjórnarháttum á Íslandi um það, að menn borgi hér meiri hluta af tekjum sínum til húsnæðis heldur en annars staðar. Í fyrsta lagi er það svo, að sjálf húsin eru vandaðri og dýrari, og það er óhjákvæmilegt vegna okkar veðráttu. Það er eðlilegt. Í öðru lagi eru menn inn á við á sínum heimilum eða hafa a. m. k. til skamms tíma verið hér á Íslandi, bæði sótt minna út í náttúru, ef svo má segja, og á skemmtistaði og veitingastaði heldur en annars staðar. Afleiðing af því er m. a. sú, að ekki einhver yfirstétt, heldur allur almenningur gerir miklu meiri kröfur til húsnæðis á Íslandi en annars staðar. Hann ætlast til þess að fá miklu meira gólfrými hér, fleiri herbergi en annars staðar er tíðkað. Það er alger blekking að vera að tala um þetta mál og bera saman, hvað er borgað í húsnæðiskostnað hér og annars staðar, nema menn játi þetta hreinskilnislega og segi þetta einn hluta af vandamálinu. Þetta er eitt af því, sem gerir það að verkum, að launþegar hér segja: „Við þurfum hlutfallslega hærri tekjur hér en annars staðar,“ — þ. e. ef þeir ætla að veita sér til viðbótar þessum aukna kostnaði annað það, sem menn í öðrum löndum einnig veita sér.

Hv. 3. þm. Reykv. fæst til að tala um þessi mál öðru hvoru af rökum, og þá er sjálfsagt að taka þátt í umræðum við hann um það. Ég er því alveg sammála, og það er grundvallarsannfæring mín, að án tillits til þess, hver flokkur er við stjórn hverju sinni, tekst ekki að leysa verðbólguvandamálið nema með víðtæku samstarfi ríkisstjórnar, Alþingis og almannasamtaka. Þetta er ekki nein ný kenning mín. Ég hef haldið því fram lengi, að ekki dygði að beita almannasamtökunum á móti ríkisvaldinu, það yrði báðum til bölvunar. Ég hygg, að reynslan hafi nógsamlega sannað það. En jafnvel þó að ég hefði haldið einhverju öðru fram, þá segi ég: Reynslan hefur nógsamlega sannað, að jafnvel þeir, sem hafa trúað einhverju öðru en þessu, þeir hljóta að hafa sannfærzt um það nú, að það er öllum til hags, án tillits til þess, hver fer með stjórnina hverju sinni, og í þingræðislandi hlýtur það ætíð að breytast. Eðlilegt er, að stjórnarandstaða hafi nokkurt hóf á sinni stjórnarandstöðu og að þeir, sem í almannasamtökunum hafa forustu, vinni að lausn sinna vandamála af jafn-

heilum hug með þeim, sem eru settir til forustu ríkisins hverju sinni, hvort sem þeir eru þeim sammála í ýmsum stjórnmálum eða ekki.

Umr. frestað.

Á 17. fundi í Nd., 15. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Í þeim umr., sem urðu hér um þetta mál í hv. d. á síðasta fundi, á fimmtudaginn var, voru ræðumenn mjög á einu máli um það, hversu húsnæðisskorturinn hér í Reykjavík væri tilfinnanlegur og húsnæðiskostnaðurinn gífurlega hár. Enn fremur bentu menn réttilega á það beina samband, sem er á milli húsaleigunnar, hvort sem hún er greidd öðrum eða af eigin húsnæði, og þeirrar kaupkröfugerðar, sem óhjákvæmilega leiðir af því og öllum hv. þm. er auðvitað ljóst. Þetta allt hefur margsinnis verið rætt hér í hv. d. og á hv. Alþ., bæði af mér og öðrum, og ég ætla ekki að endurtaka þetta. Að mínum dómi er aðalbölvaldurinn í þessum málum hinn gífurlega hái byggingarkostnaður. Við fáum of lítið fyrir það mikla fjármagn, sem varið er til íbúðabygginga vegna þess, hve verðlagið er hátt og skipulagið lítið á byggingarframkvæmdunum, auk þess sem kröfurnar eru auðvitað mjög háar, eins og tekið hefur verið fram. Ég minnist í þessu sambandi þess, að á árinu 1960 var birt skýrsla eftir erlendan sérfræðing, sem starfaði hér á vegum byggingarefnarannsókna iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans að rannsóknum til lækkunar á byggingarkostnaði. Í þessari skýrslu komu fram upplýsingar, sem sýndu, að við Íslendingar erum í þessu tilliti miklu verr á vegi staddir en ýmsar af nágrannaþjóðum okkar, sem meiri rækt hafa lagt við þessi mál en við. T. d. er þetta, að hér var, þegar skýrslan var gerð, varið um það bil 12% af þjóðarframleiðslu til íbúðabygginga, en það er rúmlega helmingi meira en flestar aðrar þjóðir gera. Þrátt fyrir þetta fáum við færri íbúðir fyrir hverja þúsund íbúa heldur en t. d. Vestur-Þjóðverjar, sem verja þó nálega helmingi minni hluta af þjóðarframleiðslu sinni í þessu skyni. Af umræddri skýrslu kom enn fremur fram, að íbúðir hér eru miklu dýrari en gerist hjá grannþjóðum okkar. Meðalíbúð kostar nú hér ekki minna en fimmföld meðalárslaun, en annars staðar á Norðurlöndum munu yfirleitt þreföld meðalárslaun duga til þess að eignast íbúð. Þó að þessar tölur séu nú orðnar 5 ára gamlar, hygg ég, að þær séu enn í fullu gildi og hlutfallið hér hafi a. m. k. ekki orðið hagstæðara á þeim tíma, sem liðinn er síðan skýrslan var gerð.

Þegar ég kom hérna snöggvast á Alþ. 1960 um haustið sem varamaður, voru þessi vandamál mér ofarlega í huga, enda var ég þá nýbúinn að fá þessa skýrslu í hendur, og ég hef kynnzt þessu talsvert í starfi, bæði sem forstöðumaður í lífeyrissjóði á þeim tíma og starfsmaður í sparisjóði. Ég trúði því þá, eins og ég geri reyndar enn þá, að hér væri mikið verkefni að vinna, sem miklum hagnaði gæti skilað í þjóðarbúið, ef vel tækist til. Frumskilyrðið fannst mér þá og finnst mér enn vera að efla allar rannsóknir, sem að byggingariðnaðinum lúta, og það yrði bezt gert með því að veita iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans aukin fjárráð og þar með rýmra starfssvið, enda hefur sá aðili fengizt við lítinn vísi að rannsóknum á þessu máli og verið viðurkenndur rannsóknaraðili af húsnæðismálastofnun, sem hefur veitt henni nokkra fjárveitingu. Þess vegna bar ég fram frv. ásamt hv. 4. þm. Reykn. um fjáröflun til lækkunar á byggingarkostnaði. Þar var að vísu allt of skammt gengið, það skal ég manna fyrstur játa. En þó hefði það verið nokkur hjálp í þessu þýðingarmikla starfi, ef það hefði verið samþ. En þetta frv. var fellt hér á sínum tíma af stjórnarliðinu gegn atkv. stjórnarandstöðunnar, m. a. með þeim rökstuðningi, að málið, sem viðurkennt var að væri alvarlegs eðlis, þyrfti að rannsaka miklu nánar og það væri allt í athugun hjá húsnæðismálastjórn. Því væri þetta frv. engin lausn og engin ástæða til að fara að taka svo lítinn þátt út úr, þegar málin væru öll í heild í athugun hjá þar til skikkuðum aðila, húsnæðismálastjórn. Mér dettur vitanlega ekki í hug að halda því fram, að sú litla lagfæring, sem ég stakk þarna upp á með flutningi þessa frv., væri nokkur allsherjarlausn á þessu stóra máli. En ég hélt þá og held enn, að það hefði unnizt talsvert við hana, ef farið hefði verið að þeim ráðum. En þar sem hér var ekki um allsherjarlausn að ræða og ég gerði mér það ljóst, gat ég eftir atvikum unað þeim úrskurði, að þarna væri of lítið að gert, málið þyrfti að taka miklu fastari tökum, enda taldi ég þá víst, að meiri hl. hér á hv. Alþ., þeir sem töldu, að með þessu frv. væri svo skammt gengið, að ekkert gagn væri í að samþykkja það, mundi ekki lengi draga það að leggja fram raunhæfar heildartill. til lækkunar á byggingarkostnaðinum og framkvæma þær.

Þegar lögum um húsnæðismálastjórn var síðast breytt hér, var 2. gr. þeirra tekin upp alveg eins og hún var í upphaflegu l. Þar eru í 12 liðum taldar upp leiðir eða ráðstafanir, sem húsnæðismálastjórn eigi að fara eftir til lækkunar á byggingarkostnaði í landinu, og margt er vel sagt í þeim fræðum. Þar er t. d. gert ráð fyrir því, að húsnæðismálastofnun geri sér grein fyrir raunverulegri þörf landsmanna fyrir íbúðabyggingar á hverjum tíma og geri till. og áætlanir um, hvernig þeirri þörf verði fullnægt á sem hagkvæmastan hátt og með sem minnstum tilkostnaði. Þetta er vitanlega sjálfsagt og frumskilyrðið til þess, að eitthvert vit geti verið í þessum málum, að gera sér grein fyrir þessu. Þar segir líka, að stofnunin eigi að fylgjast jafnan nákvæmlega með byggingarkostnaði í landinu í því skyni að finna, hverjir byggi ódýrust hús, hvaða gerðir íbúðarhúsnæðis reynist beztar og hagkvæmastar og með hvaða hætti þeim verði komið upp með minnstum tilkostnaði. Þar segir enn fremur, að leggja skuli áherzlu á stöðlun sem flestra hluta til íbúðabygginga, fjöldaframleiðslu slíkra hluta og leiðbeiningar til húsbyggjanda um notkun þeirra. Þar segir enn fremur, að húsnæðismálastjórn skuli beita sér fyrir lækkun á verði byggingarefnis með því m. a. að stuðla að hagkvæmum innkaupum. Og enn segir, að hún skuli beita sér fyrir því, að

úthlutun lóða tefji ekki, að byggingar geti hafizt. Og hún á að beita sér fyrir því, að vinna við íbúðarbyggingar sé sem samfelldust árið um kring og sem jöfnust frá ári til árs auk fleiri liða. Ég hef aðeins nefnt nokkra af þeim 12 liðum, sem þarna eru taldir upp. Þetta er það, sem húsnæðismálastjórn átti að gera og á að gera. Þetta er sú heildarathugun, sem vísað var til, þegar frv. um lækkun byggingarkostnaðar, sem ég flutti árið 1960, var fellt á þeirri forsendu, að það dygði svo skammt, að það væri ekki ómaksins vert að samþykkja það í öllum þessum miklu ráðstöfunum, sem gera þyrfti. En þrátt fyrir þetta, þrátt fyrir þessi 12 ákvæði, sem vissulega eru mjög skynsamleg og mundu áreiðanlega koma miklu til leiðar, ef eitthvað væri unnið að þeim, standa menn enn þá hér í þessum ræðustóli haustið 1965 og keppast um að lýsa því hver eftir annan, hversu byggingarkostnaður sé hér hár á landinu, hversu við fáum allt of lítið fyrir það mikla fjármagn, sem til byggingar er varið, og hversu brýn nauðsyn það sé nú að gera róttækar ráðstafanir til þess að lækka byggingarkostnaðinn. Þetta sýnir vitanlega það, að við erum enn þá í nákvæmlega sömu sporunum og fyrir 5 árum, þegar þetta litla frv., sem ég flutti, var fellt á þeim forsendum, að vandamálið væri svo stórt, að miklu meira þyrfti að gera.

Ég tel, að hér hafi illa tekizt til um framkvæmdir á þýðingarmiklu máli og að svona vinnubrögð verði dýr, þegar til lengdar lætur. Samt er vissulega gott að vita það, að enn skuli liggja fyrir viðurkenning á því, að byggingarkostnaður þurfi að lækka. En meira þarf til að koma til þess að koma þessum málum í viðunandi horf, og hér hefur hv. 3. þm. Reykv. nú lagt fram frv. um byggingu leiguíbúða, og hann lýsir því í grg., að hann telji, að á þann hátt verði hægt að byggja miklu ódýrara en tekizt hefur til þessa. Það er sem sé ein leiðin til þess að vinna á vandamálinu, hinum háa byggingarkostnaði. Ég er honum sammála um, að það ætti vitanlega að geta lækkað byggingarkostnaðinn mikið að byggja svo margar íbúðir eftir fyrir fram gerðri áætlun, allar eftir sömu teikningu, með stöðlun á ýmsum hlutum, sem til byggginganna þarf, tryggðu fjármagni o. s. frv., og það má vel vera, og ég vil nú vona, að sú gæti raunin orðið á. En þó held ég, því miður, vil ég segja, að það sé rétt, sem fram kom hjá hæstv. forsrh. um daginn, að það sé jafnvel ekki einhlít trygging fyrir lækkuðum byggingarkostnaði, að ríkið eða húsnæðismálastjórn, eins og hér hefur komið til orða, láti framkvæma byggingarnar á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Um þetta atriði vitna ég m. a. til reynslu Reykjavíkurborgar, sem hefur gert talsvert af því undanfarin ár að láta byggja í allstórum áföngum íbúðir, ýmist til sölu eða leigu. Nú síðast hafa verið í smíðum við Kleppsveg og Austurbrún hér í borg á annað hundrað íbúðir, sem boðnar voru út í einu lagi. Nokkur tilboð komu, og tekið var því lægsta. Það var frá harðduglegum og ábyggilegum byggingarmeistara, sem hefur tekizt svo vel framkvæmd verksins, að ég hygg, að það muni vera til fyrirmyndar, og honum hefur líka tekizt að skila verkinu á styttri tíma en samningar hljóða um, a. m. k. fram að þessu. Ég hygg því, að þarna verði að allra dómi sagt, að vel hafi verið að verki staðið. Endanlegt uppgjör mun að vísu ekki liggja fyrir, en þó held ég, að óhætt sé að fullyrða, að þessar íbúðir, og þá á ég fyrst og fremst við þær af þeim, sem verður skilað núna fyrir 1. des., þær, sem eru sem sagt fullbúnar, þessar íbúðir verði ákaflega dýrar. Ég vil ekki nefna tölur á þessu stigi, af því að þær eru ekki endanlegar, en ég hef ástæðu til þess að ætla, að íbúðirnar verði a. m. k. ekki ódýrari en hægt er að kaupa af hinum svokölluðu bröskurum, þær verði ekki ódýrari þrátt fyrir það, hvernig að þeim hefur verið staðið. Þetta segi ég ekki hér til þess að gagnrýna einn eða annan, heldur aðeins af því, að mér finnst áberandi, hvað allar byggingar, sem gerðar eru af opinberum aðilum, verða yfirleitt afar dýrar, þrátt fyrir þau skilyrði, sem ættu að vera fyrir hendi til að spara í stórum stíl á ýmsum útgjaldaliðum umfram það, sem einstaklingar hafa aðstöðu til. Ég held því, að hér þurfi fleira til að koma heldur en þetta eitt, að opinberir aðilar taki að sér byggingarframkvæmdirnar í stórum stíl, hér þurfi til að koma samtök margra aðila og þau séu helzta lausnin.

Hæstv. forsrh. sagði hér um daginn efnislega eitthvað á þá leið, að bezt væri að láta reyna á það, hverjir vildu raunverulega vinna að lækkun byggingarkostnaðar og leggja eitthvað á sig til þess. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að minna á ályktanir, sem síðasti aðalfundur Meistarasambands byggingarmanna gerði um þessi mál, en þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Meistarasamband byggingarmanna lítur svo á, að nauðsyn beri til að skipuleggja byggingariðnaðinn þannig, að fjármagn og vinnuafl, sem í hann er lagt, nýtist betur en nú gerist.“ Og síðar segir: „Aðalfundur Meistarasambands byggingarmanna harmar, að n. sú, sem viðskmrh. skipaði árið 1959 til þess að semja reglur um útboð og tilboð, hefur enn ekki lokið störfum og skilað áliti. Þar sem brýna nauðsyn ber til, að slíkar reglur verði settar hér á landi, beinir fundurinn þeim tilmælum til hæstv. viðskmrh., að hann hlutist til um, að n. hraði störfum eftir föngum.“ Og enn segir: „Meistarasamband byggingarmanna harmar þann drátt, sem orðið hefur í stöðlunarmálum byggingariðnaðarins, og vill vekja athygli á þeirri lækkun byggingarkostnaðar, sem víðtæk stöðlun gæti haft í för með sér. Meistarasambandið skorar á viðkomandi yfirvöld að taka mál þetta upp aftur og beita sér fyrir því, að skipulega verði unnið að því í framtíðinni.“

Og svo er hér að lokum fjórða tilvitnunin, sem ég ætla að leyfa mér að gera í þessar ályktanir, og hún er svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Meistarasambandið telur, að nauðsynlegt sé að framkvæma rannsókn á ýmiss konar byggingargöllum í því augnamiði að koma í veg fyrir þá, og bendir á, að fyrir tilstuðlan Meistarasambandsins hefur þegar verið hafinn undirbúningur að rannsókn á sprungumyndunum í steinsteyptum húsum. Skorar Meistarasambandið

á iðnmrn. og Iðnaðarmálastofnun Íslands að fylgja því máli eftir."

Það er ýmislegt fleira í þessum ályktunum, sem ég skal ekki tefja þingheim á að rifja upp nú, en er þó athyglisvert. En ég hygg, að þessar tilvitnanir sýni, að þessir menn hafi opin augun fyrir því, sem hægt er að gera og verður að gera til lækkunar á byggingarkostnaði og til betri hagnýtingar fjármagns og vinnuafls í byggingariðnaðinum, og þeir séu fúsir til þess samstarfs um þessi atriði, sem til þarf að koma.

Það, sem fyrst og fremst vantar, er forusta. Húsnæðismálastofnunin verður að gera miklu meira að því framvegis en hingað til að framkvæma ákvæði 2. gr. l. frá 1957 um ráðstafanir til lækkunar á byggingarkostnaði, og Alþ. og ríkisvald verða að skapa henni nauðsynleg skilyrði til þess. Ég veit, að það er nokkur vandi á höndum fyrir þá menn, sem starfa í húsnæðismálastofnun, að skipta því fé, sem þeir fá til ráðstöfunar, milli þessara tveggja höfuðverkefna: annars vegar að lána húsbyggjendum og hins vegar að styrkja og gangast fyrir rannsóknum til lækkunar á byggingarkostnaði. Þegar menn hafa ónógt fjármagn og þegar eftirspurnin og þörfin er eins og hún er í dag og við allir vitum, er nokkur vandi á höndum að taka af því takmarkaða fjármagni miklar fjárhæðir til þess að framkvæma hitt aðalverkefnið. En þetta bara verður að gera, því að höfuðmeinsemdin í byggingariðnaðinum er einmitt þessi hái byggingarkostnaður, og það fjármagn, sem varið verður til rannsókna og raunhæfra aðgerða til lækkunar á honum, mun áreiðanlega skila sér margfalt til baka.

Það ber t. d. að mínum dómi ekki vott um góða samvinnu milli þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, að nm. í húsnæðismálastofnun skuli þurfa að leita sér upplýsinga um það í fyrirspurnatímum á Alþ., hvað n., sem skipuð var árið 1959 til þess að semja reglur um útboð og tilboð, hafi gert eða hvenær megi vænta álits hennar, eins og nú á sér stað. Meðan húsnæðismálastjórnin hefur það verkefni, sem henni er falið í l., og meðan ekki er talið fært, að Alþ. setji lög um aukafjáröflun í þessu skyni, vegna þess að málið heyri allt undir húsnæðismálastjórn, hlýtur sú stofnun að verða að fylgja svona málum fast eftir og halda öllum þráðum í hendi sér. Og þá á hún ekki að þurfa að spyrja frétta af því hér á Alþ. eftir 6 ár, hvað gert hafi verið í máli eins og því, sem ég áðan minntist á. Ég tel óhjákvæmilegt, að öll þessi mál verði tekin föstum tökum og að nú verði af krafti farið að framkvæma annað aðalverkefni húsnæðismálastjórnar, en það er að lækka byggingarkostnaðinn, að vinna að lækkun byggingarkostnaðarins.

Ég gerði um daginn hér á hv. Alþingi örlitinn samanburð á vísitölu byggingarkostnaðar og rifjaði það upp, að á fyrstu 3 árum hinnar svokölluðu viðreisnar, þ. e. frá okt. 1959 til okt. 1962, hafi vísitalan hækkað um 48 stig, eða 16 stig að meðaltali á ári, en síðari 3 árin, þ. e. frá okt. 1962 til okt. 1965, hafi sama vísitala hækkað um 87 stig eða 29 stig á ári, og í prósentum lítur dæmið þannig út, að frá 1/10 1961—1/10 1962 væri hækkunin 7.1%, en 1/10 1964 — 1/10 1965 væri hún 21.4%. Út af þessu og þeim orðum, sem ég lét falla í framhaldi af því, sagði hæstv. forsrh., að það væri alls ekki rétt, að hann viðurkenndi ekki verðbólguvandann, og hann vitnaði í samtal, sem hann átti við blaðamenn um daginn, þar sem hann var spurður að því, hvert væri mesta vandamálið, sem hæstv. ríkisstj. ætti við að glíma, og hann hefði þá svarað án umhugsunar: Verðbólgan. — Ég verð að segja, að það er mikill munur að heyra þetta eða ýmsan annan málflutning, sem hér hefur verið hafður undanfarna daga og gengið hefur út á að reyna að sýna fram á, að verðbólgan væri hér stórkostlega minnkandi og að hæstv. ríkisstj. hefði orðið vel ágengt í baráttunni við hana. Nú liggur sem sé fyrir viðurkenning sjálfs forsrh. á því, að verðbólgan sé enn þá höfuðvandamálið, sem hér er við að glíma, eins og við framsóknarmenn höfum haldið fram. Ætti þá ekki lengur að þurfa að karpa um þetta atriði hér, og er það vel. En þessi hækkun byggingarkostnaðar, sem áður greinir og sýnir þróunina óumdeilanlega, sem enginn dregur í efa, undirstrikar nauðsyn raunhæfra aðgerða, og þessar aðgerðir þola enga bið. Verður því að ætla, með hliðsjón af umr. í fyrradag, að hæstv. ríkisstj. beiti áhrifum sínum í þá átt, að þetta mikla vandamál verði tekið föstum tökum, og það frv., sem hér er til umr., minnir enn þá rækilega á mikilvægi þess, því að höfuðundirrót húsnæðisvandamálsins og húsnæðiserfiðleikanna er hinn hái byggingarkostnaður.

Ég vil svo að lokum taka undir það með þeim, sem hér hafa talað, að það frv., sem hér er til umr. frá hv. 3. þm. Reykv. o. fl., sé allrar athygli vert. Það fjallar um mikilsvert vandamál og bendir á eina hugsanlega leið til lausnar á því, og því vil ég taka undir það með þeim, sem áður hafa talað, að frv. fái rækilega og ýtarlega athugun í þeirri n., sem það fær til meðferðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 10. febr., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég flutti hér í byrjun þings frv. til l. um leiguhúsnæði og 15. nóv. var því vísað til hv. heilbr.- og félmn. Ég vildi nú leyfa mér að æskja þess, að forseti athugaði um, að sú n. og ýmsar aðrar færu að skila áliti um þetta frv. og kannske ýmis önnur, sem hefur verið vísað til hinna ýmsu n. hér. Það er komið svo, að þessi síður, að svæfa mál í n., er orðinn þinginu til vansa. Og ég álít, að við verðum að taka okkur saman um að breyta vinnubrögðum hvað þetta snertir. N. hafa marga möguleika til að afgreiða mál á: vísa til ríkisstj., fella og ýmsa aðra, og það er hægt að ætlast til þess, að þau frv., sem flutt eru, hljóti einhvers konar þinglega afgreiðslu. Ég segi fyrir mitt leyti. að frv., sem ég hef flutt nú jafnvel í ein 10 ár, eins og um áburðarverksmiðju, hefur aldrei komið úr n., og hefur kveðið svo rammt

að, að stjfrv. um áburðarverksmiðju hafa orðið að stöðvast í n. líka, vegna þess að menn hafa ekki þorað að láta neitt um áburðarverksmiðju koma til 2. umr. Þegar mál eru komin svona, er þetta orðið þinginu til skammar, enda sé ég ekki betur en ástandið sé þannig hjá okkur núna þessa dagana, að Ed. sé að deyja úr hor. Mér skilst hún ekki geta haldið fundi, af því að það sé ekki afgreitt úr n., það sem fram er lagt við 1. umr. og vísað til n., og það fer að verða fátæklegt hjá okkur auðsjáanlega hér í Nd. líka. Og þegar verið er að ræða meira að segja í útvarpi um, hvort eigi að flytja Alþ. á Þingvöll, sýnist mér staðreyndin vera að verða sú, að það sé búið að flytja Alþ. í kompu í stjórnarráðinu. Það er eins og alþm. megi ekki sjálfir og þessar nefndir afgreiða eitt einasta mál hugsandi um það upp á eigin spýtur. Með þessu móti erum við að drepa niður allt þingræði í okkar landi.

Ég vildi nú aðeins skjóta þessu að út af þessu litla máli, en láta þessar aths. fylgja.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

15. Barnaheimili og fóstruskóli.

Á 10. fundi í Nd., 2. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um aðstoð ríkisins við rekstur og byggingu almennra barnaheimila og um fóstruskóla [49. mál] (þmfrv., A. 52).

Á 12. og 16. fundi í Nd., 8. og 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá..

Á 17. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 10. landsk. þm. (GeirG) að flytja hér frv., sem við höfum flutt tvisvar sinnum áður, um aðstoð ríkisins við rekstur og byggingu almennra barnaheimila og um fóstruskóla.

Ég þarf ekki að mæla langt mál til að rökstyðja þetta frv. og nauðsyn þess, að það verði samþ. Við breytingar, sem orðið hafa á okkar þjóðfélagi, og sérstaklega við það, hve miklu meira er nú að því gert, að giftar konur, ekki sízt ungar, vinni úti, er nauðsynin á því, að unnt sé að koma ungum börnum fyrir á barnaheimili, orðin miklu, miklu meiri en áður var, meðan sérstaklega bæirnir voru minni í okkar þjóðfélagi og það var meira eða minna bændaeða sveitaþjóðfélag. Alveg sérstaklega er þetta orðið tilfinnanlegt í Reykjavík og þeim bæjum, sem atvinna er hvað mest í, og þar sem húsnæðisvandamálin hafa um leið leitt það af sér, að maður og kona verða venjulega bæði að vinna úti til að geta borgað af þeim íbúðum, sem hjón eru að reyna að eignast, þá er þetta orðið alveg óhjákvæmilegt.

Ástandið er núna þannig í þessum efnum, að þau barnaheimili, sem fyrir eru, og ég tala nú ekki um það lítið sem til er af vöggustofum, það leysir ekki nema lítið brot af þeim vanda, sem fjöldinn allur af heimilum, ekki sízt unga fólksins, á við að stríða í þessum efnum. Það er algerlega ófært fyrir þjóðfélagið að leysa ekki þetta vandamál. Það eru engin ósköp að koma upp nokkrum barnaheimilum, þannig að hjón, sem eiga börn á aldrinum frá eins og tveggja og upp í sjö ára, geti komið þeim fyrir meiri hluta dagsins á slíku barnaheimili. Þetta kostar engin ósköp. Það kostar ekki meira en það, að hingað til eru það bara bæjarfélögin ein, án nokkurs styrks frá ríkinu, sem hafa lagt í að reyna að gera þetta. Og oft og tíðum hefur það líka verið þannig, að einstök áhugafélög, sums staðar t. d. verkakvennafélögin, og annars staðar kannske t. d. Thorvaldsensfélagið í Reykjavík og fleiri svona félög, sums staðar Vorboðinn, hafa verið að reyna að bæta úr þessari sáru þörf. Og bæjarfélögin hafa þá oft og tíðum reynt að styrkja þessa viðleitni nokkuð. Þannig hefur þetta gengið mjög lengi. Það eru áratugir, síðan slík starfsemi var hafin, en það gengur svo hægt með þetta, vegna þess að ríkið hefur enn sem komið er ekki látið þetta að neinu verulegu leyti til sín taka. Það er ofur lítill styrkur á fjárl. til nokkurra heimila í þessu sambandi, en hann er alveg hverfandi.

Það, sem lagt er til með þessu frv., er, að ríkið láti þessa þörf á að koma upp barnaheimilum og reka þau, til sín taka á nokkuð svipaðan hátt og það gerir með barnaskólana. Í raun og veru er þetta orðin uppeldisstofnun í nútímaþjóðfélagi, sem er alveg jafnnauðsynleg og jafnsjálfsögð og barnaskólarnir eru. Þess vegna er lagt til í þessu frv., í 1. gr., að ríkið aðstoði þá aðila, sem reka barnaheimili, hvort sem það eru vöggustofur, dagheimili, vistheimili eða sumardvalarheimili, og viðkomandi aðila séu greiddar a. m. k. 600 kr. á mánuði fyrir hvert barn, sem þar er, sem rekstrarstyrkur til barnaheimilisins, en þó að jafnaði ekki minna en ⅓ kostnaðar við rekstur heimilisins. Þetta ætti að þýða, að ef ríkið tæki þetta að sér, ættu sveitarfélögin, sem hafa sýnt mjög lofsverðan áhuga og skilning í þessu efni, að geta unnið miklu hraðar að þessu en nú er. Reynslan hefur sýnt t. d. með jafnvel eitt það stærsta og ríkasta af þessum félögum, Reykjavíkurbæ, sem gerði allmyndarlega áætlun í þessum efnum, að það er mjög langt frá því, að Reykjavíkurbær hafi getað framkvæmt þessa áætlun eða gert það. Hins vegar er það alveg gefið mál, að ef svona styrkur kæmi til af hálfu ríkisins, þá mundi þetta ganga miklu örar. Þörfin vex miklu hraðar nú heldur en bætt er úr henni.

Í öðru lagi er gengið út frá því með þessu frv., að þegar um sé að ræða byggingu eða jafnvel kaup á húsum í sambandi við rekstur barnaheimila, þá skuli ríkið styrkja það og styðja á sama máta og gert er núna með barnaskólana. Ég held, að á þessu sé ákaflega mikil þörf, og það er skoðun okkar flm., og það veit ég að er skoðun margra fleiri, að þetta megi ekki við svo búið standa. Það er í raun og veru til vansa fyrir okkar þjóðfélag, að þetta skuli ekki vera

komið upp í miklu ríkara mæli. Þjóðfélög, sem eru miklu fátækari en okkar, hafa komið þessu upp í mjög stórum stíl. Í Reykjavík t. d., þar sem mjög mikið er um, að ungar konur vinni úti, hafa t. d. svo að segja engar verksmiðjur eða stórfyrirtæki enn þá lagt í þetta. Hins vegar mundi vel vera hægt, bæði fyrir opinber fyrirtæki og önnur slík, að leggja í svona barnaheimili. Víða erlendis er þetta t. d. við verksmiðjur og annað þess háttar, og þetta sparar þjóðfélaginu alveg gífurlegt vinnuafl, þannig að einmitt á þeim tímum, þegar atvinnurekendur eru að kvarta yfir skorti á vinnuafli, þá er þetta sannarlega eitt af mörgum ráðum þjóðfélagsins til að reyna að leysa nokkuð úr þeim vanda. Konur, sem mjög gjarnan þyrftu að vinna úti og vildu vinna úti, komast ekki til þess, vegna þess að þær þurfa að sitja heima, kannske yfir 1 eða 2 börnum.

Hér forðum daga var það svo, þegar við, sem tilheyrum verkalýðshreyfingunni, vorum að byrja að berjast fyrir því að koma upp barnaleikvöllum, — ég man eftir því t. d. fyrir 40 árum, — þá var rekið upp ramakvein í íhaldsblöðum út af öðru eins tiltæki og að leggja það til að koma upp barnaleikvöllum. Það sýndi, hvernig þeir vondu kommúnistar ætluðu að taka börnin frá mæðrunum. (Gripið fram í: Ætli þetta sé nú rétt með farið?) Þetta er rétt, það var 1926, ég get sýnt hæstv. forsrh. það í blöðum íhaldsins á Akureyri þá. Svo liðu nú ekki nema nokkur ár, þangað til þessir menn fóru að átta sig á því. Til allrar hamingju hefur það verið svo með íhaldið og Sjálfstfl., að þau hafa ýmislegt getað lært.

Það hafa ekki heldur liðið nema 26 ár, síðan sjálfur hæstv. forsrh. lét sér um munn fara í ræðu, sem hann flutti, ég held það hafi verið í Nýja bíó, 1938 eða 1939, að það væri ekki í verkahring þess opinbera að vera að sjá mönnum fyrir húsnæði. Það var einu sinni, og ég ætla ekkert að fara að rifja það upp nú, vegna þess að batnandi manni er bezt að lifa. Menn hafa áttað sig á þessu í Sjálfstfl., bæði í sambandi við verkamannabústaði og annað slíkt.

Það, sem við verðum að reyna að sjá um, er að halda áfram með þessi mál, eins og t. d. með þetta hérna í þetta skipti, þangað til t. d. Sjálfstfl. fer sjálfur að taka þetta upp líka og berjast fyrir því. Það er allt í lagi, okkur er alveg sama, hver framkvæmir þetta, þegar þetta er gert á endanum. Okkur þykir vænt um, að menn skuli ekki standa alveg stirðnaðir í sömu sporum og þeir hafa staðið fyrir 30—40 árum, heldur reyna að læra eitthvað ofur lítið af lífinu og reynslunni, jafnvel þó að þeir verði að læra af sínum andstæðingum.

Í sambandi við barnaheimilin hins vegar er það nauðsynlegt, að um leið sé hugsað fyrir því að koma upp fóstruskóla í ríkari mæli en núna er gert. Það er til fóstruskóli, sem nú er rekinn, en hann er raunverulega einkaskóli, sem alls ekki getur vegna fjárhagsaðstæðna unnið allt það, sem þyrfti að gera, og það duglega fólk, sem staðið hefur fyrir honum, hefur lagt áherzlu á það einmitt í sínum ræðum, að þarna þyrfti að gera miklu meira að því að mennta og útskrifa fóstrur. T. d. skólastjóri fóstruskólans núverandi, frú Valborg Sigurðardóttir, sagði í ræðu, sem hún hélt fyrir 3 árum, að henni teldist svo til, að til þeirra barnaheimila, sem ætti að byggja í Reykjavík á næstu 5 árum, þyrfti a. m. k. 50—60 sérmenntaðar fóstrur, þó væri eingöngu átt við forstöðukonur og deildargæzlu. M. ö. o.: það er mjög mikill skortur á fóstrum til þeirra barnaheimila, sem þegar er í ráði að reisa, og þetta er jafntilfinnanlegt fyrir þessa starfsemi eins og kennaraskorturinn í þeim skólum, sem taka við börnunum, þegar þau eru komin lengra, þannig að það er alveg gefið mál, að ríkið þarf sjálft að sjá um slíkan fóstruskóla og reka hann eins og aðra skóla.

Ég veitti því líka strax eftirtekt, eftir að þetta mál var flutt hér á Alþingi, að þá tóku hin ýmsu samtök kvenna á ýmsum sviðum, bæði Kvenréttindafélagið, Bandalag kvenna í Reykjavík og Menningar- og friðarsamtök ísl. kvenna, öllsömun þetta mál upp til þess að gera samþykktir á sínum aðalfundum eða stjórnarfundum að heita á Alþingi að samþ. þetta mál, bæði hvað snertir barnaheimilin og hvað snertir fóstruskóla og ekki hvað síst að undirstrika nauðsynina á því að samþykkja fóstruskóla. Ég held þess vegna, að hér sé um að ræða mál, sem engan veginn má líta á sem neitt flokksmál eða slíkt, heldur mál, sem almenn þjóðfélagsleg þörf er á að framkvæmt sé. Og við höfum fest hér aftan við sem fylgiskjöl einmitt nokkuð af þessum samþykktum, sem gerðar hafa verið í hinum ýmsu samtökum, sem ég nefndi, og enn fremur þá áætlun, sem gerð hafði verið í bæjarstjórn Reykjavíkur um byggingu dagheimila og leikskóla.

Ég vil þess vegna leyfa mér að vona, að þetta mál finni nú í þriðja skipti, sem það er flutt á Alþingi, þann skilning, að því sé hrundið í framkvæmd. Ég er ekki endilega að biðja um, að það sé gert í því formi, sem það er lagt hér fyrir. Við erum reiðubúnir til þess, flm., að semja um hvers konar breytingar þar á, sem heppilegar væru taldar. En höfuðatriðið álít ég aðeins hitt, að það verði samþykkt að leggja nokkuð fram af hálfu ríkisins í þessum efnum og ríkið taki að sér að reka fóstruskólann.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að að lokinni þessari umr. sé frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

16. Afnám laga um verkfall opinberra starfsmanna.

Á 10. fundi í Nd., 2. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um afnám l. nr. 33 3. nóv. 1915, um verkfall opinberra starfsmanna [50. mál] (þmfrv., A. 53).

Á 12., 16., 17., 19., 20., 21., 22., 23. og 24. fundi í Nd., 8., 11., 15., 18., 22., 25., 29. og 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 25. fundi í Nd., 6. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir og flutt hefur verið áður í þessari hv. d., fer fram á, að afnumin verði 50 ára gömul kúgunarlög. Það var 1915, 3. nóv., sem þau lög voru undirskrifuð, sem bönnuðu opinberum starfsmönnum að gera verkfall. Það eru lög frá þeim tíma áður en A. S. Í. varð til, áður en verkalýðshreyfingin hér á Íslandi tók að rísa og verða eitt sterkasta vald okkar þjóðfélags. Opinberir starfsmenn hafa hins vegar allan tímann, að vísu undir dálítið ólíkum kjörum, orðið að búa við það að vera sviptir þeim verkfallsrétti, sem verkamenn almennt, þeir sem ekki eru í þjónustu ríkisins, hafa aflað sér og hafa getað hagnýtt sér á undanförnum 5 áratugum til þess að bæta sín kjör. Afleiðingin hefur orðið sú, að kannske með einni einustu undantekningu hafa opinberir starfsmenn orðið að feta í fótspor verkamannanna. Verkamenn hafa orðið að heyja harða og langa baráttu fyrir að bæta sín kjör með löngum samningaumleitunum eða með harðvítugum verkföllum, og á eftir, kannske jafnvel mörgum árum á eftir, hafa opinberir starfsmenn stundum einnig fengið sitt. Aðeins í eitt einasta skipti hefur það komið fyrir, í sambandi við kjaradóminn 1963, að hjá opinberum starfsmönnum var tekið nokkurt stökk í þessum efnum, án þess að þeir hafi sjálfir enn þá verkfallsrétt.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, sem nú er orðið meira en tveggja áratuga gamalt, hefur allan þann tíma, sem það hefur verið til, barizt fyrir því, að hinir opinberu starfsmenn fengju í fyrsta lagi samningsrétt og í öðru lagi verkfallsrétt. Þeir hafa eftir langar deilur fengið það í gegn, að þeir hafa fengið nokkurn samningsrétt, m. ö. o. rétt til þess að ræða við hinar opinberu stofnanir, ríkisvald og bæjarfélögin, og að lokum var svo sett löggjöfin um kjaradóm, þar sem því var slegið föstu, með hverjum hætti slíkir samningar skyldu fara fram. En þetta er aðeins rétturinn til þess að semja, en ekki rétturinn til þess að gera verkföll, svo framarlega sem þeim líkaði ekki það, sem út úr þeim samningum kæmi. Í þessum l. fólst, að það skyldi vera sérstakur dómur, kjaradómur, sérstakur gerðardómur, sem skyldi kveða upp ákvæðin um bæði flokkaskiptinguna hjá hinum opinberu starfsmönnum og eins um það, hvaða laun þeir skyldu fá.

1963, þegar þessi kjaradómur í fyrsta skipti tók til starfa, glæddust nokkrar vonir hjá starfsmönnum hins opinbera um, að þeim mundi í framtíðinni verða sýnt nokkurt réttlæti. Það voru ýmsir, sem jafnvel sögðu: Það er nú í raun og veru enn þá betra að sætta sig við svona kjaradóm heldur en eiga í löngum og hörðum verkföllum til þess að fá fram kauphækkanir. — Og ýmsir menn héldu, að það væru komnir nýir tímar, þar sem ríkisvaldið færi að verða réttlátara gagnvart þeim, sem hefðu ekki réttinn til þess að geta barizt við það. En það leið ekki á löngu áður en menn urðu fyrir vonbrigðum í þessum efnum, og ég býst við, að þau vonbrigði, sem menn urðu fyrir í sambandi við þann kjaradóm, sem kveðinn var upp nú, hafi þó verið einna sárust í þessu sambandi. Með þeim kjaradómi, sem kveðinn var upp nú fyrir 1. des., var ákveðið, að helmingur þeirra starfsmanna, þeir sem flokkast undir flokkana frá 1—14, helmingurinn líklega af öllum starfsmönnum ríkisins, skyldi ekki hafa til hnífs og skeiðar, eins og kallað var í gamla daga. Það var ákveðið að skammta þeim laun, sem hvað byrjunarlaun snertir voru undir 10 þús. kr. á mánuði. 14 af þeim flokkum, sem opinberir starfsmenn tilheyra, eru dæmdir til þess að eiga að búa við laun, sem eru undir 10 þús. kr. á mánuði, á þeim tíma, sem útgjöld vísitölufjölskyldunnar hér í Reykjavík eru samkv. opinberum skýrslum 116 þús. kr. á ári, og er þá reiknað með húsnæði, sem er 1000 kr. á mánuði. Það kváðu vera teljandi þær fjölskyldur hér í Reykjavík, sem sleppa með 1000 kr. á mánuði í húsnæði, en aftur á móti allmiklu fleiri, sem verða að borga 7 þús. kr. á mánuði í húsnæði eða m. ö. o. borga í húsnæðiskostnað einan saman það, sem slagar hátt upp í það, sem fjölskyldu fjögurra manna er ætlað að lifa af á ári. Það er þess vegna gefið mál, að hjá þorranum af opinberum starfsmönnum er mikil reiði og mikil vonbrigði út af þeim kjaradómi, sem nú hefur verið kveðinn upp, enda var það viðkvæðið, eins og menn geta séð jafnt í Morgunblaðinu sem Tímanum og verkalýðsblöðunum, frá hinum opinberu starfsmönnum og þeirra forustumönnum kvað aðeins eitt við, eftir að þessi dómur var kveðinn upp: Nú dugir ekkert annað en verkfallsrétturinn. — Og þetta er ekki aðeins rétt frá sjónarmiði opinberra starfsmanna, frá þeirra hagsmunasjónarmiði. Þetta er orðin líka nauðsyn fyrir þjóðfélagið sem slíkt, fyrir ríkið og fyrir bæjarfélögin. Til þess að halda áfram ríkisrekstri og bæjarrekstri og halda uppi því þjóðfélagsbákni, sem skapað hefur verið og nauðsynlegt er, verður að breyta þarna til. Ef haldið er áfram eins og nú er, eigum við á hættu uppsagnir í fjölda anum öllum af þessum starfsgreinum, og þetta er nú þegar byrjað og það á þeim sviðum, sem eru kannske einna viðkvæmust, sem sé með því, að nokkrir læknar hafa sagt upp sínum stöðum, og það ástand bætist þá ofan á, að sum sjúkrahúsin verða nú vart rekin, m. a. vegna þess, hvernig búið er að þeim hvað samninga snertir, þannig að þeir sjúklingar, sem eru svo

óheppnir að lenda þangað inn, fá ekki þau almennu mannréttindi, sem menn annars hafa í þjóðfélagi, að almannatryggingarnar greiði nokkurn veginn kostnaðinn af sjúkrahúsvistinni.

Það er að vísu ekkert nýtt, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, eins og forustumenn þess núna lýsa yfir, berjist fyrir fullum verkfallsrétti. Þetta hefur verið svo um langt árabil. Strax 1945, á 4. þingi BSRB, var þess krafizt, að opinberir starfsmenn fengju fullan rétt til verkfalla, alveg eins og aðrir verkamenn, aðrir launþegar höfðu þá þegar aflað sér. 1948, á 10. þingi BSRB, var samþykkt samsvarandi áskorun, og það var sérstaklega tekið fram í þeirri áskorun með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Þingið," þ. e. 10. þing BSRB, „lítur svo á, að lögin frá 1915 séu ósamboðin hinu íslenzka lýðveldi, þar sem þau setja opinbera starfsmenn skör lægra um mannréttindi en aðra þegna þjóðfélagsins."

Á almennum fundi, sem opinberir starfsmenn héldu, voru gerðar hinar sömu kröfur, kröfur til þess, að opinberir starfsmenn fái að njóta þeirra réttinda, sem felast í l. um stéttarfélög og vinnudeilur, vegna þess að hliðstæð löggjöf um opinbera starfsmenn sé mjög afturhaldssöm og algerlega ósamboðin lýðræðisþjóðfélagi. Og þá var á þeim fundi skorað á Alþ. að taka til greina ítrekaðar kröfur þings BSRB um afnám l. nr. 33 frá 3. nóv. 1915, um verkfall opinberra starfsmanna. 1950 samþykkir 13. þing BSRB enn að leggja ríka áherzlu á, að numin verði úr gildi l. nr. 33 frá 1915, um verkfall opinberra starfsmanna, og réttur þeirra gerður sambærilegur við þann rétt, sem önnur stéttarfélög njóti í þessum efnum. 1952 var enn gerð samsvarandi samþykkt á 15. þingi starfsmanna ríkis og bæja. 1954 var á 16. þingi þeirra lýst yfir, að það væri óviðunandi, að opinberum starfsmönnum væri meinaður réttur til að semja um laun sín og kjör með hliðstæðum hætti og aðrar launastéttir. Telur þingið það svo alvarlega skerðingu mannréttinda, að það sé ósamboðið íslenzka lýðveldinu. Og þá er samþykkt, með leyfi hæstv. forseta, svo hljóðandi:

„Þess vegna heitir þingið á ríkisstj. og Alþ. að afnema þegar í stað allar takmarkanir á slíkum samningsrétti opinberra starfsmanna og ganga síðan til samninga við BSRB um launakjör starfsmanna ríkisins."

Og 1960 eru á 20. þingi BSRB gerðar samsvarandi kröfur einu sinni enn þá. M. ö. o.: í meira en 20 ár hafa á þingum BSRB sífellt verið gerðar kröfur um, að þeir fái að njóta sömu mannréttinda og verkamenn í okkar þjóðfélagi hafa aflað sér. Þessar samþykktir hafa svo verið gerðar nú í tvo áratugi, og þetta hefur verið eins og að berja höfðinu við steininn. Alþ. og ríkisstj., hverjar sem þær hafa verið, hafa ekki sinnt þessu. Nú er hins vegar svo komið, að þetta getur ekki gengið lengur þannig áfram. Ástandið, sem blasir við núna, verður alveg óþolandi fyrir okkar þjóðfélag. Uppsagnirnar eru nú að byrja.

Ég vil minna á það í því sambandi, að það var ein stétt, sem hófst handa fyrir nokkrum árum og byrjaði með svona uppsögnum í svo stórum stíl, að það leit út fyrir, að skólarnir — það var hjá kennurunum — vissir skólar mundu verða að hætta starfi. Og þá loks brá ríkið við og bætti hag kennaranna allverulega. Og það er eins og það opinbera eða jafnvel kjaradómur hafi síðan verið nokkuð hræddur við kennarana, þannig að hann tæki virkilega tillit til þeirra, af því að þeir hafa einu sinni sýnt, að þeir þyrðu að fara í stórfelldar, skipulagðar uppsagnir eða jafnvel allt að því ólögleg verkföll, svo að ég vil spyrja: Er það nauðsynlegt, að það komi til þess, eins og þegar hefur orðið, að það verði farið út í annaðhvort meira eða minna ólögleg verkföll eða þá verði farið út í það að skipuleggja uppsagnir í stórum stíl, menn skapi samtök um slíkt? Ætlar þjóðfélagið að bíða eftir því í staðinn fyrir að framkvæma réttlæti í þessum efnum?

Ég vil vekja athygli á því í því sambandi, að einmitt í þeim kjaradómi, sem nú hefur verið kveðinn upp, er alveg greinilegt, að það er mjög lítt hirt um kjör tæknimenntaðra manna. Ég býst við, að í kjaradómi sitji a. m. k. nokkuð af mönnum, sem eru meira embættismenn upp á gamla mátann og skilja ekki þá breytingu, sem er að verða í okkar þjóðfélagi, eins gífurlegt gildi og þessi tæknimenntun kemur til með að hafa, þar sem við getum gengið út frá því, að það líði varla áratugur eða lítið meir, þangað til svo að segja helmingurinn af öllum þeim, sem nú eru kallaðir verkamenn, a. m. k. hinir yngri, verði tæknimenntaðir menn á einn eða annan máta. Þá er alveg óhugsandi að ætla að reka nútímaþjóðfélag án þessara tæknimenntuðu manna og ætla að reyna að halda þeim þannig niðri, að þeim finnist kjör sín óþolandi. Það er ekki til neins. Það er sama sem ýmist að reyna að reka þessa menn af landi burt eða reka þá út í einkabraskið.

Ég vildi í því sambandi, ef það sæist nokkur af þm. Alþfl. hérna inni, sérstaklega skjóta því að þeim, hvort það sé ekki rétt fyrir þann flokk, sem eins og okkar berst fyrir því að auka ríkisreksturinn, að athuga sinn gang, áður en það sé farið að reka starfsmennina frá ríkinu og yfir í einkabraskið. Með þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið, a. m. k. á þeim sviðum, þar sem samkeppni kemur þarna til greina, er raunverulega, eins og nú er búið að þessu, óbeint verið að vinna að því að reyna að drepa niður ríkisrekstur inn og draga úr honum. Við verðum að gá að því, hver aðstöðumunurinn er núna í þjóðfélaginu á milli einkabrasksins og ríkisfyrirtækjanna. Einkabraskið nýtur sérstakra sérréttinda til skattsvika með aðstoð núv. ríkisstj. Það getur heitið sínum starfsmönnum aðstöðu til þess að stela undan skatti. Það getur veitt þeim ýmis fríðindi, sem hvergi koma fram til skatts, og allt þetta er látið viðgangast, vegna þess að þessir skattsvikarar eru um leið þeir, sem greiða drýgst í sjóð Sjálfstfl. Einkabraskið, hvernig svo sem flett er ofan af því, hvernig svo sem heitið er ár eftir ár, að það skuli verða gerð breyting á skattalöggjöfinni, halda sömu skattsvikin áfram. Braskfyrirtæki, sem þykjast ekki þess umkomin að geta greitt einu sinni það, sem kallað var vinnukonuútsvar, bjóða í starfsmenn

frá ríkisbönkunum, þannig að ríkisbankarnir eru í standandi vandræðum með að halda þeim mönnum, sem þar þykja einna efnilegastir sem starfsmenn. Þessi sömu braskfyrirtæki, sem fá alla sína peninga frá ríkinu, frá þessum bönkum, þykjast alltaf vera í vandræðum með að standa í skilum með sínar skuldir, borga svo að segja ekkert til ríkisins, þau geta hins vegar yfirboðið starfsmennina hjá þessum sömu ríkisbönkum. Svona er farið að í þessum málum nú sem stendur.

Ég býst við, að það sé sama fyrirkomulagið hvað læknana snertir, þegar 7 læknar nú eru búnir að segja upp við landsspítalann. Ætli það sé ekki þægilegra fyrir ýmsa þá lækna, sem nú eru hjá ríkinu, að vera í einhverju privatbraski og sleppa við það að þurfa að telja fram nema lítinn hluta af sínum tekjum til skatts? Við vitum, að þeir menn, sem starfa hjá ríkinu nú, verða fyrst og fremst að bera skattana, en þeir, sem eru í einhvers konar einkabraski, losna við þetta. Svona er ekki hægt að halda hlutunum áfram, og ríkisstj., sem lætur hlutina ganga svona, setur allt þjóðfélagið á ringulreið.

Ég álít þess vegna, þegar nú er búið að sýna sig, að kjaradómur er alls ófær til að skapa nokkurt réttlæti í þessum efnum, og allar vonir, sem einhverjir menn kunna að hafa gert sér um það, hafa gersamlega brugðizt, þá er nauðsynlegt, að þau lög séu afnumin og þó að menn afnemi þau ekki strax, séu lögin a. m. k., sem banna verkfall opinberra starfsmanna, afnumin og það sé þá hægt að gera verkfall á þennan kjaradóm, ef ríkisvaldinu þykir betra að halda honum enn þá um nokkurt skeið.

Ég álít, þegar þetta frv. nú fer til n., að þeirri n., sem það fer til, beri að athuga það, og það mun ekki verða liðið, að það komi ekki aftur fram hér í þessari hv. d., þannig að það verði um það greidd atkv., og það eru nægar ráðstafanir, sem hægt er að gera af okkar hálfu til þess að tryggja slíkt. M. a. mundi vafalaust verða gripið til þess að krefjast útvarpsumr. við 2. umr. um þetta mál til þess að láta ekki grafa það í n., eins og er farið að tíðkast nú í svo ríkum mæli, að það er þinginu til stórskammar, enda þarf ekki annað en að líta í blöðin nú til þess að sjá, hvernig virðing Alþ. með þeim starfsháttum, sem nú eiga sér stað, fer dagminnkandi.

Ef frv. eins og þetta verður ekki samþ., hvað gerist þá? Dettur mönnum í hug, að starfsmenn hins opinbera muni sætta sig við það ástand, sem nú er að skapast? Ég býst við, að fæstum detti það í hug. Það, sem gerist, er, að það verða ýmist ólögleg verkföll eða uppsagnir, og ef það verða ólögleg verkföll, veit ég ekki, hvort ríkinu lízt sérstaklega girnilegt að fara út í það, sem Útvegsbankinn var að gera um daginn, að fara að sekta sína starfsmenn. Það eru til ýmsar aðferðir til að ná sér niðri, ef farið er að beita slíku. Það er þess vegna óhjákvæmilegt, að á þessum hlutum verði nú breyting. Það er tími til kominn, eftir að þessi þrælalög eru búin að gilda gagnvart opinberum starfsmönnum í 50 ár.

Það er líka annað atriði, sem opinberir starfsmenn fara vafalaust að athuga í mjög ríkum mæli, svo fremi sem þess er ekki neinn kostur að fá fram með venjulegum tilraunum til samninga breytingar á þeirra slæmu kjörum, og ef engar undirtektir koma fram undir það að samþykkja lög eins og þessi, er viðbúið, að opinberir starfsmenn og þeirra bandalag verði að fara að beita sér harðar á því pólitíska sviði en þeir gera nú. Það geta engin launþegasamtök unað því til lengdar, að þau séu svipt einföldustu mannréttindum, án þess að fara að láta til sín taka, gera samtök um slíkt á hinu pólitíska sviði í kosningum. Og það mun áreiðanlega vera eitt af því, sem BSRB kemur til með að athuga, svo framarlega sem það er ómögulegt að koma vitinu fyrir valdhafa þessa þjóðfélags.

Það hefur stundum skeð úti í löndum, að verkamenn hafa gert verkföll, allsherjarverkföll, til þess að knýja fram kosningarrétt sér til handa. Það getur líka verið, að þeir starfsmenn, sem sviptir eru mannréttindum eins og verkfallsréttinum, áliti tíma til kominn fyrir sig að beita sínum mannréttindum hvað kosningarréttinn snertir skipulega til þess að reyna að afla sér þeirra réttinda, sem í verkfallsréttinum felast. Ég skal nú ekki segja, hvað meiri hl. hér á Alþ. fæst til þess að gera í þessum efnum, en hitt er óhjákvæmilegt, að hann verði látinn skera úr um það og hann verði látinn sýna sína afstöðu í þessum málum.

Því hefur stundum verið haldið fram, þegar þessi mál hafa verið rædd, að það sé ómögulegt að veita opinberum starfsmönnum verkfallsrétt, vegna þess að t. d. læknar eða hjúkrunarkonur og aðrir slíkir megi helzt ekki geta gert verkfall. Í sambandi við það mál höfum við flm. þessa máls sett í 2. gr. þessa frv. ákvæði um það, að ríkisstj. skuli í samráði við stjórn BSRB og stjórnir þeirra sérfélaga, sem málið sérstaklega varðar, undirbúa frv. til l. um réttindi og skyldur starfsmanna, sem gegna þess háttar störfum, að framkvæmd þeirra varðar líf og heilsu almennings, það frv. skuli miða að því að tryggja rétt þessa starfsfólks til hagsmunabaráttu eins og frekast samræmist öryggi um líf og heilsu almennings. Þessi 2. gr. á við það, að t. d. læknum og hjúkrunarfólki séu skapaðar — við getum kallað það sérstakar leikreglur í þeim harðvituga baráttuleik, sem verkföllin eru. Ég efast ekki um, að það sé tiltölulega auðvelt mál að komast að samningum við slík félög, því að þau eru yfirleitt ekki inni á því að misbeita því valdi, sem þau hafa, þannig að hvað þessar hugsanlegu mótbárur snertir væri með þessari 2. gr. alveg séð fyrir lífsöryggi manna í slíku.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að að lokinni þessari 1. umr. sé þessu máli vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Þegar l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna voru til afgreiðslu hér í hv. d. vorið 1962, benti ég sérstaklega á það, að þau byggðust á bráðabirgðasamkomulagi milli BSRB og ríkisstj. og það væri takmark opinberra starfsmanna að fá

enn þá fyllri rétt en þann, sem fælist í þessu frv., sem þá var til umr. Ég benti enn fremur á, að það, hvort þessi lög yrðu langlíf eða ekki, mundi fara eftir því, hvernig sú ríkisstj. eða þær ríkisstj., sem kæmu til með að fjalla um launamál opinberra starfsmanna, héldu á því máli. Ef þessi lög leiddu til þess, að ríkisstj. héldu yfirleitt þannig á launamálum opinberra starfsmanna, að það næðist samkomulag milli ríkisins og þeirra, væru líkur til þess, að þetta fyrirkomulag gæti reynzt farsælt. Ef ríkisstj. héldu hins vegar þannig á launamálum opinberra starfsmanna og kæmu svo lítið til móts við kröfur þeirra, að málið þyrfti að ganga til gerðardóms, væri ekki líklegt, að þessi löggjöf yrði langlíf, því að reynslan af gerðardómum hefði yfirleitt orðið sú, að þeir hefðu gefizt illa, og það mætti vænta hins sama á þessu sviði og öðrum.

Nú hefur þróunin í þessum málum illu heilli orðið sú, að ríkisstj., sem hefur samið við opinbera starfsmenn á undanförnum árum, hefur gengið svo skammt til móts við óskir þeirra og réttmætar kröfur, að málið hefur farið til kjaradóms til að úrskurða um það, hver laun opinberra starfsmanna ættu að vera. Og það er skemmst að segja, að þeir úrskurðir, sem kjaradómur hefur fellt, að undanteknum fyrsta úrskurðinum, hafa verið mjög misheppnaðir og gengið mjög gegn opinberum starfsmönnum og það svo mjög, að það er alveg óhætt að fullyrða, að meginþorri opinberra starfsmanna kemur til með að búa við lakari kjör en aðrar sambærilegar stéttir samkv. þeim úrskurði, sem kjaradómur hefur nú nýlega fellt. Það gefur auga leið, að það er ekki hægt fyrir opinbera starfsmenn að búa við slíkt skipulag til frambúðar, og þess vegna hljóta þeir að heimta breytingar á því skipulagi, sem sett var um þessi mál samkv. l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna frá árinu 1962. Og að sjálfsögðu verður þetta til þess, að opinberir starfsmenn herða baráttuna fyrir því, sem alltaf hefur verið aðalkrafa þeirra og þeir hafa frá fyrstu tíð stefnt að, síðan þeir bundust samtökum, en það er að fá fullan samningsrétt, eins og aðrar stéttir hafa nú í landinu. Og satt að segja er ekki með góðu móti hægt að finna röksemdir fyrir því, að það megi ekki treysta opinberum starfsmönnum til að hafa þennan rétt, sem allar aðrar launastéttir hafa nú tryggt sér. Ég held, að það sé ekki með neinum rétti eða neinum rökum hægt að halda því fram, að opinberir starfsmenn séu ólíklegri til þess en aðrar launastéttir að halda með sanngirni á sínu máli og vera ekki óbilgjarnari í skiptum við sinn atvinnurekanda en aðrar stéttir eru.

Ég vil jafnframt segja það, að ég álít, að það sé, úr því sem komið er, mikil nauðsyn fyrir báða aðila, ekki aðeins fyrir opinbera starfsmenn, heldur engu síður fyrir ríkið sjálft, að opinberir starfsmenn fái fullan samningsrétt og aðstöðu til þess að knýja fram sanngjarnar kröfur sínar á þann hátt, því að það er alveg augljóst, eins og síðasti ræðumaður drap mjög rækilega á, að ef búið verður að opinberum starfsmönnum eins og nú er gert og mun verða gert áfram næstu missirin, ef úrskurður kjaradóms kemur til með að gilda, verður það til þess, að ríkið missir meira eða minna beztu starfskraftana, sem það hefur nú, og veitist alltaf verr og verr að fá nýtt fólk í þjónustu sína. Þess vegna er það áreiðanlega ekki síður hagsmunamál ríkisins, þegar rétt er á þessi mál litið, en opinberra starfsmanna sjálfra, að þeir fái fullan samningsrétt og þannig aðstöðu til þess að tryggja hlut sinn til samræmis við aðrar stéttir.

Satt að segja er það ekki annað en úreltur fornaldarhugsunarháttur, að opinberir starfsmenn eigi að búa við einhvern annan rétt í þessum efnum heldur en aðrar launastéttir, enda má benda á það, að þær þjóðir, sem eru forustuþjóðir í félagsmálum, eins og t. d. Norðmenn og Svíar, hafa fyrir ekki löngu veitt opinberum starfsmönnum fullan samningsrétt, hliðstæðan því, sem aðrar stéttir hafa. Þetta var fyrst gert í Noregi, en á síðasta ári samþykkti sænska þingið löggjöf, sem veitir opinberum starfsmönnum þar fullan samningsrétt.

Ég vil nota það tækifæri, að þetta frv. liggur hér fyrir, þó að e. t. v. séu ýmis atriði þess, sem þurfi nánari athugunar við, til að lýsa yfir fullum stuðningi mínum við það, að opinberir starfsmenn fái fullan samningsrétt, og ég vil taka undir það, að það væri mjög æskilegt að fá úr því skorið nú á þessu þingi, hver afstaða Alþ. er í því máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Nd., 7. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:6 atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

17. Vegalög (frv. JSk).

Á 11. fundi í Nd., 4. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963 [55. mál] (þmfrv., A. 60).

Á 16. og 17. fundi í Nd., 11. og 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá

Á 18. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. 55 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á vegal., nr. 71 30. des. 1963, efnislega þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„1. gr.: 95. gr. vegal., nr. 71 frá 1963, orðist svo:

Heimilt er að ákveða í vegáætlun, að greiða skuli sérstakt umferðargjald af bifreiðum og

öðrum ökutækjum, sem fara um tiltekna vegi og brýr.

2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð frá 18. okt. 1965, um innheimtu umferðargjalds af bifreiðum og öðrum ökutækjum, sem aka um Reykjanesbraut."

Með samþykkt vegal. í des. 1963 var í 95. gr. þessara l. hæstv. samgmrh. veitt ótakmörkuð heimild til þess að leggja á umferðargjald um tiltekna vegi og brýr. Heimild þessi var algerlega ótakmörkuð og í umr., sem þá fóru fram í þinginu um vegal., sem afgreidd voru, eins og menn muna, á rúmum mánuði, var mjög lítið rætt um þessa heimildargrein. Eftir að Reykjanesbraut hafði verið endurbyggð og steypt og hún var opnuð til umferðar, reyndi á það í fyrsta sinni, að ráðh. beitti þessari heimild. Eins og hv. þm. muna, varð, þegar umferðargjaldið var tilkynnt, mikill kurr hjá þeim, sem nota þessa braut mest, fyrst og fremst vegna þess, að flestir töldu, að það væri óhæfilega hátt. Ég var einn af þeim, sem á árinu 1963 veittu ráðh. þessa heimild. Hins vegar hefur reynslan sýnt, að það var óheppilegt og óeðlilegt að fela einum ráðh. jafnmikið vald og jafnótakmarkað vald og honum var fengið með 95. gr. Eins og þm. vita, ákveður stjórnarskráin, að skattamálum skuli skipa með lögum. Skatturinn á Reykjanesbraut er áætlað að gefi tæpar 15 millj. á næsta ári, og hann fer hraðvaxandi, þannig að eftir 12 ár héðan í frá er samkv. áætlun ríkisstj. reiknað með því, að umferðargjaldið gefi um 30 millj. kr., og eftir 20 ár héðan í frá mun skattgjald þetta, ef það helzt óbreytt, vera komið upp í 40 millj. kr., og þannig mun það vaxa samkv. áætlun ríkisstj. um 13 millj. kr. á hverjum áratug.

Eins og menn sjá, verður fljótlega um mjög háar fjárhæðir að ræða af umferðargjaldinu, ef það stendur óbreytt, því að það eru miklar líkur til þess, að áætlun sú, sem ríkisstj. lét fylgja, þegar umferðargjaldið var tilkynnt, sé í lægra lagi, þannig að skattur þessi kann að verða enn þá hærri en ég hef hér nefnt tölur um. Það er því ekki óeðlilegt, að Alþ. hafi eitthvað um það að segja, hversu skattur þessi eigi að vera hár, hversu lengi hann eigi að standa og þar fram eftir götunum, en að óbreyttum l. er það á valdi ráðh. eins, og hann þarf engan að ræða við um það atriði. Ég hef fyrir mína parta látið það í ljós, að ég hefði talið og tel enn, að nauðsynlegt hefði verið fyrir hæstv. ráðh. að birta þær meginreglur, sem hann ætlaði að fara eftir við notkun heimildarinnar um umferðargjald, áður en kom til álagningar á Reykjanesbrautina, vegna þess, eins og reynslan hefur sýnt, að bæði er skattgjaldið sjálft ákaflega hátt og svo hefur alls ekki fengizt upplýst allt til þessa dags a. m. k., þrátt fyrir að eftir því hafi verið sérstaklega gengið bæði hér á Alþ. og annars staðar, hvort fyrirhugað sé að leggja svipað umferðargjald á aðra dýra vegi, sem kynnu að verða lagðir í framtíðinni og tekinn verulega mikill hluti kostnaðarins að láni til þess að leggja þá. Eins og málin standa í dag, veit enginn, hvernig hæstv. ráðh. hyggst beita þessari heimildargrein. Þetta er að sjálfsögðu óhæft ástand og hlýtur að leiða til þess, að Alþ. fari að ræða reglur, sem eðlilegt sé að setja fyrir fram um, á hvern hátt beita skuli þessu heimildarákvæði.

Eins og ég gat um áðan, var umferðargjaldið ákveðið með reglugerð frá 18. okt. s. l. Allt fram til þess tíma hafði verið staðhæft, að gjaldi þessu mundi mjög stillt í hóf og það yrði mjög lágt og ekki nema lítill hluti tekinn aftur með því af þeim sparnaði, sem bifreiðaeigendur nytu við að fá góðan veg í stað vegarins, sem áður var þarna og var að flestra dómi óhæfur til aksturs. Hins vegar kom á daginn, þegar reglugerðin var birt, að þá var umferðargjaldið ákveðið mjög hátt að flestra dómi, og margir telja, að lítils samræmis gæti í ákvörðun gjaldsins á hinar mismunandi bifreiðategundir. Ekki hefur fengizt upplýst hér á Alþ. eða annars staðar, á hverju það er byggt t. d., að greiða skuli 7.5-falt hærra gjald af stærstu bifreiðum, sem um þennan veg fara, heldur en af hinum smæstu fólksbifreiðum. Varla held ég, að nokkur geti haldið því fram í alvöru, að sparnaður stærstu bifreiðanna í benzíni sé 7.5% meiri af að aka Reykjanesbrautina heldur en af smæstu bifreiðunum, og ekki tekur það þær skemmri tíma að aka brautina heldur en hinar minni. Það vantar því allar skýringar á því af hendi hæstv. ráðh., hvernig gjaldupphæðin sjálf er fundin á hinar ýmsu bílategundir.

Ég hef lauslega reiknað það út eftir þeim upplýsingum, sem gefnar hafa verið um umferðargjaldið á Reykjanesbraut, og upplýsingum, sem komið hafa fram hér um áætlaðan endingartíma brautarinnar, en þar hefur verið nefnt, að Reykjanesbraut steypt mundi geta dugað í a. m. k. 20 ár án nokkurs viðhaldskostnaðar, að umferðargjaldið af stærri bifreiðunum í þremur hæstu gjaldaflokkunum mætti lækka um helming og gjaldið af tveim smæstu bifreiðaflokkunum mætti lækka um ¼ hluta og það væri nægilegt þannig ákveðið til þess að greiða stofnlán þau, sem tekin hafa verið vegna vegagerðarinnar, upp á 20 árum, þ. e. a. s. á þeim tíma, sem reiknað er með, að endurbætur þurfi ekki að gera á Reykjanesbrautinni. Ég tel, að þetta væri út af fyrir sig eðlileg viðmiðun gjaldsins.

Eins og hv. þm. muna, þeir sem hlustuðu á umræðuþáttinn í útvarpinu fyrir nokkrum dögum um umferðargjaldið, fundu menn, sem þar ræddu um það, því mjög til foráttu, og það skyldi ekki miðað við þá vegalengd, sem ekið er, heldur skyldi sama gjald vera ákveðið, hvort sem bifreiðaeigandi ekur héðan úr Reykjavík og suður til Keflavíkur eða úr Reykjavík inn á Vatnsleysuströnd. Það út af fyrir sig, að Vatnsleysustrandarbúa, sem notar veginn nokkur hundruð metra til þess að komast heim til sín og heiman frá sér, skuli gert að greiða sama umferðargjald og þeim bifreiðaeiganda, sem ekur brautina á enda, sýnir kannske bezt, hversu lítið undirbúin ákvörðunin er um umferðargjaldið. Ég held, að enginn rétt hugsandi maður geti talið það sanngjarnt né eðlilegt, að Vatnsleysustrandarbúa, sem notar veginn ekki nema að mjög litlu leyti, skuli gert að greiða sama gjald og hinum, sem ekur hann allan á enda. En hæstv. ráðh. hefur allt til þessa dags ekki til-

kynnt neina breytingu á þessu, þó að hann hafi látið í það skína, að þetta sérstaka vandamál mundi verða athugað.

Enn fremur hefur það verið fært fram í rökræðum, að óeðlilegt hafi verið að staðsetja tollskýlið á Reykjanesbraut þannig, að það lokaði möguleika fyrir bifreiðaeigendum, sem vildu nota gamla veginn, sem ríkissjóður hefur tekið á sig sérstakar skyldur gagnvart Vatnsleysustrandarbúum um að halda við. Mér er sagt af mönnum, sem hafa ferðazt víða í útlöndum og þekkja til þessara svokölluðu tollbrauta, að þar sé þess jafnan gætt, að menn eigi val á því að nota dýra og steypta vegi og þá greiða af notkun þeirra eitthvert hóflegt umferðargjald eða nota heldur eldri og verri vegina, en losna þá við að greiða umferðargjaldið. Þessu hefði verið hægt að koma við hér á Reykjanesbrautinni auðveldlega með því að staðsetja tollskýlið á öðrum stað en gert var.

Ég sé svo ekki, herra forseti, ástæðu til þess á þessu stigi málsins að orðlengja þetta öllu frekar. Ég legg til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það frv., sem hér hefur verið lýst, skýrir sig nú að mestu leyti sjálft og þarf í rauninni ekki mörg orð um það að hafa. Það þarf ekki heldur að spyrja að því, hvers vegna þetta frv. er flutt. Það vita allir hv. þm. um ástæðuna fyrir því, hvers vegna það er flutt, og hún er allt önnur en sagt er í grg. Það, sem lagt er til með þessu frv., er það, að felld verði niður heimild, sem felst í 95. gr. vegal., heimildin fyrir samgmrh. um það að ákveða vegaskatt á einstökum vegum eða brúm. Hv. flm. vill, að þetta vald verði flutt til Alþ., eins og hann orðar það, og vegaskattur hverju sinni verði ákveðinn af Alþ. Valdið er vitanlega hjá Alþ., eins og vegal. eru nú, um það, hvort vegaskattur skuli á lagður eða ekki. Valdið er líka hjá Alþ. að afnema heimild, sem ráðh. hefur samkv. l., ef það sýnir sig, að sú heimild hefur verið misnotuð.

Það er rangt, sem hv. flm. sagði hér áðan, að reynslan hefði sýnt, að það væri óhyggilegt að fela ráðh. þetta vald. Reynslan hefur ekki sýnt það enn. Þetta gjald, sem nú hefur verið ákveðið á Reykjanesbraut, er að flestra dómi sanngjarnt. Það var fyrst í stað gerður talsverður úlfaþytur út af því, hversu hátt þetta gjald væri. Þessar óánægjuraddir eru að þagna, þótt hv. flm. þessa frv. reyni vissulega að halda þeim við. Gjaldið á minni bílum, 4, 5 og 6 manna bílum, er að áliti allra eðlilegt og bílstjórarnir mjög ánægðir með að borga gjaldið og eiga þses kost að fara góða veginn Gjaldið á bifreiðar upp að 5 tonnum er einnig af öllum talið eðlilegt, og bílstjórar á bifreiðum miðað við þá stærð segja ekki lengur neitt. Stjórn landssambands bifreiðastjóra hefur komið að máli við mig og talið, að gjaldið á hinum stærri bílum væri of hátt. Þeir hafa sagt það. Ég hef beðið þá um að rökstyðja það. Stjórn landssambandsins hefur sent mér grg., þar sem þeir leitast við að rökstyðja skoðanir sínar. Ég hef sagt við þá, að það væri sjálfsagt að kanna þetta mál frekar, hvort þeir hefðu rök að mæla, og þeir skyldu fá grg. um þetta mál, sem annaðhvort afsannaði það, sem þeir halda fram, eða þá að yrði tekið til greina að einhverju leyti það, sem þeir færu fram á. Mér finnst skylt að færa sterk rök fyrir því, að vörubílstjórar séu ekki hlunnfarnir, ef gjaldið á að vera óbreytt. Stjórn landssambandsins hefur orðið ánægð með viðræðurnar á þessum grundvelli, og hún veit, að það verður gefin grg. um málið, sem þeir eiga kost á að fá og mótmæla þá eða koma með ný rök á móti, ef þeim finnst, að það geti ekki staðizt, sem þar verður haldið fram. Að þessu leyti má sjá, að málið horfir allt öðruvísi við en hv. flm. þessa frv. vill halda fram.

Hv. flm. leyfði sér að fullyrða, að skatturinn hafi verið á lagður af handahófi, enda þótt hann skorti öll rök þar til og enda þótt þeir, sem óánægðastir voru í byrjun, bíði rólegir eftir úrskurði og sönnunargögnum í þessu máli. Stjórn landssambands vörubílstjóra hefur ekki verið með neinar öfgar eða ólæti út af þessu máli. Þeir vilja aðeins sannfærast um það, hvort það er sanngjarnt, sem þeim er gert að greiða, og ef þeir sannfærast um það, þá greiða þeir það möglunarlaust. Ef það er unnt að leggja spil á borðið, sem sannfæra menn í þessu máli, og eitthvað er, sem þarf að leiðrétta, þá vitanlega verður það gert. En það verður ekki frekar gert með því að flytja ótímabært frv., sem er byggt á skökkum forsendum.

Ein forsendan fyrir því, að reynslan hafi sýnt, að það væri óheyrilegt að láta ráðherra hafa þetta vald, er sú, að áliti flm., að það sé með öllu óvíst, hvort vegagjald verði seinna meir lagt á þá vegi, sem verða með varanlegu slitlagi. Væri nú ekki ástæða til að doka við með flutning frv. eins og þessa, þar til það kæmi á daginn, að það ætti að gera eitthvað, sem væri ekki eðlilegt og sjálfsagt miðað við þær aðstæður, sem þá væru? En því er svo varið, og því er nú verr, að Reykjanesbrautin er í dag eini vegurinn með varanlegu slitlagi, eini vegurinn, sem til mála kemur að leggja umferðargjald á. Ég býst við, að ýmsir landsmenn væru þakklátir, ef þeir mættu greiða vegagjald fyrir það að eiga nú þegar jafnágætan veg og Reykjanesbrautina. En þegar við höfum lagt aðra vegi með varanlegu slitlagi, verður vitanlega að meta ástæðurnar, sem þá eru fyrir hendi: Var þessi vegur lagður fyrir lánsfé eins og Reykjanesbrautin? Var hann lagður á skömmum tíma eða á mörgum árum? Og hvað er með umferðarmagnið á þessum vegi? Og ef sá ráðh. sem þá fer með vegamálin, er í vafa um, hvað beri að gera við þann veg eða þá vegi, þá er það vitanlega Alþingis að grípa inn í, t. d. með flutningi frv., sem tæki valdið af ráðh. En það er með öllu rangt, að reynslan hafi nú sýnt, að það sé ekki eðlilegt að hafa valdið hjá ráðh.

Hv. flm. kemur með sleggjudóma og segir, að gjaldið mætti vera helmingi lægra, með því væri hægt að greiða veginn upp á 20 árum. Hann gleymdi að vísu að geta þess, hvaða vextir ættu að vera af láninu. Hann gleymdi að geta þess, að kannske væri ekki svo auðvelt að fá 20 ára lán út á vegina, eða það þyrfti að taka

lán til þess að leggja fleiri vegi. Og hann gleymdi að geta þess, að það er gert ráð fyrir því, að frá vegasjóði verði árlega teknar 7.1 millj. kr. til Reykjanesbrautar og það hefði þurft að vera með í dæminu, til þess að vegurinn greiddist upp á 20 árum með helmingi lægra gjaldi, jafnvel þó að vextirnir hefðu verið lágir. Til viðbótar því þykir hv. þm. illa á málunum haldið, að gamla veginum skuli ekki vera við haldið líka og þeim, sem fara til Suðurnesja og þaðan, skuli ekki gefast kostur á því að hafa tvo vegi. Hann minnir á, að víða erlendis geti menn haft val, farið steyptan veg eða malbikaðan eða malarveg. Þetta er rétt, það er víða erlendis. En það er nú víða erlendis, sem er meira fjármagn og meiri umferð heldur en hér, og það væri til lítils að segja við Suðurnesjamen: Þarna er gamli vegurinn. Gerið þið svo vel að fara hann, — ef það væri látið undir höfuð leggjast að halda honum við. Vitanlega meinar hv. þm., að það bæri einnig, þrátt fyrir steypta veginn þarna suður eftir, að láta nokkrar millj. í viðhald á gamla veginum jafnhliða. En hv. þm. verður að gera sér grein fyrir því, að það eru takmörk fyrir öllu, líka því, hverju er hægt að veifa framan í kjósendur, og ég gæti bezt trúað því, að Suðurnesjabúar fái velgju af þessum málflutningi hv. þm. Og þótt þessi hv. þm. tali hér í dag eins og það séu ekki aðrir búsettir í landinu en þeir, sem þurfa að fara þennan veg, þá veit ég, að þeir, sem búa á Suðurnesjum, gera sér alveg fyllilega grein fyrir því, að það þarf víðar að leggja vegi en þar.

Ég sagði áðan, að það mundu allir eða flestir hv. þm. vita um hina raunverulegu ástæðu fyrir flutningi frv. Ef hv. þm. er sjálfur í vafa um það, hver er hin raunverulega ástæða, þá er velkomið að upplýsa hann um það á seinna stigi málsins.

Hv. þm. talaði hér um það áður, að því hefði verið lofað að stilla gjaldinu í hóf og það hefði verið talað um það, að þeir, sem borga gjaldið, muni jafnhliða spara fé með því að fara þennan góða veg. Og það hefur ekki verið hrakið, að svo er. Gjaldinu hefur verið stillt svo í hóf, að útreikningar sýna, að það sparast jafnvel helmingur við það að fara þennan veg, miðað við það að fara vondan malarveg, í sliti á ökutækjum, varahlutakaupum og benzíneyðslu. Og síðast, en ekki sízt, er talsverður sparnaður í því, að vegurinn hefur stytzt um 3 km. Vegurinn yfir Strandarheiði hefur stytzt um 2 km, en þegar krókarnir eru dregnir frá á gamla veginum, þá verður heildarstytting 3 km. Þetta nemur 6% í sparnaði, aðeins vegalengdin ein. Þá sparast einnig tími, en um þetta þýðir sjálfsagt ekkert að rökræða við hv. flm. Þetta er nokkuð, sem honum kemur ekkert við, og þetta er nokkuð, sem hann vildi helzt halda leyndu fyrir íbúum Suðurnesja. En áreiðanlega uppgötva þeir það með öðrum hætti, og ég hef talað við marga íbúa Suðurnesja, síðan vegurinn var tekinn í notkun, og þeir hafa gert sér grein fyrir því, að vegatollurinn er sanngjarn, að það borgar sig að greiða þennan toll, og það verður talsverður sparnaður, þótt þeir rengi það, að hann sé eins mikill og tollupphæðin við það að fara steypta veginn. Það eru aðeins vörubílstjórarnir á stóru bílunum, sem eru ekki enn orðnir sannfærðir, enda eiga þeir inni að fá ýtarlegri grg. frá vegamálastjórninni heldur en þeir hafa enn í höndum.

Um Vatnsleysustrandarbúa er ekkert að segja annað en það, að ég efast um, að þeir hafi beðið þennan hv. þm. um að kvarta fyrir sig. Ég efast um það. Og mér þætti gott að vita um nafn eða nöfn á þeim mönnum, sem hafa snúið sér til þessa hv. þm. með óánægju út af þeirri framkvæmd, sem vegamálastjórnin hefur ákveðið. (Gripið fram í.) Hvað á að gera við þá? Ég efast fyllilega um það, og ég hef ekki hitt þann Vatnsleysustrandarbúa, sem telur, að hann hafi verið ósanngirni beittur. Hitt er svo annað mál, að þeir vildu á sínum tíma, á meðan verið var að ákveða lagningu vegarins, að steypti vegurinn lægi með byggðinni. En þeir hafa séð það síðan, eins og vitanlega alltaf var hægt að sjá frá því fyrsta, að það var útilokað annað en fara styztu leiðina með þennan dýra veg. Og það vill til, að á Vatnsleysuströndinni eru sanngjarnir menn, sem geta metið hlutina á réttan hátt. Og hv. flm. þessa frv. ætti að gera sér grein fyrir því, að íbúar Suðurnesja láta ekki æsa sig upp, — þeir láta ekki æsa sig upp, eftir að þeir hafa kynnt sér málin af eigin raun. Og nú er svo komið, að þrátt fyrir tilraunir þessa þm. til þess að skapa óánægju, til að skapa sér atkv. út á óánægju, þá eru þessar óánægjuraddir, sem hv. þm. hefur bundið vonir sínar við, að þagna.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta frv. að svo stöddu. Ég tel um þær forsendur, sem hv. flm. reynir að byggja frv. á, að reynslan hafi sýnt, að það sé óheppilegt, að þetta vald skv. 95. gr. vegalaganna sé hjá ráðherra, hafi alls ekki sýnt sig og þess vegna sé frv. með öllu ótímabært.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Hæstv. samgmrh. hélt hér áðan nokkuð skömmótta ræðu, sem átti að vera svar við þeim tiltölulega fáu orðum, sem ég viðhafði við 1. umr. um frv. það, sem við erum hér að ræða, um breyt. á vegal. Það væri rangt, ef ég segði, að þær upplýsingar og þær röksemdir, sem hann flutti í ræðu sinni, hefðu sannað mér, að það væri rangt, sem ég sagði áðan, að reynslan hefði sýnt, að óheppilegt væri, að valdið til ótakmarkaðrar álagningar vegagjalds á einstaka vegi og einstakar brýr væri í höndum ráðh., en ekki í höndum Alþ. Ég rakti nokkur dæmi þess áðan, að meðferð hæstv. ráðh. á þessu máli, sjálf ákvörðun gjaldsins og þau viðbrögð, sem hæstv. ráðh. hefur viðhaft á þingi varðandi ýmsar fsp., sem fyrir hann hafa verið lagðar í umr. um þetta mál, allt hafi þetta sýnt, að sú fullyrðing mín hér áðan, að óheppilegt sé, að ráðh. hafi með þetta vald einn að gera, sé rétt.

Ég vék að því örfáum orðum áðan, að ég hefði talið það fyrsta verkið, sem hæstv. ráðh. hefði átt að vinna, áður en hann notaði þessa heimild, að setja almennar reglur og tilkynna almenningi um, hvernig hann hygðist nota þessa heimild. Reynslan, eftir að tilkynningin um um-

ferðargjaldið á Reykjanesbraut var ákveðið og tilkynnt þjóðinni, bendir eindregið til þess, að nauðsynlegt hafi verið að hafa þennan vinnumáta á. Í umr. bæði hér á þingi og eins utan þings og í skrifum fjölmargra blaða hefur sú tortryggni verið látin í ljós af fjölmörgum mönnum úr öllum flokkum, að þeir teldu, að margt bendi til þess, að Reykjanesbrautin verði í framtíðinni eini tollvegurinn á Íslandi, og lái hver hv. alþm. Suðurnesjabúum, sem þurfa að nota þennan veg sumir hverjir oft á dag, þótt þeir geti illa sætt sig við að verða að greiða umferðargjald af notkun þessa vegar umfram það, sem verða kann um notendur annarra dýrra vega í landinu, sem verða lagðir í framtíðinni fyrir lánsfé. Ég lái þeim það ekki.

Hæstv. ráðh. *hélt því fram, að vegaskatturinn* væri sanngjarn, upphæð vegaskattsins væri sanngjörn, og þær raddir, sem í upphafi heyrzt um, að hann væri óhæfilega hár, væru nú óðum að þagna. Ekki kannast ég við þetta, og reynsla *mín er þvert á móti. Mér þætti gaman*, að hæstv. ráðh. benti á, hverjar þær raddir eru, sem hafa heyrzt hingað til um, að gjaldið sé allt of hátt, og hverjar þær raddir séu, sem hafa þagnað. Ég þekki enga einustu, enda er sannleikurinn sá, að þær umr., sem urðu hér á hv. Alþ., þegar vegal. voru samþ. í árslok 1963, og þá ekki sízt ummæli hæstv. ráðh. sjálfs, gáfu fyllsta tilefni til þess að ætla, að veggjaldið, ef það yrði tilkynnt, yrði mjög hóflegt. Hæstv. ráðh. sagði þannig, með leyfi hæstv. forseta, í umr. í Ed. 20. des. 1963 um vegalagafrv.:

„Í tilefni af þessu vil ég taka fram, að þessi heimild var sett hér inn vegna þess, að til tals hefur komið að taka vegtoll af Keflavíkurvegi, þegar hann er fullgerður, helzt það háan, að það gæti staðið undir vöxtum af því láni, sem til vegarins hefur verið og verður tekið. Ég vil þó upplýsa það, að ákvörðun hefur ekki verið tekin um þetta og þá vitanlega miklu síður, hversu hár þessi tollur verður, ef hann verður lagður á.“

Þetta eru þau orð, sem hæstv. ráðh. viðhafði á Alþ. við síðustu umr. vegalagafrv. í síðari deild, 20. des. 1963. Hins vegar er ljóst í dag, að vegtollurinn er ákveðinn svo hár, að það er ekki einasta reiknað með því, að hann greiði vextina af láninu, heldur hefur sjálfur ráðh. upplýst það í umr., sem urðu í þinginu fyrir nokkrum vikum, að vegtollurinn sé svo hár, að hann nægi til þess að greiða öll stofnlán af veginum á 12—13 árum, *bæði afborganir og vexti* og vaxtavexti. Ég hélt því fram og hæstv. ráðh. sannfærði mig ekki um, að það væri rangt hjá mér, að upphæð vegaskattsins væri ákveðin af handahófi. Hér á hv. Alþ. og í blöðum landsins *og í umr. hefur maður gengið undir manns hönd* og spurt hæstv. ráðh. að því, hvernig veggjaldið sjálft sé fundið, á hvaða forsendum það sé byggt, hvernig það sé reiknað út. Þau einustu svör, sem hæstv. ráðh. hefur gefið við öllum *þessum spurningum, eru þau, að í reglugerð*inni frá rn. hans segir, að veggjaldið sé við það miðað að ná um helmingi þess sparnaðar, sem hinum einstöku bifreiðaeigendum, sem nota þessa braut, sparast við að nota hinn nýja veg. En nú sjá allir, að þetta getur ekki verið rétt.

Því hefur verið haldið fram í umr. og ekki verið mótmælt af hæstv. ráðh., að helmingur sparnaðar bifreiða í þeim flokknum, sem hæst greiðir gjaldið, þ. e. a. s. 300 kr. flokknum, væri ekki 300 kr., heldur 37.50 kr. Þessu hélt hv. þm. Ingi R. Helgason fram í umr. hér á þingi, og hæstv. ráðh. mótmælti þessu ekki sérstaklega. Þá gefur það auga leið, að ef það á að vera rétt, sem sagt er í tilkynningu samgmrn., að skatturinn sé við það miðaður að ná um helmingi þess sparnaðar, sem verður við að aka á hinum nýja vegi, frá því, sem var á hinum gamla vegi, er ljóst, að sparnaður eigenda stærstu bifreiðanna getur ekki verið 7.5 sinnum meiri en *sparnaður þeirra, sem eiga minnstu bifreiðarnar*. Það er alveg ljóst, að á benzínkostnaði stóru bifreiðarinnar á móti smærri bifreiðinni sparast ekki 7.5 sinnum meira. Það sparast ekki heldur 7.5 sinnum meira á þeim tíma, sem bifreiðastjóri á stóru bifreiðinni notar til þess að aka Reykjanesbrautina, umfram það, sem tekur bifreiðaeigandann á minni bifreiðinni. Og þannig mætti telja ótal dæmi, sem sýna það öllum, sem vilja skoða þetta mál ofan í kjölinn, að þessar staðhæfingar um útreikninginn á sjálfu gjaldinu byggjast allar meira og minna á mjög ótraustum grunni. Þar til ráðh. upplýsir betur um þetta en hann hefur gert til þessa, vil ég halda við þá staðhæfingu mína, að ákvörðun gjaldsins og skipting þess á hinar einstöku bílategundir sé gerð af handahófi.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það hefði verið nær fyrir mig að doka með það að flytja frv. sem þetta, þar til sýnt yrði, hvernig færi um aðra nýja og dýra vegi, sem gerðir kynnu að verða í framtíðinni með varanlegu slitlagi. Þessu vil ég aðeins svara með því að segja, að enginn ræður sínum næturstað, og það er að sjálfsögðu allsendis óvíst, hvað ég sit lengi á þingi og hversu lengi ég á kost á að flytja hér frv. En það er ekki aðalatriði þessa máls. Hitt er aðalatriðið, sem ég hef ítrekað spurt hæstv. ráðh. að og fleiri, hverjar séu þær reglur, sem hæstv. ráðh. ætlar að fara eftir við ákvörðun um það, hvort beita skuli umferðargjaldi á einstaka vegi. Um það hlýtur hann að hafa gert sér einhverjar hugmyndir. Telur hann eðlilegt að leggja umferðargjald t. d. á allar hraðbrautir, sem kunna að verða lagðar í framtíðinni og þarf að taka lánsfé til? Það er einföld regla, sem ráðh. getur svarað, hvort hann aðhyllist, með *einu já*i eða neii.

Hv. alþm. vita allir, hvað átt er við, þegar talað er um hraðbrautir. Það eru sérstakar brautir, þar sem bílaumferðin verður yfir 1000 bíla *á dag á næstu 10 árum*. Ég endurtek því enn einu sinni spurninguna: Aðhyllist ráðh. þá skoðun, að beita beri vegaskatti við gerð allra hraðbrauta, sem kunna að verða lagðar í framtíðinni og þarf að taka lánsfé til þess að leggja?

Hæstv. ráðh. *sá enn fremur ástæðu til þess* að reyna að gera tortryggilegan þann útreikning minn, sem ég viðhafði hér áðan, þegar ég sagði, að eftir þeim upplýsingum, sem hann hefði gefið

og komnar væru fram í umr. um þetta mál á þingi, væri hægt að greiða öll stofnlán ásamt vöxtum og vaxtavöxtum af þeim lánum, sem tekin hafa verið vegna vegagerðar á Reykjanesbraut, á 20 árum, þó að gjaldið af vörubifreiðum í þrem gjaldahæstu flokkunum væri haft helmingi lægra en það er og gjaldið í tveim gjaldalægstu flokkunum væri fjórðungi lægra en þar er ákveðið. Ég held þó, ef miðað er við þær upplýsingar, sem ég vék hér að áðan og hæstv. ráðh. hefur sjálfur gefið, að öll stofnlán á veginum verði hægt að greiða á 12—13 árum, að allir hv. alþm. hljóti að sjá, að það, sem ég held fram um þetta, geti ekki verið mjög fjarri lagi, sem sagt, það væri hægt að greiða stofnlán vegna Reykjanesbrautar á 20 árum, sem er áætlaður endingartími steypts vegar án viðhalds, þótt gjaldið í þrem hæstu flokkunum væri helmingi lægra og fjórðungi lægra í tveim lægstu. Hitt er að sjálfsögðu bara bókhaldsatriði, hvort ríkissjóður þarf að borga fyrstu árin, meðan umferðin er minni, eitthvað til viðbótar því, sem vegaskatturinn kann að gefa, til þess að eiga nóg í árlegar greiðslur vaxta og afborgana af lánunum. Þótt svo kunni að verða, er hitt staðreynd, að á síðara hluta tímabils hinna 20 ára gerir vegaskatturinn meira en að standa undir greiðslum afborgana og vaxta af lánunum og væri hægt að jafna þar á milli vegasjóðsins og ríkissjóðsins.

Hæstv. ráðh. minntist enn fremur á viðhaldið á gamla Suðurnesjaveginum. Hann ræddi um það þannig, að ég hef fyllstu ástæðu til að ætla, að hann sé búinn að gleyma því, að þegar deilurnar urðu fyrir 1—2 árum um staðsetningu vegarins, hvort hann ætti að liggja þannig, að hann fylgdi nokkurn veginn legu gamla vegarins og lægi meðfram byggðinni, eða færast upp og fara yfir Strandarheiðina, sem endanlega var ákveðið, þá lofaði hæstv. ráðh. Strandarmönnum því í nafni ríkisstj. og sennilega í fullu samráði við samráðh. sína, að ríkissjóður skyldi halda gamla veginum við. Ég vil minna hann á þetta, hafi hann gleymt því.

Enn fremur sagði hæstv. ráðh., að það þyrfti víðar að leggja vegi en á Suðurnesjum. Þetta vissu fleiri, og mótmæli Suðurnesjabúa gegn umferðargjaldinu hafa aldrei verið byggð á þeim forsendum, að þeir vildu skorast undan því að greiða að sínum hluta framlög til vegagerðar í landinu, bæði fyrir sjálfa sig og aðra, frekar en til annarra þjóðfélagsþarfa. Þvert á móti, þeir hafa alltaf undirstrikað og ég hef undirstrikað það á þeim fundum, sem ég hef verið á og þessi mál rædd, að slíkt væri ekki nema sjálfsagt og eðlilegt, að þeir gerðu. Hins vegar halda Suðurnesjamenn því fram, og undir það tek ég, að þeir hafi sannarlega á undanförnum árum greitt mjög stórar fúlgur til vegagerðar í landinu, en hins vegar notið mjög lítils af því vegna eigin vega. Þeir telja þess vegna, að þeir séu búnir að borga að verulegu leyti þann dýra veg, sem Reykjanesbrautin er. Ég hygg enn fremur, að frá þeim mundu ekki heyrast mótmæli gegn umferðargjaldinu, væri það hóflega ákveðið og fengin fyrir því full vissa, að það yrði lagt á notendur annarra vega, sem sambærilegir væru, eins og t. d. endurbyggður Austurvegur, sem ég hef spurt ráðh. sérstaklega að, hvort leggja bæri umferðargjald á umferðina þar að honum endurbyggðum. En ráðh. hefur neitað að svara mér, sagt, að það yrði metið, þegar þar að kæmi.

Ég vil líka upplýsa hæstv. ráðh. um, af því að hann spurði um það alveg sérstaklega, að til mín hafa leitað fleiri en einn og fleiri en tveir íbúar í Vatnsleysustrandarhreppi og kvartað undan því óréttlæti, að þeir þyrftu, þó að þeir ækju ekki nema 100—200 m af veginum til síns heimilis, að greiða sama umferðargjald og sá, sem ekur veginn allan á enda. Út af fyrir sig sýnir það, að hæstv. ráðh. skuli láta sér detta í hug að setja slíkar reglur, þar sem á að lögbjóða slíkt ranglæti, hversu lélegur undirbúningurinn undir ákvörðun vegagjaldsins er. (**Gripið fram í**: Hvað greiða Vatnsleysustrandarbúar til Keflavíkur?) Sama.

Ég þykist með því, sem ég hef hér sagt, sýna fram á, að það er á engan hátt ofsagt hjá mér, þegar ég held því fram, að reynslan hafi sýnt, að óheppilegt sé, að valdið til álagningar umferðargjalds, sem nemur þegar tugum millj. kr. og fer hraðvaxandi, þannig að ef þetta stendur áfram nokkra áratugi enn, fer það að gefa í vegasjóðinn um hundruð millj. kr., sé hjá ráðherra. Ég tel ekki óeðlilegt, að þegar reynslan sýnir, að þetta sé óheppilegt, þá sé breytt til um fyrirkomulag, að valdið til þess að ákveða umferðargjaldið verði fært inn í Alþ. og tekið af hæstv. ráðh. Ég tel þetta eðlilegt, og vegna þess er frv. flutt.

Ég get svo ekki annað en brosað, þegar hæstv. ráðh. heldur því fram, að það sé ofboðslega ljótt af mér að reyna að vinna atkv., ef ég get gert það, um leið og ég berst á móti röngu máli. Ég hefði nú hingað til haldið, að hæstv. ráðh. hefði vissar tilhneigingar til þess að vinna fyrir sjálfan sig atkv., ef hann getur, og ekki sízt ef hann gæti gert það með því að berjast gegn augljósu ranglæti.

Ég vil svo láta það verða seinustu orð mín við þessa umr., nema eitthvað frekara tilefni gefist til, að spyrja enn þá einu sinni að því, sérstaklega vegna þess, að ég sé, að því er haldið fram í grein í Morgunblaðinu, sem skrifað er af Páli Kolka lækni, s. l. sunnudag, að Suðurnesjamenn hafi sjálfir samið um að greiða þetta vegagjald, og í greininni leggur læknirinn þeim það út til verri vegar, að þeir hafi svikið þann samning, þó að hann hafi ekki verið þinglesinn, eins og hann orðar það, að ég held. Að gefnu þessu tilefni og vegna þess, að fram að þessu hefur hæstv. ráðh. ekki viljað upplýsa, við hvaða aðila á Suðurnesjum samið hafi verið um þetta gjald, leyfi ég mér við þetta tækifæri að spyrja hæstv. ráðh.: Hvaða aðilar á Suðurnesjum voru það, sem sömdu við hann um greiðslu þessa gjalds? Samdi bæjarstjórn Keflavíkur við hæstv. ráðh. um þetta gjald? Sömdu aðrar sveitarstjórnir á Suðurnesjum um þetta gjald? Sömdu samtök bifreiðastjóra á Suðurnesjum við hæstv. ráðh. um þetta gjald? Sömdu einhverjir af þm. Reykn. við hæstv. ráðh. um þetta gjald, hafi þeir þá talið sig hafa umboð til að semja um slíkt fyrir hönd Suðurnesjamanna? Ég geri kröfu til þess, að hæstv. ráðh. svari þessum spurningum, því

að ég segi sem einn af þm. Suðurnesjamanna, að ég kann því illa, að merkir læknar og þekktir menn í þjóðfélaginu, eins og Páll Kolka óneitanlega er, geti viðhaft þær staðhæfingar um brigð af hendi Suðurnesjamanna við gerða samninga eins og hann leyfði sér að hafa um hönd í skrifum sínum í Morgunblaðinu s. l. sunnudag.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú liðinn fundartíminn, en ég þarf ekki langan ræðutíma til þess að svara hv. þm. Hann lagði fyrir mig spurningar, sem auðvelt er að svara og þarf ekki langan tíma.

Hann spyr mig, hvort ég hafi samið við einhverja ákveðna aðila á Suðurnesjum um gjaldið. Hv. þm. veit, að ég hef ekki samið við neina vissa aðila, en ég hef rætt við marga aðila, þ. á m. við hv. 4. þm. Reykn. hef ég oft rætt um gjaldið. Ég hef rætt við hv. 4. þm. Reykn. og marga Suðurnesjamenn um gjaldið, en ekki samið við þá um, hvað gjaldið ætti að vera. Það hef ég ekki gert, en ég hef rætt við þá og alveg eins hv. framsóknarmenn og aðra, þannig að hv. framsóknarþm. kemur þetta ekkert á óvart. Og eitt er víst, að daginn áður en reglugerðin var birt, sagði Tíminn frá því, hvert gjaldið ætti að vera, en það var allmiklu hærra en reglugerðin ákvað, þannig að ég geri ráð fyrir því, að þótt gjaldið hefði verið ákveðið allmiklu lægra, hefði hv. 4. þm. Reykn. samt komið og sagt, að það væri of hátt, vegna þess að það var fyrir fram ákveðið að reyna að nota þetta mál til pólitísks framdráttar fyrir þennan hv. þm.

Ég kem aftur að því, hvers vegna þetta frv. var flutt. Það var flutt vegna þess, að hv. 4. þm. Reykn. talaði af sér á fundinum í Keflavík, að hans flokksmenn sögðu. Þeir sögðu, að hann hefði talað af sér með því að viðurkenna, að það væri réttlátt að leggja gjald á umferðina á Keflavíkurvegi. Fyrir þetta fékk hv. þm. bágt. Þess vegna hefur hv. þm. verið að sprikla, skrifa og flytja till., sem auðkennast af því, að taugarnar hafi bilað. Þetta er ástæðan, síðan að reyna að gera sig góðan í augum kjósenda með þessum hætti. En eins og ég sagði áðan, eru Suðurnesjamenn sem betur fer þannig, að þeir sjá, hvað þetta er kómískt á margan hátt.

Hv. þm. segir, að gjaldið sé óhóflega hátt. Hann vitnaði í ræðu, sem ég hafði haldið í sambandi við afgreiðslu vegal. 1963, þar hafi ég talað um, að gjaldið ætti að vera hóflegt, það yrði tekið gjald, sem miðaðist við að borga vexti af þeim skuldum, sem á veginn gætu hlaðizt. Ég man þetta ekki orðrétt, og það þarf að skoða samhengið. En jafnvel þó að þetta væri svona, eins og þm. las upp, verð ég að segja það, að ég hef ekki staðið við orð mín að öllu leyti hvað þetta snertir, vegna þess að gjaldheimtan borgar ekki vexti af þeim skuldum, sem á veginum hvíla. Það er gert ráð fyrir, að tekjurnar af gjaldinu verði 12—14 millj. kr. á ári, og af því þarf að borga kostnaðinn, sem getur orðið 1 millj. eða rúmlega það. Vegurinn kostaði 260—270 millj. kr., og eru 90% af þessum kostnaði í skuld. Af því getur hv. þm. séð, að gjaldið borgar ekki vexti. Það þyrfti að vera allmiklu hærra til þess að borga vextina fyrstu árin. En með því að gjaldið væri óbreytt í 15 ár, með því að umferðin aukist á Keflavíkurveginum, eins og reikna mætti með með sömu þróun og verið hefur, og með því að vegasjóður borgi 7.1 millj. kr. á ári, mætti búast við því, að skuldin greiddist upp á 15 árum, eins og ég sagði hér fyrir nokkrum dögum. En fyrstu árin, 12—13 árin, það er 1965 nú, — og sagði ég ekki 1979—1980? — en fyrstu árin borgar gjaldheimtan ekki vextina af því, sem á veginum hvílir. Nú er náttúrlega með þessa reglugerð, sem gefin var út núna í októbermánuði, ég geri ráð fyrir því, að það væri fært að endurskoða hana einhvern tíma á þessu tímabili, og það hefur ekki hvarflað að mér, að hún væri svo vel úr garði gerð, að það kæmi alls ekki til mála eftir vissan tíma að endurskoða reglugerðina, þannig að það mætti segja, að gjaldinu á veginum væri stillt í hóf, ekki aðeins á árunum 1965 og 1966, heldur þó að seinna væri skoðað. Þetta fyndist mér geta komið til mála. En það er eftirtektarvert, að þegar hv. þm. er að reikna þetta dæmi, sleppir hann alltaf því, sem vegasjóður er látinn greiða.

Hv. þm. ber alltaf fyrir brjósti stærstu bifreiðarnar og segist ekki skilja í því, hvernig það geti verið, að þær spari svo miklu meira en litlu bifreiðarnar. En eins og ég sagði áðan, kemur grg. til stjórnar landssambands vörubifreiðastjóra um þetta, þannig að hún verður annaðhvort að sannfæra þá, sem efast um það, að þetta sé réttlátt, eða þá það verði tekið eitthvað til greina, sem þeir segja, þ. e. a. s. sannfæra þá, sem vilja taka rökum í málinu.

Hv. þm. spyr enn, hvaða reglur það séu, sem eigi að gilda í framtíðinni um skattlagningu vega, og vill fá það afdráttarlaust upplýst hjá mér. Það er eins og hann geri ráð fyrir því, að ég eigi um langa hrið að stjórna þessum málum, og ég þakka honum nú fyrir það traust og það álit, sem hann hefur á mér í því efni. Það var öðru máli að gegna hér áðan, þegar hann efaðist um það, að hann gæti sjálfur átt lengi sæti á Alþ. Ég ætla engu að spá um það, hvorki það, að þessi þm. hverfi fljótt af Alþ., um það veit ég ekkert, það getur vel verið, að hann verði lengi, og ég ætla heldur ekkert að segja um það eða spá, hversu lengi ég gegni því starfi, sem ég nú geri. En ég vil bara endurtaka það, sem ég hef sagt hér áður, að það hlýtur að verða metið miðað við þær ástæður, sem gilda hverju sinni, hvort gjald verður lagt á hraðbrautir. Og það er ekki tímabært að taka afgilda ákvörðun um það í dag fyrir alla framtíðina. Það er svo margt, sem þar kemur til greina. Það er umferðin, það er það, hvað mikið hvílir á veginum af lánum, og það er það, hversu langan tíma það tekur að leggja þessa vegi og gera þá. Það hlýtur allt að koma til álita og athugunar. En við skulum vona, að sanngirni verði látin ráða hverju sinni við þá ákvörðun, sem tekin verður í þessum efnum. Og víst er það, að ekki hef ég áhuga á því að níðast á Suðurnesjabúum á neinn hátt. Ég vil sannarlega, að þeirra hlutur sé ekki fyrir borð borinn á einn eða annan hátt, enda held ég, að þeir, sem vilja tala um þessi mál af sanngirni og alvöru, beri mér það ekki á brýn.

Umr. frestað.

Á 19. fundi í Nd., 18. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til samgmn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

18. Áætlunarráð ríkisins.

Á 13. fundi í Sþ., 24. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um áætlunarráð ríkisins [77. mál] (þmfrv., A. 93).

Á 24., 25. og 27. fundi í Nd., 30. nóv., 6. og 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., 10. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég þarf nú ekki að skýra þetta frv. í löngu máli. Hv. þm. þekkja það, það er búið að flytja það svo oft. En það er eitt, sem ég vildi í sambandi við þetta frv. gera nú, ég vildi beina þeirri fsp. til hæstv. viðskmrh., ef hann mætti heyra mál mitt, af því að hann ætti að vera sá í ríkisstj., sem ætti að vera kunnugastur því, hvernig á að vinna að áætlunum, og ég vildi biðja ríkisstj. alvarlega að athuga þetta mál, vegna þess að það er talað ákaflega mikið um áætlanir nú og það er verið að gera heilmargar áætlanir, en það, sem vantar í, og það, sem gerir allar áætlanir ónýtar, er, að það vantar heildaráætlun um það, sem á að gera. Það er búið að taka ákvarðanir nú og hæstv. ríkisstj. hefur hvað eftir annað lagt hér fram áætlanir fyrir okkur, ekki sízt um þær framkvæmdir, sem snerta ríkisbúskapinn. Og ég man eftir, að fyrir nokkrum árum, þegar ég lagði þetta frv. þá fyrir, kvaddi hæstv. viðskmrh. sér hljóðs og sagði frá því, að ég væri nokkuð seinn með þetta, ríkisstj. væri nú búin að ákveða að framkvæma þetta og áætlanagerð væri eitt höfuðstefnumál ríkisstj. Og hvernig hefur reynslan orðið af þeim áætlunum, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert? Jú, það hafa verið gerðar eins árs áætlanir um skólabyggingar, um sjúkrahúsabyggingar og annað slíkt. Það hafa verið gerðar, ef ég man rétt, 10 ára áætlanir um túnrækt og rafveitur, um hafnarbyggingar o. s. frv. og farið er að gera vegáætlanir nú, en það er engin heildaráætlun til um það, sem þjóðin ætlar sér að framkvæma, hvort heldur það er á sviði ríkisframkvæmdanna eða það er á sviði einstaklingsframtaksins. Þessi vinnubrögð eru álíka og t. d. ef maður ætlaði að byggja 12 hæða hús og hefði neðstu hæðina hæfilega að stærð og léti svo nokkurn veginn hvern sem ætti að byggja hæðirnar ofan á ráða því, hve stórar þær yrðu, og þær mættu standa heilmikið út af þeirri neðstu, ef svo vildi verkast, og jafnvel þeir, sem einna hæst stæðu í stiganum, við skulum segja t. d. ef heildsalarnir ættu að byggja eina hæðina, mætti hún vera margfalt stærri að ummáli en grunnurinn, og það gerði sem sé ekkert til, þótt hún brotnaði niður á eftir, vegna þess að það væri ekkert, sem hún gæti stuðzt við.

Þessar aðferðir, að vera að tala um áætlanir, gera eins árs áætlanir eða 10 ára áætlanir og annað slíkt um einhvern lítinn þátt úr allri þjóðfélagsbygginguni, það eru vinnubrögð, sem sæma Bakkabræðrum, en ekki lærðum hagfræðingum eða ríkisstj. Með þessu móti kemur það á daginn, eins og kom á daginn hjá ríkisstj. núna, að rétt eftir að hún er búin að leggja áætlun fyrir Alþ., búin að fá staðfesta áætlun um skólabyggingar, sjúkrahúsabyggingar og annað slíkt í sambandi við fjárl., kemur ríkisstj. og segir: Mér er ómögulegt að framkvæma þessa áætlun, viljið þið gera svo vel og gefa mér heimild til þess að skera það niður um 20%. — Og af hverju kemur hæstv. ríkisstj. og segir þetta? Vegna þess að meginið af öllum framkvæmdunum í þjóðfélaginu er ekki háð neinni áætlunargerð, heldur gerir þar hver einstaklingur sína áætlun og framkvæmir eins og honum þóknast. Ef heildsalar vilja byggja inn við Suðurlandsbraut, byggja þeir eins og þeim þóknast, og það á að skera niður spítala, skera niður skóla, svo að almenning vanti þetta hvort tveggja.

Þetta eru engin vinnubrögð, og ef þeir hagfræðingar, sem hæstv. ríkisstj. hefur í sinni þjónustu, hafa ekki lært betur í sínum skólum, er bezt að senda þá út aftur og segja þeim að læra betur. Svona er ekki hægt að stjórna einu þjóðfélagi. (Gripið fram í.) Já, við skulum taka það á fjárl. og reyna að skera það ekki niður um 20% á eftir, reyna að láta áætlunina nokkurn veginn standast. E. t. v. gætum við líka fengið styrk hjá Sameinuðu þjóðunum, þannig að það þyrfti ekki að borga neitt fyrir þetta hérna á Íslandi, því að Sameinuðu þjóðirnar eru mjög velviljaðar í þeim efnum að reyna að kenna tiltölulega frumstæðum ríkisstj., hvernig þær eiga að byggja upp sitt þjóðfélag, þannig að það yrðu vafalaust engin vandræði með að koma þeim út, fyrir utan svo, hve landsbúar mundu verða glaðir, þeir mundu vafalaust aura saman, svo framarlega sem ríkisstj. færi fram á það til að losna við þá af landinu, enda mundi það verða mikil hreinsun.

Ég held þess vegna, að það væri mjög æskilegt, að hæstv. ríkisstj. athugaði nú nokkuð sinn gang og reyndi nú ofur lítið að læra, hvernig fara eigi að því að gera áætlanir, það sé ekki nóg að gera áætlanir fyrir einn einstakan hlut í senn, heldur þurfi að gera áætlanir um þjóðfélagsbygginguna í heild. Satt að segja hefði verið betra, að hæstv. ríkisstj. væri búin að læra þetta, áður en hún leggur út í þessar stóru og miklu framkvæmdir, sem nú eru fyrirhug-

aðar og munu enn einu sinni raska allri þjóðfélagsbyggingunni, þannig að ég býst við, að það sé ekki langt þangað til hæstv. ríkisstj. komi og fari að heimta innflutning á erlendu verkafólki.

Það eru þrjár höfuðgreinar, sem ég vildi vekja sérstaka athygli á í þessu frv. Það er 1. gr. um það 9 manna ráð, sem á að vera áætlunarráð ríkisins, þar sem eru bæði fulltrúar stjórnmálaflokkanna og helztu samtök atvinnurekenda, verkamanna og bænda fá sína fulltrúa. Ég álít, að það sé alveg lífsnauðsyn, ef lagt er út í að gera heildaráætlanir, að það sé tryggt, að það sé tiltölulega hlutlaust ráð, sem ráðstafar slíku, undirbýr það og gerir sínar till. um staðsetningar og annað slíkt. Það er vitanlegt, að t. d. áætlunargerð á einhverju takmörkuðu sviði, eins og bara í sambandi við fjárlög, gerð eingöngu af ríkisvaldinu, af viðkomandi pólitískri ríkisstj. á hverjum tíma og hennar embættismönnum, getur orðið mjög hlutdræg áætlun, og það er hægt að misbeita pólitísku valdi alveg vægðarlaust í sambandi við þess háttar áætlanir. og ég er dauðhræddur um, að það muni e. t. v. koma á daginn. Það er þess vegna nauðsynlegt, að þegar verið er að vinna að áætlanagerð, sé tekið þar tillit eingöngu til þjóðarhagsmuna og hugsað út frá þeim, en ekki hugsað út frá stundarhagsmunum, t. d. pólitískra flokka í sambandi við kjördæmi og annað þess háttar. Í 5. gr. frv. er svo sérstaklega gengið út frá, að rætt sé við hin sérstöku samtök í landinu til þess að reyna að hafa sem mest samband við fólkið og þess fulltrúa á hinum ýmsu sviðum. Og í 8. gr. er síðan mælt fyrir um, hvernig haga skuli sér, þegar þessari áætlunargerð áætlunarráðs ríkisins er lokið. Þá skal áætlunin send til ríkisstj., og þegar ríkisstj. hefur staðfest hana fyrir sitt leyti, skal hún leggjast fyrir Alþ., þannig að eins árs áætlanir leggist fyrir í sambandi við fjárl., lengri áætlanir, til 5—10 ára, leggist fyrir sem sérstök þáltill., og þegar síðan búið sé að samþykkja þessar ályktanir og áætlanir á Alþ., er ríkisstj. falið að framkvæma þetta, og þá skal Seðlabankinn og allar aðrar stofnanir ríkisins undir yfirstjórn ríkisstj. vinna að því að sjá um framkvæmdina á þessu og öll stjórn á lánsfjármálum og utanríkisviðskiptum þjóðarinnar og afskipti hins opinbera skulu miðuð við þessa framkvæmd. Með þessu móti er áætlunargerð tekin það föstum tökum, að hún verður ekki að tómri vitleysu, sem verður að eyðileggja, strax eftir að búið er að samþykkja hana, eins og verið hefur með þær áætlunargerðir, sem lagðar hafa verið undanfarið. Það er satt að segja til skammar, að á þessari öld áætlananna skuli geta komið fyrir, að áætlanir, sem eru staðfestar í fjárl. ríkisins, skuli vera skornar niður um 20%, rétt eftir að búið er að samþykkja þær á þinginu. Og það er bara vegna þess, að út af skilningsleysi, ef ekki öðru verra, af hálfu hæstv. ríkisstj. eru braskararnir í þjóðfélaginu látnir vera utan við alla áætlunargerð. Þeim er leyft að vera algerlega frjálsir, þeir mega byggja eins og þeir vilja og eins og þeir geta og gera það. Svona er ekki hægt að stjórna efnahag eins þjóðfélags. Þetta er það, sem allar þjóðir, ekki aðeins sósíalistískar, heldur líka kapítalistískar, hafa verið að læra. Það er eiginlega sá dýrmætasti lærdómur, sem dreginn hefur verið af kreppunni miklu, að læra það að forðast slíkt og reyna síðan að sigla fram hjá kreppunni annars vegar og verðbólgunni hins vegar, og það verður ekki gert, ég tala nú ekki um í litlu þjóðfélagi eins og okkar, nema með því, að það sé heildarsýn yfir þetta og heildaráætlanir gerðar fyrir þjóðfélagið. Það á ekkert skylt við þau venjulegu gamaldagshöft, sem hér voru áður, það erum við búin að ræða svo oft um áður, að það fer ég ekki að koma inn á.

Ég vil svo eindregið leyfa mér að mælast til þess, þegar þetta frv. nú er flutt, — ég veit ekki hvað, í 10. eða 15. sinn, — að þetta frv. komi nú aftur til 2. umr. frá þeirri n., sem ég legg til að það fari til. Það er orðin óhjákvæmileg þörf fyrir Ísland á svona áætlunum. og ég held, að þessi áætlunargerð, sem hér er lagt til, sé með þeim breytingum, sem menn kunna að vilja gera þar á, í „prinsipinu“ sú heppilegasta, sem við getum fundið, miðað við okkar þjóðhætti.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. sé þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil aðeins með örfáum orðum láta í ljós, að ég tel ýmsa grundvallarhugsun í þessu frv. vera skynsamlega og þá meginstefnu, sem í því felst, fyllstu athugunar verða og eiga fullan rétt á sér. Á því hefur verið mjög vaxandi skilningur, ekki aðeins hér á Íslandi, heldur í öllum nálægum löndum, að brýna nauðsyn ber til þess, að ríkisvaldið hafi meiri afskipti af efnahagsmálum og stjórn þeirra heldur en réttmætt þótti, a. m. k. í mörgum herbúðum, fyrir 20—30 árum. Og hvarvetna hefur þróunin orðið sú, að ríkið hefur hafið aukin afskipti, hefur látið stjórn efnahagsmála almennt meira til sín taka en áður tíðkaðist. Fyrst og fremst hefur þetta gerzt með þeim hætti, að fyrir forgöngu ríkisvaldsins eða beinlínis að tilhlutan þess og á þess vegum hefur verið unnið að ýmiss konar áætlunargerð og niðurstöður hennar síðan notaðar sem hagstjórnartæki. Þetta hefur einnig átt sér stað hér á landi. Í því sambandi vil ég sérstaklega vitna til stefnuyfirlýsingar hæstv. forsrh., sem hann kunngerði hinu háa Alþ. við upphaf þessa þings, en þar er einmitt sérstaklega að því vikið, að ríkisstj. annars vegar hafi á undanförnum árum talið skyldu sína að hafa allvíðtæk afskipti af stjórn efnahagsmála einmitt með þeim hætti að styðjast við niðurstöður þjóðhagsáætlana í vaxandi mæli, en beita áætlunargerð með sérstökum hætti. Þessi stefna hæstv. ríkisstj. var greinilega ítrekuð í stefnuyfirlýsingu hæstv. forsrh. á s. l. hausti, og hefur verið unnið að athugunum á því, með hvaða hætti skynsamlegast og haganlegast sé að hrinda því í framkvæmd, sem ríkisstj. er sammála um á þessu sviði og að þessu leyti. — Þessu þótti mér rétt að vekja athygli á við 1. umr. þessa frv. og í tilefni af grg. og ræðu hv. flm.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

19. Heildarskipulag miðbæjarins í Reykjavík.

Á 13. fundi í Sþ., 24. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um heildarskipulag miðbæjarins í Reykjavík [78. mál] (þmfrv., A. 95).

Á 26. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég býst við, að innihald þessa frv. sé hv. þm. kunnugt, það hefur verið flutt hér áður, fer í stuttu máli fram á það, að skipuð verði sérstök n., tilnefnd af Alþ., ríkisstj., borgarstjórn Reykjavíkur og Arkitektafélagi Reykjavíkur, til þess að skipuleggja miðbæinn í Reykjavík.

Ég vil aðeins, um leið og þetta frv. fer til n., leyfa mér að taka það fram sem rök fyrir því, að það er raunverulega prófsteinn á afstöðu hverrar þjóðar gagnvart sinni fortíð, gagnvart sinni sögu og hennar minjum, hvernig hún lítur á slíkar minjar og hvað hún gerir til þess að varðveita þær. Reykjavík sem höfuðstaður landsins á alveg sérstaka kröfu til okkar hér á Alþ. um, að við reynum að sjá til þess, að það, sem við álítum geta orðið honum til sóma sem höfuðstað, sé gert, og því, sem þurfi að halda við af því gamla, sem í þeim bæ er, sé við haldið. Sú gamla Reykjavík er kvosin, eins og það var kallað í *gamla daga*, þ. e. *miðbærinn hér, og þar* er það raunverulega tvennt, sem við þurfum að hugsa um, þegar verið er að taka ákvarðanir um, hvernig meðhöndla skuli þann miðbæ. Í fyrsta lagi ber að sjá um að varðveita þar vissar gamlar byggingar, og því fer ákaflega fjarri, að menn séu alltaf sammála um, hvaða byggingar þetta séu og í hve ríkum mæli megi gera slíkt. Það er vitanlegt, að lóðaverð í bænum er gífurlegt og það eru ákaflega miklar tilhneigingar hjá þeim, sem eiga lóðir, til þess að fá að hagnýta þær sem mest til þess að byggja á þeim stór hús, sem hægt sé að leigja út fyrir mikla peninga. Og við vitum, að jafnvel hafa komið fram hugmyndir um það, að önnur eins hús og menntaskólann ætti að rífa, þannig að við verðum frá upphafi vega að gæta þess vel að láta ekki eyðileggja þær byggingar, sem við flestir efumst ekki um að okkar afkomendur mundu vilja að hér hefðu verið varðveittar. Ég býst við, að það ríki nú ekki neinn ágreiningur um, að hús eins og menntaskólahúsið, stjórnarráðshúsið gamla, Alþingishúsið, dómkirkjan og önnur slík eigi að varðveita, og fleiri eru það, sem að mínu áliti á að varðveita líka, hús eins og Iðnó og önnur þess háttar. Ég hef áður tekið fram, þótt það komi ekki þessu máli við, að t. d. gata eins og Vesturgatan mundi eftir 100—200 ár þykja alveg dýrindisfögur, mundi vera eitt af því, sem menn, sem hefðu smekk, mundu segja, að það væri yndislegt að ganga eftir slíkri götu vegna þess, hve rómantísk hún væri. Þetta er ein af þeim fáu götum í Reykjavík, sem enn þá er tiltölulega lítið hreyfð. Okkur finnst hún vafalaust flestum gamaldags. En einmitt það, sem er *gamaldags* við þetta, er það, sem kemur til með að hrífa seinni tímann, sem kemur til með að geta byggt nóg af fögrum og myndarlegum, stórum steinhúsum, en kemur ekki til með að byggja þær byggingar, sem þarna voru byggðar í sinni tíð. Við vitum líka, að t. d. gata eins og Tjarnargatan með gömlu embættismannabústöðunum frá því um aldamótin, ég tala ekki um Tjörnina sjálfa, þarna eru alls staðar hlutir, sem ber að varðveita, og þjóð, sem hefur nokkra rækt gagnvart sínum minjum, varðveitir slíka hluti. Og þar með á ég ekki aðeins við þær gömlu þjóðir Evrópu, heldur líka þær þjóðir, sem meira nýjabrum er af. Ég býst við, að líka t. d. New Yorkbúum þyki stolt að þeim hluta New York, sem enn þá á sína sögu aftur í 17. og 18. öld.

Hins vegar verðum við varir við, að það eru ákaflega miklar tilhneigingar, ekki aðeins til þess að eyðileggja hitt og þetta af þessu gamla, heldur líka til þess að skemma það með nýbyggingum. Við skulum bara taka t. d. hús eins og Útvegsbankahúsið, sem var eitt með fallegustu húsunum hérna í miðbænum og nú er búið að kássa ofan á 3—4 hæða steinbyggingu og svipta það þar með allri fegurð. Ég efast ekki um, að peningalega borgi það sig betur að hafa þetta svona. Frá sjónarmiði alls smekks og fegurðar er búið að eyðileggja það, sem var fagurt við þetta gamla hús. Ég er hræddur um a. m. k., að suður í Aþenu hefði ekki þótt smekklegt að byggja eitthvað slíkt ofan á einhverjar rústir í Akrópólis.

Því miður er það nú svo með okkur, að Reykjavík er nú byggð á 7 hæðum, og vafalaust frá upphafi, af því að meginið af þessum hæðum hefur byggzt á okkar tíma, hefðu flestar þjóðir, sem hefðu haft einhverja verulega tilfinningu fyrir fegurðarsmekk, hugsað þessar hæðir út fyrir fram, og það voru jafnvel í gamla daga, um 1930, gerðar till. um slíkt viðvíkjandi Skólavörðuhæðinni. En allar þessar hæðir hafa verið byggðar þannig, að hvert einstakt hús á þeim hefur verið ákveðið út af fyrir sig, og ég veit ekki til þess, að nokkurn tíma hafi verið hugsað um nokkurn heildarsvip á þessum hæðum. Þær hefðu hver um sig getað verið með sínu sérstaka lagi, haft sinn sérstaka svip og sinn sérstaka blæ, ef það hefði verið hugsað um þetta fyrir fram af einhverri umhyggju fyrir fegurð höfuðstaðarins. En því fer fjarri. Það hafa verið allt önnur sjónarmið, sem hafa alltaf verið látin ráða í þessum efnum. Og þetta er mjög slæmt. Ég vil þess vegna vona a. m. k., að sú gamla Reykjavík fái að njóta þess, að við

lærum eitthvað af öllum þeim vitleysum, sem búið er að gera í sambandi við byggingu Reykjavíkur, ekki vegna þess, að það hafi ekki verið byggt mjög mikið af fögrum húsum í Reykjavík, heldur er það hitt, að okkar sterka einstaklingshyggja hefur fengið að njóta sín í sambandi við hvert hús um sig, þannig að það hefur verið fallegt, en okkar skilningur á heildinni hefur verið það slappur, að við höfum ekki hugsað, hvernig það tæki sig út, þegar þessi hús væru öll komin saman á einhvern ákveðinn blett. Við höfum ekki getað gert okkur heildarmynd af slíku. Þess vegna erum við búnir að fara með Skólavörðuhæðina eins og nú er. Þess vegna legg ég til í þessu frv., að hvað miðbæinn snertir í Reykjavík, takmarkaðan, eins og ég tel þar upp, af ákveðnum götum, sé nú gerð heildarhugmynd og heildarskipulagning, þannig að það sé í framtíðinni ákveðið, hvernig hann eigi að vera, en það sé ekki byggt svo að segja á hverri einstakri lóð eftir því, sem lóðareigandann langar til og byggingarnefndin með hvert einstakt hús leggur út í að samþykkja. Og af því að það virðist vera áhugi fyrir því og ákvarðanir um að byggja t. d. öll þau þrjú helztu stórhýsi, sem eiga að byggjast af því opinbera í Reykjavík, nú á næstunni í þessum miðbæ, sem sé alþingishús, ráðhús og nýtt stjórnarráðshús, virðist mér það vera lítið að fara fram á, að menn hugsi um öll þessi hús í einu, að menn ákveði sameiginlega, hvar þau skuli staðsett og helzt hvernig þau skuli líta út, þannig að það sé tekið tillit til þess, hvernig þessi miðbær kemur til með að líta út í framtíðinni, þegar þessi hús eru ákveðin. Það hefur verið tilhneiging til þess að ákveða t. d. ráðhús út af fyrir sig, jafnvel að demba því í Tjörnina, eyðileggja þar með t. d., ef Alþingi skyldi vilja byggja á sínum lóðum, og þetta náttúrlega nær ekki nokkurri átt. Þessa hluti verður að ákveða sameiginlega, og hér er sú stofnun, sem ræður því, hvernig þetta er gert. Lögum samkv. er ekki hægt að ákveða það endanlega skipulag, án þess að félmrh. hafi með það að gera. Ég held, að það muni liggja nokkuð í augum uppi, hvar stjórnarráðshús verði byggt, það sé gengið út frá því, að það verði þar, sem gömlu húsin Gimli og þau eru, og í Bakarabrekkunni, sem sé milli gamla stjórnarráðshússins og menntaskólans gamla. En segjum nú svo, að það færi t. d. þannig, eins og sumum hefur jafnvel dottið í hug, að þar sem gamli barnaskólinn er nú, yrði byggt í framtíðinni, og ég mundi álíta, að væri mjög góður staður fyrir ráðhús, en ég veit, að sumir hafa stungið upp á, að þar yrði byggt nýtt þinghús, en hvað svo sem gert yrði í framtíðinni, held ég, að það liggi nokkurn veginn í augum uppi, að Lækjargatan, sem ætti að vera, yrði þannig bókstaflega ein af höfuðgötum Reykjavíkur með stjórnarráðshús og þessi gömlu hús sitt á hvora hlið, og þá ætti að hugsa um það sem eina heild, hvernig sú gata kæmi til með að líta út, og að það hús, sem byggt yrði t. d. við endann á henni og næstum því lokaði henni, þar sem gamli barnaskólinn er núna, hvort sem það væri ráðhús eða eins og sumir vilja kannske þinghús, það yrði hugsað um þetta í einni heild, þannig að við gerðum okkur heildarmynd af því, hvernig þessi gata yrði. Ég held, að þetta mundi hver einasta þjóð gera, hver einasta þjóð, sem væri að skipuleggja sína höfuðborg og svo að segja miðpunktinn í henni.

Ég verð að segja, að mér finnst ákaflega leitt, hvernig við Íslendingar höfum hagað okkur í þessum efnum. Við höfum hvað okkar bókmenntir snertir sýnt, að við höfum haft á að skipa listrænum smekk, sem er til jafns við Grikki eða hvaða fremstu menningarþjóð heims sem væri. En hins vegar í byggingarlist höfum við, þó að við getum búið til mikið af einstökum húsum, aldrei getað hvað heildina snertir jafnazt á við þessar þjóðir, og það er tími til þess kominn, að við lærum eitthvað af þeim.

Ég held, að það sé mjög nauðsynlegt, að Alþ. setji nú þegar lög um þessi efni, lög, sem mundu þýða, að það væri ekki gert meira af byggingum í miðbænum, fyrr en búið væri að koma sér niður á heildarskipulag, vegna þess að það eru ákveðin, sterk öfl að verki, sem vilja láta fara að byggja þarna án þess að taka nokkurt tillit til framtíðarinnar, og slík öfl hafa verið að verki á undanförnum áratugum. Lóðirnar í miðbænum eru dýrar. Eigendur lóðanna vilja reyna að fá sem mest upp úr sínum peningum. Þeir eru nú í sífellu að byggja og það mjög há hús. Við munum eftir hér fyrrum, hvers konar deila stóð um, þegar Morgunblaðshöllin var byggð, og hvernig sú bygging í raun og veru kemur í veg fyrir það, sem annars hefði verið ákaflega skynsamleg skipulagning á því hverfi, sem þar er. Við vitum, að engum þeirra, sem skipulögðu upphaflega byggingu alþingishúss og landsbankahúss, datt í hug, að það yrði byggt hús þar á milli, hús eins og Jóns Þorlákssonar-húsið og önnur slík, enda verða þau vafalaust rifin í framtíðinni. Þessi hús eiga að standast á, eins og Alþingi og landsbankinn, hús byggð í svona gömlum stíl, og það væri ástæða til þess, en brasksjónarmiðin og það sérstaklega voldugra manna eru svo rík, að það er hrúgað upp húsum á stöðum, þar sem engin hús ættu að vera. Og sú tilhneiging er ákaflega rík hér í miðbænum, þannig að við verðum að taka þarna fram fyrir hendur brasksins í tíma, ef við eigum að sjá um, að hér verði byggt sæmilega. Ég ætla ekki að fara út í deiluna um þinghús. Ég veit, að það hafa komið fram till. um að byggja hérna vestan við okkur. Ég fyrir mitt leyti hef alltaf verið á móti því. Ég álít, að það nái ekki nokkurri átt. Lóðirnar hér fyrir vestan okkur eru rándýrar lóðir. Ég álít, að í framtíðarskipulaginu eigi ekki að leyfa að byggja á þeim lóðum, það sé alveg rangt. Ég álít, að dómkirkjan og alþingishúsið eigi að fá að halda sér, án þess að komi einhverjir 6—8 hæða steinkumbaldar hér við hliðina á, sem geri alþingishúsið eins og að litlum kofa. Ég álít, að Alþingi eigi sjálft sína lóð, sem Alþ. geti ákaflega vel byggt á. Ef menn vilja endilega fara að flýja úr þessu húsi og byggja nýtt þinghús, verð ég að segja, að að ýmsu leyti er sú hugmynd að byggja, þar sem gamli barnaskólinn er, skynsamleg frá tæknilegu sjónarmiði. En eitt verða menn alltaf að athuga, að allar slíkar umbreytingar slíta vissan

þráð í sögunni. Og það mundi ekki nokkurri af Norðurlandaþjóðunum detta í hug að gera slíkt. Norska stórþingið er ekki sérstaklega vel sett, þar sem það er, en menn byggja frekar við það og tengja það nýbyggingu, og það hefur tekizt vel hjá þeim, heldur en eyðileggja það gamla hús sem þinghús og fara að byggja einhvers staðar nýtízku byggingu. Nýjabrumið er stundum of mikið í okkur þannig og okkar hugsun og okkar tengsl við okkar fortíð, okkar sögulegu minjar of lítil.

Ég held, að hér í miðbænum eigi fyrir utan þær stóru opinberu byggingar, sem eiga að rísa, eigum við ekki að láta byggja nema þá hverfandi lítið af verzlunar- og skrifstofuhúsum, því að það veitir vafalaust ekki af að reyna að varðveita einmitt auð svæði hér í kringum þau hús, bæði þau gömlu, sem eiga að standa, og þau nýju, sem koma upp.

Það er lagt til í þessu frv., að þessi n. vinni sem sé sameiginlega, þessir aðilar allir, sem útnefndir séu bæði af Alþ., ríkisstj. og borgarstjórn og enn fremur af arkitektafélaginu, vinni sameiginlega, en þeir vinni ekki hver út af fyrir sig, búi hver sitt líkan til út af fyrir sig, skelli því síðan einhvers staðar niður án þess, að hugsað sé um, hvernig heildarmyndin verði. Það var smekkur í því, þegar gömlu embættismennirnir byggðu húsin við Tjarnargötuna, og ég efast ekki um, að þótt það eigi að breyta Fríkirkjuveginum, sé hægt að hugsa hann þannig fyrir fram, að þar verði hús, sem samsvarar sér mjög vel í framtíðinni.

Ég vil, um leið og ég bið hv. þm. um að athuga þetta frv. rækilega, brýna það fyrir hv. þm., að þegar um gömul hús er að ræða, stöndum við frammi fyrir hlutum, sem enn þá er á okkar valdi að varðveita, en ekki á okkar né neinna annarra valdi að skapa, ef þeir eru eyðilagðir. Framtíðin getur gert mikið. Hún getur skapað fögur og ný hús. En hún getur aldrei byggt aftur það gamla, sem rifið var. En við getum líka eyðilagt gömul hús með því að afskræma þau, bæta þannig við þau, að það sé eyðilagt, sem fagurt var í þeim. Við verðum sem sé að gæta þess, þegar við hugsum um þessa hluti, að við höfum ábyrgð gagnvart höfuðstaðnum og gagnvart framtíðinni.

Ég flyt þetta frv. persónulega. Það er ekki að neinu leyti á vegum okkar þingflokks. Og ég vil leyfa mér að vona, að hv. þm. geti tekið afstöðu til svona máls út frá stjórnarskránni, sem býður þeim að fara eftir sinni sannfæringu, í málum eins og þessum séu ekki nein flokkabönd, flokksagi, flokksfyrirskipanir eða neitt slíkt látið ráða. Það eru ekki neinir flokkshagsmunir, nein tilvera ríkisstj., nein afgreiðsla fjárl. eða neitt annað slíkt, sem venjulega eru pólitísk vandamál, þegar um svona mál er að gera. Það er bara um það að ræða, hvort hver einstakur þm. hefur tilfinningu fyrir því, hvernig vinna skuli að þeim hlutum, sem snerta fegurð og að sumu leyti skynsamlegan tæknilegan útbúnað miðbæjarins í Reykjavík og þeirra stórbygginga, sem þar eiga að rísa.

Ég geri svo að till. minni, herra forseti, að að lokinni þessari umr. sé þessu máli vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá meiri hl. allshn., á þskj. 616, var útbýtt 28. apríl, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

20. Vinnuvernd o. fl.

Á 20. fundi í Sþ., 13. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um vinnuvernd, greiðslu vinnulauna, uppsagnarfresti o. fl. [92. mál] (þmfrv., A. 161).

Á 38. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. um vinnuvernd, greiðslu vinnulauna, uppsagnarfresti o. fl. flutti ég fyrst á þinginu 1963—64 og hlaut það þá ekki afgreiðslu. Ég endurflutti málið óbreytt með öllu aftur í upphafi þings 1964—1965, og þrátt fyrir það, þó að það lægi þá fyrir því þingi nálega allan þingtímann, því að málið var 26. málið, sem lagt var fyrir það þing, hlaut það eigi að heldur afgreiðslu, fór strax til n. og var svæft þar svefninum langa, eins og það væri mál, sem lægi ekki neitt á að sinna og væri ekki heyrandi til verkahring löggjafarsamkomunnar að setja lög um. En ég hef flutt þetta mál nú í þriðja sinn óbreytt að kalla, því að ég tel, að þó að Alþ. hafi snúizt svo fálega við þessu máli, sé það engu að síður merkismál og þess eðlis, að Alþ. komist ekki hjá því fyrr eða síðar að afgreiða það sem lög, annaðhvort í þessu formi eða öðru.

Þegar ég samdi þetta frv., studdist ég mjög við löggjöf Norðmanna, sem þá var sett fyrir nokkrum árum um vinnuvernd, gerði mér þó allt far um að staðfæra þá lagasetningu og miða í einstökum atriðum við íslenzkar aðstæður, einkum og sér í lagi í atvinnulífi okkar. Þegar ég vék frá hinni norsku löggjöf, gerði ég það yfirleitt á þann hátt, að ég gerði minni kröfur í mínu frv. heldur en lagaákvæðin norsku ákváðu, og gerði ég það með það í huga, að bezt væri að fara vægilega í þetta mál og ofbjóða í engu atvinnulífinu með ströngum kröfum á þessu sviði til atvinnulífsins og þessi löggjöf sem önnur stæði þá síðar til bóta.

Síðan ég gekk frá þessu frv. upphaflega, hef ég kynnt mér hina dönsku vinnuverndarlöggjöf, og þegar ég hef gert það, liggur við, að ég fyrirverði mig fyrir að hafa lagt nafn mitt við svo vægilegar kröfur til vinnuverndar handa íslenzkum verkalýð sem ég hef gert í þessu frv., því

að hin danska vinnuverndarlöggjöf er miklu strangari að öllu leyti en farið er fram á í þessu frv. Það er milli 1870 og 1880, sem þeir setja sín fyrstu vinnuverndarlög, Danir, og þá taka þeir fyrir það, sem í raun og veru liggur mest á að taka fyrir í hverju landi, þ. e. vinnuvernd barna, og sú löggjöf var þá þegar þó nokkuð ströng að því er snertir vinnuverndarákvæði til handa börnum og ungmennum. En þegar hér var á síðasta þingi fjallað um barnavernd, vildu ýmsir hv. alþm. koma þar inn nokkrum vinnuverndarákvæðum gagnvart börnum og ungmennum og fengu það samþ. í þessari d., en þó sætti það nokkurri andspyrnu hér, að slík vinnuverndarákvæði gagnvart börnum væru sett, og þegar til hv. Ed. kom, strandaði málið þar. Ég harma það, að menn skuli ekki enn hafa einu sinni skilning á því hér, að vinnuverndarákvæði þurfa að vera og verða að vera jafnvel allströng að því er snertir börn og ungmenni. En þessi skilningur virðist ekki vera vaknaður meðal okkar sem skyldi. Ég undrast miklu minna, þó að almenn vinnuverndarákvæði varðandi fullorðið fólk, sem gengur að störfum í þjóðfélaginu, sæti minni skilningi, því að hitt hefði ég talið, að væru nokkuð sjálfsagðir hlutir hjá sérhverri menningarþjóð, að vernda börnin gegn ofþjökun og gegn hættum, sem stafa af þátttöku þeirra við ýmis störf þjóðfélagsins. Hitt viðurkenni ég fyrstur manna, að vissulega getur vinnan verið hinn bezti uppalandi hins uppvaxandi æskufólks. En þar verður að gæta hófs bæði um vinnutíma og um að ofbjóða börnum ekki við of erfið störf og í þriðja lagi að láta þau alls ekki koma nálægt störfum, þar sem um mikla slysahættu er að ræða.

Í greinargerð með dönsku vinnulöggjöfinni, þegar hún var lögð fyrir danska þingið nú fyrir nokkrum árum í því formi, sem hún er nú, segir, að sérhver menningarþjóð, sérhver þjóð, sem vilji kallast menningarþjóð, hafi nú sett ýtarlega löggjöf hjá sér um vinnuvernd. Mér er spurn: Vill ekki íslenzka þjóðin telja sig til menningarþjóða? Og þó er þannig ástatt hjá okkur, að vinnuverndarlöggjöf er hér ekki til í neinu heildarformi. Ég vil því vænta þess, að skilningur fari vaxandi á því, að íslenzka þjóðin sem menningarþjóð verður að setja hjá sér vinnuverndarlöggjöf.

Það má að vísu segja, að það séu þrenn lög hjá okkur Íslendingum, sem snerti þessi mál. Ég minni þar á vökulögin, sem sættu á sínum tíma mikilli andspyrnu, en allir viðurkenna nú, að hafi verið nauðsynlegt að setja, þegar stóriðjan, rekstur togaranna, hóf innreið sína í íslenzkt þjóðfélag. Ég minni í annan stað á lögin um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, sem sett voru, að mig minnir, 1952. Þau snerta visst svið almennrar vinnulöggjafar og eru, miðað við þann tíma, sem þau voru sett, alls ekki ómerkur þáttur til þess að lögfesta ýmiss konar öryggisráðstafanir á hinum ýmsu vinnustöðum. Í þriðja lagi falla svo undir heildarvinnulöggjöf lögin um greiðslu verkkaups frá 19. maí 1930. En ég minnist þess ekki, að við höfum neinn vísi að vinnuverndarlöggjöf á öðrum sviðum en þessum, sem ég nú hef nefnt, og skortir þar mikið á, að við séum eins á vegi staddir og allar nágrannaþjóðir okkar, sem fyrir löngu hafa sett hjá sér fjölþætta og nákvæma og stranga heildarvinnuverndarlöggjöf, eins og ég hef þegar vikið að.

Ég hef sem sé tvisvar áður rakið allrækilega efni þessa frv. og skal ekki þreyta þingheim með því að gera það nú. Ég vil aðeins á það minna, að þetta frv. er í 8 köflum. Þar er fyrsti kaflinn um holl og góð vinnuskilyrði. Í honum eru nokkur atriði um búnað vinnustaðar til aukins öryggis í viðbót við það, sem felst í gildandi löggjöf um það efni. En vegna þeirra lagaákvæða, sem til eru í l. frá 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, hef ég ekki þann kafla mjög ýtarlegan. Niðurlagsákvæði hans eru þó um það, að ef vinnustaður fullnægi ekki skilyrðum laga um hollustuhætti og öryggisbúnað, sé heilbrigðisyfirvöldum og öryggiseftirliti ríkisins heimilt að láta loka vinnustaðnum, ef ekki fæst úr bætt um það, sem áfátt er. Þessi heimild er ekki í lögunum um öryggi á vinnustað.

Annar kaflinn er um vinnutíma og vinnutilhögun, og eru í honum nokkur nýmæli, en þó hygg ég, að þar sé ekki mjög strangt í sakir farið. Í honum var gert ráð fyrir því, að það sé verkefni okkar á 5 árum að koma vinnutímanum á viku niður í 40 stundir.

Þá eru í þriðja kaflanum sérstök ákvæði um vinnu kvenna, aðallega til þess að vernda konuna á vinnumarkaðinum að því er snertir móðurhlutverk hennar, þannig að hún verði ekki sjálf fyrir heilsutjóni eða barnið gjaldi þess, að hún sé þátttakandi fyrir þjóðfélagið á vinnumarkaðinum.

Fjórði kaflinn er svo um vinnuvernd barna og unglinga. Og þó að ég fari ekki út í að rekja efnisatriði hinna kaflanna, vil ég þó með örfáum orðum minna á innihaldið í þessum kafla. svo að hv. þm. geti enn gert það upp við sig, hvort þarna sé óskynsamlega eða óeðlilega stranglega í sakir farið. Ef svo væri, bæri hv. alþm. að gera við það brtt., svo að í hóflegu formi væri að þeirra hyggju, en ekki að leggjast á þetta mál sem óþarft eða óverðugt Alþ. að fást við sem löggjafarsamkomu.

Það er í fyrsta lagi í þessum kafla skilgreining á því, hvað sé átt við með „barni“ og hvað sé átt við með „ungling“. Barn er að skilningi þessa frv. sá, sem er á aldursskeiðinu 14—16 ára. Við því er lagt bann í frv., að börn innan 12 ára aldurs stundi innivinnu í vinnustofum, verkstæðum og verksmiðjum, svo og út- og uppskipunarvinnu, og skal skólayfirlæknir ríkisins yfirleitt hafa úrskurðarvald í slíkum málum. Börn innan 12 ára starfi ekki við neina verksmiðjuvinnu, neina innivinnu, enda munu þau almennt ekki teljast til þess fær.

Alger hámarksvinnutími barna er 6—7 stundir á dag, en þegar um lengri vinnutíma er að ræða, skulu tveir vinnuhópar barna annast 8 stunda vinnutímabil til móts við fullorðna, þ. e. a. s. 4 stundir hvor hópurinn, og ef um 10 stunda vinnutímabil fullorðinna er að ræða, þá komi tveir vinnuhópar barna þar á móti, sem séu þá í vinnu 5 stundir hvor þeirra (Gripið fram í.)

Það er í upphafi 4 kafla. Það er í 19. gr., hygg ég, í frv., bann við því, að börn innan 12 ára aldurs stundi innivinnu í vinnustofum (Gripið fram í.) Er það ekki? Í 19. gr. segir:

„Börn má ekki ráða til innivinnu í vinnustofum, verkstæðum né verksmiðjum og eigi heldur til vinnu við útskipun eða uppskipun á vörum." (Gripið fram í.) Þetta eru börn innan 14 ára aldurs. Fyrirgefið, það er prentvilla þarna í greinargerðinni, það hefur fallið niður. Já, það hefur að því er virðist fallið úr greininni sjálfri. Það er bannað með öllu að fela börnum gæzlu gufukatla eða annarra véla, ef gæzlan útheimtir sérstaka varúð eða aðgæzlu. Ég hygg, að flestir mundu segja, að það væri ábyrgðarleysi að fela börnum gæzlu nokkurra véla, sem slysahætta geti stafað af. Og þá er óheimilt að ráða börn til nokkurrar þeirrar vinnu, sem að dómi skólayfirlæknis eða héraðslæknis geti á einhvern hátt talizt hættuleg heilsu barna eða þroska þeirra. Og svo er bann, sem kannske má um deila, en þó finnst mér það nú naumast, að það er bönnuð öll barnavinna og unglinga, frá því að skólaganga hefst að hausti og þar til skólagöngu lýkur að vori. Þeim er ætlað þá hlutverk, sem á að taka upp tíma þeirra og krafta, þannig að ekki sé á bætandi, og þess vegna finnst mér ekki óeðlilegt, að það sé bannað að hafa þau sem þátttakendur í venjulegri vinnu á vinnumarkaðinum, á meðan þau annast sitt náms- og fræðsluhlutverk.

Til öryggis og eftirlits með þessu er atvinnurekendum gert að skyldu að halda sérstaka skrá um tegund vinnu og vinnutíma þeirra barna og unglinga, sem hjá þeim vinna, og atvinnurekendum skal skylt að afhenda viðkomandi stéttarfélagi og einnig heilbrigðis- og skólayfirvöldum slíka skrá, ef eftir henni er gengið og þess krafizt.

Þegar um það var rætt á s.l. ári að setja ákvæði í líkingu við þetta, þó eitthvað vægara, að ég hygg, inn í barnaverndarlöggjöfina, þá skal ég játa það, að það náði tvímælalaust til allra tegunda vinnu, þ. á m. til sveitavinnu, og get ég gengið inn á það, að þátttaka barna í slíkum störfum, ef fyrirhyggju er gætt og varúðar, er nokkuð annars eðlis en flestar tegundir vinnu í kaupstöðum og kauptúnum, í sambandi við atvinnulífið þar, og má segja, að það sé miklu fremur verjandi að hafa börn þátttakendur í útivinnu í sveitum að sumrinu, þótt yngri séu en hér er tilgreint, og held ég því, að heppilegra sé að setja ákvæðið um vinnuvernd barna alls ekki inn í almenna löggjöf, sem nær til alls þjóðlífsins undantekningarlaust, eins og barnaverndarlöggjöfin gerir, heldur í löggjöf, sem nái til vissra sviða atvinnulífsins, eins og þessari löggjöf er ætlað að gera.

Fimmti kaflinn er um greiðslu vinnulauna og ýmislegt það, sem á að tryggja rétt launþega í þeim efnum umfram það, sem er í gildandi l., og til að taka af ýmiss konar vafaatriði, sem ástæða er til að kveða skýrt á um, en núverandi löggjöf, sem er orðin nokkuð gömul, frá 1930, um greiðslu vinnulauna, tekur ekki fram um, en ýmiss konar venjur hafa hins vegar skapazt um. Ég geri ráð fyrir, að flestum þyki í raun og veru betra að hafa ákveðin lagafyrirmæli að styðjast við í þessu efni, enda væri réttur verkamanna í þessu allur öruggari, væru þær venjur, sem skapazt hafa og eðlilegastar þykja, bundnar í lögum.

Í sjötta kaflanum eru svo ýmis nýmæli, sem hníga að því að tryggja verkafólki fyllri rétt en nú er í l. gagnvart uppsögn af hendi atvinnurekanda undir ýmsum tilvikum, og er þar að mörgu leyti stuðzt við eðlilegar venjur, sem skapazt hafa í samskiptum milli góðra atvinnurekenda og verkafólks, og ekki gengið miklu lengra en tíðkast í slíkum tilfellum.

Í sjöunda kaflanum er svo ákvæði um viðurlög og refsingar út af brotum á þessum l. Og í áttunda kaflanum er eingöngu fjallað um gildistökuna, og er gert ráð fyrir því, að frv. þetta taki gildi miðað við 1. maí 1966.

Ég skal að lokum geta þess, að mér er kunnugt um, að vinnutímanefnd hefur fjallað um einn þátt vinnuverndarmála, þ. e. a. s. um vinnutímann, og látið frá sér fara fyrir nokkru frv. að l. um þann þátt. Út af fyrir sig tel ég fyrir mitt leyti, að það væri nokkur fengur að því að fá þann kafla um vinnutímann lögfestan, þó að ég telji það ófullnægjandi með öllu sem heilsteypta vinnuverndarlöggjöf. Hins vegar er því ekki að leyna, að ýmsir eru þeirrar skoðunar, að það frv., sem vinnutímanefnd hefur sent til vinnuveitendasamtakanna og ASÍ, gangi svo skammt, að ekki sé viðunandi og því síður fullnægjandi. En ég verð að játa, að þegar ekki virðist ríkjandi fullur skilningur á þörfinni fyrir að setja skynsamleg ákvæði um vinnuvernd barna, þá megi búast við því, að við verðum að vera lítilþægir um fyrstu löggjöf, sem við reynum að fá í gegn á Alþ. um almenna vinnuvernd fullorðins fólks. Og í raun og veru er þetta frv. við það miðað, þó að það virðist samt sem áður ganga lengra en svo, að Alþ. þyki það í hóflegu formi, ef miða má við þann drátt, sem orðið hefur á því, að það fái eðlilega afgreiðslu á Alþ.

Ég hef svo ekki þessi orð fleiri um frv., hef minnzt á efni þess og aðeins gert grein fyrir efni eins kaflans, þ. e. a. s. kaflans um vinnuvernd barna, en læt það að öðru leyti vera að rekja efni þess.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að umræðu þessari lokinni vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

21. Almannatryggingar (frv. IRH og GeirG).

Á 22. fundi í Sþ., 15. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar [94. mál] (þmfrv., A. 179).

Á 41. fundi í Nd., 15. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 17. febr., var frv. aftur tekið til 1 umr.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Á þskj. 179 flyt ég sem 2. flm. ásamt Inga R. Helgasyni, sem var varamaður á Alþ. um skeið, en er nú horfinn af þingi, frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar. Í 39. gr. l. um almannatryggingar eru taldir upp þeir aðilar, sem slysatryggðir eru samkv. l., en það eru í fyrsta lagi launþegar, í öðru lagi nemendur við iðnnám, í þriðja lagi stjórnendur aflvéla og ökutækja, í fjórða lagi útgerðarmenn, sem sjálfir eru skipverjar, og í fimmta lagi þeir, sem vinna að björgun manna.

Í l. gr. frv. okkar er gert ráð fyrir, að nýr liður, f-liður, bætist við þessa upptalningu, svo hljóðandi:

„Íþróttafólk, sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni, og orðið er 16 ára.“

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir, að íþróttafélög greiði ¼ hluta iðgjalds, en ríkissjóður ¾, en nánari ákvæði um slysatryggingar íþróttafólks og skiptingu iðgjalda skuli sett í reglugerð í samráði við Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands.

Þetta mál, að íþróttafólk njóti slysatrygginga almannatrygginganna, flutti Hermann Guðmundsson fyrst á Alþ., en síðan fluttum við sömu flm. og nú frv. um sama efni, en í nokkuð breyttri mynd, árið 1961. Þá var málinu vísað til heilbr.- og félmn., sem var sammála um nauðsyn þess, að íþróttafólk sé örugglega slysatryggt, og Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands lögðu eindregið til, að frv. yrði samþ. En á þeim tíma, sem heilbr.- og félmn. hafði málið til meðferðar, voru l. um almannatryggingar í endurskoðun hjá sérstakri n., og eins og segir orðrétt í nál. heilbr.- og félmn., féllust allir nm. á að fara þess á leit við hæstv. félmrh., að hann ritaði n. bréf og legði fyrir hana að gera einnig till. um slysatryggingu íþróttafólks. Þegar endurskoðun l. um almannatryggingar var lokið og frv. um breyt. lagt fram árið 1962, kom hins vegar í ljós, að engar till. voru gerðar um úrbætur í slysatryggingamálum íþróttafólks og því ætlað að búa við sama öryggisleysið og fyrr. Vegna hins takmarkaða skilnings hv. Alþ. á þessu brýna hagsmunamáli íþróttafólks hafa samtökin komið sér upp eigin slysatryggingasjóði til þess að bæta nokkuð úr, en þá heimild, sem í l. um almannatryggingar felst um slysatryggingar íþróttafólks undir hinum frjálsu tryggingum Tryggingastofnunarinnar, hafa íþróttasamtökin ekki talið sig hafa fjárhagslegt bolmagn til að nota, þau hafa ekki talið sér fært að taka þeim kjörum, sem Tryggingastofnunin hefur boðið í frjálsum slysatryggingum, og þess vegna stofnað eigin slysatryggingasjóð, sem getur þó ekki fullnægt nema hluta af tryggingaþörfinni. Einkum er málið örðugt utan Reykjavíkur af fjárhagslegum ástæðum.

Við flm. teljum, að það sé ósæmandi með öllu, að íslenzkt íþróttafólk skuli ekki búa við fullkomið öryggi um slysatryggingar, og teljum það hlutverk ríkisins að koma til móts við samtök íþróttaæskunnar, til þess að þessi vandi verði leystur á þann veg, að íþróttafólk njóti vegna slysa við æfingar, sýningar og keppni sambærilegra trygginga og launþegar, að því er varðar greiðslu sjúkrakostnaðar, dagpeninga, örorkubóta og dánarbóta. Með samþykkt þessa frv. yrði sómasamlega fyrir þessum málum séð og íþróttafólki tryggður sá réttur og það öryggi, sem sanngjarnt má teljast.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv, var ekki á dagskrá tekið framar.

---

22. Þingsköp Alþingis.

Á 38. fundi í Nd., 8. febr., var útbýtt.
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis [101. mál] (þmfrv., A. 220).

Á 41. fundi í Nd., 15. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Fyrr á árum voru stjórnmálafundir miklir viðburðir í byggðum Íslands. Þeir voru haldnir tiltölulega sjaldan, enda gerðu samgöngur ómögulegt að halda þá oft. Fólk fór langar leiðir til þess að sækja þessa fundi og sjá þá menn, sem stjórnuðu landinu og oftast nær fór mikið orðspor af. Þessir fundir stóðu oft og tíðum daga, kvöld og stundum fram á nótt.

Þegar útvarpsstarfsemi hófst hér á landi á vegum ríkisins 1930, þannig að öll þjóðin gæti notið, voru samgöngur í landinu enn ekki betri en svo, að það sama ár þótti tíðindum sæta, er bílfært var talið vera frá Borgarnesi til Húsavíkur. Það var því eðlilegt, þegar til mála kom að ákvarða samband milli Alþingis og þessa nýja miðils, útvarpsins, sem gat náð til allrar þjóðarinnar, að tekið væri hið gamla fundarform næstum óbreytt og útvarpað slíkum fundum frá Alþ. Þaðan hygg ég, að það sé komið, að samkv. l. eru fyrirskipaðar umr., sem geta

staðið tvö kvöld, um og yfir 4 stundir hvort kvöldið.

Þótt ekki hafi liðið ýkjalangur tími, síðan þetta var, hefur margt gerzt til breytinga. Samgöngur í landinu hafa gerbreytzt. Aðstaða fólks til þess að fylgjast með stjórnmálum og þingmálum er ekki á nokkurn hátt sambærileg við það, sem hún var áður fyrr. Af þessum ástæðum tel ég tímabært, að Alþ. taki til athugunar, hvort ekki er rétt að breyta þeim reglum, sem nú hafa um langt árabil gilt um útvarp frá Alþ. Jafnframt stöndum við andspænis því, að útvarpstæknin hefur, 4 áratugum eftir að hún náði almennri útbreiðslu í heiminum, tekið stórt skref fram á við og nú er ekki aðeins hægt að senda út hljóðið eitt, heldur einnig myndir með því. Sú tækni hefur hlotið almenna útbreiðslu í nágrannalöndum okkar fyrir 1—1½ áratug og er á næsta leiti hér hjá okkur.

Þetta tvennt veldur því, að ég hef leyft mér að flytja frv., sem gerir ráð fyrir stórbreytingum á útvarpi frá Alþ. og gerir einnig ráð fyrir fyrstu reglum um, hvernig hagað verði sjónvarpi frá Alþ. Ég vil þegar í byrjun benda á það, sem tekið er fram í grg., að ég tel eðlilegast, að þessu máli verði ráðið til lykta með samkomulagi allra þingflokka, eftir að þeir hafa athugað það mál á þann hátt, sem þeir sjálfir telja bezt. Í samræmi við þetta hefði mátt ætla, að nóg hefði verið að flytja almenna þáltill. um endurskoðun þessara mála, en við íhugun komst ég að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki síðra að flytja frv. og kasta fram hugmyndum eins manns til að hefja umr. Vil ég því óska eftir, að menn líti á þetta frv. sem byrjunarhugmyndir, sem ég vonast í bezta lagi til að verði til þess, að þingflokkarnir taki málið upp til athugunar, og ég mun því engan veginn halda fast við hvert ákvæði þessa frv. Tel ég meginatriði málsins vera, að þessu sambandi milli þings og þjóðar, sem ég tel vera höfuðnauðsyn fyrir lýðræðislega stjórnarhætti, verði á næstunni komið í það form, að samræmist tækni okkar, lifnaðarháttum og hugsunarhætti í dag.

Ég tel, að þær reglur, sem nú gilda um útvarp frá Alþingi, séu fyrir margra hluta sakir úreltar. Ég tel, að umr. séu óþarflega langar, óþarflega bundnar við fastar venjur og reglur og af þeim sökum nái þessar umr. frá Alþ. til sífellt minni hluta af þeim kynslóðum, sem eru að vaxa upp. Hefur oft verið fullyrt, að enginn hlusti á útvarpsumræður. Það er fjarstæða. Miðað við annað útvarpsefni og við slíkt efni í öðrum löndum er enn mikið hlustað á útvarp frá Alþ., töluvert mikið hér í Reykjavík og nágrenni og að minni hyggju meira utan við höfuðborgarsvæðið. En engu að síður er það uggvænlegt, ef útvarp frá löggjafarsamkomu þjóðarinnar nær ekki eyrum hinnar uppvaxandi kynslóðar. Í samræmi við það miða ég ýmsar þær breytingar, sem ég hef lagt til.

Ég tel einnig, að það snið, sem hefur verið á þessum umr. og tekið er næstum beint frá þingmálafundum úti í héruðum, sé ekki í samræmi við eðli útvarpsins sem miðils. Þingmenn hafa tekið útvarpsumr., þegar þær hafa verið haldnar tvisvar-þrisvar á ári, eins og þeir taka almennan þingmálafund, hafa reynt að æsa sig upp í þessum ræðustól rétt eins og þeir hefðu 100 eða 200 áhugamenn fyrir framan sig, en hafa gleymt því, að hlustendur sitja heima í stofum, eru að drekka kvöldkaffi og eiga erfitt með að átta sig á því, hvers vegna þessir blessaðir menn við Austurvöll í Reykjavík eru að æsa sig upp.

Þannig hefur formið leitt okkur þm. til þess að haga umr. á þann hátt, að í raun og veru gefa þær fólki ranga hugmynd um þingstörfin og landsmál, eins og um þau er fjallað hér. Nú er ég ekki með þessu að segja, að menn geti ekki beitt skapi sínu, ef þeim sýnist svo, eða látið fylgja persónulegan þunga máli sínu. En við nánari athugun munu menn sjá, að það gera menn á annan hátt, þegar þeir sitja inni í stofum heimila, þar sem útvarpstækin eru, heldur en menn gera á fjölmennum stjórnmálafundum.

Í núgildandi þingsköpum er gert ráð fyrir því, að útvarpa skuli þingsetningu og þinglausnum. Er að minni hyggju sjálfsagt að halda áfram ekki aðeins að útvarpa, heldur eigi og strax og það verður kleift að sjónvarpa sömu athöfnum. Er ekki vitað enn þá, hversu fljótt íslenzkt sjónvarp muni geta flutt tæki sín til annarra húsa, þ. á m. alþingishússins, en það líða varla mörg ár, frá því að sjónvarp hefst, þar til það verður.

Rétt er að athuga, að með því að ákveða, að það skuli leyfilegt að sjónvarpa úr sölum Alþingis, erum við að taka veigamikla ákvörðun, sem er, ef dæma má eftir reynslu annarra þjóða, alls ekki sjálfsagður hlutur. Ég hygg, að þær þjóðir séu mun fleiri, sem hafa aldrei leyft beint útvarp og leyfa ekki beint sjónvarp úr þingsölum sínum. Í bernsku útvarpsins voru uppi þær hugmyndir, að rétt mundi að hverfa aftur til hins forna kerfis, þegar þjóðin fjölmennti á þingstað, og nota litlar útvarpsstöðvar, sem útvörpuðu öllum fundum frá þjóðþinginu. En það kom fljótt á daginn, að það mundi ekki vera ráðlegt og hefur verið horfið frá því á þeim fáu stöðum, þar sem það var reynt. Á hinn bóginn eru ýmsar þjóðir, sem leyfa bæði útvarp og sjónvarp úr þingsölum. Við erum í hópi þeirra þjóða, sem hafa samkv. vissum reglum leyft útvarp beint úr þingsal. Tel ég, að við eigum í beinu áframhaldi að gera ráð fyrir að sjónvarpa beint úr þingsal, þegar það verður tæknilega mögulegt. En í hópi þeirra þjóða, sem hafa valið þessa leið, eru einmitt næstu nágrannaþjóðir okkar og fyrirmyndir um þjóðfélagsmál, Norðurlandaþjóðirnar. Og ég hygg, að beint sjónvarp úr þingsölum hafi þar unnið sér slíkan sess þegar á fyrstu árum, að engum detti í hug í alvöru að snúa frá.

Þá er í þingsköpum fyrirskipað, að útvarpa skuli framsöguræðu fjmrh. við fjárlagafrv. og síðan takmörkuðum ræðuhöldum þar á eftir. Ég er þeirrar skoðunar, að útvarp á þessari ræðu og því, sem fylgir henni, sé vanhugsað. Ræða fjmrh. hlýtur að vera tæknilegs eðlis og vera morandi í tölum um alls konar smáatriði, sem þm. kunna á fingrum sér, en sárafáir leikmenn umhverfis landið geta áttað sig á. Menn þurfa að sjá tölur á pappírnum, þó að þær séu færri og minni en þær tölur, sem felast í sjálfum

fjárl. Ég tel því, að við eigum að hverfa frá því að útvarpa þessari 1. umr. um fjárl. og að gagn af þeirri umr. sé engan veginn í samræmi við þá upprunalegu hugmynd, sem hefur verið á bak við útvarp þessarar umr., að fjárl. væru kjarni allra stjórnmála og því væri eðlilegast að gefa beina mynd af þeim með því að útvarpa þessari umr.

Mikill hluti af ræðu fjmrh. fer óhjákvæmilega fyrir ofan garð og neðan hjá öllum þorra hlustenda. Útvarpið fer fram á þeim tíma, þegar hinir flokkarnir hafa ekki tekið fullnaðarákvörðun um afstöðu sína til fjárl., og þar af leiðandi nota þeir sinn tíma til þess að flytja almennar áróðursræður, sem væri hægt að flytja hvenær sem er, en á þessum stað og tíma gefa ranga hugmynd um þann anda, sem ríkir í þinghaldinu í sambandi við afgreiðslu fjárl. Í staðinn fyrir þessa umr., sem jafnan kemur í byrjun þings, legg ég til, að aðeins verði ein umr. lögskipuð og það verði almenn stjórnmálaumr., sem fari fram í byrjun þinghaldsins á haustin. Þá hafa liðið allmargir mánuðir, síðan þingi sleit. Þjóðin er þá að skipta um frá sumarverkum og yfir til haust- og vetrarverka. Þá tel ég vera mjög eðlilegan tíma til þess, að ríkisstj. hvers tíma — væntanlega forsrh. — gefi almenna skýrslu um gang þjóðmála og ástand. Hugmynd mín er sú, að ekki verði lögskipaðar aðrar umr., en hins vegar ráði flokkarnir því eins og hingað til, bæði allir saman og einstakir minnihlutaflokkar, hvenær útvarpað verður. Ég er þeirrar skoðunar, að útvarpsumr. um einstök mál séu mun gagnsmeiri og betri en þessar umfangsmiklu eldhúsumr., þegar þm. tala hver um sitt mál, eftir því sem þeir hafa áhuga á og eftir því sem flokkarnir fyrirskipa þeim. Umr. um einstök vandamál, sem eru efst á baugi, mundu verða málefnalegri, og við það, að þm. tala um sama mál hver á eftir öðrum, mundi fást skýrari mynd af mismunandi skoðunum á stærstu málum, sem frammi eru, þjóðin mundi fá betri hugmynd um málefnaflutning stjórnar og stjórnarandstöðu heldur en fæst með núverandi kerfi á útvarpsumr.

Ég hef lagt til, að fyrst í stað verði sjónvarpsumr. í aðalatriðum háðar sömu reglum, nema hvað ræður verði þar heldur styttri. Þá legg ég á það ríka áherzlu, að í þessum efnum eigum við ekki að líta svo á, að nein stórkostleg umskipti verði, þó að útvarpstæknin hafi tekið eitt skref. Við eigum að reyna að halda áfram þeirri hefð, sem við höfum myndað í þessum efnum, laga okkur að breyttum aðstæðum og gera þá ráð fyrir því, að við getum tekið ákvarðanir eftir fá ár um breytingar á t. d. ræðutíma í sjónvarpi eftir þeirri reynslu, sem fæst. Ég vil, að það sé opið mál og geti verið á valdi þingflokkanna, hvort þeir ákveða eingöngu útvarpsumr. um eitthvert mál, hvort þeir ákveða eingöngu sjónvarpsumr. eða hvort tveggja samtímis.

Þá hef ég lagt til ýmsar aðrar breytingar og er þeirra merkust og örlagaríkust sú, að ríkisútvarpið megi óska eftir að fá að útvarpa umr. og eigi því þá að vera heimilt að útvarpa miklum hluta eða allri umr. um eitt mál. Þá breytist þingsköp ekkert frá því, sem er við venjulegar umr. innan veggja þingsins. Þá mundi að vísu koma af sjálfu sér, að forsetar notuðu heimild eða ábendingu þingskapa um að raða ræðumönnum sem næst með máli og móti. Þetta kann að virðast byltingarkennd till., en ég vil benda á, að það er einmitt svona útvarp, sem hefur vakið athygli og náð vinsældum á Norðurlöndum. Þar eru ekki settar upp fastar reglur, mönnum sé raðað upp eins og tindátum og svo glymja bjöllur, ef nokkur fer sekúndu fram fyrir það, sem leyfilegt er. Reynslan á hinum Norðurlöndunum er sú, að heilbrigð skynsemi þm. sjálfra hefur haldið þessum umr. innan þeirra marka, sem ástæða er til. Menn hafa talað eins og þingsköp leyfa þeim og þeim þykir ástæða til, en skilið það, að þeir, sem reyna að flytja óeðlilega langar ræður og hafa kannske ekki efni í þær, gera engum tjón nema sjálfum sér. Eins er hitt, að þeir þm., sem geta flutt styttri ræður og komið máli sínu vel fyrir, njóta þess. Nú vil ég benda á, að þótt svona róttæk breyting væri gerð hér, eins og ég legg til, yrði alltaf á valdi þingflokkanna að óska eftir venjulegum útvarpsumr. eða sjónvarpsumr. um viðkomandi mál eftir þeim öðrum reglum, sem í frv. felast, svo að þeir geti breytt opinni umr. í umr. eftir þeim föstu leikreglum, sem annars eru notaðar. Ég geri mér ljóst, að hér er um mikilsverða breytingu að ræða og alls ekki víst, að menn átti sig á þessu, sætti sig við eða telji, að breytingin sé tímabær. En úr því að mál þetta var tekið upp, sá ég ástæðu til að beina athygli manna að því, hvernig þessu er skipað í næstu löndum og hvernig þau kerfi eru, sem þar hafa gefið bezta raun.

Segja má, að ýmis minni háttar ákvæði skipti ekki eins miklu máli, eins og það, að heimilt sé að taka í fréttir og fréttaauka einstaka ræðukafla manna. Þetta hefur útvarpið gert á undanförnum 2—3 árum og hefur yfirleitt þótt gefast vel. En það hefur farið varlega og að sjálfsögðu fengið leyfi viðkomandi manna hverju sinni og enn sem komið er alltaf haldið sig við umr., þegar hægt var að taka ræðubút frá aðalræðumanni hvers flokks. Í framtíðinni er alls ekki víst, að fréttagildi sé í sekúndum og mínútum jafnmikið í ræðum manna í öllum flokkum. Það getur verið, að einn daginn flytji formaður stjórnarandstöðuflokks yfirlýsingu, sem sé mikilvægasta fréttin, sem fram kemur á þinginu þann dag, og þá á hann að njóta þess í almennum fréttum. Eins getur hitt komið fyrir og er eðli málsins samkv. algengara, að yfirlýsingar frá ráðh. séu fréttnæmari, þá geta bæði þeirra yfirlýsingar og viðbrögð stjórnarandstöðu verið það fréttnæma. Hugmyndin í þessu er að freista þess að hafa þetta sem frjálsast í þeirri von, að þá muni rótgróin sanngirni og skynsemi þeirra manna, sem um þetta fjalla, t. d. þeirra manna, sem annast fréttir blaða og í þessu tilfelli útvarps, leiða til þess, að ekki verði á neinn hallað, þegar menn átta sig á því, að þessir fjöldamiðlar verða að fá leyfi til þess að segja það, sem fréttnæmast þykir, en þurfa ekki að bera þá skyldu, sem er í venjulegum útvarpsumr., að gera öllum jafnhátt undir höfði, hvort sem þeir hafa fréttir að færa eða ekki.

Þá kemur einnig til, að það má búast við vaxandi ágangi af hálfu ljósmyndara, kvikmyndatökumanna, segulbandsupptöku og myndsegulbandsupptöku, sem er það næsta í tækninni og er komið í notkun í sjónvarpsstöðvum um allan heim. Úr því að á annað borð eru ákvæði í þingsköpum og þar með landslögum um þessa hluti, sem er yfirleitt ekki í öðrum löndum, finnst mér rétt, að það sé ákveðið, að forseti þingsins skuli segja fyrir um, hvaða reglur skuli gilda. Reynslan í öðrum löndum sýnir, að ef ljósmyndun, kvikmyndun og annarri upptöku er ekki haldið í skefjum, getur þetta orðið að hreinni plágu.

Ég mun ekki hafa öllu fleiri orð um einstök atriði þessa frv., en vil enda á því að ítreka, að hugsun mín er sú, að kominn sé tími til að ræða um breytingar í þessum efnum og sé nauðsynlegt að taka málið fyrir. Ég hef valið þann kost að setja fram till. frekar en að óska eftir almennri endurskoðun. Ég skal játa, að ég hef af þessum ástæðum haft till. í róttækara lagi til að sýna mönnum það, sem lengst gengur í nágrannalöndum. Ég mundi mjög vel sætta mig við, ef árangurinn af flutningi þessa frv. yrði sá, að þingflokkarnir vildu taka málið upp til athugunar, svo að menn geti vænzt þess, að þeir nái samkomulagi um breytingar á næstu missirum.

Herra forseti. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég hefði talið heppilegra, að hv. flm. hefði haft þetta þáltill. um endurskoðun á þessum efnum, en hann hefur nú gert rækilega grein fyrir því, að hann líti á þetta frv. sem umræðugrundvöll. Það má því kannske segja, að ekki skipti svo miklu máli um formið, því að hv. þm. hefur lagt áherzlu á, að hann flytji frv. til þess að koma málinu af stað.

Ég vil lýsa þeirri skoðun minni, að ég tel tímabært að endurskoða reglur þær, sem hingað til hafa gilt um útvarp frá Alþ., í ljósi þeirrar reynslu, sem fengizt hefur, sem er orðin æðilöng og margvísleg, og því lætur ekki nema að líkum, að það þurfi að breyta þar einhverju, enda tel ég, að svo sé, að það þurfi að breyta þar til.

Þá kemur sjónvarpið, og þótt ekkert væri nema það, að fram undan er að byrja rekstur sjónvarps, mundi það vera nægilegt til þess, að það þyrfti að koma inn í þingsköpin ákvæði um, hvernig sjónvarpa skuli frá Alþ. Ég tel því, að hér sé hreyft tímabæru máli, á hvorn þáttinn sem litið er. Ég hef hugsað talsvert mikið um þessi efni, eins og að líkum lætur, og hef myndað mér skoðun um sumt í þessu, en ekki nándar nærri allt, sem kemur til greina.

Ég er ekki reiðubúinn til þess við þessa umr. að kasta fram neinum uppástungum um, hvernig breyta skuli til eða hvernig haga skuli notkun sjónvarpsins, og ég er ekki heldur tilbúinn til þess að láta í ljós álit um einstakar till., þær sem hv. þm. hreyfir í þessu frv., og mun því taka það ráð að ræða ekki einstök atriði þess, láta það bíða betri tíma, en leggja áherzlu á það með flm., að um þetta þyrfti endilega að nást samkomulag allra þingflokka, eins og raunar hefur tekizt fram að þessu, held ég, þegar settar hafa verið reglur um þessi viðkvæmu málefni. En það er mjög viðkvæmt og mjög þýðingarmikið, hvernig þessu verður hagað. Og mundi ég nú vilja vona, að slíkt samkomulag gæti náðst nú sem fyrr.

Ég vil hreyfa þeirri uppástungu eða skjóta því hér fram til n., sem fær þetta mál til meðferðar, hvort ekki mundi vera skynsamlegt af tilefni frv. að setja n., í hverri væru fulltrúar frá öllum þingflokkum, og sú n. gæti tekið þetta málefni til íhugunar eitthvað lengur en meðan Alþingi situr nú í vetur, og gæti þetta verið mþn., sem lyki störfum, áður en langt um líður.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég álít mjög gott, að þetta frv. um að breyta þingsköpunum er hér komið fram, bæði í sambandi við það sérstaka tilefni, sem hv. flm. notar, og eins til þess að athuga nokkuð um þingsköpin almennt. Við munum náttúrlega í þingflokki Alþb. taka þetta til gaumgæfilegrar athugunar, og það, sem ég segi hér, er eingöngu mínar persónulegar hugmyndir í sambandi við þetta.

Ég held, að það sé í sambandi við 1. gr. mjög rétt að athuga þetta. Ég álít þau rök, sem hv. flm., 5. þm. Vesturl., flutti um fjárlagaræðuna, að það sé mjög tímabært að breyta þar til. Við vitum, að lengi vel var þetta svo, að henni var útvarpað um miðjan dag, og þá hlustuðu mjög fáir, svo að fyrir nokkrum árum var gerð þessi breyting, að útvarpa henni að kvöldinu til. Þá náttúrlega óx hún mjög að gildi, en varð í raun og veru enn þá óhentugri vegna þeirra mörgu talna, sem í henni eru, þannig að það er rétt að athuga þessa till., sem kemur fram í 1. gr.

Þá tekur maður eftir því í sambandi við 2. gr., að það, sem er hugsað til þá, er að fella niður, að það sé sjálfsagt að útvarpa till. um vantraust. Það er náttúrlega hlutur, sem við þurfum mjög að athuga, því að t. d. við skulum segja fyrir stjórnarandstöðuflokka væru með svona breytingu aðeins til tveir möguleikar, það væru t. d. tveir stjórnarandstöðuflokkar eins og núna, að knýja fram umr., ef hinir flokkarnir væru á móti. En hins vegar vitum við, hvað sjaldan í raun og veru vantraust hefur verið borið fram og hve sjaldan vantraust hefur verið notað og vantraustsumr. hafa verið notaðar, alveg án tillits til þess, hvaða stjórn hefur setið í hvert skipti, þannig að það er náttúrlega rétt fyrir okkur að athuga þetta mjög gaumgæfilega.

Í sambandi við 3. gr. er, eins og flm. tók fram, um mjög mikla breyt. að ræða, sérstaklega í seinni málsgreininni þar um að gefa ríkisútvarpinu heimild til að útvarpa eða sjónvarpa í fréttum eða fréttaaukum ræðum eða ræðuhlutum. Þar eiga menn náttúrlega enn þá meira en ella undir óhlutdrægni ríkisútvarpsins og þess starfsmanna. Ég geng út frá, að með þessi efni verðum við vafalaust að prófa okkur áfram, þegar að því kemur, að farið verði að sjónvarpa.

Svo er sérstaklega í sambandi við 4. gr. hin mikla breyting, sem þar er um að gefa ríkisútvarpinu heimild til að útvarpa umræðum að verulegu leyti í heild og þá sé forseta skylt að leyfa það, án þess að breytingar verði á funda-

sköpum. Þarna er rétt fyrir þm. að gera sér það mjög ljóst, að við tilkomu sjónvarpsins gerbreytist öll ræðutækni á Alþ. T. d. sá siður, sem fjöldi þm. hefur, að skrifa ræður sínar orðrétt og lesa þær upp, er gersamlega óhafandi, þegar sjónvarp er komið. Þá er ekkert, sem verkar eins illa á þá, sem horfa á sjónvarp, eins og að sjá einhvern mann standa í einhverjum stól, þykjast vera að halda ræðu og vera að lesa upp eitthvað, sem er skrifað. Og þetta er hlutur, sem bókstaflega gengur raunverulega ekki, ef það eiga að heita ræður. Það verður að gerbreyta þeirri tækni, sem almennt á sér stað um ræðuflutning á Alþ., ef menn ætla að gera útvarpið eða sjónvarpið frá Alþ. þannig, að það sé sæmilega á það horfandi. Þarna koma sem sé ýmsir hlutir, sem bæði þm. þurfa vel að athuga sjálfir og eins eykst náttúrlega þarna ákaflega mikið vandi ríkisútvarpsins, þegar það tekur að sér að ráða á sama hátt og þingflokkarnir yfir því — og raunverulega með miklu meira valdi en nokkur þingflokkur hefur, að heilli umr. sé útvarpað. Við skulum bara hugsa okkur t. d. fyrir nokkuð löngu, þegar var verið að samþykkja að ganga í Atlantshafsbandalagið, að það hefði verið sjónvarpað öllu saman frá þeim sögulegu augnablikum hérna. Ef slíkt væri gert, gerum við okkur ljóst, hve gífurlegt vald við erum að leggja í hendur ríkisútvarpsins með slíku. En ég skil það einmitt á ræðu hv. frsm., að þetta eru hlutir, sem hann ætlast til að við ræðum og athugum og athugum vel.

Í. 5. gr., sem hann kom lítið inn á, er lagt til að gefa þingflokkunum tækifæri til þess að flytja erindi. Það er út af fyrir sig mjög gott, ég tel það mjög góða uppástungu. En mér dettur í hug: Er ekki rétt fyrir okkur að athuga, svona rétt til að gefa eitthvað ofur lítið betri mynd af þingflokkunum, að það séu ekki bara möguleikar á t. d. erindaflutningi? Væri ekki líka vel mögulegt að gefa þingflokkunum sem slíkum möguleika á eins konar útvarpskvöldum, svo og svo langri dagskrá á útvarpskvöldum, sem væru þá jafnvel alls ekki erindaflutningur, heldur bókstaflega ljóð, músik og annað slíkt, sem menn vildu finna til, og máske 10—15 mín. ræða í hæsta lagi? Það gæti verið mjög praktískt, að menn hefðu ekki þá hugmynd um þingflokkana, að það væri ekkert annað en einhver pólitísk prédikun, sem slíkir aðilar héldu, heldur að þeir hefðu líka vit á og kunnáttu til og þekkingu og smekk til þess að bjóða mönnum upp á ýmislegt annað. Og ég vil nú, fyrst við erum að ræða hér um útvarpið, minnast á það um leið, að ef við færum inn á að gefa þingflokkunum einhverja slíka heimild, þá held ég það hneyksli megi ekki viðgangast lengur, sem verið hefur í útvarpinu nú nokkur ár undanfarið, að fjölmennustu samtökum landsins, ASÍ, hefur ekki verið gefinn réttur, eins og tíðkaðist þó um áratug og áratugi, til þess að útvarpa 1. maí sjálft sinni útvarpsdagskrá eftir eigin ráðstöfunum. Það er gefið, að ef við eigum að fara út í það, og það er ekki nema eðlilegt, eins óskaplegt gildi og pólitík og öll stéttabarátta hefur fyrir fólkið í landinu, ef við eigum að fara út í það að veita t. d. þingflokkunum meiri rétt og betri aðstöðu en þeir hafa haft fram að þessu, má það ekki gleymast að veita slíkt fjöldasamtökum, sem hafa verið útilokuð, þegar fjöldi almennra samtaka í landinu annars hefur fengið slík réttindi.

Ég vil enn fremur benda á í sambandi við möguleikana á umr. þingflokka, að þar hefur t. d. víða í okkar nágrannalöndum verið hafður sá háttur á að hafa útvarpskvöld, eða við skulum segja klukkutíma eða eitthvað svoleiðis, þar sem t. d. tveir þingflokkar eigast við. Þar skiptast á ræður og ræða þar mestmegnis lítt undirbúið um spurningar og annað slíkt hvor frá öðrum, þannig að smám saman eigist þannig allir flokkarnir við í útvarpinu. Mig minnir, að t. d. í Noregi hafi þetta verið notað mikið í sjónvarpi og útvarpi og hafi þótt mjög vinsælt.

Það er því mjög heppilegt, að þetta frv. kom hér fram og við getum farið að athuga þær hugmyndir allar og þær aðferðir, sem okkar nágrannar hafa í þessum málum, og reynt að koma okkur niður á, hvað okkur þyki bezt að reyna til að byrja með. Ég fagna því sem sé, að það er komið fram frv. um breytingar á þingsköpunum. Ég hafði satt að segja verið að hugsa um að bera fram frv. um breyt. á þingsköpunum, en mun nú að líkindum, fyrst þetta frv. er komið fram, láta mér nægja að gera það sem brtt. við þetta, a. m. k. ef þetta frv. ætti að ganga fram nú í þessu þingi.

Það voru sérstaklega tvö atriði, sem ég var að hugsa um, að við þyrftum að fara að gera breytingar við. Það fyrra var í sambandi við 16. gr. Þar er mælt fyrir um nefndarkosningar, og m. a. er þar sagt, að til utanrmn. skuli vísa utanríkismálum og skal ráðuneytið ávallt bera undir hana utanríkismál, sem fyrir koma milli þinga. Ég var þar með hugmynd um að flytja till. eitthvað á þá leið, að aftan við þessa grein um utanrmn. komi: í samráði við utanrmn. og að undangengnum umræðum í henni skal á hverju þingi gefa skýrslu um utanríkis- og alþjóðamál. — Það er í raun og veru alveg óþolandi, að það hefur verið svo nú um alllangan tíma eins og utanríkismálin væru mál, sem kæmu ekki Alþingi við. Ég skal ekkert fullyrða, hvað mikið þau hafa verið talin koma hæstv. ríkisstj. við á undanförnum áratug, en hræddur er ég um, að oft hafi það verið svo, og á ég þar ekki við hæstv. núv. utanrrh., að það liggi við, að utanríkismálin hafi verið meira einkamál eins ráðherra heldur en mál þjóðarinnar, Alþingis eða ríkisstj. Og ég held, að það sé aftur tími til kominn, að við gerum þar algera breytingu á.

Utanríkismál og alþjóðamál eru hjá hverri þjóð eitt af höfuðmálum hennar. Og ég hef líka orðið var við það, að meira að segja í sjálfu aðalblaði ríkisstj. hefur bókstaflega verið komið inn á það í ritstjórnargrein, held ég að ég muni rétt, að það sé ekki vansalaust fyrir Alþ. að halda áfram að ræða yfirleitt ekki um utanríkismál. Við vitum, hvað það er, sem gert hefur það að verkum, að utanríkismálin voru, sérstaklega eftir 1949, eins konar feimnismál hér á þingi. Átökin voru svo hörð í sambandi við Atlantshafsbandalagið og síðan hernámið. Djúpið, sem varð á milli vissra flokka í þinginu, var svo mikið, að ríkisstj., svo að segja á hverjum tíma

sem var, vildi sem minnst um þessi mál ræða hér. Nú er raunverulega orðin mjög breytt aðstaðan, þannig að Atlantshafsbandalagið sem slíkt, þó að hernámið sé mjög þýðingarmikið og umdeilt mál, þá er Atlantshafsbandalagið sem slíkt, eftir þessi tæp 20 ár brátt, sem Ísland hefur verið í því, ekki orðið eins brýnt deilumál, það verður það vafalaust aftur, um það leyti sem við vonandi förum úr því. En sem stendur er það svo, að sú starfsemi, sem snertir okkur alþjóðlega og við þurfum endilega að fara að ræða og hugsa miklu meira um hér á þingi, er okkar starfsemi í Sameinuðu þjóðunum og þar með alþjóðamálin, eins og þau liggja þar fyrir. Og þar þarf þingið að fara að láta miklu meira til sín taka og þar með utanrmn. Ef ég veit rétt, er það t. d. svo hjá Norðurlandaþjóðunum, a. m. k. er það svo hjá Dönum, að þar kjósa þingflokkarnir menn í þá sendinefnd, sem ríkisstj. hefur hverju sinni á þingi Sameinuðu þjóðanna. Og þm. skipta bókstaflega með sér verkum um að setja sig sem bezt, sérstaklega utanríkismálanefndarmenn, inn í þau mál, sem rædd eru á þingum Sameinuðu þjóðanna, til þess að þjóðfélagið sem slíkt fylgist sem allra bezt með þessum málum og það séu á hverjum tíma menn, sem bera eitthvert skynbragð á það, sem þar er verið að ræða. Við vitum, að stærsta vandamálið í heiminum nú, vandamál, sem yfirgnæfir allt, sem hingað til hefur verið talað um sem mótsetningar á milli þess, sem kallað hefur verið „austur“ og „vestur“, er nú vandamál þeirra 1500 millj. manna í veröldinni, sem svelta meira eða minna heilu hungri, vandamál þeirra þjóða, sem við mundum kalla fátæku eða rændu þjóðirnar, þeirra þjóða, sem láta nú meira og meira til sín taka á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Andstaðan, sem núna er stundum kölluð milli „norðurs“ og „suðurs“, andstaðan milli þeirra þjóða, sem byggja Afríku, Asíu, og Suður-Ameríku og hins vegar þeirra tiltölulega ríku þjóða, sem byggja Evrópu og Norður-Ameríku, er í raun og veru að verða stórkostlegasta þjóðfélagslega eða mannfélagslega vandamálið í veröldinni. Þetta er vandamál, sem kemur okkur Íslendingum jafnt við og öðrum þjóðum og jafnvel í enn þá ríkara mæli, vegna þess að ef okkur tækist að sameina okkar krafta um að beita okkar litlu áhrifum á því sviði, hefðum við einmitt máske af reynslu að miðla, sem fáar þjóðir í Evrópu hafa, til þess að reyna að leysa ýmislegt í þessum vandamálum. Við höfum sjálfir verið í 600 ár nýlenduþjóð og getum þess vegna mun hægar en þær ríku þjóðir í Evrópu og Norður-Ameríku máske sett okkur inn í þá aðstöðu, sem þjóðir Afríku og fleiri þjóðir, sem nú hafa verið að öðlast sjálfstæði, sett okkur inn í þá reynslu, sem þær hafa þolað. Ég held þess vegna, að ákvæði um, að við tækjum fyrir a. m. k. einu sinni á hverju þingi, eftir ýtarlegar umr. við utanrmn., alþjóðamál til umr. hérna, væri ákaflega nauðsynlegt. Og ég held, að hjá þjóðinni sé verulegur grundvöllur fyrir því að ræða slík mál og fylgjast með þeim. Við tókum eftir því, við í þingflokkunum, þessir eldri, megum læra það gjarnan af æskunni, að stjórnmálafélögin og önnur æskulýðsfélög sýndu það mikla framtak í vor að gangast fyrir því, sem þau kölluðu „Herferð gegn hungri“, til þess að reyna að sýna vilja Íslendinga í nokkru til að bæta úr nauðþurftum hjá frumstæðum þjóðum, og við sáum, hve ákaflega vel þjóðin tók undir slíkt, þannig að það er engum efa bundið, að ef við getum fyrst og fremst snúið umræðuefnum okkar að því, sem við bærum vonandi að mestu leyti gæfu til að verða sammála um, létum kannske hitt meira eiga sig, nema þegar við tökumst á um það, sem við erum mest ósammála um, þá held ég, að við gætum bæði gert utanrmn. vel lifandi sem nefnd í þinginu og farið að láta Alþingi beita sér meira í alþjóða- og utanríkismálum en Alþ. hefur gert fram að þessu.

Þá hafði mér einnig dottið í hug að bera fram brtt. við 18. gr. í sambandi við nefndir þingsins, eitthvað á þessa leið:

Það er skylda hverrar nefndar að hafa afgreitt frá sér þau mál, sem til hennar er vísað, í síðasta lagi 6 vikum eftir að máli var vísað til hennar. Hafi nefnd eigi gert það, er forseta rétt að taka málið á dagskrá, ef flm. óska þess, þótt nefndarálit liggi eigi fyrir.

Við vitum, að það er farinn að tíðkast svo sá siður að afgreiða ekki mál úr n., að það er vansi að, og þetta verður að hætta að mínu áliti. Þegar við kjósum nefndir, ætlumst við til þess, að þær starfi að þessu, og Alþ. hefur einmitt nú verið að gefa n. betri starfsaðstöðu en áður. Maður hefur skilið, af hverju þetta hefur stafað. Oft eru þetta kannske góð og vinsæl mál, sem t. d. stjórnarandstaðan flytur, og ríkisstjórn á þeim tíma kærir sig kannske ekki um að þurfa endilega að fella það mál, eða eitthvað annað slíkt. En það eru ýmsar aðrar vægari aðferðir í slíku. Það er hægt að vísa til ríkisstjórnar. Það er hægt að gera ýmsar ráðstafanir, setja það í mþn. til athugunar eða ýmislegt slíkt, ef ríkisstj. vill ekki samþykkja þess háttar. En það er hins vegar óþolandi, að ár eftir ár séu borin fram hér frv. og það frv., sem eiga kannske allmikinn hljómgrunn hjá þjóðinni, a. m. k. hvað það snertir, að þau séu athuguð, og þau fást aldrei afgreidd úr nefnd. Ég skal bara nefna dæmi, sem liggur mér mjög nærri, eins og það frv., sem ég hef flutt hér nú í meir en 10 ár um áburðarverksmiðjuna. Þetta er raunverulega ekki hægt. Svona er ekki hægt að vinna á einu þingi. Menn verða að horfast í augu við það, að mál komi til 2. umr. og þar sé tekin ákvörðun um það. Og það er margs konar ákvörðun hægt að taka. Það er hægt að fella mál, það er hægt að vísa því til ríkisstjórnar og allt annað slíkt. En það að salta mál í n. er óviðkunnanlegasta og leiðinlegasta afgreiðslan á því. Það er miklu viðkunnanlegra út af fyrir sig að salta það hjá ríkisstjórn. En Alþingi á ekki að láta það um sig spyrjast, að það geti ekki afgreitt frá sér þorra þeirra mála, sem a. m. k. koma það snemma fram á þingi, að sæmilegur tími gæti unnizt til þess hjá n. að afgreiða þau.

Ég mun svo athuga það, hvort ég flyt þetta sem brtt. við þetta eða hvort ég flyt sérstakt frv., sem mundi þá líka fara til þeirrar nefndar, allsherjarnefndar, sem þetta frv. hér var lagt til að færi til.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er engin nýjung, að um það sé talað, að breyta þurfi reglunum um útvarp frá Alþ. Þær reglur hafa lengi verið gagnrýndar af ýmsum, en ekki hefur hingað til náðst eða virzt vera samkomulag um þvílíkar breytingar, og þess vegna hafa menn látið málið kyrrt liggja, af því að þeir hafa gert sér ljóst, að um þetta þyrfti helzt að fást samkomulag.

Nú eru nokkur tímamót, eins og hv. flm. hefur gert grein fyrir. Að því kemur, að sjónvarpað verði frá Alþ. Þá þarf að setja reglur um það og þá eðlilegt, að allt málið verði endurskoðað, og nú hefur því verið lýst yfir af hálfu þriggja flokka, að þeir vilji taka þátt í slíkri endurskoðun, og þó að það hafi ekki sérstaklega verið rætt í Sjálfstfl., hygg ég, að hann muni einnig fús til slíkrar endurskoðunar. Og ég tek undir það með hv. 1. þm. Austf., að ég tel eðlilegast, að í þetta mál verði sett mþn. Með hverjum hætti hún verður skipuð, getur komið til athugunar, en ég er sannfærður um, að endurskoðun á útvarpsreglunum einum er svo flókin og þarf að kynna sér reglur annars staðar með þeim hætti, að ekki er að búast við því, að því verði lokið, meðan þing starfar nú fyrir þinglausnir í vor, hvenær sem þær verða, hvað þá ef endurskoða á þingsköp almennt, eins og hv. 3. þm. Reykv. gaf nokkurt tilefni til að gert yrði og raunar er þörf á og við vitum að er þörf á.

Það hefur farið fram endurskoðun fyrir nokkrum árum, aðallega af hálfu forseta. Mönnum virtist hún ekki vera svo veigamikil eða snerta þau atriði, sem vandasömust eru, þannig að því máli var ekki hrint áleiðis. En síðan hafa menn fengið aukna reynslu, og ég hygg, að æskilegt sé, að endurskoðun fari fram. Endalaust má deila um, hvað eigi að taka fram í þingsköpum og hvað skapast fyrir venju um meðferð þingmála. Það þarf í raun og veru enga endurskoðun þingskapa til þess að koma hér á almennum umr. um utanríkismál. Ég er hv. 3. þm. Reykv. sammála um það, lét það uppi við annað tækifæri á dögunum, að ég tel eðlilegt, að þau mál verði rædd meira og oftar á Alþ. en gert hefur verið. Hv. þm. gat hins vegar um ástæðuna til þess, af hverju svo hefur farið sem farið hefur. Ekki er það svo, að neinn utanrrh. hafi skoðað þessi mál sem sín einkamál. Hann hefur auðvitað haft samráð við ríkisstj. og sína stuðningsflokka um meðferð þessara mála. En við vitum, að í þinginu hefur verið — má segja — það djúp staðfest milli manna, að umr. hafa verið taldar þýðingarlitlar og stundum, þegar þær hafa farið fram, eins og í sambandi við inngöngu í Atlantshafsbandalagið, með þeim hætti, að ýmsum þótti ekki líklegt til aukinnar friðsemdar með þjóðinni. Þetta vitum við, að er sú raunverulega ástæða. Hins vegar höfum við hv. 3. þm. Reykv. stundum á seinni árum rætt utanríkismál, og þó að við höfum ekki verið sammála, þá hef ég a. m. k. haft gaman af þeim umr., og ég veit, að hv. 3. þm. Reykv. hefur notið sín í þeim. Og þótt þær hafi verið um sérstök atriði, eru einmitt slíkar umr. gagnlegar og æskilegt, að þær komist á. Ég veit ekki, hvort það er endilega æskilegasta formið, að það verði framhald af rækilegum umr. innan utanrmn. eða eftir einhverja skýrslu, sem utanrrh. gæfi, hvernig sem því yrði fyrir komið. En ég minnist þess, að þegar fyrst var farið á Sameinuðu þjóðirnar, tók flokkur hv. 3. þm. Reykv. ekki þátt í þeirri sendiför, vegna þess að hann vildi fá því ráðið, að ef allir yrðu ekki sammála, yrði alls ekki greitt atkv. í málum. Á það gátu hinir flokkarnir vitanlega ekki fallizt. Og ef einhver flokkur ætlar að fá slíkt synjunarvald á gerðum hinna, kann það auðvitað ekki góðri lukku að stýra og gerir það að verkum, að umr. við slíkan aðila verða taldar þýðingarlitlar. (Gripið fram í.) Já, já, það má finna skýringar á öllu. En svona var þessu nú háttað þá. Ég veit, að það vakti gott fyrir hv. þm. út frá hans sjónarmiði, og hann hefur auðvitað fylgt fram sínum sérskoðunum, þegar hann hefur rætt hér um utanríkismál. En það er rétt, sem hann sagði, og alveg rétt skýring, að skoðanamunurinn hefur lengi verið svo mikill, að menn hafa talið umr. þýðingarlitlar. Nú má vel vera, og ég vona, að það sé rétt, að skoðanamunur fari minnkandi.

Ég vil strax taka það fram, að ég er ekki því sammála, að Íslendingar eigi eða muni hverfa úr Atlantshafsbandalaginu í fyrirsjáanlegri framtíð. Þetta er mál, sem vitanlega er þess vert, að það sé rætt, og þarf að ræða og einmitt ræða í almannaáheyrn alveg feimnislaust og menn gera upp sinn hug um það. Sumir hafa sagt, að þæð væru frekar horfur á því, að Atlantshafsbandalagið mundi stækka með því, að stór nágranni þess leitaði þar inngöngu, áður en yfir lyki. Ég vil ekki segja, hvort þannig fer. En allir vitum við, að það eru vissar breytingar í heiminum, sem eru að verða, og sumir, sem áður voru mjög á öndverðum meiði, koma sér nú betur saman, um leið og klofningur er kominn upp milli gamalla vina. Þetta hlýtur auðvitað að hafa áhrif á afstöðu okkar líka og skapar okkur nýja skyldu til þess að taka málið til athugunar. Það verður sjálfsagt gert, þegar þar að kemur. Ég er því sammála, að slíkar umr. þurfa að eiga sér oftar stað, en til þess þarf í sjálfu sér ekki breytingar á þingsköpum.

Annað er, sem við sjáum að mjög er tíðkað í stærri þjóðþingum og við höfum aldrei tekið upp, en ég hygg, að sé þó til athugunar, hvort gera eigi, og það er, að flokkar hafi aðallega einn talsmann í hverju máli, sem þá sérstaklega setji sig inn í það mál og geri grein fyrir því og taki þátt í umr. um það, til þess að umr. dragist ekki úr hófi fram. Nú getur það verið svo, eins og við þekkjum, að stjórnarandstaðan, hverjir sem í henni eru hverju sinni, vilji nota deilumál til þess að koma höggi á stjórn og ræða þá upp mönnum til þess að ræða þessi mál. Þetta vitum við, að hefur hér ætíð verið tíðkað. Þetta hefur sína kosti fyrir stjórnarandstöðuna í því skyni að vekja athygli á sínum málstað. Þetta dregur hins vegar umr. óhæfilega á langinn, og í okkar hraðvirka þjóðfélagi veit ég ekki, hvort þetta á lengur við og hvort þetta verður ekki til þess beinlínis að gera almenning leiðan á þinginu og þeim umr., sem fram fara.

Varðandi meginefni þessa máls hef ég í raun og veru ætíð verið andvígur því formi á út-

varpsumr., sem hér hefur verið, lét þá skoðun uppi snemma og hef aldrei farið dult með hana, og það er fyrst og fremst vegna þess, að útvarpsumr. hafa aldrei gefið rétta mynd af þingstörfum. Þetta eru tilbúnar umr., sem eiga ekkert skylt við venjuleg þingstörf. Þetta er, eins og hv. flm. sagði, eftirlíking af þingmálafundi, en ekki þingstörfum, sem hér hefur verið útvarpað. Þetta hefur aftur orðið til þess, að almenningur hefur fengið algerlega ranga hugmynd af þingstörfum, af því, sem hér hefur gerzt, með þeim afleiðingum, að menn hafa a. m. k. ekki fengið aukna virðingu fyrir þinginu, fyrir því raunverulega starfi, sem hér er af höndum leyst, og álíta, að samkomulag sé mun verra en það þó í raun og veru er. Við vitum, að hvað sem hinum stærri deilumálum líður, vinna menn hér yfirleitt í sátt og samlyndi, leiða nokkuð saman hesta sína, þó oftast nær í sæmilega góðu, og eru að reyna að afgreiða mál eftir málefnalegum rökum, en ekki eftir því, sem talið er að geti haft áhrif í kappræðum.

Það er óhætt að segja einnig, og hv. 3. þm. Reykv. kom inn á það, að frá því að hljóðritun hófst á ræðum, hefur ræðuflutningur hér mjög breytt um svip. Áður var það algerlega undantekning, að menn kæmu með skrifaðar ræður og læsu þær upp, eins og nú allt of margir gera. En menn hafa tekið eftir því, að ef ræðuflutningur á að njóta sín sæmilega í útvarpi, þar sem maðurinn sést ekki, er þetta nærri því nauðsynlegt, og þm. virðast ætla, að hin sama nauðsyn sé varðandi hljóðritun hér, sem er fullkominn misskilningur. En það er líka rétt, sem hv. þm. sagði, að þetta á sjálfsagt alls ekki við um sjónvarp. Þar er sá lifandi flutningur, sem öllu máli skiptir, en ekki upplesturinn, og því fer svo fjarri, að ég telji það, sem hv. flm. taldi mesta nýmæli í sínu frv., ganga of langt, það, að teknar séu upp lifandi myndir af umr., eins og þær eru í raun og veru. Ég tel einmitt, að í þessu sé framtíðarlausnin fólgin, að menn falli frá þessum tilbúnu umr., sem menn geta alveg eins sett upp utan þingsins, flokkarnir komið sér saman um, ef þeir vilja, að hafa þingmálafund, eins og líka er gert fyrir kosningar, en fólkið nú á dögum nennir sáralítið að hlusta á. Það, sem aftur á móti eftir minni vitund hefur verið tekið upp í öllum þingum, þar sem ýmist er sjónvarp eða útvarp, er, að það eru teknar umr. eins og þær eru í raun og veru um mál, sem talið er að almenningur hafi áhuga fyrir eða gefi sæmilega mynd af þinginu. Menn útvarps eða sjónvarps velja þetta og haga þannig, að enginn telur á sig hallað. Nú höfum við þessa miklu hræðslu hér á landi um hlutleysisbrot og annað slíkt og treystum þar yfirleitt engum nema sjálfum okkur til þess að gæta og með þessu ströngu reglum. Tilfellið er það, að ég hygg, að menn geri allt of mikið úr hættunni við það, þótt einhverjar hjákátlegar skoðanir komi fram í útvarpi og þeim andstæðar. Almenningur hefur fullkomið vit til þess að meta það sjálfur, og þess vegna eru allar þessar reglur til að forðast misnotkun útvarpsins meira og minna ástæðulitlar, og ég hygg, að a. m. k. nú, eftir að menn eru búnir að venjast þessu tæki og við höfum duglega og færa útvarpsmenn, ætti þeim að vera vel treystandi til þess að taka hér upp sæmilega rétta mynd og úrval úr því, sem í raun og veru fer fram. Við gætum minnzt á látinn vin okkar, Helga Hjörvar. Hver vissi í raun og veru með hverjum hann var í stjórnmálum? Hann var góður vinur okkar allra, og ég veit, að hann vildi á engan halla. Þegar ég hlusta á útvarpsfréttir frá þingi á fréttatíma, finnst mér þær yfirleitt vel úr garði gerðar. Ef maður segir eitthvað sjálfur, finnst manni kannske, að það sé ekki tekið nógu skýrt fram. Það hlýtur ætíð svo að verða með allar frásagnir. En ég held, að þessi ótti okkar sé mjög ástæðulítill, og ég held, að það mundi skapa þinginu aukna virðingu og meiri áhuga fyrir þess störfum, ef oftar og miklu styttra væri tekið upp það, sem hér fer raunverulega fram, því samanþjappað og það með þeim hætti látið berast til almennings, en forðazt að hafa þennan tilbúna hátt á, sem ég segi að er óraunhæfur og gefur alranga mynd af því, sem í raun og veru er að gerast.

Einmitt þess vegna tel ég, að það eigi að setja mþn. í þetta mál. Hún þarf að kynna sér, hvernig þessu máli hefur verið ráðið til lykta annars staðar. Ég gerði það fyrir nokkrum árum, að ég fékk upplýsingar um það, hvernig þessu var þá fyrir komið á Norðurlöndum. Ég hætti við að hreyfa málinu, af því að ég taldi, að það yrði tekið sem pólitískt mál, eitthvert sérstakt áhugamál Sjálfstfl., að við vildum skjóta okkur undan þessum löngu útvarpsumr., ef ég færi að taka það mál upp. Nú er tilvalið tækifæri til þess að kynna sér og athuga, hvernig aðrir hafa leyst það, bæði á Norðurlöndum og í öðrum þjóðþingum. Og ég hef hvergi heyrt getið um sams konar hátt á eins og hér hefur verið hafður og eins og flm. réttilega tekur fram hefur orðið þinginu til lítillar sæmdar, ekki vegna þess, að útvarpsumræðurnar séu ekki alveg forsvaranlegar og menn reyni að leggja sig þar fram, en þær bara sýna annað en það, sem hér hefur verið að gerast. Þær gefa alranga mynd af okkar störfum, og hví skyldum við vera að eyða tíma, fyrirhöfn og kostnaði til þess, þegar árangurinn er ekki betri en raun ber vitni?

Ég ítreka sem sagt, að ég þakka hv. flm. fyrir að flytja þetta frv. Ég tek undir það með hv. 1. þm. Austf., að ég tel æskilegt, að menn komi sér saman um mþn. og þá til endurskoðunar þingskapanna í heild og það verði teknar upp viðræður milli flokka um það, hvernig sú mþn. yrði skipuð.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég vil þakka síðustu þrem ræðumönnum fyrir þær undirtektir, sem ég hef fengið undir þetta mál. Þeir hafa sérstaklega tekið undir hugmynd mína um, að mál þetta verði tekið upp til athugunar.

Ég vil sérstaklega þakka hæstv. forsrh. fyrir það, að hann gekk lengra en ég hafði sjálfur þorað í minni ræðu um það, hvernig æskilegast væri, að útvarpsumr. frá þinginu væru. Ég hugsa á svipaða lund og hann, og ég get á það bent, að útvarpsráð hefur síðustu ár með þátttöku manna úr öllum flokkum stigið allmörg skref í þá átt að losa hin gömlu höft hræðslunnar

við hlutleysisbrot og koma af stað frjálsari umr., eins og nú eiga sér stað, sérstaklega á mánudagskvöldin. Ég hef sem betur fer tekið eftir því, að fólk fagnar þessu og er ekki nærri því eins viðkvæmt fyrir því, sem áður var talið hlutleysisbrot. Hygg ég, að þegar litið er á lengri tíma, muni frelsið jafna metin og þurfi enginn undan því að kvarta, að hinar opnu og frjálsari umr. séu ekki betri en höftin.

Hv. 3. þm. Reykv. minntist á einstök atriði, t. d. að flokkarnir fengju heil útvarpskvöld til að setja upp skemmtidagskrár. Þetta er gert í Ameríku. Þeir kaupa heil kvöld og verða að borga fyrir — oft daginn áður eða kvöldið áður en kosið er. Þá er nokkurn veginn jafnmikið af filmstjörnum og pólitískum stjörnum, sem fram kemur. Ég geng ekki eins langt í þessu efni. (Gripið fram í.) Þeir eru ekkert lakari til þess að skemmta þjóðinni heldur en margir, sem fá borgað fyrir það.

Ég vil að lokum segja út af orðum hv. 3. þm. Reykv. um þá breytingu, sem verður á umr. við sjónvarp. Það er margt sem breytist. Það verður ekki hægt að vera með nefið ofan í handriti og lesa. Það er talað um, að Nixon hafi tapað fyrir Kennedy, af því að hann var ekki rétt málaður í sjónvarpi og fleira slíkt. En við skulum ekki láta svona hluti hræða okkur, því að þetta eru byrjunarörðugleikar sjónvarpsins, sem menn hafa sigrazt á annars staðar og við getum fljótlega komizt yfir. Þessi miðill mun gera okkur alveg eins og við erum. Við eigum sem minnst um hann að hugsa, þegar að því kemur, og það mun koma í ljós, að það er ekki sérstök manntegund, sem lítur betur út í sjónvarpi en önnur. Þar sýnir það sig, að þeir menn, sem hafa persónuleika og skoðanir fram að færa og geta tjáð sig vel í tveggja manna tali eða við stóran hóp, munu njóta sín á nákvæmlega sama hátt í sjónvarpi. Það er því ekki minnsta ástæða til að óttast þennan nýja miðil.

Og að lokum þetta: Ef það hefði verið sjónvarpað til þjóðarinnar frá atburðunum, þegar við gengum í Atlantshafsbandalagið, þá getur vel verið, að hegðun einhverra manna hefði verið örlítið betri en hún var. Og gæti vel verið, að lærdómur þjóðarinnar á þeim viðburðum, á einn veg eða annan eftir skoðunum, hefði getað orðið jafnvel meiri en hann varð. A. m. k. er ég sannfærður um það, að slíkir viðburðir nái betur og á allt annan hátt til þjóðarinnar, og þarf ekki annað en að taka síðasta dæmið úr Noregi, frá þeim örlagaríku King's Bay umr., sem gengu í sjónvarpi um miðjan dag. Þá var sjónvarpað beint úr þinginu umr., eins og hún kom fyrir, í marga daga, og mátti heita, að þjóðlífið stöðvaðist á meðan.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

23. Sala eyðijarðarinnar Sperðlahlíðar.

Á 41. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Sperðlahlíð í Suðurfjarðahreppi [112. mál] (þmfrv., A. 233).

Á 43. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Þetta frv. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja héraðslækninum á Bíldudal eyðijörðina Sperðlahlíð í Arnarfirði er flutt skv. beiðni læknisins. Ætlun hans er að eiga þarna þægilegan samastað til hvíldar að sumrinu, fjarri ys og allri umferð. Hér er um smávægilegt mál að ræða, en þó ekki með öllu þýðingarlaust fyrir héraðsbúa þar vestra, því að aukin þægindi fyrir héraðslæknirinn þar innan héraðs styðja að því, að hann uni þar vel hag sínum. Hins vegar er við búið, ef læknir flytur á annað borð burt úr þessu héraði, að það verði ekki auðvelt að fá lækni í hans stað, því að þetta hérað þykir ekki eftirsóknarvert.

Þó að þetta eyðikot yrði selt héraðslækninum, er ekki miklu fórnað af ríkisins hálfu. Ég efast um, að lítilmótlegra býli sé til í ríkiseign. Eyðikotið Sperðlahlíð, sem er nú búið að vera í eyði síðan 1940, er gersneytt öllum þeim kostum, sem á þarf að halda til búrekstrar, að öðru leyti en því, að það má hafa þar sæmilegt neyzluvatn. Í umsögn hreppsnefndar Suðurfjarðahrepps um jörðina segir m. a., að þar sé enginn húskofi, engin ræktun, svo að segja engin ræktunarskilyrði, vegalaust með öllu, hvorki sími né rafmagn, og annað eftir þessu. Síðan mælir hreppsnefndin með því, að læknirinn fái kotið. Ég tel sennilegast, að þessi jörð hafi aldrei brauðfætt neina fjölskyldu, heldur hafi þeir bændur, sem þarna hafa búið, haft lífsframfæri sitt af sjósókn úr verstöðvunum utar í Arnarfirði.

Ég vona, að þetta litla frv. eigi greiðan gang gegnum þingið, og ég legg til, herra forseti, að því verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til landbn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

24. Hafnargerðir.

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um ríkisframlag til hafnargerða og lendingarbóta [131. mál] (þmfrv., A. 275).

Á 51. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það, sem nú liggur fyrir á þskj. 275, um ríkisframlag til hafnargerða og lendingarbóta, flytj-

um við 7 þm. Framsfl. Þetta frv. hefur ekki áður verið flutt hér á Alþ., en á undanförnum þingum höfum við þm. Framsfl. flutt annað frv. um hækkun ríkisframlaganna með öðrum hætti.

Hafnvæðingaráætlun sú, sem þetta frv. fjallar um til tveggja ára í senn, er einnig nýmæli. Ég mun síðar víkja nánar að efni frv.

Við Íslendingar búum á eylandi. Þess vegna er okkur eðlilegt að verða siglingarþjóð, og ætla má, að við verðum það í vaxandi mæli, er stundir líða. Hin tiltölulega mikla utanríkisverzlun landsmanna stuðlar að þeirri þróun. Úti fyrir ströndum þessa eylands eru víðáttumikil og auðug fiskimið. Þess vegna erum við fiskveiðiþjóð, höfum verið það lengi og verðum til frambúðar væntanlega, ef við og aðrir berum giftu til að koma í veg fyrir eyðingu fiskstofnsins.

Hér er vogskorin strönd víðast hvar og í fjörðum hennar, víkum og vogum skipaskjól í veðrum meira eða minna eftir áttum. En nútíma siglinga- og fiskveiðiþjóð kemst ekki af með firði sína og víkur. Nútíma fiskveiðiþjóð flytur ekki vörur og sjávarafla á smábátum að og frá klöpp eða fjöruborði. Hún þarf að eiga nútíma hafnir af mönnum gerðar, afgreiðslubryggjur og hafnarbakka, brimbrjóta og bátakvíar og önnur tilheyrandi hafnarmannvirki ofansjávar og neðan. Vélvæðing og rafvæðing er lífsnauðsyn í landi, en hafnvæðing er það einnig og samtímis fyrir þá fiskveiða- og siglingaþjóð, sem hér býr. Því fleiri og betri sem hafnir landsins verða, því betur notast fiskimiðin og því traustara atvinnulíf við sjávarsíðuna. Hafnirnar eru líka ein aðalundirstaða hæfilega víðrar landsbyggðar. Góðar hafnir auka öryggi fyrir skip og menn og skapa skilyrði til vaxandi tækni í vinnubrögðum. Fiskiðnaður og raunar fleiri tegundir iðnaðar geta ekki þrifizt, svo að í lagi sé, nema viðhlítandi hafnarskilyrði séu fyrir hendi.

Saga þeirra mannvirkja hér á landi, sem telja má til hafnargerðar, hefur ekki verið skráð og ekki rannsökuð til neinnar hlítar. Við vitum víst ekki með neinni vissu, hvenær fyrsta brúin var byggð yfir vatnsfall á Íslandi, og ekki heldur, hvenær skip lagðist að bryggju í fyrsta sinn hér við land. En þeir, sem stunduðu sjóinn eða voru farnir að ferðast meðfram ströndum landsins fyrir svo sem hálfri öld eða rúmlega það, muna hafnarmannvirkin eins og þau voru þá almennt, staurabryggjur úr timbri, sem millilanda- og strandferðaskip lögðust að, þar sem aðstaðan var bezt, en á öðrum stöðum litlar bátabryggjur, og þar, sem ekki var um slíkt að ræða, lausabryggjur í fjöru. Hinar föstu trébryggjur, a. m. k. hinar stærri, voru yfirleitt eign hlutaðeigandi verzlana, og þannig var það að sjálfsögðu frá öndverðu, að verzlanirnar, sem stóðu fyrir siglingu á hafnirnar og tóku við fiskinum, sáu fyrir afgreiðslu og fisklöndunaraðstöðu. Gerð hafnarmannvirkja á vegum bæjar- og sveitarfélaga er yfirleitt fyrirbæri síðari tíma. Margir þeirra, sem nú sitja í þessum sal, eru aldir upp og komnir til fullorðinsára á öld uppskipunarbátanna, sem þá voru í miklum hluta hafnanna, róið milli skips og lands, stundum við ærna mannhættu í misjöfnum veðrum, eða dregnir af mótorbátum. Sem betur fer má víst segja, að sá afgreiðslumáti í höfnum heyri nú yfirleitt til liðinni tíð.

Bygging Reykjavíkurhafnar á árunum 1914—1917 er upphaf nýrrar sögu á þessu sviði. Fyrir rúmlega 50 árum, eða nánar tiltekið 4. ágúst 1915, ákvað Alþ. að láta hefja undirbúning að almennri hafnargerð hér á landi. Þann dag, á öðru ári fyrri heimsstyrjaldarinnar, samþ. þingið svo hljóðandi ályktun:

„Alþ. ályktar að skora á landsstjórnina að láta hafnarverkfróðan mann á næstu árum skoða leiðir og lendingar í helztu verstöðum landsins eða í nánd við þá, þar sem fiskveiðar eru reknar haust og vetur, hvort eð er á smáum eða stórum bátum, og gera kostnaðaráætlanir um hafnargerðir og lendingarbætur á þeim stöðum. Rannsóknir þessar skulu fara fram í samráði við Fiskifélag Íslands og skv. áliti þess um, hvar arðsamast er og þýðingarmest fyrir fiskveiðar vorar, að hafnir séu gerðar og lendingar bættar.“

Þetta var sú ályktun Alþ. frá 12. ágúst 1915, sem telja má upphaf að sögu almennrar hafnargerðar í nútímastíl hér á landi.

Yfirverkfræðingurinn við Reykjavíkurhöfn, N. P. Kirk að nafni, útlendur maður, var ráðinn til þess af ríkisstj. að framkvæma nefnda rannsókn og áætlunargerð. Kirk vann að rannsóknninni á sumrunum 1918 og 1919 og fór í því skyni víða. Athugun hans tók til 42 staða hér og þar á ströndum landsins. Kirk lézt haustið 1919, og varð álitsgerð hans ekki fullsamin. En Thorvald Krabbe verkfræðingi, síðar vitamálastjóra, var þá falið að ljúka verkinu. Skýrsla hans til stjórnarinnar er prentuð árið 1922 og tók til 49 staða. Henni fylgdu uppdrættir af 20 höfnum eða hafnarstöðum, yfirlit samið á vegum Fiskifélagsins um helztu verstöðvar Íslands 1918 og skýrsla Bjarna Sæmundssonar um fiskirannsóknir við Reykjanes.

Upp úr þessu og þó nokkru síðar má telja, að hafnarframkvæmdir á vegum ríkisins og með ríkisframlagi hefjist að ráði og svo smátt og smátt hér og þar á landinu. Lengi framan af var unnið að þessum framkvæmdum samkv. l., er Alþ. setti um hverja höfn eða lendingarbót fyrir sig. Í slíkum hafnalögum var að jafnaði ákveðið, að ríkissjóður legði fram ⅓, ½ eða ⅔ hluta kostnaðar, allt að tiltekinni upphæð á hverjum stað, og ríkisstj. heimilað að veita ábyrgð fyrir láni. Árið 1946 voru í gildi 24 slík hafnarlög, önnur 24 um lendingarbætur og ein um bryggjugerð. En það ár, þ. e. a. s. fyrir nálega 20 árum, voru sett ný almenn lög um hafnargerðir og lendingarbætur og öll hin eldri lög þar með felld úr gildi. Síðan hefur þessum l. frá 1946 verið breytt nokkrum sinnum og bætt við nýjum stöðum. Í l., eins og þau eru nú, eru taldir upp með nöfnum 35 hafnarstaðir og 78 lendingarbótastaðir víðs vegar um land. Til margra af þessum stöðum hefur þó lítið eða ekkert fé verið veitt og framkvæmdir þar varla fyrirhugaðar fyrst um sinn. En segja má, að á 60—70 stöðum sé að jafnaði eitthvað unnið, a. m. k. öðru hverju. Og það er hafnvæðing þessara nálægt 70 staða, sem ég hef fyrst og fremst í huga, þegar ég ræði nú þetta mál.

Samkv. gildandi l. frá 1946 leggur ríkissjóður

fram 40% af kostnaði við hafnargerðir og 50% af kostnaði við lendingarbætur, sem kosta allt að 1.6 millj. kr., en eftir það 40%. Hin almenna regla er því, að ríkið leggi fram 40% af kostnaði við að koma upp höfnum. Auk þess er í l. heimild til ríkisábyrgðar fyrir lánum, sem nemi allt að því, sem á vantar, þ. e. a. s. hluta hafnarsjóðs eða sveitarfélags, og sú heimild yfirleitt notuð, en skilyrði fyrir framlagi og ríkisábyrgð er, að vitamálastjóri hafi samþykkt þau hafnarmannvirki, sem um er að ræða hverju sinni.

Margir hv. þm. þekkja af reynslu fjárhagslega þróun þessara mála víðs vegar um landið. Þörfin var brýn og er enn fyrir framkvæmdir, og mikið hefur verið unnið, þó að meira sé að líkindum ógert. Margt hefur orðið dýrara en það hefði þurft að verða, ef fjárráð hefðu verið rýmri, tæknin meiri og hin leiðbeinandi hönd sérfræðinnar eigi svo fjarlæg sem raun hefur á verið. Mestur hluti hafnarframkvæmdanna hér og þar hefur verið unninn fyrir lánsfé, sem hafnarnefndir og sveitarstjórnir hafa dregið saman með miklum erfiðismunum. Ríkið hefur ekki staðið í skilum með sitt fjárframlag nema að nokkru leyti á réttum tíma. Þó að gerð hafnanna sé lífsnauðsyn fyrir hlutaðeigandi byggðarlög og nýtingu fiskimiðanna, hefur það sýnt sig, að tekjur hafnanna, eins og þær eru í smíðum flestar, eru yfirleitt fjarri því að nægja til þess að standa straum af þeim 60% af kostnaðinum, sem ríkissjóður greiðir ekki. Þar við hefur svo bætzt greiðsludráttur ríkisframlagsins. Langt er síðan greiðslur vaxta og afborgana af hafnarlánum byrjuðu nokkuð almennt að falla á ríkissjóð að meira eða minna leyti. Um þetta efni leyfi ég mér að vísa til þess, sem segir í grg. þessa frv. um ríkisábyrgðir og fjármál hafnar- og lendingarbótasjóða.

Þegar á árinu 1958 var hv. þm. almennt orðið ljóst, að löggjöfin frá 1946 var að verða úrelt og að nauðsyn bar til, að ríkissjóður tæki að sér að bera meiri hluta af hafnargerðarkostnaði sveitarfélaganna en þar er ákveðið. Var þá líka svo komið, að sett höfðu verið sérstök lög um landshafnir, sem gerðar eru að öllu leyti á ríkisins kostnað. Hinn 26. maí 1959 ályktaði Alþ. að fela ríkisstj. að láta endurskoða, eins og það var orðað, gildandi lagaákvæði um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga, svo og ákvæðin um landshafnir og önnur þau atriði l. um hafnargerðir, er ástæða þykir til að breyta, eins og segir í ályktuninni, enn fremur að láta gera 10 ára áætlun um nauðsynlegustu hafnarframkvæmdir í landinu. Haustið 1958 fól samgmrn. atvinnutækjanefnd, er þá var starfandi, að framkvæma þetta verk í samráði við vitamálastjóra. Skilyrði til áætlunargerðar þeirra, sem hér var gert ráð fyrir, voru að vísu af skornum skammti en tilraun var þó gerð, sem sennilega hefur komið að einhverju gagni, þótt þeim, sem að henni unnu, yrði að vísu fljótlega ljóst, eftir að þeir hófu starf sitt, að ekki var hægt að gera áætlun 10 ár fram í tímann, eins og ráðgert var. N. sagði í skýrslu sinni, að á áætlunina bæri að líta sem tilraun til að gera grein fyrir helztu verkefnum komandi ára, að svo miklu leyti sem unnt er, eins og það er orðað í nál., sem útbýtt var hér á Alþ. En jafnframt framkvæmdi n. ásamt vitamálastjóra ýtarlega endurskoðun á gildandi löggjöf um hafnarmál og afhenti samgmrn. haustið 1961 frv. til l. um hafnir og hafnarbótasjóð, ásamt grg., er hún hafði samið með frv.

N. hélt rúmlega 60 fundi um þessi mál, þar af rúmlega 50 fundi með vitamálastjóra, enda var hann mjög í ráðum með henni um störf hennar og till.

Frv. það, sem rn. var afhent haustið 1961 um hafnir og hafnarbótasjóð, hefur ekki verið lagt fyrir Alþ. og ekki heldur birt á annan hátt. Ekki hefur heldur verið lagt fram annað frv. í þess stað.

Það er enn ógert, sem Alþ. taldi nauðsynlegt fyrir 8 árum, að breyta gildandi lagaákvæðum, eins og það þá var orðað, um skiptingu kostnaðar við hafnargerðir milli ríkis og sveitarfélaga.

Við, sem að þessu frv. stöndum, teljum, að þetta þoli nú ekki lengur bið, hvað sem endurskoðun líður á hafnarmálalöggjöfinni að öðru leyti. Á undanförnum þingum höfum við flutt frv um hækkun ríkisframlagsins til ýmissa nauðsynlegustu hafnarmannvirkja, en það hefur ekki borið árangur hér á Alþ. Nú viljum við gera tilraun til að bera fram nýjar till. og með öðru sniði um það efni. Jafnframt leggjum við til, að Alþ. taki upp ný vinnubrögð með áætlunargerð og staðgreiðslu á ríkisframlaginu, ef svo mætti segja, enn fremur að tryggð verði á skömmum tíma greiðsla hins ógreidda ríkisframlags eða ríkisframlaga, sem safnazt hafa saman og enn munu safnast saman á þessu ári, þrátt fyrir þá viðleitni, sem uppi hefur verið til að stytta þennan „hala“, sem svo er nefndur.

Aðalefni frv. á þskj. 275, sem nú er til umr., er í stuttu máli þetta:

Það er lagt til, að hafnar- og lendingarbótastöðum skv l. frá 1946 verði skipt í þrjá flokka. Í staðinn fyrir núverandi ríkisframlag, sem er yfirleitt 40% af kostnaði, er lagt til, að ríkisframlagið verði 50% í A-flokki, 60% í B-flokki og 70% í C-flokki, en ríkisábyrgðarheimildin lækki að sjálfsögðu að sama skapi.

Gert er ráð fyrir, að sameinað Alþ. ákveði skiptinguna með þál., sbr. vegáætlun skv. vegalögum, að fengnum rökstuddum till. vitamálastjóra, og að hækkun ríkisframlaganna taki gildi í byrjun næsta árs, en geti þó, ef svo er fyrir mælt í ályktuninni, gilt um eldri framkvæmdir, t. d. á þessu ári. Til þess er ætlazt, að flokkaskiptingin og þar með hundraðshluti ríkisframlagsins verði við það miðað, að hafnarsjóðir hafi sem jafnasta fjárhagslega aðstöðu til að koma upp undirstöðumannvirkjum hafnargerðar, að þeim verði það fjárhagslega viðráðanlegt, þannig að nauðsynleg hafnvæðing landsins geti komizt í framkvæmd sem fyrst.

Í 3. gr. frv. á þskj. 275 er annað nýmæli: að gerð verði tveggja ára áætlun um framkvæmdir samkv. frv. þessu og um öflun fjármagns til áætlunarframkvæmda, enda verði þá jafnframt lögfest skylda til að greiða að fullu ár hvert ríkisframlagið til þeirra hafnarmannvirkja, sem gerð eru á árinu samkv. framkvæmdaáætluninni. Hér er að því stefnt, að bundinn verði endir á

það ástand, að hafnarsjóðir eigi fé inni hjá ríkinu, jafnvel árum saman. Jafnframt er lagt til, að eldri skuldir ríkisins við hafnarsjóði verði greiddar að fullu á næstu þrem árum. Mætti þá hugsa sér, að ríkið tæki, ef þurfa þætti, nokkurt fé að láni til að koma framlagsgreiðslunum í viðunandi horf. Þegar um skuldamyndun er að ræða vegna þessara framkvæmda, er í rauninni eðlilegt, að ríkið, en ekki hafnarsjóðir, taki lán til að greiða þann hluta kostnaðarins, sem ríkinu ber að greiða að lögum. Gert er einnig ráð fyrir í frv., að ríkisstj. veiti hafnarsjóðum aðstoð við útvegun lánsfjár til framkvæmda samkv. tveggja ára áætlun.

Í byrjun þessa árs áttu Íslendingar rúmlega 900 vélknúin þilskip, ef talið er samkvæmt skipaskrá, allt frá hinum stærri hafskipum niður í hina smærri fiskibáta. Sú tala er hækkandi og verður væntanlega hækkandi á komandi árum. En þróunin hefur verið sú í seinni tíð, að hinum stóru fiskiskipum fjölgar. Auk þilskipanna eiga landsmenn nú rúmlega 1300 opna vélbáta og sennilega nokkru fleiri, og verulegan hluta af þessum opnu vélbátum má telja til fiskiflotans, þessa mjög svo mikilvæga fiskiflota, sem leggur til efnið í meira en 90% af útflutningi gjaldeyrisvöru. Tækniútbúnaður, áhafnir og afköst þessa fiskiflota, allt er þetta í fremstu röð meðal fiskveiðiþjóða, að því er fróðir menn telja, enda þótt nú þrengi nokkuð að útgerðinni sakir vaxandi verðbólgu. En í landi hefur hin atvinnulega þróun sjávarplássanna ekki fylgzt með þróuninni á sjónum. Undirstaða þeirrar þróunar í landi og sjálfra fiskveiðanna með nútímasniði er hafnvæðingin, sem ég ræddi um í upphafi máls míns. Vegna sjávarvöruframleiðslunnar og vegna landsbyggðarinnar má þar ekki verða neitt lát á. Á þessu sviði verðum við Íslendingar að setja okkur markmið og ná áætluðu marki á einhverjum tilsettum tíma. Þjóðfélaginu í heild ber að tryggja þá þróun, sem hér þarf að eiga sér stað.

Við, sem að þessu frv. stöndum, leggjum ekki til, a. m. k. ekki að svo stöddu, að allar hafnir verði gerðar að landshöfnum, enda mundu því fylgja ýmsir ókostir. En það er óviðfelldin aðferð og ekki til frambúðar að ætla einstökum févana hafnarsjóðum eða sveitarfélögum að standa undir meiri stofnkostnaði en ætla má að tekjur þeirra af hafnargjöldum hrökkvi til að standa straum af fyrst um sinn, á meðan framkvæmdirnar hafa ekki borið þann árangur í vaxandi atvinnulífi, sem víða má vænta, er tímar líða, ef lán verður með þeim, sem fyrir málum ráða í landinu. Það er öfug aðferð og ekki til frambúðar að ætla þessum hafnarsjóðum að taka lán, sem þeir sýnilega geta ekki greitt, komast þar með í vanskil við ríkissjóð og greiða síðan vanskilin með nýjum skuldabréfum, sem þeir geta ekki heldur greitt. Hitt sýnist þá eðlilegra, að ríkið taki strax að sér að greiða þann hluta kostnaðarins, sem sýnilega verður að greiða í einu eða öðru formi, og inni þessar greiðslur af hendi að fullu ár hvert til þeirra framkvæmda, sem þá er um að ræða. Ef þess gerist þörf, er það, eins og ég vék að áðan, auðsætt mál, að ríkið getur ekki síður en sveitarfélögin tekið lán, sem til þess þarf að greiða sinn hlut. Útgjöld þess ættu í rauninni ekki að verða meiri, þegar á allt er litið, þó að þannig sé að þessu unnið. En þetta mundi minnka vanskil eða koma í veg fyrir þau og hvergi auka, en létta áhyggjum af mörgum skapþungum skilamönnum í fyrirsvari sveitarfélaga, sem núverandi fyrirkomulag dæmir til að verða vanskilamenn gegn vilja sínum, af því að ríkisvaldið bæði játar og neitar í senn þeim skyldum, sem það raunverulega hefur á sig tekið.

Ég vil að vísu ekki fullyrða, að þetta frv. nægi til að ná þeim tilgangi, sem hafður er í huga. Við viljum ekki, flm., ganga lengra en nauðsyn ber til og hyggjum, að það nái þó a. m. k. langt til réttrar áttar. En breytingar, sem til bóta kynnu að vera á einstökum atriðum frv., erum við að sjálfsögðu fúsir að ræða við þá menn hér á Alþ. og í hæstv. ríkisstj., sem með okkur vilja vinna að þessu máli.

Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að þessu máli verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. Ég ætla, að hafnalög eða löggjöf varðandi hafnarmál hafi yfirleitt verið til meðferðar í sjútvn. Segja má, að til álita kæmi, þar sem hér er eingöngu um þá þætti hafnarmálanna að ræða, sem varða fjármál, að fjhn. fengi frv. til meðferðar, en till. mín er sem sé þessi, að því verði vísað til hv. sjútvn., en ef hæstv. forseta sýndist hitt réttara, gæti ég að sjálfsögðu eins fellt mig við það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

25. Sala fjögurra jarða í Neshreppi utan Ennis.

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja 4 jarðir í Neshreppi utan Ennis [132. mál] (þmfrv., A. 278).

Á 52. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Á þskj. 278 hef ég ásamt hv. 3. og hv. 5. þm. Vesturl. flutt frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Neshreppi utan Ennis fjórar jarðir í Neshreppi fyrir það verð, sem um semst eða verður ákveðið samkv. mati dómkvaddra manna.

Kauptúnið Hellissandur er myndað á landi nokkurra smájarða í Neshreppi utan Ennis, þ. á m. jarða þeirra, sem við flm. að beiðni hreppsn. óskum eftir að hið háa Alþ. samþykki að verði seldar hreppsfélaginu. Það verður ekki á móti mælt, að það eru eðlileg viðbrögð hjá hreppsnefndinni að vinna að því að fá eignarrétt á þeim

jörðum, sem kauptúnið að Hellissandi er byggt á, og þar með verði horfið frá þeirri venju, að jarðirnar séu byggðar einstaklingum, sem á undanförnum áratugum hafa selt íbúum Hellissands á leigu lóðir undir íbúðarhús sín. Það er raunar eðlilegt, að sveitarstjórnarmenn æski þess, að hreppsfélagið verði eigandi að löndum þeim, sem mynda byggðina í kauptúninu. Ábúendur greindra jarða hafa viðurkennt þetta sjónarmið hreppsnefndarinnar með þeirri jákvæðu afstöðu sinni til sölu jarðanna að gefa samþykki sitt og mæla með því, að Neshreppi utan Ennis verði seldar jarðirnar, eins og fskj. I—IV, sem prentuð eru með frv., bera með sér.

Um síðustu aldamót voru tveir einstaklingar eigendur að landi því, sem Stykkishólmskauptún er byggt á. Skömmu eftir aldamótin gáfu þessir einstaklingar hreppsnefnd Stykkishólms kost á kaupum á landinu, og tel ég, að það hafi verið ómetanlegt happ fyrir íbúa Stykkishólmshrepps, að hreppurinn eignaðist landið ásamt meðfylgjandi eyjum, sem á þeim tíma var enn í eigu nefndra einstaklinga.

Herra forseti. Ég vil mælast til þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv

---

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

26. Iðnlánasjóður (frv. ÞÞ o. fl.).

Á 50. fundi í Nd., 3. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt á l. um Iðnlánasjóð, nr. 45 3. apríl 1963 [133. mál] (þmfrv., A. 280).

Á 52. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Það er kunnara en segja þurfi, að iðnaðurinn hefur á undanförnum árum búið við stórfelldan og vaxandi lánsfjárskort. Það er að vísu rétt, að lán þau, sem iðnaðurinn hefur fengið á þessu tímabili, hafa farið nokkuð hækkandi, en þó vantar mikið á, að það hafi nægt til þess að fullnægja vaxandi eftirspurn. Og til þess liggja að sjálfsögðu augljósar ástæður. Það er í fyrsta lagi um það að ræða, að ný fyrirtæki hafa komið til sögunnar eða koma til sögunnar, að eldri fyrirtæki hafa stækkað eða þurfa að stækka, og þó ekki sízt það, að við lifum nú á öld véltækni og vinnuhagræðingar og iðnfyrirtækin keppa að sjálfsögðu sem mest að því að endurbæta rekstur sinn á þann hátt, en það kostar að sjálfsögðu mikið fjármagn. Þess vegna hefur þetta farið svo, að þrátt fyrir það, þó að lán til fyrirtækja iðnaðarins hafi heldur hækkað í krónutölu á undanförnum árum, skortir mikið á, að það hafi nægt til þess að mæta vaxandi eftirspurn.

Hér er að sjálfsögðu um mjög mikið alvörumál að ræða, því að fátt er okkur nauðsynlegra, Íslendingum, en að efla iðnaðinn í landinu. Það er alveg óhætt að segja það, þrátt fyrir allt það gott, sem segja má um landbúnað og sjávarútveg, að það byggir engin þjóð á sterkum efnahagslegum grundvelli, sem þarf svo að segja eingöngu að styðjast við þessar tvær atvinnugreinar. Þess vegna er það, að allar þær þjóðir, sem þannig er ástatt um, leggja meginkapp á það um þessar mundir og hafa gert á undanförnum áratugum að efla sem mest iðnað sinn. Það er ekki sízt athyglisvert fyrir okkur Íslendinga að íhuga eða kynna okkur reynslu Dana í þessum efnum. Fyrir ekki löngu voru Danir álika háðir landbúnaðinum í sambandi við útflutning og við erum nú háðir sjávarútveginum, en nú er svo komið í Danmörku vegna hinnar miklu uppbyggingar, sem þar hefur átt sér stað á sviði margháttaðs iðnaðar, að Danir flytja út nú orðið meira af iðnaðarvörum en landbúnaðarvörum hvað verðmæti snertir. Það er náttúrlega meginskilyrði þess, að iðnaðurinn geti blómgazt, að honum sé sköpuð samkeppnishæf aðstaða Og fátt er mikilvægara einmitt í þeim efnum en það að tryggja honum sæmilega hagstæð lánskjör. En mjög skortir á það, að íslenzkur iðnaður búi við svipuð lánaskilyrði og iðnaður í þeim löndum, sem við þurfum helzt að keppa við. Hér er, eins og ég áðan sagði, mjög mikill skortur á iðnaðarlánum. Það er bæði skortur á lánum til fjárfestingar og skortur á lánum til rekstrar. Að því verður að stefna að bæta úr þessu. Sjálfsagðasta leiðin er að tryggja honum jafnrétti við aðra atvinnuvegi hvað það snertir, að Seðlabankinn kaupi af honum framleiðsluvíxla líkt og af sjávarútvegi og landbúnaði. Um það mál liggur fyrir þinginu sérstök till. og hefur legið á undanförnum árum, og sé ég ekki ástæðu til þess að ræða það mál sérstaklega hér. Í annan stað er svo að vinna að því að bæta aðstöðu iðnaðarins til þess að fá fjárfestingarlán, en sjálfsagðasta leiðin til þess er að efla iðnlánasjóð, og að því er stefnt með því frv., sem hér liggur fyrir.

Mér finnst þá rétt í framhaldi af þessu að víkja nokkrum orðum að efni þessa frv., en segja má, að það sé þríþætt.

Fyrsta breytingin, sem frv. leggur til að gerð sé á l. um iðnlánasjóð, snertir tekjuöflun sjóðsins. Tekjuöflun sjóðsins er nú þannig, að hann fær visst gjald, sem iðnfyrirtækin í landinu greiða honum samkv. ákvæðum, sem eru nánar skilgreind í iðnlánasjóðslögunum. Mér skilst, að tekjur sjóðsins af þessu gjaldi á s. l. ári hafi verið í kringum 15 millj. kr., en séu áætlaðar 16—17 millj. kr. á þessu ári. Þá fær iðnlánasjóður 2 millj. kr framlag árlega úr ríkissjóði. Þetta eru allar þær tekjur, sem hann hefur til umráða eða fær árlega, en samkv. þessu hafa þær verið í kringum 17 millj. kr. á s. l. ári og verða milli 18 og 19 millj. kr. á þessu ári. Ef við lítum á aðra stofnlánasjóði atvinnuveganna, er

annað upp á teningnum. Fiskveiðasjóður hefur tekjur, líkt og iðnlánasjóður, af vissu gjaldi, sem segja má að sjávarútvegurinn greiði honum, þ. e. af útflutningsgjaldi, en á móti þeim tekjum, sem hann fær af þessu gjaldi, fær hann jafnhátt árlegt framlag úr ríkissjóði, og það er áætlað á þessu ári samkv. fjárl. um 37.8 millj. kr. Auk þess fær fiskveiðasjóður árlega framlag úr ríkissjóði, sem nemur 2 millj. kr., þannig að á fjárl. þessa árs er gert ráð fyrir, að ríkið leggi fiskveiðasjóði til um 39.8 millj. kr. Um stofnlánadeild landbúnaðarins er það að segja, að hún hefur í fyrsta lagi tekjur af 1% álagi, sem lagt er á söluvörur landbúnaðarins, og er áætlað, að tekjur stofnlánadeildarinnar af þessu gjaldi verði um 15 millj. kr. á þessu ári. Í annan stað fær svo stofnlánadeildin árlegt framlag úr ríkissjóði, sem er jafnhátt þeim tekjum, sem sjóðurinn fær af þessu 1% álagi, sem ég áðan minntist á, eða samkv. því, sem áætlað er í fjárl. þessa árs, um 15 millj. kr. Auk þess fær stofnlánadeildin mörg framlög önnur úr ríkissjóði, þannig að samtals er áætlað, að hún fái úr ríkissjóði á þessu ári um 48.6 millj. kr. Iðnlánasjóður fær hins vegar ekki nema 2 millj. kr. árlega úr ríkissjóði, eins og ég áðan sagði, og sést á þessu, að hér er mjög á annan veg að honum búið heldur en að stofnlánasjóðum hinna atvinnuveganna, sjávarútvegs og landbúnaðar.

Síðan hið svokallaða iðnlánasjóðsgjald var tekið upp, þ. e. það gjald, sem iðnaðurinn greiðir beint í iðnlánasjóð, eins og ég áður hef rakið, hefur eðlilega komið sú krafa upp hjá iðnrekendum og iðnaðarmönnum, að ríkið greiði sjóðnum framlag, sem nemi jafnhárri upphæð og iðnlánasjóðsgjaldinu nemur. Er ekki nema eðlilegt, að þessi krafa komi fram, þar sem hér er ekki farið fram á annað en að sjóðurinn njóti jafnréttis við stofnlánasjóði hinna atvinnuveganna. Óskir um þetta hafa tvívegis verið samþykktar á Alþingi og ég hygg hjá iðnrekendum einnig. Þess vegna hefur okkur flm. þótt sjálfsagt að hreyfa þessu máli hér á Alþ, því að hér er um augljóst jafnréttis- og réttlætismál að ræða.

Fyrsta breytingin, sem við leggjum til, að gerð verði á iðnlánasjóðsl., fjallar einmitt um þetta atriði, þ. e. að í stað þess að ríkið leggi iðnlánasjóði aðeins 2 millj. kr. árlega, leggi hann sjóðnum árlega jafnhátt framlag og nemur tekjum þeim, sem sjóðurinn hefur af iðnlánasjóðsgjaldinu, en það er áætlað á þessu ári kringum 16—17 millj. kr. Þetta mundi þýða það, að framlag ríkisins til sjóðsins hækkaði úr 2 millj. í 16—17 millj. kr. á þessu ári, en þrátt fyrir það, eins og ég hef áður rakið, yrði framlag, sem sjóðurinn fengi, miklu lægra eða meira en helmingi lægra en þau framlög, sem ríkið leggur stofnlánasjóðum hinna atvinnuveganna.

Ég hygg, að þegar menn athuga í fyrsta lagi það, að hér er raunverulega ekki um annað en jafnréttis- og réttlætismál að ræða, og svo í annan stað þá miklu nauðsyn, sem er á því, að við vinnum að því að efla samkeppnishæfan iðnað í landinu, þá ættu menn að geta fallizt fúslega á þessa breytingu.

Önnur breytingin á iðnlánasjóðsl., sem felst í því frv., sem hér liggur fyrir, snertir þá grein frv., sem fjallar um heimild ríkisstj. til þess að ábyrgjast lán fyrir sjóðinn eða veita honum heimild til lántöku. Í núgildandi l., sem voru samþ. á þinginu 1962, er þessi lánsheimild bundin við 100 millj. kr. Síðan Alþ. gerði þessa samþykkt, hefur orðið stórkostleg hækkun á öllum tilkostnaði í landinu, svo að það er ekki nema eðlilegt, að þessi upphæð hækki nokkuð í samræmi við það. Í annan stað er svo á það að líta, að lánsþörf iðnaðarins hefur stórkostlega aukizt á þessum tíma og þess vegna eðlilegt, að þessi lánsheimild verði aukin verulega frá því, sem nú er, eða ekki minna en tvöfölduð. Þrátt fyrir það, þó að þessari lánsheimild yrði alveg fullnægt, mundi vanta verulega á, að iðnlánasjóðurinn yrði jafnöflugur og stofnlánasjóðir hinna atvinnuveganna.

Þriðja breytingin, sem lagt er til í frv. að gerð verði á iðnlánasjóðsl., fjallar um lánstíma þeirra lána, sem sjóðurinn veitir. Í l. er svo ákveðið, að lán megi veita allt að 15 árum, ef um fasteignir er að ræða, en allt að 7 árum, ef um vélar er að ræða. Lagt er til, að þessi lánstími verði lengdur þannig, að hvað fasteignir snertir megi lánstíminn vera allt að 20 árum, en hvað vélar snertir allt að 10 árum. Þessi breyting er gerð til samræmis við það, sem segir í l. um hina stofnlánasjóðina, fiskveiðasjóð og stofnlánadeild landbúnaðarins. Þar er gert ráð fyrir, að lánstíminn megi vera, þegar um sambærilega framkvæmd er að ræða, allt að 20 ár hvað snertir fasteignir og 10—12 ár, þegar um vélar er að ræða. Er ekki nema sanngjarnt, að iðnaðurinn njóti sams konar aðstöðu í þessum efnum og hinir atvinnuvegirnir.

Ég held, að það eigi að vera alveg óþarft að ræða nánar um þetta mál, eins og ég hef áður sagt. Ef menn á annað borð unna iðnaðinum jafnréttis og réttlætis við aðra atvinnuvegi, er hér um breytingar að ræða, sem hljóta að teljast alveg sjálfsagðar. Og ef menn jafnframt skilja nauðsyn þess, að unnið sé kappsamlega að því að efla samkeppnishæfan iðnað Íslendinga sjálfra, er hér að sjálfsögðu verið að stíga spor í rétta átt.

Ég vil svo leggja til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

27. Fiskiðja ríkisins.

Á 55. fundi í Nd., 15. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um Fiskiðjuver ríkisins [146. mál] (þmfrv., A. 310).

Á 57., 58., 59. og 60. fundi í Nd., 21., 22., 24. og 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 61. fundi í Nd., 29. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á þskj. 310 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um stofnun fyrirtækis, er beri nafnið Fiskiðja ríkisins. Í stuttu máli er það meginefni frv., að sett verði á stofn Fiskiðja ríkisins, er starfi undir sérstakri, þingkjörinni stjórn, og að ríkið leggi fram fjármagn, svo að unnt sé með einhverri von um árangur að ráðast til atlögu við versta vandamál þessa iðnaðar, markaðsvandamálið. M. a. verði stofnað til sölusambands framleiðenda, er reyni sameinaðir að brjótast inn á frjálsan markað erlendis undir einu auglýstu vörumerki. Í þriðja lagi, að fiskiðjan taki við rekstri niðurlagningarverksmiðjunnar á Siglufirði. Í fjórða lagi, að fiskiðjan reisi nokkrar nýjar verksmiðjur, eftir því sem markaður leyfir, og verði við staðsetningu þeirra einkum haft í huga að bæta atvinnuástand þeirra staða, þar sem vinna er að staðaldri ónóg. Í fimmta lagi, að Fiskiðja ríkisins fái það hlutverk að hafa forustu um hvers konar vísindarannsóknir á þessu sviði, innleiði tækninýjungar og geri tilraunir með nýja matarrétti Og í sjötta lagi, að Fiskiðju ríkisins verði falið að gera ráðstafanir til þess, að Íslendingar eignist fjölmennan hóp sérmenntaðra manna í niðursuðutækni, áhugamenn séu kostaðir til náms erlendis og efnt sé öðru hverju til sérstakra námskeiða fyrir verkstjóra og annað starfslið.

Árið 1960 kom hingað til lands á vegum Iðnaðarmálastofnunar Íslands norskur verkfræðingur í niðursuðutækni, Carl Knut Hansen að nafni, og kynnti sér íslenzkan niðursuðuiðnað, sögu hans og þáverandi ástand. Í skýrslu, sem Iðnaðarmálastofnunin gaf út, rekur þessi sérfræðingur upphaf niðursuðuiðnaðar á Íslandi og segir, að árið 1941 hafi framleiðslan til útflutnings verið komin upp í 700 smál. það ár. En næsta árið, segir sérfræðingurinn, hrapar útflutningurinn á niðursuðuvörum niður í 100 tonn, sem sagt, á einu ári úr 700 tonnum og niður í 100 tonn. Sérfræðingurinn er mjög undrandi á þessu mikla hruni í útflutningi niðursuðuvara og veit bersýnilega ekki, hvort hann á að trúa þeirri skýringu, sem hann fær hjá fróðustu mönnum um þessi mál hér á landi. Og honum er vissulega vorkunn. Skýringin, sem gefin er, er sú, að í mikilvægum verzlunarsamningum, sem þá voru gerðir, hafi niðursuðuiðnaðurinn gleymzt. Embættismennirnir gleymdu að semja um sölu á niðursuðuvörum. Og það þarf auðvitað engan að undra, að norski sérfræðingurinn setur sögnina að gleyma innan gæsalappa.

Þessi dæmalausa gleymska, sem átti sér stað fyrir aldarfjórðungi, er í raun og sanni ákaflega einkennandi fyrir þróunarsögu niðursuðuiðnaðarins á Íslands. Raunverulega eru það engar ýkjur að segja, að til skamms tíma hafi Íslendingar gleymt niðursuðuiðnaðinum við uppbyggingu atvinnuvega sinna. Árið 1957 var 15% af útflutningsverðmæti norskra sjávarafurða ýmiss konar fisktegundir lagðar niður og soðnar niður En sama ár var hliðstæð hlutfallstala á Íslandi aðeins 0.4%. Það er vitað, að norskur niðursuðuiðnaður hefur síðan verið í sókn, en þróun þess iðnaðar hefur verið mjög hæg á Íslandi. Árin 1963 og 1964 var hlutfallstala niðursuðuvara miðað við fiskafurðir enn hin sama, þ. e. a. s. um það bil 0.4%. Framleiðslan hafði að vísu aukizt nokkuð, en þó ekki meira að tiltölu en aflamagnið í heild. Árið 1965 er útflutningsmagnið komið upp í 682 tonn, að verðmæti 32.6 millj., og aukningin í krónutölu frá fyrra ári er um 12 millj. Mestu munar um sölu til Sovétríkjanna og annarra Austur-Evrópuríkja, en sú aukning nemur um það bil 10 millj kr. Búast má við, að útflutningur á niðursuðu- og niðurlagningarvörum muni aukast mjög verulega á þessu ári, fyrst og fremst vegna stóraukinnar sölu til Sovétríkjanna. En rétt er að minnast þess, að þrátt fyrir allmikla aukningu útflutningsins á seinustu árum, er hlutfallstalan, sem ég hef hér nefnt, ekki komin upp í nema 0.6% árið 1965, og talinn í tonnum hafði útflutningurinn enn ekki náð því hámarki, sem útflutt var árið 1941.

Þegar spurt er, hver sé skýringin á þessum erfiðleikum niðursuðu- og niðurlagningariðnaðararins, hvernig á því standi, að Íslendingar eru svo langt á eftir Norðmönnum og raunar flestum nágrannaþjóðunum á þessu sviði, er svarið ævinlega það sama: Markaði vantar. Og þetta er að sjálfsögðu alveg rétt. Auðvitað neitar því enginn, að það er erfitt að benda á öruggan markað fyrir þessar vörur. Hins vegar er ekki laust við, að sumir hafi tilhneigingu til að líta á markaðsskortinn eins og einhver óumflýjanleg örlög. Menn standa frammi fyrir þessu vandamáli og segja: Það er enginn markaður til, og við þessu er ekkert að gera. — Menn virðast sem sagt halda, að í þessari einu iðngrein sé markaðsvandamálið nánast óleysanlegt. Þeir virðast ekki gera sér það ljóst, að í raun og veru hefur aldrei verið reynt með stórfelldu og margbrotnu átaki að leysa þetta vandamál, gera ýtarlega markaðskönnun og í kjölfar þess að gera langvinnt og kröftugt söluátak.

Ég vil minna á í þessu sambandi, að í raun og veru er ekki ýkjalangt síðan Íslendingar fóru að flytja út skreið. Þá voru Norðmenn langt á undan okkur. En á tiltölulega fáum árum stórjókst skreiðarsala, og Íslendingar komust inn á markaði, þar sem Norðmenn voru áður búnir að ná góðri fótfestu og miklu forskoti. Á s. l. ári munum við hafa flutt út skreið fyrir um 376 millj. kr.

Þá vil ég minna á, að á saltfiskmarkaðinum munu hafa verið miklir erfiðleikar á sínum tíma, en með dugnaði tókst framleiðendum að brjótast inn á markaði í harðri samkeppni við aðrar þjóðir, og á s. l. ári fluttu Íslendingar út salt-

fisk fyrir um 525 millj. kr. Þá er ekki síður ástæða til að minna á erfiðleikana í sambandi við útflutning í hraðfrystum fiski, en á s. l. ári seldum við fryst fiskflök fyrir um 1148 millj. ísl. kr. Flestum mun í minni, að fyrir rúmum 10 árum áttum við í miklum erfiðleikum við að koma út frysta fiskinum, og upprunalega var mesta átakið gert með stórfelldum sölusamningum við Sovétríkin, sem veittu nokkra tryggingu fyrir þessa iðngrein. Síðan hófst harðvítugasti slagur á mörkuðum hér í Vestur-Evrópu og sérstaklega Ameríku, — slagur, sem borið hefur mikinn árangur.

Þessi dæmi og mörg önnur sýna það og sanna, að Íslendingar hafa reynzt fullfærir um að brjótast inn á nýjan markað í harðri samkeppni við aðrar þjóðir, þegar þeir hafa reynt af fullum krafti. Þess vegna er ekki óeðlilegt, að niðursuðuvörur og sala á þeim skeri sig algerlega úr í samanburði við útflutning annarra sjávarafurða og prósenttala niðursuðu- og niðurlagningarvara hér á Íslandi miðað við heildarútflutning sé einkennilega lág. Það hefur engin stórfelld sölutilraun verið gerð, og þess vegna hefur engin framför orðið í um það bil aldarfjórðung.

Ég sé ekki ástæðu til að tala langt mál um þetta frv., þar sem því fylgir alllöng grg. En ég vil þó fara nokkrum orðum um fáeinar greinar þess, sem lítið er minnzt á í sjálfri grg.

Eins og hv. alþm. er kunnugt, er nú verið að reisa í nokkrum áföngum niðurlagningarverksmiðju á Siglufirði. Hún er að vísu ekki hálfbyggð enn þá, en þó það langt á veg komin, að þar er nú þegar hafin nokkur framleiðsla. Þessari verksmiðju hefur alltaf verið ætlað það hlutverk að vera eins konar forustuverksmiðja og tilraunaverksmiðja. Frv. það, sem ég hef lagt hér fram, tekur einmitt mið af þessari verksmiðju, og í því er gert ráð fyrir, að stórefling þessa atvinnuvegar eigi sér stað í framhaldi af byggingu þessarar forustuverksmiðju ríkisins, sem mun verða útbúin með beztu fáanlegum tækjum. Sigló-verksmiðjan hefur átt við nokkra byrjunarörðugleika að stríða, en það mun einungis stafa af markaðsvandræðum, enda virðist frá upphafi hafa verið lítið hugsað um þá hlið málsins. Þessu frv. er m. a. ætlað að reyna að ráða bót á því vandamáli.

Í 2. gr. frv. er því slegið föstu, að hafin verði stórfelld markaðskönnun. Þar segir: „Fiskiðja ríkisins hefur forustu um öflun markaða erlendis. Fiskiðjan beitir sér fyrir myndun sölusamtaka, er annast sölu á fullunnum fiskréttum í ýmsum tegundum umbúða og undir einu vörumerki.“ Ég held, að ástæðulaust sé að fjölyrða um þetta atriði. Ég tel, að þarna sé um sjálfsagt mál að ræða og raunar einkennilegt, að þessu verkefni skuli ekki hafa verið sinnt fyrr En ég vil benda á, að orðalagið á þessari mgr. er ekki algerlega fastbundið. Þar er fyrst og fremst bent á tvær leiðir: að fiskiðjan sjálf hafi forustu um öflun markaða og hins vegar þá leið, að hún beiti sér fyrir myndun sölusamtaka, enda ekki ósennilegt, að einmitt sú leiðin yrði gæfulegust fyrir niðursuðuiðnaðinn í heild. En eins og ég sagði áðan, tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta atriði. Ég mun víst áreiðanlega ekki vera sá fyrsti, sem minni á þetta mál hér í þinginu. Það hefur hvað eftir annað komið fram í umr. um niðursuðumál, að meginástæðan til þess, hve illa hefur gengið með þessa iðngrein, er sú, að enginn aðili hefur haft forustu um sölu vörunnar á erlendum markaði.

Í 6. gr. frv. segir, að stjórn fiskiðjunnar skuli skipuð 7 mönnum og jafnmörgum til vara og skuli þeir kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi. Ég vil taka það fram, að þessi hugmynd er alls ekki ný og alls ekki frá mér komin sérstaklega. Upphaflega, þegar lög voru sett um þessa forustuverksmiðju ríkisins, var ráð fyrir því gert, að sérstök stjórn yrði sett yfir hana, en því var síðar breytt og stjórn síldarverksmiðja ríkisins falið að annast stjórn verksmiðjunnar. Mér er kunnugt um, að í stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefur þeirri hugmynd hvað eftir annað verið hreyft, að verksmiðjan yrði sett undir sérstaka stjórn og tekin undan starfssviði síldarverksmiðjanna. Á fundi stjórnarinnar 2. okt. 1963 var samþ. till. þess efnis að mælast til við ráðh., að niðursuðuverksmiðjunni yrði skipuð sérstök stjórn og ákveðið yrði 10 millj. kr. stofnframlag til verksmiðjunnar af ríkisfé. Þessi till. var samþ. með 5 atkv. Undirtektir ráðh. voru þá ekki nægilega jákvæðar, og ekkert varð úr þessum hugmyndum verksmiðjustjórnarinnar. Hér í Nd. eiga nú sæti tveir af stjórnarmönnum síldarverksmiðja ríkisins, þ. e. a. s. hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, og hv. 2. þm. Vesturl., Sigurður Ágústsson. Ég teldi æskilegt að fá upplýsingar um það, hvort afstaða þeirra í þessu efni væri ekki óbreytt frá því, sem áður var.

Í 2. gr. frv. er rætt nánar um hlutverk fiskiðjunnar. Það er sem sagt ekki hennar hlutverk að sjá um markaðsöflun. Hún á að hafa forustu um tilraunastarfsemi við frystingu, niðursuðu og hvers konar fullvinnslu matvæla úr síld og öðrum fisktegundum. Ekki er þó gert ráð fyrir, að reksturinn sé einungis bundinn við síldarvinnslu, heldur sé þar um vinnslu á hvers konar fisktegundum að ræða. Einnig skal fiskiðjan hafa samvinnu við rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og miðla reynslu og þekkingu til annarra framleiðenda á þessu sviði. Skal að því stefnt, að komið verði á fót sérstakri rannsóknardeild, sem hafi með höndum vísindalegar athuganir í niðurlagningar- og niðursuðutækni. Loks segir þar, að gera skuli ráðstafanir til þess, að nægilega margir Íslendingar hljóti sérmenntun erlendis í þessari iðngrein, og efnt sé öðru hverju til námskeiða hér á landi fyrir verkstjóra og annað starfslið.

Mér er kunnugt um, að í Noregi er starfræktur sérstakur skóli í niðurlagningar- og niðursuðutækni. Norskir sérfræðingar, sem komið hafa hingað og sagt hafa álit sitt á framtíð þessa iðnaðar, hafa verið sammála um, að víðtæk fræðslustarfsemi væri alger forsenda þess, að góður árangur gæti náðst. Ég býst við því, að of snemmt mundi vera að stofnsetja nú þegar sérstakan skóla, en ég tel alveg nauðsynlegt, að einhverjum ákveðnum aðila og þá þessum aðila

verði falið að sjá um, að menn verði sendir utan á erlenda skóla til að kynna sér þennan iðnað, og efni til námskeiða, þegar þörf krefur.

Í 5. gr. frv. er síðan fjallað um fjárhagshlið eða kostnaðarhlið þessarar starfsemi, og er þar gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram 8 millj. kr. í 5 ár, samtals 40 millj. kr., til þess að standa undir kostnaði af tilraunum, fræðslustarfsemi og almennri markaðsöflun. Ég vil taka það fram, að þessi upphæð er ekki vandlega útreiknuð. Vel kann að vera, að hún sé of lágt áætluð. Í. 4. gr. er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram 6 millj. kr. í 5 ár, þ. e. a. s. 30 millj. kr. samtals, til þess að niðurlagningarverksmiðjan á Siglufirði verði fullgerð og til þess að koma upp nokkrum öðrum verksmiðjum til fullvinnslu matarrétta úr fisktegundum. Í þeirri gr. er sérstaklega tekið fram, eins og ég gat um áðan, að við staðsetningu nýrra verksmiðja verði þeir staðir látnir sitja í fyrirrúmi, þar sem atvinna hefur verið ónóg í seinni tíð.

Frv. þetta fjallar um skipulagningu niðursuðuiðnaðarins. Fyrst og fremst er þetta till. um, að ríkisvaldið leggi fram nægilegt fjármagn, svo að unnt sé að hefja stóriðju í matvælaiðnaði og gera þennan iðnað að einum af grundvallaratvinnuvegum þjóðarinnar í framtíðinni. Ég vil nefna í þessu sambandi smáatburð, sem gerðist fyrir fáum árum og mér finnst að varpi skýru ljósi á ástand þessara mála, eins og það hefur verið að undanförnu. Það gerðist fyrir nokkrum árum, að íslenzkur niðursuðuframleiðandi, sem á litla verksmiðju úti á landi, fór til Þýzkalands með sýnishorn af framleiðslunni. Hann sýndi kaupendum úti í Þýzkalandi ýmsar tegundir af framleiðsluvörum, og þeim líkaði framleiðslan mjög vel. Síðan gerðu þeir pantanir og bentu á ákveðna tegund, sem þeir óskuðu sérstaklega eftir að fá. Þeir gerðu stórar pantanir, pöntuðu nokkur þúsund kassa af þessari ákveðnu vöru, og framleiðandinn kom hingað til lands aftur mjög ánægður. Hann hafði fengið miklar pantanir, enda hafði varan líkað mjög vel. En þegar til átti að taka, gat hann alls ekki fundið það út, hvað hafði verið í dósinni, sem kaupendunum hafði líkað svo vel. Hann var að leita næstu mánuðina að því sýnishorni, sem hann hafði boðið útlendingunum og þeir höfðu sérstaklega pantað, og hvað eftir annað sendi hann þeim nýjar og nýjar dósir, en alltaf fékk hann sama svarið: Þetta er ekki það, sem við báðum um! Þetta er allt önnur framleiðsla! — Maðurinn fann aldrei þá vöru, sem þeir höfðu pantað, hann fann aldrei uppskriftina. Ég held, að þetta atvik sé að nokkru leyti dæmigert um það, hvernig ástand þessarar iðngreinar hefur verið að undanförnu. Þetta er dæmi um kákið, sem hefur verið ríkjandi hjá smáframleiðendum og er auðvitað eðlilegt, þegar menn hafa ekki fjármagn í höndunum til þess að vinna að þessum málum með þeim hætti, sem gera þarf.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, stefnir einmitt að því, að slíkum vinnubrögðum, slíku rassvasabókhaldi, eins og sumir hafa nefnt það, verði hætt og nútímaskipulagning og stórrekstur hefjist í þessum iðnaði fyrir forgöngu ríkisvaldsins.

Ég held, að ég hafi ekki þessi orð fleiri, en vil leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

28. Lífeyrissjóður togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

Á 31. fundi í Sþ., 16. marz, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum [150. mál] (þmfrv., A. 319).

Á 57. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., 22. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Frv. það, sem ég flyt á þskj. 319 um breyt. á l. nr. 78 frá 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum, er til þess að veita frekari heimildir eða rýmka þá heimild um aðild að sjóðnum, sem er í gildandi lögum. Samkv. frv. þessu er lagt til, að félögum sjómanna sé t. d. heimilt að tryggja starfsmenn sína í sjóði þessum, einnig sé útgerðum farskipa, varðskipa og togara heimilt að tryggja skipverja sína, þótt þeir séu eigi lögskráðir, ef þeir eru að starfi við skip útgerðarinnar, sem eru í viðgerð eða flokkunarviðgerð, eða að öðrum störfum í þágu útgerðarinnar um stundarsakir. Þá er einnig lagt til, að sjómönnum, sem stunda nám í sjómannafræðum, sé heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum, einnig þeim, sem slasast eða veikjast og eru frá um tíma úr skiprúmi.

Lögin eru þannig nú, að það er aðeins heimilt fyrir þá að kaupa sér lífeyrissjóðsréttindi, sem eru lögskráðir á skip. Það sjá allir, að þessu fylgja ýmsir annmarkar. Það hefur komið fyrir hér jafnvel hjá opinberri útgerð ríkissjóðs, að forstjóri hafi mjög þurft á því að halda að fá einn eða fleiri skipverja til þess að vinna fyrir útgerð í landi um stundarsakir, en þetta hafi ekki tekizt, vegna þess að skipverjarnir hafi ekki viljað gefa kost á sér í það, vegna þess að um leið mundu þeir tapa af þessum réttindum, sem lífeyrissjóðurinn veitir. Sömu sögu er að segja um þá, sem hafa farið í einhvern af sjómannaskólunum. Það hefur heyrzt talað um, að dæmi finnist um, að menn hafi hætt við að fara í þá skóla, vegna þess að þeir hafi ekki talið sér fært að verða af þessum sömu réttindum. Ég þekki dæmi þess sjálfur, að menn, sem óskað var eftir

að kæmu í land til þess að vinna fyrir viðkomandi stéttarfélag sjómanna, fengust ekki til þess, einnig af þessum ástæðum, og þessu frv. er m. a. ætlað að bæta úr þessum vanköntum.

Í grg. með frv. eru þessi atriði það vel skýrð, að ég sé ekki ástæðu til þess að skýra þetta frv. nánar. Þetta getur ekki í neinum tilfellum orðið til annars en ágóða fyrir sjóðinn sjálfan, en mun um leið, ef samþ. verður, ráða bót á annmörkum nokkrum, sem sjómenn telja að þurfi að fást lagfæring á. Því er þetta frv. fram komið, og vænti ég þess, að það eigi greiðan gang í gegnum þingið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

29. Húsnæðismálastofnun ríkisins (frv. EOl o. fl.).

Á 56. fundi í Nd., 17. marz, var útbýtt:

Frv. til l um breyt. á l. um húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 19 10. maí 1961 [156. mál] (þmfrv., A. 324).

Á 58., 59. og 60. fundi í Nd., 22., 24. og 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., 29. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 3. og 10. landsk. þm. að flytja hér frv., sem ekki er stórt að vöxtum, en hins vegar mjög þýðingarmikið, að hv. þm. fáist til þess að athuga það. Þetta frv. gengur í stuttu máli út á það að fella burt úr l. um húsnæðismálastofnun ríkisins ákvæðið um, að það skuli reikna vísitölu á þau lán og vexti af þeim, sem þar eru ákveðin. Og 2. og 3. gr. fjalla síðan um samninga við lánveitendur til þess að koma þessu á líka fyrir þá, sem þegar hafa orðið að taka slík lán.

Það hefur undanfarið verið ákveðin stefna allra stjórnmálaflokka, held ég sé óhætt að segja, að það skuli gera einstaklingum eða fjölskyldum kleift að eignast eigin íbúðir. Og það hefur náðst í þessari viðleitni mjög eftirtektarverður árangur, sem hefur skapað alveg sérstakt ástand hér á Íslandi borið saman við t. d. löndin í kringum okkur. Ástandið er þess vegna þannig nú, að sumar greinar, við skulum segja t. d. ýmsir iðnaðarmenn, þar er það næstum því milli 90 og 100% í þeim stéttum, sem eiga eigin íbúð. Hjá ófaglærðum verkamönnum, t. d. hafnarverkamönnum, er þetta alveg upp í 70—80%, að þeir eigi eigin íbúð, þannig að það er óvenju algengt hér heima, að fjölskyldur hafi getað eignazt eigin íbúðir.

Með hverju móti hefur þetta verið hægt? Þetta hefur gerzt með tvennu móti. Í fyrsta lagi með því, að fólk hefur unnið ákaflega mikið að þessu. Það hefur unnið langan vinnutíma, það hefur svo að segja öll fjölskyldan unnið, og menn hafa svo þrælað við að borga þetta niður á þeim stutta tíma, sem lánin eru, yfirleitt til 20—25 ára, og jafnvel hluti af þeim til miklu skemmri tíma. Í öðru lagi er engin spurning um það, að kaupgjaldið hefur nokkurn veginn elt verðbólguna, þannig að það hefur ekki orðið veruleg raunveruleg kaupgjaldslækkun, a. m. k. þegar til lengdar er litið, þannig að kauphækkunin hefur fylgt þar nokkurn veginn með. Verðbólgan hefur sem sagt gert það að verkum, að þetta hefur orðið auðveldara fyrir menn, þegar fram í sótti. Nú eru allir sammála um það, að verðbólguna sjálfa þurfi að stöðva, og það er sérstakt mál, sem ég ætla ekki að fara út í hér. En hvað snertir húsnæðismálin er nauðsynlegt, að menn geri sér það um leið ljóst, að sé meiningin að stöðva verðbólguna, verður að gerbreyta samtímis öllum láns- og vaxtakjörum, ef sú stefna á að halda áfram, að fjölskyldum verði kleift að eignast sjálfar íbúðir. Ef verðbólgan er stöðvuð, þýðir það, að lán verða að lengjast upp í þetta frá 40—70 ár. Þau verða að koma a. m. k. á tvær kynslóðir, ef menn eiga að borga þetta upp, og vextir ættu þá almennt ekki að vera hærri en 2—2½%, svo sem var á verkamannabústöðunum í upphafi, þegar l. um þá voru sett frá 1929. Að öðrum kosti mundu menn ekki rísa undir að geta eignazt sínar eigin íbúðir.

Meðan engar svona breytingar eru gerðar á lánum og vöxtum í sambandi við húsnæðismál og meðan ekki er gert neitt raunverulegt til þess að stöðva verðbólguna, er alveg ófært, að það sé farið sérstaklega t. d. gagnvart alþýðu manna að vísitölubinda þessi lán. Menn mega ekki dæma eftir því, að þessi 2 ár, sem þetta hefur gilt, hefur fólk haldið áfram að taka þessi lán. Fólk er í slíkri neyð í sambandi við það að reyna að koma þaki yfir höfuðið, að það neyðist til þess að taka þessi lán, svo að segja hvernig sem þau eru. Og meiri hl. af öllu því fólki, sem tekur þessi lán, gerir sér alls ekki ljóst, að þessi vísitölubinding þýðir það, að jafnóðum sem dýrtíð hækkar, hækka þessi lán. Það er verið að notfæra sér, þegar fólk er látið undirskrifa svona skuldbindingar, þá er verið að notfæra sér trúgirni almennings á heiðarleika yfirvalda. Almenningur gengur yfirleitt ekki út frá því, að það geti verið til yfirvöld, sem bindi honum svona harðvítuga skilmála. Þess vegna mundi mönnum þykja það alveg ótrúlegt, sem við höfum látið reikna út í sambandi við það, hvernig afborganirnar yrðu á þessu, að húsnæðismálalán, sem menn fengju upp á 280 þús. kr., ef dýrtíðin héldi áfram á sama máta og hún hefur gert síðustu 20—25 árin, mundi síðasta afborgunin á 25. árinu af þessu láni vera 199 þús. kr. eða tæpar 200 þús. kr., — síðasta afborgunin af 280 þús. kr. láni. Og þá væri sá íbúðareigandi, sem í hlut ætti, búinn að borga á 3. millj. kr. Fólk, sem undirskrifar núna

þessar skuldbindingar, gerir sér ekki þessa hluti ljósa. Það áttar sig ekki á þeim, fyrr en það fer að borga þetta löngu, löngu seinna. Þá reynslu höfum við t. d. í sambandi við gömlu B-lánin í gamla húsnæðislánakerfinu.

Þegar verkalýðsfélögin gerðu sína júnísamninga 1964, trúðu verkalýðsfélögin því, að það væri meining hæstv. ríkisstj. að stöðva verðbólguna, og vildu að sínu leyti ýmislegt til þess vinna og leggja fram. Nú sjáum við hins vegar eftir tveggja ára reynslu, að því fer fjarri, að það sé sýnd nokkur veruleg viðleitni í þá átt að reyna að stöðva verðbólguna, og meira að segja núna erum við að ræða mál, þar sem liggur fyrir yfirlýsing frá ríkisstj., að hún ætli að stórminnka niðurgreiðslur og það á almennum nauðsynjavörum almennings, sem þýðir um leið að hækka verulega vísitöluna og hækka um leið t. d öll húsnæðislán. Bara það, að sjávarútvegurinn eigi að fá í styrk einar 80 millj., sem vel væri hægt að taka með öðru móti, þannig að það kæmi hvergi fram í neinni vísitölu, það á að verða til þess að stórauka þær skuldbindingar, sem íbúðaeigendur eiga að borga á næstu árum. Þess vegna er forsendan fyrir því trausti, sem verkalýðshreyfingin sýndi ríkisstj., þegar júnísamningurinn var gerður 1964, í sambandi við vísitöluákvæðin um húsnæðislánin, þegar brott fallin.

Ég skal taka það fram um leið, að það mundi vafalaust ekki standa á verkalýðshreyfingunni í dag að reyna að gera slíka samninga við ríkisstj., að það væri hægt að stöðva verðbólguna, ef hæstv. ríkisstj. sýndi einhverja viðleitni í þá átt. En því fer fjarri og það meira að segja þó að kosningar fari að nálgast, sem venjulega hefði samt frekar valdið því, að ríkisstj. hefði verið heldur smeykari í þessum efnum.

Enn fremur var þá um það rætt, að það væru tvennir möguleikar til. Það væri annars vegar sá möguleiki til að taka lán með vísitölubindingu, en hins vegar sá möguleiki að taka lán með hærri vöxtum, svo framarlega sem ekki væri um vísitölubindingu að ræða, t. d. þá með 8% vöxtum. Og sannleikurinn er, að slík lán mundu náttúrlega koma miklu betur út fyrir almenning heldur en lánin með vísitöluákvæðinu koma út, miðað við það, að vísitalan verði látin hækka svona áfram og dýrtíðin látin vaxa eins og gert hefur verið undanfarið. Þess vegna tel ég engan efa á því, að verkalýðshreyfingin mun líta svo á, fyrst hún á annað borð hefur farið inn á þá leið að reyna að hafa nokkur áhrif á, að almenningur og sérstaklega launafólk geti fengið lán til húsnæðisbygginga með sæmilegum kjörum, að nú ætti að taka þetta mál til alvarlegrar endurskoðunar. Hún var búin að sýna svo sitt traust í þessum efnum á loforð ríkisstj., og hún var búin að sýna sinn góða vilja, en þegar dýrtíðin er látin halda svona áfram, er ég mjög trúaður á það, að verkalýðshreyfingin muni krefjast þarna algerra breytinga, og þá verð ég satt að segja að segja það, að ég teldi betur farið, að við hér á Alþ. gerðum þá breytingu, sem er nauðsynleg í þessum efnum, sem sé að fella þetta vísitöluákvæði burt, heldur en þetta yrði máske einn af aðalásteytingarsteinunum í næstu kaupgjaldsdeilum. Ég kynni betur við það, að við breyttum þessu nú, heldur en í júní í sumar, þegar núverandi samningar renna út, verði það einn af skilmálunum, sem verkalýðshreyfingin kæmi til með að setja, að þarna yrði gersamlega breytt um. Ég kann betur við, að Alþ. setji slík lög, heldur en verkalýðshreyfingin sé enn einu sinni knúin til þess að setja lög eða breyta lögum. Ég vil þess vegna eindregið mælast til þess, að hv. þm. athugi þetta mál mjög gaumgæfilega og það geti orðið samkomulag um að gera þarna breytingar á.

Ég vil svo leggja til, að að lokinni þessari 1. umr. sé þessu máli vísað til hv. heilbr.- og félmn., og vil vona, að sú n. skili áliti um þetta mál, þannig að við getum tekið þetta mál til alvarlegrar afgreiðslu hér í þinginu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

30. Aðstoð til vatnsveitna.

Á 23. fundi í Sþ., 23. marz, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 95 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna [163. mál] (þmfrv., A. 366).

Á 60. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Mál þetta, sem varðar breyt. á l. nr. 93 1947, um aðstoð til vatnsveitna, er endurflutt af okkur 4 þm. Framsfl. í þessari hv. deild. Síðast þegar það var hér til umræðu, það var á þinginu 1964, var á það fallizt að vísa því til ríkisstj. í trausti þess, að hún léti frekari athugun fara fram og legði málið síðan fyrir næsta reglulegt Alþingi. Þrátt fyrir langan íhugunartíma hefur ekkert heyrzt frá hæstv. ríkisstj., og þykir okkur flm. því ástæða til þess að flytja málið enn að nýju.

Svo sem kunnugt er, er í l. um aðstoð við vatnsveitur frá 1947 kveðið á um fjárhagslega aðstoð ríkissjóðs við sveitarfélög, sem koma sér upp vatnsveitum; enn fremur eiga ákvæði laganna við um svokölluð vatnsveitufélög, sem stofnuð eru skv. vatnalögunum frá 1923. Aðstoðin er fólgin í því, að heimilt er að veita styrk úr ríkissjóði, sem nema má allt að helmingi kostnaðar við stofnæðar, vatnsgeyma, dælur og jarðboranir. Þessi löggjöf frá 1947 hefur orðið að gagni og gert ýmsum sveitarfélögum og vatnsveitufélögum fært að stofna til vatnsveitugerðar, sem að öðrum kosti hefði ógert verið eða reynzt a. m. k. mjög erfitt.

Við framkvæmd laganna hefur reynslan leitt í ljós, að aðstoðin af ríkisins hálfu þarf að koma

betur til og löggjöfin að færast til annars horfs um nokkur atriði. Og vil ég nú leyfa mér að víkja nánar að þessum atriðum.

Styrkurinn úr ríkissjóði getur takmarkazt um skör fram og raunar langt fram yfir það, sem löggjafinn mun upphaflega hafa ætlazt til, þegar svokölluð stofnæð er aðeins lítill hluti alls vatnsveitukerfisins. En þegar svo stendur á, geta aðaldreifiæðar, þ. e. æðarnar frá stofnæð, komið snemma til og orðið höfuðhluti alls dreifikerfisins. Miðast þá eigi að síður styrkurinn einungis við kostnaðinn af stofnæðargerðinni. Annar kostnaður við vatnsæðalagnir, sem er þá mestur hluti kostnaðar, fellur þar fyrir utan og tilheyrir framkvæmdaaðilanum einum. Stofnæðin er skilgreind mjög þröngt af hálfu þeirra aðila, sem styrkjum úthluta, að hún sé sá hluti vatnsæðar, sem liggur frá vatnsbóli eða upptökum vatns að fyrstu greiningu. Að þessi túlkun sé rétt, skal ekki dregið í efa út af fyrir sig. En það er auðséð, þegar svo háttar, að stofnæð er stutt, en dreifilínukerfið víðáttumikið, að styrkurinn verður síður að gagni og ef til vill óverulegur. Þessi aðstaða er oft til staðar og ekki hvað sízt í sveitum, þar sem strjálbýlt er. Hér þyrfti hvað mest að koma til aðstoðarinnar, en skortir skýlausa heimild í l. til þess að hjálpa við framkvæmd vatnsveitugerðar, þegar þörfin er hvað brýnust.

Til þess að bæta úr í þessu efni leggjum við flm. frv. til, að styrkur af ríkisins hálfu skuli einnig ná til aðaldreifiæða, og þetta er höfuðbreytingin í okkar frv. frá því, sem í l. frá 1947 greinir. Þá sýnist okkur flm. í annan stað rétt að setja inn í l. ákvæði á þá leið, að ábyrgð sú, sem ríkissjóði er heimilt að veita sveitarstjórnum vegna vatnsveitufranıkvæmda, verði ákveðin sjálfskuldarábyrgð. Lög um ríkisábyrgðir gera ráð fyrir því, að ábyrgð ríkissjóðs sé einföld, sem svo er kallað, nema sérstaklega sé tekið fram um annan hátt.

Vatnsveitugerðir eru vissulega markverðar framkvæmdir í almannaþágu, sem stuðla ber að á hverja lund, svo sem auðið er. Það er því rík ástæða til þess, að hér beri ríkissjóður þyngri ábyrgð en ella. Svo er álit okkar flm.

Í þriðja lagi er í þessu frv. lagt til, að samanlögð ábyrgðar- og styrksfjárhæð megi ná allt að 90% af stofnkostnaði allrar vatnsveitunnar. Er þar um nokkra hækkun að ræða.

Þessar breytingar þrjár, sem ég hef drepið á, eru þær helztu, sem getur um í frv. Vil ég að lokum taka þetta fram: Það er auðsætt, að frv. þessu, ef að lögum verður, þurfa að fylgja stórhækkaðar fjárveitingar til vatnsveitna. Í fjárlögum fyrir árið 1966 eru í þessu skyni ætlaðar 1.8 millj. kr. Þessi fjárhæð vegur að sjálfsögðu lítt á móti þörfinni eins og er og hvað þá síðar. Hér þarf vissulega að gera stórátak og tillagið að margfaldast. Um það er svo ekki að villast og sjálfsagt flestir um það samdóma, að vatnsveitumál séu ein hin veigamestu hagsmunamál sveitarfélaga og einstaklinga og að ríkissjóði beri að leggja hart að sér að koma slíkum framkvæmdum í sem bezt horf og þá auðvitað fyrst og fremst þar, sem fjárhagsástæður eru þannig, að viðkomandi framkvæmdaaðilum er um megn að koma verki fram af eigin rammleik. Það er því von okkar flm., að þetta frv. megi nú ná fram að ganga og að málinu verði síðan fylgt myndarlega eftir með ríflegum fjárveitingum.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr - og félmn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

31. Sala varphólma og sellátra fyrir Ljótunnarstaðalandi.

Á 65. fundi í Nd., 2. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um sölu varphólma og sellátra fyrir Ljótunnarstaðalandi í Bæjarhreppi í Strandasýslu til eigenda Ljótunnarstaða [180. mál] (þmfrv., A. 442).

Á 68. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta smámál, sem hv. þm. hafa fyrir framan sig á þskj. 442, hef ég verið beðinn að flytja, en efni þess er, eins og menn sjá á 1. gr. þess, aðeins þetta, að ríkisstjórninni verði heimilað að selja varphólma og sellátur, sem liggja fyrir landi bújarðarinnar Ljótunnarstaða í Bæjarhreppi í Strandasýslu til eigenda Ljótunnarstaða. Annað er efni frv. ekki.

Málið er að fullu skýrt í meðfylgjandi grg., stuttri grg., og skal ég, ef þm. kynnu ekki að hafa þetta við höndina, aðeins rekja meginefni hennar.

Jörðin Ljótunnarstaðir í Bæjarhreppi í Strandasýslu hefur um aldir verið prestssetur. En snemma á 18. öld mun prestssetrið hafa verið flutt á næstu jörð, Prestsbakka, en síðan voru Ljótunnarstaðir kirkjujörð og prestarnir á Prestsbakka sáu um það að leigja hið fyrrverandi prestssetur út.

Fyrir landi Ljótunnarstaða eru nokkrir varphólmar og sellátur, og þessir hólmar bera heitið Ljótunnarstaðahólmar, enda eru þeir fyrir miðju landi þeirrar jarðar. Til þess að sýna þessa afstöðu, hefur verið prentað hér landabréf. Það er stækkuð mynd af herforingjaráðskortinu, og sýnir það glöggt legu þessara hólma fyrir miðju landi Ljótunnarstaða. Þessir hólmar hafa, eins og nafnið bendir til, um aldir heyrt til Ljótunnarstöðum og allt þangað til breyting varð á þessu á 19. öldinni. Þá voru Ljótunnarstaðir leigðir, án þess að hólmarnir fylgdu með, og síðan fór fram sala, og um þá sölu hefur sjálfsagt presturinn á Prestsbakka þáverandi séð,

og við sölu á Ljótunnarstöðum voru hólmarnir ekki látnir fylgja með. Eftir það hafa þessir hólmar heyrt til prestssetrinu á Prestsbakka og presturinn þar nytjað þessa hólma, að svo miklu leyti sem þeir hafa verið nytjaðir. Um flóð er einn þessara hólma um 200 m frá landi frá Ljótunnarstöðum, en um fjöru er gengt út í hólmana, og hefur Ljótunnarstaðabóndi veruleg óþægindi af því, að hólmarnir liggja svo nærri og að það fjarar út í þá, því að hann á oft að vetri til sérstaklega í erfiðleikum með að verja því, að fé hans fari út í þessa hólma, og á sumum þeirra er flæðihætta, svo að hann verður til þess að bjarga sínu fé að hafa verulega fyrirhöfn af því að verja, að fé hans fari þarna út í hólmana, en nytsemi hefur hann hins vegar enga af þessum hólmum.

Í grg. er gjörla skýrt frá, hvernig þessir hólmar liggja Þar er stuðzt við frásögn núverandi eiganda Ljótunnarstaða, Skúla Guðjónssonar, og hygg ég, að þar sé mjög nákvæmlega með farið. Þeir hólmar, sem liggja næst Prestsbakka, eru sker, sem fara í kaf um flóð, og í þeim skerjum eru sellátrin, en þó eru þau einnig fyrir landi Ljótunnarstaða og langt frá landamerkjum Ljótunnarstaða og Prestsbakka, sem eru við svokallaða Bakkaá, sem rennur niður með Prestsbakkabænum, en farvegur þeirrar ár sést mjög greinilega á meðfylgjandi uppdrætti.

Ég er þeirrar skoðunar, að það sé í samræmi við anda l. nr. 50 frá 16. nóv. 1907, um kirkjujarðir, og sérstaklega í samræmi við anda laga nr. 113 frá 21. des. 1952, um lausn ítaka af jörðum, að þessir hólmar verði aftur eign Ljótunnarstaða, eins og upphaflega var og lengstum hefur verið, og að þannig beri Alþingi að verða við ósk núverandi eigenda Ljótunnarstaða, þ. e. a. s. Skúla Guðjónssonar og Björgvins, sonar hans, en þeir búa nú á Ljótunnarstöðum, eins og mörgum er kunnugt.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég er þeirrar skoðunar persónulega, að Alþingi eigi að leiðrétta þetta með því að heimila ríkisstj. að selja þessa varphólma og sellátur, sem skv. landfræðilegri legu og sögulegri hefð heyra þeirri jörð til, en hafa vegna sérstakrar aðstöðu prests á Prestsbakka verið lagðir undir þá jörð, fyrst með leigumála og síðan við sölu jarðarinnar.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði, þegar umr. er lokið, vísað til hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

32. Verðlagsmál (frv. EOl o. fl.).

Á 36. fundi í Sþ., 13. apríl, var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l um breyt. á l. nr. 54 14. júní 1946, um verðlagsmál [185. mál] (þmfrv., A. 463).

Á 69., 70., 71., 72., 73., 75. og 77. fundi í Nd., 14., 15., 18., 19., 22. og 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Nd., 26. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Við höfum leyft okkur, hv. 3. landsk. þm. og 5. þm. Austf. ásamt mér, að flytja hér frv. til l. um breyt. á l. um verðlagsmál. Innihald þessa frv. er það í fyrsta lagi að breyta verðlagsnefndinni, sem nú er skipuð 5 mönnum, þannig, að það verði 7 manna n., sem sé kosin hlutfallskosningu í Sþ. Í öðru lagi, að þessi verðlagsnefnd skuli ákveða hámarksverð á vöru og verðmæti og það skuli yfirleitt vera hennar skylda að gera slíkt og það þurfi samkomulag allra aðila til þess að hætta því að ákveða slíkt hámarksverð, m. ö. o.: til þess að gefa verðlag frjálst þurfi samþykki raunverulega allra verðlagsnefndarmanna.

Nú er það svo, að það er máske í þeim stóru málum ekki oft, sem við erum sammála hér á Alþingi. En ég býst við, að við séum allir sammála um eitt, og það er það, að sú óðaverðbólga, sem átt hefur sér stað hjá okkur, meira eða *minna* hjá öllum ríkisstj., undanfarna tvo áratugi, sé þjóðinni stórskaðleg og við verðum, ef þess er nokkur kostur, að gera tilraun til þess að reyna að stöðva hana, a. m. k. að minnka hana þannig, að hún yrði ekki meiri en í okkar næstu nágrannalöndum. Hæstv. ríkisstj. hefur líka viðurkennt það eins og raunar aðrar ríkisstj., að hún hafi haft fullan vilja á því að reyna að stöðva þessa verðbólgu eða draga úr henni, en henni hafi mistekizt það eins og öðrum ríkisstj.

Nú viljum við með þessu frv. í raun og veru rétta fram hjálparhönd í þessum efnum og segja: Eigum við ekki að reyna að taka saman höndum allir hér á Alþingi án tillits til þess, hvort við erum í stjórnarandstöðu eða ríkisstj., og vita, hvort ekki er hægt að gera eitthvað alvarlegt í því að stöðva verðbólguna eða draga þannig úr henni, að hún yrði ekki nema kannske 2—3% eða þar í kring?

Verkalýðshreyfingin hefur áður gert tillögu um þetta. Alþýðusamband Íslands samþ. fyrir tveim árum mjög ýtarlega ályktun, sögulega ályktun, sem öllum er kunn og varð grundvöllur júnísamkomulagsins svokallaða þá, að Alþýðusambandið vildi einmitt fyrir hönd verkalýðshreyfingarinnar reyna að vinna að því, að það yrði auðið að stöðva verðbólguna. Við höfum hins vegar slegið því föstu líka, að þetta hafi mistekizt hjá okkur.

Ég ætla hér ekki að fara að deila neitt um sökina á því eða slíkt, heldur aðeins segja eitt í sambandi við þetta frv.: Ef við ætlum að reyna að stöðva verðbólguna eða draga verulega úr henni, þá verðum við að reyna að stemma á að ósi, þá verðum við meira eða minna að afnema það kerfi, að verðlagshækkanir gerist sjálfkrafa. Svo lengi sem við höldum því kerfi, að verðlagshækkanir geti orðið sjálfkrafa, þá er það einu sinni svo, að hagsmunir þeirra aðila, ekki síst atvinnurekenda og kaupmanna og slíkra, sem þarna eiga hlut að máli, valda því, að jafnóðum t. d. sem kaup hækkar, þá hækkar einnig verðlagið, og ef við ætlum að reyna að stöðva verðbólguna, verðum við að byrja þarna. Ég man líka eftir, að þegar hæstv. ríkisstj. tók við völdum, þá gaf hún einmitt yfirlýsingu um slíkt, að þetta væri hennar meining, og ég held, að við verðum að reyna að taka upp þann þráð og skapa þarna það aðhald að atvinnurekendum og þeim, sem með verzlun hafa að gera, að þeir geri sér ljóst, að þeir verða sjálfir að standa undir þeim kauphækkunum, sem þeir samþykkja, en geta ekki velt þeim yfir á almenning. Það þýðir, að þeir verði að gera slíkar umbreytingar á sínum rekstri, að í krafti slíkra endurbóta standi þeir undir hækkuðu kaupgjaldi.

Það var um tíma trú manna, — ég veit ekki, hvort það er enn þá, — sérstaklega hv. stjórnarliða, að frjáls samkeppni mundi leysa úr þessum vanda, og það hefur jafnvel verið trú samvinnumanna, sem við ýmsir teljum okkur til, að sjálf samvinnuhreyfingin gæti leyst þessi mál. Sannleikurinn er, að frjáls samkeppni hefur ekki leyst þetta. Við vitum það svo fullvel, að hækkanirnar hafa gengið fyrir sig af fullum krafti, jafnt skipafélögin sem kaupmenn hafa hækkað sínar vörur, og það mun ekki vera fjarri, að svo sé, að það séu bein samtök hjá kaupmönnum um slíka vöruhækkun, hvenær t. d. sem kaup hækkar og slíkt.

Hins vegar vitum við það líka, sem fylgjum samvinnustefnunni, að kaupfélögin hafa ekki heldur getað haldið þessu verðlagi í skefjum. Allir flokkar hér á þingi hafa meira eða minna með það að gera að stjórna samvinnufélögum, þó að Framsfl. náttúrlega skari þar fram úr öllum, og allir þekkja, hvernig aðstæðurnar eru í þessum efnum. Við vitum það ósköp vel, sem stöndum hér að ýmsu leyti að Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis, að það er erfitt að eiga að keppa hér í Reykjavík með litlum fjármunum gagnvart því gífurlega ríka verzlunarauðvaldi, sem hér er á hinn veginn. Og við skulum þess vegna ekki gera okkur neinar tálvonir í þessum efnum. Hvorki sú frjálsa samkeppni né okkar samvinnuhreyfing lagar þessi mál. Það, sem þarna verður að gerast, svo að kannske sé eitthvað hægt að gera við þessu hvoru tveggja, það er, að sá sjálfsagi, sem þjóðin skapar sér, komi þarna til, og þessi sjálfsagi getur ekki komið fram í öðru en að ríkið beinlínis, t. d. í gegnum sterka verðlagsnefnd, segi við aðilann: Það er ekkert sem heitir, að nú fáið þið sjálfkrafa að hækka verðlagið að sama skapi t. d. og kaupgjald og annað slíkt hækkar. Þið verðið knúðir til þess að reyna að gera slíkar breytingar í þessum efnum, að þið getið staðið undir þessum kauphækkunum með því að bæta ykkar eigin rekstur. — Hins vegar vitum við, að á þessu eru mjög mikil vandkvæði. Við skulum ekkert fara í grafgötur um það. Við vitum, hvað það er, sem gerist erlendis, þegar þessir hlutir eiga sér stað. Það, sem gerist erlendis og það í mjög harðvítugri samkeppni, það er, að mjög stórar verzlanir rísa upp, sem eru í senn heildsölu- og smásöluverzlanir, þar sem menn kaupa inn í heildsölu í mjög stórum stíl og hafa jafnvel eigin verksmiðjur til þess að framleiða meira eða minna og selja út í smásölu, og þessi stóru „magasín", við skulum bara taka London sem dæmi, þau steindrepa hvern smákaupmanninn á fætur öðrum, þannig að þeir hrynja niður. Þetta er það, sem er að gerast bæði í Kaupmannahöfn, London og víðar í okkar nágrannalöndum, og við vitum hins vegar ósköp vel, að sviðið, sem hér er verið að keppa á, það er svo lítið, að það er erfitt að koma svona aðstöðu við. Ég veit ekki, hvernig menn tækju því, ef það ætti að heimila útlendum kaupmönnum jafnt verzlun hér sem öðrum, þá væri kannske hægt að koma svona við, en ég býst við, að það yrði sungið og kveðið, áður en við yrðum sammála um að fara inn á þess háttar aðfarir. Við verðum því að taka tillit til þess, að einmitt vegna þess, hve þeir kostir t. d., sem frjáls samkeppni jafnt og samvinnustefnan hefur, eiga erfitt með að fá að njóta sín í okkar fámenni, þá duga ekki þessi ráð, sem menn hafa trúað á. Það verður að koma þarna til allstrangt eftirlit af hálfu ríkisins.

Það hefur líka verið á það bent hér áður í ræðum, ekki síst af hv. 5. þm. Austf., að okkar hagfræðingar, sem mesta trú hafa haft einmitt á þessum aðferðum, bæði peningalegum ráðstöfunum, frjálsri samkeppni og öðru slíku, þeir eru farnir að átta sig á þessu. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri segir í seinustu útgáfu seðlabankaskýrslunnar: „Ástæðurnar fyrir þessu (hve gengur erfiðlega að vinna við verðbólguna hér) liggja tvímælalaust að verulegu leyti í því, hve lokaður mikill hluti íslenzka hagkerfisins er fyrir utanaðkomandi samkeppni."

Ég held þess vegna og við flm., að það ætti að gera alvarlega tilraun til að breyta þarna til, taka upp verðlagsákvarðanir og framfylgja þeim mjög stíft. Og ég vildi alveg sérstaklega beina því til hæstv. ríkisstj., hvort hún gæti ekki hugsað sér að vera með í því að gera slíka tilraun, — verkalýðshreyfingin er áður búin að lýsa samþykki við að fara inn á þessa leið, — ég skora á hana að gera slíkt og taka upp víssa samvinnu við hana í þessu sambandi. Það hefur mistekizt fram að þessu, vegna þess að þær aðferðir, sem beitt hefur verið, hafa ekki dugað. Ef við nú reynum þessa aðferð, sem að vísu hefur oft mistekizt líka áður vissulega, þá erum við þó að gera eina tilraunina til þess að vinna bug á þessu ægilega vandamáli.

Nú hef ég áður minnzt á það hér í sambandi við þetta, að Framsfl. hafi verið mjög andvígur þessu upp á síðkastið. Ég vil þó einnig beina þeirri fsp. til hans, af því að áður fyrr var hann í raun og veru kannske allra flokka mest inni á þessu kerfi, en upp á síðkastið virðist hann

hafa mjög harðvítuglega haldið fram, að það ætti að gefa þetta allt saman sem allra frjálsast, ég vil einnig beina þeirri fsp. til hans, hvort hann geti ekki hugsað sér að gera þessa tilraun. Ég held, að þetta væri fyrsta og stærsta tilraunin til þess að reyna að stemma stigu við verðbólgunni.

Hin hugmyndin, sem hæstv. viðskmrh. raunar hefur sett fram hér áður, að stækka n. upp í 7, það er bara með það fyrir augum að reyna að skapa þarna samstarf allra þingflokka að því að vinna að þessu máli.

Ég vil svo leyfa mér að óska þess, að að þessari umr. lokinni verði þessu máli vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

33. Stjórnarskipunarlög.

Á 72. fundi í Nd., 19. apríl, var útbýtt:

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944 [190. mál] (þmfrv., A. 513).

Á 75., 77., 78. og 80. fundi í Nd, 22., 25., 26. og 28. apríl, vra frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 81. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Við hv. 5. landsk. þm. höfum leyft okkur að flytja hér frv. til breyt. á stjórnarskránni. Það er auðvitað ekki lagt fram á þessu þingi með það fyrir augum, að okkur detti í hug, að það yrði samþ. nú, heldur aðeins til þess fyrst og fremst að kynna þm. það og ef samkomulag gæti orðið um það að taka þessi mál til rannsóknar.

Þegar lýðveldið var stofnað, var því lýst yfir af allra flokka hálfu, að þó að við gerðum ekki aðrar breytingar við sjálfa lýðveldisstofnunina en þær í stað konungsvalds að skapa hér forsetavald og í stað konungsríkis að skap hér lýðveldi, væri fyrirætlunin að breyta að öðru leyti stjórnarskránni mjög bráðlega í þá átt, sem við ætti. Það var sett hver stjórnarskrárnefndin á fætur annarri á þessum tímum. Strax fyrsta stjórnin, sem mynduð var, eftir að lýðveldið var stofnað, nýsköpunarstjórnin, lýsti því yfir í sinni stefnuskrá, svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Loks hefur ríkisstj. ákveðið, að hafin verði þegar í stað endurskoðun stjórnarskrárinnar með það fyrir augum, að sett verði ótvíræð ákvæði um réttindi allra þegna þjóðfélagsins til atvinnu eða þess framfæris, sem tryggingalöggjöfin ákveður, félagslegs öryggis, almennrar menntunar og jafns kosningarréttar.“

Stjórnarskrárnefndir voru alllengi starfandi um þessi mál, en það strandaði alltaf á sama skerinu, deilan um kjördæmaskipunina var svo hörð á þessum tíma, að það komst raunverulega ekkert í gegn af því, sem hefði þurft að gerast í sambandi við þau félagslegu mál og aðrar lýðræðislegar umbreytingar á stjórnarskránni.

Á þeim tímum t. d. áttum við í Sósíalistaflokknum fulltrúa í þessari nefnd, — ég var þar lengi sem fulltrúi, — og það var þannig lengst af ástandið hjá okkur, að okkur þótti það bezt, ef ekkert yrði gert í þessari stjórnarskrárnefnd, því að það, sem þá vofði alltaf yfir, var hið versta frá okkar sjónarmiði, að kjördæmaskipulaginu yrði breytt í tóm einmenningskjördæmi, og um tíma var meira að segja mjög lengi um það talað, hvort það skyldu verða 17 eða 21 einmenningskjördæmi í Reykjavík. Á þessum tímum strandaði því öll endurskoðun á stjórnarskránni alltaf á þessu sama skeri, ágreiningnum um kjördæmaskipunina. Og þetta var það, sem varð orsökin til þess, að allir þeir, sem falið var að starfa í þessu, gerðu aldrei neitt í því. Ég held, að það hafi verið að mörgu leyti fullgild afsökun.

Nú er hins vegar hlé í kjördæmamálinu, og það er okkar skoðun, að það væri þess vegna mjög rétt fyrir Alþingi að nota þetta hlé, þennan augnabliksfrið, hvað lengi sem hann kann að verða, sem nú er í kjördæmamálinu, til þess að endurskoða stjórnarskrána hvað snertir önnur ákvæði hennar. Það liggja fyrir mikil gögn í þessu sambandi, því að það var safnað mjög miklu saman af alls konar upplýsingum á þessum tíma, stjórnarskrár annarra þjóða og annað slíkt. Og eins og vitað er, hafa, frá því að lýðveldið var stofnað, verið gerðar mjög miklar endurbætur á öllum okkar félags- og réttindamálum, þannig að það er tími til þess kominn, að stjórnarskráin feli í sér þessi réttindi, sem nú þegar eru meira eða minna ákveðin með lögum.

Það, sem við þess vegna höfum tekið saman, flm., í þessu frv. til l. um breyt. á stjórnarskipunarlögunum, eru sumpart allstór atriði, þar sem verið er að slá föstu þeim réttindum, sem þegar eru, og helga þau með því að setja þau í stjórnarskrá, sumpart ný allstór mál, sem þarna koma inn, sérstaklega á því lýðræðislega sviði, en svo líka í þriðja lagi nokkur smámál, sem eru aðeins nokkurs konar lagfæring á stjórnarskránni sjálfri um hluti, sem nú þegar eru orðnir öðruvísi í reyndinni. Ég skal því vera stuttorður, rétt líta yfir höfuðatriðin í þessum greinum.

Í 1. gr. er breytt til um kosningarréttinn, að í staðinn fyrir að takmarka hann við 21 ár, er tekið fram, að það skuli mega lækka hann niður úr 21 ári. Hér hefur verið mikið um það rætt hjá okkur núna og liggja fyrir um það till. að lækka kosningarréttinn niður í 18 ár, en með

þessu móti yrði stjórnarskránni breytt þannig, að það sé heimilt bara með einföldum lögum að lækka hann niður í 18 ár, og að öðru leyti yrði með þessari grein, 33. gr., eins og hún yrði orðuð, ákveðið, að það væri ekki lengur hægt að dæma af mönnum kosningarrétt.

Í 2. gr. er aðeins verið að slá því föstu að hafa samkomudag Alþingis fyrsta föstudag októbermánaðar. Það hefur orðið síður nú upp á síðkastið, að það er einhver dagur í fyrri hluta október, sem Alþingi kemur saman, en það þarf alltaf að samþykkja lög á hverju þingi um að breyta ákvæði stjórnarskrárinnar um 15. febr. Þetta væri bara til þess svo að segja að færa það í bækur, sem nú þegar er orðið í „praxis". Og sama gilti í raun og veru að nokkru leyti í sambandi við 1. gr., að þar er brott numin skuldan um 5 ára búsetuna, sem sett var í gamla daga, á meðan við vildum forðast það, að Danir kynnu að flytjast of mikið til landsins, á meðan þeir höfðu jafnan borgararétt á við okkur.

Í 3. gr. hins vegar og 4. eru allmikil nýmæli, sem fara fram á það, að ákveðinn hluti þm. og jafnvel ákveðinn hluti kjósenda geti tryggt það, að málum, sem hér hafa verið samþ., bæði lög og þáltill., sé skotið undir þjóðardóm. Það var eitt stærsta lýðræðislega sporið, sem stigið var í sambandi við lýðveldisstofnunina, að það var tekin sú ákvörðun, að forsetinn skyldi geta synjað lögum um staðfestingu á þann máta, að hann skyti þeim undir þjóðardóm. Og þetta vald, sem forseta þannig var fengið, var undirstaðan að því, að hann skyldi vera þjóðkjörinn, en ekki þingkjörinn. Þegar upphaflega var byrjað að ræða þetta í gömlu lýðveldisstjórnarskrárnefndinni, var meiri hl. á þeirri skoðun, að hann skyldi vera þingkjörinn, en eftir að um þetta varð samkomulag, að hann skyldi geta skotið málum undir þjóðardóm, var ákveðið og þótti eðlilegt, að hann yrði þjóðkjörinn, vegna þess að þá ætti hann að vera eins konar vörður alþjóðar gagnvart því valdi, sem flokkarnir og ríkisstjórn á hverjum tíma getur óbeint sölsað undir sig, þannig að þeir hefðu nokkurt aðhald af því, að það væri hægt að leggja beint undir þjóðardóm mál, sem hér yrðu samþykkt. Þetta eru ákvæði, sem ýmsar aðrar þjóðir, sem langt eru komnar á lýðræðisbrautinni, hafa í sínum stjórnarskrám, og við álítum mjög mikilvægt, að þetta atriði væri sett inn í stjórnarskrána. Þetta er ekki nema eðlilegur hlutur, allt valdið kemur frá þjóðinni hvort sem er, og það væri ekki nema eðlilegt, að hún hefði vald til þess að geta fellt úr gildi lög, ef meiri hluti hennar er á móti þeim, eða þál., sem geta kannske verið enn þá þýðingarmeiri en lög oft og tíðum.

Í 4. gr. eru ákvæði um, að svo framarlega sem lög eða þál. hafa það í sér fólgið að afhenda í hendur alþjóðlegrar stofnunar einhvern hluta af ríkisvaldinu, skuli það þurfa í fyrsta lagi samþykkt Alþingis á sérstakan máta, það er gengið út frá ⅚ hlutum, og enn fremur ⅔ hluta þjóðarinnar við þjóðaratkvæði. Þessi grein er raunverulega að nokkru leyti til komin út af þeim umræðum, sem orðið hafa um inngöngu Íslands t. d. í Efnahagsbandalagið. Efnahagsbandalagið skv. Rómarsamningnum er í raun og veru sérstakt sameiginlegt ríki, a. m. k. ef Rómarsamningurinn verður látinn halda áfram í þeirri mynd, sem hann er nú, og ef land eins og Ísland ætti að ganga inn í slíkt stórríki, væri það að afsala sér að vissu leyti sínu sjálfstæði og flytja það vald, sem nú er hjá íslenzka ríkisvaldinu, yfir í ríkisvald þessarar stóru samsteypu, og við álítum, að slíkt ætti ekki að geta gerzt, nema því aðeins að þjóðin hefði greitt um það atkvæði. Við vitum, að t. d. nú er það svo í stjórnarskránni, fyrir utan þetta vald, sem forsetinn hefur, að atriði eins og það að hætta að hafa kirkjuna sem ríkiskirkju eða annað slíkt, er atriði, sem verður að leggjast undir þjóðina, og þá getur maður nærri, hvers konar kröfur maður ætti raunverulega að gera í sambandi við aðra eins hluti og þá, ef Ísland eða partur af því íslenzka ríkisvaldi væri seldur í hendur alþjóðlegri stofnun, — þjóðin ætti sjálf að geta um það dæmt. Ákvæði mjög svipuð þessu eru t. d. í dönsku stjórnarskránni.

Þá er 5. gr. Hún er ákvæði um eignarréttinn á fasteignum og náttúruauðæfum á Íslandi, að tryggja það, að Íslendingar einir skuli eiga þetta, og eins og þar gefur að lesa, sérstakar ákvarðanir hvað snertir útlendinga. Þessi ákvæði álítum við líka mjög nauðsynleg. Svo framarlega sem Ísland lendir í markaðsbandalögum, er það eitt af því fremsta, sem þessi markaðsbandalög yfirleitt ákveða, að það skuli vera réttur til uppkaupa á t. d jörðum, uppkaupa á landi. Og eins og oft hefur verið bent á hér í þessari hv. d., er jörð á Íslandi, land á Íslandi eitthvað það ódýrasta, sem fyrirfinnst í allri Evrópu, og það er enginn efi á því, að ef þarna er ekki vel frá gengið að tryggja rétt Íslendinga fyrst og fremst til jarðanna og til náttúruauðæfa, mundi, hvenær sem við kynnum að lenda í slíkum markaðsbandalögum, sem hefðu að einhverju leyti þau ákvæði, að það skyldi vera heimilt öllum borgurum þeirra landa að kaupa fasteignir hverjum í annars landi, þá mundi vera rifið út hér á Íslandi jarðir, lóðir, náttúruauðæfi og annað slíkt, og þess vegna er mjög nauðsynlegt fyrir okkur að setja skorður við þessu. Ég held, að það væri einmitt mjög æskilegt, áður en við förum alvarlega að ræða mál eins og t. d. inngöngu í EFTA eða Efnahagsbandalagið, að þá værum við búnir að taka slíkt ákvæði í stjórnarskrá, þannig að það væri alveg skýrt, jafnvel þó að meiri hl. hér á Alþ. kynni að finnast það skynsamlegt að fara í þetta, þá væri stjórnarskráin næg til að hindra, að það væri hægt fyrir útlendinga að kaupa upp jarðir, fasteignir og náttúruauðæfi hér í stórum stíl.

Þá er sjötta ákvæðið. Það er algert nýmæli, sem að vísu hefur komið fram áður í sambandi við till. til stjórnarmyndunar hér fyrir 20 árum, en þarna er bæði orðað öðruvísi og hefur ekki mikið verið rætt á þessum tímum.

Það er svo með alla núverandi óbyggð Íslands, alla almenninga, afrétti og ég tala nú ekki um þá hreinu óbyggð, jökla, fjöll, eignarréttirnir á þessu svo að segja einskismannslandi er í raun og veru mjög óákveðinn í okkar lögum, og þetta er undir því komið að miklu leyti, hvernig t. d. hæstaréttardómarar á hverjum tíma líta á, við

skulum segja þegar verið er að deila t. d. um eignarrétt í sambandi við veiðivötn og annað þess háttar, hvernig þeir líta á t. d. notaréttinn, sem felst í beitarrétti og öðru slíku, eða hvort þeir skoða þetta sem einstaklingseignarrétt, t. d. eignarrétt hreppa eða jafnvel einstakra jarða og annað slíkt. Þetta er allt mjög óljóst, og sem stendur eru, veit ég líka, t. d. hjá hæstaréttardómurum mismunandi skoðanir uppi um þetta. Ég álít, að það sé nauðsynlegt að taka af öll tvímæli um þessa hluti í stjórnarskránni sjálfri og það eðlilega, sem eigi að slá föstu, sé, að öll núverandi óbyggð, þ. e. almenningar, afréttir, aðrar lendur og svæði, sem ekki hafa verið byggð undanfarin 20 ár, öll hveraorka, vatnsorka og öll auðæfi í jörðu, sem þar eru, sé ævinleg eign íslenzku þjóðarinnar. Það þýðir, að það sé raunverulega sameign þjóðarinnar, alþjóðareign, sem ekki sé hægt að láta af hendi. Þetta er ákaflega mikilvægt ákvæði, ef við hugsum okkur, að okkar land eigi eftir að byggjast í miklu ríkara mæli og kannske líka verði hægt að hagnýta miklu fleiri auðlindir, sem þar eru, en við nú gerum okkur grein fyrir, þá er nauðsynlegt, að þetta sé alveg ótvírætt þjóðareign. Það yrði náttúrlega með lögum um leið að ákveða þann afnotarétt, þann hefðbundna afnotarétt, sem núna er, við skulum t. d. segja eins og beitarrétt og veiðirétt og annan slíkan hefðbundinn afnotarétt, það verður að ákveða hann með lögum. En mönnum hættir oft og tíðum við að rugla svo að segja saman slíkum afnotarétti eins og veiðiréttinum og slíkt er, og þeim raunverulega eignarrétti á sjálfri jörðinni, á sjálfum löndunum. Það orðalag, sem við notum um þetta, er „ævinleg eign íslenzku þjóðarinnar". Það er sama orðalagið og notað er í lögunum um friðhelgun Þingvalla, þar sem því er slegið föstu, að þeir séu ævinleg eign íslenzku þjóðarinnar. Það hefur verið um það rætt núna t. d., hvort ekki skuli draga sýslumörk nokkuð öðruvísi en nú er. Sýslumörkin eru yfirleitt dregin þannig nú, að þau enda á vissum stað uppi í óbyggðum. Sýslumörkin eru ekki dregin þannig, að sýslurnar eigi alveg beint upp í Hofsjökul, Langjökul, þangað til þær mætast, t. d. Árnes- og Rangárvallasýsla að sunnan og Húnavatnssýslur eða Skagafjarðarsýsla að norðan. Þau eru ekki dregin þannig núna, heldur er stór hringur um miðbik landsins, sem heyrir í raun og veru ekki undir neinn þannig, og það er þessi hringur, sem við álítum að eigi að úrskurða sem eign þjóðarinnar í heild. Ef þetta verður ekki gert, vofir m. a. sú hætta yfir, að það væri hægt með einföldum lögum, ég skal meira að segja ekki fortaka með dómum bara, að útkljá þessa hluti þannig, að sýslurnar skuli t. d. teljast eiga og það jafnvel ýmsir hreppar í þeim kannske ekki aðeins afnotarétt á svo og svo stórum hlutum af óbyggðunum, sem þýddi þá um leið, að viðkomandi sýslur hefðu rétt til að afsala sér eignarréttinum á þessu, selja það t. d. í hendur hinna og þessara einstakra aðila, sem gæti þýtt, að svo og svo mikið af þessum óbyggðum lenti í eign hinna og þessara manna. Þetta eru þess vegna hlutir, sem alveg er nauðsynlegt, að ekki sé aðeins sett löggjöf um, heldur líka bókstaflega sett inn í stjórnarskrá og það sem allra fyrst. Og ég vil mjög eindregið mælast til þess við hv. þdm., að þeir íhugi þetta mál, því að þetta mál verður því brýnna, því lengra sem líður. Við vitum, að okkar óbyggðir verða meira og meira eftirsóttar bara í sambandi við sumarleyfi og annað þess háttar, svo að ég tali nú ekki um veiðarnar, og það er gefið, að ýmiss konar byggð verður þarna framkvæmd, alls konar hús, sem menn geta dvalizt í sér til skemmtunar, og annað slíkt, jafnvel hótel og annað þess háttar, og þá er alveg ófært, að eignarrétturinn og umráðarétturinn í sambandi við þetta sé svo gersamlega óákveðinn sem hann er núna. Þess vegna er bezt, að svona mál séu ákveðin, áður en lengra er komið í þróuninni með þessar óbyggðir og á meðan, að ég held, að það sé þó enn þá ríkjandi skoðun, að þetta sé raunverulega sameign þjóðarinnar, en ekki eign neinna sérstakra sýslna, hreppa eða annarra og þaðan af síður einstakra jarða. Hins vegar er mér alveg ljóst, að þetta er viðkvæmt mál, og gagnvart þeim einstaklingum t. d., sem eiga þarna ýmiss konar ítök, verður það náttúrlega að fara fram með fullri gát. Að svo miklu leyti sem þarna væri um að ræða t. d. eyðijarðir, sem hefðu farið úr byggð fyrir 20 árum og með þessu móti væru gerðar ævinleg eign þjóðarinnar, þá yrði náttúrlega að bæta þær alveg samkv. stjórnarskránni. Ég held, að það væri mjög skynsamlegt líka, að þjóðin eignaðist þetta. Þessi 6. gr. er þess vegna að mínu áliti mjög þýðingarmikil fyrir okkur upp á framtíðina. Þið heyrðuð það allir nýlega, að það var verið að ganga út frá því, að það liði ekki margir áratugir, þangað til við verðum orðnir milljónaþjóð, og þá getum við nærri, hvernig muni verða með byggðina í okkar landi, og ekki er sízt eftirsóknin eftir óbyggðunum, og þá er bezt, að þessir hlutir séu alveg á hreinu.

Í 7. gr. bætum við aðeins framan við 69. gr. 69. gr. er núna aðeins um, að það megi ekki leggja bönd á atvinnufrelsi manna, hún er svo að segja óbreytt, eins og 51. gr. var í stjórnarskránni 1874. Þar leggjum við til, að sé bætt framan við einmitt í samræmi við þær miklu framfarir, sem hafa orðið í okkar félagsmálum hvað þetta snertir, að hver maður eigi rétt á atvinnu og ríkið skuli stefna að því að tryggja öllum fulla atvinnu og með lögum skuli skipa um öryggi manna við vinnu, hæfilegan vinnutíma og ráðstafanir gegn ofþjökun. Þetta væri sem sé aðeins að færa inn í þennan lið stjórnarskrárinnar það, sem allir flokkar á þinginu hafa staðið saman um og ríkisstjórnir, sem þeir hafa staðið að, hver á sínum tíma, hafa smám saman verið að setja á undanförnum 22 árum inn í okkar lög, en með þessu móti væri þessi réttur sem sé helgaður með sjálfri stjórnarskránni.

Þá er í okkar 8. gr. lagt til, að 70. gr. sé breytt. 70. gr. er núna, ég held hún sé bókstaflega hvað snertir sjálft orðalagið að mestu leyti óbreytt frá því, sem hún var 1874. Þá var þetta líklega 52. gr. Það er aðeins orðalagið, sem hefur verið breytt. Þá var hún, þegar Kristján IX gaf þá stjórnarskrá: „Sá, sem ekki getur séð fyrir sér og sínum og sé hann ekki skylduómagi annars manns, skal hann eiga rétt á að fá styrk úr al-

mennum sjóði, en þá skal hann háður vera skyldum þeim, sem lögin áskilja.“ Það er aðeins færð til betra máls þessi gamla grein, en sem sé í 92 ár hefur þessari gömlu stjórnarskrárgrein um rétt þeirra, sem þá voru kallaðir þurfamenn, ekki á nokkurn hátt verið breytt, og okkar till. er það sem sé, að þarna sé þetta ekki aðeins fært í samræmi við það, sem nú er orðið, heldur meira að segja aukið við. Við leggjum til, að þessi grein sé orðuð svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hver maður á rétt á læknishjálp og ókeypis sjúkrahúsvist, þegar slys og sjúkdóma ber að höndum. Hver maður á og rétt á slíkum styrkjum úr almennum tryggingasjóðum, ef slys, sjúkdóma, örkuml og elli ber að höndum, að það nægi honum til framfærslu. Sérstaklega skal tryggja rétt barna, mæðra og ekkna á sama hátt. Sá, sem eigi fær séð fyrir sér og sínum, á rétt á styrk úr almennum sjóði. Nánar skal ákveða öll þessi réttindi með lögum.“

Að mestu leyti er þetta aðeins að slá föstu því, sem almannatryggingarnar nú þegar ákveða með lögum, og setja það inn í stjórnarskrá, þannig að það, sem búið er að berjast fyrir og framkvæma á undanförnum áratugum og raunar aðallega á undanfarinni hálfri öld, sé nú fest í okkar stjórnarskrá. Þó er gengið kannske skrefi lengra en er í sambandi við almannatryggingarnar nú. Það er t. d. þegar sagt er þarna: ókeypis sjúkrahúsvist. En þessi ókeypis sjúkrahúsvist hefur þó raunverulega verið að mestu leyti réttur, sem menn hafa notið alveg fram á síðustu ár. Það hefur óbeint verið dregið úr því í sambandi við nokkur sjúkrahús upp á síðkastið, en meiningin með almannatryggingunum hefur þetta verið, og ég held, að það sé ákaflega nauðsynlegt einmitt að slá því föstu, þannig að frá því verði ekki hvikað, enda er það nú að verða svo hjá okkur til allrar hamingju, að okkar sjúkrahúsakostur er að vaxa svo, þegar þau sjúkrahús, sem nú eru í byggingu, komast í notkun, að efnahagslega stöndum við undir því að framkvæma þetta ákvæði í stjórnarskránni.

Þá leggjum við til með 9. gr., að 71. gr. sé breytt. 71. gr. í stjórnarskránni nú er um, að foreldrar, sem ekki hafa efni á að fræða sín börn, það skuli skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu. Þetta er 53. gr. úr gömlu stjórnarskránni alveg orðrétt. Hún var svona 1874: „Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín eða séu börnin munaðarlaus og öreigar, er það skylda hins opinbera að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri.“

Þetta hefur ekki breytzt í 92 ár. Sú skólaskylda, sem við síðan erum búnir að koma inn í lög, Íslendingar, hefur gerzt, en við höfum ekki fært stjórnarskrána að neinu leyti til samræmis við það. Við leggjum til, að þetta sé gert og að þessi 71. gr. verði nú orðuð svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Öll börn og unglingar á aldrinum 7—16 ára eiga rétt á ókeypis fræðslu, svo og allir þeir, er njóta vilja framhaldsmenntunar og hafa til þess hæfileika og áhuga. Tryggja skal efnahagslegt jafnrétti til menntunar með lögum.“

Fyrri mgr. í þessu er raunverulega aðeins staðfesting á því, sem nú er þegar með okkar skólafræðslulöggjöf, en síðasta setningin gengur sporinu lengra. Þar segir: „Tryggja skal efnahagslegt jafnrétti til menntunar með lögum.“ Þetta er eitt af þeim óhjákvæmilegustu ákvæðum til þess að skapa nútímaþjóðfélag. Við vitum, að nútímaþjóðfélag, það fullkomna tæknilega þjóðfélag, sem nú er almennt verið að reyna að skapa, það byggist fyrst og fremst á því, að það sé hægt að velja úr alla beztu krafta þjóðarinnar til þess að veita þeim þá menntun, sem fullkomnust er á hverjum tíma. Og við vitum, að það fyrirkomulag, að svo og svo stór hluti af þjóðinni fái ekki að njóta t. d. æðri menntunar, þetta er að gerbreytast, þannig að líklega eftir ein 10—15 ár verður meiri hluti þeirra þjóða, sem fremst standa, menn með menntun a. m. k. eins og stúdentsmenntun, ef ekki meiri, þannig að það er lífsspursmál fyrir hverja þjóð, ef hún ætlar sér að standa sig í þeirri menningarlegu samkeppni á milli þjóðanna, að tryggja það efnahagslega jafnrétti. Við höfum sett þetta aðeins almennt þarna inn í, vegna þess að ég veit, að það er hjá öllum mjög mikill grundvöllur fyrir þessu, og þó að geti alltaf verið deilumál, hvernig skuli framkvæma það, er þó hugsjónin sjálf sett þarna fram, og henni býst ég við að allir séu samþykkir. Svo verður það að gerast á hverjum tíma með baráttunni um þau lög, sem sett eru til að framkvæma hana, í hve ríkum mæli þetta efnahagslega jafnrétti er tryggt, en þá mætti stjórnarskráin hafa ákvæði um, að það skyldi tryggja það.

Svo er 10. gr. Þar leggjum við til, að breytt sé gömlu ákvæði. Í gömlu stjórnarskránni, eins og Kristján konungur IX gaf hana 1874, var 57. gr. svo:

„Sérhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eftir því sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt þar um með lagaboði.“

Og það er í raun og veru orðrétt svo að segja eins, það sem nú er í 75. gr. Það hefur aldrei komið upp nein tilraun til þess að framkvæma þessa stjórnarskrárgrein, og það mun ekki vera skoðun nokkurs stjórnmálaflokks, að þessa gr. beri að framkvæma. Það mun vera eitt af því fáa, sem allur þorri okkar þjóðar mun verða sammála um, að herskyldu viljum við ekki lögleiða, og þess vegna er það í raun og veru, ef við förum eitthvað að athuga stjórnarskrána, þá er það eitt af því, sem við eigum að kippa út úr, að breyta þessari 75. gr. Till. okkar flm. er, að hún verði orðuð svo: „Ísland er friðlýst land. Herskyldu má aldrei í lög leiða.“ Þetta: „herskyldu má aldrei í lög leiða“ — kæmi þá í staðinn fyrir það, sem er raunveruleg herskylda í stjórnarskránni núna, það, sem engum dettur í hug að framkvæma, og þar með væru tekin af öll tvímæli um það og Ísland skapaði sér líka í sinni stjórnarskrá þá sérstöðu, sem það hefur í heiminum þegar, að skylda ekki sína borgara til þess að læra að vega menn. Enn fremur lýsum við þarna yfir, að Ísland er friðlýst land. Það má máske mikið deila um, hvað það þýði. Okkar hugmynd með því er, að Ísland lýsi því yfir, að það vill ekki eiga í ófriði, það hefur

ekki sjálft her, það vill ekki fara sjálft með her á hendur öðrum og það vill ekki eiga í ófriði. Ef maður vildi teygja þetta hugtak lengra, — það má mjög mikið um það deila, — þá tíðkast í öllum styrjöldum, að t. d. ákveðnar borgir eru friðlýstar. Róm t d. var lýst sem óvarin, friðlýst borg til þess að koma þeirri borg undan eyðileggingu, og það mætti náttúrlega á margan hátt reyna að koma slíkum skilningi að í þetta orð, og okkur væri það ljúft. Hins vegar er náttúrlega slíkur skilningur ósamrýmanlegur því, að hér væri verið að hafa vopnahreiður, þannig að okkur er náttúrlega alveg ljóst, að um þennan hluta af okkar till., 75. gr., má þess vegna deila. En það, sem við óskum eftir, er, að Ísland lýsti því yfir, að það væri friðlýst land, sem vildi ekki hafa hér nein vopn og ætlaði sér ekki að fara með her eða láta fara með her héðan á hendur neinum öðrum þjóðum.

Okkar till. er sú, að nú séu þessi mál tekin til athugunar hjá okkur hér í þingi, það sé hagnýtt, eins og ég gat um í upphafi míns máls, það hlé, sem nú er í deilum um kjördæmaskipun, sem staðið hafa í vegi fyrir, að við, sem stóðum að stofnun lýðveldisins hér, getum efnt þau heit við þjóðina að gefa henni betri stjórnarskrá en hún hefði og fullkomnari, sem væri í samræmi við þær félagslegu og menningarlegu framfarir, sem hér hafa orðið. Við álítum, flm., að það sé einmitt lag til þess að gera þetta nú. Það eru ekki uppi neinar deilur um kjördæmaskipunina og verða að öllum líkindum ekki heldur fyrir næstu kosningar og kannske ekki einu sinni fyrir kosningarnar þar á eftir. Fyrir liggja hér þegar í þinginu till. í sambandi við 21 árs kosningarréttinn, og við efumst ekki um, að það séu margs konar aðrar till., sem menn kannske vildu bera fram eða ræða, þegar farið væri að athuga stjórnarskrána á annað borð. Ég skal viðurkenna, að þar eru e. t. v. mál, sem mundu valda miklum deilum, ég meina fyrir utan sjálft kjördæmamálið, sem ég býst við að kæmi varla upp nú. Það er t. d. mál eins og deildaskiptingin á Alþ., og við höfum af ráðnum hug ekki tekið það með í þessa till. Við vitum, að það mundi valda miklu meiri deilum, við skulum segja, ef till. væru um það að setja Alþ. í eina málstofu eða breyta til einhvern veginn öðruvísi. Það er margt, sem hægt er að hugsa sér í slíku sambandi. Við höfum aðeins tekið þær greinar, sem við álítum í fyrsta lagi, að margar þeirra ætti að vera hægt að ná algeru samkomulagi um, máske með orðalagsbreytingu, en ég efast ekki um, að almennt muni vera á Alþ. mikill grundvöllur fyrir því að setja þessi mannréttindaákvæði, sem nú eru orðin „praxis“ í okkar lögum, setja þau inn í stjórnarskrána.

Um okkar till. viðvíkjandi þeim lýðræðislegu réttindum, um þjóðaratkvgr. og annað slíkt, ég efast náttúrlega ekki um, að um það verður deilt. Það, sem ég er dálítið hræddur um, er, að þeir flokkar, sem kalla sig venjulega lýðræðisflokka, verði sumir hverjir hræddastir við lýðræðið. En það væri óskandi, að sérstaklega stærsti flokkurinn, sem mest talar nú um lýðræðið, yrði á því að lofa þjóðinni að dæma, enda ættu þeir, sem mest ítök eiga í henni, sízt að vera smeykir við það að skjóta undir hennar dóm málum.

Við álítum, að það væri mjög heppilegt, ef um það gæti orðið samkomulag, að það yrði sett nú á þessu Alþ. stjórnarskrárnefnd til þess að endurskoða stjórnarskrána og undirbúa undir næsta Alþ., vegna þess að það er síðasta þing á kjörtímabili, og þá væri gott lag að samþykkja þær breytingar, sem menn gætu nú, a. m. k. meiri hl., orðið sammála um, til þess að þær kosningar, sem hvort sem er eiga að fara fram, yrðu um leið þær kosningar, sem gæfu þjóðinni tækifæri til þess að staðfesta stjórnarskrána og næsta þingi til þess að samþykkja hana síðan aftur.

Það er till. okkar flm. nú, að þessu máli sé vísað til allshn., og um leið vildi ég mælast til þess við þá n., að hún athugi þetta, hvort hún gæti e. t. v. orðið sammála um það að leggja til, að skipuð yrði sérstök stjórnarskrárnefnd til þess að athuga bæði þessar till. og aðrar, sem menn kynnu að vilja koma fram með. Ég held, að það eigi ekki að dragast lengur hjá okkur að gera þá endurskoðun á stjórnarskránni, sem heitið var strax eftir lýðveldisstofnunina. Við getum raunverulega ekki verið þekktir fyrir það að láta meginið af ákvæðunum í stjórnarskránni um ýmis mannréttindi og annað slíkt vera orðin 92 ára gömul.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Ég hef nú ekki kynnt mér rækilega þetta frv., en mér sýnist, að margt í því sé mjög athyglisvert, og mér finnst nauðsynlegt, að þetta frv. fái ýtarlega athugun. Í því eru fólgin ýmiss konar nýmæli, sem eiga vafalaust sum þeirra mikinn rétt á sér, þó að e. t. v. megi þá frekar deila um önnur. Ég ætla nú ekki að hafa mörg orð um þetta mál hér, en ég kvaddi mér hljóðs aðallega til þess að láta koma fram af minni hálfu nokkrar skoðanir um 6. gr., þar sem rætt er um afréttinn og aðrar lendur og svæði, sem eigi hafa verið í byggð undanfarin 20 ár.

Hv. 3. þm. Reykv., flm. þessa máls, ræddi nokkuð um þetta atriði og taldi, að svæðið á hálendinu væri almenningseign, það væri eign þjóðarinnar eða ætti að vera eign þjóðarinnar allrar. Ég hygg, að til séu fyrir því margir gjörningar og gamlir máldagar, að afréttarsvæðin séu eign vissra hreppa eða héraða eða jafnvel jarða. Ég get nefnt sem dæmi t. d. Úthlíð í Biskupstungum, að hún á land alla leið inn í Langjökul, sú jörð. Þetta er vissulega mikið óbyggt svæði, geysilega stórt landflæmi, sem liggur þarna óbyggt, en er notað fyrir afrétt og beitiland á sumrin, en tilheyrir þó með glöggum landamerkjum sjálfri jörðinni. Ég vil enn fremur segja það um afréttarlönd okkar Árnesinga, að þau eru yfirleitt með landamerkjum á milli svæða. Hver afréttur er afmarkaður með sérstökum landamerkjum, sem skráð eru í máldögum og fornum gjörningum um þessa hluti. Og í fjallskilareglugerðum okkar, a. m. k. sumum og ég held öllum, ég fullyrði það þó ekki, er fram tekið að þeir eigi afrétti, sem að fornu hafi átt þá, og hver jörð eigi í samræmi við sína stærð visst ítak eða vissan hluta í afréttarlandinu. Allt fram á okkar daga hafa þessi svæði verið geysilega þýðingar-

mikil fyrir búskapinn í landinu vegna beitarréttindanna. En nú er einnig fleira, sem kemur til. Það má nefna t. d. þau veiðivötn, sem liggja á fjöllum uppi og afréttum, eins og t. d. á Landmannaafrétti. Það mun ekki vera langt síðan hæstaréttardómur féll um það, að jarðirnar í Landsveit og að nokkru leyti á Rangárvöllum eiga allan rétt í þessum vötnum, vegna þess að þau liggja á þeirra afrétti og afrétturinn tilheyrir jörðunum.

Ég vildi láta það koma fram hér, að ég lít svo á, að það væri skerðing á eignarrétti þeirra, sem þessar jarðeignir eiga, ef þessi lönd væru af þeim tekin, nema þá í staðinn kæmu fullar bætur til jarðeigenda. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta hér, en eins og ég sagði, vildi láta þennan skilning minn koma fram.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ræða hv. 2. þm. Sunnl. sýnir okkur, hve mikil þörf er á því, að um þetta sé sett í raun og veru ekki bara löggjöf, heldur ótvíræð ákvæði í stjórnarskránni.

Ég býst við, að það megi mikið um það deila, hver sá raunverulegi hugsunarháttur hafi verið í þeim gömlu gjörningum, sem gjörðir hafa verið fyrr á öldum, þegar sagt hefur verið, að jörð eigi afrétt. Við verðum að gá að því, að sjálft hugtakið um eignarrétt hefur breytzt svo ákaflega mikið á þessum tíma. Það að eiga afrétt getur eins þýtt að eiga réttinn til beitar, eiga réttinn til veiða og annað slíkt. En eins og eignarrétturinn, einstaklingseignarrétturinn er hugsaður nú á tímum, mundi hann ótakmarkaður þýða um leið, að viðkomandi, t. d. hreppur, ætti þá máske líka réttinn til þess að selja parta úr þessu. Við skulum bara hugsa okkur, að þarna ætti að rísa upp borg og einn hreppur ætti að eiga allar þessar lóðir og geta selt þetta fyrir margar milljónir, bara vegna þess, að hann hefði einu sinni í fyrndinni átt afrétt, átt beitirétt á þessum stað. Það eru þessir hlutir, sem við erum að hugsa um, þegar við hugsum okkur Íslendinga sem 3—4 millj. þjóð, þar sem búið væri að breyta með tæknilegum framförum aðstöðunni þannig, að það væri farið að byggja þar, sem nú eru afréttir og annað slíkt, og rækta þar og allt annað þess háttar. Sjálfir Hveravellir gætu orðið stórt orlofsheimili í framtíðinni fyrir þúsundir manna með glerþökum yfir. Það er þessi tími, sem við verðum að hugsa um, og þá vitum við, að sá hugsunarháttur á undanförnum öldum, þegar menn áttu veiðirétt, áttu beitarrétt, áttu afrétt, það var hugsunin um notkunarréttinn á þessu til ákveðinna hluta, til beitar, til veiða og til annars slíks. Og þegar við hugsum fram í framtíðina um allt aðra notkun í þessu sambandi, þurfum við að sjá til þess, einmitt áður en þetta fer að verða mjög brýnt mál og stórkostlegt fjárhagsmál, að það sé búið að útkljá þetta þannig, að það sé þjóðin, sem á þetta, en núverandi hreppar, t d. einstakar jarðir, sem þarna eiga eða eru taldar eiga afrétt og annað slíkt, annaðhvort fái fullar bætur, eins og nú mundi vera metið, það er ekki neitt óskaplegt verðmæti í þessu, en héldu t. d. alveg rétti til beitarinnar, til veiða og annars slíks. Það þarf að gera skilgreiningu á milli þessara mismunandi hugtaka eignarréttar í þessu sambandi, eignarréttar, notkunarréttar og annars slíks.

Auðvitað, ef við breytum svona í stjórnarskrá, er ekki hægt að gera það með öðru móti en greiða hverjum þeim fullar bætur, sem þarna missir eitthvað, við skulum segja t. d., ef við tækjum einhvern rétt af einhverjum. En ég álít ekki einu sinni nauðsynlegt að taka neinn rétt. Það er ekki nauðsynlegt núna að taka neinn beitarrétt, taka neinn þannig afrétt af neinum hreppum eða bæjum, þeir mega halda jafnt þeim rétti sem áður. Það er bara réttur til þessarar notkunar á þessu landi, en ekki eignarrétturinn til þess að afsala þessu landi undir byggð, undir framleiðslu, afsala auðlindunum þar í eða hagnýta þær. Og einmitt vegna þess, hve þetta er raunverulega óljóst, — ef ég man rétt, minnir mig, að annaðhvort Möðrudalur eða Grímsstaðir á Fjöllum eigi jafnvel ítök sunnan við Vatnajökul frá þeim tímum, sem vegir voru alltíðfarnir yfir þveran Vatnajökul, þar sem nú er hulið ís, yfir þau skörð, — og það eru eldgömul ákvæði til, sem eiga ekkert skylt við eignarréttinn, eins og við hugsum hann nú á tímum, það er gamall afnotaréttur, þá væri engin ástæða til þess að gera hann grundvöll að einhverjum gífurlegum braskrétti nú á tímum, þegar allt þetta fer að komast í öðruvísi verð.

Þess vegna er ég þakklátur hv. 2. þm. Sunnl. fyrir að koma inn á þetta. Þessi mál eru mjög flókin í dag, og hæstiréttur er hvað eftir annað að dæma, eins og nú síðast um veiðivötnin þarna, — er það ekki norður við Mýrdalsjökul? (ÁÞ: Á Landmannaafrétti.) Já, á Landmannaafrétti. Þetta getur sem sé verið alveg undir tilviljun komið, því að mér er ósköp vel kunnugt um, að í hæstarétti sjálfum hafa verið miklar deilur uppi um þetta og hæstaréttardómararnir sjálfir á mjög mismunandi skoðun. Og þetta er þó sannarlega hlutur, sem á að ákveða af hálfu Alþ. með stjórnarskránni, hvernig skuli vera, þannig að það geti ekki verið neinni tilviljun undirorpið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

34. Bann gegn botnvörpuveiðum (frv. SJJ).

Á 72. fundi í Nd., 19. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt á l. nr. 6 17. febr. 1959, um breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum [191. mál] (þmfrv., A. 521).

Á 75 fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sigfús J. Johnsen): Herra forseti. Virðulega þingdeild. Ég er mér þess fyllilega meðvitandi, að til þess að gera því máli, sem hér liggur fyrir á þskj. 521, þau skil, sem ég hefði kosið, skortir mig aðallega tvennt: Í fyrsta lagi það, að mig skortir þar ef til vill og eflaust aukna reynslu, kannske einnig viðsýni til þessara mála fram í framtíðina, og svo í öðru lagi það, að okkur skortir hér mjög þau gögn, sem fyrir þyrftu að liggja til þess að geta rakið hér að nokkru gagni gang fiskveiðimála við suðurströnd landsins og þá ekki hvað sízt við Vestmannaeyjar. Ég vil þó ekki láta hjá líða að gera þessu máli nokkur skil í örfáum orðum, ef það mætti verða til þess að upplýsa hv. þd. um málið nokkru frekar.

Önnur meginástæðan til útfærslu fiskveiðimarkanna er að sjálfsögðu sú, að Íslendingum einum sé sköpuð aðstaða til að nýta þau fiskimið, sem við strendur landsins eru, og á þann hátt og með þeim veiðarfærum, sem hagkvæmust þykja á hverjum tíma og á hverju veiðisvæði, enda verði þess að sjálfsögðu ávallt gætt, að ekki sé um ofveiði eða rányrkju að ræða. Fiskveiðar og fiskvinnsla sjávarafurða eru, eins og kunnugt er, aðalatvinnugrein Íslendinga og aðalundirstaðan undir gjaldeyrisöflun þjóðarinnar og ekki annað sjáanlegt en svo verði um langa framtíð. Það er því fyllilega tímabært og eðlilegt, að nýtingu veiðisvæðanna innan fiskveiðimarkanna sé komið í fastara form en verið hefur og þá ekki einskorðuð við ákveðin veiðarfæri, heldur séu veiðarnar stundaðar á hverjum tíma og hverjum stað með þeim veiðarfærum, sem hagkvæmust geta talizt og arðvænlegust eru, án þess að um ofveiði eða rányrkju sé að ræða.

Um þessi atriði má segja, að þeim er svarað í þessu frv. Það er fyllilega tekið til greina, að reynt verði að forðast það, að hér verði um rányrkju eða ofveiði að ræða, sérstaklega með tilliti til þess, að í frv. er gert ráð fyrir því að færa möskvastærð togveiða úr 120 mm í 130 mm, sem svarar til þess, að fiskur að mesta þvermáli 20 cm eða 200 mm mundi ekki ánetjast í slíkri vörpu. Í öðru lagi er í frv. gert ráð fyrir því um þá heimild, sem farið er fram á að ráðh. geti veitt, að honum skuli ekki heimilað að veita þessa undanþágu, nema til komi, að ekki sé um að ræða þyngsli, sem við köllum „bobbinga", þ. e. a. s. sem gætu valdið varanlegu tjóni á gróðri neðansjávar. Þetta tvennt hygg ég að megi með sanni segja, að ætti að verða til þess að auðvelda framgang málsins og sérstaklega með hliðsjón af því, að ef þessi gamla fordild og bábilja um eilífðarbann við veiðum innan landhelginnar á ákveðnum svæðum og með ákveðnum tækjum, ef hún fæst ekki losuð í sölum þingheims, þá horfir uggvænlega víða um land.

Svo hagar til á aðalveiðisvæðum vélbátaflotans að vetrinum til, að veiðar eru nær eingöngu stundaðar með línu og netum og nú hin síðustu árin einnig með nót. Veiðar með handfærum eru ekki lengur nein uppistaða í fiskveiðum Íslendinga. Að sumrinu til og einnig á sumum veiðisvæðum að vetrinum til, eins og t. d. á svæðinu frá Dyrhólaey og þar austur af, horfir þetta öðruvísi við. Á þessum tíma verða línu- og netaveiðar ekki stundaðar með neinum árangri, a. m. k. ekki á svæðinu frá Reykjanesi og austur með suðurströnd landsins. En á þessu svæði, t. d. á svæðinu frá Reykjanesi og út með allri suðurströndinni, svo sem í Vestmannaeyjum, Stokkseyri, Eyrarbakka og Þorlákshöfn, eru tugir báta, er skortir rekstrargrundvöll, eins og aðstæður eru nú. Er hér um að ræða báta af millistærð, sem eru of litlir til síldveiða, en of stórir til dragnótaveiða. Verður því mjög að undirstrika í þessu sambandi, að einmitt þessi stærð báta er um land allt undirstaðan undir þeim útvegi, sem rekinn er hvarvetna við strendur landsins, þar sem á annað borð er um einhver sjávarþorp og einhver starfandi fiskiðjuver að ræða.. Víða má skapa þessum bátum öruggan rekstrargrundvöll með rýmkun á ákvæðum um bann við botnvörpuveiði, þar sem það að áliti Fiskifélags Íslands og annarra sérfróðra aðila getur talizt áhættulaust og við eiga. En eins og lög um bann gegn botnvörpuveiði eru nú, getur sá ráðh., sem með þessi mál fer, hvergi veitt undanþágu til slíkra veiða innan þeirra marka, sem sett voru í reglugerð nr. 21 frá 19. marz 1952, þ. e. a. s. innan 4 mílna markanna, nema um sé að ræða eingöngu kampalampa- eða leturhumarveiðar með þar til gerðum sérstökum vörpum. Ég tel fyllilega tímabært, að ákvæði þessi séu rýmkuð þannig, að ráðh. hafi einnig heimild til að veita vélbátum undanþágu til botnvörpuveiða með venjulegri fiskivörpu, einnig innan 4 mílna markanna, þar sem slíkt að áliti reyndra og sérfróðra aðila getur talizt áhættulaust og eðlilegt og þar með forðað stórfelldum samdrætti í atvinnulífinu. Um þessi mál hafa Útvegsbændafélag Vestmannaeyja og hin ýmsu hagsmunasamtök í Eyjum gert itrekaðar tilraunir til þess að fá þessi ákvæði eitthvað rýmkuð, og ég vil, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að vitna hér til niðurlags bréfs frá Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja, sem ritað er til sjútvmrn. og er stílað þann 20. jan. Í bréfinu segir, með leyfi hæstv. forseta, í niðurlagi bréfsins:

„Við viljum leyfa okkur að benda mjög eindregið á, að eitthvað raunhæft verður að gera nú þegar í þessu máli. Það þolir að okkar dómi enga bið lengur Verði ekkert að gert, er hætta á, að stór hluti vélbáta Vestmanneyinga stöðvist, og mundi byggðarlagið ekki fá risið undir slíku. Við leyfum okkur að fara fram á, að bátum frá Vestmannaeyjum verði af framangreindum ástæðum leyfðar togveiðar innan fiskveiðimarkanna á svæðinu frá Geirfuglaskeri við Eyjar og eitthvað austur fyrir Ingólfshöfða."

Lýkur hér tilvitnun í bréf Útvegsbændafélags Vestmannaeyja. Svar við þessu bréfi er að finna í bréfi rn., sem ég vil einnig, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að vitna til. Í bréfi rn. 24. jan. segir, í niðurlagi bréfsins:

„Í 1 gr. l. nr. 6 frá 17. febr. 1959 segir: Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 70 frá 30. júní 1958, skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flot-

vörpu. Rétt er ráðh. að veita íslenzkum fiskiskipum undanþágu frá banni þessu, þó utan þeirra marka, sem sett voru með reglugerð nr. 21 frá 19. marz 1952.“ Og enn fremur segir í sama bréfi: „Af framansögðu er ljóst, að eigi að heimila íslenzkum skipum botnvörpuveiðar innan marka þeirra, sem ákvörðuð voru með reglugerð nr. 21 19. marz 1952, þarf ný lagaheimild til að koma Lína sú, er dregin er með þeirri reglugerð, er, eins og áður sagði, 4 sjómílur frá yztu annesjum, skerjum eða eyjum.“

Og lýkur þar með tilvitnun í bréf hv. sjútvmrn.

Nú hafa málin skipazt þannig, að sérstakt ástand hefur nú skapazt vegna aflabrests á miðunum við suðurströnd landsins og þá alveg sérstaklega við Vestmannaeyjar, sem kallar á skjóta úrlausn þessa máls. Heildarafli vertíðarbáta í Vestmannaeyjum var eftir fyrsta ársfjórðung þessa árs 10711 lestir, en á sama tíma í fyrra 17450 lestir eða um 40% minni nú en þá. Ef sagan væri þar með sögð, væri ef til vill ekki svo skuggalegt um að litast. En því miður er ekki þar með öll sagan sögð, og vantar þar mikið á. Staðreyndin er sú, að heildarafli landsmanna á þessu sama tímabili, þ. e. a. s. á fyrsta ársfjórðungi þessa árs, er, þegar í heild er tekið, 7% minni en á sama tíma í fyrra. Þessi 7% svara til að vera alveg um 7 þús. lestir, en heildarafli Vestmannaeyjabáta á sama tímabili er einmitt að sama skapi nákvæmlega eða alveg um 7 þús. lestum minni en á sama tíma í fyrra. Þessu til viðbótar er svo þá raunasögu að segja, að ekki einasta það, að þorskur, sem er tveggja og þriggja nátta og verðlítill, skapar tiltölulega litla vinnu í landi, er stór uppistaða í þeim þorskafla, sem á land er kominn, og svo til viðbótar og til að kóróna allt saman kemur svo hitt, að hinn hlutinn er að miklu leyti loðna, sem engum náttúrlega dylst hugur um, að skapar hvort tveggja í senn litla atvinnu og er í útflutningsverðmætum ákaflega verðlítil söluvara.

Sá tími, sem þegar er liðinn af þessari vertíð, var sá tími, er útgerðarmenn og sjómenn byggðu á, að yrði uppistaðan í rekstrarafkomu bátanna á þessu ári. Þeir verða að treysta á, að sumarvertíðin geti í einhverju bætt upp þann aflamissi, sem þegar er orðinn. En til þess að freista að bæta upp það tjón, sem þegar er orðið, verður ekki af stærstum hluta þessara báta gripið til neinna annarra veiðarfæra, er vænta megi nokkurs árangurs af, en botnvörpu. Bæði er það, að slík útgerð er mun kostnaðarminni og um leið hvergi nærri eins mannaflafrek. En ef slíkar veiðar á að stunda með einhverjum árangri, þá verða þær veiðar að fara fram á þeim svæðum, er lög nú banna. Löggjafinn getur því ekki lengur horft á það aðgerðarlaus, að beinlínis séu útgerðarmenn og sjómenn knúðir á ólöglegar veiðar, og þannig vísvitandi horft upp á það, að lögbrot séu framin, sjávarútveginum og þjóðinni sjálfri til framdráttar. Og ég vil í þessu sambandi leyfa mér að gera tilvitnun í eitt nærtækt, raunhæft dæmi um þessi mál.

Í upphafi þessarar vertíðar voru menn að vísu á öllu Suðurlandsundirlendinu nokkuð bjartsýnir, eins og oftast er í vertíðarbyrjun, um gang vertíðarinnar og áframhald hennar. Nokkrir þeirra manna, sem lagt höfðu út í það að eignast báta af meðalstærð, þó umfram þá stærð, sem hægt er að nýta til dragnótaveiða, höfðu gert sér nokkrar vonir um það, að hægt yrði í náinni framtíð að stunda dragnótaveiðar og við hefðum viðsýni til þess að heimila þeim að stunda þær veiðar á einhverjum ákveðnum svæðum og ákveðnum tímum það tímabil, sem ekki eru stundaðar aðrar veiðar.

Þegar síðan fréttist um það, að skipuð hefði verið nefnd til þess að bæta og leiðrétta afkomu þessara minni báta, þá fóru menn enn að gera sér frekari vonir um, að þarna væri einhverra úrræða að vænta. Niðurstaðan varð hins vegar sú, að enn hefur ekki bólað á neinu slíku, og liggur því fyrir í dag sú niðurstaða, að þessir ágætu menn, sem þarna eiga hlut að máli, sumir hverjir urðu að snúa frá því að stunda sínar dragnótaveiðar, vera hundeltir dag eftir dag innan landhelgi og fóru út í það að fjárfesta í auknum veiðarfærum með kaupum á netaveiðarfærum, sem kosta á venjulegan mótorbát í dag um 600 þús. kr.

Þetta dæmi, sem ég er hér að vitna í og við höfum margar hliðstæður af, er raunhæft dæmi. Þarna er um að ræða mann, sem í upphafi vertíðar ætlar sér að byggja sína afkomu á dragnótaveiðum, en vegna þess að engin rýmkunarákvæði koma til, þá snýr hann til netaveiða. Niðurstaða mannsins verður síðan sú, að hann hefur veiðar á ný, hendir netunum í land, vegna þess að það er ördeyða, engan fisk í þau að hafa, og hann snýr málunum við og setur netin í land og tekur troll.

Það er ekki viðurkvæmilegt á þessum stað að tala um það, hvar þessi maður stundar sínar veiðar. Ég veit, að hv. alþm. vita það allir, að það er ekki utan 12 mílna markanna. En niðurstaða mannanna við það að veiða á þeim svæðum, sem lög ekki leyfa, hefur þó leitt til þess, að einhvern afla hefur þar verið að fá, og því er spurningin um það í dag enn brýnni en nokkru sinni fyrr: Á að láta mennina halda áfram þessum óþjóðlega sið, sem einhver kallaði svo í leiðinlegri ræðu, eða ætlar löggjafinn að grípa hér inn í og leggja sitt til, að málinu verði skipað í það horf, sem nauðsyn ber til.

Það er nokkuð freistandi að reyna í örstuttu máli að gera hv. þd. nokkru nánari grein fyrir sögu fiskveiða hér við suðurströnd landsins, kannske í og með ekki síst vegna þess, að óvíða munu vera til skárri gögn um fiskveiðar heldur en einmitt við suðurströndina, og svo líka ef það mætti verða til þess að berja niður þann draug, sem setzt hefur að, ég vil segja í brjósti ýmissa aðila, sem um þessi mál hafa fjallað, að við værum að drepa niður allan fiskstofn með því að leyfa rýmkun á togveiðum innan okkar landhelgi.

Það er fyrst getið um fiskveiðar við Vestmannaeyjar í Landnámu, en í Landnámu segir, að fiskveiðar hafi verið stundaðar lengst af frá Eyjum og Vestmannaeyjar talin góð verstöð og mikil. Að vísu er getið um það, að í Vestmannaeyjum muni ekki hafa verið um vetrarsetu að ræða, heldur aðeins veitt þar að sumrinu til eða þá stundað útræði í stuttan tíma.

Þegar kemur fram á 15. öld, hefja Englendingar samlagsútgerð með Vestmanneyingum, og gekk sú útgerð prýðisvel. Bæði var það, að þarna kom til fjármagn erlendis frá, og það á kannske vel heima á þessum dögum, að rætt sé um innflutning erlends fjármagns, sem þarna mun hafa hafizt í Eyjum í byrjun 15. aldar og gaf á þeim tíma góða raun. Bæði var það, að hægt var með því að byggja upp bátaflotann og gera hann þannig úr garði, að hann var hæfur til þess að sækja á þau mið, sem þurfti, þó að ekki væri að vísu langt að sækja. Um þessi mál gengu síðan ákaflega sérkennilegir dómar, sem væri fróðlegt fyrir menn að glugga í. Þessir dómar gengu árin 1528 og 1543. Svo stendur fram til ársins 1570, en þá tekur konungsútgerð við, og er konungsútgerð rekin í Vestmannaeyjum fram undir lok einokunartímabilsins.

Í konungsútgerðinni hagaði þannig til, að hver einasti útvegsbóndi var skyldaður til þess að róa á konungsskipunum. Var þá ekki lengur um neina sjálfstæða útgerð að ræða í Vestmannaeyjum, og dró þar allt í dróma, eins og víðast hvar í öllu viðskiptalífi landsmanna á þessu tímabili.

Á árunum 1793—1805, eða í 12 ár samfleytt, sýna skýrslur okkur, að á þessu 12 ára tímabili er um algert aflaleysi að ræða í Vestmannaeyjum. Sama sagan endurtekur sig aftur nokkru síðar, eða á árunum 1855—1870, í 15 ár samfellt. Í þessu sambandi er vert að minna rækilega á, að á þessu tímabili bregzt afli algerlega í annað skiptið í 12 ár og í hitt skiptið í 15 ár. Nú skyldi enginn láta sér detta í hug, að þessi aflabrestur hafi þá stafað af dragnótaveiði eða togveiði, slík veiðarfæri voru þá alls ekki til, heldur eingöngu um handfæraveiðar að ræða, og að um ofveiði hafi verið að ræða, því fer fjarri, ef gerður er samanburður á afla nú hin síðustu ár.

Ég vil sérstaklega undirstrika þetta og benda mönnum ýtarlega á, að um aflabrest hefur verið að ræða á ákveðnum tímabilum og ákveðnum árum, ef litið er aftur í tímann, og rök fyrir aflabresti verða ekki rakin til áðurnefndra veiðarfæra, heldur kemur þar eitthvað allt annað til.

Það er síðan ekki fyrr en alveg undir lok 19. aldar, eða nánar tiltekið 1897, sem farið er að nota línu að nokkru gagni í Vestmannaeyjum. Það er Magnús Guðmundsson útvegsbóndi í Vesturhúsum, sem fyrstur reyndi það.

Síðan, ef við rekjum söguna hratt og förum fljótt yfir sögu, þá er það næst árið 1908, en þá reynir Þorsteinn Jónsson frá Laufási fyrstur manna fiskveiðar í net. Árið 1920 hefur Gísli Magnússon dragnótaveiðar. Árið 1930 er hafin botnvörpuveiði við Eyjar. 1943 eru hafnar humarveiðar. 1960 er hafin veiði í nót.

Svo bregður við, að eftir að þessi nýju veiðitæki koma til greina, fer aflinn ört vaxandi, þannig að frá því fyrir aldamótin 1900 snýr úr hreinni ördeyðu til stöðugt vaxandi afla. Á árunum 1899—1915 má minna á, að þá tvöfaldaðist aflinn enn. Allt þetta tímabil eða meiri hluta tímabilsins eru notuð þau veiðitæki, sem nútíminn þá bauð upp á og þóttu hentugust og leiddu til stöðugt vaxandi afla. Og ég vil minna á, að ég er hræddur um, að tölurnar frá árunum fyrir aldamót hefðu verið nokkuð aðrar í aflamagni, ef menn hefðu þekkt til annarra veiðitækja en þeirra, sem þá voru notuð.

Er við gerum svo samanburð á heildarmagni afla og förum þá aðeins nokkur ár aftur í tímann, sem kannske kann að vera nær minni fleiri manna, og hlaupum aftur til ársins 1938, þá kemur í ljós, að árið 1938 eru gerðir út frá Vestmannaeyjum 69 vélbátar, að meðaltali 25 brúttólestir að stærð. Afli þessara 69 vélbáta á þessu tímabili, eða árið 1938, er aðeins tæpar 7 þús. lestir, eða nánar tiltekið 6964 tonn.

Snúum svo aftur til ársins 1965. Þá verður niðurstaðan sú, að heildaraflinn árið 1965 er tæpar 154 þús. lestir, eða nánar tiltekið 153377 tonn, eða sem svarar til að vera 20-faldur á við þann afla, sem á land kom 1938. Og ef við síðan umreiknum brúttólest og aflamagn saman, þá kemur í ljós, að þetta aflamagn, þessar 154 þús. lestir, sem lagðar eru á land 1965, hefðu þýtt það, að meðalstærð báta, sem gerðir eru út frá Vestmannaeyjum á árinu 1965, hefði þá átt að vera 240 brúttólestir.

Sannarlega er stærð þessara báta milli 60—80 brúttólestir að meðaltali. Þetta segir ótvírætt sína sögu, hvað sem bábiljunni um lokunarsvæðin líður.

Í þessu frv., sem hér er lagt til að verði lögfest, er aðeins farið fram á það, að ráðh. sé veitt heimild til þess að veita undanþágu til veiða innan 4 mílna markanna, þ. e. a. s. frá yztu nesjum, og að í þessari heimild sé að sjálfsögðu vitnað til þess, hver þörfin er á hverjum stað og hverjum tíma, og ekki verið að kalla það yfir, að það eigi að fara að rányrkja alla ströndina hringinn í kringum landið, heldur fyrst og fremst miðað að því, að ekki sé horft upp á það lengur, að ef um hreint vandræðaástand væri að ræða, eins og kannske er fyrirsjáanlegt nú á komandi sumri, þá sé það í hendi einhvers aðila að geta leyst þann vanda, en þetta sé ekki leyst með neikvæðu svari frá ákveðnu ráðuneyti.

Ég vil svo ekki hverfa frá þessu máli öðruvísi en að benda einnig á stóran þátt, sem við getum ekki litið fram hjá, en það er þátturinn um manninn, sem er að stunda sína atvinnu, sem er að stunda aðalatvinnuveg þjóðarinnar, sem er að leggja drög að því, að þjóðinni geti farnazt vel, manninn, sem er að veiða í þau veiðarfæri, sem henta á þessum svæðum og í þessum tilfellum, sem um ræðir. Þessi maður á það yfir höfði sér að vera eltur, ekki einungis af áfram knúðum skipum, heldur einnig af flugflota við sína vinnu, rekinn í land, settur í dómssalinn, látinn sitja þar í réttarhöldum fyrir það eitt að hafa lagt á land það, sem geri það að verkum, að hans byggðarlag og nærliggjandi svæði séu lífvænleg. Heimili mannsins er að miklu leyti undirlagt vegna stöðugra réttarhalda og yfirheyrslna yfir manninum, og sjónarmið þessa heimilis — og ég vil segja mannsins og þess, sem í kringum hann er, það hlýtur að vera næsta ömurlegt fyrir íslenzkan löggjafa, þegar hann síðan fær fregnir af því, að þegar frá þessu er sagt í blöðum og útvarpi, að þessi og þessi bátur hafi verið tekinn að ólöglegum veiðum eða meintum ólöglegum veiðum, eins og farið er að orða það á svo viðurkvæmilegan

hátt, þá er ekki einasta hlegið, þeir, sem ekki hlæja, þeir beinlínis brosa að þessu, og málið er orðið þannig í dag, að það getur hver og einn vitnað til sjálfs sín í því, að það eru ekki ófáir, sem beinlínis brosa að því, þegar bátur er tekinn að ólöglegum veiðum, ég vil segja hvar sem er við strendur landsins.

Þetta hlýtur óneitanlega að leiða til þess að afstaða manna almennt til a. m. k. þessa þáttar löggjafarinnar hlýtur að verða nokkuð ruglingskennd, og ég vil segja, að það sé ekki að ástæðulausu.

Ég vil aðeins í örfáum orðum reyna að gera grein fyrir því, sem úr þessum fáu orðum mínum ætti að vera niðurstaða þessa máls.

Í fyrsta lagi tel ég brýna nauðsyn bera til, að þessi heimild til ráðh. verði veitt, svo að ekki þurfi að skapast beinlínis neyðarástand á ákveðnum svæðum.

Í öðru lagi hefur verið vitnað í ákveðin bréf, sem sanna það og sýna, að hér er ekki bara um orðskrúð að ræða, heldur ákveðna till. til þess að bæta úr því, sem miður hefur farið.

Í þriðja lagi leyfi ég mér að vitna til þess, að á undanförnum árum höfum við, þrátt fyrir það að ekki væru til staðar þau veiðarfæri, sem hér er farið fram á að heimila, þá hefur komið yfir þessi veiðisvæði alger þurrð á ákveðnum tímum, sem telja verður a. m. k. að ekki hefði átt sér stað, ef sú veiðitækni hefði verið til, sem nú er hægt að bjóða.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta mál. En í trausti þess, að reynt verði að hraða þessu máli, svo sem kostur er, þótt seint sé fram komið, þá vil ég, herra forseti, vænta þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

35. Afhending preststsetursjarðar.

Á 72. fundi í Nd., 19. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um afhendingu preststsetursjarðar og flutning preststseturs [193. mál] (þmfrv., A. 526).

Á 74. fundi í Nd., 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 31 shlj. atkv., að að yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ástæðurnar til þess, að þetta frv. er lagt fram, eru skýrðar í grg. frv., og leyfi ég mér að vísa til þeirra. Jafnframt leyfi ég mér fyrir hönd okkar flm. að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og til hv. menntmn., og vildi ég fyrir okkar hönd mælast til þess við hv. n., að hún greiði fyrir því, að þetta mál geti orðið samferða öðrum síðbúnum þingmálum gegnum þingið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv og til menntmn. með 32 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

36. Lánasjóður íslenzkra námsmanna.

Á 41. fundi í Sþ., 27. apríl, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt á l. nr. 52 29. marz 1961, um lánasjóð íslenzkra námsmanna [201. mál] (þmfrv., A. 592).

Á 80. og 85. fundi í Nd., 28. apríl og 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

37. Stéttarsamband bænda o. fl.

Á 42. fundi í Sþ., 29. apríl, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um Stéttarsamband bænda, samningsrétt þess og aðild að verðákvörðun á landbúnaðarvörum, Kjararannsóknarstofnun bænda, Rannsóknar- og eftirlitsnefnd með vörudreifingu landbúnaðarins og dreifingarkostnaði á landbúnaðarvörum, framleiðsluáætlanir, Útflutningsráð landbúnaðarins o. fl [202. mál] (þmfrv., A. 607).

Á 85. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

38. Búnaðarbanki Íslands.

Á 6. fundi í Sþ., 20. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands [31. mál] (þmfrv., A. 31).

Á 7. fundi í Ed., 26. okt., var frv tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Þm. Framsfl., þeir er sæti eiga í þessari hv d., standa allir að flutningi frv. þess, sem hér liggur fyrir. Málið var borið fram á síðasta þingi shlj. því, sem hér er lagt til, og var þá gerð grein fyrir málinu í heild og einstökum atriðum þess, svo að það er hv. þdm. kunnugt. Eigi að síður vil ég fara nokkrum orðum um frv. nú við þessa 1. umr. málsins.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að í þjóðfélaginu eiga sér ávallt stað margs konar viðskipti og viðskiptalífið þróast þannig, að viðskiptin aukast og verðmæti þeirra vex hröðum skrefum að krónutölu, og hefur hin vaxandi verðbólga að vísu veruleg áhrif á, að svona er þessu farið. En það er skoðun Framsfl., að stefna þurfi að því, að sem minnst röskun verði á byggðinni í sveitum landsins. En þó að að þessu sé stefnt, hljóta alltaf að eiga sér stað kaup og sala á jörðum. Þegar þeir, sem átt hafa þessar fasteignir og hagnýtt þær um langan tíma, verða fyrir aldurs sakir eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum að hverfa frá atvinnurekstri, þá þarf að skapa skilyrði til þess, að hinir yngri geti með viðráðanlegum kjörum eignazt þessar jarðir og hafið þar sjálfstæðan atvinnurekstur. Og því meiri framkvæmdir sem gerðar eru í sveitunum, þeim mun meira fjármagn er bundið í fasteignum og búi hvers bónda. Og það er ýmislegt í löggjöfinni, sem beinlínis ýtir undir það, eins og vera ber, að lagt sé í framkvæmdir á jörðum og landbúnaðurinn efldur á þann hátt. T. d. má í þessu sambandi minna á það lagaákvæði, að stefnt skuli að því, að túnstærð á jörðum yfirleitt verði ekki undir 25 ha, og stuðningur er veittur til þess, að ný og fullkomin hús verði reist á hverri jörð og vélarafli beitt við framleiðsluna. Þróun atvinnuvegarins að þessu leyti er óhjákvæmileg, og hún má ekki stöðvast. En hún torveldar eðlileg eigendaskipti á jörðum, nema tryggt sé, að lánsstofnun geti hlaupið undir bagga með því að veita með góðum kjörum lán til þess að kaupa jarðir, þegar eigendaskipti á þeim eru óumflýjanleg.

Löggjafinn hefur á undanförnum árum reynt að búa í haginn fyrir þegna þjóðfélagsins með því að ákveða lán til íbúðarhúsa og til stuðnings við atvinnurekstur af ýmsu tagi, svo sem kaup fiskiskipa og til ræktunar á jörðum, og þessi lán nema verulegum fjárhæðum, þannig að lán til fiskiskipa t. d. munu nema ⅔ af kaupverði skipanna og skipta því oft millj. kr. út á eitt einstakt skip, þegar þessi atvinnutæki eru keypt, eins og verðlag er nú orðið. Það er stefnt að því að hækka lán til íbúðarhúsa og gera þau sem hagfelldust eða viðráðanleg ungu fólki.

En því verður ekki neitað, þegar á þessi mál er litið í heild, að það er eyða í þessu að því leyti, sem viðvíkur stuðningi við kaup á bújörðum. Veðdeild Búnaðarbankans á að sönnu að gegna því hlutverki að veita lán í þessu skyni. En hún hefur um langt árabil átt við þann fjárskort að etja, að þau lán, sem hún hefur veitt, hafa numið, að ég ætla, hæst 100 þús. kr. út á hverja jörð fyrir sig, og þrátt fyrir það hefur veðdeildin ekki getað fullnægt þeirri eftirspurn eftir þessum lágu lánum, sem fyrir hendi er. Það getur ekki orkað tvímælis, að þetta er óviðunandi og svo búið má ekki lengur standa, því að afleiðingarnar af þessu verða m. a. þær, að ungt fólk, sem er að stofna heimili og vill gjarnan staðfestast í sveitum landsins, verður oft að hverfa þaðan burt sökum þess, að það hefur ekki fjárráð til þess að afla sér jarðnæðis og hefja sjálfstæðan atvinnurekstur, og á ekki aðgang að lánum með þeim kjörum, sem viðráðanleg eru. Þetta kemur svo fram í því m. a., að bújarðir eru lítt eftirsóttar, a m. k. í sumum sveitum, ef þeim fylgja ekki hlunnindi. En á hinn bóginn, ef um hlunnindajarðir er að ræða, laxveiði eða annað slíkt, eru þær svo eftirsóttar, að kapphlaup er um að komast yfir þessi hlunnindi af hálfu þeirra, sem mikil fjárráð hafa, aðeins hlunnindanna vegna, en ekki til þess að stunda atvinnurekstur á þessum jörðum og styðja hlutaðeigandi sveitarfélög á þann hátt. Þessi þróun leiðir til þess, að sveitarfélögin sjálf bíða oft hnekki við.

Með frv. því, sem hér er lagt fram, er gert ráð fyrir að auka að miklum mun stuðning við þá, sem kaupa jarðir og hefja á þeim búrekstur. Frv. gerir ráð fyrir því, að veðdeildin láni vegna jarðarkaupa allt að 70% virðingarverðs þeirrar fasteignar, sem um er að ræða og sett verði að veði fyrir láninu. Það er þó gert ráð fyrir því í frv., að í framkvæmd verði tekið tillit til lána úr stofnlánadeild landbúnaðarins, sem á hlutaðeigandi jörð hvíla og veitt hafa verið til bygginga eða ræktunar, þannig að lán úr veðdeild megi lækka við þetta hlutfall virðingarverðs, sem ég áður greindi, jafnt því, sem stofnlánadeildarlánunum nemur. Þá gerir frv. ráð fyrir því, að veðdeild Búnaðarbankans verði heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og að þau bankavaxtabréf verði notuð til að greiða fyrir þeim viðskiptum, sem hér er um að ræða. Það er að sjálfsögðu æskilegast, að lán, sem veðdeildin veitir, verði að öllu leyti greidd í peningum, og það er ekkert ákvæði í þessu frv, sem kemur í veg fyrir það, svo framarlega sem nægilegir peningar eru fyrir hendi í veðdeildinni. Í frv. er þetta beinlínis orðað þannig, að lán, sem veðdeildin veitir til kaupa á jörð, greiðir hún í peningum að ⅓ hlutum, en ⅔ hluta lánsfjárhæðarinnar greiðir veðdeildin í peningum eða bankavaxtabréfum, sem gefin eru út skv. 20. gr., og ég var að gera grein fyrir, að frv. heimilaði. En fari nú svo, að það fé, sem veðdeildin hefur til ráðstöfunar í peningum, nægi ekki til að fullnægja eftirspurn eftir lánum, þá er það skoðun flm., að með bankavaxtabréfum megi að nokkru leyti greiða úr fyrir þeim, sem á þessum lánum þurfa að halda. Gert er ráð fyrir því, að lán til jarðarkaupa verði afborgunarlaus fyrstu tvö árin og vextir af þeim verði eigi hærri en 4%.

Til þess að veðdeildin hafi þau fjárráð að geta veitt þau lán, sem frv. þetta mælir fyrir um, þarf að sjálfsögðu að auka tekjur hennar frá því, sem nú er, enda er það annað meginákvæði frv. að kveða svo á, að tekjur veðdeildarinnar verði auknar að miklum mun. Þar á að koma til skv. frv. árlegt framlag ríkissjóðs, 20 millj. kr. Í öðru lagi árlegt framlag frá stofnlánadeild landbúnaðarins skv. 14. gr. l. nr. 75 1962, um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Í þriðja lagi framlag samkv. 9. gr. l. nr. 44 1957, um skatt á stóreignir. Og í fjórða lagi vaxtatekjur. En til viðbótar þessu skal Seðlabanka Íslands gert skylt, ef ríkisstj. óskar þess, að lána veðdeild Búnaðarbankans nauðsynlega fjárupphæð vegna starfsemi hennar, allt að 100 millj. kr., gegn 9% vöxtum. Veðdeildin skal endurgreiða Seðlabankan-

um lán þetta með jöfnum afborgunum á 20 árum. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar veðdeildarinnar gagnvart Seðlabankanum. Þegar litið er á, hve Seðlabankinn er fjárhagslega öflug stofnun og hve hann tekur mikið fé til sín, þá virðist hér ekki mjög stórt af stað farið. Ef til vill þyrfti ekki að nota þessa heimild nema að einhverju leyti. Það kæmi í ljós við framkvæmd löggjafarinnar, ef þetta frv. yrði að lögum, og í kaupum og sölum á jörðum eru að öllu eðlilegu tiltölulega litlar sveiflur, því að lögbýlum í landinu fjölgar ekki, og það þarf ekki að gera ráð fyrir því, að þeim jörðum, sem ganga kaupum og sölum árlega, fjölgi mjög mikið frá því, sem verið hefur, og gerir það þetta mál miklu viðráðanlegra en á þeim sviðum, svo sem í íbúðabyggingum, þar sem síaukinn fólksfjöldi knýr á um vaxandi fjárframlög ár frá ári.

Ég vænti þess, að frv. þessu verði tekið með velvilja og skilningi hér í hv. d. Ég sé ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum, nema sérstakt tilefni gefist, en legg til, að þegar þessari umr. lýkur, verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

39. Ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. (frv. BJ).

Á 7. fundi í Ed., 26. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 8. maí 1965, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins [41. mál] (þmfrv., A. 42).

Á 9. fundi í Ed., 1. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Með lögum um aðstoð við sjávarútveginn, sem samþ. voru á síðasta Alþingi, var m. a. ákveðið, að ríkissjóður greiddi 25 aura verðuppbót á hvert kíló af fiski, sem veiddur væri með línu eða handfæri. Með þessu lagaákvæði var viðurkennt, að veiðar með línu væru óhagstæðari útgerð en með öðrum veiðarfærum, þ. e. a. s. þegar frá er skilin togaraútgerðin, sem um langt skeið hefur notið mun ríflegri aðstoðar af opinberri hálfu eða nú um sinn styrkja, sem munu svara til um það bil einnar krónu á hvert kíló upp úr sjó, og er hann veittur, hvort sem aflanum er landað hér heima til vinnslu eða siglt með hann ísvarinn á erlendan markað.

Með þessum lögum var í rauninni líka viðurkennt, að hér væri um svo veigamikinn þátt í okkar atvinnulífi og okkar gjaldeyrisöflun að ræða, að hinu opinbera bæri skylda til að koma til hjálpar og tryggja þennan þátt útvegsins. Þessi viðurkenning var og er eðlileg og sjálfsögð, þegar það er haft í huga, bæði hvað mikilvæg þessi grein útgerðar hefur verið, og eins hitt, hve erfitt mundi reynast að fylla það skarð, sem hún mundi skilja eftir, ef hún drægist stórlega saman eða jafnvel legðist niður.

Skv. upplýsingum, sem ég hef aflað mér, var heildarafli, sem veiddur var á línu og handfæri s. l. ár, sem hér segir: 1962 113570 smál., 1963 110991 smál., 1964 84608 smálestir. Um árið, sem nú er að líða, er auðvitað ekki að fullu vitað af skiljanlegum ástæðum, en það er þó alveg fullvíst, að um mjög verulegan samdrátt hefur enn orðið að ræða frá árinu 1964, þannig að handfæra- og línuaflinn á þessu ári mun sennilega ekki vera nema um það bil helmingur af því, sem eðlilegt gæti talizt.

Ef athugað er, hver hlutur línuveiða hefur verið í vetrarvertíðinni við Suðvesturland og Vestfirði, þá lítur það þannig út, að 1964 var hann rúmlega 54 þús. tonn eða 27% af heildarveiðinni á þeirri vetrarvertíð, en 1964 var þetta komið niður í 39732 smál., eða niður í 14.8%, hafði þannig dregizt saman hlutfallslega um nær því helming á einu ári. Á þessu ári eða síðustu vetrarvertíð hefur enn orðið um mjög verulegan samdrátt að ræða, þar sem línuveiðar lögðust að mestu leyti niður hér við Suðvesturlandið, og það eru í raun og veru ekki nema Vestfirðirnir, sem gerðu þá verulega út á línu.

Ég hygg, að þessar tölur sýni tvennt. Í fyrsta lagi það, að línuútgerðin á auðveldlega að geta gefið um eða yfir 100 þús. tonn upp úr sjó á ári, ef hún er rekin með eðlilegum hætti og nokkurn veginn fullri þátttöku þess bátaflota, sem hentar þessum veiðum. En þetta magn hráefnis mundi, ef það væri unnið í frystihúsum, gefa um 600 millj. kr. útflutningsverðmæti a. m. k. En mönnum er það kunnugt hvort tveggja, að frystihúsin og ekki sízt úti á landi, þar sem línuveiðar eru aðallega stundaðar, í sjávarbyggðunum þar, frystihúsin þar skortir mjög hráefni, og hins vegar, að framleiðslan á frystum fiski er algerlega ófullnægjandi miðað við þá markaði, sem fyrir hendi eru. Málið er ekki heldur þannig vaxið, að það sé líklegt, að nokkur önnur útgerð geti komið í stað línuveiða, ef um verulegan samdrátt er þar að ræða, a. m. k. ekki svo að nokkru verulegu nemi. Ástæðurnar fyrir því eru margar, m. a. þær, að veiðar með línu eru einu veiðarnar eða nær því einu veiðarnar á bolfiski, sem unnt er að reka með okkar bátaflota nærri því helming ársins, þ. e. a. s. frá október til febrúarloka, og önnur veiðarfæri eru miklu meira miðuð við fiskigöngur, þegar fiskur þjappast saman í þéttar göngur eða torfur um hrygningartímann, þ. e. a. s. okkar vetrarvertíð. Og yfir sumartímann eru þær einu veiðarnar, sem koma til greina á bolfiski, nema mjög takmarkaðar veiðar með dragnót og handfæri, sem hvort tveggja hlýtur alltaf að vera miklum annmörkum og takmörkunum háð. Við þetta er svo því að bæta, að nýtingin á smærri bátum okkar, nýting á veiðimöguleikum, þ. e. a. s. á miðunum, og nýting fiskvinnslustöðvanna víðs vegar um landið er mjög

háð þessari veiðiaðferð, a. m. k. enn sem komið er, og þetta í raun og veru í svo ríkum mæli, að fjöldi sjávarþorpa í landinu í 3 landsfjórðungum á í raun og veru afkomu sína og atvinnu íbúanna undir því komna að langsamlega mestu leyti, að þessar veiðar séu reknar mikinn hluta ársins. Það er þess vegna auðsætt, að það er eitt mesta hagsmunamál sjávarbyggðanna á Vestfjörðum, á Norðurlandi og að verulegu leyti á Austfjörðum, að þessari útgerð sé haldið í horfinu um sinn a. m. k.

Ég held, að það sé því í raun og veru sama, hvort litið er til almennra hagsmuna varðandi okkar útflutningsframleiðslu eða hagsmuna sjávarplássanna, að niðurstaðan hlýtur að verða sú, að við megum engan veginn við því, að sú þróun haldi áfram, sem nú er orðin viðvarandi, að svo sé að þessari atvinnugrein búið, að þar ríki stöðugur samdráttur. En nú er það svo, að það leikur enginn vafi á því, og ég hygg, að það sé óumdeilt, að þessi þáttur útgerðarinnar á nú í miklum erfiðleikum, og ég hygg, að flestum, sem þekkja eitthvað til útgerðar, þyki sýnt, að ef ekki koma til verulegar lagfæringar á rekstrargrundvelli hennar, þá haldi sá samdráttur áfram með vaxandi hraða, sem hefur gert mjög greinilega vart við sig upp á síðkastið og tölulegar upplýsingar, sem ég fór með, sanna. Verðuppbótin, sem sjálfsagt var allra góðra gjalda verð, á s. l. ári, hefur reynzt algerlega ófullnægjandi til þess að halda hag þessarar útgerðar í horfinu, enda hefur verðbólguþróunin séð fyrir því, að allur tilkostnaður hefur vaxið hraðar en fiskverðið, sem útgerðin byggist á.

Ég hygg, að það sé nokkuð sameiginlegt álit flestra þeirra, sem kunnugir eru útvegsmálum, að rekstrargrundvöllur línuútgerðarinnar sé í raun og veru sízt betri en togaraútgerðarinnar og að raunar hafi svo verið um alllangt skeið. Er ég þá engan veginn að segja, að togaraútgerðin sé ofhaldin af þeirri opinberu aðstoð, sem hún nýtur. Allur munurinn er í raun og veru sá, að togaraútgerðin er í höndum fárra stórra aðila, en línubátaútgerðin margra smárra og févana einstaklinga, sem að verulegu leyti vinna sjálfir hörðum höndum við útgerðina. Glöggt dæmi um hag þessara greina útvegsins er það t. d., að engin endurnýjun á sér lengur stað í hvorugri þessari grein útvegsins. Þær eru algerlega stöðvaðar. Rök gegn því, að línuútgerðin fái svipaðan opinberan styrk og togaraútgerðin, virðast því ekki liggja á lausu. Hins vegar mun mega fullyrða, að ef farið væri að þeim till. eða öðrum líkum, eins og þeim, sem ég flyt hér, og þessum útgerðargreinum báðum væri gert jafnt undir höfði og veitt svipuð aðstoð, þá mundi það reynast athafnasemi hennar til hagsbóta bæði fyrir þjóðina í heild og fyrir alla, sem henni standa nærri.

Ég lít ekki svo á, að hér sé um neina raunverulega útgjaldaaukningu fyrir ríkissjóð að ræða, þegar horft er einnig á tekjuhliðina samtímis, þó að þetta frv. um aukna aðstoð til smáútgerðarinnar yrði samþykkt. Ég held, að þessi aukni styrkur mundi skila sér aftur til baka í auknum tekjum ríkissjóðs vegna meiri gjaldeyrisöflunar. Það er a. m. k. ástæða til að reyna að reikna það dæmi annars vegar, hverjar tekjur ríkissjóðs yrðu af gjaldeyrisöflun línuútvegsins, ef hann yrði í fullum gangi, skilaði yfir 100 þús. tonnum af bolfiski á land og væri um leið undirstaða undir gjaldeyrisöflun upp á 600—700 millj. kr. á ári, og hins vegar, hverjar tekjur hans yrðu af þessari atvinnugrein, ef hún skilaði aðeins helmingi eða jafnvel miklu minna af þessu verðmæti. Ég held þess vegna, að aðstoðin, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, verði ekki of mikil, ef hún er skoðuð í samhengi við útkomuna úr þeim dæmum, sem ég nefndi.

Ég ætla svo ekki að hafa um þetta öllu fleiri orð. Ég vil aðeins vænta þess, að sú hv. n., sem væntanlega mun fjalla um þetta mál, athugi það rækilega, kynni sér allar tiltækar staðreyndir, sem varða málið, og hagi afgreiðslu málsins í samræmi við það. Og ef það er gert, þá er það trú mín, að hún komist að þeirri niðurstöðu, að hér sé ekki um nein yfirboð eða óhóflega kröfugerð að ræða, heldur úrræði í vandamáli, sem Alþ. og ríkisstj. ber vafalaust skylda til að sinna.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að þessu máli verði að umr. lokinni vísað til hv. sjútvn.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég skal ekki gera neina tilraun til að vefengja þau rök, sem hv. frsm. þessa frv. hafði fyrir frv. hér áðan, og kannast við mörg atriði þeirra reyndar úr röksemdafærslum, sem ég hef áður heyrt varðandi þetta mál, og tel þess vegna ekki neina sérstaka ástæðu til að fara út í einstök atriði þeirra. Ég vildi hins vegar nota þetta tækifæri til að skýra frá því, að fyrir þó nokkru kom í kjölfar bréfs, sem sjútvmrn. var sent, nefnd frá L. Í. Ú., sem skýrði frá vanda hinna smærri vélbáta, þó ekki þeirra smæstu, heldur sérstaklega þeirra, sem eru of stórir til að veiða með dragnót og allt upp undir það að vera of litlir til að bera síldveiðar, sér í lagi vetrarsíldveiðar, þ. e. a. s. bátanna á stærðinni frá 45 til allt að 120 tonn, og í þessum hópi eru sér í lagi þeir bátar, sem hv. frsm. og flm. frv. gat um áðan. Frv. er því að mínu viti fyrst og fremst um einn þátt þessa vanda, þ. e. a. s. verðlagið á línufiskinum, sem er að sjálfsögðu eitt af veigamestu atriðunum í vanda þessara báta, en alls ekki allur vandinn, sem nauðsynlegt er að takast á við og glíma við til þess að fá viðunandi úrlausn. Ég vildi þess vegna nota þetta tækifæri, án þess að fara út í frekari röksemdafærslu fyrir nauðsyn þess, að þetta mál verði kannað, sem er vissulega eitt af alvarlegustu vandamálum sjávarútvegsins í dag, til að skýra frá því, að ég fór fram á það við formenn þingflokkanna í s. l. viku, að þeir tilnefndu hver um sig mann í nefnd til þess að rannsaka þennan vanda, og nokkrir þingflokkanna hafa þegar tilkynnt mér þessa tilnefningu sína, þannig að ég vænti þess, að þetta vandamál verði í allra flokka nefnd tekið fyrir nú á allra næstu dögum, eða a. m. k. vonir standa til þess, að nefndin geti sem fyrst hafið störf.

Umfram þann vanda, sem þetta frv. ræðir sérstaklega um, eru þarna, eins og ég minntist á áðan, mörg önnur atriði, sem að vísu hefur verið minnzt hér á áður, en ekki verið útkljáð, þannig að vitað sé, hvort samstaða fæst um þau. Það er

t. d. mikið rætt, hvort hleypa eigi þessum bátum á tilteknum svæðum inn í landhelgi með ákveðin veiðarfæri. Það er talað um, að erlendis séu komin ný veiðarfæri, sem væru einmitt hentug fyrir þessa stærð vélbáta, og hvort ekki mætti reyna þau, og ótalmörg fleiri atriði, sem gætu orðið viðkvæm og er því eðlilegt, að allra flokka menn fjalli um.

Eitt af því fyrsta. sem ég tel að nefndin þyrfti að snúa sér að, er sá vandi, sem flm. hyggst leysa með samþykkt þessa frv., og þá um leið að meta það, hvert verð er hægt að greiða fyrir línufiskinn, annars vegar, og eins hitt, hve mikið það kostar að verðbæta hann á þann hátt, sem nauðsynlegt verður talið. Það er enginn vafi og fer sjálfsagt ekki fram hjá neinum, að sá vandi, sem hér um ræðir og frv. víkur réttilega að, er fyrst og fremst kannske afleiðing af því, að þróunin í stærð vélbátanna hefur verið mjög ör hjá okkur á undanförnum árum og menn af eðlilegum ástæðum leita frekar eftir skiprúmi á stærri og betri skipunum, auk þess sem þau hafa gefið mönnum meira í aðra hönd, sér í lagi þrjú s. l. ár með því góðæri, sem verið hefur í síldveiðum. Það er því enginn vafi á því, að endurbætur á afstöðu allri fyrir þessa stærð vélbáta verða að vera æði ríflegar, ef þær eiga að standast samkeppnina um mannskapinn einan, þó að ekki sé tekið tillit til fleiri atriða.

Ég vil gjarnan nota tækifærið til þess að skýra frá því, að það hefur verið athugað, með hvaða hætti bezt yrði komið á rannsókn, sem gæti skilað varanlegum tillögum til úrbóta í þessu efni, og niðurstaðan er sú að setja á stofn þessa nefnd, sem ég áðan skýrði frá og ég vænti að geti hafið störf hið allra bráðasta.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að hæstv. sjútvmrh. tekur undir þau rök, sem ég hef hér flutt fyrir máli mínu, og lýsi líka ánægju minni yfir því, að hann virðist hafa áhuga á því að leysa þetta mál. Hins vegar verð ég að segja það, og það er ekki neitt nýtt af nálinni, sem hefur dottið af himnum ofan nú í þingbyrjun. Þetta vandamál hefur verið viðvarandi undanfarin ár, og ég tel, að hæstv. fyrrv. sjútvmrh. og ríkisstjórninni í heild hefði borið að taka málið fyrir löngu áður og hafa einhver tiltæk úrræði í því fyrir þingið. Þar sem svo hefur ekki verið, en málið allt orðið aðkallandi, hef ég talið rétt að flytja þetta frv. Hins vegar er það að sjálfsögðu ekki neitt atriði í málinu, hvorki fyrir mig né aðra, hvort það er leyst eftir þessu frv. eða eftir öðrum leiðum, og lausnin jafngóð, hvort sem hún kann að koma frá þingnefnd allra flokka eða samkv. till. frá einstökum þingmönnum. Það auðvitað skiptir engu máli. En ég legg bara áherzlu á það, að málið er aðkallandi, og það dugir ekki að fara nú, þegar það er komið í eindaga að ýmsu leyti, að þvæla því allt of lengi í nefnd og rannsóknum. Haustvertíðin er þegar byrjuð, og víða um landið er það svo, að línubátunum, sem eðlilegt væri að væru teknir til starfa að veiðum af fullum krafti, er lagt, ekki vegna þess, að mannskapurinn sé ekki fyrir hendi, því að í þeim landsfjórðungum, sem hér eiga hlut að máli, er fyrir hendi nægur mannafli til að manna bátaflotann, ef útgerðin telst á annað borð vera þannig á vegi stödd, að mögulegt sé að reka bátana.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

40. Stýrimannaskóli í Vestmannaeyjum.

Á 20. fundi í Ed., 25. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 31. des. 1964, um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum [79. mál] (þmfrv., A. 99).

Á 24. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Helgi Bergs): Herra forseti. Á þskj. 99 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 frá 1964, um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum. Þetta frv. felur í sér þá breyt. á l., að ríkissjóður greiði stofnkostnað og rekstrarkostnað skólans í stað bæjarsjóðs Vestmannaeyja.

Á síðasta þingi voru samþ. þessi l., sem hér er lagt til að breyta með þessum hætti, og það var þá full samstaða um það á hv. Alþ., að eðlilegt væri, að sjómannaskóli til fiskimannaprófs hins meira væri staðsettur í Vestmannaeyjum. Á hinn bóginn var ekki samstaða um þau atriði þeirra l., sem lúta að kostnaði við skólann. Brtt., sem ég flutti og stefndi í þá átt, sem þetta frv. gerir, voru felldar. En rökstuðningur minn fyrir þeim brtt. þá var sá, að mér þótti óeðlilegt og þykir enn, að ríkið skjóti sér undan kostnaði við þennan þátt sjómannafræðslunnar með því að koma honum yfir á bæjarsjóð Vestmannaeyja.

Nú hefur skólinn starfað eitt fullt ár og raunar nokkru betur. Þann 8. maí s. l. útskrifuðust frá skólanum 15 nemendur með fiskimannapróf hið meira. Það voru gerðar þar sams konar prófkröfur og gerðar eru við stýrimannaskólann í Reykjavík og dómendur að nokkru leyti einnig þeir sömu. Meðaleinkunn hinna útskrifuðu námsmanna var mjög há, 6.76. 3 af þessum 15 útskrifuðust með ágætiseinkunn, og virðist því, að skólinn hafi sjálfur staðizt sitt próf. Mér þykir þess vegna rétt með flutningi þessa frv. að kanna það, hvort nú sé ekki orðinn meiri hl. fyrir því á hv. Alþ., að ríkið taki að sér kostnað af rekstri þessa skóla, eins og af öðrum þáttum sjómannafræðslunnar. Við skólann í Vestmannaeyjum starfa auk skólastjóra 10 kennarar, flestir eru það stundakennarar, sem hafa önnur störf í Vestmannaeyjum. En það hefur, sem betur fer, reynzt auðvelt að tryggja góða kennslukrafta,

enda ekki annars staðar frekar ástæða til að vænta þeirra en í þessari stærstu verstöð landsins. Samkv. reikningum bæjarsjóðs Vestmannaeyja um stofnkostnað skólans mun hann hafa numið tæpum 700 þús. og rekstrarkostnaður fyrsta heila starfsárið milli 750 og 800 þús. kr.

Þetta frv. miðar eingöngu að því að breyta þessu eina atriði, að ríkissjóður í stað bæjarsjóðs greiði kostnað við skólann. Ég hef ekki talið rétt að blanda inn í það öðrum atriðum, þó að mér sé fyllilega ljóst, að það frv., sem liggur fyrir um breyt. á námsskrá stýrimannaskólans í Reykjavík, geti gefið tilefni til þess, að einhver frekari endurskoðun á þessum l. fari fram, en ég hef ekki talið rétt að blanda því saman við þetta atriði, heldur felur þetta frv., sem hér liggur fyrir, í sér þetta eitt og ekki annað.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

41. Rafvæðing Vestur-Skaftafellssýslu.

Á 21. fundi í Ed., 29. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um rafvæðingu Vestur-Skaftafellssýslu [82. mál] (þmfrv., A. 102).

Á 24. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Helgi Bergs): *Herra forseti.* Á þskj. 102 flyt ég frv. til l. um það, að héraðsrafmagnsveitur ríkisins skuli leggja rafmagnslínu frá Vík í Mýrdal, sem nái til allra byggðra býla í hreppunum 5 milli Mýrdalssands og Skeiðarársands. Af þeim fréttum af drögum að áætlun um framhald rafvæðingarinnar, sem þm. hafa fengið, er ljóst, að ekki er gert ráð fyrir því að sinni, í fyrirliggjandi drögum að framkvæmdaáætlun, að rafvæðingin nái til þessara sveita.

Það eru af 7 hreppum Skaftafellssýslu aðeins 2, sem hafa rafmagn frá samveitum, en hinir 5 milli sandanna hafa ekki rafmagn frá almenningsveitum. Þessar sveitir eru nú að rétta mikið við á seinustu árum, eftir að mjólkurflutningar voru teknir upp frá þessu svæði, og landbúnaður hefur verið í uppgangi nú um nokkurt árabil á þessum slóðum. Þessar sveitir hafa búið við mikla erfiðleika, eins og hv. þm. er kunnugt, um langan aldur vegna mjög erfiðra samgangna, og var þar kannske um hríð meiri tvísýna en víða annars staðar, hvernig gengi að halda þar við byggð. Síðan mjólkurflutningar frá þessu svæði hófust og landbúnaðurinn tók að byggjast upp af meiri krafti sem afleiðing af því, hefur þessi þróun færzt í farsælla horf, og það er skoðun mín, að ríkisvaldinu beri fyrir sitt leyti að stuðla að því að styrkja byggðina í þessum sveitum. Þegar þessar raforkuáætlanir eru gerðar, er jafnan miðað við svokallaða meðalfjarlægð til bæja. Það er rétt og eðlileg grundvallarregla, en hún er ekki einhlít eða algild. Fleira verður að koma til. Löggjafarvaldið verður að mínum dómi að leggja á það mat, hvenær ástæða er til að víkja frá þeim reglum til eflingar og stuðnings ákveðnum byggðum, og ég er þeirrar skoðunar, að hér séu einmitt slík skilyrði fyrir hendi.

Til viðbótar þessu má svo minna á það, að hringvegur kringum landið, tenging vegakerfis Austurlands og vegakerfis Suðurlands, stendur vonandi innan skamms fyrir dyrum. Þegar hlaupin áttu sér stað á s. l. sumri, fóru fram athuganir á vegum vegagerðarinnar á möguleikum til þess að koma þessu í kring og gáfu þann árangur, að ástæða er til að meta þá möguleika af meiri bjartsýni en áður. En kæmist hann á, má telja alveg víst, að sveitirnar um þessar slóðir mundu verða meiri ferðamannasveitir en flestar aðrar sveitir landsins, og hnígur það einnig í þá átt, að ríkisvaldinu beri að meta þörfina fyrir að rafvæða þetta byggðarlag með nokkuð sérstökum hætti.

Nú er það að vísu alls ekki svo, að línulengd milli bæja eða til bæja sé verulega lengri á þessu svæði en á öðrum, sem tekin hafa verið upp í vinnuáætlun raforkumálastjórnarinnar. Sannleikurinn er sá, að þessi byggðarlög eru alls ekki mjög strjálbýl, en hins vegar eru þau aðskilin með nokkuð breiðum söndum á báða vegu frá annarri byggð landsins. Sú lína, sem er gert ráð fyrir í þessu frv. að lögð yrði, mundi alls vera 233 km á lengd, en mundi ná til 115 bæja. Meðalvegalengd á hvert býli er þess vegna réttir 2 km, sem er alls ekki lengra en sumar af þeim línum, sem með eru í drögum raforkumálastjórnarinnar að línuáætlun.

Eins og kunnugt er, voru Skaftfellingar á sínum tíma brautryðjendur við rafvæðingu einstaklinga í landinu. Þeir byggðu stöðvar fyrir einstaka bæi, bæði í sínu héraði og raunar einnig annars staðar. Þeir búa að nokkru leyti enn að þessu brautryðjandastarfi, nefnilega að því leyti, að allmikið er þar af einkavatnsaflsstöðvum. Af þessum 115 býlum, sem hér er um að ræða, munu 70 hafa slíkar stöðvar. En þess ber að gæta, að þær stöðvar eru nær allar orðnar mjög gamlar og ófullkomnar, flestar of smáar og margar mjög úr sér gengnar, enda mun liggja fyrir full vissa um það, að allir eða a. m. k. nær allir, með örfáum undantekningum, munu fúslega vilja taka við rafmagni frá samveitum.

Með lögunum um landsvirkjunina frá s. l. ári var því endanlega slegið föstu, að rafvæðing landsins skyldi byggð á stórum vatnsaflsstöðvum með víðfeðmum línunetum, en hins vegar var hafnað hinni svokölluðu smávirkjanaleið. Þess vegna er ljóst, að ekki kemur önnur leið til greina til úrlausnar raforkumálum þessa byggðarlags en að tengja það með þeim hætti, sem hér er gert ráð fyrir, við línunetið, þar sem það kemur næst þessu svæði. Það er þess vegna ekki eftir neinu að bíða með að ákveða, að þetta

skuli gert, þó að ef til vill kunni mönnum að sýnast sitt hvað um það, hvenær eigi að gera það. Mér sýnist hins vegar, eins og ég tel mig hafa fært nokkur rök að í þessari framsöguræðu minni, að ástæða sé til að gera hér undantekningu frá hinum venjulegu reglum í þessu efni og ákveða nú þegar þessa framkvæmd með þeim hætti, sem lagt er til í frv. mínu á þskj. 102.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

42. Togarakaup ríkisins.

Á 25. fundi í Ed., 9. des., var útbýtt:

Frv. til l. um togarakaup ríkisins [90. mál] (þmfrv., A. 150).

Á 26. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 10. landsk. þm. flutt í Sþ. till. til þál. um rannsókn á rekstri og hag togaraútgerðar og rannsókn á því, hvernig eigi að byggja hér upp togaraútgerð í framtíðinni. Nú hef ég lagt fyrir þessa hv. d. ásamt hv. 4. þm. Norðurl. e. frv. til l. um togarakaup ríkisins. Þar sem ég í sambandi við flutning þál. í Sþ. hef mjög nýlega gert grein fyrir þeim ástæðum, sem ég tel liggja fyrir því, að gert sé átak í þessum málum af hálfu hins opinbera, skal ég spara mér að endurtaka þær röksemdir og fara aðeins fáeinum orðum um það frv., sem hér liggur fyrir og er tiltölulega einfalt og auðskilið og þarf því ekki mikilla skýringa við.

Það er alkunnugt, að togaraútgerðin hefur átt við mjög mikla erfiðleika að stríða nú síðustu árin, og orsakirnar eru kunnar. Það eru minnkandi aflabrögð og ef til vill ekki síður hitt, að skipin, togararnir, sem við eigum, eru orðnir gamlir flestir og úreltir að mörgu leyti. Þar sem þessara erfiðleika hefur gætt í vaxandi mæli, að því er snertir rekstur togara hér, hefur farið að brydda á því nú um skeið, að margir spyrðu sem svo, hvort tími togskipa sé ekki liðinn, hvort önnur skip muni ekki leysa þá algerlega af hólmi, hvort hinn stóri og vaxandi bátafloti okkar Íslendinga muni ekki geta komið í staðinn fyrir togarana.

Að dómi okkar flm. er langur vegur frá því, að bátar geti komið í staðinn fyrir togarana, ef við ætlum á annað borð að hagnýta öll fiskimið okkar og jafnframt vera þess umkomnir, eins og við höfum verið, að veiða að einhverju leyti á fjarlægum miðum, þegar það þykir henta. Það er vitað mál, að fiskibátarnir, sem við eigum, eru í vaxandi mæli bundnir við síldveiðar, jafnvel allt árið, allir stærri bátarnir, en hinir minni eru að sjálfsögðu mjög staðbundnir og bundnir við það eitt að fiska á grunnmiðum og geta þar af leiðandi ekki nema að takmörkuðu leyti hagnýtt þá möguleika, sem eru til veiða margvíslegra fisktegunda á íslenzkum miðum, og þaðan af síður veitt á fjarlægum miðum. Eigi með öðrum orðum að ríkja sú stefna í sjávarútvegsmálum okkar Íslendinga, að við hagnýtum, eftir því sem kostur er, öll okkar fiskimið, er nauðsynlegt að byggja hér upp að nýju hóflega stóran og öflugan togaraflota til að hagnýta þau mið, sem ekki verða nýtt með öðrum hætti, þeim, sem nú er tiltækur a. m. k. í dag.

Það er vitað mál, að hjá ýmsum öðrum fiskveiðiþjóðum hefur að undanförnu orðið gerbreyting að því er togaraútgerð varðar. Og sú breyting hefur í fyrsta lagi átt sér stað að því er varðar sjálf skipin, gerð þeirra og allan útbúnað, en einnig að því er varðar veiðarfæri og meðferð aflans. Það eru skuttogararnir, sem nú eru komnir til sögunnar og að allra dómi eru þau togskip, sem fullkomnust eru og bezt henta aðstæðum við togveiðar og hafa alla yfirburði fram yfir hina gömlu togara. Það er jafnframt kunnugt, að allir togararnir eru af hinum eldri gerðum og margir þeirra eru 15—20 ára gömul skip. Einn aðalókostur þessara skipa, miðað við það, sem bezt þekkist nú, að því er varðar skuttogara, er, að þeir eru að öllu leyti óhagkvæmari að því er varðar öll vinnuskilyrði. Gömlu togararnir krefjast miklu meiri mannafla og aðbúnaður að mönnum við störf er miklu verri en hægt er að koma við, þegar um nýtízku skuttogara er að ræða. Skipin eru m. ö. o. orðin algerlega úrelt, og ef við ætlum að halda áfram að veiða fisk með togveiðum, sem ég tel sjálfsagt og nauðsynlegt, verðum við að fara að hyggja að því nú þegar að endurnýja þennan flota, og þá verðum við að sjálfsögðu að hagnýta þá tækni, sem bezt þekkist með öðrum þjóðum, og afla okkur þeirrar reynslu, sem nauðsynleg er, hér við land og íslenzkir skipstjórar og togarasjómenn mundu einir færir um að afla, þegar þeir færu að reyna slík skip.

Ég tel ekki skynsamlegt, eins og stundum hefur verið gert, að endurnýja einhverja ákveðna tegund fiskiskipa í einu vetfangi, í einu stökki. Þar er þróunin vissulega æskilegri. En þegar það er látið dragast áratugum saman að hefja slíka endurnýjun og allur flotinn er skyndilega orðinn gamall og úreltur, má gjarnan búast við því, að að því komi, að skipin verði endurnýjuð á skömmum tíma, og þá verða þau úrelt svo að segja öll í sama vetfangi. Þarna eins og á ýmsum öðrum sviðum er þróunin æskilegust, að keypt séu nokkur skip árlega eða með skömmu millibili, en ekki mörg í einu, og það tel ég hiklaust, að sé rétt stefna, einkum þegar á að prófa nýjar gerðir skipa, að kaupa í fyrstu hæfilegan fjölda, og við það er miðað í þessu frv., að ríkisstj. sé heimilað að kaupa allt að 3 skuttogara til

reynslu og síðan yrði fengin reynsla af því, hvernig þeir gefast við íslenzkar aðstæður, og á henni verði þá byggt um frekari togarakaup.

Það er enginn efi á því, að til þess að greiða fyrir endurnýjun togaraflotans er nauðsynlegt, að ríkisvaldið komi til aðstoðar, fyrst og fremst að því er varðar smíði skipanna og öflun lánsfjár til byggingar þeirra. Hins vegar lítum við flm. svo á, að það sé í alla staði eðlilegt, að í fyrsta lagi þeim bæjarfélögum, sem nú gera út togara, og í öðru lagi þeim togarafélögum öðrum, sem kynnu að hafa áhuga á rekstri slíkra skipa, verði gefinn kostur á því á sínum tíma að kaupa þessi skip og reka þau, þegar þau hafa verið smíðuð. E. t. v. mundi þurfa einhverja frekari aðstoð við þennan rekstur í upphafi, meðan um er að ræða algera eða að verulegu leyti tilraunastarfsemi á íslenzkum miðum, en í þessu frv. er ekki vikið að þeim atriðum, enda tæplega tímabært enn. Vel getur farið svo, og þess væri óskandi, að þannig tækist til um smíði hinna fyrstu skuttogara fyrir Íslendinga, að þeir sýndu þegar þá yfirburði fram yfir hin gömlu skip, að rekstur þeirra væri vel eða sæmilega tryggður. En jafnvel þó að ríkisvaldið þyrfti á sínum tíma að styðja eitthvað reksturinn, meðan hann er á tilraunastigi, teljum við flm., að hiklaust eigi að fara inn á þessa braut, því að það sé nauðsynlegt að fá úr því skorið, hvort þarna sé ekki framtíðin að því er varðar togveiðar okkar Íslendinga.

Í þáltill. þeirri, sem liggur fyrir sameinuðu Alþ. og ég nefndi í upphafi, er ráð fyrir því gert, að kosin verði af Alþ. 7 manna nefnd til þess að hafa framkvæmdir um þær rannsóknir og þær athuganir, sem þar er lagt til. Verði sú n. kosin, tel ég eðlilegt, að henni verði falin framkvæmd þeirra mála, sem þetta frv. fjallar um, þ. e. a. s. að undirbúa þau togarakaup, sem hér er lagt til að gerð verði. Fari svo, að slík n. verði hins vegar ekki kosin, kæmi allt að einu til athugunar, ef þetta frv. hins vegar hlyti þyr, að Alþ. kysi slíka n. ellegar þá að ríkisstj. skipaði hana, því að það er vitað mál, að miklu skiptir, að vel takist til um allan undirbúning og þær gerðir skipa, sem við fáum, verði sem allra hentugastar, miðað við okkar aðstæður.

Ég vil að síðustu leggja á það áherzlu, að þetta er mikið og brýnt nauðsynjamál. Það er full ástæða til þess, að nú sé hafizt handa um endurnýjun togaraflotans, og hefur raunar beðið allt of lengi. Mér sýnist raunar, að eins og ástatt er um togaraútgerð, verði þessi endurnýjun ekki framkvæmd, nema forusta og fullur stuðningur ríkisvaldsins komi til. Ég vænti þess, að þetta frv. mæti skilningi og hljóti góðar móttökur hér í hv. d., og legg til, að því verði nú að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

43. Samvinnubúskapur.

Á 35. fundi í Ed., 14. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um samvinnubúskap [105. mál] (þmfrv., A. 225).

Á 37. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta um samvinnubúskap, sem nú er hér til 1. umr., hefur verið flutt í þessari hv. d. á tveimur undanförnum þingum í sama formi og frv. er borið fram nú. Málið er því kunnugt hv. þdm. og m. a. þess vegna óþarft að fylgja því úr hlaði að þessu sinni með mörgum orðum.

Í Morgunblaðinu, sem út kom 5. jan. þessa árs, þ. e. 2. tbl., er birt grein, sem byggð er á viðtali eða frétt frá landnámsstjóra, Pálma Einarssyni. Þar er gefið nokkurt yfirlit yfir þróun landbúnaðar á s. l. ári og horfur á þessu ári. Í þessari frétt landnámsstjóra kemur það m. a. fram, að á s. l. ári hafi verið stofnað til félagsrekstrar á 14 jörðum, þar sem ungar fjölskyldur hafa gengið inn í rekstur með foreldrum eða vandamönnum eftir föstu formi á grundvelli félagsrekstrarsamninga. Síðar í greininni er rætt um þróun landbúnaðarins og m. a. bent á, að jarðir hafi farið í eyði, en í framhaldi af því segir:

„Hins vegar munu nú fram komnar fleiri umsóknir um nýbýli og félagsrekstrarform en var á sama tíma í fyrra.“

Ég drep á þetta til að sýna, að hér er á ferðinni mál, sem ekki er óraunhæft, heldur í beinum tengslum við þá framvindu, sem er að gerast í landbúnaðinum. Eins og þessi frétt þessa embættismanns sýnir, er þegar komið svo, að á ýmsum stöðum þykir fólki henta að stofna til félagsrekstrar og gera um það sérstaka samninga. En um þetta félagsrekstrarform búskapar eru engin ákvæði í l. Með þessu frv. er fyrst og fremst stefnt að því að leggja lagalegan grundvöll undir þessa starfsemi, að samningar um félagsrekstur í búskap séu gerðir innan ramma lagaákvæða, sem Alþ. hefur sett, og um leið sé kveðið svo skýrt á sem verða má um réttindi og skyldur þeirra aðila, sem gangast undir að stofna til búskapar í þessu formi. Það er á allan hátt eðlilegt, að svo sé um hnúta búið, að skýr lagaákvæði séu um þetta og þeir, sem áhuga hafa á að stofna til búskapar í þessu formi, viti fyrir fram sem allra gleggst og með sem mestri vissu, hvaða réttindi og hvaða skyldur fylgja þessu. En þegar stofnað er til búskapar samkv. sérstökum samningi, eru vissulega mörg atriði, sem þarf að gefa gaum að og setja fyrir fram ákveðnar reglur um, svo sem hver sé eignarhlutur hvers stofnanda í jörð, húsum, öðrum mannvirkjum, búvélum og bústofni, hvernig kjósa skuli stjórn eða hver hafi prókúruumboð fyrir samvinnubúið, hvernig það verði skuldbundið og hvernig félagslegar ákvarðanir skuli teknar, hvernig skuli fara með reikningshald, arðskiptingu, áhættu o. s. frv., hvaða reglum skuli fylgt, ef aðili að sam-

vinnubúi fellur frá, flyzt burt eða selur eignarhluta sinn, og hvaða reglur skuli gilda um ábyrgð aðila um félagsslit, ef til kemur. Að dómi flm. þessa frv. mundi það verða aðilum hvatning í þessu efni, ef um þetta væri sem gleggst löggjöf og þeir vissu, að hverju væri að ganga í þessu efni, og það mundi létta mörgum sporin á þeirri braut.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að samvinnubú hafi sama rétt til lántöku í stofnlánadeild landbúnaðarins og til framlaga samkv. jarðræktarlögum og stofnlánadeildarlögunum eins og aðilar að búinu hefðu haft, ef þeir hefðu búið hver út af fyrir sig á sérstakri bújörð. En búast má við því, að framkvæmd búskapar í þessu formi kunni að fylgja sérstakur kostnaður á byrjunarstigi umfram venjulegan stofnkostnað einkabús. Þess vegna er í frv. gert ráð fyrir því, að nýbýlastjórn sé heimilt að veita stofnendum samvinnubús óafturkræft framlag, eftir því sem fé verður veitt til þess í fjárl., í því skyni að mæta sérstökum kostnaði, sem af þessu leiðir. Og enn fremur skal þá stofnlánadeild landbúnaðarins heimilt að veita samvinnubúi stofnlán til þess að standa straum af slíkum kostnaði, ef nýbýlastjórn mælir með því. Enn fremur er í frv. ákvæði um, að samvinnubúi skuli heimilt að taka lán til vélakaupa eða bústofnskaupa gegn veði í fasteignum eða öðrum eignum búsins.

Þá er í frv. gert ráð fyrir ríkisframlagi allt að 10 millj. kr. árlega næstu 10 ár til þess að standa straum af kostnaði, er leiða kann af framkvæmd á ákvæðum IV. kafla frv., en sá kafli frv. fjallar um samvinnubúskap til að koma í veg fyrir eyðingu sveitarfélags. Á undanförnum árum hafa verið reist byggðahverfi á vegum Landnáms ríkisins á ýmsum stöðum samkv. ákvæðum l. um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Nýbýlastjórn og landnámsstjóri í umboði hennar hefur lögum samkv. á hendi framkvæmd við stofnun slíkra byggðahverfa. Í frv. er gert ráð fyrir því, ef að dómi þessara aðila þykir hagkvæmt að koma á samvinnubúskap í byggðahverfi, sé þegar í öndverðu skipulagi byggðahverfisins og búskaparaðstöðu þar hagað með það fyrir augum, að þetta form búskapar komi þar til framkvæmda. Ef yfirvofandi hætta er á því að dómi nýbýlastjórnar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar, að byggð eyðist í einhverju sveitarfélagi, þar sem góð skilyrði eru til búskapar frá náttúrunnar hendi, á Landnámi ríkisins samkv. frv. að vera heimilt að stofna þar til samvinnubúskapar, ef talið er, að með því verði komið í veg fyrir eyðingu byggðarinnar í þessu héraði eða á því svæði, sem um er að ræða. Og til að létta undir á Landnám ríkisins að afla sér nægilegs lands að dómi nýbýlastjórnar til ræktunar og beitar og rækta að fullu land, sem svarar til allt að 25 hö. fyrir hvert heimili í slíkri samvinnubyggð, jafnframt því, að það reisi íbúðir og nauðsynleg útihús. Þessi býli verða síðan leigð ábúendum eftir sömu reglum og nú tíðkast um býli í byggðahverfum, sem landnámið lætur reisa. Til framkvæmda í þessu skyni eru ætlaðar þær 10 millj. á ári, sem ég áður gat um að frv. gerði ráð fyrir að lagðar yrðu fram í þessu skyni.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þjóðfélagsþróunin hefur verið þannig á undanförnum árum, að fólki við landbúnaðarstörf hefur fækkað. Aðallega stafar sú fólksfækkun af því, að vinnufólkið, sem áður var að jafnaði margt á sveitaheimilum, er horfið þaðan, en framleiðslan er rekin með vélaafli, en mjög litlu aðkeyptu vinnuafli. Það hefur tekizt að halda uppi mikilli og vaxandi landbúnaðarframleiðslu með því að auka ræktunarlandið og beita vélunum við framleiðslustörfin. En því er ekki að neita, að þessari þróun fylgja ýmsir annmarkar, sem valda einyrkjanum miklum erfiðleikum og sérstaklega öryggisleysi fyrir heimilið, ef áfall á heilsu eða af öðrum orsökum steðjar að. Það er skoðun okkar flm., að aukin samvinna í búskap mundi að ýmsu leyti auka öryggi í landbúnaðinum og geta létt af ýmsum erfiðleikum, sem einyrkjabúskap fylgja. Bændabýlin eru talin vera milli 5 og 6 þús. í landinu. Vitanlega eru langflest þeirra rekin í formi einkabúskapar, þrátt fyrir þær upplýsingar, sem landnámsstjóri hefur gefið og ég drap á í upphafi þessa máls. Ætla má, að svo verði einnig framvegis, að það verði aðalregla, að um einkabúskap verði að ræða. En við teljum þó ekki ólíklegt, að þróunin muni verða sú, að samvinna í búskap eigi framtíð fyrir sér og fari smátt og smátt vaxandi. Og við flm. teljum tímabært, að sett sé sem allra fyrst löggjöf um þetta efni og hún miði að því að gera þessa leið sem greiðfærasta því fólki, sem kann að hafa hug á að reka búskap með samvinnusniði, og með tilliti til þess, hve áhrifamikil og giftudrjúg samvinnan hefur reynzt á mörgum sviðum í þjóðlífinu, er það skoðun okkar, að með þessu frv. sé stefnt í rétta átt.

Ég tel svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, nema sérstakt tilefni gefist, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

44. Heimild til að veita nýjum iðju- og iðnaðarfyrirtækjum skattfríðindi.

Á 36. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild til að veita nýjum iðju- og iðnaðarfyrirtækjum skattfríðindi [110. mál] (þmfrv., A. 231).

Á 39. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Ed., 22. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Megintilgangur þessa frv., sem ég flyt hér á þskj. 231 ásamt hv. 9. landsk. þm., er að stuðla að stofnun nýrra iðju- og iðnaðarfyrirtækja í sveitarfélögum, þar sem atvinnuástand er ekki viðunandi, á þann hátt að veita þessum fyrirtækjum tímabundin skattfríðindi. Fyrir sveitarfélögin og þjóðfélagið í heild er það lítil fórn að gefa nokkrum nýjum atvinnufyrirtækjum eftir skatta og gjöld um fárra ára skeið móti þeim mikla ávinningi, sem hlotizt getur af aukinni atvinnu í þeim landshlutum, sem eiga við örðugleika að etja, en telja má víst, að þær skattívilnanir, sem frv. veitir, mundu í mörgum tilfellum hafa veruleg áhrif á það annars vegar, hvort ráðizt verði í nýjan atvinnurekstur eða ekki, og hins vegar, að ný atvinnufyrirtæki verði staðsett á þeim stöðum, þar sem atvinnuþörfin er brýnust. Í 1. gr. frv. segir á þessa leið:

„Iðnmrh. er heimilt að veita nýjum iðju- og iðnaðarfyrirtækjum, sem stofnuð eru eftir gildistöku laga þessara og staðsett eru í sveitarfélögum, þar sem atvinna er ónóg, undanþágu frá greiðslu tekjuútsvars, aðstöðugjalds og tekjuskatts fyrstu 5 árin, sem fyrirtækin starfa. Eftir þann tíma greiða fyrirtæki þessi útsvör og skatta sem aðrir samkv. gildandi lögum.

Undanþáguheimild samkv. 1. mgr. er bundin því skilyrði, að fyrir liggi meðmæli stjórnar atvinnubótasjóðs og meðmæli viðkomandi sveitarstjórnar."

Samkv. þessu er það háð mati iðnmrh., hvort skattfríðindi verða látin í té eða ekki, og þó með þeim fyrirvara, að honum er óheimilt að veita þau, nema til staðar séu meðmæli stjórnar atvinnubótasjóðs og einnig meðmæli viðkomandi sveitarstjórnar. Meðmæli atvinnubótasjóðsstjórnar eiga að tryggja það, að heimildin sé einungis notuð í þágu atvinnustofnana í sveitarfélögum, þar sem atvinna er ónóg. Á hinn bóginn er það eðlilegt, að skattundanþága verði ekki leyfð í andstöðu við hlutaðeigandi sveitarstjórn, sem gjörþekkir allar aðstæður heima fyrir í sínu sveitarfélagi, enda er það sveitarsjóður, sem mest á að gefa eftir samkv. reglum frv. Séu meðmæli atvinnubótasjóðsstjórnar og sveitarstjórnar fyrir hendi, er, svo sem áður segir, á valdi ráðh., hvort skattfríðindi eru veitt, og háð mati hans. Í frv. eru ekki settar neinar reglur um, hvernig þetta skuli metið, en ætla mætti, að skatthlunnindi yrðu einkum látin í té fyrirtækjum, sem líkleg eru til að veita mörgum mönnum atvinnu, fyrirtækjum í nýjum framleiðslugreinum, sem eigi hafa áður tíðkazt í viðkomandi sveitarfélagi, og fyrirtækjum, sem ólíklegt er að stofnað verði til án skattfríðinda vegna fyrirsjáanlegra byrjunarörðugleika.

Í 2. gr. frv. segir:

„Atvinnufyrirtæki, sem verður aðnjótandi skattfríðinda samkv. 1. þessum, er óheimilt að borga út sem arð til hluthafa eða eigenda það fé, sem fyrirtækinu sparast vegna undanþágunnar frá greiðslu framtalinna gjalda."

Með þessu ákvæði 2. gr. er reynt að tryggja, að það fé, sem ella hefði farið til greiðslu skatta, verði notað til þess að byggja fyrirtækið upp og treysta það fjárhagslega í sessi fyrstu árin, en það hverfi ekki í vasa eigendanna sem hagnaður eða ágóði.

Frv. þetta er samið með nokkurri hliðsjón af l. nr. 57 frá 1935, um hlunnindi fyrir ný iðn- og iðjufyrirtæki, en þau lög voru afnumin á styrjaldarárunum. Samkv. l. fékk fyrsta fyrirtækið í hverri nýrri atvinnugrein, sem ekki hafði áður verið stunduð hér á landi, rétt á undanþágu frá útsvari og sköttum fyrstu 3 árin, eftir að það var stofnað. Lög þessi miðuðu að því fyrst og fremst að auka fjölbreytni atvinnuveganna og efla atvinnulífið á þann hátt, en staðsetning fyrirtækjanna skipti ekki máli eftir l., enda má segja, að á þeim tíma, sem þau gengu í gildi, væri meira og minna atvinnuleysi ríkjandi um allt land.

Okkur, sem þetta frv. flytjum, er vel ljóst, að samþykkt þessa frv. leysi ekki allan vanda þeirra staða, sem örðugt atvinnuástand eiga við að etja. Þar þarf margt fleira að koma til, svo sem greiður aðgangur nýrra atvinnufyrirtækja að hagstæðum stofn- og rekstrarlánum og opinber aðstoð við tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning slíkra fyrirtækja. En við álítum, að samþykkt þessa frv. geti orðið drjúgt skref í áttina til meira atvinnuöryggis fyrir þessa staði. Að hinu leytinu erum við opnir fyrir breytingum og endurbótum á frv., sem hv. dm. teldu rétt að gera að athuguðu máli, svo framarlega sem sá megintilgangur frv., sem ég gat um í upphafi, er varðveittur.

Herra forseti. Ég legg svo til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hér er hreyft máli, sem er athyglisvert og raunar oft hefur verið rætt um manna á meðal, ekki hvað sízt í þeim sveitarfélögum, þar sem við erfiðleika er að etja atvinnulega, svo sem hv. frsm. gat um, og til eru þess dæmi meðal annarra þjóða, að slík hlunnindi séu að einhverju leyti veitt nýjum fyrirtækjum. Þess eru einnig dæmi, að þjóðir beinlínis laði að sér erlend fyrirtæki og fjármagn með algerlega hliðstæðum fríðindum og hér er talað um, þannig að hér er ekki verið að tala um neina hluti, sem hægt sé að segja að séu alveg út í hött, heldur drepið á vandamál, sem er þess virði, að því sé gaumur gefinn.

Málið er hins vegar harla flókið og erfitt í framkvæmd, og ég er ákaflega hræddur um, að það verði ekki auðvelt mál að finna reglur, sem hér geti þjónað sæmilega öllu réttlæti, án þess að valda þá um leið stórvandræðum. Mér er kunnugt um það, og er það nokkuð svipað og hv. flm. mun þekkja varðandi sveitarfélög á ýmsum stöðum á landinu, ekki hvað sízt í umdæmum, sem við höfum umboð fyrir, þar sem við slíka erfiðleika er við að stríða atvinnulega, að þar hefur á vissum tímum árs verið atvinnuleysi við að stríða, og hefur verið rætt þar um uppbyggingu ýmiss nýs atvinnurekstrar, og forráðamenn í þessum sveitarfélögum hafa stundum verið að impra á möguleikum í þessa átt. En hér er ekki auðvelt um vik, og öll útfærsla slíkra hugmynda hefur að verulegu leyti strandað á því, að það

er auðvitað þannig háttað í flestum þessara sveitarfélaga, að þau fyrirtæki, sem fyrir eru á stöðunum, verða að bera mjög þung gjöld, vegna þess að þar er um erfiðleika að ræða, sem þá ekki hvað sízt koma niður á þeim atvinnurekstri, sem til er. Og ég hygg, að sveitarstjórnarmenn hafi verið ákaflega hræddir við það að fara út á brautir sem þessa einmitt með hliðsjón af því, að það yrði talið um að ræða mjög óheppilega mismunun, sem gæti leitt af sér margvísleg vandræði, leiðindi og erfiðleika heima fyrir, að gera mönnum það skiljanlegt, að þessi uppbygging væri þess eðlis, að hún mundi síðar koma öllum til góða. Það er nú einu sinni svo, að menn horfa ekki alltaf ákaflega langt fram í tímann hver um sig, þegar þeir eiga að gjalda eitthvað af hendi í staðinn.

Nú er um það rætt að gera framkvæmdaáætlanir fyrir vissa landshluta, og unnið er nú að slíkri framkvæmdaáætlun fyrir Vestfirði og hafin athugun slíkra áætlana fyrir Norðurland. Það mætti auðvitað hugsa sér, að innan ramma þeirra áætlanagerða væri gert ráð fyrir einhverri svipaðri uppbyggingu og hér er um að ræða. Mér sýnist enda, að það sé í nokkru samræmi við þá hugmynd, sem hv. flm. hafa að baki sínu máli, að þeir geri sér grein fyrir, að þetta verði að gerast eftir einhverju kerfi. Og ég er hræddur um, að það verði að koma til meira en meðmæli stjórnar tiltekins sjóðs, þegar um þetta er að ræða. Þetta yrði að vera að mjög vandlega íhuguðu máli samkvæmt uppbyggingaráætlun, sem menn vildu þá sætta sig við, og þá ekki hvað sízt þær sveitarstjórnir, sem hlut eiga að máli.

Það er kannske ekki ástæða til þess, að ég sé sérstaklega að ræða um þetta mál umfram aðra menn hér. Ég vil aðeins vekja athygli á þessu, að hér er að þessu leyti efnislega um að ræða ýmsa vankanta, auk þess sem það vill nú svo til, sem betur fer, að það eru ekki ýkjamargir staðir, sem svona er ástatt með, og það þarf auðvitað fyrst og fremst að vinna að heilsteyptri atvinnuuppbyggingu á þeim stöðum, hvort sem nauðsynlegt verður að grípa til þessara aðgerða í því efni eða annarra. En ég er aðeins hræddur um það, eins og ég áðan sagði, að þessar aðgerðir verði mjög vandasamar í framkvæmd og geti skapað í ýmsum tilfellum meira illt en gott, jafnvel þó að hugsunin sé góð, sem að baki liggur.

En það er annað atriði formlega séð, sem ég vildi leyfa mér að vekja athygli hv. flm. á, og það er sú till. þeirra, að iðnmrh. veiti undanþágu frá sköttum og útsvörum. Það hygg ég að fái ekki staðizt, a. m. k. brýtur það í bága við alla eðlilega skipan mála, að ráðherra, sem málin heyra alls ekki undir, geti veitt undanþágur frá grundvallarlöggjöf, sem jafnvel heilum ráðuneytum er fyrst og fremst falið að leggja grunninn að og starfa eftir, og á ég þar við ríkið annars vegar, þ. e. a. s. það, sem heyrir undir fjmrh., og hins vegar tekjustofna sveitarfélaganna, sem einnig eru tæknilega mjög vandasamt mál og heyra undir félmrh. Hvor tveggja þessi löggjöf er þess eðlis, að ég hygg, að það mundi ekki þjóna neinu góðu a. m. k. að fara að fela ráðherra, með allri virðingu fyrir honum, hvað sem hann heitir og hvaða titil sem hann ber, hvort sem það er iðnaðar-, sjávarútvegs- eða hvaða embætti sem hann hefur, vald til þess að veita slíka stórkostlega undanþágu frá lögum eins og hér greinir. Þetta er í rauninni grundvallaratriði, sem ég vildi benda á í meðferð málsins og biðja hv. n., sem fær málið til meðferðar, að gera sér grein fyrir, hvað af því kynni að leiða, ef slíkar heimildir sem þessar yrðu veittar. Það er að vísu gert ráð fyrir því varðandi sveitarfélögin, að sveitarstjórnirnar gefi meðmæli í þessu efni, en ég er ákaflega hræddur um það, að iðnmrh., hver sem hann væri, vildi mjög ógjarnan hafa í sinni hendi vald, sem hér er um að ræða, ekki hvað sízt varðandi sveitarfélögin, að eiga að úrskurða um það, hvað gert skyldi í þessum tilfellum.

Ég vildi aðeins koma þessari athugasemd fyrst og fremst á framfæri, auk þess, sem ég áðan vék að, að enda þótt hér sé um mjög nytsama og góða hugsun að ræða, sem stefni að því að efla atvinnulíf, þar sem það er of einhliða og fullnægir ekki þörfum íbúanna, er hér engu að síður um að ræða mjög vandasamt mál, sem ég held að þurfi að athugast töluvert vel, áður en menn slá því föstu, hvaða úrræði séu heppilegust í þessu efni.

Umr. frestað.

Á 41., 43. og 44. fundi í Ed., 24. og 28. febr., 1. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Ed., 3. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Helgi Bergs: Herra forseti. Þegar ég kvaddi mér hljóðs í þessu máli, átti ég ekki von á því, að umr. yrði svo snarlega frestað. Ég ætlaði aðeins að gera örstutta aths. í tilefni af því, að umr. voru hafnar um þetta mál, og ef það hefur orðið til þess, að það hefur dregizt í marga daga að koma málinu til n., þá hefði ég víst heldur látið það ógert.

Ég vildi gjarnan fá leyfi til að fagna því, að hv. flm. þessa frv. hafa haft frumkvæði í því efni, sem hér er um að ræða, nefnilega að ýta undir það með opinberum stuðningi, að ný iðnaðar- og iðnfyrirtæki geti vaxið upp og komizt á fót úti um land. Það er ánægjuefni, og það þarf þess vegna að taka þessu frv. með vinsemd og athuga það vandlega. Það kom í sjálfu sér ekki heldur á óvart, þó að það félli í hlut hæstv. fjmrh. að gera nokkrar aths. við frv. Það tilheyrir sjálfsagt því virðulega starfi. En ekki dettur mér í hug að draga í efa, að hann muni einnig hafa áhuga, eins og við hinir, á því grundvallaratriði, sem þetta frv. byggist á.

Þegar þjóðfélagið ætlar að fara að stuðla að því með opinberum stuðningi, að þessir hlutir geti gerzt úti um landið, hlýtur auðvitað sú spurning að vakna, í hvaða formi sá opinberi stuðningur eigi frekast að vera, í hvaða formi hann komi þar að mestu gagni þeim tilgangi, sem honum er ætlaður. Það eru sérstaklega tvö atriði, sem ég kem auga á í þessu sambandi, sem gætu bent til þess, að finna mætti hentugra form en hér er gert ráð fyrir fyrir þessum opinbera stuðningi. Í fyrsta lagi er það svo, að stuðningur, sem kemur fram sem skattafrádráttur eftir allt að

5 ár, er ekki jafngóður stuðningur og sá, sem getur komið á erfiðasta tíma í upphafi, þegar verið er að koma fyrirtækinu á laggirnar, og í öðru lagi efast ég um, að það mundu vera mjög mörg fyrirtæki, sem stuðningur í þessu formi gæti komið að verulegu gagni, vegna þess að mörg, jafnvel mjög efnileg fyrirtæki, munu oft ekki hafa neinn verulegan tekjuafgang á fyrstu árunum, sérstaklega þegar þess er gætt, að afskriftareglur eru hér hjá okkur frekar frjálslegar í sumum efnum á fyrstu árum slíks rekstrar.

Á þessu vildi ég aðeins vekja athygli, ekki til þess að gera lítið úr þessu frv. eða draga úr áhuga á því, heldur til þess að vekja umhugsun hjá hv. þdm. um þessi atriði. Og ég vil í því sambandi segja frá því, sem ég veit ekki, hvort hv. þm. hafa tekið eftir, að á undanförnum mánuðum hafa verið í Bretlandi mjög miklar umr. um málefni af þessu tagi, raunar alveg hliðstætt mál. Árið 1954 ákvað íhaldsstjórnin þar í landi með löggjöf að veita nýjum fyrirtækjum stuðning í formi skattaívilnana. Sú löggjöf hefur alltaf sætt mikilli gagnrýni af hálfu Verkamannaflokksins, sem einkum mun hafa byggt gagnrýni sína á þessum tveimur atriðum, sem ég nefndi áðan. Og í hvítri bók, sem brezka jafnaðarmannastjórnin gaf út nú í janúarmánuði, er boðuð grundvallarbreyting á þessum stuðningi, einmitt í þá stefnu að láta hann koma öðruvísi fram en sem skattaívilnun eftir árabil.

Ég mundi þess vegna vilja óska þess, að n., sem fær þetta mál til meðferðar, hugleiði mjög vandlega, í hvaða formi sú aðstoð, sem lögð er til hér, kæmi að beztum notum, og vil endurtaka ánægju mína yfir því, að þetta frumkvæði skuli vera komið frá hv. flm. þessa frv.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Fyrir þremur árum, að ég hygg, var samþ. hér á Alþ. þáltill. þess efnis, að athuga bæri um stofnun nýrra iðn- og iðjufyrirtækja í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem atvinna væri ónóg. Í framhaldi af samþykkt þessarar þáltill. var skipuð n. til þess að hafa þessa athugun með höndum, og hún skilaði fyrir 1½ ári, að mig minnir, bráðabirgðaáliti, en mér er ekki kunnugt um, að sú n. hafi lokið störfum til fulls. Ég tel, að í raun og veru liggi svipuð hugsun að baki þessu frv. og þessari þáltill., sem ég vitnaði til, þ. e. a. s. sú hugsun, að hinu opinbera beri sérstök skylda til þess að efla atvinnulífið á þessum stöðum og þá einkanlega með því að veita á einhvern hátt opinbera fyrirgreiðslu í því skyni, að þar geti ný iðju- og iðnaðarfyrirtæki risið upp til þess að reisa atvinnulífið við. En eins og ég gat um í framsöguræðu minni með þessu frv., erum við flytjendur þessa frv. opnir fyrir öllum breytingum og athugunum á þessu frv. og þeim reglum, sem í því felast, svo framarlega sem sú grundvallarhugsun er varðveitt, sem í því felst.

Það getur vel verið, eins og hv. síðasti ræðumaður benti á, að í sumum tilfellum séu það ekki mikil fríðindi fyrir atvinnufyrirtæki á fyrstu árunum að fá eftirgefið tekjuútsvar og tekjuskatt, vegna þess að það sé ekki líklegt, að fyrirtækið skili miklum hagnaði. Auðvitað getur þetta verið nokkuð misjafnt eftir eðli fyrirtækjanna, en ég geri ráð fyrir, að það, sem mestu munar, eins og frv. er úr garði gert, sé aðstöðugjaldið.

Hæstv. fjmrh. hafði nokkrar aths. fram að færa í sambandi við þetta frv. Hann benti á, að sér fyndist óeðlilegt, að það væri iðnmrh., sem ætti að hafa þessa heimild með höndum, að veita nýjum iðju- og iðnfyrirtækjum skattfríðindi. Ég get fallizt á, að það kunni að vera álitamál, undir hvaða ráðh. þetta heyri. Það mætti e. t. v. segja, að það væri eðlilegast, að það væri félmrh., sem hefur með atvinnuleysismálefni að gera. Og það er líka annar þáttur félagsmálanna, sem þetta snertir, og það eru tekjustofnar sveitarfélaganna. Að vísu er það þannig í núv. ríkisstj., að þessir tveir málaþættir eru ekki á hendi sama ráðh. En ef það hefði verið, sem auðvitað kann að verða í framtíðinni, væri það e. t. v. eðlilegast. Það kemur einnig til álita, þar sem hér er um skattamál að ræða, að það sé fjmrh. Það, sem olli því, að iðnmrh. varð fyrir valinu, er fyrst og fremst löggjöfin frá 1935, sem ég vitnaði til og er um sumt lík þessu. Þar var það atvmrh., — að vísu voru það ekki heimildarlög, heldur voru það lög, sem veittu fyrsta iðnfyrirtækinu í nýrri iðngrein skilyrðislausan rétt, — og það var atvmrh., sem átti að hafa þau mál með höndum. Og mér finnst, að það megi vel segja, að það sé ekkert óeðlilegt, þó að iðnmrh. sé látinn meta það í fyrsta lagi, hvaða fyrirtæki eru iðju- og iðnaðarfyrirtæki og hvaða fyrirtæki þeirrar tegundar séu líkleg til þess að bæta úr atvinnuþörf þessara staða og verðskuldi það að fá skattfríðindi. En ég get sem sagt viðurkennt, að þetta sé álitamál, hvaða ráðh. eigi að fara með þetta, og það er sjálfsagt, að sú n., sem fær þetta frv. til meðferðar, athugi það eins og annað.

Þá er það annað, sem hæstv. fjmrh. hafði að athuga við þetta frv., og það var, að í þessu væru fólgin forréttindi og það væri ekki víst, að þau atvinnufyrirtæki, sem fyrir væru á þessum stöðum, yndu þessu vel, að ný fyrirtæki fengju þannig skattfríðindi. Vissulega er það rétt, að þessi heimild getur undir vissum kringumstæðum verið vandmeðfarin og nokkuð erfitt að setja fullkomlega réttlátar reglur. En ég hygg þó, að ef þetta er athugað betur, þá er í fyrsta lagi, að sveitarstjórnin verður að samþykkja eða hennar meðmæli verða að liggja fyrir, til þess að undanþáguheimildin sé veitt, og þetta verður auðvitað eitt af þeim atriðum, sem sveitarstjórnin yrði að meta í sambandi við það, hvort hún ætti að veita meðmæli eða ekki. Í öðru lagi má segja, að þó að nýtt atvinnufyrirtæki fái skattfríðindi, er enginn réttur tekinn af þeim fyrirtækjum, sem eru fyrir, og jafnvel, ef menn hugsa lengra fram í tímann, getur það verið þeim fyrirtækjum, sem eru á þessum stöðum, til góðs, að atvinnulífið þar sé eflt með tilkomu nýrra fyrirtækja, sem e. t. v. mundu ekki verða stofnsett eða staðsett á þessum stöðum, nema þessi fríðindi fengjust. Og reyndar má segja það almennt, að alltaf er verið að stefna að því að gera meira fyrir þá, sem hefjast handa á morgun, á öllum sviðum þjóðlífsins heldur en fyrir þá, sem hófust handa

í gær, og ég sé ekki í raun og veru annað en það gæti átt við í þessu máli eða á þessu sviði eins og öðrum.

En ég tel, eins og ég hef margtekið fram áður, rétt, að þetta sé allt athugað gaumgæfilega og m. a. það, hvort sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, gæti treyst sér til þess að setja einhverjar skýrari reglur en frv. greinir frá um það efni, hvenær heimildinni skyldi beitt og hvenær ekki, þannig að þetta lægi nokkuð ljósar fyrir og það væri þá ekki verið að gefa þeim fyrirtækjum vonir um fríðindi, sem e. t. v. væri óeðlilegt að veita þau, heldur væri t. d. heimilað að setja nánari skilyrði fyrir þessu í reglugerð eða þess konar.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þegar 1. umr. um þetta frv. hófst, gerði ég við það nokkrar aths., og til þess að fyrirbyggja allan misskilning í því efni, sem raunar hv. 6. þm. Sunnl. gekk út frá í sinni ræðu, fólu þær aths. ekki í sér efnisleg andmæli gegn því, að veitt yrði aðstoð nýjum iðnfyrirtækjum, þar sem nauðsynlegt er að byggja upp atvinnulíf víðs vegar um landið. Ég benti á viss atriði, sem ég taldi annars vegar vera þess eðlis, að mætti telja nánast formgalla eða a. m. k. þyrfti að athuga það nánar, t. d. varðandi það, hvern þetta ætti undir að heyra stjórnskipulega séð, til þess að skapa ekki vandræði í framkvæmd málsins. Það var ekki af neinum metnaði frá minni hálfu eða vegna míns embættis um það, að fjmrh. ætti endilega að fá þetta í hendur. Ég hygg, að það yrði enginn ráðh. öfundsverður af að fá það í hendur, ef slík heimild sem þessi yrði veitt, svo að það stafar ekki af þeim orsökum, heldur eingöngu því, sem ég veit að allir hv. þdm. gera sér grein fyrir, að hér er farið inn á nýja braut, sem nauðsynlegt er að gera sér strax í upphafi grein fyrir, hvert leiðir. Sú löggjöf, sem hv. fyrri flm. vitnaði hér réttilega til áðan, var að því leyti miklu einfaldari í framkvæmd, að þar var gert ráð fyrir, að þetta gilti um fyrirtæki í þeim greinum, þar sem ekkert slíkt fyrirtæki væri starfandi áður, þannig að þar voru nokkurn veginn fastar reglur, sem var hægt að fara eftir í því efni, hvaða ráðh. sem átti að framfylgja málinu.

Hins vegar held ég, og það er auðvitað kjarni málsins og miklu veigameira atriði, að það þurfi mjög rækilegrar skoðunar við, svo sem raunar hv. fyrri flm. vék að, hvort nákvæmlega er hér rétt að farið eða hvort aðrar brautir á að fara til þess að ná þessu marki. Ég held, að efnislega séum við öll sammála um það, að æskilegt sé að stuðla að þeirri þróun, sem hér er leitazt við að stuðla að og er þekkt úr mörgum löndum, að reyna að dreifa atvinnufyrirtækjum með margvíslegri, sérstakri fyrirgreiðslu þeim til handa. En svo sem t. d. hv. 6. þm. Sunnl. benti hér á, eru ýmis önnur atriði, sem þarf að íhuga og vel getur verið, að séu bæði einfaldari í framkvæmd og skapi síður hættuleg fordæmi eða óánægju hjá fyrirtækjum, sem starfandi eru á viðkomandi stöðum, og einnig kunni að vera líklegri til að ná þeim tilgangi, sem þetta frv. stefnir að.

Um úrræði í því sambandi hefur oft áður verið rætt á Alþ., og m. a. um þær hugmyndir, sem uppi hafa verið og að nokkru leyti verið framkvæmdar til þessa, um sérstaka atvinnubótafjáraðstoð til fyrirtækja víðs vegar um landið, hefur hugsunin raunverulega verið þessi, að aðstoða við uppbyggingu nýrra fyrirtækja umfram það, sem slík fyrirtæki mundu fá að njóta, ef þau væru starfandi, þar sem næg atvinna er til staðar. Og það hefur verið frá því skýrt og mun nú innan mjög skamms tíma verða lagt fyrir Alþ. frv. um sérstakar ráðstafanir til eflingar slíkri starfsemi og aukningu þess sjóðs, sem til þessa hefur haft þetta verkefni, þar sem m. a. mun verða gert ráð fyrir því, að gerðar verði sérstakar framkvæmdaáætlanir fyrir einstaka landshluta, svo sem þegar hefur verið hafinn undirbúningur að eða er í framkvæmd varðandi Vestfirði og hefur nú verið falið Efnahagsstofnuninni að vinna að í sambandi við Norðurland.

Það er auðvitað ákaflega æskilegt, hvort sem verður farin skattafríðindaleið eða farin sú leið að veita einhverja aðra aðstoð nýjum fyrirtækjum, að það sé gert eftir einhverri fyrirframgerðri áætlun, því að menn munu komast að raun um, að það verður ákaflega erfitt að meta það, hvar í rauninni er atvinnuleysi, það getur verið þetta árið á þessum stað og hitt árið á hinum, þannig að það þarf að skoða þróunina og horfurnar á breiðari grundvelli en þeim, sem við blasir hverju sinni, og áætlanagerð er þess vegna mjög nauðsynleg til þess að gera sér grein fyrir þessum vanda. Við þekkjum tiltekna staði, þar sem hefur verið varanlegt atvinnuleysi af ýmsum ástæðum og þar sem getur verið alveg nauðsynlegt að endurskipuleggja alveg atvinnulífið. Og þar mundu t. d. vafalaust koma til greina fyrst og fremst þau hlunnindi, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., og ég þykist vita, að hv. flm. hafa ekki hvað sízt haft slíkt ástand í huga, er þeir hugsuðu þetta frv. En það kemur auðvitað mjög til álita á slíkum stöðum, hvaða leiðir eru heppilegastar. Það getur vel verið, að það megi samræma það að veita í senn skattfríðindi og aukin lánaréttindi fyrirtækjum, sem þar setja sig niður. En ég get ekki horfið frá því, sem ég sagði í minni upphaflegu ræðu og ég veit að hv. flm. er líka vel kunnugt um af reynslunni, að skattafríðindaleiðin er mjög hættuleg leið vegna viðhorfs þeirra fyrirtækja, sem fyrir eru á stöðunum og mundu ekki njóta þessara hlunninda. Það er auðvitað alveg hárrétt, sem bent hefur verið á, að til langs tíma kemur það einnig þeim að góðu gagni, ef hægt er að byggja upp atvinnulíf staðanna og þá um leið í framtíðinni létta af þeim kvöðum. En með því að þeir eru nú einu sinni þannig, að þeir hugsa kannske ekki svo ákaflega langt fram í tímann og sjá aðeins, hvað að þeim snýr í það og það skiptið, það og það árið, og þarf stundum ekki einu sinni svo langan tíma til, að menn átti sig ekki á þróun mála, þannig að ég mundi segja, að það væri a. m. k. mjög nauðsynlegt og það sýna þessar umr., sem hér hafa farið fram, enda hefur hv. 1. flm. líka tekið undir það, að þetta mál verði íhugað mjög rækilega, ekki eingöngu út frá því takmarkaða sjónarmiði, hvort eigi að halda sig algerlega við þá skattafríðindaleið, sem

þarna er talað um, heldur hvort eigi ekki að skoða það á breiðara grundvelli, sem einnig hefur verið hér vikið að, sem sagt, hvaða úrræði væru tiltækilegust almennt séð til þess að stuðla að því, að það væri hægt að hvetja fyrirtæki til þess að setja sig niður á stöðum, þar sem við atvinnuörðugleika er að stríða. Það getur stundum verið á vissan hátt fyrir hendi jákvætt viðhorf í þessu, eins og t. d. er í dag, að það eru þekkt dæmi um það, að fyrirtæki hafi sett sig niður á slíkum stöðum, fyrst og fremst vegna möguleika þess að fá fólk til starfa, vegna þess ástands, sem er í þjóðfélaginu víða, að það er mjög erfitt um að fá vinnuafl. Og þannig geta mörg tilvik spilað inn í þessa þróun. En það, sem ég sem sagt vildi með þessum orðum aðeins leggja áherzlu á, er í fyrsta lagi, að það er síður en svo, að ég hafi á móti þessari hugsun. Hún er í samræmi við það, sem ég hef oft og tíðum vikið að í sambandi við umr. um atvinnujöfnunar- eða atvinnubótamál. Og það vill svo til, að ég hef alllengi átt sæti í n., sem einmitt hefur fjallað um þau mál og úthlutun þess fjár, sem til atvinnubóta hefur verið veitt, og þekki því nokkuð gerla, hvaða vandamál er við að stríða í því efni. Því fer víðs fjarri, að ég sé andvígur þeirri hugsun og hugmynd, sem hér er hreyft, en tel aðeins mjög nauðsynlegt, að þetta verði skoðað á breiðum grundvelli, enda þykist ég vita, að hv. flm. hafi það fyrst og fremst í huga að ná fram megintilgangi málsins, til þess að efla atvinnulífið á þessum stöðum, en ekki endilega, hvort þessi leið sé sú heppilegasta eða einhver önnur eða sambland af fleiri en einni leið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til iðnn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

45. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins.

Á 27. fundi í Sþ., 16. febr., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins [115. mál] (þmfrv., A. 236).

Á 40. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. felur í sér breytingu á 17. gr. l. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, en þar er fjallað um útreikning og viðmiðun ellilífeyris og örorkulífeyris þess manns, sem lætur í lifandi lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, sem veitti honum aðgang að sjóðnum. Í 17. gr., eins og hún er nú, segir svo um þetta efni: „Lífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka, sbr. 12. og 14. gr., miðast þá við starfstíma hans og laun þau, er hann hafði, er hann lét af stöðu þeirri, sem veitti aðgang að sjóðnum.“ Í frv. er hins vegar lagt til, að þetta ákvæði verði orðað svo: „Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka skal vera hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, sem sjóðfélagi gegndi síðast, samkv. 12. og 14. gr.“ M. ö. o., það er lagt til með þessari breytingu, að sama regla gildi um útreikning og viðmiðun lífeyris þess starfsmanns, sem lætur í lifanda lífi af starfi af öðrum ástæðum en elli og örorku, eins og hins, sem lætur af starfi, eftir að lífeyrisaldri er náð, en um það efni segir í 12. gr. l.: „Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, sem sjóðfélagi gegndi síðast.“ Þessi regla um það, að ellilífeyrir skyldi miðaður við hundraðshluta af launum þeim, sem á hverjum tíma fylgja starfi, var lögtekin með lífeyrissjóðsl. síðast. Áður gilti sú regla, eins og kunnugt er, að ellilífeyrir var útreiknaður þannig, að miðað var við meðaltal síðustu 10 starfsára mannsins. Og þegar sú regla gilti, gilti hún einnig um þann, sem lét af starfi af öðrum ástæðum en elli eða örorku.

Breyt., sem gerð var síðast með lífeyrissjóðsl., er til mjög mikils hagræðis fyrir lífeyrisþega, þar sem þeir njóta í raun og veru með því ákvæði kauptryggingar á lífeyri. En hins vegar eru þeir tiltölulega fáu menn, sem láta af starfi í þjónustu ríkisins, áður en lífeyrisaldri er náð, af einhverjum ástæðum, sem geta verið fullgildar, miklu verr settir, eins og augljóst er. Að vísu mætti segja, að þetta skipti ekki svo miklu máli, ef við byggjum við stöðugt verðlag og litlar breytingar á kaupgjaldi. En eins og tímarnir eru nú, þá skiptir þetta geysimiklu máli. En ég fæ satt að segja ekki skilið, hvaða ástæða er til að gera þennan mun. Að vísu mætti orða það, að það væri gert í því skyni að vera eins konar aðhald að mönnum um það að vera áfram í þjónustu ríkisins og fara ekki úr þjónustu ríkisins fyrr en hámarksaldri væri náð. En ég verð að telja heldur óviðkunnanlegt að hafa slíkt ákvæði til þess og vafasamt náttúrlega um verkanir þess, vegna þess að svo getur staðið á, að maður verði, eins og ég sagði áðan, beinlínis af fullgildum ástæðum að skipta um starf.

Eins og ég sagði áðan, getur þetta haft í för með sér mjög mismunandi réttarstöðu þeirra manna, sem þarna eiga hlut að máli, og ég hef beðið tryggingafræðing að gera yfirlit um það, og ég hef hér lauslegt álit frá honum um það efni. Það er of flókið og langdregið til þess, að ég fari að lesa það hér upp, menn hefðu ekki gagn af því, en sjálfsagt gæti n. sú, sem fær þetta til meðferðar, fengið það til afnota. En ég nefni hér aðeins eitt dæmi, sem hann tekur og sýnir, að þarna er um mjög mikinn mun að ræða. Hann tekur dæmi um A og B og segist reikna þar í öðru tilfellinu með 10% árlegri kauphækkun og í öðru tilfellinu með 13% árlegri kauphækkun. Og þá lítur þetta dæmi þannig út í hans útreikningi: A og B gerast félagar sjóðsins um tvítugt. Um fimmtugt hafa báðir lokið iðgjaldagreiðslum til sjóðsins og lætur B þá af stöðu sinni, en heldur réttindum sínum samkv. 17. gr. A heldur

áfram störfum til 65 ára aldurs. Raunverðmæti iðgjaldagreiðslu beggja er jafnt, þar sem báðir hafa greitt jafnmikið í sjóðinn. Ellilífeyrir A verður 75% af launum á hverjum tíma, ellilífeyrir B verður hins vegar í fyrra tilfellinu, þegar miðað er við 10% kauphækkun, 14%, en í síðara tilfellinu, þegar miðað er við 13% árlega kauphækkun, 10% af launum. Af þessu sést, að þetta er mjög mikill munur.

Ég held, að hér sé ekki um mikið fjárhagsmál að ræða fyrir sjóðinn, vegna þess að sjálfsagt verða það alltaf tiltölulega fáir, sem þetta kemur til með að eiga við um. En þó er mér kunnugt um nokkur dæmi, þar sem menn hafa látið af störfum, t. d. barnakennarar, sem kannske á miðjum aldri hafa gerzt bændur og hafa þá horfið frá kennarastarfi.

Ég geri ráð fyrir, að frv. þetta verði að sjálfsögðu sent til umsagnar stjórnar lífeyrissjóðs og jafnvel Tryggingastofnunar, og þá muni þetta mál skýrast nánar.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara nánar út í þetta. Ég vona, að hv. dm. sé ljóst, hvað hér er um að ræða. Það getur kannske verið álitamál, hvort þetta á að fara til fjhn. eða félmn. Ég held, að ég leggi til, að það fari til félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

46. Lífeyrissjóður barnakennara.

Á 27. fundi í Sþ., 16. febr., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 30. des. 1963, um lífeyrissjóð barnakennara [116. mál] (þmfrv., A. 237).

Á 40. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hér er um algerlega tilsvarandi breytingu að ræða á l. um lífeyrissjóð barnakennara og síðasta frv. fjallaði um varðandi lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Ég vísa því til framsögu minnar hér áðan og legg til, að frv. sé vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

47. Framleiðnilánadeild við Framkvæmdabanka Íslands.

Á 46. fundi í Ed., 7. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um framleiðnilánadeild við Framkvæmdabanka Íslands [134. mál] (þmfrv., A. 282).

Á 48. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Ed., 14. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Helgi Bergs): Herra forseti. Ásamt öðrum hv. þm. Framsfl. í þessari d. flyt ég á þskj. 282 frv. til l. um framleiðnilánadeild við Framkvæmdabanka Íslands. Tilgangur okkar með flutningi þessa frv. er að leitast við að móta nokkurn fjárhagslegan grundvöll fyrir umfangsmiklum breytingum á framleiðsluháttum, sem við teljum nauðsynlegar, í þá átt að auka vélvæðingu og hagræðingu og skapa skilyrði fyrir nýtízkulegri vinnubrögðum og auknum afköstum á hverja vinnueiningu. Það má færa rök fyrir nauðsyn þessa út frá ýmsum sjónarmiðum, frá sjónarmiðum launþeganna m. a.

Það er alkunna, að framleiðsluaukning þjóðarinnar á undanförnum árum hefur ekki nema að nokkru leyti átt rót sína að rekja til framleiðniaukningar og fólksfjölgunar. Þar koma líka til greina mikil aflabrögð seinustu ára og svo hitt, að fólk hefur lagt á sig mjög aukna vinnu á undanförnum árum, meira en áður tíðkaðist, og nú er vinnutími hjá mörgum og hefur verið um nokkurra ára skeið lengri en við verður búið til frambúðar. En til þess að hægt sé að stytta vinnutímann án tekjumissis, verður að sjálfsögðu að leggja áherzlu á aukin afköst og aukna framleiðni. Þá má einnig færa rök að þessari nauðsyn frá sjónarmiði atvinnurekstrarins, sem býr við vaxandi erfiðleika vegna óhagstæðrar þróunar tilkostnaðarins í landinu að undanförnu, og að sama skapi að færa rök að þessu frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar, því að meiri framleiðsla þýðir auknar þjóðartekjur, sem móta lífskjörin í landinu hjá þjóðinni allri.

Þær breytingar, sem á undanförnum árum hafa verið gerðar á tollalöggjöfinni, hafa verulega minnkað tollvernd íslenzks iðnaðar. Um þessar breytingar hefur þó í grundvallaratriðum ekki verið ágreiningur hér á hv. Alþ., enda hafa menn gert ráð fyrir, eins og boðað hefur verið, að ráðstafanir væru jafnframt gerðar til þess að efla samkeppnisgetu þessara atvinnugreina, og það er vissulega naunðsynlegt. Fyrir nokkrum árum starfaði hér norskur sérfræðingur á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar einmitt að rannsókn og athugun á þeim vandamálum, sem tengd væru aðlögun iðnaðarins að aukinni samkeppni. Niðurstaða hans var sú, að gera þyrfti öflugt átak til þess að auka framleiðni þessara atvinnugreina, og benti þessi norski sérfræðingur á ýmsar ráðstafanir, sem þyrfti að gera af hálfu hins opinbera til þess að greiða fyrir því. Sumt af því hefur að einhverju leyti komið til framkvæmda,

t. d. efling iðnlánasjóðsins árið 1963 og áætlun félmrn. um menntun hagræðingarsérfræðinga frá 1964. Þessar ráðstafanir eru að sjálfsögðu góðra gjalda verðar, svo langt sem þær ná, en það þarf meira til.

Forstjóri Efnahagsstofnunarinnar, Jónas Haralz, gerði á fundi hjá Félagi ísl. iðnrekenda í haust grein fyrir framkvæmd till. þessa norska sérfræðings, sem ég var að tala um, og hann sagði þá m. a.:

„Ég vil að lokum gera nokkra grein fyrir þróun mála, eftir að Haarr lauk skýrslu sinni fyrir um það bil ári síðan. Upphaflega var að sjálfsögðu ætlunin, að reynt væri að fylgja eftir þeim till., sem hann gerði, sem allra fyrst. Það má segja, að tvennar ástæður séu fyrir því, að lítið hefur orðið úr þessu enn sem komið er. Í fyrsta lagi hefur þróunin á alþjóðavettvangi í sambandi við tollalækkanir orðið hægari heldur en menn vonuðust til.“ — Og síðan gerir Jónas Haralz nokkru frekari grein fyrir Kennedy-viðræðunum, ég skal sleppa því úr, en segir síðan: „Hin ástæðan, sem er enn veigameiri, er það ástand, sem skapaðist í efnahagsmálum hér á landi á sumrinu 1963. Það má segja, að síðan hafi ekki verið nein skilyrði til þess fyrir stjórnarvöld í landinu, hvorki ríkisstj. né embættismenn, að vinna að framtíðarverkefnum af því tagi, sem hér um ræðir. Athyglin hefur orðið að beinast að aðkallandi vandamálum á kostnað skipulegs undirbúnings og áætlanagerðar vegna þýðingarmikilla framtíðaráætlana. Á þessu hefur nú aftur orðið nokkur breyting,“ segir Jónas Haralz, „og betri skilyrði skapazt til þess að sinna verkefnum af því tagi. Ég mundi telja þýðingarmikið, að þetta mál væri tekið upp aftur, eins fljótt og tök eru á, og að því stefnt að framkvæma í stórum dráttum þá áætlun, sem hann lagði drög að. Ég mundi telja þetta verkefni eitt hinna allra þýðingarmestu í þjóðfélagi okkar. Það er þýðingarmikið fyrir efnahagsþróun landsins, og það er þýðingarmikið fyrir íslenzkan iðnað og þau fyrirtæki, sem í honum starfa.“

Þetta var úr ræðu, sem Jónas Haralz hélt í iðnrekendafélaginu í haust, og mér þykir ástæða til þess að vekja athygli á henni í þessu sambandi og taka undir það, sem þar er sagt, og óska þess, að þær aðgerðir, sem lagðar voru til í þessari skýrslu, sem þarna er um rætt, megi sem fljótast koma til framkvæmda, og tel raunar, að samþykkt þessa frv., sem ég er nú að mæla fyrir, mundi verða mjög veigamikið skref í þessa átt.

Það hefur líka af hálfu iðnrekenda verið sérstaklega á það bent, að það sé mikil þörf aukinna lána til þess að koma fram umfangsmikilli endurskipulagningu iðngreina og fyrirtækja og aukinni véltækni og hagræðingu.

Sú tæknibylting, sem oft er talað um að hafi átt sér stað í sjávarútveginum undanfarinn áratug, hefur í rauninni fyrst og fremst og ég vil jafnvel segja aðeins náð til síldveiðanna. Hlutur annarra fiskveiðigreina er enn eftir. En það er ljóst, að í sumum þeirra verður ný tækni að koma til, ef þær eiga ekki algerlega að dragast aftur úr og jafnvel hverfa. Við sjáum, hver þróunin hefur verið á undanförnum árum um línuveiðarnar. Þar hafa ekki átt sér stað nauðsynlegar tækniumbætur með sama hætti og í síldveiðunum og ýmsum öðrum atvinnugreinum, en þær þurfa að koma, til þess að við getum haldið áfram að stunda þessa mikilvægu grein, sem er sú fiskveiðiaðferð, sem aflar okkur bezts hráefnis til fiskiðnaðarins. En það er ljóst, að umfangsmiklar breytingar á tækniútbúnaði skipanna hljóta að verða mjög fjárfrekar, og til þess að þær geti átt sér stað, þarf að opna nýja möguleika til fjáröflunar í þessu skyni.

Á undanförnum árum hefur hraðfrystihúsunum í landinu verið veittur styrkur — og raunar nú síðustu árin einnig skreiðarverkun — af opinberu fé. Þessi styrkur hefur verið nefndur hagræðingarfé. Það hefur verið reynt að tengja það við endurbætur í þessum iðnaði og hafa áhrif á það, að þessu fé sé varið í því skyni. En ef við viljum vera hreinskilnir, verðum við væntanlega að fallast á, að í rauninni er hér um að ræða verðuppbætur til hraðfrystihúsanna frekar en styrk til framkvæmda. Það leiðir raunar beint af þeirri aðferð, sem höfð er við úthlutun þessa fjár. Það er þó ástæða til þess að ætla, að allmörg af frystihúsunum í landinu hafi haft nægilega góða afkomu til þess að geta varið þessu fé í þessu skyni, og það er gott, en hitt er vitað, að þau frystihús eru einnig ófá, sem hafa haft þá rekstrarafkomu, að þeim hefur ekki veitt af þessu fé sem beinum uppbótum eða ekki getað varið því í því skyni, sem æskilegast hefði verið. Og jafnvel þó að þau hefðu gert það, er hér að sjálfsögðu ekki um mikla fjárhæð að ræða í þessu skyni. Það er enn fremur ljóst, að það fé, sem látið er til hagræðingar og endurbóta af þessu tagi, á að skila sér aftur í rekstrinum, — það á að hafa betri skilyrði til þess að skila sér aftur í rekstrinum heldur en annað fé, sem í hann er látið, svo að það virðist þess vegna eðlilegra að opna nýja möguleika til að afla lánsfjár í þessu skyni heldur en að ganga mjög langt á þeirri braut að leggja fram styrki í þessu skyni, og er ég þó ekki með þessu að amast við, að það sé gert. Það var á sínum tíma samstaða hér á Alþ., vegna þess að menn litu svo á, að það væri nauðsyn, að frystihúsin fengju þetta fé, til þess að þau gætu staðið undir því fiskverði, sem ákveðið hefði verið.

Svipuð sjónarmið þessum eiga vissulega við í ýmsum öðrum atvinnugreinum, í flutningamálum, í landbúnaði, jafnvel í verzlun og raunar í flestum starfsgreinum. Það er víða nauðsyn að endurbæta vinnubrögð og tæknibúnað, og ég skal ekki tefja tímann á því að rekja það mjög miklu meir. Mér þykir þó rétt að vekja athygli á því, að í erlendum umr. um aðgerðir í peningamálum, sem svo eru kallaðar, sem leið til þess að skapa efnahagslegt jafnvægi, hef ég nú í seinni tíð tekið eftir vaxandi gagnrýni á sparifjárbindingu og lánahöftum á þeim grundvelli, að slíkar ráðstafanir komi harðast niður á þeim fyrirtækjum, sem eru í framsókn og vexti, þ. e. a. s. einmitt á vaxtabroddum atvinnulífsins. Ástandið á lánsfjármarkaðinum hjá okkur hér á landi styður því að nauðsyn þess, að sérstaklega sé séð fyrir fé til þessara þarfa. — Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að stofnaður sé sérstakur sjóður, og það er gert ráð fyrir því, að hann sé deild í Fram-

kvæmdabanka Íslands og nefnist framleiðnilánadeild. Það þykir eðlilegt að tengja þennan sjóð við Framkvæmdabanka Íslands af ýmsum ástæðum. Okkur flm. hefur ekki þótt ástæða til þess að gera ráð fyrir því, að komið væri á fót sérstakri stofnun í þessu skyni. Hins vegar var gert ráð fyrir því árið 1953, þegar Framkvæmdabanki Íslands var stofnaður, að hann gegndi m. a. svipuðu hlutverki og þeim sjóði, sem hér er gert ráð fyrir, er ætlað. En í l. nr. 17 frá 1953, um Framkvæmdabankann, er hlutverk hans þó ákveðið talsvert víðtækara, og það hefur einnig reynzt það í framkvæmdinni, og þess vegna hefur okkur þótt eðlilegt að leggja til, að sérstök lánadeild væri stofnuð á vegum hans, sem hefði þetta hlutverk, og gerir 1. gr. frv. ráð fyrir því.

2. gr. frv. gerir svo grein fyrir tilgangi sjóðsins eða tilgangi lánadeildarinnar, og hef ég rakið það nokkuð og skal ekki fara frekar út í það.

Í 3. gr. er svo gerð grein fyrir því, hvernig fjár til hans skuli aflað. Það er gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði upp á 10 millj. kr. á ári í næstu 10 ár og þetta yrði eigið fé sjóðsins ásamt því fé, sem hann fær samkv. 3. tölulið þessarar gr., en þar er gert ráð fyrir því, að nokkur hluti af tekjuafgangi Framkvæmdabankans gangi til deildarinnar, og þykir það eðlilegt, þar sem gert er ráð fyrir, að hún verði hluti af bankanum. Í 2. tölulið er svo gert ráð fyrir því, að Seðlabanki Íslands tryggi sölu á skuldabréfum, sem Framkvæmdabankinn gefur út vegna deildarinnar, að upphæð 40 millj. kr. á ári næstu 10 ár. Það er gert ráð fyrir, að bréfin séu til 10 ára og vextirnir ákveðnir af ráðh. og ríkissjóður taki ábyrgð á þessu láni. Í 6. gr. l. um Framkvæmdabankann, nr. 17 frá 1953, er ákveðið, að hann megi ekki stofna til skuldar hjá Seðlabankanum, og þykir eðlilegt að leggja til, að þetta ákvæði nái ekki til þessara lána, sem þarna er um fjallað. Þá er gert ráð fyrir því í 4. tölulið gr., að Framkvæmdabankinn geti tekið lán vegna deildarinnar, og er lánsheimildin, sem í gr. felst, alls að upphæð 300 millj. kr.

4. gr. kveður á um það, hvernig sótt skuli um lán úr deildinni, og er það sniðið eftir því, sem tíðkast um löggjöf um aðra hliðstæða sjóði, og sé ég ekki ástæðu til þess að fara um það mörgum orðum.

En í 5. gr. er gert ráð fyrir því, að lánsumsóknir skuli sendar til umsagnar þeirra aðila, sem bezt skilyrði eru taldir hafa til þess að segja til um það, hvort umsóknin sé í samræmi við tilgang þessara l., og þessir umsagnaraðilar er gert ráð fyrir að séu Iðnaðarmálastofnun Íslands, Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands, eftir því sem við á hverju sinni. En það er bankaráð Framkvæmdabankans, sem gert er ráð fyrir að taki endanlega ákvörðun um lánveitingar.

Í 6. gr. er gert ráð fyrir því, að lán úr deildinni geti numið allt að 90% kostnaðar við þær framkvæmdir og endurbætur, sem lánað er til. Þetta er að vísu æðihátt mark, kann mönnum að finnast, en á hinn bóginn er það einmitt tilgangur með þeim sjóði, sem hér er gert ráð fyrir, að hann veiti lán til viðbótar því, sem fáanlegt er frá öðrum stofnlánasjóðum, og þó að hámarkið sé talið svona hátt, væri að sjálfsögðu ekki skylt að fara upp í það hámark, það kæmi að sjálfsögðu til athugunar í hverju einstöku tilfelli. En vegna þess að hámarkið er svona hátt, verður að gera ráð fyrir því, að sett séu viðbótarveð til tryggingar svo háum lánum, enda gerir 8. gr. frv. ráð fyrir því, að lán úr framleiðnilánadeild að viðbættum öðrum stofnlánum, sem á veðinu hvíla og hafa betri veðrétt, skuli ekki nema meira en 80% af endurkaupsmatsverði veðsins.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til þess að rekja nánar efni frv. En því er oft haldið fram, að hagræðingaraðgerðir þurfi ekki að kosta mikið fé, það sé hægt með alls konar einföldum skipulags- og starfsaðferðabreytingum að ná mikilli hagræðingu án mikils tilkostnaðar. Þetta er þó öllu frekar teoretiskt heldur en þetta fái staðizt allajafna, því að reynslan sýnir það, að þó að ekki sé um að ræða öflun dýrra tækja eða véla, eru aðgerðir í þessum efnum oft fjárfrekar. Þær kosta dýrar rannsóknir, ef þær eiga að vera vel heppnaðar, og fjárfrekar breytingar og oft og tíðum ýmiss konar truflanir á rekstri, meðan þær standa yfir, sem geta orðið ærið kostnaðarsamar.

Ég vonast til þess, að mér hafi tekizt að gera grein fyrir efni frv. og fyrir þeim ástæðum, sem við flm. höfum fyrir flutningi þess. Frv. svipað þessu var flutt hér í þessari hv. d. af mér og nokkrum öðrum þm. úr d. 1964, en þá fékk það ekki afgreiðslu, heldur sofnaði það í hv. fjhn. Ég mun nú eigi að síður, herra forseti, hætta á það að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjhn., í trausti þess, að það fái þar vinsamlegri viðtökur og betri fyrirgreiðslu en hliðstætt mál fékk þar fyrir tveimur árum. Ég vil beina þeim tilmælum til hv. formanns fjhn., að hann hlutist til um það, að n. taki frv. til meðferðar, þegar það kemur þangað. Í rauninni eru það óviðunandi starfshættir af hv. n. þingsins, þegar þær veita ekki málunum eðlilega þinglega meðferð. Mér þykir rétt að vekja athygli hv. þdm. á því, að stjórnarandstaðan er allajafna reiðubúin til þess að leggja nokkuð á sig til þess að greiða fyrir, að mál hæstv. ríkisstj. fái þinglega meðferð í n., og væri ekki nema sanngjarnt, að hv. meiri hl. sýndi málefnum stjórnarandstöðunnar svipaða sanngirni.

Að svo mæltu, herra forseti, legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

48. Bústofnslánasjóður.

Á 47. fundi í Ed., 8. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um bústofnslánasjóð [137. mál] (þmfrv., A. 288).

Á 50. fundi í Ed., 15 marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 288 leyft mér ásamt öðrum hv. framsóknarmönnum í þessari þd. að flytja frv. til l. um bústofnslánasjóð. Skv. því frv. er gert ráð fyrir, að settur sé á stofn sérstakur sjóður, bústofnslánasjóður, og er gert ráð fyrir, að hann verði í vörzlu Búnaðarbankans, en undir sérstakri stjórn. Hlutverk þessa sjóðs er að veita bændum og þá alveg sérstaklega efnalitlum bændum og frumbýlingum hagstæð lán til bústofnskaupa.

Það er ákveðið í frv., að stofnfé þessa sjóðs skuli nema 200 millj. kr., þar af eiga 80 millj. kr. að vera óendurkræft framlag ríkissjóðs, en hins vegar er gert ráð fyrir, að hinn hluti stofnfjárins sé tekinn að láni með ábyrgð ríkissjóðs. Það er gert ráð fyrir, að með stjórn þessa sjóðs fari 5 manna stjórnarnefnd og séu fjórir þeirra stjórnarmanna kjörnir af Sþ. með hlutfallskosningu, en fimmti maðurinn, sem jafnframt skal vera formaður stjórnarinnar, skipaður samkv. tilnefningu Stéttarsambands bænda. Stjórn sjóðsins skal hafa á hendi alla stjórn á sjóðnum og fara með ákvörðunarvald um lánveitingar. En í 4. gr. frv. er nánar kveðið á um, hver skilyrði skuli vera fyrir lánveitingu úr bústofnslánasjóði, en þau eru í fyrsta lagi, að umsækjandi reki landbúnað sem aðalatvinnuveg, í öðru lagi, að umsækjandi hafi ekki þann bústofn, sem að áliti sjóðsstjórnarinnar er nægilegur til framfærslu fjölskyldu hans samhliða öðrum tekjuvonum, eða hafi ekki efni á því að festa kaup á nauðsynlegum búvélum, í þriðja lagi, að umsækjandi sé að dómi sjóðsstjórnarinnar vel hæfur til að reka landbúnað, enda mæli hreppsnefnd með lánveitingunni, í fjórða lagi, að umsækjandi setji þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðsstjórnin tekur gilda, og loks í fimmta lagi, að umsækjandi geti að dómi sjóðsstjórnarinnar staðið undir árlegum greiðslum af lánum sínum, þegar hann hefur fengið lán skv. þessum lögum, úr bústofnslánasjóði sem sagt.

Í 5. gr. frv. eru ákvæði um það, gegn hvaða tryggingum sé heimilt að veita lán úr bústofnslánasjóði. Samkv. því ákvæði er heimilt að veita lán gegn öðrum tryggingum en nú er almennt krafizt. Það er að vísu gert ráð fyrir því, að fyrst og fremst megi veita lán gegn veði í fasteign, og er það í samræmi við það, sem almennt tíðkast. En síðan er því til viðbótar gert ráð fyrir, að það megi veita lán gegn veði í vélum og verkfærum, gegn veði í búfé, og eftir því sem nánar segir í ákvæðinu, gegn hreppsábyrgð og svo loks gegn sjálfsskuldarábyrgð tveggja eða fleiri aðila. En það er lagt á vald sjóðsstjórnarinnar að meta hverju sinni, hvaða trygging skuli gild.

Í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir, að hámark lánsfjárhæðar sé ákveðið í l., heldur fari það eftir ákvörðun og mati sjóðsstjórnarinnar hverju sinni.

Það er gert ráð fyrir því, að þessi lán verði sérlega hagstæð að því leyti til, að vextir af þeim verði lágir, og er það bundið í frv., að þeir skuli ekki hærri vera en 5%. Hins vegar er í samræmi við það, hverjar tryggingar er heimilt að taka fyrir þessum lánum, svo og í samræmi við þann tilgang, sem býr að baki þessara lána, lánstíminn ákveðinn tiltölulega stuttur, miðað við lán, sem heimilað er að veita gegn veði í fasteignum.

Í frv. eru svo nokkur fleiri ákvæði, sem ég tel ekki ástæðu til að víkja sérstaklega að hér, og þó má undirstrika það, sem segir í 7. gr. og til staðfestingar á því, að gert er ráð fyrir því, að hér verði um sérstaklega hagstæð lán að ræða, að sjóðsstjórninni er veitt heimild til að ákveða það, að lánin skuli vera afborgunarlaus fyrstu 3 árin.

Það leikur ekki á tveim tungum, að það er mikil þörf fyrir lán sem þessi. Það er ekki völ á slíkum lánum nú. Bændur eiga ekki kost á að fá lán í neinum sjóði til kaupa á bústofni. Það er að vísu í stofnlánadeildarl. heimild til nokkurra lánveitinga til vélakaupa, og hafa slík lán verið veitt, en þau eru þó það lág, að þau eru langt frá því að fullnægja þörfinni fyrir þessi vélakaupalán.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að margir bændur hafa allt of lítil bú. Búskapur hér á landi verður nú ekki rekinn með því sniði, sem þarf, nema fullkomnar vélar séu notaðar. En það er ekki hægt að standa undir slíkum vélum og kostnaði þeim, sem af þeim leiðir, nema búið *nái tiltekinni stærð*. Vegna þeirra umbóta, sem víða hafa verið gerðar á jörðum í seinni tíð, er þess líka kostur að stækka búin að því leyti til, að jarðirnar bera nú víða mun stærri áhöfn en áður var. Auðvitað er þessi þörf fyrir lán til bústofnskaupa og vélakaupa sérstaklega brýn, þegar frumbýlingar eiga í hlut. Það er kunnara en frá þurfi að segja og ég þurfi að vera að rekja það hér, hversu háa fjárhæð þarf til þess að stofna bú nú hér á landi. Fæstir ungir menn, sem hug hefðu á því, eru svo settir, að þeir hafi ráð á þvílíku fjármagni. Til þess að greiða götu þessara manna er þetta frv. flutt. Og það er trú og von okkar flm., að ef það næði fram að ganga, mundi það létta mörgum bónda róðurinn og það mundi ýta undir það, að fleiri hjón en ella setjist að í sveit og stofni þar til búskapar. En að okkar dómi er full þörf að aðstoða fólk við slíkt.

Því verður ekki neitað, að allvíða í sveitum er þannig ástatt, að það er fremur eldri kynslóðin en sú yngri, sem situr á jörðunum. Og því miður er víða svo ástatt, að það er óvíst, hvað við muni taka, þegar þau eldri hjón, sem búa á mörgum jörðum, láta af búskap. Og það er í raun og veru ókleift ungum hjónum, sem ekki hafa neina sérstaka aðstöðu, að stofna bú í sveit. Til þess þarf svo mikið fjármagn. Það er náttúrlega í ýmsum tilfellum þannig, að sonur eða dóttir getur tekið við af sínu foreldri, og þá getur þetta verið kleift, en sé ekki því til að dreifa, reynist þetta mörgum mjög erfitt og er augljóslega svo

erfitt, að margir, sem annars hefðu hug á því að stofna til búskapar í sveit og eiga þar heima, leggja ekki út í slíkt, vegna þess að þeir eiga ekki völ á neinum lánum til þess að festa kaup á nauðsynlegum bústofni og vélum.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til að fjölyrða frekar um nauðsyn á þessum lánum, sem hér er um að ræða. Ég hygg, að öllum hv. þdm. liggi hún svo í augum uppi, a. m. k. öllum þeim, sem nokkuð þekkja til landbúnaðar og þess ástands, sem nú ríkir í lánamálum. Við höfum flutt frv. svipaðs efnis hér á þingi áður, en það hefur því miður ekki náð fram að ganga. Því hefur verið vísað til n., en þar hefur það svo dagað uppi. Nú vona ég, að örlög þessa frv. verði á aðra lund, að sú n., sem fær það til meðferðar, taki það til röggsamlegrar afgreiðslu, og ég vil leyfa mér að vona, að hún fallist á þær röksemdir, sem ég hef hér lítillega minnzt á.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að frv. þessu sé að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. landbn., á þskj. 686, var útbýtt 3. maí, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

49. Sala Selárdals í Súgandafirði.

Á 57. fundi í Ed., 29. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Selárdal í Súgandafirði [169. mál] (þmfrv., A. 390).

Á 59., 60. og 63. fundi í Ed., 1., 4. og 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Bjarni Guðbjörnsson: Herra forseti. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. að selja eyðijörðina Selárdal er flutt af hv. 1. þm. Vestf., Hermanni Jónassyni.

Jörðin Selárdalur í Súgandafirði hefur verið í eyði um alllangt skeið, og það eru engin mannvirki eða ræktun á jörðinni og ræktanlegt land mjög lítið, svo að það verður að teljast mjög fráleitt, að Selárdalur muni endurbyggjast. Með tilliti til nærliggjandi byggðar mætti ætla, að eðlilegt væri, að jörðin yrði sameinuð Botni í Súgandafirði. Hefði verið rétt, að leitað hefði verið álits héraðsráðunautar í Vestur-Ísafjarðarsýslu um þetta atriði, og vildi ég beina því til þeirrar n., sem fær málið til athugunar, að þetta yrði gert. Hins vegar er frv. flutt að ósk áhugamanns um skógrækt, en í landi Selárdals er kjarri vaxið daldrag, þar sem skilyrði eru sæmileg til skógræktar. Hreppsnefnd Suðureyrarhrepps hefur mælt með sölu á jörð þessari, eins og fram kemur í grg.

Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

50. Dragnótaveiðar í fiskveiðilandhelgi.

Á 57. fundi í Ed., 29. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti [170. mál] (þmfrv., A. 392).

Á 58., 59. og 60. fundi í Ed., 31. marz, 1. og 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá

Á 61. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., um breyt. á l. nr. 40 frá 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, hef ég ásamt hv. 1. þm. Vesturl., 4. þm. Norðurl. e. og 9. landsk. þm. leyft mér að flytja á þskj. 392. Mál það, sem hér um ræðir, er hv. þdm. kunnugt frá fyrri umr. um málið, en samhljóða frv. var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá eigi fullnaðarafgreiðslu. Ég vil þó leyfa mér að þakka þann skilning, sem málið mætti í þessari hv. d., þar sem það hlaut afgreiðslu d. með nær samhljóða samþykki.

Síðan mál þetta var hér síðast til umr., hafa komið til nýjar upplýsingar, upplýsingar, sem draga ekki úr þeirri nauðsyn að gera þær ráðstafanir, sem frv. þetta felur í sér, en það er að banna allar dragnótaveiðar í Faxaflóa. Í 4. tölublaði tímaritsins Ægis er grein eftir Jón Jónsson fiskifræðing, sem hann nefnir. „Ástand fiskistofnanna við Ísland". En efni greinarinnar er byggt á skýrslu, sem samin var á s. l. ári af nefnd færustu sérfræðinga á þessu sviði. Í upphafi greinarinnar segir, að ástand fiskistofnanna í Norður-Atlantshafi hafi um nokkurt skeið verið mönnum áhyggjuefni, þar sem með vaxandi sókn séu margir þeirra farnir að láta á sjá. Það, sem þó mestum áhyggjum virðist valda í þessu sambandi, er sú staðreynd, að meira sé tekið úr íslenzka þorskstofninum en hann virðist þola. Í öðru lagi veldur það sérstökum áhyggjum, hve stór hluti af þorskveiðinni er ókynþroska fiskur.

Í skýrslunni kemur það fram, að í sumum tilfellum er hundraðshluti þess afla, sem þannig veiðist, allt að 81.6%. Það er álit fiskifræðinganna, að haldbezta ráðið til að hamla gegn þessari óheillaþróun sé að auka möskvastærðina í botnvörpunni frá því, sem nú er. Varðandi stærð þorskstofnsins kemur það glöggt í ljós, hvert stefnir. Með því að bera saman stóraukna þátttöku í fiskveiðunum annars vegar og aflamagnið hins vegar er myndin sú, að á 10 ára tímabili, 1954—1964, er aukin sókn í fiskveiðarnar, sem nemur 87%, en á sama tíma minnkar aflamagnið um tæplega 22%. Þó er talið, að hér geti verið um óhagstæðan samanburð að ræða, þar sem á þessu tímabili kom til stóraukin tækni í veiðiútbúnaði, bæði á veiðarfærum og fullkomnari fiskileitartækjum. En þetta hvort tveggja eykur veiðihæfni fiskibátanna og ætti því að óbreyttu að skila meira aflamagni en áður.

Til þess að tryggja betur viðhald fiskistofnanna hefur komið fram sú hugmynd og till. hjá íslenzkum sjómönnum og útgerðarmönnum að friða fyrir öllum veiðum ákveðin svæði um hrygningartímann, þar sem vitað er, að um er að ræða góðar klakstöðvar. Undir þessa till. hafa fiskifræðingar vorir ekki viljað taka, en benda hins vegar á, að ef hægt sé að sýna fram á með vísindalegum rökum, að nauðsynlegt sé að takmarka veiðina á hrygningarfiskinum, sé raunveruleg skömmtun á veiðinni það eina, sem til greina kemur, og að veiði sé þá hætt, þegar ákveðnu marki hefur verið náð. Á þessu eru þó þeir annmarkar m. a., að þar sem um 80% af þorskafla Íslendinga veiðist á vetrarvertíðinni, verður erfitt að koma við slíkri framkvæmd, og mér er nær að halda, að slíkt sé nær óframkvæmanlegt.

Í þeirri grein, sem ég hef hér nokkuð vikið að og birtist í 4. tbl. Ægis, er einnig að finna athyglisverðar upplýsingar varðandi ýsustofninn hér við land, en þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Á árunum fyrir síðari heimsstyrjöldina var ýsustofninn við Ísland talinn sígilt dæmi um ofveiddan fiskstofn, ásamt skarkola- og lúðustofninum. Eins og sést greinilega á 4. mynd, þá féll heildarýsuveiðin úr 60 þús. tonnum niður í 28 þús. tonn á tímabilinu 1928—1937, og veiði Íslendinga minnkaði úr 11 þús. tonnum í 4 þús. tonn á sama tíma. Sé athugaður aflinn á sóknareiningu, verður hrörnun stofnsins enn greinilegri, því að á umræddu tímabili minnkaði afli Breta úr 414 tonnum í 131 tonn, miðað við milljón tonntíma, og á sama tíma minnkaði dagsafli þýzkra togara úr 0.8 tonnum í 0.5 tonn.

Miðað við þetta ástand stofnsins, þá eru viðbrögð hans gagnvart veiðunum eftir stríð mjög athyglisverð. Strax eftir stríðið jókst heildarveiðin hröðum skrefum, úr 33 þús. tonnum árið 1946 í 76 þús. tonn árið 1949, en næstu 3 árin hrakaði veiðinni mjög og var aflinn kominn niður í 46 þús. tonn árið 1952. Þetta ár loka Íslendingar Faxaflóa og ýmsum öðrum þýðingarmiklum uppeldisstöðvum fyrir ýsu, og það bregður nú svo við, að heildaraflinn og afli Íslendinga hefur aukizt jafnt og þétt síðan og var kominn upp í 100 þús. tonn árið 1964, og var þá ýsan orðin í öðru sæti bolfiska á Íslandsmiðum.

Í skýrslu nefndarinnar segir berum orðum, að þessa aukningu fiskveiðanna megi þakka lokun Faxaflóa og annarra uppeldisstöðva, svo og þeirri aukningu í möskvastærð, sem orðið hefur síðan. Í ýsustofninum eru tíðar sveiflur í styrkleika árganganna, sem orsakað geta skammæjar sveiflur í aflamagni, en það er ekki ástæða til þess að ætla, að árgangarnir séu almennt neitt sterkari nú en fyrir friðunina. Hins vegar vex ýsan mjög ört hér við land. 30 cm langur fiskur tvöfaldar t. d. þyngd sína innan eins árs, og minni fiskur vex enn örar. Hin heillavænlegu áhrif af lokun þýðingarmikilla uppeldisstöðva, eins og t. d. Faxaflóa, koma því fram á þann hátt, að fiskurinn fær að vaxa í friði 2—3 árum lengur en áður. Náttúrleg dánartala, þ. e. það, sem deyr af öðrum orsökum en veiðunum, er 20%—30% á ári. Heildarþyngdaraukning ýsuárgangsins er því um 75% á ári, þar sem engar veiðar eru stundaðar. Ýsan er nú yfirleitt ekki veiðibær fyrr en 40—45 cm löng, og þá er hlutfallslegur vöxtur hennar orðinn minni, eða ca. 70% á ári. Séu dregin frá eðlileg afföll, þá er árleg þyngdaraukning ekki nema um 30% og gróðinn því orðinn mun minni af frekari friðun."

Þessi niðurstaða sérfræðinganna talar skýru máli, og um það verður ekki deilt, að Faxaflóinn er ein allra þýðingarmesta uppeldisstöðin við strendur Íslands. Kemur þar til m. a., að Faxaflóinn liggur svo nærri aðalhrygningarstöðvunum við suðurströnd landsins og þangað er ungviðinu næst að leita skjóls, enda eru þar frá náttúrunnar hendi öll hin ákjósanlegustu skilyrði til vaxtar og þroska fyrir uppfæðinginn.

Í þessu sambandi má á það benda, að á engu hafsvæði hér við land hafa verið gerðar jafnýtarlegar vísindarannsóknir í þessum efnum og í Faxaflóa. Niðurstöður þeirra rannsókna, sem gerðar voru, á meðan við höfðum aðeins 3 mílna landhelgi, vöktu á sínum tíma alþjóðaathygli. En þar kom greinilega fram, hve geysilega mikill munur var á vaxtarskilyrðum ungfisksins utan og innan landhelgislínunnar.

Eins og fram kemur í skýrslu fiskifræðinganna varðandi ýsustofninn, verða hér alger straumhvörf eftir 1952, en það ár loka Íslendingar Faxaflóa og ýmsum öðrum þýðingarmiklum uppeldisstöðvum fyrir öllum botnvörpuveiðum. Bregður þá svo við, að heildaraflinn fer jafnt og stöðugt vaxandi. Þessi hagstæða þróun í Faxaflóa hélzt einnig hvað aðra fiskistofna snerti, og það varð til þess, að dragnótin var leyfð að nýju. Dragnótaveiðarnar gáfu að vísu nokkra raun í byrjun, á meðan þær veiðar nutu ávaxtanna af friðuninni, en brátt dró úr þeim veiðum einnig og því meira sem lengur hefur liðið. Má í því sambandi benda á þá staðreynd, að á árinu 1964, aðeins 4 árum eftir að dragnótaveiðarnar voru leyfðar að nýju, var afli dragnótabátanna orðinn svo rýr hér í Faxaflóa, að útgerð þeirra hlaut sérstakan styrk úr aflatryggingasjóði. Á s. l. vertíð er einnig svo komið fyrir dragnótaveiðunum við Suðurland, að bátarnir munu njóta styrks úr þessum sama sjóði.

Enda þótt frv. það, sem hér liggur fyrir, nái aðeins til Faxaflóa, er flm. ljóst, að slíkar ráðstafanir þarf einnig að gera á fleiri stöðum hér

við land. En sökum legu Faxaflóa og staðhátta allra er hér mest í húfi, og þess vegna má það ekki dragast lengur, að hér verði bót á ráðin á þann hátt, sem lagt er til í frv. þessu.

Hættan af dragnótaveiðunum í jafnþýðingarmikilli uppeldisstöð og Faxaflóinn er felst ekki fyrst og fremst í veiði nytjafiska, heldur hinu gegndarlausa ungviðisdrápi, sem þessum veiðum fylgir. Það tjón, sem landsmönnum er búið af þessum veiðum í Faxaflóa, verður ekki með tölum talið. Þetta tjón tekur einnig til fleiri en þeirra, sem við flóann búa eða þar í nánd. Fiskurinn, sem fær frið og næði til þess að vaxa upp í Faxaflóa, dreifist, er hann stækkar, um öll fiskisvæði við strendur landsins. Um þetta er örugg vissa, sem byggð er á áratuga rannsóknum hinna færustu sérfræðinga. Hér þarf því að spyrna við fótum og bægja frá þeirri augljósu hættu, sem við blasir, en það verður ekki gert með öðrum hætti betur en þeim að banna með öllu dragnóta- og hvers konar botnvörpuveiðar í Faxaflóa.

Herra forseti. Ég mun svo ljúka máli mínu, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.